Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á deildafundum 18. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar [122. mál] (A. 207).

Á 23. fundi í Sþ., 19. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 24. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umræðu.
Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 46 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Till. þessi til þál. á þskj. 207, sem hér er til umr., kveður á um, að Alþingi álykti að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. des. 1962 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 29. jan.
Slíkar till. sem þessi hafa oft verið fluttar á Alþingi, og þarf því ekki að gera sérstaka grein fyrir henni. Ég get þess aðeins, sem allir vita, að skv. stjórnarskránni getur forseti frestað þinginu, en þó ekki lengur en 14 daga án samþykkis Alþingis. Ríkisstj. hefur talið réttara að hafa þennan frest lengri, og það er það, sem till. fer fram á að heimila henni. Ég get þess í leiðinni, þó að þess sé ekki heldur þörf, að ef stjórnin álítur, að hentara sé, að þingið komi fyrr saman, þá mun hún að sjálfsögðu sjá um, að svo verði.
Ég vænti þess, að þessi till. fái afgreiðslu og þurfi ekki að valda neinum stórum ágreiningi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 220).

2. Hagfræðilegar leiðbeiningar fyrir bændur.

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um hagfræðilegar leiðbeiningar fyrir bændur [28. mál] (A. 28).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hygg, að allir þeir, sem rækilega kynna sér búrekstur, komist að raun um, að það er næsta vafasamt, að annar atvinnurekstur sé fjölþættari og margbrotnari í eðli sínu, þótt margur annar atvinnurekstur sé auðvitað miklu stærri í sniðum. Það eru svo ótalmörg atriði, sem þarf að íhuga í sambandi við búrekstur og gera sér grein fyrir, og svo margvíslegar aðstæður, sem þurfa að vera til staðar, til þess að búreksturinn geti blessazt svo sem nauðsynlegt er. Þetta veldur því, að það er mikil nauðsyn að halda uppi margvíslegri leiðbeiningastarfsemi af opinberri hálfu fyrir bændur landsins, enda hefur slíkt verið gert á mörgum sviðum. Ég skal ekki rekja starfsemi þeirra stofnana að neinu ráði, það þekkja allir hv. þm. Það er haldið uppi fjölþættri leiðbeiningar- og rannsóknarstarfsemi, bæði á vegum heildarsamtaka landbúnaðarins og einnig stofnana, sem eingöngu eru reknar af ríkissjóði, og er þó engum efa bundið, að þrátt fyrir starfsemi allra þessara stofnana er enn þá mjög margt ógert í þessum efnum, bæði í sambandi við rannsóknir á jarðvegi og ræktun, sem kannske er það mikilvægasta og brýnasta, sem úrlausnar bíður, til þess að tryggja betur öryggi búrekstrarins, og jafnframt einnig margt, sem þarf að rannsaka betur í sambandi við búféð sjálft. En þessar rannsóknir allar, sem hér hefur verið haldið uppi, eru að segja má tæknilegs eðlis. Þessum rannsóknum er að sjálfsögðu nauðsynlegt að halda áfram, þeim sem þegar eru í gangi, og einnig hefja rannsóknir á nýjum sviðum.

Það, sem till. sú, sem ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 28, um hagfræðilegar leiðbeiningar fyrir bændur, fyrst og fremst beinist að, er, að tekið verði til íhugunar og síðar til framkvæmdar, ef rétt þykir, að hefja nýja leiðbeiningastarfsemi fyrir landbúnaðinn, sem til þessa hefur lítið eða ekkert verið sinnt. En það er að leiðbeina bændum um ýmsa hagræna þætti búrekstrarins, hvernig heppilegt sé, að búin séu samsett, hvernig hagkvæmast sé, að stærð þeirra sé háttað, hvort hagkvæmt er að hafa samsett bú eða aðeins ákveðna eina tegund búrekstrar. Hér koma ótalmörg atriði til greina, bæði lega jarðanna og margvíslegar aðstæður aðrar, sem verður að athuga hverju sinni eftir því, hvaða jörð og hvaða bóndi á hlut að máli.

Í þessu sambandi þarf að sjálfsögðu að framkvæma margvíslegar athuganir og gagnasöfnun og skýrslugerð til þess að leggja grundvöll að slíkri starfsemi. Það eru til ýmsar upplýsingar um þetta efni, og m. a. komu fram margar mjög fróðlegar upplýsingar í sambandi við afkomu bænda, þegar var verið að rannsaka fjárhag bænda í sambandi við breytingu á lausaskuldum þeirra í föst lán, sem unnið hefur verið að á þessu og síðasta ári. Og einmitt sú athugun leiðir glöggt í ljós eða er manni hvetjandi til þess að leggja til, að áfram verði haldið á þeirri braut að afla gagna á þessu sviði og reyna að leggja þannig grundvöll að því, að bændur, bæði þeir, sem nú þegar reka bú, og þá ekki síður þeir, sem eru að hefja búskap, geti átt aðgang að einhverjum aðila, sem getur verið þeim til ráðuneytis og leiðbeiningar um hina ýmsu þætti búrekstrarins, miðað við aðstæður, sem landbúnaðurinn á við að búa á hverjum tíma.

Það er öllum kunnugt, að bændur hafa á undanförnum árum lagt í geysimiklar framkvæmdir. Og það er vafasamt og raunar sennilega útilokað, að nokkur önnur atvinnustétt í þjóðfélaginu hafi hlutfallslega, miðað við getu sína, lagt jafnmikið af mörkum til uppbyggingar síns atvinnurekstrar og bændur. En þó að hér hafi margt og merkilegt verið unnið, hefur þetta einnig hættur í för með sér. Og ein meginhættan í þessu sambandi er sú, að ekki hafi þess ætíð verið gætt sem skyldi, að haga framkvæmdum þannig, að það væri öruggt, að viðkomandi bóndi gæti staðið undir þeim kostnaði, sem af framkvæmdunum leiddi. þ. e. a. s. að búrekstur hans og arðgæði búrekstrarins ykjust að sama skapi og framkvæmdirnar. Og það er nokkur ástæða til að óttast, að ýmsir bændur séu orðnir svo skuldum hlaðnir vegna framkvæmda sinna, að það þurfi að taka til allrækilegrar íhugunar, hvernig hægt sé að koma þeirra málum þannig fyrir, að þeir geti örugglega bjargazt út úr þeim þrengingum, sem þeir hafa lent í af þessum sökum, því að það liggur auðvitað í augum uppi, að það er ekki einfalt mál að leggja út í fjárfestingarframkvæmdir, hvorki í búrekstri né á öðrum sviðum, og það verður að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því, að það sé þá möguleiki, að búreksturinn geti staðið undir þessum framkvæmdum. Það er áreiðanlega ekki fremur hægt að saka bændur en aðrar þjóðfélagsstéttir um að hafa kannske siglt nokkuð háan byr í þessu efni. Því miður verður að játa, að fjöldi þjóðfélagsborgara hefur á undanförnum árum og áratugum lagt út í framkvæmdir, sem raunverulega hefur verið sáralítill fjárhagslegur grundvöllur undir. Og við skulum játa það, enda vitum við það öll, að í fjöldamörgum tilfellum hefur verið út í framkvæmdir ráðizt eingöngu í trausti þess, að vaxandi verðbólga og verðrýrnun peninga mundi standa undir framkvæmdum. Þetta er sú staðreynd, sem við blasir. Og það er auðvitað ekki eingöngu hjá bændum, heldur hjá ótalmörgum þjóðfélagsborgurum, sem er ótvírætt að rísa að sjálfsögðu margvísleg vandamál, ef stöðvun yrði á slíkri verðbólguþróun, sem verið hefur hér um langt árabil og hefur leitt til þess, að menn hafa getað risið undir framkvæmdum, sem þeir, þegar þeir út í þær réðust, höfðu í rauninni enga möguleika til að standa straum af, ef verðgildi peninga hefði á næstu árum verið óbreytt.

Hjá bændum landsins hefur orðið mjög mikil breyting á undanförnum árum og áratugum í öllum þeirra búrekstri. Véltæknin hefur í sívaxandi mæli haldið þar innreið sína eins og í öðrum atvinnugreinum. En einnig véltækninni fylgja vandamál. Það er mikið athugunarefni hverju sinni, hvort bóndinn á að kaupa sér tiltekna vél eða ekki, og það verður að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því, hvaða áhrif hún hefur á hans afkomumöguleika og hvort e. t. v. er ráðizt í meiri vélakaup en búrekstur hans leyfir, eins og hann þá er, hvort ekki þarf þá um leið að gera ráðstafanir til þess að gera einhverjar breytingar á búrekstrinum.

Með þessum hugleiðingum mínum læt ég mér ekki detta í hug, að ég geti bent bændum á, betur en þeir þekkja sjálfir, hvernig þeir skuli bjarga sínum málum í sambandi við sinn búrekstur, enda hef ég ekki hugsað mér með þessum orðum að gerast neinn dómari yfir þeim að þessu leyti. Hitt er meginatriði málsins, að það verði rækilega athugað og í samráði við helztu samtök og stofnanir landbúnaðarins, hvort hér sé ekki verkefni, sem óumflýjanlegt sé að verði sinnt nú á næstu árum. Ég á ekki við með því, eins og líka er bent á í niðurlagi grg., að farið verði að setja upp nýja stofnun eða nýtt bákn á því sviði til þess að vinna að þessum verkefnum, heldur að athugað verði með samráði allra aðila, sem að þessum landbúnaðarmálum vinna, hvort ekki sé hægt á þeirra vegum einhverra eða fleiri saman að koma upp slíkri starfsemi, þannig að það verði vissir aðilar, sem safni þeim upplýsingum, sem um þetta þarf, og síðan geti bændur átt aðgang að slíkum leiðbeiningum og fengið þar ráð í sambandi við þær hugleiðingar, sem þeir hafa

uppi um tilhögun síns búrekstrar, hvernig þeir geti fengið bú sín til að skila sem mestum arði miðað við tilkostnað.

Þetta er sú hugsun, sem að baki þessari till. minni liggur. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið. Till. er í eðli sínu mjög einföld og ætti ekki á þessu stigi að þurfa fjölþættra athugana við eða bollalegginga. Og ég vildi leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að umr. um hana yrði að lokum frestað og till. vísað til hv. allshn. til nánari athugunar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 28, n. 258, 261).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. á þskj. 28, og leggur meiri hl. n. til, að hún verði samþ. óbreytt.

Eins og fram kemur í áliti n. á þskj. 258, var leitað umsagnar um till. hjá Búnaðarfélagi Íslands, landnámsstjóra Pálma Einarssyni og Stéttarsambandi bænda. Stjórn Búnaðarfélags Íslands lýsti yfir stuðningi sínum við till. og tjáði sig fyrir sitt leyti reiðubúna til þátttöku af hálfu félagsins til samstarfs við að vinna að hagfræðilegum upplýsingum á því sviði, sem till. fjallar um. Stjórnin bendir á, að það verði þó ekki gert nema með nokkuð auknu fjárframlagi frá því opinbera. Landnámsstjóri sendi n. allýtarlega álitsgerð, þar sem hann leggur til, að till. verði samþ. Hann bendir m. a. á, að stofnanir landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands eða Stéttarsamband bænda, þurfi að hafa hagfræðilega stofnun, sem annist rannsókn allra hagfræðilegra atriða, sem landbúnaðinn varða. Áætlanir og rannsóknir á þessu sviði verða umfangsmiklar og erfiðar viðfangs, ekki sízt vegna þess, að búin eru hlutfallslega smá og margar rekstrareiningar. Stéttarsamband bænda tekur undir efni till., en leggur til, að búreikningaskrifstofu ríkisins verði falið að leysa það hlutverk af hendi, sem till. gerir ráð fyrir. Þurfi þá að hækka fjárframlag til stofnunarinnar.

Eins og ég hef tekið fram, mælir meiri hl. n. með því, að till. verði samþ. óbreytt. Það er án efa mjög til bóta, að þeir, sem eru að hefja búskap, geti átt kost á leiðbeiningum um það, hvers konar búskapur er fjárhagslega hagkvæmastur, miðað við aðstæður á hverjum tíma, og hvernig framkvæmd um uppbyggingu búsins verði haganlegast fyrir komið. Mál þetta þarf að athuga í samráði við helztu stofnanir landbúnaðarins, því að án efa koma margar leiðir til greina. Það fyrirkomulag ber að velja, sem auðveldast verður í framkvæmd og hagkvæmast.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. allshn. tók fram og nál. á þskj. 258 ber með sér, hafa viðstaddir nefndarmenn skrifað undir nál., þar sem mælt er með því, að till. þess efnis, sem um ræðir á þskj. 28, verði samþ. En ég hef leyft mér, — það er líka tekið fram í nál., — að bera fram á þskj. 261 brtt. eða öllu heldur viðaukatill. við till., eins og hún liggur fyrir á þskj. 28. Í umsögn um málið, sem n. barst frá Stéttarsambandi bænda, er um það rætt, að á aðalfundum Stéttarsambandsins hafi komið fram þær skoðanir, að brýna nauðsyn beri til að efla sem fyrst til mikilla muna búreikningafærslur hjá bændum. Síðan segir svo í umsögninni, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangurinn með búreikningafærslunni er að afla upplýsinga um tilkostnað og afrakstur við hina ýmsu þætti framleiðslunnar og enn fremur oft og tíðum stofnkostnað. Þær upplýsingar, sem mundu fást í gegnum búreikningafærslurnar, yrðu svo grundvöllur fyrir þeim hagfræðilegu leiðbeiningum, sem allir ráðunautar í landbúnaði gætu svo dreift út á meðal bænda. Til þess að búreikningaskrifstofan geti svo sinnt þessu hlutverki sem skyldi, þarf hún fleiri starfsmenn en hún nú hefur. Það er ekki nóg, að þetta starf sé þannig unnið, að búreikningarnir séu aðeins gerðir upp. Það verður að færa þá líka fyrir bændur. Reynslan hefur sýnt, að mjög fáir bændur hafa fengizt til að færa búreikninga, og er það vegna annríkis. Til þess að færa 200 búreikninga og gera þá upp, þarf í það minnsta 3 menn. Við teljum því þessu máli bezt borgið með því, að fjárframlagið verði hækkað til búreikningaskrifstofu ríkisins, svo að hún geti leyst þetta hlutverk. Við teljum, að þetta sé í samræmi við það, sem fram hefur komið hjá stjórn Stéttarsambandsins og á aðalfundum þess."

Eins og fram kemur í því, sem ég nú las, vekur stjórn Stéttarsambandsins athygli á því, að ef um það eigi að vera að ræða að gefa slíkar leiðbeiningar, sem till. fjallar um, þá mundu þær bezt undirbyggðar með því að efla búreikningaskrifstofuna. Ég hreyfði því í n., þegar málið var afgreitt, hvort ekki mundi rétt að samþ. eða bera fram viðauka við till. í samræmi við þessar ábendingar Stéttarsambandsins, og lagði fram í n. uppkast að viðaukatill., sem ég hafði tekið saman um þetta efni. Nm. voru ekki á þessum fundi reiðubúnir til þess að samþ. þessa viðaukatill., en síðan hef ég flutt hana á þskj. 261, og ég vildi mega vænta þess, að við nánari athugun sæju nefndarmenn sér fært að fallast á hana, svo og aðrir hv. þm. Viðaukatill. dregur á engan hátt úr efni aðaltill., heldur bendir aðeins sérstaklega á þessa leið, sem þar er um fjallað, en viðaukatill. er þess efnis, að einkum beri að láta athuga, hvort búreikningaskrifstofa ríkisins sé ekki réttur aðili í þessu efni og á hvern hátt hún verði efld nægilega til þess að geta betur en nú gegnt því hlutverki að hafa forustu um hag-

fræðilega fræðslu og leiðbeiningastarfsemi fyrir bændur, jafnframt því að safna gögnum og gera útreikninga um búrekstur, sem orðið gætu undirstaða að réttlátri verðlagningu á afurðum bænda.

Ég tel ekki þörf á að fara um þetta fleiri orðum, en vildi aðeins mega vænta þess, eins og ég gat um áðan, að við nánari athugun gætu meðnm. mínir á það fallizt að samþ. þennan viðauka, svo og aðrir hv. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 7. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 261 felld með 19:12 atkv.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 357).

3. Stýrimannaskóli Íslands og sjóvinnuskóli.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun l. um stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl. [34. mál] (A. 34).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti, Ég hef leyft mér, ásamt hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ), að flytja till. þá, sem er á þskj. 34, um endurskoðun l. um stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl. Till. þessi er tvíþætt: Annars vegar, að ríkisstj. láti endurskoða lög og reglugerðir um stýrimannaskóla Íslands og inntökuskilyrði í hann og við þá endurskoðun verði sérstaklega haft í huga, hvernig auka megi þekkingu væntanlegra nemenda í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja, sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða. Og hins vegar láti ríkisstj. jafnframt fara fram athugun á, hvort ekki sé tímabært og þá hvernig auka megi og taka upp kennslu í þessum síðasttöldu greinum við verknám gagnfræðastigsins og hvort ekki sé tímabært að stofnsetja sérstakan sjóvinnuskóla, þar sem væntanlegir nemendur stýrimannaskólans og aðrir fái m. a. kennslu í sjóvinnu, fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmati og verkstjórn.

Þessi þáltill. var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrædd og er því endurflutt nú. Bæði þá og nú fylgir till. ýtarleg grg., og eins var mælt mjög ýtarlega með henni á síðasta þingi, þegar hún var flutt þá, svo að ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um hana. Ég legg til, þegar umr. þessari lýkur, að henni verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33., 35. og 37. fundi í Sþ., 27. febr., 6. og 8. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 34, n. 297).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 34 flutti ég og hv. 10. þm. Reykv. þáltill. um endurskoðun laga um stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl. Þessari till. var vísað til hv. allshn. til meðferðar. Nefndin sendi málið til umsagnar ýmissa aðila. Hún sendi það til skólastjóra stýrimannaskólans, sem sendi ýtarlegt álit um þetta mál og er meðmæltur því, að þáltill. nái fram að ganga. Sjóvinnunefnd æskulýðsráðs er einnig samþykk því, að þetta nái fram að ganga. Fræðslumálastjóri fékk málið einnig til umsagnar, og hann telur í lok síns álits, að hér sé um mjög mikilvægt málefni að ræða, sem þurfi gaumgæfilegrar athugunar við, og mælir því eindregið með, að umrædd þáltill. verði samþ. Þá fékk Fiskifélag Íslands þessa till. til umsagnar, og félagsstjórnin samþykkti að mæla eindregið með því, að till. yrði samþykkt. Sama niðurstaða varð hjá hv. allshn., hún er einróma sammála um, að þessi till. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 430).

4. Ferðir íslenzkra fiskiskipa.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um, hvernig daglega megi fylgjast með ferðum íslenzkra fiskiskipa [35. mál] (A. 35).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Um till. þá, sem hér er til umr. á þskj. 35, er sama að segja og þá, sem ég mælti fyrir hér á undan. Till. þessi var flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt. Þegar till. þessi kom fram, var liðið á starfstíma Alþingis, og hún varð eigi útrædd.

Till. þessi ályktar að fela ríkisstj. að athuga og gera till. um, hvaða ráðstafanir þurfi að gera, til þess að samband megi hafa við íslenzk fiskveiðiskip á ákveðnum tímum sólarhringsins og þannig verði fylgzt með, hvar þau eru stödd hverju sinni, svo að hjálp megi berast hið fyrsta, ef slys ber að höndum eða skipi hlekkist á, og jafnframt er getið um það í þessari till., að athugun þessa skuli gera í samráði við Slysavarnafélag Íslands og samtök sjómanna og útvegsmanna. Í grg. má sjá, að till. þessi er flutt skömmu eftir að hið hörmulega slys skeði hér í Faxaflóa, að vélskipið Stuðlaberg frá Seyðisfirði fórst með allri áhöfn, 11 manns, út af Stafnesi, og vegna þess, hve mörgum brá ónotalega við, fyrst og fremst vegna hins hörmulega mannskaða og svo einnig vegna þess, að skip þetta fórst svo að segja við bæjardyr fjölbýlasta hluta landsins í veðri, sem var ekki talið tiltakanlega slæmt, og að það skyldu margir dagar líða, unz sú staðreynd varð almenningi ljós, að þetta nýja og glæsilega skip hafði farizt á leið til hafnar með allri áhöfn.

Við flm. till. á s. l. vetri vildum ekki á því stigi benda á ákveðna leið til að fylgjast með fiskiskipum daglega, vegna þess að mér var kunnugt um, að nokkur ágreiningur var á meðal þeirra, sem um mál þessi höfðu hugsað, hvernig bezta fyrirkomulagið yrði á þessu máli. Hins vegar hefur skipaskoðunarstjóri fyrir skömmu í útvarpserindi látið sína skoðun í ljós um þetta, og þar sem sú skoðun fer að nokkru leyti saman við þær skoðanir eða það álit, sem ég hafði haft á þessu, vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna í þetta erindi skipaskoðunarstjóra. Hann segir um þetta mál, að hann sé mjög hlynntur því, að slík tilkynningarskylda komist á, enda hafi í tilkynningu Skipaskoðunar ríkisins, sem m. a. er send öllum útgerðarfélögum landsins, verið hvatt til þess, að togarar tilkynni stöðu sína reglulega til landsstöðva, þótt það sé engin skylda enn þá. Hann segir enn fremur:

„Oft er ekki vitað um sjóslys fyrr en seint og síðar meir og þá oft fyrir tilviljun, að tekið er eftir, að skip hefur ekki látið heyra til sín lengi eða ekki komið til áfangastaðar á eðlilegum tíma. Oftast er það svo, að eigandinn eða útgerðarmaðurinn í landi fylgist með ferðum skips síns eða skipa sinna, en sumir útgerðarmenn eru sjálfir skipstjórar, og er þá enginn ákveðinn aðili í landi til að gera aðvart, ef ekki heyrist lengi til skips."

Hann segir enn fremur, að slíkt kerfi mundi að vísu kosta nokkurt fé, og hann telur, að eflaust mundi landssíminn henta bezt til þess að veita slíka þjónustu. Og hann heldur áfram og segir, að þá verði skipum gert að skyldu að tilkynna strax, þegar þau láta úr höfn, og þá hvert ferðinni sé heitið. Síðan yrðu þau að tilkynna á minnst 12 klst. fresti til næstu loftskeytastöðvar um stað og stund og hvert þau séu að fara. Það eru nokkrar loftskeytastöðvar, eða fimm á landinu, sem eru með stöðuga vörzlu allan sólarhringinn, það eru Reykjavík, Ísafjörður, Siglufjörður, Seyðisfjörður og Vestmannaeyjar. Og auk þess munu vera um 7 minni stöðvar, sem hafa ekki stöðuga vörzlu. Til þess að geta fylgzt með ferðum hvers skips, sagði skipaskoðunarstjóri, yrði ein stöðvanna aðalstöð og yrði það vafalaust Reykjavík. Allar aðrar loftskeytastöðvar yrðu að senda jafnóðum allar upplýsingar, sem þeim berast frá skipum um stað og stund, til aðalstöðvarinnar í Reykjavík. Það þarf að vera stanzlaus vörður við þetta starf dag og nótt, og gerir hann eða þeir skrá yfir ferðir hvers einstaks skips. Jafnframt þarf að aðgæta stöðugt, að komið hafi fyrirskipuð staðarákvörðun frá hverju einasta skipi, sem tilkynnt hefur verið að látið hafi úr höfn og enn er ekki tilkynnt komið til hafnar. Ef tilkynningu vantar frá skipi, lætur hann strax kalla til skipsins frá næstu loftskeytastöð til að athuga, hvort nokkuð sé að. Ef ekkert samband næst við skipið, má strax biðja nálæg skip að athuga um ferðir þess. Sé ástæða til að ætla, að slys hafi orðið, þarf svo varðmaður aðalstöðvarinnar að setja sig í samband við landhelgisgæzluna og flugumferðarstjórn og fara fram á leit, svo og að útvarpið birti beiðni til nálægra skipa að svipast um eftir skipinu. Og hann endurtekur það, sem hann sagði í byrjun máls síns um þetta, að þetta mundi að sjálfsögðu kosta nokkurt fé. En hann segir: „Ég hygg, að flestir geti verið mér sammála um, að það fé geti fljótt gefið ómælanleg verðmæti í aðra hönd, þegar um mannslíf getur verið að ræða."

Undir þetta veit ég að þm. taka ásamt mér og meðflm. mínum, og í trausti þess, að till. þessari verði vel tekið, legg ég til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn. til frekari fyrirgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 9. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33., 35. og 37. fundi í Sþ., 27. febr., 6. og 8. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 35, n. 298).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Til allshn. var vísað máli því, sem nú er hér aftur komið til umr., þáltill. um, hvernig daglega megi fylgjast með ferðum íslenzkra fiskiskipa.

N. leitaði álits margra aðila um mál þetta, þ. á m. skipaskoðunarstjóra, sem er samþykkur, að till. verði samþykkt. Það má segja það sama um alla aðra aðila, sem til var leitað. Landhelgisgæzlan mælir með því, Alþýðusamband Íslands, Slysavarnafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, þessir aðilar mæla allir með, að till. verði samþ. Slík hin sama er afstaða allshn., sem er einróma á þeirri skoðun sinni að mæla með samþykkt tilllögunnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 431).

5. Byggingarframkvæmdir og fornleifarannsóknir í Reykholti.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um byggingarframkvæmdir og fornleifarannsóknir í Reykholti** [38. mál] (A. 38).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. og 14. fundi í Sþ., 31. okt. og 21. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Það kann að koma hv. þm. spánskt fyrir sjónir, að saman skuli vera dregin í eina till. bygging á skólahúsi og fornleifarannsóknir, en þessi till. fjallar bæði um byggingarframkvæmdir fyrir Reykholtsskóla og fornleifarannsóknir þar á staðnum. En í þessu atviki eru þessi tvö fyrirbrigði nátengd, þannig að ekki verður sundur skilið.

Ef hér væri eingöngu um að ræða skólabyggingu, mundi það mál að sjálfsögðu ganga aðra leið gegnum þingið, en kjarni þess eru fornleifarannsóknir í Reykholti. Ég geri ráð fyrir, að allir þeir, sem hafa komið í Reykholt, hafi komið að Snorralaug. Og þeir, sem þar hafa verið, hafa séð göng Snorra, sem fyrir nokkrum árum voru grafin upp. En ýmsum þykir sérkennilegt, að á þessum stað, — sem er einn af mestu sögustöðum Íslendinga og jafnframt staður, sem önnur þjóð lítur á sem einn af sínum sögustöðum, og á ég þar við alúð Norðmanna og áhuga á staðnum, — hefur slíkt mannvirki sem göng Snorra enn ekki verið fullkomlega grafið upp. Það er aðeins lítill hluti, þeim megin sem að lauginni snýr, sem hefur verið grafinn upp og rannsakaður, en hitt liggur enn grafið í jörð, og er þó augljóst mál, að þarna hlýtur að bíða einhver merkilegasti fornleifagröftur, sem gera má í þessu landi.

Ástæðan til þess, að göngin hafa enn ekki verið grafin upp og augljósum fornleifarannsóknum hefur enn ekki verið lokið í Reykholti, er sú, að á hólnum, sem grafa þarf í gegnum, stendur rúmlega 30 ára gamalt íþróttahús. Þegar Reykholtsskóli var byggður, varð augljóst, að það skorti íþróttaaðstöðu fyrir nemendur. Af miklum dugnaði réðust þeir, sem komu skólanum upp, í að reisa bráðabirgðaleikfimihús. En eins og svo mörg bráðabirgðahús hefur það orðið að duga í rúmlega þrjá áratugi og er enn þá notað, þó að það sé að sjálfsögðu orðið mjög ófullkomið og hafi komið fyrir, að það hafi verið erfitt í köldu veðri að nota það sem íþróttahús.

Hér kemur hvort tveggja til, að skólanum er orðið nauðsynjamál að fá þetta hús endurbyggt, en fornleifafræðin knýr líka á dyr, því að þá fyrst, er þetta hús hefur verið fjarlægt, verður hægt að grafa út göngin inn að bæ Snorra. Getur hver maður séð, hversu mikilvægur sá gröftur verður og hvað kann að koma í ljós, þegar grafið verður göngin á enda.

Þessar aðstæður valda því, að hér hafa þessi tvö mál verið tengd saman í þáltill. í þeirri von að fá stuðning, sem gæti orðið til þess, að ríkisstj. ýtti á þetta mál, gerði þær framkvæmdir, sem gera þarf, áður en langt líður, til þess að unnt verði að ljúka þessum þýðingarmiklu fornleifarannsóknum, sem telja má öruggt að gera muni Reykholt að enn stærri sögustað, a. m. k. það, sem sýnilegt er á staðnum og komandi kynslóðir geta augum litið.

Fyrir fimm árum var samþykkt á Alþingi till. um að athuga framtíðarskipun Reykholts. Í kjölfar þeirrar till. fór það, að sett var á laggirnar nefnd og gert var mikið átak til þess að endurbæta skólann og tryggja viðunandi viðhald á þeim sögulegu minjum, sem þarna eru. Árangur af þeirri till. varð verulegur. En nefndin, sem að þessu stóð, kom í því máli, sem hér er hreyft, að vegg. Það er ekki á hennar valdi að ýta þeim framkvæmdum áfram, sem þarf að gera, til þess að þróun staðarins miði enn áfram eins og nauðsynlegt er. Þess vegna er þessi till. flutt í

eðlilegu framhaldi af þeim vilja og áhuga, sem Alþingi sýndi 1957, og þeim framkvæmdum, sem þingið þá setti af stað.

Ég vil vænta þess, að þessi till. fái góðar undirtektir og Alþingi sýni þar með enn einu sinni áhuga sinn á sögustöðum í landinu og um leið á uppbyggingu skólanna. Hér er um áskorun að ræða, sem vonazt er til að hjálpi til að hraða þessum framkvæmdum. En það þarf að vinna allmikið undirbúningsverk, áður en tímabært er að leggja fram tillag á fjárlögum til þessara hluta.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 8. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 38, n. 267).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Efni þessarar till. er á þá lund, að Alþingi skori á ríkisstj. að hraða undirbúningi næstu byggingarframkvæmda við Reykholtsskóla og staðsetja þær þannig, að sem fyrst verði unnt að ljúka fornleifarannsóknum á staðnum. Kjarni málsins er sá, að nokkur af húsum Reykholtsskóla, sem eru 30 ára gömul og voru í upphafi reist sem bráðabirgðahúsnæði, standa í vegi fyrir því, að unnt sé að ljúka einhverjum athyglisverðustu fornleifarannsóknum, sem vitað er til að eru óunnar í okkar landi. Hér er átt við Snorragöng, sem talið er að hafi legið frá Snorralaug og sennilega í kjallara undir bæ Snorra, en íþróttaog smíðahús skólans stendur þvert yfir göngin, þannig að aðeins hefur verið unnt að grafa upp mjög lítinn hluta þeirra.

Allshn. hefur sent þetta mál til umsagnar fræðslumálastjóra, skólastjóra og sóknarprests í Reykholti og þjóðminjavarðar, og mæla þeir allir eindregið með því, að till. verði samþ.

Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa stuttan kafla úr grg. þjóðminjavarðar, þar sem hann ræðir um það verk, sem óunnið er í Reykholti, en þar segir svo:

„Þegar göngin fundust, gerði Matthías Þórðarson þá rannsókn, sem unnt var, og gróf alllangt inn eftir frá lauginni. Sömuleiðis gróf hann niður hinum megin við íþróttahúsið og komst að raun um, að göngin halda áfram þar. Meira varð ekki grafið, enda vegur fram með íþróttahúsinu að norðan og auk þess stutt í steinsteypt hús lítið, sem byggt er á gamla bæjarstæðinu. Af þessu er augljóst, að rannsókn þessi var ekki annað en lausleg könnun, enda lét Matthías Þórðarson svo um mælt, að hér þyrfti miklu ýtarlegar um að fjalla, þegar íþróttahúsið yrði fjarlægt, hvenær sem það yrði. Er augljóst, að nauðsynlegt er að geta fylgt göngunum eftir þvers undir húsið og síðan áfram, og mundi mörgum virðast, að forvitnilegast af öllu væri að sjá, hvar og hvernig göngin enda að norðan, þ. e. a. s. hvernig þau hafa tengzt hinum forna bæ. Enginn vafi getur leikið á því, að göng þessi eru að stofni til frá dögum Snorra Sturlusonar, ef ekki eldri. Má vera, að upptök þeirra séu einmitt í kjallara undir hinum forna bæ. Fornleifarannsókn, sem unnin væri með tilhlýðilegri gát og styddist við nægilegt fjármagn, ætti að geta kastað skemmtilegu ljósi yfir þennan sögufræga stað. Vitaskuld verður aldrei sagt fyrir, hvaða árangur fornleifarannsókn kann að bera, en hér er áreiðanlega um að ræða einn af þeim stöðum, sem sjálfsagt er að rannsaka eins vel og kostur er á, þegar tækifæri býðst."

Af þessum upplýsingum þjóðminjavarðar er ljóst, að þegar Reykholtsskóli var byggður fyrir liðlega 30 árum, var hann staðsettur rétt við gamla bæinn og — að því er virðist nú — mjög óskynsamlega nálægt Snorralaug. Síðan var reist, eftir að sjálft skólahúsið hafði komizt upp, bráðabirgðahús fyrir leikfimikennslu og smíði, gert af miklum dugnaði og atorku á þeim tíma, miðað við allar aðstæður. Eins og oft kemur fyrir í okkar þjóðfélagi, hefur þetta bráðabirgðahús verið notað í 30 ár, og það er það, leikfimihúsið, sem er svo illa á sig komið, að stundum er ekki hægt að kenna í því, þegar kalt er í veðri, og fyrirsjáanlega verður að endurnýja. Þar eð sú endurnýjun er fyrir dyrum og verður að gerast tiltölulega fljótt, er tímabært að benda á, hvaða menningarleg verðmæti er þarna um að ræða og hversu mikilsvert er, að við gerum okkur grein fyrir í tíma, að það verður að skipuleggja þennan stað á þann hátt, að fornminjunum verði viðunanleg ræktarsemi sýnd.

Allshn. mælir öll með því, að þessi till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 267 (ný tillgr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 432).

6. Endurskoðun skiptalaganna.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun skiptalaganna [39. mál] (A. 39).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Till. samhljóða þessari var lögð fyrir síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu og er því flutt að nýju nú, þar sem við flm. teljum, að hér sé um allþýðingarmikið mál að ræða.
Eins og kunnugt er, eru lög um skipti á dánarbúum o. fl. frá árinu 1878. Á þeim rúmum 8 áratugum, sem liðnir eru síðan lög þessi öðluðust gildi, hafa orðið miklar breytingar á sviði viðskipta og efnahagsmála í landinu, auk þess sem búið er að breyta allmörgum lögum og semja ný, sem hafa sín áhrif beint eða óbeint á skiptalögin. Má þar á benda, að á s. l. Alþingi voru samþ. ný erfðalög, en skiptalögin kveða m. a. á um skipti á þeim arfi, sem til fellur hverju sinni, og fjalla því um framkvæmdina á sjálfum erfðalögunum.
Þar sem réttur fólks til arftöku er ákveðinn í erfðalögunum, er nauðsynlegt, að framkvæmd þeirrar löggjafar sé betur tryggð með skiptalögunum en nú er og meira samræmis gætt við mat á erfðahlutum en stundum hefur átt sér stað áður fyrr. Skiptalögin þurfa að verða skýrari en nú er og fastar mótuð, bæði fyrir þá, sem í hlut eiga og þurfa að sækja rétt sinn eftir þeim lögum, svo og ekki síður fyrir hina, sem eiga að framkvæma löggjöfina.
Ég legg til, að umr. þessari verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 11. fundi í Sþ., 9. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33., 35. og 37. fundi í Sþ., 27. febr., 6. og 8. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 39, n. 305).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Eins og fram kemur í áliti allshn. á þskj. 305, leitaði n. umsagnar lagadeildar háskólans um till. Mælir lagadeildin eindregið með því, að till. verði samþ., en leggur til, að endurskoðunin verði einnig látin ná til l. um gjaldþrotaskipti, þar sem sú löggjöf sé nú mjög í brotum og að ýmsu gölluð og úrelt. Allshn. fellst á þessa skoðun lagadeildar og leggur því til, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, að endurskoðunin á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum verði einnig látin ná til l. nr. 25 frá 14. júní 1925, um gjaldþrotaskipti.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Brtt. 305 samþ. með 41 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 433).

---

7. Samningar Evrópuríkja um félagslegt öryggi.

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um fullgildingu á tveimur bráðabirgðasamningum Evrópuríkja um félagslegt öryggi og samþykkt Evrópuríkja um framfærsluhjálp og læknishjálp [106. mál] (A. 143).

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi till. á þskj. 143 er flutt í þeim tilgangi að leita eftir því við Alþingi, að það fullgildi 3 samninga, sem aðildarríki Evrópuráðsins hafa gert með sér um félagslegt öryggi, framfærsluhjálp, læknishjálp o. fl.
Þessir samningar eru fram komnir vegna þess, að í stofnskrá Evrópuráðsins var á sínum tíma lýst því markmiði að koma á nánari einingu meðal þátttökuríkjanna í þeim tilgangi að stuðla að framförum á sviði félagsmála. Einn þátturinn í þessari viðleitni Evrópuráðsins er sá að vinna að því, að sú regla komist á, að útlendingar njóti sama réttar á sviði félagsmála og eigin þegnar dvalarlandsins njóta. Þó ber að skilja orðið útlendingur í þessu sambandi þannig, að það eru útlendingar frá aðildarríkjum Evrópuráðsins og náttúrlega aðrir ekki.
Mjög fljótlega, eftir að Evrópuráðið komst á laggirnar, setti það sérfræðinganefnd í þetta mál. Leitað var líka til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Niðurstöðuna af þeim athugunum, sem fram fóru bæði í sérfræðinganefndum Evrópuráðsins og hjá ILO, er að finna í þessum samningum, sem þáltill. fylgja sem fskj. Markmiðið með þessum samningum er, eins og ég sagði, að tryggja

það, að sérhver meðlimur Evrópuráðsins veiti þegnum annarra meðlima þess jafnrétti á við sína þegna að því er tekur til réttinda á þeim sviðum, sem samningarnir taka til, og enn fremur, að þegnar Evrópuríkjanna njóti góðs af tilteknum réttindum skv. gildandi samningum milli ríkjanna.

Í þessum samningum er kveðið á um skilyrði fyrir því, að annarra ríkja þegnar njóti þessara réttinda. Þau skilyrði eru nokkuð mismunandi efir því, hvort hinn tryggði á að greiða til tryggingganna eða ekki. En nokkur hluti tryggingastarfseminnar er þannig byggður upp, að hinir tryggðu þurfa ekki að greiða iðgjöld til þessarar starfsemi. Ég nefni t. d. á Íslandi atvinnuleysistryggingarnar, slysatryggingarnar, og annað þess háttar, þar sem hinn tryggði leggur ekki fram sjálfur nein iðgjöld til kerfisins. Hins vegar eru önnur tryggingakerfi, þar sem hinir tryggðu leggja sjálfir fram verulegan hluta kostnaðarins í formi iðgjalda, eins og t. d. sjúkratryggingarnar, ellitryggingarnar o. fl., og mismunurinn á réttindum til bótagreiðslu skv. þessum samningum er nokkur eftir því, hvort um slíka iðgjaldagreiðslu er að ræða eða ekki. Ef um enga iðgjaldagreiðslu er að ræða, er gert ráð fyrir því, að þessi útlendingur, sem svo er kallaður, frá einhverju aðildarríki Evrópuráðsins hafi verið búsettur æðilengi í landinu, áður en hann fer að njóta þessara réttinda. En þess er hins vegar ekki krafizt, ef um tryggingastarfsemi er að ræða, þar sem iðgjöld eru greidd.

Þessir samningar, sem hér er um að ræða, eru samningur um framfærsluhjálp og læknishjálp, bráðabirgðasamningur um félagslegt öryggi eða tryggingalög varðandi elli og örorku og eftirlifendur, og í þriðja lagi bráðabirgðasamningur um félagsleg tryggingalög önnur en þau, sem varða elli, örorku og eftirlifendur.

Þessir samningar allir eru mjög svipaðir samningum, sem í gildi eru nú á milli Íslands og annarra Norðurlanda og tryggja þegnum þeirra ríkja jafnrétti við íslenzka þegna á Íslandi og öfugt til þeirra bóta, sem veittar eru innlendum mönnum.

Samningarnir eru allir prentaðir hér á eftir sem fskj. I, II og III, með viðaukum, sem sérstaklega taka til flóttamannavandamálsins, sem er nú kannske ekki mjög alvarlegt hjá okkur, en er þarna með eins og hjá öðrum. Í samningunum er nákvæmlega greint um réttindi hvers aðila eða þegns hvers lands, og tel ég enga ástæðu til að vera að lesa það upp eða greina nánar frá efni samninganna, vegna þess að það er allt svo skýrt fram sett í fskj. með þáltill.

Ég vil aðeins geta þess, að þessir samningar voru undirritaðir á sínum tíma af þáverandi utanríkisráðherra, dr. Kristni Guðmundssyni, árið 1953, svo að það má náttúrlega segja, að það sé ekki vonum fyrr, að leitað sé eftir fullgildingu hjá Alþingi á þessum sáttmálum nú. En ástæðan til þess, að þetta hefur dregizt svona lengi, er mér tjáð að sé sú, að það hafi verið beðið eftir fullgildingu annarra landa, sem við vildum haga okkur eftir og hafa samráð við. Og þar sem nú flest meðlimaríki Evrópuráðsins hafa þegar fullgilt samningana, — það eru eitthvað 2 eða 3 eftir, — og þar sem eftir því hefur verið gengið af ráðinu, að Ísland taki nú ákvörðun sína um fullgildingu, þá var talið, að nú væri ekki lengur eftir neinu að bíða og ástæða til að ganga nú formlega frá samningunum með fullgildingarstaðfestingu frá hinu háa Alþingi.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég veit ekki, hvað hæstv. forseta sýnist um nefnd. Ég hefði haldið, að réttast væri kannske að vísa till. til allshn. að lokinni þessari umr., en ef óskað er eftir annarri nefnd, t. d. utanrmn., þá er ég síður en svo á móti því.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 219, n. 396, 397).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þáltill., sem er 106 mál, er um fullgildingu á tveimur bráðabirgðasamningum Evrópuríkja um félagslegt öryggi og samþykkt Evrópuríkja um framfærsluhjálp og læknishjálp.

Markmiðið með þessum samningum er að tryggja, að sérhver meðlimur Evrópuráðsins veiti þegnum annarra meðlima þess jafnrétti við sína eigin þegna, að því er tekur til réttinda á þeim sviðum, sem samningarnir taka til, um tryggingar og félagsmál, og þegnar Evrópuríkjanna njóti góðs af tilteknum réttindum samkv. gildandi samningum milli ríkjanna. Eru nánari ákvæði um það, á hvern hátt þetta skuli framkvæmt. Ekki er ætlunin að menn geti gengið inn í fullar tryggingar með því að fara yfir landamæri, heldur eru reglur um búsetu og mismunandi reglur eftir því, hvort tryggingarnar eru þess eðlis, að menn verði að greiða iðgjöld til að geta notið þeirra eða ekki. Þá er og sleginn varnagli fyrir því, að menn geti flutt sig á milli landa til þess eingöngu að njóta hagstæðustu tryggginga, þar sem þær eru.

Að því er Ísland varðar, taka þessir samningar til eftirtalinna tryggingagreina: til ellilífeyris, örorkulífeyris, barnalífeyris, ekkjulífeyris, læknishjálpar, sjúkradagpeninga, fæðingastyrks og ekkjubóta, slysatrygginga, fjölskyldubóta og mæðralauna.

Hér eru ýmis ákvæði, sem munu hafa mikla þýðingu fyrir það fólk, sem flytur sig milli landa til vinnu og oft þarf að starfa í öðru landi um langt árabil, áður en það fær þar full borgararéttindi. Ég vil t. d. benda á 6. gr. sem dæmi, en þar er sagt, að aðildarríki, þar sem þegn annars aðildarríkis er löglega búsettur, skuli ekki senda hann til heimalands síns fyrir þá eina sök, að hann þarfnast aðstoðar. Við munum enn eftir því, hvílíkt skref

það var, þegar hreppaflutningar voru afnumdir hér á landi.. Þegar þessi samþykkt verður að veruleika, eins og hún er nú þegar orðin hjá sumum ríkjum, afnemum við sams konar flutninga á milli landa. Þannig er starfssviðið smám saman að stækka.

Allshn. hefur haft sömu vinnubrögð á afgreiðslu þessarar till. og þeirra samninga, sem í henni felast, og þeim, sem ég lýsti í sambandi við síðasta mál. Fyrir liggur brtt. á þskj. 397 um það, að fskj. I—III orðist eins og þar segir. Þessi fskj. eru samþykktirnar sjálfar, sem staðfesta á og eru hér prentaðar með þeim breytingum, sem hafa orðið við yfirferð á þýðingu úr frumtextanum.

Allshn. mælir með því, að með þeirri breytingu verði till. samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 397 samþ. með 31 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 473).

8. Alþjóðasamþykkt, er varðar misrétti með tilliti til atvinnu.

Á 24. fundi í Sþ., 19. des., var útbýtt:

Till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa [123. mál] (A. 219).

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. tekin til einnar umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi till. til þál. er flutt til þess að fá samþykkt Alþingis á alþjóðasamþykkt, sem gerð hefur verið um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs. Þessi samþykkt, sem hér er um að ræða, var gerð á 42. alþjóðavinnumálaþinginu í Genf fyrir 4 árum og var samþ. þar með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða. Við lokaatkvgr. um till. féllu atkvæði þannig, að 189 þingfulltrúar greiddu atkvæði með samþykktinni, en aðeins 24 á móti. Samþykktin miðar að því að útrýma misrétti í sambandi við atvinnu, þ. e. a. s. að koma í veg fyrir, að mönnum sé mismunað, þeim séu veitt forréttindi eða þeir séu útilokaðir frá vinnu vegna kynþáttar, vegna hörundslitar, vegna kynferðis, vegna trúarbragða, vegna stjórnmálaskoðana eða þjóðfélagslegs uppruna, þannig að allir njóti sömu aðstöðu til starfs og möguleika til starfs, hverrar trúar sem þeir eru, hvaða litarhátt sem þeir hafa, hvaða stjórnmálaskoðanir sem þeir hafa, og annað fleira hliðstætt, sem fram er tekið í samþykktinni.

Það er ekki talið misrétti í þessu sambandi, þó að gerður sé greinarmunur varðandi tiltekið starf, ef hann byggist eingöngu á þeim kröfum, sem starfinu fylgja, og þeim hæfileikum, sem menn þurfa að hafa, eða þeim kröfum, sem menn þurfa að uppfylla til þess að geta stundað þetta starf.

Í 3. gr. þessarar alþjóðasamþykktar er nánar tiltekið, hvað hvert aðildarríki skuldbindur sig til að gera eða hvað það undirgengst með þessari samþykkt. En það er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

1) Að leita samvinnu við félagssamtök atvinnurekenda og verkamanna og annarra viðkomandi aðila til þess að greiða fyrir viðurkenningu og framkvæmd þessarar stefnu.

2. Að setja þau lög og efla þess konar fræðslukerfi, sem telja má að tryggi viðurkenningu og framkvæmd þessarar stefnu.

3. Að nema úr gildi þau lagaákvæði og breyta þeim reglugerðarákvæðum eða venjum, sem kunna að vera ósamrýmanleg þessari stefnu.

4. Að framfylgja þessari stefnu að því er tekur til vinnu, sem er undir eftirliti opinberra stjórnarvalda.

5. Að tryggja framkvæmd þessarar stefnu í starfsemi, sem snertir leiðbeiningar um stöðuval, starfsþjálfun og vinnumiðlun, sem er undir eftirliti opinbers stjórnarvalds.

6. Að greina frá því í ársskýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar, hvað gert hefur verið skv þessari stefnu og hvern árangur það hefur borið.

Nánar er svo í öðrum greinum samþykktarinnar útfært meginefni samþykktarinnar, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það öllu frekar. Það hafa þegar 10 ríki fullgilt þessa samþykkt, þ. á m. tvö Norðurlandaríki, Danmörk og Noregur. Og þar sem engin íslenzk lagafyrirmæli munu brjóta í bága við ákvæði þessarar samþykktar, virðist eðlilegt, að Ísland fullgildi hana og sýni með því stuðning við þau sjónarmið, sem fram eru sett í samræmi við íslenzka hætti og íslenzka réttlætiskennd.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, af því að hér er aðeins um eina umr. að ræða, að henni verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efni þessarar till. Ég ætla aðeins að beina því til hv. n., hvort hún vildi ekki íhuga það, hvort ekki væri réttara að breyta svolítið fyrirsögn till. Mér finnst þetta dálítið óviðkunnanlegt orðalag á fyrirsögninni, þegar talað er um samþykkt um misrétti. Ég hefði fellt mig betur við að það væri orðað þannig, að það væri alþjóðasam-

þykkt um að koma í veg fyrir misrétti eða útrýma misrétti, eins og ég held að hæstv. ráðherra hafi orðað það áðan í sinni ræðu. Ég sé ekki, að það sé endilega þörf á að hafa fyrirsögn samþykktarinnar á íslenzku nákvæmlega jafnmörg orð og eru á enskunni, sem er birt þarna með, og vildi þess vegna beina því til hv. n. að athuga þessa leiðréttingu á orðalagi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 219, n. 398, 399).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur þróazt alþjóðlegt samstarf á margvíslegum sérsviðum og hefur m. a. beinzt að því að gera alþjóðlegar samþykktir, t. d. í félagsmálum, um mannréttindi og annað slíkt, í þeirri von, að þær samþykktir verði til að hvetja til hraðra framfara þjóðir, sem eru aftur úr í þessum efnum.

Við Íslendingar höfum gerzt aðilar að ýmsum slíkum samþykktum, og hefur það oft verið okkur útlátalítið, vegna þess að við stöndum félagslega, hvað mannréttindi og annað slíkt snertir, mjög framarlega í hópi þjóðanna.

Þetta þing hefur til afgreiðslu a. m. k. 2 þáltill., sem fjalla um slík mál. Hin fyrri, sem er 123. mál, er um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs. Till. þessi er tiltölulega einföld að efni og fjallar um að útrýma misrétti í sambandi við atvinnu og koma í veg fyrir, að mönnum sé mismunað eða þeim veitt forréttindi eða útilokaðir frá vinnu vegna kynþáttar, hörundslitar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða þjóðfélagslegs uppruna síns, þannig að þeir njóti ekki sömu möguleika og aðrir borgarar. Samþykktin var gerð á 42. alþjóðavinnumálaþinginu í Genf 1958 og þar samþykkt með yfirgnæfandi meiri hl. atkv.

Ekki er það talið misrétti í þessu sambandi, þó að gerðar séu mismunandi kröfur til starfa, eins og eðlilegt er. Ríki, sem fullgilda samþykktina, skuldbinda sig til að lýsa yfir, að þau ætli að framfylgja stefnu, er miði að því, að allir hafi sömu möguleika og njóti sömu aðstöðu að því er varðar vinnu og réttindi á þessu sviði. Skal hafa um þetta samráð og samvinnu við samtök atvinnurekenda og verkafólks og aðra aðila, sem þessi mál snerta. Þó að ákvæði 2. gr. í samþykktinni séu afdráttarlaus um þessi réttindamál, er rétt að vekja athygli hv. þm. á því, að eins og í mörgum alþjóðasamþykktum, þar sem reynt er að sameina margar, en oft sundurleitar þjóðir, eru vissir varnaglar, t. d. í 4. gr. Þar er sagt að menn, sem með rökum eru grunaðir um að vera þátttakendur í starfsemi, sem er hættuleg öryggi ríkisins, skuli ekki taldir beittir misrétti í þessum efnum, en það er að sjálfsögðu mat hvers ríkis, hvað það telur vera starfsemi sér hættulega.

Þingnefnd, sem fær slík mál til meðferðar, er nokkur vandi á höndum, vegna þess að þinginu er ætlað að leggja blessun sína yfir málið í heild og þar með texta viðkomandi samþykkta. Með því að reynsla er fyrir því, að þýðingar hafa ekki alltaf verið nákvæmar, valdi allshn. þann kost að fá löggiltan skjalaþýðanda til þess að bera saman þýðinguna fyrir hönd þn. Þýðingin hafði upprunalega verið gerð af öðrum löggiltum skjalaþýðanda á vegum rn. Sá, sem fór yfir þýðinguna fyrir hönd allshn., gerði við hana allmargar breytingar. Þar var þó ekki um að ræða mikilvægar efnisbreytingar. N sendi hinn breytta texta til rn. til umsagnar. Rn. lét í ljós samþykki sitt við þeim breytingum, sem gerðar voru. Það er álit allshn.-manna, að það felist eðlilegt öryggi fyrir þingið í því, að þýðingar séu þannig endurskoðaðar. Vegna þess að texti á fskj., sem er samþykktin á frummálinu og á íslenzku, hefur tekið allmörgum breytingum, þótti hentugra að endurprenta hinn breytta texta og leggja til, að breytingar yrðu gerðar með einni till., sem er till. 2 á þskj. 399.

Till. 1 er um fyrirsögn þáltill. Á það var bent, þegar till. var fyrr til umr., að í fyrirsögninni stæði, að till. fjallaði um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um misrétti. Þótti mönnum þetta ekki nákvæmt, því að efnislega er till. um alþjóðasamþykkt gegn misrétti. Hins vegar er þetta þýðing á heiti upprunalega samningsins, og þar stendur ekki „gegn", heldur orðalag, sem er ekki rangt að þýða „um", en mætti þó eins segja, að orðalagið gæti verið um alþjóðasamþykkt, „er varðar" misrétti. Þess vegna er gerð till. um það, og geta hv. þm. valið á milli, en ég hygg þó, að hér sé um áferðaratriði að ræða, en það muni ekki valda misskilningi.

Með samþykkt á 2. brtt. á þskj. 399 — og ef hv. þm. sýnist 1. till. — mælir allshn. með því, að þingið staðfesti alþjóðasamþykktina, eins og hún þá hefði breytzt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 399,1 samþ. með 33 shlj. atkv.

— 399,2 samþ. með 31 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 474), með fyrirsögninni:

Till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt, er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfa.

9. Endurskoðun veðlaga.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun veðlaga [48. mál] (A 48).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 9. og 11. fundi í Sþ., 31. okt., 7. og 9. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á þskj. 48 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða ákvæði löggjafarinnar um veð, sbr. l. nr. 18 4. nóv. 1887, ásamt síðari breyt. þeirra laga, og undirbúa nýja heildarlöggjöf um það efni."

Ástæðurnar fyrir flutningi þessarar till. eru þær, að veðlögin eru að stofni til orðin allgömul. Þau eru frá árinu 1887, eins og kunnugt er. Það er auðvitað síður en svo athugavert, að lög séu gömul. Það eitt út af fyrir sig þarf ekki að gefa neitt tilefni til breytinga á þeim. En á því málefnasviði, sem veðlögin taka til, hafa hins vegar orðið stórkostlegar og gagngerar breytingar hér á landi frá því árið 1887. Þegar veðlögin voru sett, var lánastarfsemi lítil hér á landi, viðskiptalífið fábreytt og atvinnuvegirnir frumstæðir. Veðsetningar voru þá auðvitað einnig mjög fátíðar. Landsbanki Íslands hafði verið stofnaður árið áður. Að starfsemi sparisjóða kvað lítið og hinir elztu þeirra höfðu þá nýlega verið stofnaðir. Ísland var þá enn á stigi landaurabúskapar. Á þeim áratugum, sem síðan eru liðnir, hefur orðið hér á landi stórfelld breyting í þessum efnum, eins og alkunnugt er og hér er óþarft að fjölyrða um. Atvinnuvegir landsmanna hafa tekið miklum breytingum, atvinnulífið er orðið fjölbreyttara og með allt öðru sniði en áður fyrr. Fjárþörf atvinnuveganna er m. a. margföld á við það, sem hún var áður fyrr. Flestar framkvæmdir, sem nokkuð kveður að, eru að einhverju leyti og oftast nær að verulegu leyti gerðar fyrir lánsfé. Lánastarfsemi í ýmsum myndum hefur aukizt og margfaldazt. Af þessu hefur svo leitt, að hvers konar veðsetningar hafa færzt í aukana og eru nú veigamikill þáttur viðskiptalífsins. Ég held, að með nokkrum sanni megi segja, að lánastarfsemi hvers konar og veðsetningar séu orðin áberandi einkenni í nútímaþjóðfélagi.

Það segir sig sjálft, að hin gömlu veðlög frá 1887 voru ekki miðuð við þvílíkar gerbreytingar, sem átt hafa sér stað á þessum vettvangi. Þau hafa því engan veginn getað fullnægt að öllu leyti nýjum kröfum viðskiptalífsins og breyttum þörfum. Úr þeim vanköntum hefur verið reynt að bæta, eftir því sem aðkallandi þörf hefur verið til á hverjum tíma. Hefur verið reynt að bæta úr þeim með breytingum á lögunum og viðaukum við þau. Þær lagfæringar hafa að sjálfsögðu verið óhjákvæmilegar, eins og á stóð hverju sinni, og hafa þá bætt úr brýnni þörf. Á hinn bóginn hafa þær verið gerðar án nokkurrar heildaryfirsýnar yfir veðmálefnin almennt. Þær hafa því verið eins og bætur á gamalt fat.

Þá hefur það einnig gerzt á þessum tíma, að það hefur mjög færzt í vöxt í löggjöfinni, að heimilað hefur verið svokallað lögveð, sem vitaskuld getur verið réttmætt og eðlilegt, en getur þó, ef of langt er gengið, grafið undan reglunum um samningsveð, og getur þar með í rauninni grafið undan lánstrausti almennt, ef þeir, sem tryggingar taka með samningsveðum og þinglýsa þeim, mega við því búast síðar meir, að löggjafinn setji ákvæði um það, að tilteknar kröfur, sem hann metur meir, skuli hafa forgangsrétt fyrir áður settum samningsveðum.

Af því, sem hér hefur stuttlega verið rakið, er ljóst, að veðlögin eru að ýmsu leyti orðin úrelt. Það er þess vegna að mínum dómi tímabært að taka löggjöfina um það efni til gagngerðrar endurskoðunar og setja nýja heildarlöggjöf um veðmálefni.

Til þeirrar lagaendurskoðunar þarf vel að vanda, og þarf þess vegna að ætla henni rúman tíma. Þess vegna er ekkert tímatakmark sett í þessari þáltill., enda verður ekki sagt, að þó að sé í sjálfu sér mjög nauðsynlegt að endurskoða þessa löggjöf, þá er það ekki svo, að það sé þannig, að það bráðliggi á því.

Ég tel það liggja í hlutarins eðli, að þegar þessi endurskoðun yrði framkvæmd, þá yrði haft samráð við aðallánastofnanir, sem hafa mest með veðsetningar að gera, enda þótt það sé ekki sérstaklega gert ráð fyrir því í þessari þáltill.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að umr. sé frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 48, n. 426).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Efni þessarar till., sem er 48. mál, á þskj. 48, er að fela ríkisstj. að láta endurskoða ákvæði löggjafarinnar um veð, sbr. l. nr. 18 4. nóv. 1887, ásamt síðari breytingum þeirra laga og undirbúa nýja heildarlöggjöf um það efni.

N. hefur rætt þetta mál og sent till. lagadeild háskólans til umsagnar. Lagadeildin mælti með því fyrir sitt leyti, að till. væri samþ., en vakti jafnframt athygli á því, að ástæða gæti verið til þess að endurskoða þær reglur, sem farið er eftir um sölu muna með eignarréttarfyrirvara. En með þessu er átt við það, þegar vara er seld með afborgunarskilmálum, þannig að seljandi telst áfram eigandi vörunnar, þangað til afborguninni er lokið.

Nm. eru sammála um að leggja til, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, sem prentuð er í nál. á þskj. 426, að jafnframt verði endurskoðaðar reglur um sölu muna með eignarréttarfyrirvara.

ATKVGR.
Brtt. 426 samþ. með 36 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 521).

10. Endurskoðun girðingalaga.

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun girðingalaga [79. mál] (A. 97).

Á 11. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 97 höfum við hv. 2 þm. Norðurl. v., Gunnar Gíslason, leyft okkur að flytja till. til þál. um endurskoðun girðingalaga. Á síðasta þingi flutti ég ásamt nokkrum öðrum þm. þessa þáltill. um endurskoðun girðingalaga, en hún náði þá ekki fram að ganga. Nú er þessi till. endurflutt í þeirri von, að hún nái því að vera samþ. sem ályktun Alþingis. Í grg. fyrir till. gerum við flm. grein fyrir því, að nauðsyn beri til að endurskoða girðingalögin í heild. M. a. er þörf á að rannsaka þau atriði, sem ég skal nú greina:

Í fyrsta lagi, að síðan girðingalög voru samþykkt, hafa vélgrafnir skurðir komið til sem varzla, og má með réttu taka tillit til þeirra, þegar girðingar eru gerðar.

Í öðru lagi: Skylda vegagerðarinnar gagnvart landeigendum, þegar vegir eru lagðir gegnum girt land, er orðin úrelt og algerlega fjarri sanni, svo að mjög er á landeigendur hallað. Þessi mál hafa oft valdið erfiðleikum í sambandi við framkvæmd vegagerðar, og hefur vegamálastjórnin orðið að leita samkomulags til að leysa málin á eðlilegan hátt utan laganna. Þess vegna ber brýna nauðsyn til að endurskoða þetta atriði, og ekki sízt er það athugandi, þegar á það er litið, að vegalögin sjálf eru nú í endurskoðun og eðlilegt, að girðingalögin verði endurskoðuð jafnhliða.

Við viljum einnig benda á það, að viðhaldi girðinga er víða mjög ábótavant. Jafnvel er svo, að girðingar, sem niður eru lagðar, eru hin mestu hættusvæði fyrir búfé landsmanna, og þarf úr því að bæta. Þess vegna viljum við flm. einnig benda á, að það atriði þarf að taka til athugunar, þegar girðingalög eru endurskoðuð.

Við treystum því, að hv. alþm. fallist á nauðsyn þessarar endurskoðunar. Ég legg til, herra forseti, að þessi till. verði að lokinni þessum fyrri hl. umr. vísað til allshn., og treysti þeirri hv. n. til að afgreiða hana til þingsins aftur, svo að hv. Alþingi geti afgr. hana á þessu þingi.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 97, n. 495).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Efni þessarar till., sem er 79. mál á þskj. 97, er að skora á ríkisstj. að láta endurskoða girðingalög, nr. 24 1. febr. 1952, og að þeirri endurskoðun skuli vera lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi. Nefndin hefur haft þessa till. til athugunar og sent hana til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands og landnámsstjóra, og hafa umsagnir borizt til nefndarinnar frá þessum aðilum. Umsögninni frá Búnaðarfélagi Íslands fylgdu till., sem vegamálastjóri hefur gert og látið Búnaðarfélaginu í té, um breytingu á girðingalögunum, sem standa í sambandi við þá endurskoðun, sem staðið hefur yfir á vegalögum. Það má þykja eðlilegt, að samræmi sé milli ákvæða vegalaga og ákvæða girðingalaga að því leyti, sem þessi tvenn lög fjalla um sama efni.

Eftir að hafa athugað þessar umsagnir urðu nefndarmenn sammála um að leggja til við Alþingi, að till. á þskj. 97 verði samþ. með breytingu, sem að því lýtur að samræma endurskoðun girðingalaga og endurskoðun vegalaga. Nefndin leggur því til, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, sem gerð er grein fyrir í nál. á þskj. 495.

ATKVGR.
Brtt. 495 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 522).

11. Úthlutun listamannalauna.

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um úthlutun listamannalauna 1963 [239. mál] (A. 542).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 46. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í till. þessari er lagt til, að Alþingi kjósi 5 manna n. til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir 1963 til skálda, rithöfunda og listamanna. Er hér gert ráð fyrir sama hætti á úthlutun fjár til skálda, rithöfunda og listamanna og undanfarin ár. Á undanförnum þingum, þegar dregur að þinglokum, hefur verið kosin sérstök n. til að annast þessa úthlutun. Áður var um langt skeið ákvæði um nefndarkosninguna í sjálfum fjárlögunum. Það hefur ekki verið nokkur undanfarin ár og því jafnan verið samþ. sérstök þál. um kosningu n., sem þetta verkefni er falið.

Í þessu sambandi tel ég rétt að láta þess getið, að á undanförnum árum hafa oft verið uppi tillögur um breytta skipan á úthlutun listamannalaunanna. Í þau tæp 7 ár, sem ég hef gegnt störfum menntmrh., hef ég gert nokkrar tilraunir til að fá samkomulag um setningu laga um úthlutun listamannalauna, þar sem annars vegar yrði ákveðin flokkaskipun launanna og hins vegar settar reglur um nefndarskipun til lengri tíma en nú á sér stað, en um langt skeið undanfarið hefur úthlutunarnefnd aðeins verið kosin til eins árs. Ég hef jafnan lagt á það áherzlu, að viðtækt samkomulag næðist um setningu slíkra laga innan samtaka listamannanna sjálfra, en ýmist hefur ekki orðið samkomulag á þeim vettvangi eða það hefur ekki náðst samkomulag innan Alþingis um setningu slíkra laga. Þess vegna eru þau ekki til enn, og þess vegna verður enn að hafa þann hátt á, að Alþingi kjósi sjálft slíka úthlutunarnefnd.

Haustið 1956 skipaði menntmrn. allstóra n., sem í áttu sæti fulltrúar frá helztu listgreinum, til að gera till. um fastari skipun á úthlutun listamannalauna. Innan þeirrar n. var alger samstaða um ákveðnar till., en hins vegar náðist ekki samkomulag um þær till. í stuðningsflokkum þáv. ríkisstj., og varð því ekkert af lagasetningu. Aðrar tilraunir hafa einnig verið gerðar af hálfu menntmrn. til að skapa þá samstöðu, sem teljast verður eðlileg forsenda þess, að lög séu sett um þessi efni, en það hefur ekki tekizt enn.

Ég tel rétt að láta koma fram hér, að nú á þeim vetri, sem er að líða, hafa farið fram viðræður milli menntmrn. og Bandalags íslenzkra listamanna um þetta mál, og hafa ákveðnar till. verið til umr. um lagasetningu um þetta efni. Þessum viðræðum er hins vegar ekki lokið enn, og þeim getur ekki orðið lokið, áður en þetta þing lýkur störfum. Þess vegna tel ég ekki um annað að gera en hafa enn þann hátt á, sem hefur verið hafður undanfarin ár. M. ö. o.: það er ekki orðið enn um að ræða fulla samstöðu milli listamannanna sjálfra innan Bandalags íslenzkra listamanna um það, hvaða skipunar þeir sjálfir óska á þessum málum. En meðan ekki liggur fyrir ákveðin ósk af hálfu listamannanna sjálfra, sem meginþorri þeirra stendur að baki, tel ég ekki tímabært, að Alþingi taki afstöðu til lagasetningar um málið.

Hins vegar er það skoðun mín, að með auknum fjárveitingum til listamannalauna aukist nauðsyn á því að koma fastari skipan á þessi mál, en fjárveitingar til listamannalauna hafa verið stórauknar á allra síðustu árum. Árið 1950 nam fjárveiting Alþingis til listamannalauna 519 þús. kr., 10 árum síðar, árið 1960, nam fjárveitingin til listamannalauna 1 millj. 260 þús. En á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir, að fjárveitingin nemi 2134456 krónum. Upphæðin, sem Alþingi veitir listamönnum í ár, er m. ö. o. fjórföld sú upphæð, sem Alþingi veitti listamönnum árið 1950, og næstum tvöföld sú upphæð, sem Alþingi veitti listamönnum árið 1960. Fjárveitingin í ár hækkar um 580 þús. kr. miðað við það, sem var í fyrra.

Þegar er um svo mikið fé að ræða sem þessi tala um fjárveitingu til listamanna í ár ber vitni um, tel ég aukna nauðsyn vera á því, að fastari skipan sé komið á þessi mál en nú á sér stað, en vil þó endurtaka, að ég tel ekki tímabært að setja lög um þessi efni, fyrr en sú lagasetning getur orðið í samráði og með víðtæku samkomulagi við samtök listamannanna sjálfra. Þegar um slíka samstöðu listamannanna sjálfra er að ræða, tel ég, að Alþingi eigi að taka tillit til þeirra óska, sem fram koma frá samtökum listamannanna, en þangað til svo er, tel ég ekki um annað að ræða en halda áfram þeirri skipun, sem verið hefur undanfarið, og þess vegna er þessi till. fram borin um kosningu 5 manna n. á þessu ári til að skipta 2.1 millj. kr., sem Alþingi hefur þegar veitt til listamannalauna.

Undanfarið mun hliðstæðri till. og þessari ekki hafa verið vísað til n., hæstv. forseti, enda er efni till. svo einfalt, að það á í sjálfu sér að vera óþarfi, að nefnd fjalli um það. Ég geri því ekki um það till., að málinu sé vísað til n. Ef hinu háa Alþingi sýnist svo að afgreiða till. nú, mætti kjósa úthlutunarnefndina, áður en þing lýkur störfum fyrir páska, og gæti hún þá vitanlega starfað um páskana, þannig að úthlutun yrði lokið fljótlega eftir hátíðirnar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 570).

12. Lausn ítaka af jörðum.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um athugun á framkvæmd laga nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum [138. mál] (A. 246).

Á 29. fundi í Sþ., 13. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. og 33. fundi í Sþ., 20. og 27. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Með l. nr. 118 frá 21. des. 1952, um lausn ítaka af jörðum, var svo kveðið á, að á næstu sex mánuðum, eftir að l. tækju gildi, skyldu héraðsdómarar birta tvisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til þeirra, sem teldu sig eiga ítök í jörðum innan lösagnarumdæmisins, um að lýsa ítaksrétti sínum innan 12 mánaða frá birtingu áskorunar. Í lýsingunni frá héraðsdómara skyldi greina efni ítaksins, hagnýtingu þess að undanförnu og eftir því sem unnt væri, hversu það væri til komið. Ef ítaki var lýst, bar héraðsdómara skylda til að senda eiganda eða ábúanda jarðar þeirrar, er ítaki var lýst í, eftirrit af lýsingunni. Vefengdu þeir lýsinguna, skyldi úr þeim ágreiningi skorið skv. l. um landamerki frá 1919. Kæmi engin vefenging fram innan 12 mánaða frá því, að jarðeiganda og ábúanda var send tilkynningin, skyldi það metið svo sem þeir viðurkenndu, að lýsingin væri rétt, og skyldi þá þinglýsa ítakslýsingunni á varnarþingi viðkomandi jarðar, hefði það ekki áður verið gert. Væri ítakinu hins vegar ekki lýst samkv. framangreindu, féll það úr gildi og bar að afmá það úr veðmálabók.

Lög þessi voru sett með það fyrir augum að koma reglu á ítök í bújörðum og gefa jarðeigendum tækifæri til að leysa þau af, ef svo bæri undir. Eftir framkvæmd l. áttu veðmálabækurnar að geta orðið nokkuð örugg heimild um ítaksrétt í jörðum. L. ná þó ekki til skógarítaka né til lax- og silungsítaka í ám og vötnum og eigi til annarra fasteigna en jarða. Ekki munu vera fyrir hendi öruggar upplýsingar um framkvæmd l., en þess munu dæmi, að bændur telji sig hafa misst réttar sakir vanlýsingar, sem stafaði af ókunnugleika um lagasetninguna. Flm. þessarar till. telja því eðlilegt, að fram fari athugun á framkvæmd l. að þessu leyti, og ef í ljós kemur, að einhverjir hafi orðið fyrir óeðlilegri réttarskerðingu af þessum sökum, verði leitað ráða til að bæta hlut þeirra.

Ég legg til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 36. fundi í Sþ., 7. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 44. og 45. fundi Sþ., 3. og 6. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Sþ., 6. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 246, n. 383).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. á þskj. 246 um athugun á framkvæmd laga nr. 113 1952, um lausn ítaka af jörðum, og orðið sammála um að mæla með því, að till. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 641).

13. Rannsókn á orsökum sjóslysa.

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um opinbera rannsókn á sjóslysum við strendur Íslands undanfarin 2—3 ár [29. mál] (A. 29).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Við hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj) höfum leyft okkur að flytja þáltill. þá á þskj. 29, sem hér er til umr. Till er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd og sé einn nefndarmaður tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: Slysavarnafélagi Íslands, Alþýðusambandi Íslands,

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna. Ríkisstj. skipar einn mann án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Verkefni n. skal vera að rannsaka, eftir því sem frekast er unnt, orsakir hinna mörgu skipskaða, sem orðið hafa við strendur landsins undanfarin 2—3 ár. Rannsókn þessari verði hraðað, eftir því sem frekast er unnt. Að henni lokinni verði, ef þurfa þykir, settar nýjar reglur um sjóhæfni íslenzkra fiskiskipa, um allar breytingar á skipum til stækkunar og um staðsetningar nýrra veiðitækja um borð.

Kostnaðurinn við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði."

Eins og till. ber með sér, er þar lagt til, að hæstv. ríkisstj. skipi 5 menn í nefnd, sem rannsaki, eftir því sem frekast er hægt, orsakir hinna mörgu skipskaða, sem orðið hafa við strendur landsins undanfarin 2—3 ár. Fjögur félagasambönd skulu tilnefna einn mann hvert í nefndina, en þau eru Slysavarnafélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Landssamband ísl. útvegsmanna. Rétt þótti, að hæstv. ríkisstj. skipaði einn mann í nefndina, sem þá yrði jafnframt formaður hennar. Vel gat komið til mála að skipaskoðunarstjóri ríkisins væri sjálfkjörinn í nefndina, en flm. telja þó rétt, að það sé á valdi hæstv. ríkisstj., hvern hún tilnefnir. Aðalatriðið er, að í nefndina veljist starfhæfir menn, helzt með sérþekkingu á útbúnaði og sjóhæfni fiskiskipa. Eftir því sem betur er vandað val á mönnum til þess starfs, sem þáltill. gerir ráð fyrir, má ganga út frá því, að betri og jákvæðari árangur náist, og það er vitanlega aðalatriðið.

Það þykja að vonum hin mestu hörmungartíðindi, þegar skip farast. Sérstaklega eru slíkir atburðir sársaukafullir, þegar mannskaðar verða í sambandi við sjóslysin. Á undanförnum árum hafa átt sér stað margvíslegar aðgerðir til að auka öryggi skipshafna. Í því sambandi má m. a. benda á stórauknar slysavarnir undir forustu Slysavarnafélags Íslands. Sumar deildir þessa ágæta félagsskapar hafa unnið slíkt afrek með björgun á mönnum, sem lent hafa í sjávarháska við strendur landsins, að vakið hafa alþjóðaraðdáun. Ný og fullkomin siglingatæki hafa og verið sett í skip, sem eiga að auka öryggi mjög mikið frá því, sem áður hefur verið. Þá er og rétt að benda á hið stóraukna öryggi, sem fékkst með komu gúmmíbátanna. Í mjög fróðlegu erindi um öryggi á sjó, sem skipaskoðunarstjóri ríkisins, Hjálmar R. Bárðarson, hélt 4. þ. m., kom fram, að gúmmíbjörgunarbátarnir hafa bjargað hér við land 261 mannslífi, frá því að þeir fyrst voru teknir í notkun á íslenzkum skipum. Í framhaldi af þessu segir skipaskoðunarstjóri orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Sennilega væru fæstir þessara manna nú á lífi, ef ekki hefði notið við þessara nýju björgunartækja." Áður í sama erindi upplýsir skipaskoðunarstjóri, að endurbætur hafi nú verið gerðar á gúmmíbátunum frá því, sem áður var, fangalínur styrktar og festingar í bátunum sjálfum. Allt er þetta góðra gjalda vert, svo langt sem það nær, en fleira þarf til að koma.

Ef athuguð eru þau sjóslys, sem orðið hafa á íslenzkum fiskiskipum frá 4. jan. 1960 til 1962, kemur í ljós eftirfarandi: 33 íslenzk skip og bátar hafa farizt, þar af 2 erlendis. Af rúmum 30 skipum, sem farizt hafa hér við land, virðist sem 11 skipanna hafi farizt vegna óviðráðanlegs leka. Nokkur skipanna hafa farizt vegna bruna o. s. frv. Ýmislegt bendir til þess, að 2 af þessum skipum hafi kantrað, máske að einhverju leyti vegna of lítils botnþunga og þá líka vegna of mikils yfirþunga á bátapalli. Þau skip, sem hér er átt við, en þau eru skipin Stuðlaberg frá Seyðisfirði, og Hamar frá Sandgerði, munu hafa verið með síldarnætur á bátapalli, en venjulegar síldarnætur vega 3—5 tonn eftir því, hversu stórar þær eru og hvort þær eru blautar eða þurrar. Hinar nýju, stóru kraftblakkir með þeim útbúnaði, sem þeim fylgir, gera vitanlega sitt til að auka á yfirþunga skipanna. Slík yfirhleðsla beinlínis krefst aukins botnþunga, en slíks öryggis virðist því miður ekki ætíð vera gætt sem skyldi. Eftir því sem bezt verður vitað, var sjóveður ekkert tiltakanlega vont, er þessi skip fórust. Talið er, að 6 vindstig hafi verið á þeim slóðum, sem Hamar frá Sandgerði fórst, og ekki ýkjamikill sjór. Aftur á móti mun sjóveður hafa verið verra, þegar Stuðlabergið fórst, enda eru á þeim slóðum straumbrot mikil í slæmum veðrum. Þó segja mér menn, sem voru á sjó um líkt leyti og á svipuðum slóðum og skipið fórst á, að veðrið hafi ekki verið sérstaklega vont og af þeim ástæðum einum hafi ekki átt að vera nein sérstök hætta fyrir vel útbúið skip af þessari stærð. Því miður er nú enginn til frásagnar um það, hvað hefur orðið þess valdandi, að þetta nýja og glæsilega skip skyldi farast. Það er þungbært að sjá á bak hraustum og dugandi mönnum ásamt skipi þeirra. Þvílíkir atburðir hljóta að verða til þess, að allt sé gert, sem í mannlegu valdi stendur, til að fyrirbyggja, að slík slys endurtaki sig. Um Hamar frá Sandgerði er öðru máli að gegna. Þar björguðust allir mennirnir í gúmmíbát skipsins, m. a. vegna sérstaks snarræðis skipstjórans við að losa bátinn, sem kominn var í kaf. Þetta skip var 80 rúmlestir, nýviðgert eftir að hafa brunnið og sokkið í Keflavíkurhöfn. Skipið hafði verið á vetrarvertíð, eftir að viðgerð hafði farið fram. Skipið hafði að dómi þeirra manna, sem á því voru, reynzt sæmilegt sjóskip. Skipið ætlaði á sumarsíldveiði fyrir Norðurlandi, en það fórst á leiðinni 30 sjómílur suðaustur af Jökli, 30. júní s. l. Hvað kom fyrir skipið? Áhöfnin telur, að veðrið hafi ekki verið sérstaklega slæmt, 6 vindstig af suðvestri, og sá sjór, sem kom á skipið, hafi ekki verið mikill. Sem sagt, ekkert sér-

stakt hafði komið fyrir, skipið hafði bara lagzt á hliðina og síðan sokkið eftir tæpar 15 mínútur. Hvað varð þess valdandi, að skipið fórst? Var yfirhleðsla skipsins of mikil? Var botnþungi skipsins ekki í samræmi við yfirhleðslu þess? Þessar og þvílíkar spurningar hljóta að koma fram, þegar skip farast með slíkum hætti og hér hefur verið lýst. Hvað þá um öll hin skipin, sem sokkið hafa vegna leka úti fyrir ströndum Íslands undanfarin ár? En þau eru Straumey frá Reykjavík, Helga frá Reykjavík, Helgi Flóvents, Húsavík, Sleipnir frá Keflavík, togarinn Elliði frá Siglufirði, Skarðsvík frá Rifshöfn, Guðbjörg Jónsdóttir, sem sökk á Stapavík, Stella frá Grindavík, og Gunnar Hámundarson frá Reykjavík. Eftir því sem bezt verður vitað, hafa öll þessi skip farizt af einni og sömu ástæðu, að þeim hefur komið óstöðvandi leki, skipsdælurnar hafa ekki haft undan. Skipverjar hafa orðið að yfirgefa hin sökkvandi skip. Oft hafa menn bjargazt í gúmmíbátunum eða verið bjargað af skipum, sem komin hafa verið á slysstaðinn. Slík björgun hefur oft og tíðum verið framkvæmd við hin erfiðustu skilyrði, stundum í stórsjó og náttmyrkri, eins og átti sér stað við björgun á skipshöfninni á togaranum Elliða.

Ég hef bent á nokkur af þeim sjóslysum, sem orðið hafa hér við land undanfarin ár. Ég hef rætt alveg sérstaklega um tvö sjóslysanna, Stuðlabergs- og Hamarsslysin, m. a. vegna þess, að mér hafa fundizt þau bæði einna dularfyllst. Sama mætti raunverulega segja um Elliðaslysið. Öll þessi slys og raunverulega mörg fleiri eru að mjög litlu leyti upplýst. Um Stuðlabergsslysið er enginn til frásagnar, þar sem öll skipshöfnin fórst. Ljóst er þó, að eitthvað meira en lítið hefur komið fyrir. Nýtt og vel útbúið stórt skip ferst með öllu saman. Hvað hefur þá orðið skipinu að grandi? Það er hin þráláta spurning. Hver getur upplýst um botnþunga skipsins? Skipaskoðunarstjóri talar um, að þótt skipið væri svo til tómt, en með síldarnót á palli, hefði það samkv. hallatilraun, sem gerð var á skipinu í Noregi, átt að þola alla venjulega sjóa í slíku ástandi. Skipaskoðunarstjóri telur að áliti kunnugra, að straumbrot hafi grandað skipinu. En þá er bara spurningin: Hefði skipið þolað straumbrotið, ef það hefði haft viðhlítandi botnþunga? Mitt álit er, að þetta spursmál ætti að vera hægt að upplýsa frekar en gert hefur verið, og tel ég það hina mestu þörf. En um flest þau sjóslys, sem orðið hafa vegna skyndileka, liggja mjög takmarkaðar upplýsingar fyrir. Það skal þó tekið fram, að mér hefur ekki gefizt tækifæri til að kynna mér sjóprófsskýrslur um slysin, en hins vegar hef ég kynnt mér allrækilega blaðaskrif um þessi mál, en á þeim er mjög lítið að græða. Annars virðist það furðulegt, að skip, sem fengið hefur haffæriskírteini og máske nýkomið úr skoðun, skuli án sérstakra áfalla farast vegna leka. Þarna hlýtur eitthvað meira en lítið að vera að, sem er hin mesta nauðsyn á að verði kippt í lag, eftir því sem frekast er hægt. Fyrir því er þessi þáltill. flutt, ef verða mætti til þess, að hægt yrði að finna leiðir til úrbóta.

Í grg. okkar flm. fyrir till. tökum við það alveg sérstaklega fram, að í flutningi hennar felast engar ásakanir á einn eða neinn aðila og ekki sé till. fram komin af neinu sérstöku einu tilfelli, en við teljum tjón þjóðarinnar á mönnum og verðmætum á undanförnum árum svo mikið, að einskis megi láta ófreistað um að stemma hér við stigu, að svo miklu leyti sem það kann að vera á valdi forráðamanna þjóðfélagsins.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til við hæstv. forseta, að till. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til allshn. með 43 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 29, n. 557).

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugnar till. til þál. um opinbera rannsókn á sjóslysum, sem orðið hafa við strendur Íslands undanfarin 2—3 ár. Till. þessa fluttu þeir hv. 11. landsk. þm., Gunnar Jóhannsson, og hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, í upphafi þings. Efni till. er, að sérstakri nefnd verði falið að rannsaka, eftir því sem frekast er unnt, orsakir hinna mörgu skipskaða, sem orðið hafa við strendur landsins undanfarin 2—3 ár, og settar verði, ef ástæða þykir til að rannsókn lokinni, nýjar reglur um sjóhæfni íslenzkra fiskiskipa, um allar breytingar á skipum til stækkunar og um staðsetningu veiðitækja um borð.

Allshn. sendi till. til umsagnar Slysavarnafélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og skipaskoðunarstjóra ríkisins. Umsagnir bárust frá Slysavarnafélaginu, Alþýðusambandinu, Farmanna- og fiskimannasambandinu, sem mæltu eindregið með því, að till. yrði samþ., og grg. um mál það, sem till. fjallar um, barst frá skipaskoðunarstjóra ríkisins. Í grg. sinni rekur skipaskoðunarstjóri bréfaskipti sín við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, og L. Í. Ú., þar sem hann leitaði álits þessara aðila um í fyrsta lagi, að settar verði reglur um, að krafizt verði stöðugleikaútreikninga á öllum íslenzkum fiskiskipum og gögn þar um geymd í skipunum til afnota fyrir skipstjórnarmenn. Í öðru lagi, að settar verði reglur um hleðsluborð fiskiskipa, einnig er þau stunda fiskveiðar, þar með taldar síldveiðar, en nú gilda slíkar reglur varðandi fiskiskip einungis, þegar þau sigla með aflann til útlanda. Og í þriðja lagi, að kennsla fiskiskipstjóra verði aukin, svo að þeim komi að

gagni útreikningar um stöðugleika skipa. Af bréfaskiptum þessum er ljóst, að skipaskoðunarstjóri telur meiri vandkvæði vera á að setja nýjar og strangari reglur um þessi efni en þeir aðilar, sem hann leitar álits hjá, og á ég þar einkum við Farmanna- og fiskimannasambandið. Þá getur skipaskoðunarstjóri þess, að í samræmi við 7. ályktun alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu, sem fjallar um stöðugleika farþegaskipa, flutningaskipa og fiskiskipa í óskemmdu ástandi, eins og það er orðað, hefur verið kosin vinnunefnd, skipaverkfræðingar nokkurra siglingaþjóða ásamt einum fulltrúa frá Matvæla- og landbúnaðarstofnuninni. N. þessi starfar nú á vegum siglingamálastofnunarinnar að því að safna gögnum um stöðugleika skipa ýmissa þjóða, og hafa skipaskoðun ríkisins þegar borizt gögn frá n. varðandi þessi efni. Búizt er við, að rannsókn þessi taki alllangan tíma, en gert er ráð fyrir, að árangurinn geti orðið alþjóðlegar reglur, er ákveði einnig stöðugleika fiskiskipa. Skipaskoðunarstjóri tekur sérstaklega fram, að opinber rannsókn sjóslysa fari þegar fram samkv. l. nr. 50 1959, um eftirlit með skipum, en í þeim lögum er fjallað um siglingadóm og rannsókn sjóslysa. En beina afstöðu til þáltill. tekur skipaskoðunarstjóri ekki.

Eins og áður getur, mælir Slysavarnafélag Íslands með samþykki till. og telur líklegt, að niðurstöður slíkra rannsókna geti auðveldað stjórnvöldum að meta, hvort nauðsynlegt sé og líklegt til árangurs að setja nýjar reglur um sjóhæfni fiskiskipa og annað það, er að öryggi skipa og sjófarenda lýtur. Enn fremur sé líklegt, að af niðurstöðum slíkrar rannsóknar mætti ýmislegt læra, sem orðið gæti til þess að forða slysum í framtíðinnni. Telur Slysavarnafélagið enn fremur eðlilegt, að ríkisstj. gefi út árlega skýrslu um sjóslys og orsakir þeirra, en sá háttur mun vera viðhafður meðal sumra nágrannaþjóða okkar, t. d. Dana.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands telur fulla þörf á þeirri nefndarskipun og rannsókn, sem þáltill. gerir ráð fyrir, en vill að n. annist einnig slíkar rannsóknir í framtíðinni og 5 ár aftur í tímann. Og miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkti einróma á fundi að mæla með samþykkt þáltill.

Þáltill. þessi var hin fyrsta, sem vísað var til allshn., og hefur hún því verið alllengi til afgreiðslu hjá n. Ég hefði kosið, að till. hefði verið afgreidd fyrr, en hér kom ýmislegt til, en þó ekki það, að ekki væri fullt samkomulag um að afgreiða till. á jákvæðan hátt. Vilji var fyrir hendi hjá öllum nm. til þess að afgreiða till. á þann veg, að telja mætti, að samþykkt hennar kæmi að sem beztu gagni. Niðurstaðan af athugun n. á till. varð sú, að hún leggur einróma til á þskj. 557, að till. verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

Í stað þess, að fulltrúar þeirra aðila, sem tilteknir eru í upphaflegu till., verði tilnefndir í n., er í brtt. gert ráð fyrir, að ríkisstj. verði falið að láta þá rannsókn, sem um ræðir, fara fram í samráði við þau samtök, sem tilgreind eru í upphaflegu till., og þar til viðbótar í samráði við sjómannaskólana og tryggingafélögin, sem annast skipatryggingar. Gert er ráð fyrir, að ríkisstj. skipi í n. sérfróða menn, þ. á m. skipaverkfræðing, eða þá að n. njóti aðstoðar hans. Þá felst í till. allshn. sú breyting, að í stað þess, að í upphaflegu till. er gert ráð fyrir, að n. rannsaki orsakir skipskaða við strendur landsins undanfarin 2—3 ár, er í brtt. miðað við, að rannsóknin nái til allra skipstapa, sem Íslendingar hafa orðið fyrir á því tímabili, hvort sem þeir hafa orðið við Íslandsstrendur eða annars staðar. Þá leggur n. til, að fyrirsögn till. verði breytt í samræmi við breyt. á tillgr.

Ég held, að það blandist engum hugur um, að þáltill. sú, sem hér er til umr., er ekki flutt að ófyrirsynju. Þjóð, sem hefur sótt sjó af jafnmiklu kappi og við jafnerfitt veðurfar og Íslendingar, hefur ekki komizt hjá því að færa fórnir í þeirri baráttu, sem sjómennirnir hafa háð, til þess að þjóðin geti á hverjum tíma komizt af. Vegna þess að allir hafa gert sér grein fyrir því, að hér norður á hjara heims er á opnu úthafi háð óvæg lífsbarátta við grimm náttúruöfl, þar sem veðrátta er líklega umhleypingasamari og ótryggari frá degi til dags en á nokkrum öðrum slóðum á byggðu bóli, — barátta, sem þjóðin getur ekki látið niður falla og verður að heyja, — þá hefur verið á það litið sem óhjákvæmilegt og óumflýjanlegt, að á þeim vígvelli hlytu jafnan einhverjir að falla, enda hefur sú reyndin orðið á öllum tímum og menn orðið að sætta sig við það og beygja sig undir það. Það, sem hins vegar hefur gerzt hin allra síðustu ár og menn hafa ekki getað sætt sig við og er m. a. orsök þess, að sú þáltill. er flutt, sem hér er til umr., er, að einmitt þegar meir hefur verið gert en nokkru sinni fyrr til að tryggja, að slysin verði sem allra fæst á sjónum, og í stað lítilla báta hafa verið byggðir nýir og stórir, þá verða skipskaðar og manntjón, án þess að unnt sé að sjá, að náttúruhamförum eða öðrum skýranlegum óhöppum verði um kennt. Það hefur komið fyrir oftar en einu sinni, að ný og nýleg skip annars vegar hafa farizt af skyndilegum leka eða í stað þess, að þau réttu sig við eftir að hafa hallazt undan öldu, hafa þau haldið áfram veltunni, lagzt á hliðina, oltið um og sokkið á örskömmum tíma. Slíkir endurteknir atburðir þurfa sérstakra rannókna við, og þótt sjódómur fjalli um slík mál sem önnur sjóslys, þarf hér meira til. Sjódómur fjallar um hvert einstakt slys og sker einkum úr um, hvort skipstjórnarmenn eða aðrir af áhöfn skipsins hafi gert skyldu sína, en leitar ekki eftir því, hvort finnast kunni sameiginlegar orsakir margra slysa eða hvort byggingarlagi skipa er um að kenna, að slys hefur orðið, né heldur kannar sjódómur, á hvern veg mætti auka svo kröfur um byggingu og búnað skipa, að tryggara væri en áður, að

slík slys kæmu ekki fyrir. Þess vegna er eðlilegt, að till. sú, sem hér er til umr., sé borin fram og efnislega samþykkt, hvað sem líður *störfum sjódóms*.

Margendurtekin og óskýranleg slys á sjónum undanfarið krefjast skýringa. Mannslífin eru dýrmætari en svo, að það sé horft afskiptalaust á, að skip, sem eru nýbyggð og eru talin traust, farast á óskiljanlegan hátt í bærilegasta veðri. Menn sætta sig ekki við svo einfalda skýringu, sem opinberlega hefur komið fram hjá þeim aðilum, sem um öryggismál sjómanna eiga að fjalla, að öll skip geti farizt.

Sjálfsagt er það rétt, að öll skip geta sokkið. En menn sætta sig ekki við, að vélbátar af þeirri stærð, sem hér er um að ræða, geti sokkið í ekki verri veðrum en verið hafa, þegar a. m. k. sum slysanna áttu sér stað. Það er nauðsynlegt, að rannsakað sé, hvort sá útbúnaður veiðarfæra um borð í skipunum, sem tekinn hefur verið upp hin síðustu ár með tilkomu kraftblakkarinnar og stöðugt stærri síldarnóta, hefur spillt sjóhæfni skipanna svo, að öryggi þeirra sé stefnt í hættu. Það er nauðsynlegt að leiða í ljós, hvort nokkurt þeirra nýlegu skipa, sem við höfum haft ástæðu til að vona að drægi úr slysahættu á sjónum, vegna þess að þau væru stærri og vandaðri en hin eldri, geti verið þannig byggt eða þannig farið að búnaði veiðarfæra, að þau auki hættuna fremur en þau dragi úr henni. Það hefur t. d. ekki gerzt án þess að menn hafi veitt því athygli, að mörg skip byggð eftir sömu teikningunni hendir það að hvolfa í bærilegu sjóveðri án skiljanlegra ástæðna. Þannig hafa þau týnzt eitt af öðru, líklega 4—5, án þess að þau, sem enn flutu ofansjávar, væru tekin til rannsóknar. Það hefur ekki heldur farið fram hjá almenningi, hvað gert er erlendis, ef slíkir atburðir *eiga sér stað*, t. d. varðandi flugvélar, að áberandi verði, að slys hendi flugvélar af sömu gerð. Hvað er þá yfirleitt gert? Allar flugvélar sömu tegundar eru teknar úr notkun, þar til rannsókn hefur farið fram og bætt hefur verið úr því, sem talið er þurfa. Það mun vera staðreynd, að af 6—7 skipum af einni og sömu gerð eru aðeins 2 ofan sjávar. Hin hafa farizt, sum a. m. k. á óskiljanlegan hátt í veðrum, sem þeir, sem til sjómennsku þekkja, vita, að ekki eiga að geta grandað svo stórum skipum, ef allt er með felldu. Ég tel, að það væri fullkomin ástæða og sjálfsögð skylda að taka þau skip, sem eftir eru af þessari gerð, til gagngerðrar rannsóknar og prófunar, svo að leitt verði í ljós, hvort mannslíf eru sett í of mikla hættu með því að stunda sjósókn á þeim. Nú er það svo, að þegar mörg skip eru byggð eftir sömu teikningu, ætti að vera hægara að koma við þeim rannsóknum og mælingum, sem gætu tryggt, að skipin reyndust örugg sjóskip. Án efa er miklu fé á glæ kastað með því háttalagi, sem hér hefur tíðkazt, að helzt þurfi hvert skip að vera teiknað eftir sérteikningu sem aðeins einu sinni er notuð. Bílar yrðu dýrir með því móti, og skip verða það líka, og hætt við, að slík óhagkvæmni gangi út yfir það, að *nægjanlegu fé og fyrirhöfn sé varið til* að þrautreyna, hversu skipunum megi treysta við mismunandi aðstæður. Það ætti einnig að vera sjálfsagt mál, að þegar skip hafa við ýmsar aðstæður og mismunandi veður, sjólag og hleðslu sannað sjóhæfni sína, þá væri sælzt til þess að byggja hin nýju skipin eftir þeim sömu teikningum í stað þess að taka sífellt nýja áhættu með enn nýjum teikningum. Sá kostnaður, sem svo mjög vex í augum ýmissa aðila í sambandi við strangari kröfur um útreikninga og prófanir á sjóhæfni skipa, hlyti að verða viðráðanlegri, ef skipulag yrði á skipasmíðinni að því leyti, að þær prófanir, sem krafizt yrði, væru í framtíðinni látnar ná til margra nýbygginga í einu, hvað sem líður þeim skipastóli, sem fyrir er. Ég tel hins vegar, að þótt aukinn kostnað kunni að leiða af kröfum um aukið öryggi sjófarenda, þá megi ekkert til spara að tryggja, að úr þeim hættum, sem sjómönnum er jafnan stefnt í við störf sín á hafinu, sé dregið svo sem í mannlegu valdi stendur.

Till. um rannsókn sjóslysa s. l. 2—3 ár er ekki borin fram til þess að beina sök vegna þeirra að einum eða neinum, heldur til þess, að af þeim megi draga lærdóma, sem gætu orðið til að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á því, að eitthvert þeirra endurtaki sig í sömu mynd. Rannsóknninni er einkum ætlað að beinast að skipunum sjálfum, búnaði þeirra, og hún er gerð vegna þeirra manna, sem eiga líf sitt ekki sízt undir því, að þær fjalir, sem þeir fljóta á á mannskæðu úthafinu, séu sem traustastar. Ég fagna því, að till. sú, sem hér er til umr., skuli hafa fengið svo jákvæða afgreiðslu hjá allshn., og vænti þess, að hún fái nú á lokastiginu einróma afgreiðslu *í sameinuðu þingi, á þann hátt, sem* lagt er til á þskj. 557.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. að þáltill. á þskj. 29, um opinbera rannsókn á sjóslysum við strendur Íslands undanfarin 2—3 ár, þakka allshn. fyrir afgreiðslu hennar á málinu. En n. hefur gert nokkrar orðalagsbreytingar á till. og breytt fyrirsögn hennar í samræmi við það. Hv. 12. þm. Reykv. og hv. 7. landsk. þm. báru þessar breyt. undir okkur flm., og töldum við okkur geta á þær fallizt. Vitanlega er það aðalatriðið, að sú rannsókn, er þáltill. gerir ráð fyrir að verði framkvæmd, nái tilgangi sínum. Hitt skiptir miklu minna máli að okkar dómi, hvaða aðilar það eru og koma til með að verða, sem að slíkri rannsókn standa. Annars eru þessar breytingar ekki stórvægilegar. Eins og frsm. gat um, er aðeins um það að ræða, að bætt er inn í fulltrúum frá sjómannaskólanum og frá þeim tryggingafélögum, sem hafa með að gera vátryggingar skipa.

Því ber að treysta, að allir þeir aðilar, sem

gert er ráð fyrir í brtt. n. að ríkisstj. hafi samráð við um rannsókn á skipstöpum Íslendinga undanfarin ár, geri sitt til, að fyrirhuguð rannsókn verði sem ýtarlegust og að henni verði hraðað, eftir því sem frekast er unnt. Hér er á ferðinni eitt af okkar mestu vandamálum, sem okkur ber að taka til ýtarlegrar rannsóknar, leita eftir orsökum hinna ýmsu og mörgu óhugnanlegu slysa og tíðu skipstapa, sem orðið hafa undanfarin ár.

Í þessu sambandi vil ég aðeins benda á eitt. Árið 1947 voru byggð úti í Svíþjóð nokkur skip af stærðinni 70—80 tonn. Eftir því sem ég veit bezt, hafa 5 af þessum skipum farizt. Það er rétt að taka fram, að ég held, að þau séu öll byggð af sömu skipasmíðastöð og flest ef ekki öll hafi farizt úti á rúmsjó og nú síðast Erlingur IV. frá Vestmannaeyjum. Af þessum Svíþjóðarskipum, sem hér er átt við, munu nú vera, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað fengið, eftir 2 skip, Snæfell frá Reyðarfirði og Sæfari frá Patreksfirði. Í sambandi við það, sem ég hef hér bent á, verður manni að spyrja: Er ekki full ástæða til þess, að þau skip, sem enn eru á floti af þessum Svíþjóðarskipum, verði tekin til sérstakrar rannsóknar, áður en frekari slys kunna að hljótast af? Þessu er hér aðeins varpað fram til athugunar fyrir þá n., sem mun koma til með að hafa með höndum fyrirhugaðar rannsóknir. Að öðru leyti mun ég ekki ræða þetta mál frekar. Ég vona, að hv. Alþingi samþykki till., eins og hún nú liggur fyrir samkv. till. allshn.

ATKVGR.

Brtt. 557,1 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 557,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 642), með fyrirsögninni:

Þál. um opinbera rannsókn á orsökum sjóslysa.

14. Brúargerð yfir Lagarfljót.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fullnaðarrannsókn á brúargerð yfir Lagarfljót við Lagarfoss [74. mál] (A. 89).

Á 9., 11. og 20. fundi í Sþ., 7. og 9. nóv., 12. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, er um rannsókn á brúargerð yfir Lagarfljót við Lagarfoss, og hún er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela samgmrh. að hlutast til um, að gerð verði fullnaðarkostnaðaráætlun um brúargerð yfir Lagarfljót við Lagarfoss, og sé þeirri áætlun lokið haustið 1963.“

Það er nú öllum hv. þm. kunnugt, að samgöngumálin eru undirstöðuatriði í lífi og starfi hvers þjóðfélags. Við búum fámennir í víðáttumiklu landi með mikinn fjölda vatnsfalla, sem auk fjarlægðanna hafa verið mesti farartálminn um landið. Það hefur að vísu miðað mjög vel hin síðustu ár á þeirri braut að brúa vatnsföllin, og ef til vill hafa einmitt á sviði brúargerða verið unnir einhverjir stærstu þjóðfélagssigrar á undanförnum árum. Það heyrast að vísu stundum raddir um það, að misskipt sé fjármagni til samgöngumála til ýmissa héraða, ef fjármagn til brúargerða er talið með í heildarupphæð til samgöngumála hér á landi. En það er eðlilegt, að þetta sé nokkuð misjafnt, og verður ekki talið til hags neinu byggðarlagi, þó að þar sé mikil þörf á brúargerðum, ef samgöngur eiga að vera viðunandi.

Um Fljótsdalshérað falla tvær stórár frá Vatnajökli. Það er því eðlilegt, að þar sé allmikil þörf á brúm. En þessi þáltill., sem ég var hér áðan að lýsa og hef leyft mér að flytja á þskj. 89, fjallar að vísu aðeins um fullnaðarundirbúning að brúargerð á Lagarfljóti við Lagarfoss, en það er alveg ljóst, að slíkur undirbúningur verður að vera að fullu unninn, áður en til framkvæmda kemur. Þetta brúarmál er skiljanlega mikið áhugamál þeirra, sem búa á Út-Héraði í námunda við þennan stað, og nýlega hefur líka almennur fundur á Fljótsdalshéraði lýst áhuga sínum á þessu máli. Ég hef rakið nokkru frekar um ástæður þessa í grg. og sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta í framsögu, en ég vænti, að hv. Alþingi vilji styðja þessa þáltill., og ég legg til, að málinu verði vísað til hv. fjvn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Í till. sinni til þál. nefnir hv. flm. aðeins brú yfir Lagarfljót við Lagarfoss. En hv. flm. hlýtur að vera það kunnugt, að tvö brúarstæði eru ákveðin og viðurkennd yfir Lagarfljót, það brúarstæði, sem till. fjallar um, og annað við Steinboga nálægt Hóli í Hjaltastaðaþinghá. Hóll er í yztu bæjaröð upp frá Héraðsflóa, og þaðan eru milli 40 og 50 km upp að Lagarfljótsbrú við Egilsstaði. Þeir menn frá Borgarfirði og Út-Héraði, sem hafa erindum að sinna norðan fljóts um Út-Hróarstungu, og eins menn úti í Út-Hróarstungu, sem hafa gagnkvæm erindi austur yfir fljót um Út-Hérað og til Borgarfjarðar, þurfa því að fara tvöfalda þessa leið til að komast á áfangastað. Það er því mjög eðlilegt, að þeir, sem hafa mesta þörf fyrir brú yfir Lagarfljót á Út-Héraði, óski nú sem áður, að brú við Steinboga nálægt Hóli verði byggð á undan brú

við Lagarfoss, þó að slík brú sé mjög æskileg. Með brúnni við Steinboga opnast mjög víðáttumikið og þýðingarmikið hringvegakerfi um allt Út- og Mið-Hérað, og að þeirri samgöngubót hefur verið unnið nú á annan áratug. Og það má segja, að nú sé kominn bjarglegur sumarvegur nærri því beggja vegna fljóts að væntanlegum brúarsporðum þar. En aftur er þess að geta, að mjög vantar á, að vegir séu handbærir til afnota brúar við Lagarfoss, eins og nú standa sakir, og kostnaðarsamri vegagerð þar enn ólokið, sérstaklega að austanverðu. Að þessu athuguðu og sérstaklega með tilliti til þess, að brú yfir Lagarfljót við Steinboga er aðkallandi og hringvegakerfið, sem fæst þá um allt Út- og Mið-Fljótsdalshérað, bíður eftir þessari brú, verður að gera ráð fyrir, að það verði á sínum tíma talið eðlilegt, að brúin við Steinboga sitji fyrir, verði í fyrri röð í sambandi við nauðsynlegar brúarbyggingar yfir Lagarfljót á Út-Héraði. En ef þessi þáltill. yrði samþ. eins og hún liggur fyrir, mætti ef til vill álíta, að hv. Alþingi hefði með samþykktinni tekið afstöðu til þeirra brúarframkvæmda yfir Lagarfljót á þann hátt, að Lagarfossbrúin eigi að byggjast á undan brúnni nálægt Steinboga. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. Alþingi telji slík afskipti af málinu æskileg né eðlileg á þessu stigi málsins. Ég mun því bera fram brtt. á þá lund, að um verði að ræða fullnaðarkostnaðaráætlun um brúargerð við bæði þau brúarstæði, sem um er að ræða. Á þennan hátt verður þáltill., ef samþ. verður, hlutlaus og óskaðleg þeim óskum, sem fólkið á Út-Héraði hefur ætíð borið fram, þ. e. að brú yfir Lagarfljót hjá Steinboga verði fyrst og fremst byggð.

Í raun og veru tel ég eftir sem áður þessa þáltill. fremur þýðingarlitla, því að kunnugir vita, að undirstöðurannsóknir um þessar brúargerðir eru þegar fyrir hendi, og því ekki ástæða til að óttast, að fullnaðaráætlun verði ekki til, þegar til framkvæmda getur komið að byggja slíkar stórbrýr eins og hér er um að ræða. Gera verður ráð fyrir, eins og nú horfir, að þessar brýr verði ekki byggðar nema fyrir fé úr brúasjóði. Eins og nú standa sakir er ein brú á Norðausturlandi, sem ákveðið var 1958 að byggð yrði fyrir fé úr brúasjóði, en sú brú er ekki enn þá byggð, þó að því verki ætti nú að vera lokið, ef farið hefði verið eftir þeirri framkvæmdaákvörðun, sem til staðar er frá 1958. En hér er um að ræða brú yfir Hofsá í Vopnafirði. Skv. fyrri ákvörðun tel ég, að sú brú hljóti að koma á undan brúnum yfir Lagarfljót, og því tel ég, að hv. flm. þessarar till. hefði gert stórbrúamáli Norðausturlands meira gagn með því að beita áhrifum sínum við hæstv. samgmrh. um að draga ekki lengur að láta byggja brúna yfir Hofsá í Vopnafirði og þar næst að taka höndum saman með öðrum þm. Austf. að fá tekna í framkvæmdaáætlun brúasjóðs brú yfir Lagarfljót og þá fyrst og fremst að mínum dómi við svokallaðan Steinboga.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara út í neinar deilur um þessi brúarmál hérna á þessu stigi. Mér þykir það að vísu ánægjulegt, að yfirleitt, þegar ég er hér að hreyfa máli, þá á ég vísan áhuga hv. 2. þm. Austf. á þeim málum, því að hann kemur hér jafnan í ræðustólinn á eftir mér. En hvað snertir þessi brúarmál á Lagarfljóti, þá er það vitanlega rétt hjá hv. 2. þm. Austf., að það hafa verið til umr. tveir staðir fyrir brýr á Út-Héraði, eins og hann sagði, á Steinboga og við Lagarfoss. En það má vera líka, að það séu eitthvað skiptar skoðanir um það, hvor staðurinn eigi að ganga á undan, en samkv. þeirri fundarsamþykkt, sem ég var hér að vitna til, sem ég því miður hef þó ekki við höndina, frá almennum fundi á Fljótsdalshéraði, þá mun þó þar hafa verið beinlínis tekið fram að leggja áherzlu á brúna við Lagarfoss. Og þó að þessi þáltill. sé flutt um fullnaðarundirbúning, felst engan veginn í henni, að það sé úrslitaorðið. En ég kynnti mér, áður en ég bar þessa þáltill. fram, hvernig þessum undirbúningsathugunum er háttað hjá vegamálastjórninni, og að þeirri athugun lokinni þóttist ég sjá, að það væri ástæða til að flytja þessa þáltill. til að fá þennan fullnaðarundirbúning gerðan. Þess vegna er ég ekki alveg sammála hv. 2. þm. Austf. um það, að hún sé þýðingarlítil, þessi þáltill., því að ef hún verður samþ., sem ég vænti, þá vænti ég einnig, að þessi undirbúningur verði unninn, en til framkvæmda getur vitanlega ekki komið fyrr en honum er lokið.

Hvað snertir brúna á Hofsá í Vopnafirði, þá er óhætt að slá því föstu, að samþykkt þessarar þáltill. tefur á engan hátt fyrir þeirri framkvæmd, og ég skal gjarnan taka undir það með hv. 2. þm. Austf., að ég vænti þess, að sú framkvæmd verði unnin innan tíðar. En ég vil aðeins beina því til hv. fjvn., sem ég vænti að fái þessa till. til athugunar, — sem þó kannske er óþarft, — að leita umsagnar vegamálaskrifstofunnar um þetta, og þá vitanlega kemur í ljós, hvernig þessi mál standa þar, um þessi tvö brúarstæði á Lagarfljóti. Ég vildi aðeins endurtaka það hér, að þessi till. er flutt og miðuð við þennan stað vegna þess m. a., að almennur fundur á Héraði hefur í raun og veru tekið afstöðu til þess, að þessi staður eigi að ganga á undan brúarstæðinu við Steinboga. Hitt er skiljanlegt, að það geti verið einhver meiningarmunur um það, hvorn staðinn skuli velja. En ég sem sagt vænti þess, að Alþ. sjái sér fært að styðja þessa till. og fjvn. að afgreiða hana frá sér.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 89, n. 689, 303).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Fjvn. hefur rætt þessa till. til þál. og leitað um hana umsagnar vegamálastjóra. Í þeirri umsögn segir vegamálastjóri, að það sé raunar víst, að brúargerð yfir Lagarfljót við Lagarfoss muni verða nauðsynleg, ef þar verði virkjað. Auk þess telur hann, að brú þar muni að líkindum henta innanhéraðssamgöngum betur en hin brúin, sem getið er um í brtt., en telur þó eftir atvikum rétt, að bæði brúarstæðin verði athuguð. Í samræmi við þessa umsögn vegamálastjóra leggur nefndin, til, að tillagan ásamt breytingartillögunni verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 303,1 samþ. með 35 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 303,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 723), með fyrirsögninni:

Þál. um fullnaðarrannsókn á brúargerðum yfir Lagarfljót.

15. Rafmagnsmál Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um úrbætur í rafmagnsmálum Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps [95. mál] (A. 115).

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 115 að flytja till. til þál. um úrbætur á rafmagnsmálum í Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi, sem hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela raforkumrh. að láta fram fara, svo fljótt sem auðið er, úrbætur á rafmagnsveitum Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps til þess að leysa úr þeim vanda, sem er á flutningi rafmagns til þessara byggðarlaga.“

Ég hef litlu við þá grg. að bæta, sem fylgir þessari till. Þetta hefur verið vandræðamál fyrir íbúa Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps. Ég vil hins vegar upplýsa hér fyrir þá nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, sem væntanlega verður hv. fjvn., að frá því að þessi till. var flutt hér í þinginu, hafa fyrir atbeina raforkumrh. verið hafnar undirbúningsframkvæmdir, þannig að afgreiðsla málsins gæti e. t. v. farið eftir þeim staðreyndum.

Ég legg því til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 115, n. 688).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt þessa þáltill. og leggur einróma til, að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 724).

16. Afurðalán vegna garðávaxta.

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um afurðalán vegna garðávaxta [107. mál] (A. 144).

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 144 flyt ég ásamt 4 öðrum þm. Framsfl. till. til þál. um afurðalán vegna garðávaxta. Tilgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að veitt verði afurðalán út á garðávexti hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt.“

Á undanförnum árum hefur Seðlabankinn veitt lán fyrir fram út á sauðfjárafurðir, og hafa þau stundum a. m. k. numið allt að ⅔ hlutum af áætluðu söluverði afurðanna. Þessi lán bæta að miklum mun fjárhagsaðstöðu framleiðenda og þeirra fyrirtækja, sem annast sölu afurðanna, og eru nauðsynleg, einkum vegna þess að rekstrarkostnaður, svo sem áburðarkaup, fellur á verzlunarfyrirtækin og færist í reikning bænda aðallega á fyrri hluta árs, en sauðfjárafurðir koma ekki á markað

fyrr en að hausti og greiðast ekki að fullu fyrr en jafnóðum og sala fer fram til neytenda.

Eftir því sem þjóðinni fjölgar, eftir því þarf að sama skapi framleiðslan að vaxa. En það er ekki nóg að framleiðsla hinna einstöku greina landbúnaðarafurðanna vaxi, heldur þarf að fullnægja þörf þjóðarinnar fyrir matvæli, að svo miklu leyti sem auðið er, með framleiðslu þeirra innanlands. Landbúnaðarframleiðslan þarf því að vera sem fjölbreyttust, og ríkisvaldið þarf að styðja að því, að svo geti orðið. Það er einnig mjög heilbrigt, að í landbúnaðinum sé verkaskipting að vissu leyti, því að það er nokkuð misjafnt um hin einstöku svæði landsins, hvaða framleiðslugrein hentar bezt á hverjum stað. Þessi verkaskipting hefur þegar tekizt að nokkru leyti fyrir atbeina bændastéttarinnar sjálfrar, og löggjafinn hefur í vissum efnum viðurkennt þetta og veitt garðyrkjubændum vissa viðurkenningu og réttindi í löggjöf, þó að það sé þeirra aðalframleiðsla. En um framleiðslu garðávaxta gildir mjög svipað og um sauðfjárafurðir, að full greiðsla fyrir þá vöru kemur ekki í hendur bændanna fyrr en jafnóðum og neytendur kaupa vöruna, nema með einhverjum hætti komi til veltufé, sem greiði fyrir þessum viðskiptum. Með þessari till. er því farið fram á, að hliðstæð regla verði tekin upp um afurðalán út á garðávexti eins og í gildi er vegna sauðfjárafurða.

Ég hygg, að ekki þurfi að færa fyllri rök fyrir því en ég hef þegar gert með þessum orðum, að þessi till. er réttmæt, og vænti ég þess, að hún njóti skilnings hér á hv. Alþingi.

Fyrr á þessu þingi var rætt nokkuð um afurðalán til bænda almennt og þær reglur, sem hafa verið í gildi og nú er farið eftir í því efni, í sambandi við fsp., sem hér var rædd í nóvembermánuði, að ég ætla, á s. l. ári. Þá kom það fram af hálfu hæstv. landbrh., að á s. l. hausti yrði veitt fyrirgreiðsla úr bönkunum í þessu skyni, ekki lakari en gert hefur verið að undanförnu, og að í því sambandi yrði ekki miðað við sömu krónutölu og þessi lán hafa numið að undanförnu, heldur hlutfallslega miðað við aukið magn og hækkun á verði afurðanna. Er mjög eðlilegt og ánægjulegt, að þetta var fyrirhugað. En eftir því sem ég veit bezt, mun reynsla verzlunarfyrirtækja hafa orðið sú, að þetta hafi ekki orðið nákvæmlega þannig í framkvæmd, enda hefur verið um þetta ritað opinberlega, m. a. í tímariti samvinnufélaganna fyrir skömmu, að ég ætla.

Reynslan mun hafa orðið sú, að Seðlabankinn miðar við að lána sömu krónutölu og áður vegna afurðalána landbúnaðarins. En viðskiptabankinn, þ. e. a. s. Landsbankinn, mun hafa bætt við þessi lán Seðlabankans, þó tiltekinni upphæð. Og út á ull og mjólkurafurðir mun vera miðað við að lána sömu krónutölu og gert var árið 1961, en út á sauðfjárafurðir, ætla ég, að miðað hafi verið við að lána 55% af svokölluðu skilaverði. Hins vegar er mér ekki fyllilega ljóst, hvort það, sem kallað er skilaverð í þessu sambandi, er hið sama og grundvallarverðið, sem miðað er við að eigi að koma bændum í hendur eftir verðlagsgrundvelli, og er æskilegt, að upplýsingar kæmu fram um það í sambandi við þetta mál. En reynslan mun hafa orðið sú, að magn afurðanna hafi verið áætlað of lágt, þegar þessi áætlun um afurðalánin var gerð, svo að það hafi ekki einu sinni tekizt á s. l. hausti að lána full 55% af skilaverði út á sauðfjárafurðir. Hins vegar ætla ég, að Seðlabankinn muni hafa gengizt undir það, að láta lánið standa, þó að birgðir lækki, svo að hlutfallið 55% náist upp, áður en birgðirnar seljast allar.

Til viðbótar við þetta koma svo lán úr viðskiptabönkum, eftir því sem hverju verzlunarfyrirtæki tekst að semja um það við þann banka, sem það hefur aðalskipti við, og má gera ráð fyrir, að þau verði eitthvað misjöfn eftir því, hvernig samningar takast milli hinna einstöku aðila.

Af þessu er ljóst, að hin almennu afurðalán landbúnaðarins eru því miður enn ekki í nægilega góðu horfi að mínum dómi, og hygg ég, að margir í bændastétt muni taka undir það. En án þess að fara lengra út í það almennt, þá styður það, sem ég hef nú vikið að, þessa till. á þann hátt, að því fleiri afurðir sem njóta góðs af afurðalánunum, þeim mun betur er hlaupið undir bagga með bændastéttinni og verzlunarfyrirtækjum hennar að þessu leyti, og er þess að vænta, að fullur skilningur verði fyrir því hér á hv. Alþingi við afgreiðslu þessa máls.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að till. sem þessi hefur áður verið flutt hér í hv. Alþingi. Það er vegna þess, að það hefur aldrei verið lánað afurðalán út á garðávexti. Ég er ekki þar með að segja, að það sé ekki réttmætt. Ég vil miklu heldur segja, að það væri réttmætt að veita afurðalán út á garðávexti eins og aðrar landbúnaðarafurðir, þ. e. a. s. þegar garðávextirnir hafa verið metnir og komnir í góða geymslu. En þetta hefur aldrei verið gert, hverjir sem með stjórn hafa farið. Aftur á móti var það fyrir tilstilli mína 1960—1961 og að nokkru s. l. haust, að veitt voru lán út á kartöflur komnar í hús, en með óhagstæðari kjörum en afurðalánin eru, þ. e. a. s. hærri vöxtum. Ég tel því ekkert óeðlilegt, þó að till. eins og þessi sé flutt þing eftir þing, þar sem ekki hefur fengizt árangur í því efni, enda heyrði ég það á hv. flm., að hann talaði ekki í ádeilutón, fann, að það var ekki grundvöllur til þess, þar sem hans hv. flokksbræður, meðan þeir voru í ríkisstj., hefðu ekki komið þessu í framkvæmd.

Hv. þm. sagði af allmikilli hógværð, að afurðalánin væru ekki enn komin í nægilega gott horf. Ég get tekið undir það, að það væri æskilegt, að afurðalánin væru hærri, það væri jafnvel æskilegt, að þau væru með enn

betri kjörum. En við verðum, um leið og við berum fram þessar frómu óskir, að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvernig málefnin eru á hverjum tíma og hvað er til samanburðar hverju sinni. Ég minnist þess t. d., að útvegurinn fékk fyrir ekki allmörgum árum allt að 90% lán út á afurðir sínar. En ég minnist þess einnig, að landbúnaðurinn fékk ekki hærri lán en hann nú fær á sama tíma. Ég minnist þess ekki, að landbúnaðarfyrirtæki hafi nokkru sinni áður greitt meira út til bænda á haustin út á afurðir heldur en s. l. haust. Og við getum byrjað og farið hringinn í kringum landið og við getum byrjað á því að spyrja Borgfirðinga. Hafa þeir nokkurn tíma fengið meira greitt út á afurðir en á s. l. hausti? Hafa Vestfirðingar nokkurn tíma fengið meira en á s. l. hausti? Nei. Hafa Húnvetningar nokkurn tíma fengið meira en á s. l. hausti? Skagfirðingar? Eyfirðingar? Þingeyingar? Austfirðingar? Nei. Hefur útborgun til sunnlenzkra bænda verið lægri á s. l. hausti en áður hjá Sláturfélagi Suðurlands eða Mjólkurbúi Flóamanna? Nei. Það eru 67% lægsta útborgun, en sumir hafa borgað meira út á afurðir til bænda.

Það er sagt, að útvegurinn fái 67—70%. Ég er ekki ánægður með þann meting, sem oft er á milli hinna ýmsu atvinnuvega. Ég tel, að það beri að stuðla eins vel og mögulegt er að hinum nauðsynlegu atvinnuvegum í landinu, en munurinn fyrir þá, sem vilja gera samanburð, er miklu minni nú á útlánum til sjávarútvegs og landbúnaðar heldur en var, því að þegar útvegurinn fékk 90% lán, afurðalán og viðbótarlán í viðskiptabönkunum, þá fékk landbúnaðurinn ekki meira fjármagn í bönkunum en svo, að hann gat ekki borgað meira en 67%, þar sem bezt var. Og það er rétt að hafa þetta til samanburðar.

Þegar hv. frsm. ræðir um þessi mál af skilningi og hógværð, eins og hann gerði hér áðan, þá er það alveg þess virði að ræða við hann um þessi mál á skipulegan og eðlilegan máta og kanna, í hverju þetta liggur. Og ég get tekið undir með honum um það, að það væri æskilegt, að landbúnaðurinn fengi hærri afurðalán og betri kjör, og að því ber vitanlega að vinna. En þetta hefur verið þörf fyrir áður, án þess að árangur næðist. Ég veit, að þessi hv. þm. veit þetta og man það, þegar útgerðin fékk allt að 90% lán í bönkunum, bæði afurðalán og viðbótarlán, án þess að landbúnaðurinn gæti greitt meira en ⅔ til bænda. Það má þess vegna segja, að bilið hafi mjókkað þarna á milli, það sé nær því nú, að jöfnuður hafi náðst í þessum efnum, heldur en nokkru sinni fyrr.

Það stendur einnig í aðalatriðum, að Seðlabankinn hefur lánað 55% út á landbúnaðarafurðir að þessu sinni eins og afurðir sjávarútvegsins. 55% voru lánaðar út á sauðfjárafurðir, en það var minna út á mjólkurafurðir, en hefur farið smám saman hækkandi, og ég ætla, að nú sé 55% afurðalán bæði út á mjólkurafurðir og sauðfjárafurðir í Seðlabankanum. En það mun vera minna á ullinni, sem lánað var út á á s. l. sumri. Það lán mun ekki enn hafa verið hækkað, en það er eitthvað innan við 50% á ullinni, en það eru víst ekki miklar birgðir af ull í landinu nú. Það hefur farið núna undanfarið dálítið af ull, og ég held, að ef spurt er um þetta í Seðlabankanum í dag, þá muni vera um 55% lán út á landbúnaðarafurðir nema ullina.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja, en ég tel, að að þessu sinni hafi lánamál út á afurðir landbúnaðarins verið leyst á viðunandi hátt, þótt það mætti vera betra, og munurinn er minni nú á útlánum til landbúnaðar og sjávarútvegs en hann hefur verið oft áður.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég heyri það, að hæstv. landbrh. telur, að till. þessi, sem hér er flutt, eigi fullan rétt á sér. Ég fagna þessu og vænti stuðnings hans og hans flokksmanna við samþykkt till. Þetta er vitanlega aðalatriði málsins, og ég vildi láta þetta koma fram nú, eftir að hæstv. ráðh. hefur talað, að ég hlýt að skilja afstöðu hans til till. þannig, að réttmætt sé að samþykkja hana.

Orð hæstv. ráðh. um, hverrar aðstoðar sjávarútvegurinn nyti um afurðalán, eru hans hans eigin hugleiðingar, en ekki svar við minni ræðu, því að ég minntist ekki á það einu orði og gerði engan samanburð milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins að þessu leyti í minni ræðu, og þeim mun síður, að ég tæki upp nokkurn meting á milli atvinnuveganna í þessu sambandi. Þessar hugleiðingar eru því algerlega mál hæstv. ráðh., sem hann hefur flutt hér fram til skýringar á því sjónarmiði, sem hann vildi láta koma inn í þessar umr. En ég vil jafnframt vekja eftirtekt á því, að hæstv. ráðh. staðfestir það, sem ég sagði um, að ekki hefði verið auðið þegar í haust að greiða 55% afurðalán út á allar landbúnaðarafurðir, eins og þó var yfirlýst hér á hv. Alþingi í nóv. s. l. Hins vegar segir hæstv. ráðh., að nú muni lánin nema 55% nema út á ull, — ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, — þannig að þetta er smám saman, eftir því sem birgðir minnka, að færast upp í þessa prósentu. En það var ekki auðið þegar í haust að veita afurðalán að þessu marki.

Ég vil einnig benda á það, að hæstv. ráðh. lét það undan falla að gefa skýringu á því, hvort hið svokallaða skilaverð í þessu sambandi er hið sama og það, sem kallað er grundvallarverð til bænda í verðlagsgrundvellinum, eða eitthvað annað. Mér er þetta ekki fyllilega ljóst.

Að lokum vil ég nota þetta tækfæri til þess að vekja sérstaka athygli á því, hve það er óhagkvæmt eða óhagstætt landbúnaðinum og í raun og veru ófær regla að miða afurðalánin frá ári til árs við sömu krónutölu án tillits til þess, hvort afurðamagnið vex eða verðlagið hækkar. Ég held, að ég muni það rétt, að þeirri reglu hafi verið fylgt um skeið í

Seðlabankanum að miða afurðalánin við sömu krónutölu og veitt var í þessu skyni næsta ár á undan. En ég vil vekja sérstaka eftirtekt á því og leggja á það áherzlu, að ég tel þá reglu mjög óhagstæða og í raun og veru óhæfa fyrir landbúnaðinn, heldur verði í þessu falli að taka tillit til framleiðsluaukningarinnar og breytinga á verðlaginu, enda leiðir það af sjálfu sér, að hjá vaxandi þjóð þarf framleiðslan vitanlega að aukast ár frá ári, og það er á allan hátt heilbrigt, að stuðlað sé að því, að svo verði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 13. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 144, n. 668).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þessi till., sem fyrir liggur á þskj. 144, er þess efnis að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að veitt verði afurðalán út á garðávexti hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextirnir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt. N. hefur athugað þessa till. og leggur til, að hún verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 725).

17. Fiskvegur um Brúafossa í Laxá.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt:

Till. til þál. um fiskveg um Brúafossa í Laxá í Þingeyjarsýslu [112. mál] (A. 157).

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. á þskj. 157 um það, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta gera athugun á aðstöðu að gera fiskveg um Brúafossa í Laxá og taka þátt í kostnaði, ef ráðlegt þykir að leggja í þessa framkvæmd að áliti sérfræðinga.

Það hefur verið draumur allmargra bænda við Laxá um 20—30 ára bil að gera laxgengt upp yfir Brúafossa, sem eru í Laxá, þar sem nú er Laxárvirkjun, en innan við Brúafossa og Laxárvirkjun er Laxárdalur, og Laxá í Laxárdal hefur alla daga verið laxlaus, vegna þess að lax hefur ekki gengið upp yfir fossana. Þetta mál var að komast á nokkra hreyfingu, þegar lagt var í framkvæmdir við Laxárvirkjun fyrir meira en 20 árum, en um leið og þar voru gerð mannvirki, breyttist aðstaða til þessara hluta og þótti öllu örðugri viðfangs eftir en áður. Síðan hefur enn verið bætt við mannvirki þarna í Laxá, og að líkindum verður það gert enn aftur nú á næstunni.

Ég held, að það þurfi ekki að skýra það, að Laxá í Aðaldal er talin ein allra bezta laxá á landinu og þar er laxstofn talinn ákaflega góður, því að laxinn þar er vænn. Áin fyrir innan þessa fossa mun sízt verri til uppeldis fyrir lax en áin þar fyrir norðan. Ég tel, að þetta sé út af fyrir sig ekki stórt mál, hvort lax kemst inn fyrir þessa fossa, nema fyrir allstóran hóp af bændum, sem búa í Laxárdal, og einnig þá, sem búa neðan við fossana. Í Laxárdal eru um 10 bændur. En þetta er angi af mjög stóru máli, sem er aukin fiskrækt í ám og vötnum hér á landi. Og eins og sakir standa, er ekki hægt fyrir einstaklinga að hefjast þarna handa, eins og var, áður en Laxárvirkjun var gerð. Þarf hið opinbera að koma eitthvað til skjalanna og einnig samtök við Laxárvirkjun.

En það er ekki fram á mikið farið í þessari till., aðeins það, að á þessu verði gerð athugun sérfræðinga, og einnig, að heimilt sé ríkissjóði að taka einhvern þátt í kostnaði í samlögum við bændur, ef af framkvæmdum verður og ráðlegt þykir að athugun lokinni. Ég hef rætt þetta við nokkra sérfróða menn í þessum greinum, og þeir telja, að þarna muni að öllum líkindum og raunar tvímælalaust vera möguleikar á að koma fiski upp fyrir fossana. En á þessu stigi vil ég ekki segja, hvaða leiðir muni vera heppilegastar til þess, og þess vegna þarf að athuga málið.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en ég óska þess, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, vildi hraða afgreiðslu þess eins og hún getur, því að mér er það nokkurt áhugamál, að till. geti fengið afgreiðslu á þessu þingi. Ég tel einboðið, að leitað verði álits sérfræðinga í þessu efni, sem þá yrði helzt veiðimálastjóri, Þór Guðjónsson.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 157, n. 690).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. N. hefur rætt þessa till. og fékk um hana umsögn veiðimálastjóra, sem telur, að gerð fiskvegar um Brúafossa í Laxá muni vera mjög mikil framkvæmd, kosta milljónir kr., en bendir í leiðinni á, að það sé hugsanlegt, að leysa megi þetta vandamál á annan og ódýrari hátt, en telur, að áður en fullyrt verði um það, hver lausn verði heppilegust á þessu, sé nauðsynlegt, að slík rannsókn fari fram sem farið er fram á í þessari þáltill., og n. mælir með því, að það verði gert.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 726).

18. Námskeið í vinnuhagræðingu.

Á deildafundum 7. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um námskeið í vinnuhagræðingu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga [135. mál] (A. 240).

Á 29. fundi í Sþ., 13. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 240 ásamt tveimur hv. þm. Alþfl., þeim Benedikt Gröndal og Jóni Þorsteinssyni, að leggja fram till. til þál. um námskeið í vinnuhagræðingu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga. Efni till. er, að Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands að halda kynningarnámskeið í vinnuhagræðingu og grundvallarreglum ákvæðisvinnu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga. Ber að halda slík námskeið í samráði við samtök launþega, eftir því sem nauðsynlegt reynist.

Kerfisbundin hagræðing í atvinnurekstri, rasjónalisering, á sér ekki langa sögu. Hinar tæknilega þróuðu þjóðir hafa þó gert sér far um að hagnýta sér þessa nýju verkmenningu síðustu áratugina, og er talið, að hún hafi átt meiri þátt í efnahagsvexti þessara þjóða en flest annað. Orðið rasjónalisering hefur hér á landi verið þýtt: vinnuhagræðing. Ég tel þetta á ýmsan hátt óheppilega þýðingu, því að merking orðsins er miklu víðtækari. Með orðinu er átt við sérhverja kerfisbundna ráðstöfun, sem miðar að því að auka framleiðnina. Til þess að ná þessu marki hefur smátt og smátt myndazt sérstök fræðigrein, sem tekið hefur í þjónustu sína nýja tækni rannsóknaraðferða og mælinga. Í þessu, sem hér verður sagt, mun ég nota orðið hagræðing um rasjónaliseringu almennt, þ. e. a. s. um sérhverja ráðstöfun til betri nýtingar á framleiðsluþáttunum almennt, en nota orðið vinnuhagræðing aðeins um þann hátt hagræðingar, sem fjallar um betri nýtingu vinnuaflsins, svo sem betri og nýjar vinnuaðferðir, betra skipulag á sjálfum framleiðslustörfunum, er miðar að auknum afköstum með minni fyrirhöfn fyrir verkamanninn. Aðrir þættir hagræðingar eru meira á fjármagns- og verzlunarsviðinu, svo sem skynsamleg fjárfesting, skynsamleg innkaup og birgðahald, endurbætur á skipulagi fyrirtækja, sölufyrirkomulagi, nýtingu efnis, orku o. s. frv.

Ég vil taka þetta skýrt fram, því að reynsla er fengin fyrir því, að almenningi hættir til að ætla, einkum meðan eðli hagræðingarstarfseminnar er lítt þekkt, að tilgangur hennar sé fyrst og fremst að auka vinnuhraðann, en því fer fjarri. Tilgangur hagræðingar í atvinnurekstri er betri nýting framleiðsluþáttanna almennt, en markmið þess þáttar hagræðingar, sem ég hér hef nefnt vinnuhagræðingu, er fyrst og fremst að finna beztu vinnuaðferðina, spara óþarfa flutninga, óþarfar hreyfingar, erfiðustu átökin og hvers konar tímatafir vegna skipulagsleysis. Markmiðið er m. ö. o. að létta störfin og auka afköstin. Að vísu má segja, að launakerfin séu þessu náskyld og jafnvel einn þátturinn. Tekin hafa verið upp ýmis launakerfi, sem miða greiðslur meira við þá vinnu, sem einstaklingurinn afkastar, en þann tíma, sem hann er á vinnustaðnum. Svo er t. d. um beina ákvæðisvinnu, en þá á líka verkamaðurinn að fá fulla greiðslu fyrir það, sem hann afkastar umfram það normala. Í þessu sambandi kemur að sjálfsögðu til álita, hvað einstaklingurinn vill á sig leggja til að auka lífskjör sín eða stytta vinnutímann. Hér vaknar strax sú spurning, hvernig stendur á því, að það getur borgað sig fyrir atvinnurekandann að greiða fulla greiðslu fyrir vinnuafköst umfram það normala, jafnvel þó að ákvæðisvinnan hafi í sjálfu sér í för með sér aukið umstang fyrir hann og aukakostnað, svo sem greiðslu til vinnurannsóknarmanna, sem ákveða meðalafköstin, eftirlit með vinnuafköstum og vinnugæðum, sem jafnan fylgir ákvæðisvinnu, og eins vegna þeirrar venju, að sá hluti starfsfólksins, sem ekki nær normal-afköstum fær að jafnaði eftir sem áður greitt fullt tímakaup. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að vinnan er aðeins einn þáttur framleiðslukostnaðarins. Ef verkamaðurinn eykur t. d. vinnuafköstin um 20%, þá mundi hin aukna framleiðsla ekki aðeins geta borgað vinnuþættinum, þ. e. a. s. verkamanninum, 20% hærra kaup, heldur mundi

hún einnig gefa atvinnurekandanum 20% hækkun á nýtingu fjárfestingarkostnaðarins. T. d. mundi vélin, sem verkamaðurinn vinnur við, skila 20% meiri nýtingu, og ýmiss konar fastur kostnaður yrði hlutfallslega minni hluti af heildarútgjöldum fyrirtækisins.

Ég vona, að það hafi komið skýrt fram, að vinnuhagræðing er aðeins einn þáttur hagræðingarinnar. Í þeim atvinnugreinum, þar sem vinnan er stærsti kostnaðarliðurinn, er hún mikilvægasti þátturinn, en í öðrum atvinnugreinum kunna að vera aðrir kostnaðarliðir, sem vænlegra er að spreyta sig á, aðrir þættir hagræðingar. En það er vissulega hægt að framkvæma róttækar hagræðingarráðstafanir án þess að taka upp ákvæðisvinnu eða auka vinnuhraðann.

Sá þáttur hagræðingar, sem kallaður er vinnuhagræðing, er í sjálfu sér alveg óháður ákvæðisvinnu, þó að nota megi mælitækni vinnuhagræðingarinnar m. a. til þess að tímamæla og ákveða réttlátan grundvöll ákvæðisvinnu. Markmið vinnuhagræðingar er fyrst og fremst að finna beztu vinnuaðferðina, spara óþarfa flutninga, óþarfar hreyfingar, erfiðustu átökin og hreyfingarnar, og koma í veg fyrir hvers konar skipulagsleysi og tímatafir, sem ekki er annað en sóun á verðmætum og kemur ekki aðeins starfsfólki og atvinnurekanda í koll, heldur bitnar það á sinn hátt á þjóðfélaginu öllu.

Vinnurannsóknir, eins og þær eru framkvæmdar í dag, eru árangurinn af þróun, sem hófst vestur í Ameríku um síðustu aldamót. Þar var lagður grundvöllurinn að þeirri mælitækni, sem enn í dag er notuð við vinnurannsóknir, þó að ýmsar framfarir á þessu sviði hafi að sjálfsögðu átt sér stað síðan. Og þar var jafnframt lagður grundvöllurinn að kerfisbundnum rannsóknum á vinnuhreyfingum, þ. e. a. s. athugun á því, hvaða líkamlegar hreyfingar væru fljótvirkastar og kostuðu minnsta áreynslu fyrir starfsmanninn. Frá þessum tíma í byrjun aldarinnar er sögufræg vinnurannsókn, sem framkvæmd var í múrverkinu, nánar tiltekið á vinnuaðferðum varðandi múrsteinshleðslu. Múrsteinshleðslan var gamalt handverk, og eins og oft vill verða í gamalgrónu handverki, lærði hver af öðrum á unga aldri, og vinnubrögðin héldust að mestu eða öllu óbreytt í áratugi og mönnum þótti ekki líklegt, að það væri hægt að koma við neinni nýbreytni til bóta á þessu sviði. Rannsóknir voru á kerfisbundinn hátt öll þau atriði, sem menn gátu látið sér til hugar koma að hefðu áhrif á vinnuafköst eða þreytu múrarans. Á þann hátt fannst sú vinnustelling og þær vinnuaðstæður, sem bezt hæfðu. Ákveðinn var skynsamlegasti hæðamismunurinn milli hleðslusteinsins, sem hlaðið var úr, steinlímsins og veggsins, sem verið var að hlaða. Skipulagt var vinnupallafyrirkomulag, sem gerði það kleift að halda hinni hagkvæmustu vinnuaðstöðu, þó að veggurinn hækkaði. Á þann hátt losnaði múrarinn við það að eyða kröftum sínum í að beygja sinn 70—80 kg kroppsþunga niður að tánum á sér til þess að taka upp 1—2 kg stein og ef til vill koma honum fyrir í seilingarhæð. Augljóst var, að hér hafði vinnuafli verið sóað, vinnuafli eytt til einskis og starfið kostað meiri líkamlega áreynslu en þörf var á. Með þeim breytingum, sem komið var á, fækkaði vinnuhreyfingum múrarans úr 18 niður í 5. Vinnuafköstin jukust að meðaltali úr 120 í 350 steina á klst., án þess að múrarinn þyrfti að leggja meira að sér en áður, og var jafnvel ópreyttari eftir en áður. Þó að hér væri um einhvern kostnaðarauka að ræða við útbúnað, var verðmæti framleiðslunnar miklum mun meira en þeim kostnaði nam. Hér var um stórfellda framleiðsluaukningu að ræða, sem leitt hefði getað til lægri húsaleigu og hærri launa hjá múrurunum.

Í Evrópu verða Þjóðverjar fyrstir til að tileinka sér þessi nýju vinnuvísindi, þessa nýju hagræðingartækni. Fastri stofnun var komið á þar í landi á árinu 1924 til þess að vinna að rannsóknum á þessu sviði, halda námskeið í vinnurannsóknum og gefa út bækur og fræðslurit.

Á Norðurlöndum var ekkert gert að ráði á þessu sviði fyrr en eftir 1930, þó að einstöku fyrirtæki og einstöku menn hafi að sjálfsögðu verið farnir að gefa málinu gaum nokkru áður. Svíar urðu fyrstir á ferðinni, en á hæla þeim komu Norðmenn og aðrar Norðurlandaþjóðir.

Markmiði nýtízku vinnurannsókna má í grófum dráttum skipta í þrennt:

1) Að endurbæta skipulag vinnurásarinnar og vinnuskilyrði.

2) Að endurbæta sjálfar vinnuaðferðir einstaklingsins.

3) Að ákveða þann tíma, sem eðlilegt er að fari í það að framkvæma ákveðið verk, og ákveða á þann hátt grundvöll réttlátrar launagreiðslu.

Skal ég nú með örfáum orðum víkja nokkru nánar að hverju um sig.

Til þess að komast að raun um, hverju helzt er ábótavant í skipulagi vinnurásarinnar og virkri samvinnu einstakra aðila eða vinnuheilda, eru framkvæmdar svokallaðar tímatapsrannsóknir. Tímatapsrannsóknir eru framkvæmdar á þann hátt, að vinnurannsóknamaðurinn fylgist með einum eða fleiri starfsmönnum og skrásetur allan daginn, jafnvel dag eftir dag, hvert einasta atriði, sem fyrir kemur, og mælir tímann, sem eyðist í hvert atriði um sig, skrásetur, hve mikið af tímanum fer í virka framleiðslu, hve mikið fer í að bíða eftir efni, hve mikið fer í bilanir og hvers konar tafir, sem fyrir geta komið. Með því að skrásetja allt og tímamæla fer ekkert á milli mála um það, hvernig vinnudagurinn eyðist. Í ljós koma öll þau skipulagsatriði, allir þeir skipulagsgallar, gallar á vélum, verkfærum og efni, sem tefja framleiðslustörfin og afköst hins einstaka starfsmanns. Tímatapsrannsóknin leiðir í ljós

staðreyndina um það, hvernig skipulag vinnunnar er. Þegar skipulagsgallarnir liggja ljóst fyrir, er að sjálfsögðu næsta verkefnið að ráða bót á þeim. Ef endurbæta á vinnuaðferðir einstaklinganna, eru notaðar vinnuaðferðarrannsóknir. Er þá rannsökuð tegund og röð vinnuhreyfinga, sem framkvæmdar eru, og reynt að skipuleggja þær vinnuhreyfingar, sem hagkvæmastar eru, til orku- og tímasparnaðar. Í þessu sambandi þarf einnig að athuga hin tæknilegu hjálparmeðul, vélar og verkfæri. Er stjórntækjum vélarinnar hagkvæmlega fyrir komið? Eru notuð réttu verkfærin? Er sjálfur vinnuútbúnaðurinn og vinnuaðstaðan eins og bezt verður á kosið? Slíkar rannsóknir leiða að jafnaði til þess, að hægt er að auka vinnuafköstin án þess að auka vinnuhraðann eða erfiðið, og er raunar að því stefnt að draga úr erfiðinu, minnka erfiðið, en auka afköstin, eftir því sem unnt reynist.

Ef taka á upp nýja vinnuaðferð, ber að meta hana út frá þremur sjónarmiðum: Í fyrsta lagi vinnuheilsufræðilegu sjónarmiði, í öðru lagi tæknilegu sjónarmiði og í þriðja lagi fjárhagslegu sjónarmiði. Hið vinnuheilsufræðilega sjónarmið gerir kröfu til þess, að aðferðin hafi ekki óheppileg áhrif á starfsmanninn, svo sem óheppileg gerð véla og verkfæra, sem veldur ónauðsynlega mikilli orkueyðslu eða einhliða áreynslu. Hér koma einnig til greina önnur heilsufræðileg atriði, svo sem loftræsting, lýsing, ónauðsynlegur hávaði, hristingur o. fl. Hið heilsufræðilega sjónarmið er með öðrum orðum, að aðferðin hafi ekki í för með sér óheppilegar afleiðingar fyrir heilsu starfsmannsins eða líðan og að tekið sé tillit til þess, að starfsmaðurinn fái nauðsynlegt tóm til afslöppunar og hvíldar.

Tæknilega sjónarmiðið snýr að sjálfum framleiðslutækjunum og gæðum framleiðslunnar. Framleiðslan má ekki hafa verri eiginleika en áskilið er, og óþarfi er að eyða tíma og fyrirhöfn og kostnaði í það að gera hana betri og nákvæmari en þörf er á í hverju tilfelli. Fjárhagslega sjónarmiðið metur svo og vegur annars vegar tilkostnað við breytingarnar og hins vegar ávinninginn af þeim. Við slíkar rannsóknir á vinnuaðferðum ber að sjálfsögðu að hafa í huga að reyna að hagnýta það, sem fyrir hendi er, svo sem vélar, verkfæri, gólfflöt, húsrými og annað, sem lítinn eða engan kostnað hefur í för með sér að hagnýta. En að sjálfsögðu kemur einnig til greina að gera róttækari breytingar, svo sem að kaupa vélar eða kaupa nýjar og fullkomnari vélar, en ekki á að ráðast í slíkt nema að undangengnum útreikningum um það, hvað er fjárhagslega hagkvæmt og skynsamlegt.

Þegar tekin hefur verið upp ný vinnuaðferð, þarf að sjálfsögðu að gera allnákvæma verklýsingu, þannig að hægt sé að kenna starfsfólkinu þessa nýju aðferð og þjálfa hana, þannig að þeim árangri verði náð, sem til er ætlazt. Þetta er líka nauðsynlegt, ef vinna á verk í ákvæðisvinnu, því að ákvæðisvinnumatið verður auðvitað að byggjast á alveg ákveðinni aðferð og þeim vinnuaðstæðum, sem fyrir hendi eru.

Þriðja markmiðið með vinnurannsóknum er svo að ákveða þann tíma, sem eðlilegt má telja að nauðsynlegur sé til þess að framkvæma ákveðið verk. Hér er um að ræða að ákveða hlutlægan og réttlátan grundvöll undir ákvæðisvinnu. Um nauðsyn þess að nota tímamælingar við að ákveða réttlátan grundvöll, skal ég aðeins nefna eitt dæmi, enda eru „slumpakkorð" fordæmd af kunnáttumönnum á þessu sviði.

40 fagmenn fengu sem verkefni að reikna út eða áætla, hve langan tíma þyrfti til að framkvæma ákveðið trésmíðaverk. Sá lægsti áætlaði, að verkið væri 22 mínútna verk, en sá hæsti, að það tæki 100 mínútur. Af þessum 40 fagmönnum voru það ekki nema 8, sem áætluðu tímann það nákvæmlega, að frávikið væri ekki meira en 10% frá því, sem tímamælt var, þ. e. a. s. 10% hærra eða 10% lægra en ákveðið var með tímamælingum. 32 af 40 áætlunum voru taldar algerlega óhæfar sem grundvöllur fyrir ákvæðisvinnumat. 22,5% áætluðu tímann of lágt, en 57,5% of hátt. Það kom einnig í ljós, að menn höfðu mjög ónákvæmar hugmyndir um það, hvað tæki langan tíma að vinna verk í vélum, sem þeir þekktu vel, enda þótt vinnuhraði verkamannsins hefði í því sambandi engin áhrif, heldur aðeins ganghraði vélarinnar. Dæmið sýnir á sannfærandi hátt, hve nauðsynlegt það er að tímamæla ákvæðisvinnu. Ákvæðisvinnu er ætlað að örva framleiðnina, a. m. k. að örva til þess, að starfsfólkið noti starfstímann eftir því, sem búast má við miðað við erfiði verksins, en í ákvæðisvinnumatinu á að taka tillit til þess tíma, sem fólki er nauðsynlegur til persónulegra þarfa og hvíldar, ef verkið er erfitt, og er það samningsatriði.

Sérfræðingar vara við því, að tekin sé upp ákvæðisvinna, áður en vinnurannsóknir hafa farið fram og vinnuaðferðir endurbættar, og þeir vara við „slumpakkorðum". Þeir leggja áherzlu á, að ákvæðisvinnumatið eigi að vera rétt og sanngjarnt. Of lág akkorð örva ekki til framleiðni og þeir segja, að of há akkorð geri það ekki heldur, því að þá myndist ótti við það að þau verði lækkuð, og samtök myndast um það á vinnustaðnum að sýna ekki of góðan árangur, auk þess sem of há og þó einkum misjöfn akkorð valda óánægju og árekstrum.

Af því, sem hér hefur verið rakið, má sjá, hve stórkostlega þýðingu vinnurannsóknir geta haft fyrir atvinnulífið. Þær leiða til þess, að ástandið á vinnustaðnum er athugað nánar. Í ljós koma ýmsir gallar á skipulagningu og vinnuskilyrðum, sem menn með öðrum hætti veita ekki athygli, af því að þeir venjast ástandinu eins og það er og hefur verið og gera sér naumast ljóst, að í neinu sé ábótavant. Það er ekki aðeins, að menn

með þessum hætti finni, hvað er að, heldur verða einnig orsakirnar að því, sem aflaga fer, ljósar, og möguleikar skapast til þess að ráða bót á vandanum. Á þennan hátt er hægt að bæta vinnuskilyrðin fyrir starfsfólkið með það fyrir augum annars vegar að bæta heilsufar þess og skapa því meira öryggi og hins vegar með tilliti til þess að nýta vinnuaflið til hagnýtrar framleiðslu á sem skynsamlegastan hátt, án þess að sóa starfskröftum vegna skipulagsleysis og óþarflega erfiðra vinnubragða. Auk þess eru, eins og að hefur verið vikið, vinnurannsóknir nauðsynlegar til þess að ákveða réttláta ákvæðisvinnu.

Þá er ekki síður mikilvægt við vinnurannsóknir, að á grundvelli þeirra er hægt að gera skynsamlegar og rökstuddar áætlanir um það, hvaða fjárfestingar sé æskilegt að ráðast í. Hér á landi virðast menn yfirleitt ganga út frá því sem gefnu, að það borgi sig alltaf að kaupa nýjustu og dýrustu vélar, sem tök eru á, og halda, að það eitt horfi til framfara. Það er að vísu rétt, að oftast eða a. m. k. oft heppnast þetta og gefst vel, en það er engan veginn víst, að saman fari aukin afköst og aukin framleiðni.

Því er haldið fram, að lífskjör almennings hér á landi séu betri en víðast hvar annars staðar. Þessi góðu lífskjör byggjast þó fyrst og fremst á mikilli atvinnu og óhóflega löngum vinnutíma, sem varla verður unað við til lengdar. Vafasamt má telja, að unnt reynist að ráða bót á þessu á skömmum tíma, nema launþegasamtökin taki upp nýja þætti í kjarabaráttu sinni, er miði að aukinni framleiðni og tryggi raunhæfar kjarabætur og styttan vinnutíma. Varla er að efa það, að launþegasamtökum frændþjóða vorra á Norðurlöndum hefur orðið meira ágengt í kjarabaráttunni en íslenzkum launþegasamtökum, a. m. k. undanfarin 15 ár, enda þótt kauphækkanir hafi orðið hér margfalt meiri en þar. Launþegasamtök þessara landa hafa á ýmsan hátt lagt inn á nýjar leiðir. Má þar t. d. nefna hagstofnanir launþegasamtakanna, sem hafa sérfræðinga í þjónustu sinni, er fylgjast með þróun efnahagsmála og halda uppi víðtækri fræðslustarfsemi fyrir meðlimi samtakanna og gæta hagsmuna þeirra. Það er vandasamt fyrir hinn almenna launþega og jafnvel fyrir forustumenn verkalýðsfélaga að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvenær líklegt er, að kauphækkunarleiðin leiði til kjarabóta. Atvinnurekendur kvarta alltaf, þegar á kauphækkanir er minnzt, og óábyrg stjórnarandstaða gerir að jafnaði lítið til þess að leiðbeina fólki, nema síður sé. Það er því alger nauðsyn, að launþegasamtökin haldi uppi eigin hagstofnun, er sé þess umkomin að vega og meta aðstæður hverju sinni og líkur fyrir því, að kauphækkanir leiði til kjarabóta. Ég vildi segja, að þetta væri fyrsta einkennið á þroskaðri, ábyrgri og jákvæðri verkalýðshreyfingu.

En fyrst það virðist vera svo nauðsynlegt, að launþegar ákveði kröfur sínar með hliðsjón af framleiðsluaukningunni eða þó öllu heldur framleiðniaukningunni, þá vaknar sú spurning, hvort verkalýðssamtökin geti ekki beitt kröftum sínum og samtakamætti alveg sérstaklega til þess, að ráðstafanir séu gerðar, er miði að því að auka framleiðnina, svo að meira komi til skiptanna. Í þessu sambandi má á það benda, að frændþjóðir okkar eru á þessu sviði einnig til fyrirmyndar. Auk þeirra hagstofnana, sem launþegasamtök þessara þjóða hafa komið á hjá sér, hafa þau einnig komið á fót sérstökum tæknistofnunum samtakanna, og er það ekki síður athyglisvert. Þessar tæknistofnanir hafa á að skipa sérfræðingum í hagræðingartækni, er aðstoða samtökin og gæta hagsmuna þeirra í samningum við atvinnurekendur um það, hvernig vinnuhagræðing, vinnurannsóknir og ákvæðisvinna verði bezt nýtt til aukinnar framleiðni og bættra lífskjara. Auk þess eru hundruð trúnaðarmanna verkafólks á vinnustað þjálfaðir á sérstökum námskeiðum til þess að gæta hagsmuna þess í sambandi við framkvæmd vinnuhagræðingar og útreikning tímamældrar ákvæðisvinnu.

Í Noregi eru þessir trúnaðarmenn sumpart þjálfaðir af samtökunum sjálfum, en þó aðallega í sérstakri ríkisstofnun, Statens teknologisk institut. Norsku verkalýðssamtökin gerðu árið 1945 samning við atvinnurekendur um samstarfsnefndir eða framleiðslunefndir við stærri fyrirtæki, og er þeim ætlað það hlutverk að gera till. um aðgerðir, er miða að aukinni framleiðni til hagsbóta fyrir atvinnureksturinn og þá, sem við hann starfa. Á árinu 1947 gerðu þessir aðilar með sér samning um það, hvernig hagnýta bæri hagræðingartækni til aukinnar framleiðni, og er ýtarlega gengið frá réttindum og skyldum beggja aðila í sambandi við framkvæmd vinnurannsókna og fyrirkomulag ákvæðisvinnu. Má telja báða þessa samninga merk spor í átt til atvinnulýðræðis, og telja norsk verkalýðssamtök, að þeir samningar hafi átt mikinn þátt í aukinni framleiðni og bættum lífskjörum norsku þjóðarinnar undanfarin ár. Enn má nefna, að þessir sömu aðilar gerðu samning um það 1958 að stytta vinnutímann í norska iðnaðinum úr 48 í 45 klst., en standa jafnframt að sameiginlegu átaki til aukinnar framleiðni, svo að unnt yrði að gera þetta án lækkunar á dagkaupi, og reyndar hækkaði það nokkuð á árinu. Eftir á lýstu báðir aðilar, verkalýðssamtökin og atvinnurekendur, því yfir, að þessi ráðagerð hefði tekizt.

Um árangurinn af vinnuhagræðingu erlendis mætti nefna mörg dæmi, sem of langt yrði upp að telja. Ég vil aðeins geta þess almennt, að sérfræðingar í þessum efnum segja, að alls staðar megi með þessari nýju rannsóknartækni bæta vinnubrögð og skipulag og auka framleiðsluna. Telja þeir, að yfirleitt megi reikna með 20—30% aukningu, ef gagnger athugun er framkvæmd og hagræðing hafi ekki áður verið framkvæmd eða beitt í fyrirtækinu, og að reikna megi með meiri fram-

leiðsluaukningu, ef skipulagi og vinnubrögðum sé verulega ábótavant.

Hér á landi er þessi starfsemi á algeru byrjunarstigi. Mér er þó kunnugt um, að nokkuð hefur verið unnið að þessu hjá Rafmagnsveitum ríkisins, og talið er, að vinnustundafjöldi við línulagningu hafi lækkað um 25—28%. Í nokkrum hraðfrystihúsum hefur dálítið verið að þessu unnið og komið á tímamældri ákvæðisvinnu við borðavinnu og handflökun. Við flökun er lögð miklu meiri áherzla á nýtingu hráefnisins en afköstin eða vinnuhraðann og notað bónuskerfi eða uppbótakerfi, en ekki bein ákvæðisvinna. Hefur þetta verið gert sums staðar á Vestfjörðum með góðum árangri og reyndar víðar. Vegna þess, hve fiskflökin eru miklu verðmætari en hráefni til mjölvinnslu, er greidd 10% kauphækkun fyrir hvert 1% nýtingar umfram málsnýtingu, en ekki nema 10% kauphækkun fyrir 20% afkastaaukningu umfram staðalafköst. Hér er fyrst og fremst verið að verðlauna efnisnýtingu, en ekki vinnuhraða, þar sem 1% aukning á nýtingu efnis jafngildir 20% afkastaaukningu hvað kauphækkun snertir. Í iðnfyrirtæki einu hér í Reykjavík er mér kunnugt um, að tekið hefur verið upp bónuskerfi við framleiðslustörf. Í fyrirtækinu var áður unnið 9 klst. á dag. Nú er vinnutíminn styttur ofan í 8 klst., en starfsmennirnir fá svipuð vinnulaun og þeir hefðu annars fengið fyrir 10 klst.

Því er ekki að leyna, að hagræðingarstarfsemi er ýmsum vandkvæðum bundin, einkum í fyrstu, og kemur þar margt til. Að sjálfsögðu er hagkvæmara að beita henni í stórum fyrirtækjum, því að um nokkurn rannsóknarkostnað er að ræða. Hér á landi er skortur á sérfræðingum á þessu sviði, og má því búast við, að nokkur dráttur verði á því, að þessi vinnuvísindi verði nýtt sem skyldi. Það er í sjálfu sér athugunarefni, hvort ekki væri ástæða til þess að gera opinberar ráðstafanir til þess að hraða þróun þessara mála, því nauðsynlegt er, að bæði atvinnurekendur og verkalýðsfélögin geti notið aðstoðar sérfræðinga í þessu efni. Gagnvart starfsfólki má í fyrstu búast við ýmsum erfiðleikum og jafnvel andstöðu. Er hér að nokkru um að ræða óttann við hið óþekkta, og að nokkru er þetta tilfinningalegs eðlis. Einkum eldra fólk er lítið hrifið af því að breyta vinnuaðferðum sínum og vinnuvenjum, og búast má við staðbundnum ágreiningsefnum, einkum út af ákvæðisvinnu. Af þessum ástæðum öllum ráðleggja sérfræðingar eindregið, að ekki sé byrjað á vinnuhagræðingu í fyrirtækjum nema að undangenginni fræðslu og kynningarstarfsemi og í fullu samráði við trúnaðarmenn verkafólksins. Enda er fengin örugg reynsla fyrir því, að hagræðingin ber ekki tilætlaðan árangur, nema því aðeins að starfsfólkið fallist á hana og leggi henni lið. Það er því nauðsynlegt, að verkafólkið njóti frá upphafi aðstoðar sérstakra trúnaðarmanna á vinnustað, sem eru sérstaklega þjálfaðir á þessu sviði og eru þess umkomnir að gæta hagsmuna verkafólksins og stuðla að því, að þessi nýja verktækni verði nýtt til aukinnar framleiðni og bættra lífskjara. Er þessari þáltill. ætlað að stuðla að því.

Ég legg svo til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Frsm. þeirrar till., sem hér var til umr., gerði ýtarlega og glögga grein fyrir henni og bar fram margvíslegan fróðleik um nauðsyn og gildi vinnuhagræðingar fyrir atvinnulífið. Ég er honum í einu og öllu sammála að því er þetta mál snertir og skal ekki eyða tíma þingsins í að bæta neinu við það.

En í tilefni af því, að það hefur stundum komið hér fram í umr. ekki alls fyrir löngu hnútukast í garð íslenzkra verkalýðssamtaka yfir því, að á forustumönnum verkalýðssamtakanna stæði í sambandi við þessi mál, og væru því samtökin dragbítur á eðlilega þróun í þessum efnum, og með því að ég tel, að verkalýðshreyfingin íslenzka sé algerlega höfð fyrir rangri sök í þessum efnum, þá vil ég blanda mér nokkuð í þessar umr. Ég tek það að vísu fram, að frsm. till. hafði ekkert slíkt hnútukast frammi í garð verkalýðshreyfingarinnar, vitnaði aðeins í það, að erlend verkalýðssamtök væru komin allnokkuð áleiðis í þessum efnum og jafnvel lengra en við. Það skal fúslega játað, enda er þar um að ræða þjóðfélög, sem eru komin lengra áleiðis í tækniþróun en íslenzka þjóðfélagið, og samstarf hefur þegar hafizt, t. d. í okkar næstu nágrannalöndum, milli vinnuveitendasamtaka og verkalýðssamtaka á þessu sviði, en það er nauðsynleg forsenda þess, að nokkuð þokizt verulega í áttina.

Ég vil, til þess að skýra afstöðu íslenzkra verkalýðssamtaka til þessara stórmála, rekja í fyrsta lagi, hvernig afstaða mín sem forseta Alþýðusambandsins hefur komið fram gagnvart þessum málum, í annan stað, hvernig miðstjórn Alþýðusambandsins hefur árið 1962 markað sína afstöðu til þessara mála, í þriðja lagi, að við höfum rætt við forsrh. á árinu 1961 og einnig á árinu 1962 um samvinnu ríkisvalds við verkalýðshreyfinguna um það að greiða fyrir sérmenntun manna úr röðum verkalýðshreyfingarinnar, til þess að við gætum orðið hlutgengir aðilar á móti vinnuveitendasamtökum og atvinnurekendum til að þoka þessum málum áfram. Og að síðustu vil ég upplýsa um niðurstöðu síðasta Alþýðusambandsþings, sem kom skýrt fram í tveimur ályktunum, sem þingið gerði varðandi þessi mál. Og þetta er alls ekki svar við neinum ásökunum frá hendi frsm. nú, heldur ásökunum, sem hér voru bornar fram ekki alls fyrir löngu í sambandi við annað mál, sem ég taldi óréttmætar ásakanir í garð verkalýðshreyfingarinnar.

Það hefur oft verið um það talað, að það væri kannske bót flestra meina í íslenzku atvinnulífi og til þess að draga úr kaup-

gjaldsþrætum að koma hér á ákvæðisvinnu, og þetta hefur hver tuggið upp eftir öðrum að lítt hugsuðu máli og talið, að þetta væri einhvers konar nýmæli í íslenzku atvinnulífi, að koma á ákvæðisvinnu, akkorðsvinnu. En það er svo fjarri því, að svo sé. Hitt er rétt, að við erum ekki komnir eins langt í því að taka upp það launagreiðslu- og vinnuform, ákvæðisvinnuna, eins og sumar nágrannaþjóðir okkar, eins og t. d. Norðmenn, en þetta er sem sé alkunnugt fyrirbæri í okkar atvinnulífi. Í fyrsta lagi er ekki hægt að segja annað en hlutaskiptafyrirkomulag, sem hér hefur viðgengizt frá alda öðli, sé eins konar ákvæðisvinnuform sjómannsins. Hann fær þar ekki greiðslu eftir vinnustundum eða miðað við ákveðinn vinnutíma, heldur eftir vinnuafköstum og vinnuárangri. Það má því segja, að allir hlutarsjómenn á Íslandi séu ákvæðisvinnumenn, vinni upp á akkorð, og það er ekki lítill þáttur í íslenzku atvinnulífi, sem þannig fellur undir eitt form af mörgum af ákvæðisvinnuformunum. Þá er það og kunnugt, að meðan saltfiskurinn var okkar aðalútflutningsvara, fór fiskþvottur langsamlega oftast fram samkv. akkorðssamningum í ákvæðisvinnu, og það voru einkanlega konur, sem þvoðu fisk í akkorði. Það var verulegur þáttur í fiskverkuninni á þeim tíma. Enn kunnugra er það, að meginþættir í störfum við síldarverkun fara fram hvarvetna á landinu í ákvæðisvinnu. Síldarsöltunin og fjöldamargir aðrir starfsþættir eru inntir af hendi í ákvæðisvinnuákvæðum stéttarfélagasamninga. Öll vinna við rækju og rækjuiðnað hér á landi, allt frá því að sú atvinnugrein hófst árið 1934 eða 1935, hefur farið að öllu leyti fram samkv. ákvæðisvinnusamningum. Þá eru flest stéttarfélög nú komin inn á það að hafa ákvæðisvinnuákvæði í sínum samningum um ræstingarstörf, en að nokkru leyti fara þau fram í tímavinnu, og er þá oft nokkuð frjálst val atvinnurekenda, hvort þeir óska, að þessi ræstingarstörf fari fram eftir tímavinnukaupinu eða ákvæðisvinnutöxtunum.

Allt þetta sem ég nú hef nefnt viðvíkjandi ákvæðisvinnu, er búið að fá á sig mismunandi langa reynslu. En hér er um að ræða vinnuframkvæmd samkv. samningum hinna almennu verkalýðsfélaga, og má af því sjá, að ákvæðisvinnuform er þar ekkert nýmæli og nær ekki yfir lítinn hluta af íslenzku atvinnulífi.

Þá skal ég enn fremur geta þess, að eftirtalin iðnfélög hafa í samningum sínum ákvæði um akkorð, um ákvæðisvinnu. Það er í fyrsta lagi Múrarafélag Reykjavíkur, í annan stað Málarafélag Reykjavíkur, í þriðja lagi Trésmíðafélag Reykjavíkur, í fjórða lagi félagið Skjaldborg, það er félag, sem nær yfir fataiðnaðinn, þar hefur verið langmest unnið eftir ákvæðisvinnusamningum. Sveinafélag húsgagnabólstrara vinnur nú að langmestu leyti í ákvæðisvinnu. Iðja, félag verksmiðjufólks, hefur og ákvæðisvinnuframkvæmd að sumu leyti samkv. stéttarfélagssamningum og að öðru leyti eftir ákvörðun atvinnurekenda, sem er ekki gott form á ákvæðisvinnu. Og ýmis fleiri stéttarfélög hafa ákvæði í sínum stéttarfélagssamningum um að framkvæma vinnu í ákvæðisvinnu.

Á s. l. ári skrifaði Iðnaðarmálastofnunin A.S.Í. bréf og óskaði eftir afstöðuyfirlýsingu af hendi Alþýðusambandsins viðvíkjandi ákvæðisvinnu. Í því bréfi, sem Alþýðusambandið þá sendi Iðnaðarmálastofnuninni, sagði, að Alþýðusambandið væri þeirrar skoðunar, að ákvæðisvinna ætti í mörgum starfsgreinum fullan rétt á sér. En í bréfinu sagði enn fremur: „Þó viljum vér hafa allan fyrirvara á um svokölluð slumpakkorð, en þau hafa jafnvel í sumum tilfellum verið mjög óhagstæð fyrir launþega, svo að ekki sé meira sagt, enda bönnuð í nokkrum kjarasamningum.“ — Hér er um þá staðreynd að ræða, að svokölluð slumpakkorð, sem oft hafa verið ákvörðuð einhliða af atvinnurekendum, hafa í vissum kjarasamningum verið bönnuð, en það er einasta neikvæða afstaðan, sem alþýðusamtökin mér vitanlega hafa tekið gagnvart akkorðsvinnu. Síðan sagði: „Vér teljum, að ákvæðisvinnu mætti koma á við mun fleiri störf en nú.“

Af þessu held ég, að það sé ljóst, að A.S.Í. hefur ekki beitt sér á móti því, að farið væri inn á í ríkari mæli en hingað til að framkvæma verk í akkorði. Fallizt er á, að e. t. v. feli það fyrirkomulag í sér þann möguleika, að áhugi vaxi fyrir því að auka afköst, og það geti, þegar þetta á við vinnuformið og atvinnugreinina, í senn aukið þjóðartekjur og hlutdeild hins vinnandi fólks í arði vinnunnar. Ef akkorðsgreiðsla á kaupi og akkorðssamningar um vinnu í framkvæmd hefðu þann spora í sér, að bæði þjóðin og einstaklingurinn gætu af því hagnazt og þjóðarverðmæti aukizt við það, þá er þar um að ræða yfirburði yfir t. d. launagreiðslufyrirkomulag tímakaupsins, sem mjög hefur verið ráðandi í okkar launakerfi.

Þá vil ég geta þess til þess a. m. k. að sanna það, að þegar menn hafa hér verið að fullyrða í ræðum á Alþingi, að vissir forustumenn verkalýðssamtakanna hafi beitt sér á móti akkorðsvinnu og vinnurannsóknum og vinnuhagræðingu og þess konar, þá er a. m. k. ekki ég í hópi þeirra, því að á ráðstefnu um stjórnunarmál, sem haldin var að Bifröst í Borgarfirði dagana 31. ágúst til 2. sept. 1961, flutti ég erindi að beiðni formanns þeirra samtaka og ræddi m. a., enda var þess óskað, um vinnuhagræðingu og launagreiðsluform eins og tímavinnukaup og ákvæðisvinnu. Og þá sagði ég um þessi efni m. a., með leyfi hæstv. forseta, það, sem nú fer hér á eftir:

„Þegar þróun íslenzkra atvinnuvega er höfð í huga, þarf enginn að undrast það, að tæknilegur undirbúningur fyrirtækja hér á landi sé eða hafi oft verið ófullkominn, að verkstjórn hafi verið tiltiljunarkennd og óvísindaleg, né heldur, að verkkunnátta og þjálfun

verkamannsins í þjónustu vélvæddra atvinnuvega hafi oft verið ófullkomin og í molum. Á öllum þessum sviðum þurfum við sannarlega mikilla úrbóta við. Allt þetta hlýtur svo að vera hjá fyrstu kynslóð, sem elst upp við iðnvæðingu og véltækni á byrjunarstigi, enda hefur það verið svo. Við höfum í þessum efnum verið áþekkust barni, sem er að hætta að skríða og er að stíga fyrstu sporin. Auðvitað eru þau spor hæg og hikandi og engin festa fengin í öruggan gang. Hér á íslenzk þjóð því mikið nám fyrir höndum. Hér erum við langt á eftir mörgum öðrum þjóðum, og auk þess er þróunin svo ör, að það væru út af fyrir sig ærin verkefni að fylgjast með, hvað þá þegar við þurfum að ná þeim þjóðum, sem nú eru á undan okkur. Hér þarf því tvennt að gerast: að opna alla glugga fyrir tæknilegri þekkingu og velja þróttmikið og námfúst fólk til að tileinka sér leyndardóma tæknifræðinnar hjá sérhverri þeirri þjóð, sem fremst stendur á hverju sviði. Oss koma ekki á óvart þær upplýsingar byggðar á amerískum rannsóknum, að 85—90% af afkastaaukningu starfsmanns á klst. í Bandaríkjunum á tímabilinu frá 1871—1951 stafi af tæknilegum framförum. Þetta þekkjum við sjálfir, þegar við berum t. d. saman afkastaaukningu íslenzka fiskimannsins frá því um 1870 og þar til nú. Hvað er það annað en tæknifræðilegar framfarir og umbætur, sem valda því, að íslenzki fiskimaðurinn er nú, samkv. viðurkenndum alþjóðlegum skýrslum, hinn afkastamesti í heimi? Það skal fúslega viðurkennt af mér, að tæknifræðin sé vaxtarbroddurinn eða frumaflið, þegar um er að ræða þá möguleika til stóraukinnar þjóðarframleiðslu og með réttlátri tekjuskiptingu einnig til bættra lífskjara hins vinnandi manns.

Ekkert er sjálfsagðara en að forustumenn atvinnumála, sérstaklega í iðnaðinum, afli sér hins fullkomnasta tæknibúnaðar við rekstur sinn og beiti jafnframt fyllstu nútímaþekkingu við staðsetningu véla og hvað eina með það fyrir augum, að framleiðni þeirra verði sem mest. Því fer og fjarri, að verkalýðshreyfingin hafi nokkuð við það að athuga, þó að farið sé inn á nýjar brautir til hagfelldrar og vísindalegrar hagnýtingar vinnuaflsins, þó að því tilskildu, að þess sé ávallt gætt, að heilsa verkamannsins bíði ekki hnekki við og að hann fái ávallt sína réttmætu hlutdeild í auknum afrakstri vinnunnar. Bæði tæknileg hagræðing og hagræðing vinnuafls verða að vera sameiginlegt verkefni atvinnurekenda og verkafólks, ef góðs árangurs skal vænta. Og víst væri það alrangt af verkamönnum að beita sér gegn bættum vinnubrögðum. Þeir eiga einmitt að vera virkir þátttakendur í vísindalegri leit eftir sífellt betri og fullkomnari vinnubrögðum í hverju starfi með betri starfsárangur að takmarki.

Er þá komið að vinnurannsóknum og framkvæmd þeirra. Á því sviði hygg ég, að miklu varði, að þær séu framkvæmdar á þann veg, að verkamanninum sé vel ljóst, að í framleiðslustarfinu gegni hann ekki aðeins hlutverki dauðrar vélar, sem ætlunin sé að hagnýta betur, heldur sé markmið rannsóknanna aukin hagsæld og heill atvinnurekenda og verkamanna sem jafnréttháir aðilar, er hvort tveggja stefni að sama marki, fullkomnari þjónustu beggja við þjóðfélagið. Vakni andúð eða tortryggni hjá verkamönnum, eru slíkar rannsóknir lítt framkvæmanlegar og jafnvel verr af stað farið með þær en heima setið. Til þess að hjá slíku verði komizt, tel ég öfluga og víðtæka fræðslustarfsemi nauðsynlega, áður en hafizt sé handa um almennar vinnurannsóknir."

Það var nákvæmlega þetta, sem frsm. till. vék hér að áðan og sagði, að hann teldi einnig, að það væri höfuðforsenda, að fræðslustarfsemi færi fram og samráð væri haft við verkafólkið, sem á vinnustaðnum er og á að taka þátt í rannsóknunum, því að annars gæti einmitt farið miklu verr en ekki. Við erum hárnákvæmlega sammála um þetta, og lét ég þetta í ljós á sumrinu 1961 og hef ekki breytt skoðun um það síðan. Þá sagði ég enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum vil ég segja það, að verkalýðshreyfingin hefur að sjálfsögðu enga fordóma gagnvart launagreiðslukerfum, sem sums staðar hafa rutt sér til rúms meira en hér og ýmsir hafa trú á að geti glætt hvöt verkamannsins til að afkasta meira verki. Hér er einkum um að ræða launagreiðslukerfi fyrir ákvæðisvinnu eða föst laun fyrir ákveðna verkeiningu og vinnuverðlaun fyrir umframafköst. Slík launagreiðslukerfi hafa vafalaust ýmsa kosti og henta vel við ýmis störf, t. d. í fjöldaframleiðslu. En ekki dylst mér heldur, að einnig þessi launagreiðslukerfi hafa ýmsa annmarka og verður auk þess tæplega við komið við ýmis störf. Þannig mun tímagreiðslufyrirkomulagið, sem hér hefur verið algengast, að mínu áliti síður en svo verða lagt til hliðar."

Ég þarf víst ekki að gera nánari grein fyrir minni persónulegu afstöðu. Hún var látin þarna í ljós á sumrinu 1961 að viðstöddum fjölda atvinnurekenda, sem þá samkomu sátu. En þegar hnútukast er haft í frammi við forustu verkalýðshreyfingarinnar í heild, þá er a. m. k. hægt að afsanna það, að forusta Alþýðusambandsins á síðustu árum sé sönn að sök um það að vera með þrjózku eða stífni eða hafa ekki fullan vilja á að greiða fyrir vinnurannsóknum, heldur sé fús til að taka upp ný launagreiðslukerfi, ef því er að skipta, þó að því verði ekki neitað, að a. m. k. um alla verklega hagræðingu í atvinnufyrirtækjunum verði það að vera að frumkvæði atvinnurekandans, en ekki verkafólksins. Verkafólkið hefur engan rétt til þess að skipa vélum á annan hátt í verksal en atvinnurekandinn vill vera láta. Það er því frumskilyrðið, að framkvæmdin verði á herðum atvinnurekendanna, og ég hygg, að það verði

ekki sagt með neinum sanni, að þar sem atvinnurekandi hefur haft vilja til að framkvæma undirbúning að vinnurannsóknum og vinnuhagræðingu, hafi nokkurn tíma staðið á verkafólki eða samtökum þess.

Miðstjórn A.S.Í. taldi ástæðu til þess á s. l. ári að marka afstöðu sína til þessara mála og gerði það með ályktun, sem birt var á prenti nokkru síðar, og þar er örstuttur kafli, sem fjallar um þetta, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hann, það er afstaða til vinnurannsókna og hagræðingar í atvinnulífinu:

„Miðstjórnin lýsir sig fylgjandi því, að reyndar verði nýjar leiðir til hagfelldrar og vísindalegrar hagnýtingar vinnuafls og atvinnutækja, þó að því tilskildu, að á undan fari hlutlausar vinnurannsóknir, enda sé þess ávallt vandlega gætt, að heilsa verkamannsins bíði ekki hnekki við og verkamaðurinn hljóti ávallt sína réttmætu hlutdeild í auknum afrakstri vinnunnar. Miðstjórnin telur, að bæði tæknileg hagræðing í atvinnulífinu og hagræðing vinnuafls verði að vera sameiginlegt úrlausnarefni verkafólks og atvinnurekenda, til þess að af þeim megi vænta góðs árangurs.

Mestu máli skiptir að dómi miðstjórnar, að allar vinnurannsóknir séu framkvæmdar á þann veg, að verkamanninum sé vel ljóst, að í framleiðslustarfinu gegni hann ekki hlutverki dauðrar vélar, sem ætlunin sé að nýta betur, heldur sé markmið rannsóknanna aukin hagsæld og heill verkafólks og atvinnurekenda sem jafnréttháa aðila, er hvorir tveggja stefni að sama marki, nefnilega fullkomnari þjónustu beggja við þjóðfélagið."

Þetta er hin yfirlýsta stefna miðstjórnar A.S.Í. En þessi mál voru enn fremur tekin fyrir á síðasta Alþýðusambandsþingi, því að þetta eru mikilsverð mál að áliti íslenzkrar verkalýðshreyfingar og mikið verk þar að vinna, og þar var gerð ályktun um þessi mál. Þau atriði í ályktun um launamál, sem um þetta fjalla, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa nú. Þessi atriði í ályktuninni eru svo hljóðandi:

„Nú er svo komið, að verkalýðshreyfingin stendur enn í þeim sporum, að henni er óhjákvæmilegt að leggja til nýrrar atlögu fyrir hækkuðum launum og bættum kjörum, enda hefur nú þegar fjöldi verkalýðsfélaga og þar með öll stærstu verkalýðsfélög landsins sagt upp samningum í þeim tilgangi. Í þeirri kaupgjaldsbaráttu, sem nú er fram undan, telur þingið, að meginverkefnin séu þau, að laun samkv. samningum sambandsfélaganna verði samræmd og hækkuð og tryggilega frá því gengið, að sú hækkun, sem fram næst, verði varanleg og að raunverulegur vinnutími verði styttur án skerðingar heildartekna. Þingið telur, að á næstu tímum beri að beita öllum tiltækilegum ráðum til þess að tryggja árlegar, raunverulegar kjarabætur að leiðum réttlátari tekjuskiptingar og á grundvelli aukinnar þjóðarframleiðslu og vaxandi framleiðni. Því telur þingið rétt að fela væntanlegri miðstjórn sambandsins að leita fyrir sér við samtök atvinnurekenda um heildarsamninga um framkvæmd vinnurannsókna og vinnuhagræðingar, er hafi að markmiði aukna framleiðslu og auknar þjóðartekjur. Í slíkum samningum telur þingið nauðsynlegt, að tryggt verði, að verkalýðsfélögin ráði framkvæmdum þessara mála fyllilega til jafns við atvinnurekendur, og þess þannig stranglega gætt, að þær leiði ekki af sér aukið erfiði eða ofþjökun verkafólksins. Áður en slíkur samningur tekur gildi, skal miðstjórnin bera hann undir sambandsfélögin eftir þeim leiðum, sem hún telur henta."

Hér tók Alþýðusambandsþing afstöðu á sama hátt og miðstjórnin hafði áður gert og ég hafði talað persónulega fyrir löngu um þessi mál, svo að ég finn ekki neinn úr forustuliði íslenzkrar verkalýðshreyfingar, sem hægt sé að saka með rétti og sönnu um það að hafa vafizt eða þvælzt fyrir þessum málum eða orðið atvinnurekendum til tafa í því að bæta vinnubrögð í atvinnurekstrinum og auka með þeim hætti þjóðartekjur.

Önnur ályktun var einnig gerð á síðasta Alþýðusambandsþingi, og hefur Stjórnunarfélag Íslands tekið þá ályktun til birtingar í riti, sem Stjórnunarfélagið hefur nýlega gefið út: Sú ályktun er aðeins örfáar línur, en er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, — hún var gerð einróma á Alþýðusambandsþinginu í nóv. 1962:

„Þar sem greinilegt er, að fram undan er veruleg breyting á vinnutilhögun í þá átt, að upp verði tekin ákvæðisvinna byggð á vinnurannsóknum, leggur 28. þing A.S.Í. fyrir væntanlega miðstjórn að gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að nægilega stór hópur manna, sem verkalýðshreyfingin getur treyst, verði sérmenntaður á sviði vinnurannsókna."

Það var einmitt undir lok síns máls, sem frsm. till. lagði áherzlu á, að það bæri til þess mikla nauðsyn, að verkalýðshreyfingin eignaðist sérfróða menn í þessum efnum, til þess að vera gagnaðilar gagnvart atvinnurekendum um undirbúning og framkvæmd þessara mála. Þarna hefur verið gerð um þetta ályktun, og hún er að verulegu leyti byggð á því, að í undirbúningsviðræðum, sem nefnd frá Alþýðusambandinu átti við ríkisstj. Íslands á tveimur síðustu árum, var einmitt að þessu vikið, hvað ríkisstj. segði um það að taka þátt í kostnaði, sem af því mundi leiða fyrir verkalýðshreyfinguna að eignast sérmenntaða menn á þessu sviði. Það er af þessum undirtektum ríkisstj. að segja, að forsrh. Ólafur Thors sagði, að þetta væri mjög athyglisvert og ríkisstjórnin skyldi sannarlega hugleiða það, hvort hún tæki ekki að sér einmitt fjárhagslegu hliðina á þessu máli, því að það væri trú ríkisstj., að þannig væri hægt að vinna mikið með því að taka upp ný launagreiðslukerfi og koma af stað hagræðingu og vinnurannsóknum í atvinnulífinu. Eftir þessu

hefur svo verið leitað nokkrum sinnum, en enn þá ekki orðið mikið af efndum. En ég treysti því þó enn alveg fyllilega, að þegar kemur að því, að atvinnurekendur og verkalýðssamtökin velji menn til þess, hvort sem það verður með þeim hætti að senda þá erlendis á þær stofnanir, sem beztar eru á þessu sviði, til þess að sérmennta trúnaðarmenn fyrir atvinnurekendur og verkalýðssamtök, eða með því að fá erlenda sérfræðinga hingað heim til þess að annast kennslu á þessu sviði, þá trúi ég því og treysti því, að hinar góðu undirtektir hæstv. forsrh. í þessum málum, sem verkalýðshreyfingin hóf umr. um við hann fyrir nálægt tveimur árum, verði efndar. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað. Og það með mörgu öðru sýnir það, að verkalýðshreyfingin hefur alls ekki verið sofandi eða áhugalaus í þessu efni, heldur verið knýjandi afl í því að styðja að framkvæmd þessara mála, hvort sem hefur verið um vísindalega vinnuhagræðingu og vinnurannsóknir að ræða ellegar þá um ný launagreiðslukerfi, eins og t. d. aukna ákvæðisvinnu í atvinnulífinu. Þess vegna lýk ég máli mínu með því að segja, að það gleður mig, að þessi till. er komin fram, því að hún er stuðningur við þau mál, sem verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur unnið að og viljað fá hraðari framkvæmd á en hægt hefur verið til þessa. Ég mun því lýsa eindreginni afstöðu fyrir mitt leyti, og veit, að ég geri það einnig fyrir hönd A.S.Í., er ég mæli fastlega með samþykkt þessarar till. og vona, að framkvæmd fylgi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 6. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 240, n. 669).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft till. þessa til meðferðar og athugunar, sent hana til umsagnar nokkurra aðila, sem allir senda jákvæða umsögn og mæla með samþykkt hennar. Það gerir allshn. einnig, en þó með þeirri breytingu, að till. verði um slík fræðslunámskeið, ekki aðeins fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga, heldur og vinnuveitenda, og fyrirsögn orðist í samræmi við það. N. telur, að það sé ekki síður þörf að kynna þeim aðilanum þessi mál, og þar fyrir utan sé alls ekki rétt, að ef þessi stofnun geti orðið við því, sem ályktun þessi segir, og stofnað til slíkra fræðslunámskeiða, þá sé ekki rétt, að þessi aðili eigi ekki jafnframt kost á því að senda sína trúnaðarmenn til þátttöku í þeim.

Það væri vissulega full ástæða til þess að ræða mál þetta nánar en hér verður gert, en vegna þess tímaskorts, sem er orðinn í störfum þingsins, mun ég ekki gera það, nema ástæða gefist til, bendi hins vegar á þá ýtarlegu umsögn, sem Iðnaðarmálastofnunin sendi til n. og ég hef leyft mér að láta prenta með sem fskj., en þar er einmitt bent á þær aðgerðir, sem þyrftu að eiga sér stað í þessum málum, helzt sem fyrst að sjálfsögðu, og getið þeirra aðalatriða, sem þyrfti að beita sér að. Ég vil benda hv. þm. á það, að í þessari umsögn getur framkvstj. Iðnaðarmálastofnunarinnar um mjög ýtarlega áætlun, sem hann framkvæmdi að ósk félmrh., sem aftur var að till. hinnar svokölluðu vinnutímanefndar. Sú heildaráætlun er í athugun hjá ríkisstj., en efni þeirrar till., sem hér liggur fyrir, er aðeins lítill þáttur, lítið brot af þessum málum í heild. Ég leyfi mér að mæla með því fyrir hönd allshn., að hv. Sþ. samþykki þessa till.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir jákvæða afgreiðslu á þessu máli. N. hefur efnislega fallizt á eða mælt með öllu því, sem í till. fólst, en gengur þarna að einu leyti lengra, þar sem hún leggur til, að auk trúnaðarmanna verkalýðsfélaga verði trúnaðarmenn vinnuveitenda einnig aðnjótandi þeirrar fræðslu, sem till. lagði til. Ég vil fyrir mitt leyti styðja þessa breyt. n. eða viðbót.

Vinnuhagræðingin er algerlega á byrjunarstigi hér á landi, og í því efni erum við a. m. k. 20 árum á eftir nágrannalöndum okkar í þróuninni, og tel ég því rétt að gera allt, sem unnt er, til þess að hraða þróuninni. Og mér er líka fyllilega ljóst og tók raunar fram í framsöguræðu fyrir þáltill. á sínum tíma, að maður getur því aðeins vænzt árangurs af þessari nýju verkmenningu, að það sé fullur skilningur og fullt samkomulag milli beggja aðila, atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, um að hagnýta þessa nýju vinnutækni til aukinnar framleiðni og hagsbóta fyrir verkafólkið og eflingar atvinnurekstrarins og samkeppnishæfni hans. Þetta sjónarmið kemur líka fram í prentuðu áliti eða umsögn Iðnaðarmálastofnunarinnar, sem er mjög rækileg og þess verð, að sé athuguð, og tel ég því þessa viðbót n. til bóta og legg til, að þáltill. verði samþykkt með þeirri breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 669,1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt 669,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 727), með fyrirsögninni:

Þál. um námskeið í vinnuhagræðingu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga og vinnuveitenda.

19. Ráðstafanir til verndar erni.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ráðstafanir til verndar íslenzka erninum [137. mál] (A. 245).

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja í aðeins breyttu formi þáltill., sem ég flutti hér á Alþingi í fyrra ásamt 2. þm. Norðurl. v., Gunnari Gíslasyni, 6. landsk., Birgi Kjaran, og 4. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni. Þetta mál var nokkuð rætt þá, er ég hafði framsögu um þetta mál, og ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það nú, enda fylgir frv. nokkur grg. og flest fram tekið í henni, sem þetta mál varðar í aðalatriðum.

Það er vitað mál, að örninn er ekki nytjafugl og hefur verið mjög ofsóttur gegnum aldirnar, og er nú svo komið, að það eru aðeins örfáir fuglar eftir hér á landi. Og það hnígur að því, meira að segja mun þess vera mjög skammt að bíða, að þessi merkilegi og tígulegi fugl verði aldauða, ef ekkert er að gert fram yfir það, sem gert hefur verið. Hann hefur um langan tíma verið alfriðaður, en fækkað samt. Þá er það það, hvort þjóðfélagið vill horfa á það aðgerðarlaust, að hann hverfi algerlega úr sögunni. Ég fyrir mitt leyti tel það vera ekki viðunandi, að merkileg náttúrufyrirbæri, hvort sem þau eru úr dýraríki, jurtaríki, steinaríki eða öðru hér á landi, eyðist og spillist, því að landið verður fátækara eftir en áður, þegar þau eru horfin. Ég held og það er álit náttúrufræðinga, að unnt muni vera að bjarga stofninum, ef hægt er að stemma stigu við því, að þessi fugl eyðist af þeim ástæðum, sem hann hefur mest eyðzt, bæði af eitri og í öðru lagi að honum sé eytt, þar sem hann hefur hreiður og þeir, sem í grennd búa, telja sig verða fyrir sköðum af honum og þar af leiðandi freistast til þess að koma honum með einhverju móti fyrir kattarnef. Það eru náttúrlega engar sannanir um þetta atriði, en ákaflega miklar líkur til þess, að á þennan hátt hafi fuglinum fækkað mjög í seinni tíð. Það er sjálfsagt ekki hægt að ætlast til þess, að þeir bændur, sem verða fyrir sköðum af þeim fáu fuglum, sem eftir eru, beri það bótalaust, og ég held, að það hafi verið allt of seint komið til móts við þá í því efni að sætta þá við, að fuglinn æli upp unga sína í nágrenni við þá, með því að bæta þeim það á einhvern hátt. En út í það ætla ég ekki að fara. Ég sem sagt tel ekki ástæðu til að ræða þetta mál hér eða hafa neina verulega framsögu í því. Ég vísa til þeirrar grg., sem fylgir, og óska eftir, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað öðru sinni til fjvn., en hún fékk málið til meðferðar á síðasta þingi, en skilaði þá ekki áliti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 245, n. 691).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin ræddi þessa till. og fékk um hana umsagnir frá Fuglaverndarfélaginu og forstöðumanni Náttúrugripasafnsins. Í þessum umsögnum kemur fram, að talin er hætta á því, að allar tilraunir til verndar erninum muni reynast árangurslausar, nema hætt sé þeim eitrunum, sem nú viðgangast fyrir veiðibjöllu og refi.

Ég get getið þess aðeins, að það eiga fleiri þjóðir við svipað vandamál að etja og við. Mér er kunnugt um það, að þetta hefur verið á dagskrá í Bretlandi nýlega, þar sem þeir eiga við það vandamál að etja, að þeir eru að reyna að vernda fálka, sem er að verða útdauður hjá þeim, og þar hefur svipað orðið upp á teningnum eins og hér, að verndunin reynist gagnslítil vegna eitrana sem framkvæmdar hafa verið þar.

Það er álit þeirra, sem sent hafa okkur þessar umsagnir, og fjvn., að nauðsynlegt sé, að fyrir næsta þing verði undirbúin breyting á löggjöf þeirri, sem fyrirskipar eitranir, ef nauðsynlegt sé, eins og allir eða flestir eru sjálfsagt sammála um, að gera frekari ráðstafanir en til þessa hafa verið gerðar, til þess að íslenzki örninn verði ekki útdauður. En n. leggur sem sagt til, eins og ég sagði áðan, að þessi till. verði samþykkt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 728).

---

20. Verknámsskóli í járniðnaði.

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um verknámsskóla í járniðnaði [162. mál] (A. 296).

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. og 37. fundi í Sþ., 6. og 8. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Með þáltill. á þskj. 296 er lagt til, að ríkisstj. verði falið að beita sér fyrir því, að stofnsettur verði í Reykjavík verknámsskóli í járniðnaði á grundvelli heimildar í 1. gr. l. um iðnskóla frá 1955 og skuli skólinn taka til starfa ekki síðar en 1. okt. 1963.

Í iðnskólalögunum er í fyrsta lagi gert, eins og kunnugt er, ráð fyrir því, að iðnskólar eigi að veita þeim nemendum fræðslu, sem meistarar í iðngrein og iðnaðarfyrirtækjum hafi tekið til náms samkv. l. um iðnfræðslu. Þetta er meginreglan, eins og alkunnugt er. En í þessum lögum er einnig heimilað, að þá nema, sem vilji nema iðn til sveinsprófs, megi uppfræða í vinnustöðvum, sem skólarnir hafi ráð á, en síðar meir á námið að halda áfram hjá iðnmeisturunum, og þannig á námi þeirra að ljúka með sveinsbréfi frá iðnmeistaranum, sem tekið hefur iðnnemann til náms. Allt fram að 1955 að iðnlögin voru sett og þessi heimild sett inn í lögin, urðu iðnnemar einungis að ljúka sínu iðnnámi að öllu undir kennarahendi — meistara í viðkomandi iðngrein. Þetta, að gefa iðnnemum kost á að nema að einhverju leyti iðn sína í skóla, hefur verið baráttumál Iðnnemasambandsins allt frá því, að það var stofnað 1945, og einnig Landssambands iðnaðarmanna, en þau samtök iðnmeistaranna hafa gert samþykktir á mörgum undanförnum árum í þá átt að auka skólakennslu í iðngreinum. Þarna eru því hvorir tveggja aðilar, þeir sem kennsluna eiga að veita og þeir sem kennslunnar eiga að njóta, sammála um, að það beri að auka skipulagða skólakennslu sem þátt í iðnnáminu.

Hér er sem sagt lagt til, að skólinn skuli vera skóli í járniðnaði, skuli vera deild við iðnskólann í Reykjavík, námið í þessum skóla skuli taka eitt ár og á því beri að ljúka bóklega náminu sem svarar nú 2 bekkjum iðnskólans. Þegar þessu bóklega námi er lokið skal svo neminn halda áfram sínu námi hjá meistara og ljúka sveinsprófi með hinum almenna, venjulega hætti. Þegar hefur verið gerð tilraun með þess konar skólahald skv. þessari heimild iðnskólalaganna, að því er mér er kunnugt í 3 iðngreinum. Ég held, að fyrsta námsdeildin, sem tók til starfa, hafi verið í prentiðninni, síðan hafa trésmiðir og rafvirkjar bætzt við, svo að það er þegar byrjað að notfæra sér þessa heimild löggjafarinnar í a. m. k. 3 greinum. Og hér er lagt til, að sams konar skólahald hefjist nú einnig í járniðnaðinum.

Með þeirri verklegu kennslu, sem tekin hefur verið upp á gagnfræðastiginu í verknámsskóla hér í Reykjavík, hefur verið fallizt á það, að vegna þeirrar verklegu kennslu, sem þar er framkvæmd í skólaformi, skuli námstími nema, sem síðan fara í iðngrein, styttast um 6 mánuði. Með þessu er fyllilega viðurkennt, að vel skipulögð fræðsla í iðnaðinum í skólaformi sé árangursríkari en a. m. k. byrjunin á iðnnáminu á verkstæðum hjá meisturum. Er það alkunna, að þá hafa nemendurnir oft og tíðum fremur verið notaðir sem sendisveinar en að þeim hafi verið haldið til skipulagðs náms. Með því hins vegar að stofna til skólakennslu í ákveðinni iðngrein er ekki talið ólíklegt, að stytta megi námstímann um eitt ár, og skv. tillögunni, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að svo verði, og það mun einnig vera niðurstaðan að því er snertir þær greinar, sem ég áðan gat um, trésmíðina, rafvirkjunina og prentiðnina, sem nú hafa þetta fyrirkomulag.

Hér er ekki á ferðinni till. um það að hverfa frá meistarafyrirkomulaginu, sem hér hefur verið fram að síðustu árum allsráðandi um menntun þeirra, sem öðlast vilja sveinsréttindi í einhverri iðn. Og þó er það sannfæring okkar flutningsmanna, mín og hv. 2. landsk., að meistarafyrirkomulagið sé á margan hátt gallað og beri í raun og veru að hverfa frá því eins fljótt og hægt væri að undirbyggja vel skipulagða iðnfræðslu í skólum með fullkomnum og vel útbúnum verkstæðum.

Ég skal ekki fara hér nákvæmlega út í að rökstyðja þessa skoðun mína, en vil þó benda á tvennt: 1) Sérhver sá, sem lokið hefur sveinsprófi í iðn og hefur síðan unnið sem sveinn í 3 ár, öðlast meistararéttindi, alveg án tillits til þess, hvort hann er hæfur eða lítt hæfur í sinni iðn, þegar 3 ár eru liðin frá því, að hann lauk sveinsprófi. Ef hann hefur starfað í iðninni, gerist hann meistari og öðlast þá rétt til þess að taka nemendur og útskrifa þá. Þetta getur verið prýðilega hæfur maður, en það er engin trygging með þessu kerfi fyrir því, að meistarinn, sem tekur að sér að kenna öðrum, sé hinn hæfasti í sinni grein. Og þannig geta nemendur unnvörpum komizt í hendur lélegra meistara, sem eru ekki færir um að veita fullkomna fræðslu í viðkomandi grein. Þetta er einn af ágöllum meistarafyrirkomulagsins að mínu áliti. Hinn megingallinn er sá, að það er lögbundið fyrir allar iðngreinar, hve löngum tíma úr lífi hins unga manns skuli varið til að nema iðngrein, og finnst mér þetta vera mikil fjarstæða. Í fyrsta lagi væri ekki óeðlilegt, að hæfni nemandans til námsins réði nokkru um það, hvort hann ætti að verja 3, 4 eða 5 árum til að öðlast þjálfun og þekkingu í sinni iðngrein, og ef hann væri hinn færasti til námsins, þá yrði námstími hans styttri. Ef hann væri hins vegar skussi og klaufi, þá væri nám hans lengra, tæki yfir lengri tíma, þangað til hann hefði náð þeirri hæfni, sem krefjast bæri. Nei, hér er þetta sett í spennitreyju ákveðins tímabils, og í ákveðinni námsgrein skal nemandinn vera 3 ár eða hann skal vera 4 ár í annarri. Stúlka, sem ætlar sér að læra hárgreiðslu, skal verja 3 árum ævi sinnar til

þess að læra að greiða hár. Vestur í Ameríku er mér sagt, að það séu teknir aðeins 9 mánuðir til slíks náms, sé eins vetrar námskeið og þar séu þær taldar færar um að greiða hár á sínum kynsystrum eftir slíkt nám. Hér dugir ekki annað en að taka 3 ár úr ævi ungrar stúlku til að læra hárgreiðslu. Algengasti námstíminn er, eins og kunnugt er, 4 ár, og þar gildir það sama um hæfa og lítt hæfa nemendur og um það, hvort iðngreinin er auðlærð eða vandlærð. Það tekur 4 ár, hygg ég, að læra að smyrja brauð, og það tekur 4 ár að læra að byggja stórskip og stórhýsi. Ég finn ekkert vit í þessu, og ég undrast, að slíkt miðaldafyrirkomulag skuli enn þá vera ríkjandi hjá okkur. Ég held því, að það þurfi umfram allt að endurskoða iðnlöggjöfina frá grunni og færa hana til nútímahorfs. En það er ekki lagt til í þessari till., og tel ég þess þó fulla nauðsyn. Ég tel sem sé meistarafyrirkomulagið ekki gefa fullnægjandi tryggingu fyrir því, að þjóðfélagið eignist vel menntaða iðnaðarmenn.

Eitt kemur þar og til. Það eru breyttir tímar. Í mörgum og flestum iðngreinum þarf nú miklu meiri sérhæfingu en áður þurfti og áður þekktist. Tökum t. d. prentiðnina. Þar þurfti prentarinn fyrir nokkrum áratugum að vera handsetjari og vélsetjari, og hann þurfti að kunna allar greinar prentiðnarinnar, ef hann átti að vera hlutgengur prentari. Nú dettur engum manni í hug að láta prentara vinna mörg slík störf. Hann gerist annaðhvort vélsetjari eða handsetjari, eða sérfræðingur í hinum ótalmörgu greinum prentiðnarinnar og stundar ekkert annað allt sitt líf. Hann fær þannig að mjög litlu leyti vegna þeirrar sérhæfni, sem orðin er, að reyna á hina almennu þekkingu prentarans, eins og enn þá er krafizt skv. iðnlöggjöfinni, þegar hann útskrifast frá meistara í prentiðninni. Sérhæfnin gerir það að verkum, að það væri full ástæða til að útskrifa menn í hinum einstöku greinum prentiðnarinnar og hvaða grein annarri, sem um væri að ræða, þegar þeir væru orðnir fullfærir í þeim þætti iðnarinnar, sem þeir ætluðu að gera að sínu lífsstarfi, en ekki að taka ár úr lífi þeirra til þess að þjálfa þá í mörgum öðrum greinum, sem þeir ætla sér ekki að sinna.

Íslenzka þjóðin á mjög mikið undir því, að hún eignist vel hæfa og vel menntaða iðnaðarmenn. Og ég hef ekki trú á því, að þar sé eins vel gert af hendi þjóðfélagsins og vera bæri, fyrr en iðnlöggjöfin væri endurskoðuð frá grunni og þetta gamla meistarakerfi, sem mjög mikið er mótað af hagsmunum meistaranna að nota nemendurna sem ódýran vinnukraft, ekki síður en hitt, að leggja áherzlu á, að nemendurnir fái hina fullkomnustu kennslu, og ætti það þó vitanlega að sitja í fyrirrúmi.

Ég tel, að hér sé ekki farið fram á mikið með þessari þáltill. Það er farið fram á það eitt, að notuð verði heimild í vinnulöggjöfinni um það, að stofnað verði til skóla í járniðnaði, líkt og þegar hefur verið gert í nokkrum iðngreinum. Og vil ég mælast til þess við hv. þm., að þeir gefi þessari litlu till. gaum og veiti henni stuðning og fylgi.

Ég legg til, herra forseti, að umr. verði nú frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 269, n. 665).

Frsm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Til allshn. hefur verið vísað till. til ál. um verknámsskóla í járniðnaði, sem flutt er af þeim hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarssyni, og hv. 2. landsk. þm., Eðvarð Sigurðssyni. Efni till. er, að ríkisstj. verði falið að beita sér fyrir, að á grundvelli heimildar í lögum um iðnskóla verði stofnaður í Reykjavík verknámsskóli í járniðnaði, sem verði deild við iðnskólann þar, og taki skólinn til starfa eigi síðar en 1. okt. 1963. Með því fyrirkomulagi á kennslu í járniðnaði, sem till. gerir ráð fyrir, yrði iðnskólanum gert kleift að annast kennslu á vinnustöðvum, sem hann hefði umráð yfir, og væri náminu á þann veg hagað, að á einu ári yrði auk verklegs náms lokið því bóklega námi, sem nú tekur tvo vetur. Síðar stunduðu nemendur nám hjá meisturum og lykju sveinsprófum. Með þessum hætti yrði unnt að stytta námstímann um eitt ár, en tryggja þó um leið betri menntun í iðninni en almennt gerist með þeirri tilhögun námsins, sem nú tíðkast.

Sú tilhögun iðnnáms, sem hér er lagt til að verði tekin upp í járniðnaði, hefur verið krafa iðnnemasamtakanna frá stofnun þeirra 1945, og hún hefur einnig hlotið stuðning Landssambands ísl. iðnaðarmanna, og góð reynsla hefur þegar fengizt af þessari tilhögun í öðrum iðngreinum, í rafvirkjun, trésmíði og prentiðn.

Skortur á lærðum járniðnaðarmönnum er tilfinnanlegur og bitnar illa á sjávarútveginum, sem er háður störfum járniðnaðarmanna á margan hátt. Ekki er vafi á því, að ef tækist að stytta námstíma í járniðnaði um eitt ár frá því, sem nú er, og jafnvel bæta námið um leið, þá aukast líkur á því, að ungir menn leggi fyrir sig nám í járniðnaði, en á því er framleiðsluatvinnuvegunum mikil þörf.

Allshn. er sammála um að mæla með samþykkt þáltill., en þar sem sú tilhögun, sem hér er gert ráð fyrir um nám í járniðnaði, mun hafa verið í athugun um skeið, leggur n. til, að orðalagsbreyting verði gerð á till., þannig að í stað orðanna „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því“ o. s. frv., komi: Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að

hraða því o. s. frv. Allshn. er því sammála um að leggja til, að till. verði samþykkt þannig orðuð:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hraða því, að stofnsettur verði í Reykjavík verknámsskóli í járniðnaði á grundvelli heimildar í 1. gr. l. um iðnskóla frá 1955. Skólinn skal taka til starfa eigi síðar en 1. okt. 1963."

ATKVGR.

Brtt. 655 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 729).

21. Bifreiðaferja á Hvalfjörð.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um bifreiðaferju á Hvalfjörð [170. mál] (A. 323).

Á 36. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræði skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. og 38. fundi í Sþ., 8. og 13. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þáltill. á þskj. 323 er þess efnis, að ríkisstj. skuli falið að láta gera kostnaðaráætlun fyrir fullkomna bifreiðaferju á Hvalfjörð, svo og flotbryggjur og nauðsynlega vegi báðum megin fjarðarins.

Með þessari till. er tekið upp aftur mál, sem mikið var rætt og allmikið undirbúið í lok síðasta heimsófriðar. Það gerðist snemma á árinu 1946, að Akurnesingar tóku upp þetta mál undir forustu bæjarstjóra kaupstaðarins, sem þá var Arnljótur Guðmundsson. Bærinn keypti tvær ferjur, sem smíðaðar höfðu verið til ófriðarþarfa, og var ætlunin að nota þær til bifreiðaflutninga yfir Hvalfjörð. Komst málið svo langt, að gerður var vegur og einhverjar hafnarbætur, a. m. k. öðrum megin fjarðarins, en eftir það lognaðist málið út af. Ferjurnar voru teknar til annarra nota, en ekki var frekar gert að þeim undirbúningi við Hvalfjörð, sem þurfti til að þær gætu orðið bifreiðaferjur þar. Önnur af þessum ferjum reyndist vel og er enn í notkun sem flutningaskip; hin reyndist vera gölluð og hefur verið rifin.

Síðan hefur, að ég bezt veit, lítið verið rætt um bifreiðaferju yfir Hvalfjörð, þar til nú síðustu vikur, að ýmsir hafa orðið til þess að spyrja, hvort ekki megi taka þessa hugmynd upp og kanna hana í nýju ljósi í þeirri von, að þarna fáist mikilsverð samgöngubót.

Ef litið er á vegakort af Íslandi, verður ljóst, að þar er einn sérstaklega veikur hlekkur. Annars vegar er allt vegakerfi Austur- og Norðurlands, Vestfjarða og Vesturlands, hins vegar er vegakerfi Suðvestur- og Suðurlands. Þessir tveir hlutar tengjast aðeins saman á tveim stöðum, með Hvalfjarðarvegi og með fjallvegi um Uxahryggi. Þeir, sem ferðazt hafa milli þessara landshluta, t. d. nú síðustu vikurnar, geta dæmt um það, að vikum og mánuðum saman er Hvalfjarðarvegurinn í nágrenni höfuðstaðarins einna erfiðastur yfirferðar á löngum leiðum. Það er því augljóst, að hvers konar samgöngubót, sem gæti stytt leiðina yfir eða fyrir Hvalfjörð, mundi koma að beinum notum fyrir samgöngur, er varða fólk og atvinnuvegi á næstum öllu landinu. Þetta er miklu stærra mál en snertir þær byggðir, sem eru næstar Hvalfirði, þó að segja megi, að þær, t. d. kaupstaðir eins og Akranes og Borgarnes, muni hafa hvað mest not af slíkri samgöngubót.

Ef fært reyndist að setja bílaferju yfir Hvalfjörð, mundi leiðin styttast, að ég hygg, upp undir klukkustund. Þegar málið var fyrst flutt í ófriðarlok, var áætlað, að hún mundi styttast um 1½ klst., en síðan er búið að gera allmiklar bætur á veginum umhverfis fjörðinn, svo að ég hygg, að sparnaðurinn mundi verða allt að klukkustund, ef bifreið þarf ekki að bíða lengi eftir ferju.

Það liggur að sjálfsögðu ekki fyrir, fyrr en sú áætlun hefur verið gerð, sem till. gerir ráð fyrir, hvernig kostnaðarhlið á slíku máli mundi verða, hve dýrt yrði að fara með ferjunni með bifreiðar og hvaða áhrif sá kostnaður mundi hafa fyrir vöruflutningabíla og hópferðabíla. Ef slík samgöngubót kæmi, mundi ekki þurfa að leggja nálægt því eins stórar upphæðir í vegabætur á liðlega 40 km leið í kringum Hvalfjörð sjálfan, og mundi þar koma mikill sparnaður á móti þeim kostnaði, sem yrði við að koma á slíkri ferju.

Í nágrannalöndum okkar, sérstaklega í Noregi og Skotlandi, er mikið um bifreiðaferjur, bæði yfir ár, vötn og firði. Ég hef skoðað skýrslur um ferjustarfsemi í Noregi, og virðast þar vera margir tugir af ferjum, sem ganga allt frá 200 m upp í 60—80 km sjóleið. Þessar ferjur eru af ýmsum stærðum, allt frá litlum prömmum, sem taka 2—3 bíla, upp í ferjur, sem bera 50—100 bíla, en langmestur fjöldi þeirra tekur 10—25 bíla. Virðist fljótt á litið með leikmannsaugum ekki vera fráleitt, að Hvalfjarðarferja mundi henta bezt af slíkri stærð. Ég vil benda á, að hér er hugsað fyrst og fremst um fullkomna bifreiðaferju, sem mundi sigla fram og aftur yfir fjörðinn, án þess að skipinu væri snúið við, og þar af leiðandi yrði að vera hægt að aka inn á ferjuna og út af henni bæði að framan og aftan. Þetta þýðir aftur á móti, að hafnarmannvirki verða að vera af sérstakri gerð með flotbryggjum, og ég vil taka

fram á þessu stigi, að það er ljóst, að slík mannvirki í Hvalfirði yrðu ekki ódýr, m. a. vegna þess, að þar eins og víða hér við land er allmikill munur á flóði og fjöru. Hins vegar er tilgangur till. að byrja á því að kanna, hve dýr þessi mannvirki og ferjan mundu reynast, og að fengnum þeim upplýsingum er hægt að gera sér grein fyrir, hvort þetta er fyrirtæki, sem hagkvæmt er eða hugsanlegt að ráðast í.

Mér virðast öll viðhorf í okkar þjóðlífi, ekki síst varðandi samgöngur, vera svo gerbreytt frá því, er þetta mál var rætt á þingi 1946, að fyllsta ástæða sé til að ætla, að nútíma bifreiðaferja sé lausn á samgönguvandamálinu við Hvalfjörð, sem mundi verða til mikils góðs, og sé því fyllsta ástæða til að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hver kostnaður mundi vera við að koma upp nauðsynlegum mannvirkjum og kaupa slíka ferju. Á þeim kostnaðaráætlunum yrði síðan hægt að byggja einhverjar hugmyndir um rekstrargrundvöll fyrir slíkt fyrirtæki. Ég vil því vænta þess, að hv. Alþingi taki þessu máli vel og samþykki að óska eftir, að ríkisstj. láti slíka athugun fram fara, láti gera þá kostnaðaráætlun, sem þarf að byrja á, til þess að hægt sé að hrinda þessu máli fram.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 323, n. 666).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allshn. leggur til, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 730).

22. Stöðvun fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi.

Á 40. fundi í Sþ., 18. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um fimm ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi [201. mál] (A. 402).

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Vestf. að flytja á þskj. 402 svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdabanka Íslands að semja fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs til stöðvunar á fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi. Einkum skal miða áætlunina við það, að framkvæmdirnar verði liður í uppbyggingu þeirra staða, sem fólksfækkunin gerir illkleift að halda í byggð, þótt öll skilyrði séu þar til góðra lífskjara, ef búið væri að þeim á borð við aðra staði. Skal áætluninni lokið fyrir lok þessa árs og hún þá lögð fyrir Alþingi ásamt till. um fjáröflun."

Ég leyfi mér að vísa til hinnar ýtarlegu grg., sem gerð er fyrir till., svo og til fskj., sem með henni fylgir, en þar koma fram raunhæfar tölur um fólksfækkun þá, sem orðið hefur í Vestfjarðakjördæmi síðan árið 1912. Mér þykir þó rétt að bæta hér við, að öll fólksfækkunin hefur raunverulega átt sér stað á síðustu 25 árunum. Íbúatala héraðsins var árið 1927 alls 13213 íbúar og hafði þá fjölgað um 93 íbúa síðan 1912. Í árslok 1962 er íbúatalan komin niður í 10534 íbúa, eða 2679 íbúum færra en 1927, en það svarar til, að fimmti hver maður hafi flutt úr héraðinu á þessu tímabili auk eðlilegrar fjölgunar vegna fæðinga.

Hér er um svo alvarlega fólksfækkun að ræða á aðeins 25 ára tímabili, að óhjákvæmilegt er að gera skyndilega jákvæðar aðgerðir til þess að stöðva þennan flótta úr héraðinu, ef ekki á að verða af því stórtjón fyrir þjóðina, einkum þegar það er vitað, að einmitt þetta hérað veitir fólki því, sem þar býr, meiri tekjur en margir aðrir staðir á landinu og býr yfir auðlindum, sem mörgum þætti mikill fengur í að eiga, auk þess sem það fólk, sem býr þar, framleiðir útflutningsverðmæti á hvern íbúa fyrir tveimur og hálfum sinnum meira en meðalútflutningurinn á íbúa í öllu landinu. Má segja, að hér vinni hver hönd að því að skapa erlendan gjaldeyri fyrir þjóðina, en það er landinu höfuðskilyrði að verði gert í vaxandi mæli í framtíðinni.

Það þykir jafnan hið mesta áfall, er land, hérað eða sveitir missa stóran hóp íbúa sinna, hvort heldur það stafar af harðæri, dauðsföllum, slysum eða öðrum óviðráðanlegum orsökum. Eru þá jafnan margir fúsir til þess að ljá þeim lið, er eftir sitja, til þess að bæta tjónið og rétta við hag þeirra, ekki einasta einstaklingarnir, ættmenn og vinir, heldur og félagsheildir og ekki hvað síst opinberir aðilar, sem nauðsynlegt þykir að stuðla að því, að héraðið eða hluti þess fari ekki í auðn vegna slíkra óviðráðanlegra áfalla, sem yfir hafa dunið.

Hér stafar fólksfækkunin að vísu ekki af dauðsföllum umfram það, sem eðlilegt er, eigi heldur af harðærum, heldur hinu, að fólkið leitar frá erfiðari baráttu til léttari viðfangsefna, frá fámenni í fjölbýli, frá alvöru í glaum, frá myrkri og kulda í ljós og yl. Sýnir reynslan daglega, að jafnvel hæstu tekjur manna stöðva ekki flótta til fjölbýlisins, beinlínis vegna þess að því eru ekki búin viðhlítandi skilyrði til þess að notfæra sér tækni hins nýja tíma. Hér flýtur margur maður með sárnauðugur, hrópar á hjálp um að vera stöðvaður á flóttanum og fær ekki þá áheyrn, sem dugir. Fólk, sem fætt er við rætur fjallanna, inn til dala eða út við strönd og hefur barizt þar sinni baráttu, lifað þar langa eða skamma ævi í fangbrögðum við öfl náttúrunnar, átt þar sína sigra og sína gleði, lifað þar sína ósigra og þolað sínar raunir og sorgir, sem þó skapaði manndóm og margvísleg andleg verðmæti, sem aldrei verða keypt fyrir fé eða aflað í hringiðu glaums, flytur ekki allt af fúsum vilja frá þeim minningum, sem það hefur átt. Og flest skilur það fólk eftir eitthvað meira eða minna af sjálfu sér. Það reynir að samlagast aftur þeim hlutanum stund og stund á hverju sumri, þegar allt er í skrúða eða það á þess kost að komast þangað og lifa þá upp aftur gamlar minningar. En eftir því sem æskustöðvarnar verða meira og meira vanræktar, eftir því sem auðnin heltekur þær meira og meira, því fleiri strengir slitna, unz öll böndin eru brostin, nema síðasti þátturinn, sá þátturinn, sem bindur leifarnar við 6 feta langa hvílu í kærri mold heimasveitarinnar, moldinni, sem var þeim allt, á meðan það var og stritaði, og ávallt átti hug þess og hjarta, þótt það neyddist til þess að yfirgefa hana fyrir rás viðburðanna.

Búskaparhættir þjóðarinnar hafa breytzt svo stórkostlega og svo ört, að menn hafa ekki gefið sér tóm til að íhuga, hvert við í raun og veru stefnum. Enn síður hafa ráðamenn þjóðarinnar gert sér ljóst, að þeir eiga að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja það, að þjóðarsálin bíði eigi alvarlegt tjón af völdum hinnar ört vaxandi velmegunar, sem þjóðinni fellur í skaut frá ári til árs. Flóttanum, sem velmegunin hefur valdið, frá strjálbýlinu til fjölbýlisins, þar sem uppgripin eru meiri og skjótari, má líkja við flótta fólksins á sínum tíma til Kanada, þegar allar þjóðir kepptust um það að komast þangað, njóta þar þeirra lífsgæða, sem þar voru á boðstólum í miklu stærri mæli en heimalöndin gátu veitt. Skal ekki hér dregin mynd af þeirri baráttu, sem þar var háð, þar sem einn hlaut mikinn sigur, en aðrir og þeir miklu fleiri hlutu mikið erfiði og marga ósigra, en aðeins bent á, að nú, þegar flest lönd í Evrópu bæta kjör sín, svo að þau hafa aldrei verið betri, herja atvinnuleysi og erfiðleikar Kanada, svo að þar á nú enginn minni erfiðleika en forðum var í þeim löndum, sem fólkið flúði frá. Er vert að gefa því gaum í tíma, hvort ekki gæti svo farið hér, að hyggilegt væri að halda opnum dyrunum til þeirra staða hérlendis, sem fólkið er að flýja frá, svo að þar væri enn byggilegt, ef svo þrengdist um á þeim stöðum, sem fólkið flýr til, að til þess kynni að koma, að þaðan þyrfti fólkið aftur að leita.

Á flestum þeim stöðum, sem fólkið flýr frá úr Vestfjarðakjördæmi, er einangrunin höfuðástæðan. Samgönguerfiðleikarnir, sem að vísu á síðari tímum hafa mikið minnkað að sumrinu til, en lama allt framtak að vetri til, eiga veigamikinn þátt í því, að fólkið hefur flúið úr sveitunum, venjulega fyrst í aðliggjandi þorp og kaupstaði, en síðan í fjölbýlið, annaðhvort við Faxaflóa eða annars staðar, enda fundið, að rétt var, að úr því að allar rætur þurfti að rífa upp, þá var þó skást að hefja hina nýju baráttu á hinum breiðasta velli atvinnu og viðskipta. Vegna örðugra samgangna á sjó, landi og í lofti urðu íbúar þessara héraða á eftir með endurbætur á býlum sínum, bæði húsabætur og jarðabætur. Og alltaf féll það í þeirra hlut að byggja upp á dýrari tímum en hinir, sem betur voru settir með samgöngur, og nú, þegar nýir tímar eru í jarðabótum og húsagerð, eru þeir margfalt verr staddir með að koma frá sér á markaðinn aukinni framleiðslu og til sín auknum flutningum, sem framleiðslunni eru nauðsynlegir. Þar sem um er að ræða jarðir, er hlunnindi eiga að sjó að sækja, en sjávargötur örðugar og útfiri mikið, en fólkið takmarkað, notast ekki gæðin nema að sáralitlu leyti, vegna þess að þeir hafa ekki átt þess neinn kost að nota sér tæknina til þess að létta störfin.

Í þessum veigamiklu þáttum í lífsbaráttu vestfirzkra íbúa gátu stjórnarvöldin aðstoðað, svo að dugað hefði, og verða að aðstoða, ef þessir staðir eiga ekki að verða auðninni að bráð meira en orðið er, en það væri Vestfjarðabyggðinni og öllu landinu ómetanlegt tjón.

Annar veigamikill þáttur í baráttu fólksins, sem þar býr, er myrkrið og kuldinn. Eins og nú er háttað atvinnurekstri í landinu og eftirspurn eftir vinnuafli, er óhugsandi, að fólk fái unað við þau skilyrði að taka upp mó til eldsneytis, svo sem gert var áður fyrr, eða flytja kol um langan veg og verða að reiða þau annaðhvort á hestum eða sínu eigin baki heim til bæjar, oft um langan og erfiðan veg. Fólkið breytir ekki heldur nú á dögum áburði dýra í eldsneyti, svo sem áður var almennt. Þetta fólk sættir sig ekki heldur við lélega lýsingu frá olíulömpum, þegar það sér í kringum sig ljóma hinna skæru rafljósa. Svo lengi sem því er ekki hjálpað, svo að dugi, til þess að öðlast þau lífsþægindi, sem raforkan veitir, er það dæmt til þess annars tveggja að yfirgefa byggðina eða búa við miklu harðari kost en aðrir íbúar landsins. Við, sem í fjölbýlinu búum, heyrum allt of oft þær raddir, að það sé heppilegast að púkka ekkert upp á þetta fólk, sem býr í strjálbýlinu við erfið kjör, það sé betra fyrir

landið og ríkissjóðinn að greiða þeim jarðarverðið, láta þá fylgja straumnum til þéttbýlisins, þar sem nóga vinnu er að fá og lífskjör öll betri, en kosta upp á vegi, brýr, rafmagn og síma, til þess að halda þeim í strjálbýlinu, með nýrri tækni og nýjum möguleikum geti Suðurlandið hæglega framfleytt miklu fleiri íbúum en nú eru í öllu landinu, með nýrri skipulagningu í atvinnurekstri megi spara hundruð millj. með því að færa byggðina saman í stað þess að dreifa henni um allt land, eins og gert hefur verið frá landnámstíð.

Það er mjög illa farið, ef þessi stefna yrði ráðandi í framtíðinni, en á því er einmitt meiri hætta en menn yfirleitt gera sér ljóst, og stjórnarvöld allra síðari ára hafa ekki verið hér á verði sem skyldi. Máli mínu til stuðnings, að hér sé um óæskilega þróun að ræða, skal ég aðeins benda á örfá atriði:

1) Flestir þeir menn hér á landi, sem hæst gnæfa í listum og vísindum, hafa fæðzt og alizt upp út við strönd og inn til dala. Þar hefur neistinn í sál þeirra kviknað og andinn þroskazt í faðmi hinnar íslenzku náttúru. Flestir afburðamenn í iðnaði, útvegi, viðskiptum, verzlun og landsmálum hafa stigið sín fyrstu spor utan þéttbýlisins eða í æsku notið í ríkum mæli þeirrar orku og þess víðsýnis, sem börn og unglingar teyga í sig við brjóst íslenzkrar náttúru. Og því er það, að fólkið í borgum og bæjum, sem sjálft þekkir þá nauðsyn, að unglingarnir fái notið þeirra uppeldisáhrifa, sem strjálbýlið býr yfir í svo ríkum mæli, keppist um að senda þangað börn sín að sumarlagi. En því stærri sem sá hópur verður, sem senda þarf, og því færri sem geta tekið á móti, því minni möguleikar eru til þess að uppfylla eftirspurnina, unz leiðin er að síðustu fullkomlega lokuð.

2) Fyrir hvert býli, sem lagt er í eyði, er tugum og hundruðum þúsunda kastað á glæ. Hús og lönd eru látin grotna niður og verða eyðileggingunni að bráð. Sama gildir um vegi, brýr og símalínur, engu þessu er lengur við haldið. Samtímis er fjárfest fyrir milljónir í nýjum mannvirkjum til þess að geta tekið á móti fólkinu í þéttbýlinu og veitt því þar þá þjónustu, sem því er nauðsynleg. Þarf ekki að eyða mörgum orðum, hversu skynsamlegra það væri að nota það vinnuafl, sem til þess fer, til þess að afla útflutningsverðmæta á þeim stöðum, þar sem aðstaða til þess er hin ákjósanlegasta, svo sem í Vestfjarðakjördæmi, eins og ég hef áður tekið fram.

3) Sívaxandi og óeðlilegur fólksflutningur á einstaka stað í landinu hefur að jafnaði í för með sér margvíslega erfiðleika, ekki hvað sízt í sambandi við heilbrigðis- og félagsmál. Eftir því sem sá vandi vex, því fleiri menn eru teknir frá framleiðslunni til þess að vinna að umbótum á því sviði. Það dregur aftur á móti úr öflun erlends gjaldeyris, samtímis því sem það kallar á sívaxandi innflutning á neyzluvörum fyrir þetta sama fólk. Allt miðar því að sama marki, að frá þjóðfræðilegu sjónarmiði er það hvort tveggja í senn óhagstætt og óhollt að stöðva ekki óeðlilegan fólksflótta frá landsbyggðinni í þéttbýlið.

Ég gæti dregið hér upp skýra mynd af ástandi í hverjum einasta hreppi í Vestfjarðakjördæmi og bent á orsakir þær, sem valdið hafa flóttanum, og sýnt fram á, á hvern hátt gerlegt væri að stöðva hann. En með því að svo er langt liðið á þingtímann, en mér hins vegar áhugamál að koma þáltill. til n. og fá hana síðan samþykkta, áður en þingi lýkur, þykir mér ekki rétt að tefja tíma þingsins til þess að lýsa því í einstökum atriðum. Verði þáltill. samþykkt, gefst tilefni til þess að koma þeirri vitneskju til réttra aðila. Læt ég því nægja á þessu stigi málsins að vísa til þess, sem ég hef þegar sagt, og til grg. ásamt fskj. og vænti þess, að hv. alþm. séu mér sammála um, að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða, að það megi ekki skjóta því á frest að rannsaka, hvað unnt sé að gera til þess að bæta úr þeim vanda, sem hér steðjar að.

Ég vil, hæstv. forseti, óska þess, að þessari umr. verði frestað og að málinu verði vísað til hv. allshn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Tillaga þessi, sem hér liggur fyrir á þskj. 402 frá tveim hv. þm. Vestfjarðakjördæmis, hv. 1. og hv. 3. þm. Vestf., er þess efnis að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdabanka Íslands að semja fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi. Samkv. till. ber að miða áætlunina við það einkum, að framkvæmdirnar verði liður í uppbyggingu þeirra staða, sem fólksfækkunin gerir lítt kleift að halda í byggð, þótt öll skilyrði séu þar til góðra lífskjara, ef búið væri að þeim á borð við aðra staði. Ætlazt er til, að áætluninni verði lokið fyrir lok þessa árs, en hún svo lögð fyrir Alþingi ásamt till. um fjáröflun.

Þetta er efni till., rakið að mestu leyti með orðum till. sjálfrar. Ég álít, að hér sé um merkilegt mál að ræða, sem eigi að taka með velvilja, því að það er áreiðanlega flutt af ríkri nauðsyn. Hv. flm. gera grein fyrir því í till., að fólki á Vestfjörðum hafi fækkað um 19.7% á tímabilinu 1912—1962. Þessar tölur sýna áreiðanlega ekki ýkta mynd af því, sem gerzt hefur á Vestfjörðum, heldur þvert á móti. Með þessari tölu er nokkuð dregið úr því, sem raunverulega hefur átt sér stað þar í seinni tíð, því að ef teknir eru aðeins tveir síðustu áratugirnir, þá er fjölgunin á þeim tíma — aðeins á þeim 20 árum — nærri því þessi hundraðshluti. Svo ör hefur fækkunin verið, sérstaklega nú síðustu tvo áratugina. Hún virðist ekki hafa verið eins ör framan af öldinni eða á tímabilinu frá 1912—1940, og þess vegna hækkar það ekki hundraðshlutann meira en þetta, þó að allt tímabilið sé tekið. Það er sem sé uggvænlegt, hve mjög fólki hefur fækkað í þessum landshluta og það, eins og hv. 1. flm. alveg réttilega tók fram, þó að þar séu að ýmsu leyti hin ákjósanlegustu skilyrði til búsetu. Sjórinn hefur löngum

verið gjöfull á Vestfjörðum og landkostir þar, a. m. k. í sumum sveitum, allmiklir. Jarðhiti er þar, bæði suður á Barðaströnd og við Djúp og jafnvel norður á Ströndum, og fleira mætti telja, sem þessi landshluti hefur fram að bjóða og hefur alla tíð haft til framfærslu sínum börnum. Hér er því vissulega um mál að ræða, sem ástæða er til, að Alþingi láti og hafi látið til sín taka. En í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að það er ekki aðeins á Vestfjörðum einum, sem fólkinu fækkar raunverulega. Þó að ekki sé um beina tölulega fækkun að ræða og íbúatalan lækki ekki beinlínis, þá getur samt verið um hlutfallslega fækkun að ræða. Þegar þjóðinni í heild fjölgar t. d. um nálega 50%, eða nánar tiltekið 48%, ef ég man rétt, á 20 árum, þá er um fækkun að ræða í landshluta, þar sem talan hefur ekki hækkað um nema t. d. 11%, eins og á Norðurlandi í heild, eða aðeins um 4%, eins og á Austurlandi, eða 18%, eins og er á Suðurlandi. Þetta er fækkun hjá þjóð, sem er að fjölga svo mjög eins og þjóðinni fjölgar nú.

Ástæðan til þess, að þessi fækkun hefur orðið — hún er ekki aðeins á Vestfjörðum, þessi hlutfallslega fækkun, heldur er hún yfirleitt í mestum hluta landsins — ástæðan til þess er sú, hvernig fólkið hefur þjappazt saman á litlum hluta landsins hér við sunnanverðan Faxaflóa, og það er það ástand, sem við horfumst í augu við nú í dag. Hér var fyrir fáum dögum til meðferðar í hv. Nd. frv., sem hefur legið fyrir þinginu næstum því í allan vetur, um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þær ráðstafanir, sem þar er gert ráð fyrir, voru aðallega fólgnar í tvennu. Þar var gert ráð fyrir áætlunum, eins og hv. þm. gera nú ráð fyrir, í einum landshluta, og þar var gert ráð fyrir fjáröflun á sérstakan hátt, að tryggja jafnvægissjóðnum ákveðinn hundraðshluta ár hvert af tekjum ríkissjóðsins, og þessi tekjuöflunarleið var valin til þess að tryggja það, að dýrtíðin, sem nú síðustu árin gengur yfir landið, gerði ekki þessar tekjur að litlu eða engu. Fyrir örfáum dögum gerðist það hér í hv. Nd., að þessu frv. var vísað frá. Sá hv. nefndarmeirihluti, sem stóð að því að semja dagskrártill. til þess að vísa þessu frv. frá, lét það á þrykk út ganga hér á þskj., að hann teldi þær ráðstafanir, sem í frv. fælust, með öllu óþarfar. Og á þeim forsendum var málinu vísað frá. En daginn eftir eða næsta dag eftir að þessu plaggi var hér útbýtt eða var hér til umr., þá lögðu hv. þm. Vestf. fram þessa till., sem nú liggur hér frammi í Sþ., þar sem lýst er yfir því, að í einum landshlutanum, á Vestfjörðum, fari fjarri því, að þessi ummæli meiri hl. og ummæli dagskrárinnar, sem meiri hl. d. lét sig hafa að samþykkja, eigi við, því að þeir telja þörf á því á Vestfjörðum að gera áætlun og hraða henni, láta henni vera lokið strax næsta haust, og að jafnframt verði gerð áætlun um fjáröflun til þess að hrinda áætluninni í framkvæmd. Og auðvitað hafa þeir rétt fyrir sér í því, að þetta þarf að gera, því að lögin um atvinnubótasjóð, sem nú gilda, eru allsendis ófullnægjandi í þessu tilliti. Till., sem hér liggur fyrir, er í raun og veru yfirlýsing um það, að dagskráin, sem samþ. var í Nd., sé ekki réttmæt, hún sé á röngum forsendum byggð, og að frv., sem vísað var frá með þeirri dagskrá, hafi ekki verið óþarft, eins og þó var samþ. hér í þessum sal, að vísu í Nd., að lýsa yfir.

Ekki dettur mér í hug að láta það hafa áhrif á mína afstöðu nú, þó að hv. meiri hl. hér á Alþingi hafi tekið slíka afstöðu til þessa máls, sem ég nefndi áðan. Þörf Vestfjarða fyrir hjálp til þess að verjast fólksflóttanum er ekki minni, þó að yfirlýsingar af þessu tagi gangi út frá hinum ráðandi meiri hl. á Alþingi.

Ég vil aðeins, af því að ég veit, að hv. 1. flm. þessa máls, sem nú mælti fyrir því, er áhugamaður í þessum efnum, þó að orð hans fái þar nú ekki miklu fram komið öðru en e. t. v. þessari till. hér, leyfa mér að benda honum á, að það er ekki alveg víst, að frá sjónarmiði landsbyggðarinnar sé á heppilegastan hátt unnið að málinu á þennan hátt. Landsbyggðin er mestöll hér á sama bát. Þó að Vestfirðir hafi að vísu orðið mest fyrir barðinu á fólksflutningunum og eigi e. t. v. um sárast að binda, þá er þar ekki allur munur á. En um leið og hinum landshlutunum er neitað á þeim forsendum, að það sé óþarft að gera þar sérstakar ráðstafanir, þá er hér borin fram sérstök till. um þennan landshluta. Þó að þörfin sé þar mikil og sjálfsagt sé að sýna þessari till. vinsemd og líta á það, sem hún byggist á, vil ég endurtaka það, að ég er ekki viss um, að þarna sé heppilega að málum unnið.

Hinir fornu Rómverjar lögðu undir sig mikinn hluta heimsbyggðarinnar, sem þá var kölluð. Þeir lögðu undir sig stór lönd og smá, fámennar þjóðir og fjölmennar, voru sjálfir ekki mjög fjölmennir. Þeirra veldi gekk út frá einni borg og einu litlu ríki á Ítalíu. Þeir byrjuðu á því að leggja undir sig smáríkin á Ítalíu, og síðan lögðu þeir undir sig hin meiri þjóðlönd norðar í álfunni og hinum megin við Miðjarðarhafið. Þeir unnu oft bug á þjóðum, sem voru miklu fjölmennari en þeir voru sjálfir, og tókst að stjórna þeim og gera þær sér skattskyldar öldum saman. Í þessari baráttu fyrir yfirráðum varð til kjörorð, sem frægt er orðið í sögunni, kjörorð drottnarans. Ég skal ekki segja um það, hvort það hefur verið Sesar, sem fann það upp, þegar hann var að leggja undir sig Gallíu, eða einhver annar af stjórnvitringum eða spekingum Rómverja, en kjörorðið hljóðaði á þeirra tungu: — Divide et impera, — sem útleggst á voru máli: Deildu og drottnaðu. Inntak þessa kjörorðs var það, þegar við þjóð var að eiga, að mismuna landsmönnum, gera eitthvað fyrir eitthvert hérað, eitthvert byggðarlag í landinu, sem hefði þær verkanir, að

hin byggðarlögin kæmust á þá skoðun, að þjóðin væri klofin, og fyndist, að þeirra hlutur væri fyrir borð borinn. En það hérað, sem hlunnindin hlaut, var náttúrlega annarrar skoðunar, og yfirþjóðin leit svo á, að það hérað mundi verða henni hlynnt, og þá var komin upp sundrung milli þeirra, sem áttu að standa saman.

Þó að þessi till., sem hér liggur fyrir, sé sjálfsagt vel meint og ég vilji ekki láta hana á neinn hátt gjalda þeirrar skammsýni, sem hér hefur komið fram út af öðru stærra máli, þá minnir hún mig óþægilega á hina rómversku aðferð. Af öllum landshlutum, sem eiga þetta sameiginlega vandamál, er lagt til, að einn sé tekinn út úr og honum hjálpað, hinum ekki. Ég veit, að þetta vakir ekki fyrir hv. flm., en einhvern veginn dettur mér þetta í hug, þegar ég sé þessa till. um að leysa hluta af þeim mikla vanda, sem landsbyggðin er í. Og ég vil skjóta því til hv. flm. fyrst og fremst og þá einnig til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar og væntanlega verður sú nefnd, sem ég á reyndar sæti í, hvort mönnum fyndist það ekki eðlilegt, að þegar búið er að gera þessa áætlun um Vestfirði, — við skulum segja, að hún væri gerð fyrst, — þá væri í till. einnig gert ráð fyrir því, að haldið væri áfram og gerðar slíkar áætlanir fyrir hina landshlutana. Alls staðar er þessi þörf fyrir hendi. Ég veit um sveitarfélög, t. d. í mínu kjördæmi, þar sem menn berjast í bökkum, þar sem býlunum hefur fækkað svo mjög, að menn eru í vandræðum með að smala afrétti þar t. d., og það er nú svo, að þegar þeim fækkar, sem geta borið byrðarnar, þá verða byrðarnar þyngri á þeim, sem eftir eru. Þær verða þyngri á þeim, sem eftir eru, og þá geta þær haldið áfram að þyngjast, þangað til menn geta ekki borið þær lengur. Norðarlega á Austfjörðum er lítill fjörður, sem hefur verið byggður síðan á landnámstíð og verið sérstakur hreppur. Það er ekki í mínu kjördæmi, en ég þekki til þess samt. Þar eru íbúarnir eitthvað innan við 20. Þó er þetta grösug sveit og hefur margt fram að bjóða. Svona er þetta víðar. Svona er þetta, held ég, í flestum landshlutum, einhver dæmi, sem líkjast þessu, nema hér, þar sem fólkið hefur þjappazt saman.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi aðeins nota tækifærið til þess að vekja athygli á því, að hér er í raun og veru verið að ræða eina grein af því máli, sem var hér til umr. áður í Nd. og var vísað þá frá sem óþörfu. Og af því að nú er verið að ræða þessa grein af því stóra máli, þá fannst mér eðlilegt að rifja hér upp ýmis atriði í sambandi við meðferð þessa stóra máls og benda á það, sem þessi till. gefur tilefni til í því sambandi. En þó að ég hefði kosið, að það mál hefði hlotið aðra afgreiðslu hér á Alþingi að þessu sinni, og þó að ég trúi því og viti, að það muni hljóta aðra og betri afgreiðslu seinna, þá álít ég samt, að rétt sé að taka vel þessari till., sem hér liggur fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allhn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 402, n. 667).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þáltill. á þskj. 402 hefur verið athuguð af allshn., og leggur hún til á þskj. 667, að gerðar séu nokkrar breytingar á till.

Það mætti að sjálfsögðu ræða margt um það mál, sem hér er til umr., en með því að það fylgir till. ýtarleg grg. ásamt skýrslum, sem birtar eru sem fskj., og það var gerð ýtarleg grein fyrir henni í framsögu, er ekki rétt að fara mörgum orðum um till. við þessa umr.

Brtt., sem gerð er í n., er, að á eftir orðinu „atvinnubótasjóðs" komi: og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórn. Þá kemur 1. liður till. til með að orðast þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Framkvæmdabanka Íslands að semja 5 ára áætlun í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórn til stöðvunar fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi."

Mér þykir rétt að taka hér fram, að þó að hér sé aðeins átt við eitt kjördæmi, þá er þess vænzt, að þann árangur, sem fæst af þeirri rannsókn, sem hér fer fram, og þeim áætlunum, megi síðar nota sem uppistöðu í öllum þeim hlutum í landinu, þar sem fólksfækkun hefur orðið, og með þeim fyrirvara eru allir nm. sammála um, að till. verði samþykkt eins og lagt er til á þskj. 667.

ATKVGR.

Brtt. 667 samþ. með 36 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 731).

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga [42. mál] (A. 42).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 9., 11. og 14. fundi í Sþ., 31. okt., 7., 9. og 21. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Þar sem 1. flm. þessarar till. á nú ekki sæti á Alþingi, tel ég rétt að fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum. Að vísu get ég sparað mér að flytja langt mál, vegna þess að till. hefur nokkrum sinnum áður legið fyrir hv. Alþingi. Eins og segir í grg., var hún flutt efnislega svipuð þessari till. í fyrsta skipti á Alþingi 1937 og var þá samþ. og kosin nefnd, en af störfum þeirrar n. mun lítið eða ekkert hafa orðið. Síðustu árin hefur till. einnig nokkrum sinnum verið flutt hér á hinu háa Alþingi, en hefur ekki hlotið endanlega afgreiðslu. Hv. þm. eru því ljós þau rök, sem fyrir henni liggja, af málflutningi um hana á undanförnum þingum, og sé ég því ekki ástæðu til að þreyta menn með langri ræðu, enda er í grg. að finna nánari skýringu á því, hvað felst í því hugtaki, sem hér er um að ræða.

Það er öllum hv. þm. áreiðanlega ljóst og allir sammála um, að það er hið stærsta vandamál í sambandi við þróun efnahagsmála, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur í flestum öðrum löndum, hvernig á að finna leið til þess, eins og kallað er, að sætta fjármagn og vinnu. Það eru eilíf átök um það, hvernig skipta eigi afrakstri atvinnuveganna. Illvígar deilur eru háðar og verkföll oft og tíðum, sem valda stórfelldu tjóni, og loks hitt, sem ekki er síður alvarlegt, að með þessum átökum öllum er hindruð oft og tíðum eðlileg þróun efnahagslífsins, og þessi átök hafa, eins og við öll vitum, í okkar þjóðfélagi valdið því, að hvað eftir annað hefur orðið að gefast upp við það að stöðva verðbólguþróun í landinu. Ég er með þessum orðum ekki að saka einn né neinn um að eiga orsök eða vera valdur öðrum fremur að þessu ástandi mála, en ég held, að það geti engum dulizt, að þetta ástand er óviðunandi og er stærsta vandamálið, sem við er að glíma í sambandi við okkar efnahagsþróun í dag. Það hefur verið bent á ýmsar leiðir til þess að sætta fjármagn og vinnu. Sumir hafa talið að það væri eðlilegt, að hið opinbera ræki atvinnufyrirtækin, og þá mundi þessi deila verða úr sögunni. Ég hygg, að reynslan hafi sýnt, að það er engin lausn á málinu, nema menn séu reiðubúnir til að taka upp þjóðskipulag, sem hindrar rétt verkalýðsins til þess að ráða sjálfur kjaramálum sínum. Það hafa einnig komið fram fleiri hugmyndir í þessa átt. Það hefur verið talað á síðustu árum sérstaklega um þann möguleika að koma upp svokölluðum almenningshlutafélögum, þar sem hinn almenni þjóðfélagsborgari ætti beina aðild að atvinnurekstrinum og þannig skapaðist annað viðhorf hjá almenningi til afkomu atvinnuveganna og kröfusjónarmiðin yrðu þar af leiðandi ekki eins sterk og þau ella eru.

Einn þáttur í þessum hugmyndum er sú leið, sem bent er á í þessari till. Ég skal fúslega játa, að ég er ekki reiðubúinn til að fullyrða, að hve miklu leyti þessi lausn mála gæti orðið að gagni til þess að leysa þetta mikla vandamál. Hér er gert ráð fyrir því, að þetta verði reynt að leysa eftir frjálsum leiðum án allrar þvingunar og á þann veg, að starfsmenn fyrirtækja eignist beina aðild að fyrirtækjunum, bæði hlutdeild í rekstri þeirra og einnig í arði fyrirtækjanna, ef honum er til að dreifa. Með þessu er hugsunin sú, að það muni, ef starfsmennirnir eru beinir aðilar að fyrirtækjunum, leiða til þess, að áhugi þeirra

á velgengni fyrirtækjanna verði meiri og þar af leiðandi líkur til, að afkoman verði betri.

Það er eitt, sem mér virðist að launþegasamtök og verkalýðshreyfing hér á Íslandi hafi ekki nægilega gert sér grein fyrir, en t. d. er mjög opinn skilningur á í Bandaríkjunum, hjá verkalýðssamtökum þar, og það er þessi staðreynd, sem aldrei verður fram hjá komizt, að það er að sjálfsögðu undirstaðan undir velgengni launþeganna eða verkamanna við fyrirtæki, að fyrirtækinu vegni vel. Því er það, að hin sterku verkalýðssamtök Bandaríkjanna hafa beinlínis á sínum vegum bæði hagfræðilegar rannsóknarstofnanir og jafnvel rannsóknarstofur af öðru tagi til þess að kanna, með hverjum hætti sé auðið að auka arð og bæta afkomu fyrirtækjanna og leggja þannig raunhæfan grundvöll að kröfum um kjarabætur og launahækkanir, því að þessi samtök gera sér það ljóst, sem auðvitað er staðreynd, sem aldrei verður fram hjá gengið, að ef kjarabæturnar eiga að verða raunverulegar, þá verður atvinnureksturinn að geta staðið undir þeim, þ. e. a. s. það verður að vera fyrir hendi sú aðstaða, að annaðhvort verðlag vara hafi hækkað eða hægt sé að auka og bæta framleiðnina og þannig auka arð fyrirtækjanna. Þetta hygg ég að væri ákaflega æskilegt að launþegasamtök hér á landi gæfu meiri gaum, og það má vera, að sú hugmynd, sem einnig er þáttur í þessu máli, að koma á fót svokölluðum samvinnu- og samstarfsnefndum launþega og vinnuveitenda, geti eitthvað orkað í þessa átt, og er það vel. En sem sagt, þessi till., sem hér er flutt, er um það að láta athuga til hlítar, hvort hægt sé að hagnýta með góðum árangri til lausnar þessu vandamáli þetta tiltekna form, sem hér er um rætt. Það er gert ráð fyrir því, sem er auðvitað sjálfsagt til þess að fá eðlilega athugun á málinu, að haft sé samráð við bæði samtök launþega og vinnuveitenda, því að hér er gert ráð fyrir, eins og ég áðan sagði, að þetta kerfi byggist á frjálsum samtökum, en ekki þvinguðum, og án skilnings vinnuveitenda og launþega er auðvitað tilgangslaust að fara á stúfana með svona hugmyndir. Ég held engu að síður, að það væri mjög hyggilegt, — því að það verður að telja, að einskis megi láta ófreistað til þess að leysa þetta stóra vandamál, — að sú athugun fari fram, sem gert er ráð fyrir í þessari till., og vil ég leyfa mér að vænta þess, að hv. alþm. geti á það fallizt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn. til athugunar.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að andmæla á neinn hátt þessari till., sem hér liggur fyrir, og ég mun fyrir mitt leyti samþykkja hana til athugunar í nefnd. Ég hefði að vísu ef til vill kosið svolítið annað orðalag á till. Það segir í upphafi hennar: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka og gera till. um, hvar og hvernig megi bezt koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi í atvinnurekstri Íslendinga.“ Ég hefði frekar kosið, að talað hefði verið um að láta rannsaka og gera till. um, hvort hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagið teldist henta hér á landi eða ekki, hvort það teldist hagkvæmt eða heppilegt.

Ég stend aðallega upp til þess að inna hv. frsm. eftir því, hvort hann geti frætt okkur um það, hvernig reynslan sé af þessu fyrirkomulagi erlendis. Ég sé á greinargerðinni, að þegar árið 1937 er fullyrt, að fengin hafi verið mikil reynsla erlendis í þessum efnum. Þess er að vísu ekki getið, hvort sú mikla reynsla sé góð eða ill, aðeins talað um, að þá hafi þegar verið fengin mikil reynsla. Nú eru nokkrir áratugir liðnir síðan, og ég spyr, af því að ég er ófróður um þetta: Hver er reynslan af þessu í dag? Hefur þetta rutt sér til rúms víðs vegar í lýðræðislöndum og hvar þá helzt?

Ég hef hins vegar orðið þess var, að mér finnst á því, sem ég hef lesið um þessi mál í erlendum blöðum og tímaritum, að menn standi uppi enn í dag eiginlega ráðalausir gagnvart vandamálinu: missætti, tortryggni á milli atvinnurekenda og launþega. Eins og hv. frsm. tók fram, hafa ýmsar aðrar leiðir verið reyndar, almenningshlutafélög, samstarfsnefndir launþega og atvinnurekenda í fyrirtækjunum. En ég held, að árangur af öllum þessum tilraunum sé víðast hvar talinn mjög neikvæður. Þetta hefur engan árangur borið. Ég hef líka heyrt um skýringar á þessu. T. d. mun þetta mál hafa verið talsvert rætt í Danmörku seint á s. l. sumri. Þaðan heyrði ég, að menn hefðu skýringar á þessu. Þó að einhver góð leið virtist vera fundin til að sætta fjármagnið og vinnuna, þá kæmi fyrr eða síðar í ljós, að sú leið væri ekki fær, — og hvers vegna? Vegna þess að launþegarnir hafa alltaf orðið varir við það, þegar reynsla kemur á þessa hluti, að þetta er ekki gert fyrir þá, heldur fyrir fjármagnið. Nú kann vel að vera, að í þessum till. felist eitthvað jákvætt, því að þar er gert ráð fyrir jafnvel ákvörðunarrétti starfsmannanna um stjórn á fyrirtækinu. Og ef það væri framkvæmt, ef starfsmenn fyrirtækis fengju að hafa fullan ákvörðunarrétt til jafns við atvinnurekandann t. d. eða eilítið meira, þá er ég viss um, að búast mætti við góðum árangri. Við vitum ósköp vel, að launþegar, starfsmenn í fyrirtækinu, þeir eru eins og dauðar vélar, sem framleiða eins og fyrir þá er lagt. Þeim er sagt að framleiða þetta eða hitt. Þeir eru ekki spurðir um álit á því, hvort þeim finnist þetta vera þörf framleiðsla eða kannske skaðleg framleiðsla. Þeir eru ekki spurðir um það. Það er jafnvel til, að fyrirtæki láti framleiða, við skulum segja barefli, táragas eða eitthvað slíkt til þess að beita á starfsmönnunum með síðar, ef á þarf að halda, svo að það er ekki við góðu að búast, eins og er. En ég held, að fálmaðgerðir í þessu máli hafi litla

þýðingu. Ég held, að það sé búið að reyna þetta, ef ekki hér, þá erlendis.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en vil aðeins endurtaka fyrirspurn mína um það, hvort hv. frsm. geti upplýst mig um það, og okkur, hvernig reynslan er af þessu fyrirkomulagi, sem hér er um að ræða, sem var talin mikil þegar árið 1937 og hlýtur því að vera enn meiri nú.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er ósköp eðlilegt, að fram komi þær hugleiðingar, sem hér hafa komið fram hjá hv. 9. þm. Reykv., út af þessu máli. Ég hef því miður ekki hér við höndina skýrslu, sem er til um þetta mál, þar sem skýrt er frá reynslu sem hefur orðið af þessu í ýmsum löndum. Það eru víða í löndum starfandi fyrirtæki, sem hafa reynt þetta fyrirkomulag, og hefur verið talið, að það hafi gefið góða raun. En það skal hins vegar játað, að sums staðar hefur það ekki gert það, eftir því sem þessi gögn sýna. Og það er auðvitað sjálfsagt, að sú nefnd, sem fær þetta til athugunar, fái þær upplýsingar í hendur. En af því að ég hef ekki þessi gögn við höndina, verð ég að biðja hv. fyrirspyrjanda að afsaka það, að ég þori ekki að fara með tölur í því sambandi eða nefna nöfn fyrirtækja, til þess að ekki sé hætta á, að það fari á milli mála. En hitt er alveg rétt, sem hann sagði og ég tók enda fram í minni ræðu áðan, að ég hefði enga tröllatrú á þessu sem nokkurri allsherjarlausn á þessu vandamáli, heldur væri hér aðeins um að ræða tilraun, sem sjálfsagt væri að athuga, hvort ekki gæti hentað hér, því að hún hefur víða verið gerð, eins og ég sagði og segir í grg., og allvíða með góðum árangri. En mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þetta muni reynast eitthvert allsherjarbjargráð til lausnar þessu mikla vandamáli. Þá væri vandamálið miklu auðleystara en það í raun og veru er, því að það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að vandinn í þessu öllu saman er tortryggnin, sem er á milli vinnuveitandans og launþegans. Og það hefur verið andstaða gegn þessu fyrirkomulagi ekkert síður frá vinnuveitendum en frá launþegum, vegna þess að það er sannarlega ekki víst, að menn kæri sig um að gefa starfsmönnum aðild að fyrirtækjum. Og það veldur auðvitað **alltaf** ágreiningi, hvað sú aðild á að vera mikil og hvernig þetta fyrirkomulag er framkvæmt.

Þetta getur litið allt saman ágætlega út á pappír, en getur orðið allt annað upp á teningnum, þegar á að fara að framkvæma það. Og ég skal fúslega fallast á það, sem hv. þm. sagði, að það væri heppilegra að orða till. þannig að láta rannsaka, hvort þetta fyrirkomulag henti hér eða ekki, heldur en að slá því föstu, að það skuli aðeins athugað, hvernig eigi að innleiða það. Það kann vel að vera að það komi í ljós, að það sé ekki grundvöllur undir því að fá samkomulag vinnuveitenda og launþega um þetta skipulag. Og ég læt mér ekki heldur detta í hug, að það muni verða nein allsherjarlausn, heldur muni það fyrst í stað vera á takmörkuðu sviði og hjá einstökum fyrirtækjum. Það hafa verið gerðar hér ýmsar tilraunir í þessa átt, t. d. eins og með ákvæðisvinnu og jafnvel á vissan hátt með arðþátttöku. Það eru til dæmi þess hér. Það hefur verið talið gefa góða raun, þar sem það hefur verið reynt. En það er alls ekki víst, að það gefi alls staðar góða raun. Þetta fer eftir því, hverjir eru aðilar að fyrirtækjunum, og er auðvitað mjög komið undir því, hvernig eðli fólksins er, sem að þessu vinnur og fyrirtækjunum stjórnar og ræður, hvort hægt er að framkvæma þetta eða ekki, því að það, sem fyrst og fremst veltur á, er, að hér sé hægt að skapa gagnkvæmt traust og hvorugur aðilinn telji, að með þessu kerfi sé verið að hlunnfara hann. Ef sú tilfinning er fyrir hendi, að hér séu menn aðeins að finna upp eitthvert tæki til að blekkja annan aðilann eða hlunnfara, þá er auðvitað málið vonlaust.

Það er mjög eðlilegt, að sú spurning vakni, og það má segja, að það sé neikvætt með þetta skipulag, sem hér er, hvernig á því stendur, að það skuli ekki almennt hafa rutt sér til rúms, frá því að fyrst var farið að framkvæma þetta. Og vissulega virðist það fljótt á litið sýna, að þetta sé ekki mjög heppileg leið. En ég er ekki alveg viss um, að það þurfi að vera nein sönnun þess, vegna þess að eins og hv. þm. sagði, þá er hér við að glíma svo mikla tortryggni, að það getur vel verið, að um sé að ræða raunverulega heppilega lausn, ef hægt yrði að skapa hið rétta andrúmsloft, og þó að ekki hafi tekizt að skapa það enn, þá geti þessi leið leitt til góðs, ef tekst að fá hinn rétta anda frá báðum aðilum málsins til hugmyndarinnar. Hvað sem þessu líður og þó að segja megi, að það séu gagnrök í málinu, að þetta hafi ekki leitt til þess, að þetta úrræði hefði rutt sér til rúms á þessum áratugum, frá því að fyrst var farið að gera tilraun með það, það geti talað gegn málinu, þá tel ég það ekki vera rök fyrir því að sinna ekki þessari hugmynd, einmitt af þessum ástæðum, sem ég tilgreindi, að hér er við að glíma svo erfiða tortryggni milli þessara tveggja höfuðþátta í atvinnurekstrinum, að það getur vel átt sinn þátt í því, að ekki hefur verið reynt fyrirkomulagið, þótt það að öðru leyti gæti verið til góðs. Og ég held, að þrátt fyrir það, þó að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið bæði á þessu sviði og mörgum öðrum til þess að leysa þennan vanda með því að uppræta tortryggnina og skapa sem nánast samstarf milli vinnuveitandans og launþegans, — þrátt fyrir alla þessa erfiðleika mega menn ekki gefast upp á að reyna að leysa þetta vandamál, því að ef við gerum það, þá sé ég ekki með góðu móti, að það sé hægt að vænta þess, að yfirleitt sé hægt að skapa heilbrigt efnahagskerfi, sem leggi grundvöll að raunhæfum og eðlilegum framförum. Og það er sannarlega svo mikið í

húfi, að það sé hægt að leysa þetta alvarlega vandamál, sem er alvarlegasta vandamál í okkar efnahagslífi, að það má einskis láta ófreistað, sem hugsanlegt væri til úrlausnar vandanum. Ég er því ákveðið þeirrar skoðunar, þótt ég hafi enga tröllatrú á því, að þetta sé endilega nein lokalausn á þessum vanda, að þá sé rétt að athuga málið gaumgæfilega og hleypidómalaust og rannsaka, hvort hér geti þó ekki verið leið, sem ásamt öðrum leiðum kunni að vera skref að því marki að uppræta þessa alvarlegu tortryggni, sem hér er vissulega til staðar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því enn betur en gert hefur verið, að þetta mál á merkisafmæli um þessar mundir. Það á 25 ára afmæli. Það var 1937, sem það var borið fram, þá á haustþinginu, og það hlaut afgreiðslu einhvern tíma fyrir áramótin. Þar var í till., sem samþ. var, ákveðið, að það skyldi kjósa 5 manna nefnd á Alþingi til að athuga þetta mál. Og það var gert, áður en þingi var slitið þá. Í þessa nefnd voru kosnir 2 sjálfstæðismenn, einmitt þeir sömu þm. sem flutt höfðu till., 1 Alþýðuflokksmaður og 2 menn frá Framsfl., og ég var annar þeirra.

Svo gerðist það milli jóla og nýárs 1937, að nefndin kom saman til fyrsta fundar hér í þinghúsinu, í svonefndu ráðherraherbergi. Þar var kosinn formaður nefndarinnar, annar fulltrúi Sjálfstæðisfl., annar þeirra, sem höfðu flutt till., og ritari var kosinn fulltrúi Alþfl. Svo hvarf það ár í aldanna skaut, án þess að fleira gerðist í málinu, og ég var alltaf að búast við því, að formaðurinn mundi kalla nefndina saman til annars fundar til að athuga málið. En árin liðu hvert af öðru, en aldrei kom fundarboð frá formanni.

Nokkrum árum eftir þetta gerðist það, að einn af meðnefndarmönnum mínum, annar fulltrúi Sjálfstfl., fluttist af landi brott vestur til Ameríku og hefur verið þar síðan. Og nokkrum árum þar á eftir féll hinn fulltrúi Sjálfstfl. frá, en engir voru tilkvaddir mér vitanlega í nefndina í þeirra stað og þess vegna aldrei haldinn nema þessi eini fundur í nefndinni.

Það má vel vera, að mér hefði borið og hinum tveim nefndarmönnunum, sem hafa verið hér á landi alltaf og erum á lífi eftir þessi 25 ár, að vinna eitthvað í nefndinni, þó að formaðurinn væri farinn. En það verður að játa, að það hefur ekki orðið. Við höfum ekkert gert í þessu.

Ég vildi nú aðeins rifja upp þessa sögu málsins, og svo vil ég flytja þá ósk til afmælisbarnsins, að það fái greiða og góða ferð inn í þingnefndina, sem frsm. gerði að till. að fengi það til athugunar, og verði þar gaumgæfilega athugað.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 42, n. 318).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta mál allýtarlega og er sammála um, að æskilegt sé, að athugun verði látin fara fram á því, hvort hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag henti íslenzku athafnalífi. Er það skoðun n., að eðlilegt sé, að mþn. sú, sem nú vinnur að athugun á lengd vinnutíma og fleiri atriðum og úrræðum til þess að bæta sambúð vinnuveitenda og launþega, taki þetta mál einnig til meðferðar. Það er því till. allshn., að till. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún beini því til fyrrgreindrar nefndar að taka efni hennar til athugunar.

Allshn. fékk umsögn um till. frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Alþýðusambandi Íslands, Iðnaðarmálastofnuninni og Félagi ísl. iðnrekenda. Enda þótt skoðanir þessara aðila séu nokkuð skiptar um till., sumir mæltu með henni og aðrir töldu hana ekki tímabæra, kom þó sú skoðun fram hjá öllum þessum aðilum, að nauðsynlegt sé að freista nýrra leiða til þess að sætta vinnu og fjármagn og koma í veg fyrir árekstra á vinnumarkaðinum.

Af hálfu okkar flm. till. leyfi ég mér aðeins að láta þá ósk og von í ljós, að sú mþn., sem fær till. til athugunar, kynni sér þau sjónarmið sem bezt, er fram koma í henni, og rökstuðning þann, sem till. fylgir.

Það er að sjálfsögðu skoðun okkar, að margar fleiri leiðir en hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri megi fara til þess að draga úr þeirri tortryggni, sem ríkt hefur og ríkir enn milli verkalýðs og vinnuveitenda í þessu landi. Í því sambandi má t. d. nefna aukna ákvæðisvinnu, stofnun almenningshlutafélaga, samstarfsnefndir launþega og atvinnurekenda, ýmiss konar vinnuhagræðingu og sameiginlega hagstofnun launþega og vinnuveitenda, sem fylgist með greiðslugetu atvinnuveganna og tryggi réttmæta hlutdeild launþega í aukinni framleiðslu. Kjarni málsins er að okkar áliti sá, að ekki megi láta þess ófreistað að leggja út á nýjar leiðir til þess að bæta sambúð verkalýðs og vinnuveitenda og koma í veg fyrir þá óheillavænlegu árekstra, sem sífellt eru að verða milli þessara aðila og kosta þjóðfélagið gífurlegt fjármagn og baka því stórkostlegt tjón. Í nútímaþjóðfélagi megum við ekki einblína til liðins tíma, úrræða hans og aðferða. Við megum ekki hika við að fara nýjar leiðir, sem betur kunna að henta og samhæfast breyttum viðhorfum og nýjum tíma.

N. mælir með því, að till. verði vísað til hæstv. ríkisstjórnar.

Umr. frestað.

Á 35. og 37. fundi í Sþ., 6. og 8. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í fjarveru minni við störf í Norðurlandaráði bar varamaður minn, Sigurður Bjarnason, ásamt tveimur öðrum þm. fram þáltill. á þskj. 42, þess efnis, að Alþingi skori á ríkisstj. að láta rannsaka og gera till. um, hvernig megi bezt koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi í atvinnurekstri Íslendinga og á hvern hátt þing og stjórn geti starfað að eflingu slíks fyrirkomulags. Hafa slíkar till. verið bornar áður fram af sömu hv. þm., þótt þær hafi ekki verið útræddar. Ætlazt er til þess, að hægt sé að koma á slíku arðskiptifyrirkomulagi, að það á einhvern hátt mildi þá baráttu, sem stendur um skiptingu arðsins á milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda og oft hefur valdið mikilli stöðvun í atvinnurekstri og stórkostlegu tjóni og margvíslegu böli. Væri sannarlega gleðilegt, ef hægt væri að koma á einhverju því fyrirkomulagi, sem gæti bætt úr þeim skaða, sem þeir árekstrar milli atvinnurekenda og atvinnuþiggjenda valda þjóðinni.

Þessi till. var send til hv. allshn. til athugunar. Hún var send til umsagnar til Vinnuveitendasambands Íslands, til Vinnumálasambands samvinnufélaganna, til Alþýðusambandsins, til Iðnaðarmálastofnunar og Félags ísl. iðnrekenda. Eru skoðanir þessara aðila nokkuð skiptar um till., en allir telja þeir þó, að það sé nauðsynlegt að freista nýrra aðferða til þess að sætta fjármagn og vinnu og koma í veg fyrir árekstra á vinnumarkaðinum, og það er raunverulega höfuðtilgangur till. Hvort unnt er að gera það á þann hátt, sem farið er fram á í till., verður engu spáð um, fyrr en gerðar hafa verið um það raunhæfar tilraunir. En nú er það svo, að sett hefur verið nefnd til þess að athuga, hvernig þetta megi verða, og það er skoðun allshn., að sú nefnd, sem vinnur að athugun á lengd vinnutíma og öðrum hugsanlegum úrræðum til þess að bæta sambúð vinnuveitenda og vinnulaunþega, taki einnig þetta mál til athugunar. Og í trausti þess, að svo verði gert og það verði krufið til mergjar af þeim mönnum, sem með þessi vandamál fara, leggur n. einróma til, að till. sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 318 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 33 shlj. atkv.

---

2. Launabætur af ágóða atvinnufyrirtækja.

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um launabætur til starfsfólks af ágóða atvinnufyrirtækja [52. mál] (A. 52).

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 11. og 14. fundi í Sþ., 7., 9. og 21. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 52 hef ég leyft mér að leggja fram till. til þál. á þá leið, að Alþingi skori á ríkisstj. að láta athuga, hvort fært sé að setja löggjöf, er geri atvinnufyrirtækjum, sem rekin eru með hagnaði, skylt að verja hluta af ágóða sínum til launauppbóta handa verkamönnum, verkakonum og öðru starfsfólki, sem vinnur í þjónustu þeirra. Það er mjög fátítt í íslenzku atvinnulífi, að atvinnurekandinn greiði verkafólki sínu hluta af hagnaðinum af atvinnurekstrinum í beinar launabætur. Laun manna ákvarðast yfirleitt af kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga, og fyrirtæki í sömu atvinnugrein borga almennt sömu laun án tillits til þess, hvort þau skila hagnaði eða eru rekin með tapi. Að vísu á það sér oft stað, að menn séu yfirborgaðir, en þær yfirborganir grundvallast ekki á hlutdeild í arði eða ágóða, heldur stafa þær fyrst og fremst af mikilli eftirspurn eftir vinnuafli í vissum starfsgreinum.

Þegar atvinnufyrirtæki skilar ágóða, hlýtur sú ágóðamyndun að nokkru levti að vera að þakka þeirri vinnu, sem starfsfólk fyrirtækisins hefur látið því í té. Þess vegna er sanngjarnt, að starfsfólkið fái auk launa sinna að njóta nokkurrar hlutdeildar í ágóðanum. Þetta fyrirkomulag hefur það til síns ágætis, að það verða ekki einungis stjórnendur og eigendur fyrirtækjanna, sem hafa hagsmuni af því að leggja sig fram um, að atvinnurekstrinn skili hagnaði, heldur einnig verkafólkið, sem hjá fyrirtækjunum starfar. Oft er það svo, að starfsfólkið sér ýmsa annmarka í rekstri fyrirtækis, sem það lætur liggja í þagnargildi, af því að það hefur enga hagsmuni af því að bæta þar úr, og á það yrði oft litið sem óþarfa afskiptasemi. En þetta mundi breytast mjög, ef ágóðahlutdeildarfyrirkomulagið yrði tekið upp. Í kjölfar þess fyrirkomulags mundi sennilega fylgja réttur verkafólks til íhlutunar um stjórn og rekstur atvinnufyrirtækjanna, en það mundi að jafnaði þýða betri stjórn og betri rekstur, en það yrði öllum aðilum til góðs, verkafólki, atvinnurekendum og þjóðfélaginu í heild.

Í sambandi við þessa till. hlýtur sú spurning að rísa, hvað sé ágóði. Að vísu væri sjálfsagt heppilegast að láta þeim eftir að skilgreina ágóðahugtakið í þessu sambandi, sem fengju það hlutverk að undirbúa væntanlega löggjöf, ef till. þessi verður samþykkt. Einna nærtækast virðist mér þó að miða við skattskyldan ágóða, þótt það kunni að vera ófullnægjandi gagnvart samvinnufélögum og atvinnufyrirtækjum ríkisins og sveitarfélaga, en allir þessir aðilar hafa sérstöðu um skattaálagningu.

Mér hefur ætíð virzt, að samvinnuhreyfingunni væri of þröngur stakkur skorinn með því að einskorða samvinnurekstur og arðgreiðslu í sambandi við hann eingöngu við verzlun og viðskipti eða framleiðslu. Samvinnustefnan hefur ekki náð inn á svið kjaramálanna. Þegar kaupfélag t. d. sýnir ágóða í árslok og greiðir arð til félagsmanna sinna, væri sanngjarnt, að einhver hluti af þeim arði rynni til starfsmanna kaupfélagsins sem launabætur, en slíkt hefur aldrei átt sér stað, svo að mér sé kunnugt um. Sama mætti reyndar segja um ýmsan annan samvinnurekstur, t. d. verksmiðjurekstur.

Till. mín, sem hér er til umr., má því að vissu marki skoðast sem tilraun til að auka gildi samvinnustefnunnar og færa hana yfir á nýtt svið, svið vinnumálanna. Eins og ég hef gert grein fyrir í þeirri grg., sem till. fylgir, er með þessari till. verið að þreifa fyrir sér um nýja leið í kjaramálum, leið til að sætta vinnu og fjármagn, leið, sem gæti dregið úr vinnustöðvunum og verkfallsfórnum, leið, sem gæti skapað heilbrigðan grundvöll fyrir árangursríkum kjarabótum. Sérstaklega vil ég benda á, að þær launabætur, sem fengjust með þessum hætti, leiða ekki af sér verðhækkanir og ýta því ekki undir verðbólguþróun, og á þessu sviði geta atvinnurekendur ekki heldur borið því við, að reksturinn standi ekki undir kauphækkunum.

Á síðasta þingi var samþykkt þáltill. þess efnis, að vinna skuli að því að koma á raunhæfum 8 stunda vinnudegi verkafólks. Var jafnframt kosin nefnd til að leysa þetta verkefni. Vafalaust er hlutverk þessarar nefndar erfitt, og það verður sjálfsagt ekki leyst nema beita samhliða margvíslegum ráðum. Launabætur til verkafólks af arði atvinnufyrirtækja eru eitt þeirra ráða, sem ég tel nærtækt að reyna til að komast áleiðis að því marki að koma á raunverulegum 8 stunda vinnudegi.

Menn kynnu að spyrja, hvort ekki væri eðlilegra, að hlutdeild starfsmanna í ágóða atvinnufyrirtækjanna væri komið á með frjálsum samningum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda, fremur en með lagasetningu. Þessu er til að svara, að ýmsir vinnuveitendur svo og hluti af verkalýðshreyfingunni er íhaldssamur í því efni að ryðja nýjar brautir í kjaramálum. Það er því ekki líklegt, að samningar tækjust þar á milli um svo yfirgripsmikið mál, sem þarf mjög mikinn undirbúning, heldur þurfi atbeini ríkisvaldsins og löggjafarvaldsins þar til að koma. Auk þess verður á það að líta, að af hálfu launþega er samningsrétturinn ekki á hendi fárra, en stórra sambanda, heldur er hann dreifður á milli hátt á annað hundrað verkalýðsfélaga. Heildarsamningar mega því heita ógerlegir, en launabótafyrirkomulaginu verður ekki komið á með því að semja út af fyrir sig við hverja starfsstétt á hverjum stað. Þetta gerir sömu niðurstöðu og áður, að málið verður að leysa á heildargrundvelli með tilstyrk ríkisvaldsins.

Mér er vel ljóst, að lagasetning um launabætur til verkafólks af ágóða atvinnufyrirtækjanna er umfangsmikið og vandasamt mál, sem krefst mikilla rannsókna og margs konar undirbúnings. Í því efni geta komið fram margvísleg sjónarmið, þar sem erfitt verður að velja og hafna. Út í þá hluti ætla ég ekki að fara.

Hér er fyrst og fremst um það að ræða, hvort hv. alþm. aðhyllast þá grundvallarhugmynd, að verkafólki beri auk venjulegra launa réttur til að fá greiddan hluta af þeim arði, sem atvinnufyrirtækin gefa af sér. Hér á Alþingi hefur verið borin fram á þskj. 42 till. til þál. um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga, flutt af þremur hv. alþm. Sjálfstfl. Þessi till. gengur að nokkru í svipaða átt og till. mín um launabætur af ágóða atvinnufyrirtækjanna, þó að hin fyrrnefnda sé umfangsmeiri og ólíkari. Ég lít svo á, að í þessum málum verði að taka ákveðið byrjunarskref, en það er að lögfesta launabætur handa starfsfólki atvinnufyrirtækjanna af hagnaði þeirra. Næsta skrefið sé svo að veita verkafólki rétt til að taka þátt í rekstri og stjórn fyrirtækjanna og þar með sé málið að mestu leyti komið í höfn.

Launabæturnar og íhlutunarréttinn um stjórn og rekstur eiga starfsmennirnir að hljóta einvörðungu í krafti þess, að þeir leggi fram starfsorku sína og vinnu í þágu fyrirtækjanna. Í till. sjálfstæðismanna virðist mér hins vegar mikil áherzla lögð á það að gera starfsfólkið að meðeigendum fyrirtækjanna, en því er ég andvígur. Og ég tel, að starfsfólkið eigi ekki á nokkurn hátt að vera skuldbundið til þess að verja arði sínum eða launabótum til þess að kaupa hlutabréf í viðkomandi atvinnufyrirtæki. Það má ekki skilja orð mín svo, að ég sé því yfirleitt mótfallinn, að launþegar eigi hlut í atvinnufyrirtækjum. Þvert á móti væri slíkt æskilegt og hefur þegar átt sér stað í ríkum mæli í samvinnufélögunum. En aukinn grundvöllur fyrir eignaraðild launþega að atvinnufyrirtækjunum mundi fyrst og fremst skapast að mínum dómi með stofnsetningu almenningshlutafélaga. Á launþegum að vera alveg frjálst, hvort þeir verja hluta af launum sínum og launabótum til hlutabréfakaupa eða ekki, og á þeim að vera alveg í sjálfsvald sett, hvort þeir kaupa hlutabréf í þeim at-

vinnufyrirtækjum, sem þeir vinna hjá, eða ekki.

Þótt þannig sé allmikill munur á minni tillögu og till. þeirra sjálfstæðismanna, tel ég samt ekki útilokað, að sú hv. nefnd, sem fær till. þessa til meðferðar, geti sameinað það bezta úr báðum þessum till. og greitt á þann hátt fyrir því, að hin mikilvægu nýmæli á sviði efnahagsmála og kjaramála, sem eru borin hér fram, hljóti góðar undirtektir og örugga afgreiðslu.

Herra forseti. Ég legg svo til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33., 35. og 37. fundi í Sþ., 27. febr., 8. og 10. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 52, n. 319).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Till. þessi er á þskj. 52, borin fram af Jóni Þorsteinssyni, hv. alþm.:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að láta athuga, hvort fært sé að setja löggjöf, er geri atvinnufyrirtækjum, sem rekin eru með hagnaði, skylt að verja hluta af ágóða sínum til launauppbóta handa verkamönnum, verkakonum og öðru starfsfólki, sem vinnur í þjónustu þeirra."

Þessi till. fer raunverulega allmikið í sömu átt og sú till., sem ég ræddi um áðan, enda hefur það orðið niðurstaða hjá hv. allshn., að hún leggur til, að þessari till. verði á sama hátt vísað til hæstv. ríkisstj., í trausti þess, að hún feli þeirri mþn., sem um þessi mál fjallar, málið til athugunar. Þetta eru svo skyld mál, að það er eðlilegast, að þau lúti bæði hér sömu afgreiðslu. Það er því einróma till. allshn., að till. sé vísað til hæstv. ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. á þskj. 319 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 33 shlj. atkv.

3. Senditæki í gúmbjörgunarbáta.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um senditæki í gúmbjörgunarbáta [62. mál] (A. 62).

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 11., 14., 17. og 20. fundi í Sþ., 7., 9., 21. og 28. nóv., 12. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 29. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég flutti snemma á þessu þingi ásamt Ragnari Guðleifssyni till. til þál., sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða reglugerð um eftirlit með skipum með það fyrir augum að fyrirskipa, að gúmbjörgunarbátar verði búnir senditækjum."

Ég hygg, að það fari ekki á milli mála, að ein beztu öryggistæki, sem komið hafa í skip, séu sendi- og móttökutæki. Það fer ekki heldur á milli mála, að síðan farið var að nota gúmbjörgunarbáta, hafa þeir sannað gagnsemi sína í reynd. Hins vegar hafa gúmbjörgunarbátar þann ókost, eins og tekið er fram í grg. með þessari þáltill., að þeir sjást ekki vel langt að, og þá ber hratt yfir fyrir vindum og straumum vegna þess, hversu léttir þeir eru. Oft er það þannig, þegar slys ber að höndum, að ekki gefst tími til að gefa upp staðarákvörðun, þegar skip er yfirgefið, og það mundi þess vegna hafa mjög mikla þýðingu, ef hægt væri að koma fyrir í gúmbjörgunarbátunum tækjum, sem hægt væri að nota til að senda út með og gefa upp staðarákvörðun síðar. Nú er það hins vegar þannig, að gúmbjörgunarbátarnir verða að vera léttir og meðfærilegir, og þessi senditæki þurfa þess vegna að vera þannig útbúin, að þau séu fyrirferðarlítil og létt. Það munu vera komnar á markaðinn nokkrar tegundir af slíkum tækjum, en ekkert þeirra uppfyllir þær kröfur, sem ráðstefna um öryggi mannslífa á hafinu gerði til slíkra tækja árið 1960, en á þeirri ráðstefnu var mættur skipaskoðunarstjóri og annar fulltrúi héðan, og þeir fjölluðu m. a. um þetta mál á þeirri ráðstefnu. Þetta kemur fram í grg., sem við flm. till. höfum, síðan hún var lögð hér fram, fengið hjá skipaskoðunarstjóra, og þar er einnig að finna ýmsar fleiri gagnlegar upplýsingar um þetta efni. Mér er þess vegna ljóst, að fengnum upplýsingum skipaskoðunarstjóra, að það er varla hægt að samþykkja till. í því formi, sem hún núna er, en ég vildi beina því til þeirrar nefndar, sem fær málið til meðferðar, að hún athugi hvort tveggja, till. og grg. skipaskoðunarstjóra, og

endursemji þá ályktun um málið, eins og tilefni gefst til.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 62, n. 539).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Allshn. hefur eytt í það miklu af tíma sínum í vetur að ræða um ýmsar till., sem varða öryggi sjómanna. Ein þeirra er þessi till. um senditæki í gúmbjörgunarbáta, flutt af Ragnari Guðleifssyni og Birgi Finnssyni. Hún gerir ráð fyrir því að endurskoða reglugerð um eftirlit með skipum með það fyrir augum að fyrirskipa, að gúmbjörgunarbátar verði búnir senditækjum.

Samkv. upplýsingum, sem n. fékk frá ýmsum fagmönnum á þessu sviði, verða nú miklar og örar framfarir í öryggistækjum, þ. á m. senditækjum, en þær hafa ekki orðið svo örar, að þau tæki séu komin á markað, sem hægt er að nota til að fullnægja till. Þess vegna telur n. ekki hægt að samþykkja till. óbreytta. En þar sem hún hefur mikla samúð og mikinn áhuga á því efni, sem í till. felst, leggur allshn. til, í trausti þess, að íslenzk yfirvöld fylgist vel með öllum nýjungum, sem aukið geti öryggi sjómanna, og stuðli að skjótri hagnýtingu þeirra hér á landi, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. á þskj. 539 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 31 shlj. atkv.

4. Hafnarskilyrði í Kelduhverfi.

Á deildafundum 29. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn hafnarskilyrða í Kelduhverfi [228. mál] (A. 477).

Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 45., 46. og 47. fundi í Sþ., 6. og 10. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þessa till. á þskj. 477 um rannsókn hafnarskilyrða í Kelduhverfi flytjum við allir þm. Norðurlandskjördæmis eystra og hv. 10. landsk. þm.

Fjallahöfn í Kelduhverfi varð löggiltur verzlunarstaður árið 1883, og oft hefur m. a. hér á Alþingi verið á þann stað minnzt sem lífhöfn á þessu svæði. Hins vegar er hér ekki um neitt þéttbýli að ræða. En í sambandi við umr. um virkjun Jökulsár á Fjöllum hefur mönnum sýnzt, að einn af þeim stöðum, sem kæmi til greina sem hafnarstaður vegna virkjunarinnar, væri Fjallahöfn, vegna þess að þangað er stytzt frá Dettifossi. Þar er mikið landrými, lágt land og slétt og jarðhiti fyrir hendi, sem raunar er enn lítt rannsakaður.

Nú fyrir nokkru var það upplýst hér á Alþingi, að kunnur útlendur sérfræðingur í hafnagerð og sérstaklega í sandburði með ströndum fram mundi dveljast hér í sumar á vegum hafnarmálastjórnarinnar. M. a. vegna þessara upplýsinga flytjum við þessa till., sem að henni stöndum, en það er svo, að í sambandi við hafnarstæði í Kelduhverfi þarf sérstaklega að athuga, hvort hætta geti verið þar á sandburði, og ef hún er til staðar, hvernig þá megi bægja henni frá. Till. er þess vegna að verulegu leyti bundin við komu þessa sérfræðings, sem er væntanlegur hingað á næsta sumri. Af þessari ástæðu leggjum við mikla áherzlu á það, ef verða mætti, að till. fengi afgreiðslu á þessu þingi, og er hér raunar ekki um mjög flókið mál að ræða. Ég geri því ekki till. um, að málinu verði vísað til n., þar sem það mundi verða til þess væntanlega, að till. yrði ekki afgr. á þinginu, en vildi fyrir hönd okkar flm. mælast til þess, að hún verði afgreidd.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með því að hv. 1. flm. óskaði ekki eftir, að þessari till. yrði vísað til n., þykir mér rétt að upplýsa í sambandi við rannsókn á hafnarmálum, að við þm. Vestf. óskuðum eftir að fá rannsakað hafnarstæði á Barðaströnd nýlega og fengum þær upplýsingar frá vitamálastjóra, að það mundi kosta svo að hundruðum þús. kr. skipti að rannsaka hafnarstæðið. Nú hefur ekkert komið fram í sambandi við þetta mál, hvort hér er um að ræða svo gífurlegan kostnað við rannsóknina eina. Þess vegna finnst mér eðlilegt, að málinu sé vísað til hv. fjvn., nema því aðeins að hv. flm. geti gefið upplýsingar um það, að hér sé um mjög lítið fjárhagslegt atriði að ræða. En mér þótti rétt að láta þetta koma fram, svo að mönnum sé kunnugt um, að það getur kostað allmikið fé að rannsaka slíkt hafnarstæði sem hér er farið fram á.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég get að sjálfsögðu ekki gefið um það fræði-

legar upplýsingar, hvað það mundi kosta að rannsaka þetta hafnarstæði, en vil aðeins leyfa mér að endurtaka það, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að það hefur að sjálfsögðu lengi verið talið, að hér væri höfn frá náttúrunnar hendi, þar sem þessi staður var fyrir svo löngu eða árið 1883 gerður að löggiltum verzlunarstað. Ég vil einnig leyfa mér að minna á það, að merkur maður og þjóðkunnur, sem hér átti um hríð sæti á Alþingi og var allra manna kunnugastur íslenzkri strönd, Ásgeir heitinn Sigurðsson skipstjóri, flutti hér eitt sinn till. um þetta mál, um Fjallahöfn, og í sambandi við hafnargerð þar lét einmitt þau orð falla, að þetta væri einn af þeim stöðum hér við land, sem telja mætti til lífhafna í vissum kringumstæðum. Þetta virðist mér benda til þess, að í sjálfu sér liggi það nokkuð ljóst fyrir, að þarna sé hægt að gera höfn. En hitt er samt vandamál í þessu sambandi, sem að sjálfsögðu þarf að athuga, hvort þar kynni að vera hætta á sandburði, því að þarna er löng sandströnd að austanverðu við Fjallahöfnina, og þyrfti að íhuga það, hvort hætta stafar af þeim sandi og hvernig mætti afstýra þeirri hættu. Og þetta er náttúrlega einstakt tækifæri til þess að athuga einmitt það, fyrst væntanlegur er hingað þessi útlendi sérfræðingur, sem er frægur maður á sínu sviði, sérstaklega sérfróður um sandburð. Því tækifæri finnst mér að megi ekki sleppa, eins og á stendur, því að á sínum tíma getur það orðið ákaflega mikilsvert að vita, hvort þessi staður er sérlega heppilegur hafnarstaður vegna Jökulsárvirkjunar, þegar þar að kemur. Víst er um það, að það verða gerðar ráðstafanir til þess, að þessi sérfræðingur komi hingað, og hann verður hér. Hæstv. sjútvmrh. upplýsti það á sínum tíma hér í þinginu. Er þess vegna til staðar tækifæri til þess að gera þetta, sem e. t. v. verður ekki jafngott aftur fyrst um sinn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér er alveg ljóst, að ef þessari till. verður vísað til n., þá fær hún ekki afgreiðslu á þessu þingi. En ég vil benda á, að hér er um ákaflega víðtækt mál að ræða, af því að það stendur hér í till., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta á næsta sumri (1963) rannsaka hafnarskilyrði í Kelduhverfi og leggja niðurstöður rannsóknarinnar fyrir Alþingi, áður en ákvörðun verður tekin um fyrstu vatnsvirkjun vegna stóriðju hér á landi."

Hér sýnist eiga að byggja höfn, sem geti orðið í sambandi við stóriðju, sem þar kynni að rísa upp. En einmitt vegna þess, að ég vil ekki leggja til, að málið fái ekki einhverja afgreiðslu, þá mun ég leggja til hér, að málinu verði vísað til ríkisstj. Sjái ríkisstj., að hér sé mál, sem þarf endilega að láta rannsaka á þessu sumri og til þess þurfi ekki neinar sérstakar stórfjárhæðir, þá er vitanlegt, að hún muni sinna málinu, svo að viðkomandi hérað verði ánægt með þá afgreiðslu. Ég legg til, að málinu verði vísað til ríkisstj. (**Forseti:** Vill hv. þm. koma með skrifl. till.?) Ég ætla að koma með tillögu.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hér er nú ekki tími til ræðuhalda. Ef það hefði verið, þá hefði ég flutt um þessa till. langt mál. En ég vildi freista þess að fá jákvæða afgreiðslu á málinu, ef verða mætti. Okkur flm. er það að sjálfsögðu mikið áhugamál að fá á málinu jákvæða afgreiðslu frá Alþingi. En við vitum það náttúrlega allir jafnvel, að jákvæð afgreiðsla á till. er að samþykkja hana. Ég vildi mega vænta þess, að á það yrði fallizt.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Vestf. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 19:15 atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Jarðhitarannsóknir í Borgarfjarðarhéraði.

Á 2. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit í Borgarfjarðarhéraði og athugun á hitaveitu fyrir Borgarnes [10. mál] (A. 10).

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 10 höfum við þm. Vesturl. flutt till. til þál. um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit í Borgarfjarðarhéraði. Till. þessi gerir ráð fyrir því, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að hlutast til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði gerð rannsókn á jarðhitasvæðum Borgarfjarðarhéraðs og víðtæk jarðhitaleit í héraðinu. Leitin verði m. a. við það miðuð að leita eftir möguleikum fyrir hitaveitu fyrir Borgarnes. Ég vil nú með örfáum orðum gera grein fyrir þessari tillögu.

Efni þessarar till. er tvíþætt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að rannsökuð séu þau hitaveitusvæði í héraðinu, sem þekkt eru. Í öðru lagi á að leita eftir nýjum svæðum. Í lögum frá 1961 um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins er gert ráð fyrir því í 2. gr. þeirra laga, að fé sjóðsins megi m. a. nota til þess að rannsaka eðli og uppruna jarðhita, að leita að jarðhita og gera tilraunir með vinnslu jarðhitans. Till. okkar er því í fyllsta samræmi við þau lög, er um jarðhitasjóð gilda.

Þessu næst vil ég gera grein fyrir því, hver er ástæðan fyrir því, að við leggjum til, að Borgarfjarðarhérað sé hér sérstaklega valið. Ástæðan er í fyrsta lagi sú, að í Borgarfirði er eitt mesta vatnshvera- og laugasvæði á landinu. Þetta svæði hefur lítils háttar verið rannsakað, en þó það lítið, að ekki er vitað um, hversu mikið rennsli heita vatnsins er í jörð niðri. En þær litlu rannsóknir, sem gerðar hafa verið á þessu jarðhitasvæði, benda þó til, að um jákvæðan árangur mundi verða að ræða, ef rannsakað yrði.

Ef að því ráði yrði horfið að fara að rannsaka jarðhitasvæði í Borgarfjarðarhéraði, mundi að sjálfsögðu vera horfið fyrst að því að rannsaka þau, sem þekkt eru. Eru það jarðhitasvæðin í Reykholtsdal og Bæjarsveit, sem eru mestu jarðhitasvæðin í héraðinu. Rannsókninni mundi í sjálfu sér verða hagað á þann veg, að í fyrsta lagi yrði um jarðfræðirannsókn að ræða. Í öðru lagi mundu verða jarðeðlisfræðilegar mælingar og athuganir gerðar. Og í þriðja lagi mundi svo verða borað á þeim svæðum, þar sem jarðhiti er ekki finnanlegur enn þá. Við framkvæmdir á jarðborun yrði að sjálfsögðu höfð til hliðsjónar sú reynsla, sem fengizt hefur af hinum tveim fyrri athugunum. Og í öðru lagi mundi svo verða höfð hliðsjón af því, hvar bezt yrði að hagnýta þann jarðhita, er fyndist. Er gert ráð fyrir því, að þessi athugun verði mjög víðtæk. Á það er bent í grg. till., að ætla megi, að e. t. v. sé samband á milli jarðhitasvæðanna á sunnanverðu Snæfellsnesi og þeirra, sem í Borgarfirði er að finna. Í því sambandi vil ég benda á það, að í Akraós á Mýrum má finna í fjörunni um 60 gráðu heitt vatn. Þess vegna leggjum við á það áherzlu, flm., að þessi rannsókn og þessi leit, sem þarna á að gera, sé gerð mjög víðtæk, svo að þetta svæði allt að Snæfellsnesfjallgarði verði rannsakað í þessu tilliti.

Ég þarf ekki mörgum orðum að því að eyða, hver er tilgangur með þessari till. okkar. En á það má benda, að í fyrsta lagi er leitað hér eftir því, hversu mikil auðæfi eru þarna í jörðu. Verkefnin munu ekki láta á sér standa, ef þessi rannsókn verður gerð og auðæfin verða gerð finnanleg og leysanleg. Í því sambandi höfum við bent á það, að mikil þörf væri fyrir að fá hitaveitu fyrir Borgarnes, sem nú er ört vaxandi kauptún, og miklar vonir standa til, að e. t. v. finnist hitaveitusvæði svo nálægt kauptúninu, að það mætti virkja þau til hitaveitu fyrir staðinn.

Allt þetta yrði að hafa hugfast, þegar leitað væri eftir því, sem till. gerir ráð fyrir.

Hér er á ferðinni mikið mál, ekki eingöngu fyrir það hérað, sem leitin á að fara fram í og rannsóknin, heldur einnig fyrir þjóðina alla. Við væntum þess, flm., að hv. þm. sýni þessu máli fyllsta skilning og það nái fram að ganga hér á hv. Alþingi að þessu sinni.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

2. Innlend kornframleiðsla.

Á deildafundum 15. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum [12. mál] (A. 12).

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Enn að nýju höfum við hv. 2. þm. Austf. og hv. 4. og 2. þm. Sunnl. leyft okkur að flytja hér till. á þskj. 12 varðandi aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum. Till. er þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að greiða verðbætur á korn, sem ræktað er hér á landi, til jafns við niðurgreiðslur á innfluttu korni."

Efni þessarar till. er þm. að sjálfsögðu kunnugt, enda hefur þessi till. eða efnislega samhljóða till. legið hér fyrir tveimur undanförnum þingum, þótt ekki hafi Alþingi til þessa fengizt til að taka efnislega afstöðu til hennar. Svo er málum háttað, að kornrækt hefur farið hér mjög í vöxt á undanförnum árum, og mun öllum, sem áhuga hafa á viðgangi íslenzks landbúnaðar, þykja nokkurs um það vert, að sú búgrein geti tekið eðlilegri framþróun og orðið í vaxandi mæli þáttur í íslenzkum búskap. Það hafa líka, þar til nú í sumar, verið stigin mjög ánægjuleg framfaraskref á þessari braut. Hinu er ekki að leyna, að þessi ræktun, kornrækt, hefur orðið fyrir hörðu ári á þessu sumri og kornuppskera orðið minni en vonir höfðu staðið til. En þó er ekki ástæða til að ætla, að sú mislukkun, sem að verulegu leyti hefur orðið á kornræktinni í sumar vegna óhagstæðs tíðarfars, muni verða til þess í framtíðinni að hindra áframhaldandi aukningu í kornræktinni. Það er vitað mál, að eftir að kornrækt komst nokkuð af tilraunastigi hjá okkur á s. l. árum, hefur hún tekið stór skref fram á við, þannig að um nokkurt magn hefur verið að ræða árið 1960, en þó einkum 1961. En árið 1960 er talið, að hér hafi verið ræktaðar og með þeim hætti, að komið hafi til þreskingar, um 3000 tunnur af korni, en árið 1961 tvöfaldaðist kornræktin eða máske dálítið meira, og munu þá örugglega hafa komið til þreskingar 6000 tunnur af korni. Hversu margar tunnur korns hafa á þessu hausti komið til þreskingar, er ekki vitað. Hitt er vitað, að kornræktin var stórlega aukin á s. l. vori og undir korni stóðu miklu stærri akrar í sumar en nokkru sinni áður á nálægri tíð. En þó er ekki víst, að kornið, sem af þeim fæst, verði miklu meira en á s. l. sumri. Engu að síður og máske mætti segja enn þá frekar vegna þess, að hart er í ári hjá kornbændum, verður það tilfinnanlegra en nokkru sinni fyrr, að af stjórnarvalda landsins hálfu er mismunað mjög og greitt fyrir því, að korn sé keypt til landsins frá útlöndum, en íslenzk kornrækt ekki látin njóta neins sambærilegs stuðnings.

Málum er sem sagt svo háttað, að ríkissjóður greiðir niður korn, sem flutt er til landsins frá útlöndum, greiðir það niður um 18.61% af fob-verði kornsins, en það mun svara til, að niður sé greitt hvert kg af byggi um 70—80 aura. Engin sambærileg fyrirgreiðsla er varðandi innlenda kornið, og verða innlendir kornframleiðendur því að keppa á kornmarkaði við erlent korn, sem úr ríkissjóði er niðurgreitt um þessa upphæð. Ég hef enn sem komið er engan mann fyrir hitt, hvorki innan Alþingis né utan veggja þess, sem telur þetta ástand eðlilegt eða réttmætt. Engu að síður hefur sú raunin orðið á, að till. um leiðréttingu á þessum hlutum hefur ekki fengið afgreiðslu á tveimur þingum, þó að hún hafi þar legið fyrir, og því er málið hér enn flutt.

Málið er flutt hér í formi þáltill., sem felur ríkisstj. að framkvæma ákveðna hluti í niðurgreiðslu á íslenzka korninu. Það mætti segja, að til mála hefði getað komið að flytja um þetta lagafrv., en svo er málum háttað, að ríkisstj. hefur til þess fulla heimild í gildandi lögum að framkvæma þessa niðurgreiðslu, og þess vegna þykir ekki ástæða til að flytja um það frv. til breyt. á l. Í 28. gr. l. um efnahagsmál frá öndverðu ári 1960 er það fram tekið, að ríkisstj. hefur rétt til þess að framkvæma slíka niðurgreiðslu eins og þessi till. gerir ráð fyrir.

Ég sé ekki ástæðu að svo komnu að hafa um þetta mál fleiri orð, en vænti þess, að Alþingi láti sig ekki henda það að sinna þessu máli ekki hið þriðja sinn, sem það er fram borið, svo augljóst sem réttmæti málsins er. Ég hef að vísu öðru hverju heyrt um það getið eða heyrt ávæning af því, að stjórnarvöldin hefðu í hyggju að framkvæma þá hluti, sem hér er farið fram á, en enn sem komið er virðist ekki komið að því, að þetta komi til framkvæmda, a. m. k. er ekki getið um í

fjárlagafrv. annað en niðurgreiðslur að því er flestar vörutegundir varðar verði óbreyttar. Þar er aðeins getið um örfáar, sem breytast, en þar í er ekki gert ráð fyrir því, að nein breyting verði á, hvorki niðurgreiðslum á innfluttu korni né heldur að neitt sé ætlað til verðbóta á korni, sem framleitt er í landinu sjálfu. Hér er ekki um mjög stórar fjárhæðir að ræða. Það má að vísu gera ráð fyrir því, að niðurgreiðsla samkv. þessari till. á íslenzku korni mundi nema, ef framleiðslan er eitthvað röskar 6000 tunnur, samtals tæplega hálfri millj. kr. En þar á móti kemur það, að þeim mun meira korn sem ræktað er í landinu, þeim mun minna þurfum við að flytja inn af korni, og þar með sparast niðurgreiðsla á innfluttu korni við aukna kornrækt í landinu sjálfu. Þegar þess er gætt, að á því fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fram fyrir þetta þing, eru áætlaðar 430 millj. kr. til niðurgreiðslna á vöruverði og til útflutningsuppbóta, verður augljóst, að hér er ekki um fjárhæð að ræða, sem neinu verulegu máli getur skipt í því kerfi niðurgreiðslna og verðbóta, sem þegar er inni í fjárlögum, og þeim mun frekar þykjumst við flm. mega vænta þess, að á sanngirni þess máls, sem hér er flutt, verði litið af skilningi og málið látið koma til framkvæmda þegar, að því er varðar þá uppskeru, sem fengizt hefur á íslenzkum kornökrum á þessu hausti.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, að það mun vera í þriðja sinn, sem þáltill. á þann veg, sem hér um ræðir, er flutt, þ. e. að skora á ríkisstj. að greiða niður íslenzkt korn til samræmis við það, sem útlent korn er greitt niður. Það er einnig rétt, sem hv. 1. flm. till. sagði áðan, að hér er ekki um stóra fjárhæð að ræða. Spurningin er þá: Er það stórmál, hvort þetta er gert, sem till. fer fram á, eða ekki? Það er spurning, sem við getum svarað hver út af fyrir sig. En við erum ekki í vafa um eitt atriði, og það er það, að kornrækt á Íslandi mun verða stórmál, og við erum ekki í nokkrum vafa um það, að kornrækt á Íslandi á mikla framtíð fyrir sér. Hitt er svo leiðinlegt, að maður, sem þrisvar sinnum hefur flutt till. um niðurgreiðslu á korni, skuli tala af jafnmiklum misskilningi og hv. 1. flm. till. gerði hér áðan, þegar hann segir: Nú, þegar kornræktin er komin af tilraunastigi, má vænta þess, að kornræktin geti orðið almenn hér í landinu.

Það er leiðinlegur misskilningur hjá hv. flm., ef hann heldur, að kornræktin sé ekki lengur á tilraunastigi hér á landi. Kornræktin er vissulega á tilraunastigi, og hv. flm. hefði átt að tala við vísindamenn okkar á þessu sviði, sem starfa nú á vegum ríkisstj. og atvinnudeildar háskólans að umfangsmiklum tilraunum í kornrækt. Hv. flm. þarf að vita það, að ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því, að hafnar verði víðtækar tilraunir í kornrækt á Íslandi, sem eru forsenda þess, að kornræktin geti orðið almenn. Og það er það, sem er stórmál, að þessum tilraunum megi ljúka sem fyrst, og það er þá, sem við getum vænzt þess, að bændur geti tekið að sér að rækta korn í landinu án þess að verða fyrir skaða af því. En bændur íslenzkir hafa ekki efni á því að standa í slíkri tilraunastarfsemi. Þess vegna er það ríkið og atvinnudeild háskólans, sem eiga að sjá um þær tilraunir.

Ég hef rætt við vísindamenn okkar um þessi mál, og þeim ber saman um, að það beri nauðsyn til að rækta kornafbrigði fyrir íslenzka staðhætti og íslenzka veðráttu, sem hægt sé að mæla sérstaklega með við bændur, áður en þeir fara að hefja kornrækt. Það er vitað, að atvinnudeildin hefur nú 40 afbrigði í tilraunum, kornafbrigði, og það er vitað, að vísindamenn okkar á þessu sviði hugsa sér að rækta sérstök afbrigði, sem henta okkar loftslagi og okkar veðurfari. Og þeir telja, að þetta sé mögulegt og það muni ekki taka mörg ár. Það er einmitt þess vegna, sem við getum verið vongóðir um það, að kornræktin á Íslandi eigi framtíð fyrir sér. Við getum meira að segja vænzt þess, að Íslendingar rækti sjálfir allt sitt fóðurkorn í framtíðinni, þegar íslenzkir bændur vita, hvaða korntegund það er, sem má teljast árviss.

Það er virðingarvert, hversu íslenzkir bændur eru framtakssamir og áhugasamir, og þeir hafa þó nokkuð margir hafið kornrækt án þess að vera nokkurn veginn vissir um, að hún geti borgað sig. Þess vegna er það, að ýmsir bændur hafa orðið fyrir tjóni, af því að þeir hafa ekki sáð því korni, sem bezt hentaði. Ég segi þess vegna, það er stórmál, að tilraunum í þessa átt verði haldið áfram, þangað til segja má, að þeim verði lokið. Og ég segi: Fjármununum er, eins og á stendur í dag, miklu betur varið í þessa tilraunastarfsemi heldur en til niðurgreiðslu, enda þótt ég sé ekki á neinn hátt sérstaklega að mæla á móti því. En ég get tekið undir orð 1. flm. till. um, að það er ekki neitt aðalatriði, ekkert stórmál, þessi hálfa millj., sem hann reiknaði með að þetta mundi kosta, og það er ekki það, sem kornræktin veltur á í dag, hvort þessir aðilar, sem nú rækta korn, fá þessa hálfu millj. eða ekki. Framtíð kornræktarinnar er undir því komin, að það verði unnið skipulega og rökfast að tilraunastarfseminni, og ég er í miklum vafa um, að það sé eðlilegt, að hið opinbera sé að hvetja bændur til þess að rækta korn, meðan á tilraunastarfseminni stendur. Ég tel, að á meðan telja má kornræktina áhættusaman atvinnuveg, vegna þess að tilraunirnar eru ekki nógu langt á veg komnar, þá sé eðlilegt, að bændur, sem vilja ráðast í kornrækt, geri það án þess að fá hvatningu frá því opinbera. En vissulega á íslenzk kornrækt, þegar hún er komin á það stig, að hún getur talizt atvinnuvegur í landinu, sem hún verður innan fárra ára, þá er það vitanlega sjálfsagt og nauðsynlegt, að íslenzk kornrækt njóti fyllsta

stuðnings og útlendu korni verði ekki ívilnað á kostnað innlenda kornsins.

Ég hef oft lesið það í Tímanum að undanförnu, að það er talið, að útlenda kornið njóti óeðlilegs stuðnings. Það er greitt niður, fragtirnar eru lágar, og tollarnir eru lágir. Svo verður þetta útlenda korn, þegar það kemur til notkunar hér, óeðlilega ódýrt, þannig að íslenzka kornið þolir ekki samanburð. Nú er það svo, að á meðan við ræktum ekki í landinu nema kannske 1% eða 2% af því fóðurkorni, sem notað er, þá er varla hægt að ræða um samkeppni á þessu sviði. En þannig er það nú í dag. Og ég held, að þeir, sem tala um, að útlenda fóðurkornið njóti óeðlilegra hlunninda, tali ekki fyrir hönd bænda. Ég hef engan bónda hitt, sem óskar eftir því, að fragtirnar verði hækkaðar á fóðurkorni. Ég hef engan hitt, sem óskar eftir því, að niðurgreiðslurnar verði felldar niður. Og ég hef engan bónda heyrt tala um, að það væri æskilegt að hækka aðflutningsgjöld á fóðurkorni. Ég held, að bændur vilji fá fóðurbætinn á sem lægstu verði, enda þótt þeir geti reiknað með, að afurðaverðið hækki síðar meir, vegna þess að fóðurkornið hefur hækkað.

Ég held, að þessi till., sem er á vissan hátt komin fram vegna þess, að talið er, að útlenda fóðurkornið njóti sérstakra og of mikilla hlunninda, — ég held, að hún sé ekki á þessu stigi réttmæt, og þeir, sem sérstaklega hafa áhuga á því, að innlenda kornið verði greitt niður, gætu orðað till. á annan veg og sagt: Það er eðlilegt og réttmætt að greiða íslenzka fóðurkornið niður, til þess að þeir, sem ráðast í kornrækt á Íslandi, fái til þess fjárhagslega aðstoð. — Og það er mál út af fyrir sig, sem er vel þess virði að ræða sérstaklega, hvort þá, sem eru að rækta korn, meðan á tilraununum stendur og meðan þetta er mjög áhættusamur atvinnuvegur, á að styrkja á meðan. Ég tel, að það sé enginn vafi á því, að ef kornræktartilraununum væri lokið og það væri ekki lengur mjög áhættusamt fyrir bændur að rækta korn, þá ætti að skapa innlendri kornframleiðslu fullkomna samkeppnisaðstöðu við útlendu kornvöruna, og að því hlýtur vitanlega að koma. Og ég vil benda á, að kornræktarbændur fengu á s. l. ári jarðræktarstyrk út á kornræktina, sem vitanlega var réttmætt. Þegar till. var flutt í fyrra, var ekki reiknað með því, en jarðræktarstyrkurinn var hærri en niðurgreiðslan hefði numið.

Ég er út af fyrir sig alls ekki að mæla á móti því, að niðurgreiðsla verði tekin upp á innlendu korni. En ég hef með þessum orðum viljað vekja athygli á því, að kornræktin er enn á tilraunastigi. Og það er ekki alveg víst, að rétt sé að ýta undir bændur að hefja kornrækt, á meðan á tilraunum stendur. Það gæti spillt fyrir því, að bændur stunduðu kornrækt, þegar það er orðið tímabært, ef þeir hafa orðið fyrir miklu tjóni, meðan á tilraununum stendur. Það gæti orðið til þess að tefja fyrir því, að kornræktin yrði almenn, þegar hún er orðin tímabær.

En það, sem ég legg megináherzlu á, er, að það verði varið miklum fjármunum í kornræktartilraunir, eins og nú er gert, og þeim verði lokið sem fyrst. Að áliti vísindamanna okkar er talið, að það muni ekki verða mörg ár, þangað til íslenzkir bændur hafi sérstök afbrigði, sem henta íslenzku loftslagi og mega teljast nokkuð árviss og örugg. Og þá er tímabært fyrir bændur að hefja kornrækt almennt á Íslandi.

Flm. (Karl Guðjónsson): Í tilefni af þeirri ræðu, sem hæstv. landbrh. hefur hér haldið um þetta mál, skal ég að sjálfsögðu taka það fram, að ég held, að það sé öllum flm. þessarar till. ljóst, að hér er ekki flutt mál, sem fullnægja mundi í einu og öllu kornræktinni á Íslandi, þótt samþ. væri. Hér er aðeins fjallað um einn þátt þessa máls, en ýmsir aðrir þættir koma einnig til kasta Alþingis og ríkisstj. fyrr eða síðar til þess að auka og efla þennan atvinnuveg, sem greinilega er í uppsiglingu hjá okkur nú. Það er þess vegna nokkuð út í hött að hafa hér almennar umræður um íslenzka kornrækt og alla þætti hennar í sambandi við þessa till. Hér er fjallað um afmarkað svið, sem sagt það, hvort íslenzk kornrækt á að standa á jafnréttisgrundvelli við innflutta kornið frá útlöndum, hafa sams konar möguleika á markaði og erlenda kornið með þeim hætti, að kornið, sem ræktað er í landinu, njóti sömu viðbótagreiðslna og nemur niðurgreiðslunum á innflutta korninu.

Það má vera, að ég hafi ekki verið nógu nákvæmur í orðalagi til þess að fullnægja hugmyndum hæstv. ráðh., þegar ég sagði á þá leið, að íslenzka kornræktin væri komin af tilraunastigi. Auðvitað er það hárrétt hjá honum, að hún er ekki komin af því stigi, þannig að ekki þurfi að gera fleiri tilraunir, enda var það ekki það, sem átti í mínum orðum að felast. En hinu held ég fram, að þegar hætt er að framleiða korn eingöngu á tilraunastöðvum reknum af íslenzka ríkinu eða stofnunum landbúnaðarins og bændur almennt eða nokkuð almennt eru teknir að rækta korn sem grein í sínum búskap, þá er kornræktin í mínu hugskoti komin af því að vera á algjöru tilraunastigi. Það var þetta, sem ég átti við. Það er þess vegna í rauninni utan við þetta mál að ræða um það, að kornræktin sé komin af tilraunastigi í þeirri merkingu, að ekki þurfi að gera fleiri tilraunir í henni, enda er það sannast mála, að við Íslendingar eigum engan þann atvinnuveg, sem í þeirri merkingu væri kominn af tilraunastigi.

Ég skal einnig viðurkenna það, sem vel hefur verið gert í tíð núverandi landbrh. í sambandi við kornræktina. Það er rétt, sem hann drap hér á, að það var ekki greiddur neinn jarðræktarstyrkur fyrir það land, sem brotið var til ræktar undir korn. Og í þeim till., sem

hér hafa áður verið fluttar, hefur einnig verið vikið í grg. að þeim þætti málsins. Á þessu hefur nú verið ráðin bót, eins og ráðh. lýsti. Við frumræktun lands undir korn er greiddur jarðabótastyrkur til jafns við túnrækt, og það er að sjálfsögðu skref í rétta átt. En að öðru leyti verð ég að segja það, að mér finnst hér um slíkt réttlætismál að ræða, og eins og hæstv. ráðh. hefur viðurkennt ekki stærra fjármál en svo, að það ætti að vera sjálfsagt að samþykkja það. Þess vegna hef ég orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með undirtektir ráðh., þar sem hann segir að vísu, — og það er allra góðra gjalda vert, svo langt sem það nær, — að hann sé ekki á móti þessu máli. En hann leggur ákaflega lítið upp úr því, hvort þetta er gert eða ekki, og gefur í rauninni með óbeinum hætti þar með í skyn, að hann sé ekki sérstaklega áfram um það, að þessu réttlæti, sem mér finnst íslenzk kornrækt mega krefjast, verði fullnægt. Það eru mér nokkur vonbrigði. En kannske á ráðh. eftir — og það vona ég — að athuga þetta mál nánar og mæla með samþykkt þessarar till., eða hreinlega hefja framkvæmd á efni þessarar till., því að það getur hann, hvort sem till. væri afgreidd eða ekki.

En Alþingi væri það á engan hátt vansalaust að láta líða hið þriðja ár, þannig að það hefði mál þetta til meðferðar, en afgreiddi það ekki efnislega, eins og því miður hefur gerzt tvisvar sinnum. Þó að upphæðin, sem hér er fjallað um, sé næsta lítil og lág, þá er málið ekki eins lítið, því að það skiptir verulegu máli, auk þess sem tilraunir vísindamanna skipta máli um framþróun þessara mála, að bændur nokkuð almennt afli sér reynslu í kornrækt. Og það gera þeir því aðeins, að þeir finni, að þeirra korn sé ekki minna virði, þegar á markað kemur, en það korn, sem inn í landið er flutt frá útlöndum.

Um skeið var því haldið fram, að það væri mjög vafasamt, hvort íslenzkt korn væri að gæðum sambærilegt við það korn, sem við flytjum inn erlendis frá. En þær efnagreiningar, sem farið hafa fram á íslenzku korni, benda ótvírætt til þess, að það hallist ekki á um gæðamismuninn, a. m. k. ekki svo, að það sé íslenzka korninu í óhag.

Af öllu þessu þykist ég mega vænta þess, að Alþingi taki efnislega afstöðu til þessa máls innan tíðar. Og að lokum vildi ég beina þeirri till. til hæstv. forseta, að málinu verði á einhverju stigi vísað til fjvn.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. forseti. Ég get ekki stillt mig um að minnast aðeins á nokkrar af þeim athugasemdum, sem hér féllu hjá hæstv. landbrh. í tilefni af þessari till., sem hér er flutt. Till. er um það og það eitt, að innlent korn njóti jafnréttis við erlent korn að því er snertir niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Till. er um þetta og aðeins þetta. Hæstv. landbrh. hefur ekki undanfarið gert ráðstafanir til þess, að innlent korn nyti jafnréttis við erlent korn, og heldur ekki til þess, að íslenzkir kornframleiðendur nytu á Íslandi jafnréttis við erlenda kornframleiðendur, sem selja korn sitt í landinu. Og mönnum hefur verið það hreinasta ráðgáta, hvernig hæstv. ráðh. kæmist að þeirri niðurstöðu, að það ætti að mismuna á þennan hátt íslenzkum kornframleiðendum í óhag. Það hefur enginn botnað neitt í, hvernig á því stendur, að hæstv. landbrh. skuli hafa látið það dragast að láta innlenda kornframleiðendur njóta jafnréttis að þessu leyti. Ég fullyrði, að jafnt stuðningsmenn hæstv. ráðh. sem aðrir hafa alls ekki skilið þetta.

En nú kemur fram í fyrsta skipti, að ég held, og það kom mér til þess að standa upp, tilraun af hendi hæstv. ráðh. til að skýra þessa einkennilegu framkvæmd hans á þessu máli. Og hugsunarhátturinn er þessi, eftir því sem kemur fram í ræðu hæstv. ráðh., hann segir: „Það er ekki kominn tími til þess að styðja íslenzka kornrækt, af því að hún er á tilraunastigi.“ Þessi till., sem hér liggur fyrir, er alls ekki um að styðja á einn eða annan hátt íslenzka kornrækt. Og þess vegna er það alger misskilningur og furðulegt að heyra það frá hæstv. ráðh. úr ríkisstj., að þessi till. ætti í raun og veru að orðast þannig, að hún væri um það, að þeir, sem rækta korn á Íslandi, fái til þess fjárhagslega aðstoð. Er það hugsanlegt, að ráðh. í ríkisstj. Íslands álíti þetta í raun og veru, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að þessi till. sé um þetta? Álítur þá hæstv. ráðh., að það fjármagn, sem notað er af íslenzku ríkisfé til að greiða niður erlent korn, sé stuðningur við erlenda kornframleiðendur? Ber að skilja ráðh. þannig? Vitanlega er ekki hægt að skilja hæstv. ráðh. öðruvísi, að svo miklu leyti sem nokkur meining er í þessu, en það, sem greitt er af íslenzku ríkisfé til að lækka verð á erlendum fóðurbæti í landinu, sé styrkur til erlendra kornframleiðenda.

Það er ekkert annað, sem farið er fram á, en það eitt, að það sé sams konar lækkun gerð á verði íslenzka kornsins og erlenda kornsins, þannig að íslenzkt korn og erlent sé að þessu leyti gert hliðstætt. Ég vil vona, að þegar hæstv. ráðh. íhugar þetta nánar, sjái hann, að þessi rök hans fái alls ekki staðizt. Þessi till. á ekkert skylt við, að stungið sé upp á því að styrkja sérstaklega innlenda kornrækt umfram það, sem verið hefur, heldur aðeins farið fram á, að innlendir kornframleiðendur sitji við sama borð að þessu leyti og erlendir.

En hæstv. ráðh. sagði meira. Hann sagði, að það væri vafasamt, hvort ætti að hvetja íslenzka bændur til að rækta korn, á meðan ekki væri búið að gera enn meiri tilraunir með kornrækt, og kornræktin orðin árvissari. Það kom því hreinlega fram hjá hæstv. ráðh., og það oftar en einu sinni í ræðu hans, að hann vill gera íslenzkri kornrækt erfitt fyrir með því að láta hana ekki njóta sömu kjara að þessu leyti og erlenda kornið nýtur, til þess, eins og hæstv. ráðh. sagði, að hvetja

menn ekki til að leggja út í kornrækt. M. ö. o.: hæstv. ráðh. vill ekki, að íslenzkir kornframleiðendur búi við jafnhagstæð skilyrði hér í landinu sjálfu og erlendir. Hann álítur, að það eigi ekki að freista íslenzkra bænda til að leggja út í kornrækt, á meðan ekki sé búið að gera meiri tilraunir, eins og hæstv. ráðh. orðaði það.

En hvernig halda menn, að farið hefði um íslenzka atvinnuvegi yfir höfuð og íslenzkar atvinnugreinar, ef þessi hugsunarháttur hæstv. ráðh. hefði verið ráðandi hér í landinu undanfarna áratugi og yfirleitt undanfarið, að það eigi að hræða menn frá því að leggja í áhættu, það eigi að hræða einstaklingsframtakið í landinu frá því að leggja í áhættu við að reyna nýjar atvinnugreinar með því að ætla þeim erfiðari kost en erlendum í landinu sjálfu? Með því eigi t. d. nú að halda mönnum frá því að reyna kornræktina á því stigi, sem hún er. Hæstv. ráðh. fræddi okkur um, að það ætti eftir að gera miklar og merkilegar tilraunir í kornrækt. Þetta vissum við allir. Við vitum líka, að það er eftir að gera stórkostlegar og merkilegar tilraunir í grasrækt, sem þó hefur verið stunduð á Íslandi líklega frá því fyrst að menn komu hér til landsins. Samt sem áður er eftir að gera stórkostlegar og vafalaust mjög merkilegar tilraunir í grasrækt engu síður en í kornrækt. Og það er hægt að verða fyrir tjóni og áföllum í sambandi við grasrækt enn í dag, eða hvað vill hæstv. ráðh. segja um kalið í túnunum og önnur slík áföll, sem menn verða fyrir í stórum mæli?

Vill ekki hæstv. ráðh. eftir þessum hugsanagangi sínum fara að greiða hér niður erlent, innflutt hey, til þess að menn skuli ekki freistast að leggja í þá áhættu að rækta gras, á meðan er ekki alveg búið að komast fyrir um, af hverju kalið í túnunum stafar, og koma í veg fyrir, að menn geti orðið fyrir tjóni af þeirri ógætni að reyna að rækta gras á Íslandi, á sama hátt og hæstv. ráðh. vill ekki láta íslenzka kornframleiðslu njóta jafnréttis, til þess að hafa þannig vit fyrir mönnum, að þeir leggi ekki út í kornrækt, fyrr en búið sé að gera einhverjar sérstakar tilraunir, sem hann nú hafi lagt grundvöll að?

Hæstv. ráðh. talar eins og hann viti ekki, að hér hafa verið hafðar uppi tilraunir um kornrækt alveg rétt í nágrenni við hann áratugum saman, og það liggja fyrir stórmerkar niðurstöður af þeim tilraunum, sem bændur eru nú að reyna að notfæra sér í framleiðslu heima hjá sér.

Auðvitað getur hæstv. ráðh. komið hér hnakkakerrtur og sagt, að það hafi misheppnazt kornrækt s. l. sumar. Það var líka óvenjulega vont sumar. Það var líka stórkostlegt kal í túnunum í sumum landshlutum, þannig að menn hafa ekki hálfan heyskap. Og við vitum, að það þarf að eiga sér stað stórkostleg tilraunastarfsemi í sambandi við kornrækt og í sambandi við grasrækt og fjölmarga aðra ræktun.

Það, sem kom mér til að standa hér upp, var að vekja athygli á þessum hugsanagangi hæstv. ráðh., sem engan veginn fær staðizt. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að endurskoða þessa afstöðu sína, því að hann sér, að það hlýtur náttúrlega að leiða út í fullkomið óefni, ef hann ætlar að taka það að sér með þessari niðurgreiðslupólitík sinni að ákveða, hvenær tímabært sé fyrir bændur, sem hafa áhuga á því að leggja í kornrækt á eigin áhættu og eigin reikning, og hvenær ekki. Og hvað ætlar hæstv. ráðh. að bíða lengi eftir þessum tilraunum, sem hann segist nú hafa sett í gang? Hvað á að bíða lengi eftir þeim, og hver á að vera dómari í þessum efnum?

Hér er komið út á svo fáránlega braut, að ég vona, að hæstv. ráðh. sjái, að þetta getur ekki staðizt, og hann við nánari athugun komist að þeirri niðurstöðu að reyna að stuðla að því, eins og hann getur, að jafna hér metin á milli innlendrar kornræktar og erlendrar, ekki með því að ætla innlendri kornrækt styrk í þessu sambandi, heldur með því að láta hana að þessu leyti til, að því er varðar niðurgreiðslurnar, njóta jafnréttis við erlenda kornrækt. Ég er alveg sannfærður um, að um þetta eru nær allir sammála. Það er af einhverjum undarlegum misskilningi, hlýtur að vera, að hæstv. ráðh. hefur ekki gert þessa ráðstöfun, og ég vil skora á hann að bæta úr þessu.

Ég er alveg viss um það, að honum verður ekki álasað af þeim bændum, sem kunna að verða fyrir áföllum vegna slæmrar veðráttu. Hæstv. ráðh. þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því, að honum verði álasað eða honum verði kennt um það tjón, sem menn kunna að verða fyrir á kornræktinni, þó að hann taki þetta helsi af henni, sem á henni liggur núna, þar sem henni er synjað um niðurgreiðslur til jafns við það, sem gert er á erlenda kornið. Það er alveg sjálfsagt að halda áfram með þessar tilraunir og efla þær á allan hátt, en þær koma bara þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við. Eða hvað segðu menn t. d. um það, ef þessi regla, sem hér hefur komið fram, ætti að gilda um nýjar atvinnugreinar yfirleitt, sem mönnum dytti í hug að reyna, að þeim skyldi neitað um jafnréttisaðstöðu, þangað til einhver ráðherra hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri óhætt fyrir menn að leggja í þennan eða hinn reksturinn? Hvað er þá orðið um einstaklingsframtakið í landinu, sem við vitaskuld verðum að treysta svo stórkostlega á?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til að segja mikið eftir þessar tvær ræður, sem hér hafa verið fluttar. Mér virðist, að hv. ræðumenn haldi sig ekki við það, sem er aðalatriðið í íslenzkri kornrækt, heldur við aukaatriðið, þ. e. smámálið, þessa hálfa millj. kr., sem talað hefur verið um. Það er eins og íslenzk kornrækt í

nútíð og framtíð velti á því, að þessi hálfa millj., sem hv. 1. flm. nefndi hér áðan, verði greidd nú úr ríkissjóði. En íslenzk kornrækt stendur ekki eða fellur með því. Íslenzk kornrækt stendur og fellur með því, að það sé unnið að því að finna það afbrigði, sem þrífst hér á landi og bændur hafa ekki tjón af að sá í jörðina. Það er þetta, sem nú er verið að vinna að. Og það verður ekki ég eða annar ráðh., sem ákveður, hvenær þetta er tímabært, heldur eru það vísindamennirnir, sem rækta þetta afbrigði. Það er spurt: Hversu langan tíma á að bíða? Ég á ekki gott með að svara því. En ég hef heyrt vísindamennina segja: 2—3—4 ár e. t. v., þá verði hægt að benda bændum á ákveðið afbrigði, sem mætti telja árvisst.

Hv. 1. þm. Austf. talaði um, að ég vilji hræða bændur frá því að rækta korn, hræða þá frá því að leggja í áhættu. Ég spyr: Er það eðlilegt, að bændurnir leggi í áhættu, ef þeir geta komizt hjá því? Er ekki eðlilegra, að ríkið eða opinberar stofnanir leggi í áhættuna og beri kostnaðinn af tilraununum, heldur en bændurnir sjálfir? Og vissulega hafa íslenzkir bændur við nægilega mikla erfiðleika að etja, þótt þeir taki ekki á sig þessa áhættu.

Ég talaði við bónda um síðustu helgi, sem setti niður korn í nokkra hektara á s. l. vori, og hann sagðist hafa tapað 20 þús. kr. á því. Uppskeran hafði brugðizt. Það er að vísu sagt, að sumarið í sumar hafi verið lélegt. Þó er það svo, að slík sumur geta oft komið. Og þegar hv. 1. þm. Austf. er að bera saman grasræktina og kornræktina, þá er það vitanlega alveg út í hött, því þótt það geti komið fyrir kal í túnum einstöku sinnum, þá er þó grasræktin með þeirri tækni, sem við nú þekkjum, og erlenda áburðinum orðin árviss, og sem betur fer hefur ekki orðið grasbrestur hér á landi áratugum saman og verður vonandi ekki.

Ég mælti ekki gegn till., sem hér er flutt. En það þykir, að ég hafi mælt linlega með henni. Og það er vegna þess, að hv. flm., sem talaði hér áðan, og hv. 1. þm. Austf. talaði í svipuðum dúr, — það er eins og þeir telji þetta eitthvert aðalatriði fyrir kornræktina, hvort að því verður horfið að greiða niður sem nemur allt að hálfri millj. kr. íslenzkt korn. Og það er talað um, að íslenzkir bændur njóti ekki jafnréttis að þessu leyti við erlenda bændur. Ég minntist á það áðan, að hér væri ekki hægt að tala um neina samkeppni á milli íslenzks korns og erlends vegna þess, hversu íslenzka kornið er lítill þáttur. Það er ekki nema 1—2% af því fóðurkorni, sem notað er í landinu. Og það er hreinn útúrsnúningur, þegar hv. 1. þm. Austf. talaði um það hér áðan, að e. t. v. vildi ég halda því fram, að niðurgreiðslan á erlenda kornið væri styrkur til erlendra kornræktarbænda. Það liggur í augum uppi, að ef hér er um styrk að ræða, þá er það til íslenzkra bænda, og væri þó ekki heldur rétt að segja það, vegna þess að eftir því sem fóðurkornið er ódýrara, þessi 98—99% af fóðurkorninu, sem er útlent, eftir því verður það, sem framleitt er, mjólkin og kjötið, ódýrara. Og þess vegna er náttúrlega ekki heldur hægt að segja, að þetta sé beinn styrkur til bænda, ekki a. m. k. nema að nokkru leyti.

Það hefur verið að því fundið, að erlenda kornið njóti óeðlilega góðra kjara í frögtum og tollum. En það gegnir sama máli um það að nokkru leyti. Er þetta styrkur ekki aðeins til bænda, heldur til þess að koma í veg fyrir, að landbúnaðarvörurnar hækki í verði.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta miklu meira, en ég vil aðeins benda á, að þótt kornræktartilraunir hafi staðið hér í 30 ár og ýmislegt gott hafi leitt af þeim tilraunum, þá býst ég við, að þær séu ekki fullnægjandi. Og þrátt fyrir ágæta viðleitni og góð störf þess manns, sem að þeim tilraunum hefur staðið, þá býst ég við um þær tilraunir, sem nú eru gerðar á vegum atvinnudeildar háskólans, að það megi vænta meiri árangurs af þeim á styttri tíma en fengizt hefur af 30 ára starfi, sem unnið hefur verið á Sámsstöðum undir allt öðrum og lakari skilyrðum en tilraunum nú er boðið undir stjórn hinna hæfustu manna, sem hafa fengið miklu meiri menntun en þessi ágæti maður, sem hér er vitnað til og ég vil ekki á neinn hátt gera lítið úr. En ég segi það enn, að það er vitanlega virðingarvert, þegar bændur eru framtakssamir og áhugasamir, eins og þeir eru yfirleitt. En þegar um það er að ræða að ráðast í áhættufyrirtæki, sem kornræktin er enn í dag, þá held ég, að það sé eðlilegt, að þeir ráðist í þennan atvinnuveg án hvatningar frá því opinbera. En þegar það er heppilegt að áliti hinna fróðustu manna að sá korni án áhættu, eins og vísindamenn telja að ekki verði langt að bíða eftir, þá er vitanlega sjálfsagt og nauðsynlegt að hvetja íslenzka bændur til að taka upp þennan atvinnuveg, sem gæti þá orðið eins árviss og árangursríkur og mjólkurframleiðsla og sauðfjárrækt, svo að eitthvað sé nefnt. Og ég vil enn segja það, að ef bændur almennt ráðast í kornrækt, á meðan á tilraununum stendur, og verða fyrir varanlegu tjóni af því, þá er það vísasta leiðin til þess að hindra og tefja fyrir því, að kornrækt verði almennt tekin upp, áður en langur tími líður. Og það væri vissulega slæmt, og það væri ástæða til að harma það. En núv. ríkisstj. hefur með því að koma af stað umfangsmiklum tilraunum undir stjórn hinna færustu manna, verja til þess fjármunum, verið að leggja grundvöllinn að kornrækt í framtíðinni á Íslandi, sem við getum áreiðanlega bundið miklar vonir við.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. lagði áherzlu á það í því, sem hann sagði áðan, að hann hefði ekki mælt gegn þessari till., og þykir mér vænt um, að hann lagði áherzlu á það. Mér skilst það vitni þess, að hann muni ekki leggjast á móti henni, og

mætti þá fremur gera sér von um, að hún yrði samþykkt. Vona ég, að reyndin verði sú.

En þótt hæstv. ráðh. segði þetta, þá var hann enn nokkuð við sama heygarðshornið. Skal ég ekki af því tilefni endurtaka það, sem ég sagði áðan, sem stendur þrátt fyrir það. En það kom fram hjá hæstv. ráðh., að þetta væri ekki svo stórt mál fyrir kornræktina eða landbúnaðinn eða þjóðarbúskapinn, vegna þess að íslenzk kornframleiðsla væri svo lítil að vöxtum og íslenzka kornið væri svo lítið af því korni, sem notað væri til fóðurs í landinu. En þetta er alls ekki aðalatriði málsins, eins og hæstv. ráðh. hlýtur að sjá, ef hann íhugar þetta betur. Hitt er aðalatriðið, að erlenda kornið er borgað niður og munurinn, sem kemur fram vegna niðurgreiðslunnar, er um 18.61% af verði kornsins. Það jafngildir kornskatti, sem kemur á innlenda kornið umfram það erlenda, jafngildir allt að því banni við kornrækt á Íslandi. Enda virðist það nánast vera það, sem hæstv. ráðh. hugsar sér, þar sem hann telur alls ekki tímabært, að bændur almennt séu að reyna kornrækt og það eigi að bíða eftir tilraununum, þess vegna eigi að halda þessum mismun. En hér er um svo alvarlegt mál að ræða og svo stórt mál að ræða, að á meðan íslenzka kornið hefur svona slæma aðstöðu samanborið við erlent, þá getur hér ekki orðið um ábatasama kornrækt að ræða, jafnvel þótt veðráttan sé góð. Þetta eru slíkar búsifjar.

Enginn íslenzkur atvinnuvegur mundi þola nál. 20% aukaskatt af verði afurða sinna. Það er ekki til sú atvinnugrein á Íslandi, sem mundi þola það. En samt sem áður er það einmitt þetta, sem innlend kornrækt býr við núna.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé bezt að láta íslenzka kornrækt vera án hvatningar, eins og sakir standa, því að það sé ekki tímabært að bændur fáist við kornrækt. En nú er ekki einu sinni svo, að hér sé með þessari till. farið fram á neina hvatningu til kornræktar. Það er aðeins farið fram á, að hún standi að þessu leyti jafnfætis erlendri framleiðslu. Hér er ekki verið að tala um að veita íslenzkum kornframleiðendum styrk í einu eða neinu formi, alls ekki, aðeins farið fram á, að þeirra framleiðsluvörur sitji við sama borð og erlend vara sams konar.

Ég verð að segja, að mér þykir það tíðindum sæta, að slíkt skuli sæta mótmælum á Alþingi, sem sagt, að það skuli vera komin upp sú stefna að hafa eins konar verndartoll á innlendri framleiðslu í þágu erlendrar framleiðslu. Slíkt hefur aldrei nokkurn tíma þekkzt á Íslandi fyrr. En á hinn bóginn er það algengt, að tollar séu á erlendri framleiðslu, sem koma sér vel fyrir innlendu framleiðsluna. Hitt mun með öllu gersamlega ópekkt, þangað til þetta hefur gilt núna um kornræktina. Er þó allra sízt ástæða til þess auðvitað, að það gildi um hana, þar sem þeir, sem í hana leggja, margir af mikilli atorku, taka óneitanlega á sig talsverða áhættu. En ofan á þá áhættu verða þeir svo að bera þessar búsifjar. Það er ekki sanngjarnt og ekki eðlilegt. Þetta er líka þjóðhagslega skoðað alveg skakkt, og þess vegna á að innleiða jafnrétti í þessu, eins og till. gerir ráð fyrir.

Ég vil vonast eftir því, að till. fáist samþykkt, þar sem hæstv. ráðh., eins og hann tók fram í síðari ræðunni, mælir þó ekki á móti henni.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 39 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri og minni hl. fjvn., á þskj. 627 og 638, var útbýtt 10. og 16. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Síldarleit.

Á deildafundum 15. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um síldarleit** [13. mál] (A. 13).

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 13 flyt ég ásamt hv. 1. þm. Austf. og hv. 3. þm. Norðurl. v. till. til þál., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að síldarleit eigi sér stað allan ársins hring allt umhverfis landið."

Á síðasta þingi flutti ég ásamt með sömu hv. alþm. till. til þál., er gekk út á það, að síldarleitarskipum yrði fjölgað í 3 fyrir Norður- og Austurlandi við í hönd farandi sumarsíldveiðar þá. Sú till. dagaði uppi, en engu að síður varð það úr, að síldarleitarskipin voru í sumar fyrir norðan og austan 3 í stað tveggja, sem þau höfðu verið flest undanfarandi sumur. Árangurinn af síldarleitinni eftir s. l. sumar er alveg óumdeilanlega mjög góður. Og ég minnist þess að hafa séð í einu Reykjavíkurblaðanna, ég held, að það hafi verið Morgunblaðið, í viðtali við einn af aflakóngum síðasta síldarsumars, að hann sagði eitthvað á þá leið, að hann teldi, að um helming síldaraflans á síðustu vertíð mætti beint og óbeint þakka þeirri síldarleit, sem fór fram á síldarleitarskipunum þrem undir stjórn Jakobs Jakobssonar fiskifræðings. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það þess vegna eða hafa fleiri orð til þess að benda á, hversu síldarleitin í sjálfu sér er mjög mikils verð og gefur óumdeilanlega mjög góða raun, ef hún er rekin af nægilegum krafti og undir nægilega góðri stjórn.

Nú er það nokkurn veginn talið víst, að síld sé hér á miðunum umhverfis landið árið

um kring. Og fiskifræðingar okkar hafa nokkra þekkingu á því þegar, hvar hún heldur sig á hverjum árstíma. Við höfum líka nú hin síðari árin bæði tekið í notkun miklu stærri og betri skip en algeng voru fyrir nokkrum árum, og við höfum þar að auki tekið í notkun veiðarfæri, sem gera það mögulegt að veiða síldina á hvaða árstíma sem er og jafnvel þótt veður séu nokkuð þung og vond. Maður hlýtur að mega ætla, að það hljóti að vera í því talsverður sparnaður fyrir útgerðina og jafnframt æskilegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að bátaflotinn þurfi ekki að skipta jafnoft um veiðarfæri á hverju ári eins og verið hefur til þessa. Flest úthöld hafa þurft að hafa sérstök veiðarfæri fyrir sumarsíldveiðarnar, annars konar veiðarfæri fyrir vetrarsíldveiðarnar, í þriðja lagi veiðarfæri fyrir þorskvertíð á vetrum og þar fram eftir götunum. Að sjálfsögðu er í veiðarfærunum bundið óhemjufé, sem nýtist ekki nægjanlega vel vegna þess, hvað þau eru lítið notuð eða stuttan tíma notuð úr ári hverju. Þegar því ástæða er til að ætla, að hægt sé og jafnvel hagkvæmara fyrir bátana að stunda sömu veiðarnar allt árið um kring, þá er ljóst, að það út af fyrir sig mælir eindregið með því, að við komum á síldarleit, er standi allt árið um kring og alls staðar umhverfis landið, þannig að bátaflotinn geti stundað þessar veiðar stöðugt og þá sem mest frá sínum heimahöfnum. Það mundi að áliti okkar flm. verka verulega í þá áttina að tryggja það, að fólkið flyttist ekki og tæki sig burt af þeim stöðum, sem hafa átt í erfiðleikum við að hamla á móti fólksflóttanum hingað til Suðvesturlandsins, og það ætti að geta gert þeim, sem síldaraflann kaupa og verka, mögulegt að borga jafnvel hærra verð fyrir hann til sjómanna og útvegsmanna, ef þeir gætu notað sínar dýru verkunarstöðvar lengri tíma úr ári en til þessa hefur tíðkazt.

Það verður að teljast eðlilegt, að ríkissjóður kosti starfsemi sem síldarleitina. Svo miklir þjóðfélagslegir hagsmunir eru við það tengdir, að síldveiðarnar gangi vel í landinu, að það réttlætir það, að ríkissjóður standi undir kostnaðinum af síldarleitinni.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. um þetta mál. Ég hygg, að um gagnsemi þess verði ekki deilt, og kostnaðurinn, sem af þessari starfsemi kann að leiða, þó að hún yrði stunduð allt árið, er hverfandi á móts við þá hagnaðarvon, sem því er samfara. Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að máli þessu verði að umr. lokinni vísað til hv. fjvn.

Eysteinn Jónsson: Í tilefni af flutningi þessarar þáltill. langar mig til að minnast aðeins á síldarleitina nú í haust sem nokkurt dæmi í þessu sambandi. Ég hefði talið, og það er áreiðanlega hugsun okkar flm., að í haust hefði átt að halda síldarleitinni áfram bæði fyrir Austur- og Norðurlandi og ekki láta hana falla niður.

Það þyrfti að vera stöðug síldarleit, til þess að menn fylgdust með, hvar síldina væri að finna þá og þá, og eins og 1. flm. hefur greinilega tekið fram, mundi það stórkostlega auka líkurnar fyrir, að síldarúthald gæti orðið stöðugt og með meiri árangri. Og í tilefni af því, að mér skilst, að núna eigi sér engin síldarleit stað, langar mig til að spyrja þann hæstv. ráðh., sem fer með sjávarútvegsmál í forföllum sjávarútvegsmrh., sem mér skilst að sé erlendis, hvort hann hefði aðstöðu til að gefa okkur upplýsingar um, hvort síldarleit verður ekki hafin nú tafarlaust og þá með hve miklum krafti, hve mikill kraftur yrði lagður í síldarleitina, og hvort þess væri ekki að vænta, að hún yrði hafin tafarlaust.

Fyrst farið er að tala hér um síldveiði yfirleitt, finnst mér ekkert illa viðeigandi, að hér á Alþingi komi fram áhyggjur út af því, hvernig nú horfir um síldarúthaldið, þar sem síldarflotinn liggur nú bundinn og hvorki gengur né rekur, að því er manni skilst, með að leysa þá deilu, sem risið hefur í sambandi við kjörin á síldveiðiflotanum. Ég vil því nota þetta tækifæri, sem núna gefst, þar sem síldarmálin eru á dagskrá og jafnvel með nokkuð sérstökum hætti síldarúthaldið núna, þar sem er síldarleitin, en hún er náttúrlega grundvöllurinn að þessu öllu saman nú orðið, — ég vil nota þetta tækifæri til þess að skora á hæstv. ríkisstj. að ganga tafarlaust á milli í þessari síldveiðideilu og leysa hana, svo að þjóðinni verði forðað frá því gífurlega tjóni, sem af því hlýtur að verða, ef síldarúthaldið stöðvast.

Ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að ganga á milli og leysa síldveiðideiluna, ekki með gerðardómi, heldur með því að beita sér fyrir samkomulagi á milli aðila, að svo miklu leyti sem slíkt kann að vera mögulegt, og afla sér svo heimildar Alþingis og það nú tafarlaust til að nota eitthvert fjármagn til að brúa það bil, sem kann að vera á milli aðilanna í deilunni, þegar málið hefur verið kannað. Vil ég benda á þá leið, að hæstv. ríkisstj. afli sér tafarlaust heimildar Alþingis til þess að greiða tækjauppbót, sem kalla mætti, til síldveiðiflotans og leysa þannig deiluna. Ég vil benda á, að þegar litið er á þau geysilegu verðmæti, sem hér eru í húfi, þá er þarna ekki um stórfellt fjármagn að ræða. Mér skilst, að það, sem hafi borið á milli s. l. sumar, sé einhvers staðar nálægt eða kannske ríflega sem svarar tveimur hlutum á hverju síldveiðiskipi. Jafnvel með þeirri miklu síldveiði, sem var s. l. sumar, mundi það víst ekki ná 30 millj. yfir allan flotann, sem á milli bar. Ef svo er litið á, að ekki sé hægt að búast við því, að jafnmikil verðmæti fáist á vetrarsíldveiðinni, þá sjáum við, að það mundi alls ekki þurfa að nota stóra fjárhæð til að leysa þetta mál á farsællegan hátt, t. d. brúa með tækjauppbót að því leyti, sem endarnir næðust ekki saman hjá aðilunum. Ekki verður um stórkostlega fjármuni að ræða og sízt í samanburði

við þann óhemju ávinning, sem af því verður, ef veiðarnar geta gengið hrukkulaust.

Nú mundi kannske einhver segja, að það væri tæpast út í þetta leggjandi, það væri verið að fara inn á uppbótarkerfi. Ég vil benda á í því sambandi, að öll vátryggingariðgjöld fiskiflotans, á annað hundrað millj., eru greidd af fjármagni, sem dregið er saman með útflutningsgjöldum. Og á sama hátt væri mjög auðvelt að fara með þetta mál. Þetta er í prinsipinu ekki ólíkt því, sem gert er með greiðslu vátryggingariðgjaldanna. Og ef menn teldu ekki vera hægt að fá nóg fé af þeim útflutningsgjöldum, sem þegar eru lögð á útveginn og nema nú 7.4%, þannig að það er ekki um neina smáfjármuni að ræða, þá er mjög auðvelt að taka það fjármagn, sem þyrfti, til þess að leysa málið á þessa lund, af því fé, sem innheimt var s. l. sumar, þegar gengishækkun á útflutningsvörubirgðum var tekin eignarnámi og færð í ríkissjóð. Mun sú fjárhæð hafa numið mikið á 2. hundrað millj. kr. og varð til þess, að ríkissjóður hafði afgang og fór að eiga inni í Seðlabankanum um s. l. áramót, eins og hæstv. ráðh. upplýsti þá. Því fer þess vegna fjarri, að það mundi þurfa að taka nokkuð af almannafé til að leysa þessi vandkvæði útvegsins eða af almennu ríkisfé eða sköttum þeim, sem innheimtir eru af almenningi, heldur væri mjög auðvelt að leysa þetta mál með því fjármagni, sem tekið er af sjávarútveginum sjálfum, eins og augljóst verður af þessu.

Ég skora því eindregið á hæstv. ríkisstj. að ganga á milli og afla sér nauðsynlegra heimilda á Alþingi í því skyni. Taldi ég ástæðu til að nota tækifærið, þegar rætt er um síldveiðarnar, til að koma þessari áskorun á framfæri. Hér er um mál að ræða, sem þolir ekki bið, og vona ég, að hæstv. forseti reikni mér það ekki til syndar, þó að ég minnist á þetta í sambandi við þær umr., sem hér verða um síldarmálin.

En svo vildi ég endurtaka þetta í framhaldi af því, sem 1. flm. tók fram, að það hefði verið mjög æskilegt, ef hæstv. ráðh. sjávarútvegsmála hefði getað upplýst um það, hvort ekki er fyrirhugað að hefja síldarleit tafarlaust og þá hvað mikið ætti í hana að leggja.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. spurðist fyrir um það, hvort gerðar hefðu verið ráðstafanir til þess, að síldarleit yrði stunduð á þessu hausti. Í tilefni af þessu skal ég skýra frá því, að sjútvmrn. hefur undirbúið síldarleit nú í haust. Rn. hefur þegar á hendinni skip til leitarinnar, 250 tonna skip, eitt af þeim, sem byggð voru í Austur-Þýzkalandi, og er það útbúið hinum fullkomnustu leitartækjum. Jakob Jakobsson, sem eflaust má telja færastan allra Íslendinga til þess að veita slíkri starfsemi forstöðu, mun því miður ekki geta gert það á þessu hausti, þar eð brýna nauðsyn ber til þess, að hann starfi á sinni rannsóknarstofu við úrvinnslu þeirra stórmerku gagna, sem aflað var við síldarleitina í sumar. En samninga er hægt að gera þegar í stað við þann annan mann, sem telja má hæfastan Íslendinga til þess að sinna slíkum störfum, þ. e. Jón Einarsson skipstjóra. Af hálfu sjútvmrh. er því allt tilbúið undir það, að síldarleit geti hafizt þegar í stað. Ástæðan til þess, að hún er ekki þegar hafin, er að sjálfsögðu vinnudeila sú, sem yfir stendur um kjör á síldveiðiflotanum. En jafnskjótt og fram úr þeirri deilu rætist, og það er áreiðanlega ósk okkar allra, að það verði sem fyrst, þá er af hálfu sjútvmrn. ekkert því til fyrirstöðu, að síldarleitin geti hafizt þegar í stað.

Eysteinn Jónsson: Það er út af þessu, sem hæstv. ráðh. upplýsti. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að það er álit þeirra, sem bezt þekkja til síldveiðanna, að það sé allt of lítið að hafa aðeins eitt skip við síldarleitina. Og ég vil mjög eindregið skora á hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. að endurskoða þá afstöðu og hafa a. m. k. tvö og helzt þrjú skip við síldarleitina, eins og er tekið fram í till. og allan ársins hring. Það er frá mínu sjónarmiði alveg rangt að miða síldarleitina eingöngu við, að síldarflotinn sé úti á veiðum. Það finnst mér ekki vera rétt stefna. Mér finnst eiga að hafa síldarleitina stöðugt til þess að reyna að komast eftir því, eins og 1. flm. þessarar till. sagði, hvar síldin heldur sig allan ársins hring. Og þá getur komið ástæða fyrir veiðiskipin að fara af stað, þegar síldarleitarskipin hafa kynnt sér nokkuð, hvar síldina er að finna. Þessi hugsunarháttur, að hafa síldarleitina ekki starfandi nema flotinn sé úti, kom líka nokkuð fram í haust, þegar síldarleitinni var hætt, og því var borið við, að skipin voru hætt að veiða og þá væri engin ástæða til, að síldarleitin héldi áfram. En þetta er hinn herfilegasti misskilningur. Þá á síldarleitin einmitt að halda áfram til þess að kynna sér, hvernig viðhorfið er á miðunum, og koma þannig flotanum að gagni.

Það er ekki von, að einstakir útvegsmenn geti lagt stórfé í að leita að síldinni á þeim tímum, sem hún fram að þessu hefur venjulega ekki veiðzt. En reynslan undanfarið sýnir það og leitin, þegar hún hefur farið fram, að síldin getur haldið sig þannig í sjónum, að það sé hægt að veiða hana á þeim tímum, sem áður hafa ekki verið taldir vænlegir til síldveiða. Það er alls ekki hægt að búast við því, að einstakir útvegsmenn geti haldið uppi slíkri síldarleit. Það verður hið opinbera að gera með því að hafa a. m. k. þrjú síldarleitarskip í gangi og beita þeim allan ársins hring.

Ég tók eftir því, að nú kom fram hjá hæstv. ráðh. einmitt þessi sami hugsunarháttur, þar sem mér skilst ekki betur en hann geri ráð fyrir því, að síldarleitarskipin fari út jafnskjótt og síldveiðideilan er leyst. Þetta er að mínum dómi alveg röng stefna. Ég álít, að síldarleitarskip eigi að fara út strax — og það raunar fleiri en eitt — og hefði átt að vera úti undanfarið til þess að kynna sér,

hvernig viðhorfið var varðandi síldveiðarnar, og eigi alls ekki að bíða einn einasta dag eftir því, að síldveiðideilan leysist.

Þetta vildi ég láta í ljós til frekari áréttingar því, sem komið hefur fram frá okkur flm. varðandi meginstefnuna í síldarleitinni. Ég held mér sé óhætt að fullyrða, að ef hæstv. ríkisstj. og hennar ráðunautar í þessu leituðu álits þeirra, sem bezt er hægt að treysta í þessu máli, þ. e. a. s. síldveiðiskipstjóranna og síldveiðimannanna yfir höfuð, sem bezt þekkja hér til, þá mundu þeir alls staðar verða varir við þetta sama sjónarmið, — bjargfasta trú á því, að það borgi sig að leita stöðugt, og það eigi að leita og kynna sér síldargöngurnar, ekki aðeins á sjálfri hávertíðinni, heldur sífellt, til þess að reyna að komast að raun um, hvernig göngurnar haga sér allan ársins hring.

Svo vil ég að lokum aðeins aftur minna á áskorun mína um, að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því að leysa sjálfa síldveiðideiluna, og skal ekki endurtaka neitt af því, sem ég sagði áðan um það. En ég vona, að hæstv. ríkisstj. taki það til alvarlegrar íhugunar nú strax, sem þar kom fram.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Raforkumál.

Á deildafundum 15. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um raforkumál [14. mál] (A. 14).

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú um raforkumál, sem hér liggur fyrir á þskj. 14, er borin fram af þm. Framsfl. Till. samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa till., hún er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hraða áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, er miðist við það, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Séu gerðar áætlanir um ný orkuver, aðalorkuveitur og dreifilínur um sveitir ásamt áætlunum um aðstoð við að koma upp einkastöðvum fyrir einstök heimili, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínur til þeirra frá samveitum, og sé aðstoðin ákveðin með hliðsjón af þeim stuðningi, sem veittur er íbúum samveitusvæðanna. Áætlunum þessum verði lokið fyrir 1. janúar 1963."

Þannig er þessi till. okkar.

Árið 1954 hófst framkvæmd svonefndrar 10 ára áætlunar um rafvæðingu landsins, sem síðan hefur verið unnið að. Var áætlunin gerð samkv. viðauka við raforkulögin, sem Alþ. hafði samþykkt. Í grg., sem till. fylgir, er birt yfirlit um fjárveitingar úr ríkissjóði til raforkuframkvæmdanna síðan 1954. Tölurnar eru teknar úr ríkisreikningunum. Yfirlitið sýnir, að á árunum 1954—1961, að báðum meðtöldum, hefur ríkissjóður lagt fram til nýrra raforkuframkvæmda alls rúmlega 65.5 millj. kr. og til raforkusjóðs samtals 89.9 millj. Hæst voru ríkisframlögin árin 1957 og 1958, eins og skýrslurnar í grg. bera með sér. Kostnaður við þessar framkvæmdir sem aðrar hefur aukizt mjög síðustu árin. Hefði því verið full þörf fyrir aukin framlög frá ríkinu, en í þess stað hafa þau verið lægri árin 1959—62 en 2 næstu árin þar á undan. Samkv. framansögðu hafa framlög úr ríkissjóði til nýrra raforkuframkvæmda og raforkusjóðs numið samtals rúmlega 155 millj. kr. á næstliðnum 8 árum, 1954—61. En á þessum 8 árum voru lagðar í stofnkostnað hjá rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitum ríkisins samtals 514.5 millj. kr. Lætur því nærri, að á þessu tímabili hafi ríkissjóður lagt fram um 30% af stofnkostnaði framkvæmdanna, en 70% verið fengið að láni.

Áður en þetta tímabil hófst, þ. e. a. s. í árslok 1953, var stofnkostnaður hjá rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitunum orðinn um 57.5 millj. kr. Samkv. reikningum raforkumálaskrifstofunnar var því heildarstofnkostnaður þessara fyrirtækja um síðustu áramót orðinn rúmlega 572 millj. kr. Þetta er samtala þeirra upphæða, sem í árslok 1961 var búið að leggja í virkjanir, orkuveitur, dísil- og hjálparstöðvar, landareignir, hús og áhöld hjá rafveitunum, þ. e. a. s. bæði hjá rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitum ríkisins. Við þessa tölu er þó það að athuga, að hér er ekki meðtalinn sá gengishalli, sem rafmagnsveiturnar hafa orðið fyrir í sambandi við gengislækkanir síðustu ára vegna erlendra lána, sem á þeim hvíla. Gengismunurinn er færður sem sérstakur liður á eignahlið efnahagsreiknings hjá rafmagnsveitum ríkisins, og var hann um síðustu áramót 130.6 millj. Sé þeirri upphæð bætt við bókfærðan stofnkostnað, koma út rúmlega 702 millj. kr. Hjá rafmagnsveitum ríkisins voru framkvæmdir langmestar árið 1958. Þá var varið til þeirra rösklega 93 millj., en hjá héraðsrafmagnsveitunum hafa framkvæmdirnar verið nokkuð svipaðar flest árin að undanförnu.

Um síðustu áramót höfðu 2429 sveitabýli

fengið rafmagn frá samveitum, eftir því sem raforkumálaskrifstofan hefur upplýst, og þá höfðu tæplega 500 heimili rafmagn frá sérstökum vatnsaflsstöðvum. Af þessu sést, að allmikið er óunnið til þess að koma rafmagninu á öll heimili. Þegar birtar eru fréttir um það, hve margir landsmenn hafi fengið rafmagn, munu þeir oft taldir með, sem komið hafa upp mótorstöðvum. Margar þessar stöðvar eru litlar, oft aðeins til ljósa, og margir hafa sett upp slíkar smástöðvar á heimilum sínum í bili, meðan þeir bíða eftir rafmagni frá samveitum. Slík úrlausn er vitanlega alveg ófullnægjandi, og það gefur ekki rétta mynd af ástandinu, ef þau heimili, sem hafa aðeins sett upp slíkar mótorstöðvar, eru talin með þeim, sem hafa fengið raforkuþörf sinni fullnægt með línum frá samveitum eða sérstökum einkastöðvum, sem reknar eru með vatnsafli.

Ég sá í blaði fyrir fáum dögum haft eftir hæstv. ráðh., að ætla mætti, að í árslok 1964 hefðu um 180 þús. landsmanna fengið rafmagnið. Ég er hræddur um, að þetta sé tekið eftir skýrslum, sem þannig eru gerðar, að þar séu talin með þau heimili, sem hafa fengið mótorstöðvar mismunandi stórar, en eins og ég sagði, þá tel ég, að þetta gefi ekki rétta mynd, ef slíkar stöðvar eru taldar með eða þau heimili eru talin með hinum, sem hafa fengið fullnægt sinni raforkuþörf. Þetta er í mörgum tilfellum aðeins ófullkomin bráðabirgðalausn, og mörg af þeim heimilum þurfa því — ég vil segja flest — að fá rafmagn, sem fullnægir betur þeirra þörfum en þessar mótorstöðvar.

Þau sveitaheimili, sem enn eiga eftir að fá rafmagn frá samveitum samkv. 10 ára áætluninni, munu skipta allmörgum hundruðum. Ekki verður talið, að framkvæmdum samkv. þeirri áætlun sé lokið, fyrr en rafmagn er komið frá samveitum um allar þær sveitir eða sveitahluta, þar sem meðallínulengd milli býla er ekki nema einn eða rúmlega einn km. Á sumum stöðum vantar orkuver og aðalorkuveitur, til þess að hægt sé að ljúka orkudreifingu um þessi svæði.

Að því þarf að vinna að ljúka framkvæmd 10 ára áætlunarinnar með þeim hraða, sem mögulegt er. Til greiðslu kostnaðarins þarf lánsfé eins og áður, og mikil þörf er að auka beinu fjárframlögin úr ríkissjóði, m. a. vegna þess að framkvæmdakostnaðurinn hefur aukizt mikið síðustu árin.

Þó að þannig sé töluvert enn óunnið við framkvæmd 10 ára áætlunarinnar, ætti að mega ljúka því á skömmum tíma. Það er því sjálfsagt að láta ekki lengur dragast að ganga frá nýrri áætlun um framhald rafvæðingarinnar. Og til þess að herða á því, að sú nýja áætlun verði gerð, er till. þessi flutt. Þar þarf að ganga miklu lengra en áður við dreifingu rafmagnsins, þannig að það verði lagt um byggðir, þó að meðallínulengd milli heimila sé miklu meiri en einn km. Í till. okkar er ekki fram tekið, hve langt eigi að ganga í því að leggja raflínur um sveitir. En sjálfsagt er að fullnægja rafmagnsþörfinni með línum frá samveitum, að svo miklu leyti sem mögulegt er. Þegar búið er að gera uppdrætti af þeim byggðum, sem enn vantar rafmagnið, er hægt að sjá vegalengdir milli bæja á þeim svæðum, gera áætlanir um kostnað við raflínurnar og taka ákvarðanir um þær. Þó að sú verði aðalreglan, sem ég tel að eigi að vera, að leggja raflínur frá orkuverum og aðalorkuveitum um sveitirnar, eru einstök býli svo mjög afskekkt, að ekki eru tök á að veita þangað rafmagni frá samveitum kostnaðarins vegna, meðan ekki verða fundnar ódýrari aðferðir við orkuflutninginn, og þau heimili þurfa að fá rafmagn með öðrum hætti. Réttmætt er, að hið opinbera veiti til þess verulegan stuðning. Má í því sambandi benda á þá miklu aðstoð, sem ríkið hefur veitt með beinum fjárframlögum og á annan hátt til að fullnægja raforkuþörf þeirra, sem þegar hafa fengið rafmagnið.

Í till. er farið fram á, að áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðinguna verði lokið á þessu ári og verði þær við það miðaðar, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Þetta er takmarkið, sem sett er fram í till. Þeir menn, sem ekki hafa enn fengið rafmagnið, bíða óþolinmóðir, sem eðlilegt er, eftir því að fá vitneskju um, hvað gert verður í þessu máli, sem er þeim svo ákaflega þýðingarmikið. Við flm. till. leggjum áherzlu á, að þeir fái þá vitneskju um næstu áramót.

Þegar rætt er um það, hvort leggja eigi rafmagn um héruðin, er í raun og veru rætt um það, hvort byggð eigi að haldast þar eða ekki, svo mikilvægt er málið.

Segja má, að þessari till. væri fremur vinsamlega tekið á síðasta þingi, þó að hún hlyti þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Hæstv. ráðh., sem fer með raforkumál, sagði m. a. í þingræðu um málið 11. apríl s. l., að það væri æskilegt fyrir bændur, sem ekki hafa enn fengið rafmagn, að vita um það, hvenær þess sé von eða hvort þess sé von. Og hann sagði enn fremur, að áður en framkvæmd 10 ára áætlunarinnar verði lokið, sé nauðsynlegt, að framhaldsáætlun liggi fyrir, og æskilegt, að hún liggi fyrir sem fyrst. Þess væntum við flm. till., að hún fái ekki síður góðar undirtektir nú. Það verður að teljast eðlilegt, að raforkumálastjóri og raforkuráð geri hina nýju áætlun. Þeim aðilum var falið að gera 10 ára áætlunina á sínum tíma, og á raforkumálaskrifstofunni hefur verið unnið undirbúningsstarf, sem þurfti að vinna, til þess að unnt sé að gera nýju áætlunina.

Til þess að nýju áætluninni verði lokið á þessu ári, eins og farið er fram á í till., þarf að hafa hraðan á, og má því ekki dragast að taka ákvörðun um, að þannig skuli unnið að málinu. Rétt mun vera samkv. venju, að málið fái athugun í þingnefnd, og legg ég því til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn. til athugunar. Og ég vil fastlega vænta þess,

að hv. n. hraði meðferð málsins og skili áliti um það hið allra fyrsta.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins við upphaf þessarar umr. gefa nokkra skýringu á því, sem ætlazt er til að gert verði í sambandi við þáltill. á þskj. 14, um raforkumál, sem hv. framsóknarmenn flytja, en það er sams konar till. og flutt var á síðasta þingi, þ. e. að skora á ríkisstj. að láta hraða áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir um rafvæðingu landsins, er miðist við það, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Séu gerðar áætlanir um ný orkuver, aðalorkuveitur og dreifilínur um sveitir ásamt áætlunum um aðstoð við að koma upp einkastöðvum fyrir einstök heimili, sem eru það afskekkt að geta ekki komizt í samveitur. Eins og upplýst var á síðasta þingi, hefur verið lagt fyrir raforkumálastjóra að vinna þetta verk, sem minnzt er á hér í till., og hefur raforkumálaskrifstofan unnið að því síðan, en hefur ekki lokið við það enn, enda er hér um mikið verkefni að ræða.

Ég hef áður haft það eftir raforkumálastjóra, að í árslok 1964, þegar 10 ára áætlun er lokið, muni 182 þús. Íslendingar hafa raforku frá vatnsaflsvirkjunum, samveitum eða stærri dísilvélum, þar sem kalla má nokkurn veginn varanlegt rafmagn. Og þá er einnig áætlað, að um 8 þús. Íslendingar hafi ekki varanlegt rafmagn, séu annaðhvort rafmagnslausir eða fái raforku frá minni stöðvum, sem þykja ekki eins góðar til raforkuvinnslu. En það, sem felst í þessari till. og í bréfi rn. 1960, er ekki aðeins, hvernig eigi að láta þessi 8 þús. Íslendinga fá raforku, sem hafa ekki fengið hana í árslok 1964, heldur einnig hitt, hvernig á að tryggja það, að þeir 182 þús. Íslendingar, sem fengið hafa rafmagn, hafi framvegis nægilegt rafmagn, og þá þarf vitanlega að athuga um nýjar virkjanir og nýjar veitur, sem geta flutt meiri orku en þær, sem nú eru fyrir hendi.

Athugun raforkumálaskrifstofunnar er þannig tvíþætt, og raforkumálastjóri hefur gefið mér skýrslu um, á hvaða stigi þessi mál eru nú. Hann hefur tjáð mér, að raforkumálaskrifstofan hafi lagt megináherzlu á annan þáttinn, enn sem komið er, þ. e. að athuga virkjunarmöguleika og aðstöðuna til þess að koma rafmagninu ekki aðeins til þessara 8 þús. Íslendinga, heldur tryggja það, að allir landsmenn hafi nægilega raforku eftirleiðis og undirbúningur verði hafinn til þess að mæta hinni stórum auknu raforkuþörf. Vil ég þá gefa nokkrar upplýsingar um, hvernig þessari athugun er háttað og á hvaða vegi hún er.

Raforkumálastjóri segir, eins og ég áðan sagði, að á vegum raforkumálastjóra er nú unnið að rannsóknum og áætlunum um áframhaldandi rafvæðingu og um öflun raforku til að mæta vaxandi orkuþörf. Auk þessara áætlana er einnig unnið að því að athuga, á hvern hátt megi koma raforkunni til þeirra, sem svo illa eru í sveit settir, að vafasamt þyki, hvort þeir geti komizt í samveitukerfi. Og þá er helzt um það rætt, að ef þeir eru það langt frá, í það miklu strjálbýli, að ekki sé unnt að koma þessum býlum í samveitukerfi, verði þeirra raforkumál leyst með dísilrafstöðvum, sem séu þá annaðhvort styrktar af almannafé eða þá að veitt séu svo hagkvæm lán, að flestum eða öllum bændum sé gert kleift að eignast vélarnar.

Um Suðvesturland hefur raforkumálastjóri athugað um framkvæmdir, þ. e. svæðið frá Vík í Mýrdal til Borgarness. Unnið er að rannsóknum og áætlun um virkjun Þjórsár við Búrfell og miðlun í Þórisvatni í því sambandi með stóriðju fyrir augum, en frá Búrfellsvirkjun fengist jafnframt mikil raforka til almenningsnota. Athuganir á fleiri virkjunum í Þjórsá og þverám hennar í framhaldi af Búrfellsvirkjun, svo sem um Urriðafoss, Hrauneyjarfoss, Tungnaárkrók og víðar, eru á byrjunarstigi. Unnið er að almennum rannsóknum á Hvítársvæðinu og að áætlun um virkjun við Brúará til almennra þarfa. Enn fremur er unnið að áætlun um jarðhitaorkuver í Hveragerði, einnig til almennra þarfa.

Um Snæfellsnes: Tvær leiðir eru helzt taldar koma til greina til að sjá fyrir aukinni raforkuþörf á Snæfellsnesi: 1) að virkja Hraunsfjarðarvatn í 2—3 þús. kw. orkuveri, og 2) að leggja háspennulínu frá Borgarfirði og tengja Snæfellsnes þannig við orkusvæði Sogsins og Andakílsár. Eru báðir þessir möguleikar í athugun. Báðar þessar leiðir eru kostnaðarsamar, og nokkur ár líða, þar til þær komast í framkvæmd, og þangað til verða dísilstöðvar að sjá fyrir þeirri orkuþörf, sem núv. vatnsorkuver anna ekki. Er nú verið að áætla, hverjar viðbætur í dísilsamstæðum séu nauðsynlegar í því skyni.

Dalir: Hentugir virkjunarstaðir hafa engir fundizt í Dölum þrátt fyrir leit. Er því gert ráð fyrir að leysa raforkumál þessa svæðis með dísilstöðvum fyrst um sinn, en tenging við vatnsaflsstöðvar í nálægum landshlutum er einnig til athugunar. Nokkur tími mun líða, áður en slík ráðstöfun kemur til greina, vegna kostnaðarins.

Vestfirðir: Yfirlitsrannsóknir á Glámusvæðinu, sem er þýðingarmesta vatnsorkusvæði Vestfjarða, standa nú yfir. Sú rannsókn miðar að því að fá heildaryfirlit yfir virkjun á svæði þessu í megindráttum, en slíkt yfirlit er nauðsynlegt að hafa, áður en ráðizt er í frekari virkjunarframkvæmdir í Dynjandi eða Mjólká, en þær ár eiga upptök sín í Glámuhálendinu sem kunnugt er. Um nýja vatnsvirkjun þarna gildir hið sama og sagt var um Snæfellsnes, að hún er svo kostnaðarsöm, að raforkunotkun á Vestfjörð-

um þarf að aukast allmikið frá því, sem nú er, áður en ráðizt er í slíka virkjun. Jafnframt eru í athugun möguleikar á að auka orkuvinnslu núv. vatnsaflsstöðva með gerð miðlunarmannvirkja. Að öðru leyti verða dísilstöðvar að sjá fyrir aukningu um hríð, og er verið að áætla nauðsynlegar stækkanir dísilstöðva í því sambandi.

Strandir: Ráðgerð er stækkun Þverárvirkjunar við Hólmavík um helming næsta ár. Kostnaður við þá aðgerð er áætlaður 5 millj. króna.

Norðurland: Á næsta ári er ráðgerð spennuhækkun á hluta af Húnaveitu og bygging spennistöðva í Víðidal og í mynni Vatnsdals í því skyni að auka flutningsgetu veitunnar. Einnig er ráðgert að auka á næsta ári flutningsgetu veitunnar út vesturströnd Eyjafjarðar til Dalvíkur. Í athugun eru ýmsir virkjunarstaðir á Norðurlandi, er komið gætu til greina til að mæta vaxandi raforkuþörf þessa landshluta. Unnið er að áætlun um viðbótarvirkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig er í athugun að leggja aðalorkuveitu frá Akureyri til Skagafjarðar og tengja þannig vesturhluta Norðurlands við orkusvæði Laxár, e. t. v. með hliðartengingu inn á orkusvæði Skeiðsfossvirkjunar. Skagafjörður og Húnavatnssýsla eru þegar samtengd, sem kunnugt er, og yrði með þessu móti komið á samhangandi raforkukerfi um allt Norðurland. Þessar veitur koma til samanburðar við fleiri smærri virkjanir, ef athuganir sýna, að völ sé á hagkvæmum virkjunarstöðum fyrir þær. Hér er því enn þannig varið, að nokkur tími mun líða, áður en fært þykir að ráðast í þessa framkvæmd. Þann tíma, sem það tekur, verður að brúa með dísilstöðvum, og er nú í athugun að stækka dísilstöðvar á Sauðárkróki og Akureyri e. t. v.

Þá er unnið að rannsóknum og áætlunum um virkjun Jökulsár á Fjöllum, bæði byrjunarvirkjun við Dettifoss og að gerð miðlunarmannvirkja og viðbótarvirkjana í framhaldi af henni. Enda þótt slík virkjun geti látið í té mikla raforku til almennra þarfa, eru þessar rannsóknir, sem kunnugt er, gerðar með virkjun til stóriðju fyrir augum, og fullyrða má, að virkjun Jökulsár á Fjöllum til almennra nota eingöngu kemur ekki til greina vegna kostnaðar um langan aldur enn þá.

Norðausturland, Austfirðir og Suðausturland: Á Norðausturlandi, þ. e. frá Kópaskeri til Vopnafjarðar, mun enn um sinn verða að mæta aukinni raforkuþörf með stækkun dísilstöðvanna, sem nú sjá landshluta þessum fyrir rafmagni. Er á næsta ári ráðgerð stækkun dísilstöðvanna á Þórshöfn og Vopnafirði. Til athugunar eru möguleikar á tengingu Vopnafjarðar við Grímsárkerfið, og einnig er leitað að hentugum virkjunarstöðum í nágrenni kauptúnanna. Á Miðausturlandi eru í athugun möguleikar á að auka orkuvinnslugetu Grímsár, og leit að virkjunarstöðum fer fram. Koma virkjanir þar til samanburðar við tengingu Austurlands við Laxárvirkjun. Við slíka samtengingu opnast fleiri möguleikar í virkjunarmálum á Norður- og Austurlandi, svo sem Lagarfossvirkjun, sem þá fær miklu stærra orkuveitusvæði en ef engin slík tenging væri fyrir hendi, og getur þetta ráðið úrslitum um hagkvæmni þeirrar virkjunar. Þar til slíkar ráðstafanir í raforkumálum Miðausturlands verða tímabærar, verður aukinni raforkuþörf mætt með dísilstöðvum, og er á næsta ári ráðgerð stækkun dísilstöðvarinnar í Neskaupstað.

Á sunnanverðum Austfjörðum, þ. e. frá Fáskrúðsfirði til Djúpavogs, virðast heppilegustu ráðstafanirnar vera stækkun dísilstöðvanna, a. m. k. nú um sinn, enda þótt tenging við Grímsárvirkjun og einstakar smærri virkjanir í nágrenninu komi einnig til athugunar. Á næsta ári er áformuð stækkun dísilstöðvarinnar á Djúpavogi. Fyrir veitukerfið í Hornafirði og nálægum sveitum er um að ræða stækkun dísilstöðvarinnar á Höfn eða virkjun Smyrlabjargaár. Sú virkjun hefur allmjög verið til umr., sem kunnugt er, en telja má víst, að einhver tími líði, unz hún verður talin tímabær.

Stórvirkjanir utan Þjórsár, Hvítár og Jökulsár: Enda þótt þessar þrjár ár ásamt þverám séu mikilvægustu vatnsorkuforðabúr okkar og því beri að leggja áherzlu á rannsókn þeirra öðru fremur, þykir samt ekki fært að vanrækja með öllu rannsóknir annarra stóráa, svo sem Hvítár í Borgarfirði og Norðlingafljóts, Blöndu, Jökulsánna í Skagafirði, Skjálfandafljóts, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal. Eru rannsóknir á þessum ám sumpart í gangi og sumpart fyrirhugaðar á næstu árum. Reynt verður kostnaðar vegna að takmarka þær við yfirlitsrannsóknir, en fresta nákvæmum rannsóknum einstakra virkjunarstaða, eftir því sem fært þykir.

Af þessu yfirliti má sjá, að raforkumálaskrifstofan hefur ærin verkefni með höndum, og ljóst, að verkfræðingar hennar hafa ekki haldið að sér höndum. Þetta rannsóknarstarf og athugunar er ákaflega umfangsmikið, og þarf þess vegna ekki að undra, þótt ekki sé enn að fullu lokið öllu því, sem raforkumálaskrifstofunni var falið að gera með bréfi rn. í febrúar eða marz 1960 um öll þessi atriði.

Hitt er svo alveg rétt, sem stendur í till. hv. framsóknarmanna, að það er æskilegt, að þessu verði hraðað sem mest. Og það er unnið að þessu af eins miklum hraða og unnt er að fá fram. Það er vitanlega æskilegt fyrir bændur að vita, hvort þeir eigi von á rafmagni og hvenær, — þá bændur, sem eru eftir, þegar 10 ára áætluninni er lokið 1964. Og þetta mætti segja þeim nú þegar, ef framhaldsáætluninni væri lokið hjá raforkumálaskrifstofunni.

Það þarf að fara fram allvíðtæk athugun á þessu. Það liggur ekki enn fyrir á raforkumálaskrifstofunni, hve miklar vegalengdir

samtals eru á milli þessara býla, sem eftir verða. Það þarf að fara fram, eins og þeir kalla, næstum því ný kortlagning yfir þetta og mælingar, og svo þarf að draga línur og áætlanir þarna á milli.

Eins og kunnugt er, var ákveðið með þeirri tíu ára áætlun, sem nú er unnið eftir, að miða vegalengdina á milli býla við sem næst 1 km. Nú er spurningin, hvort á að miða eftir framhaldsáætluninni við 1½ km eða 2 km, segja sem svo: Þeir bæir, sem ekki er meiri fjarlægð á milli til jafnaðar en 2 km, skulu komast á samveitusvæði. Sumir mundu jafnvel segja: Það á ekki að miða við 2 km, heldur 2½ eða 3. En afstaða til þessa hefur ekki verið tekin enn af raforkumálaskrifstofunni eða stjórnarvöldunum og er ekki unnt að gera, fyrr en séð er, hvað er hér um miklar vegalengdir að ræða, hvað eru þetta margir km í háspennulínu, sem þarf að leggja um þær byggðir landsins, sem enn eiga eftir að fá rafmagn. Ég geri ráð fyrir því, að ákvörðun í þessu efni fari dálítið eftir því, hvað kostar að leggja háspennulínu til þessara manna, sem eru eftir yfirleitt. Og sjálfsagt finnst mér að teygja sig í þessu efni eins langt og fært þykir mögulega, því að vitanlega er miklu heppilegra og betra fyrir menn að vera í sambandi við samveitu heldur en hafa litla dísilvél heima til raforkuvinnslu, enda þótt dísilvélarnar séu nú orðnar gangvissar.

Þetta er það, sem raforkumálastjóri er að vinna að núna. Hvort hann lýkur því á þessum vetri eða næsta sumri, það hef ég ekki fengið ákveðið svar um enn hjá honum, en honum er alveg fyllilega ljóst, að þessu þarf að hraða, þessu verki þarf að flýta.

Ég held nú, að bændur landsins, sem eftir eiga að fá rafmagn, geti allavega reiknað með því, að rafmagn fái þeir. Spurningin er: Verður það með samveitu eða verður það með dísilstöð? Og margir bændur hafa nú þegar fengið sér dísilstöð, jafnvel þótt þeir séu nokkurn veginn öruggir um að fá rafmagn frá samveitu í framhaldsáætluninni.

En mig undrar ekkert, þótt svona till. komi fram. Það er þetta, sem fjöldi manns bíður eftir, og það er kunnugt, að sumar jarðir, hvort þær verða byggðar eða ekki, það fer eftir því, hvort rafmagn verður lagt þangað heim eða ekki. Og að því leyti get ég endurtekið það, sem ég sagði hér í fyrra, að það er mjög æskilegt, að það dragist ekki mjög lengi, að þessi framhaldsáætlun komi fram, enda þótt það sé ekki að neinum baga vegna framkvæmdanna sjálfra, því að framkvæmdir eftir framhaldsáætluninni byrja ekki fyrr en á árinu 1965. Fjárframlög til raforkuframkvæmda nú hin síðari ár hafa miðazt við það, að 10 ára áætluninni megi ljúka 1964. Og þar sem verðlag hefur mjög hækkað, eins og kunnugt er, hefur orðið að auka fjárframlög til framkvæmdanna sem því nemur, til þess að unnt verði að halda þessari áætlun. Það hefur verið gert. Áætlunin stenzt, vegna þess að fjárframlög til framkvæmdanna hafa verið aukin í fullu samræmi við aukinn tilkostnað.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. sagði í upphafi sinnar ræðu, að það hefði verið lagt fyrir raforkumálastjóra að undirbúa þær áætlanir um áframhald rafvæðingarinnar, sem eru efni þeirrar tillögu, sem hér liggur fyrir. Þetta var raunar kunnugt áður. Þetta mál var til umr. hér í Alþ. 2. marz 1960. Þá lá einnig frammi till. frá okkur framsóknarmönnum um þetta efni. Þá gaf hæstv. ráðh. þær upplýsingar, að raforkumálaskrifstofan væri að vinna að því að gera áætlun yfir þá bæi, sem fá ekki rafmagn samkvæmt 10 ára áætluninni 1953—63. Ráðh. sagði þá, að raforkumálaskrifstofan hefði um nokkurt skeið unnið að þessu, en óformlega þó, en nú fyrir áramótin hefði hann lagt áherzlu á það við raforkumálastjóra, að hann hraðaði þessari áætlun, eftir því sem unnt væri.

Þannig mælti hæstv. ráðh. 2. marz 1960. Samkv. því hefur hann fyrir árslok 1959 lagt áherzlu á það við raforkumálastjóra, að þessari áætlun yrði hraðað, eftir því sem mögulegt væri.

Við fluttum till. um þetta mál á síðasta þingi einnig, og fóru fram umr. um þá till. í Sþ. 11. apríl s. l. Ég benti þá á það, að því miður hefði ekki verið unnið að þessum viðbótaráætlunum með þeim hraða, sem æskilegt hefði verið. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hafði fengið, hafði aðeins einn starfsmaður á raforkumálaskrifstofunni haft það sem aukastarf að athuga vegalengdir milli bæja á þeim svæðum, sem ekki hafa komizt inn á 10 ára áætlunina, og þá var það þannig, að enn átti hann eftir að athuga þetta í nokkrum héruðum landsins. Ég hélt því fram þá og vil endurtaka, að það hefði verið hægt að vinna að þessu með meiri hraða en gert hefur verið. Nú þýðir vitanlega ekki að sakast um orðinn hlut, en þrátt fyrir þetta, þótt ekki hafi verið meiri áherzla á það lögð, þá er væntanlega nú langt komið að gera yfirlit yfir byggðina á þessum svæðum, sem eru utan við 10 ára áætlunina, og með því að leggja nokkru meiri vinnu í það, þá ætti að vera hægt innan skamms að ljúka þessu yfirliti. Og þegar búið er að teikna upp þau svæði, sem fá ekki rafmagn samkv. 10 ára áætluninni, þarf þegar í stað að gera áætlun um kostnað við samveitur um þau svæði, að svo miklu leyti sem fært þykir að fullnægja þeirra raforkuþörf með rafmagni frá samveitum, og taka ákvörðun um það, hvernig málið verði leyst. Þetta er það, sem við höfum farið fram á í okkar till. að gert verði nú, þannig að áætluninni verði lokið fyrir næstu áramót.

Hæstv. ráðh. segir, að ætla megi, að í lok ársins 1964 hafi um 182 þús. Íslendingar fengið rafmagn frá samveitum eða vatnsaflsstöðvum eða stærri dísilstöðvum, en þá muni um 8 þús. af landsmönnum verða raf-

magnslausir Ég veit ekki, hvernig þetta er talið, hvort þarna eru taldar stærri dísilstöðvar. En ég vil benda á það, eins og ég raunar gerði nú fyrir viku, þegar umr. þessi hófst, að það er svo um mjög mörg heimili, að þau hafa komið upp dísilstöðvum eða mótorstöðvum í bili, á meðan beðið er eftir betri úrlausn í þessum efnum. Mörg af þessum heimilum eru einmitt á þeim svæðum, sem ætla má að samveita verði lögð um, og hafa aðeins gripið til þess ráðs að koma upp mótorstöðvum til þess að hafa þá einhverja bráðabirgðaúrlausn, þótt mjög ófullkomin sé. Ég hefði talið, að það væri þess vegna æskilegast að gera þessar skýrslur þannig, að það væru taldir sér þeir, sem hafa fengið rafmagn frá samveitum eða einkastöðvum, sem ganga fyrir vatnsafli. Og í ræðu minni á miðvikudaginn var gerði ég grein fyrir því, hvernig ástatt hefði verið að þessu leyti um síðustu áramót, eftir þeim upplýsingum, sem fengizt hafa frá raforkumálaskrifstofunni. Þá var það þannig, að 2429 sveitaheimili höfðu fengið raforku frá samveitum, en um það bil 500 frá sérstökum vatnsaflsstöðvum. Nú bætast þarna við þau heimili, sem fá rafmagn á þessu ári frá samveitum. Það er af þessu ljóst, að það er mikið verkefni hér óunnið til þess að koma rafmagninu á öll sveitaheimili, og fyrst og fremst þarf að fullnægja raforkuþörfinni með rafmagni frá samveitum, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Hæstv. ráðh. gaf hér yfirlit yfir þær athuganir, sem gerðar hafa verið viðkomandi byggingu rafstöðva víðs vegar um landið, en hvað sem því líður, — það er vitanlega nauðsynlegt að gera áætlanir um það og taka ákvarðanir um þau efni, — en hvað sem því líður, þá tel ég, að nú ætti að vera hægt á mjög skömmum tíma, eins og við leggjum til í till. að gert sé, að ganga frá nýrri áætlun um framkvæmdir héraðsrafmagnsveitna ríkisins, þ. e. a. s. áætlun og ákvörðun um dreifilínurnar um sveitir, þar sem menn hafa ekki fengið rafmagn.

Hæstv. ráðh. segir, að það liggi ekki enn fyrir, hve langt sé milli bæja á þeim svæðum, sem hafa ekki enn fengið rafmagn. Ég vildi nú vænta þess, að það væri lítið verk óunnið við þá athugun til þess að fá yfirlit yfir það, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, og mætti ljúka því verki mjög fljótlega. Hæstv. ráðh. segir, að bændur geti reiknað með því að fá rafmagn. Það er út af fyrir sig gott. En þeir þurfa að vita og það án allrar óþarfrar tafar, á hvern hátt er ætlað að bæta úr þeirri þörf. Það hefur afar mikið að segja. Það er mjög þýðingarmikið fyrir menn að fá að vita, hvort þeir mega vænta þess að fá rafmagn frá samveitum eða þeir verði í framtíðinni að bjargast á annan óhentugri og ófullkomnari hátt. Þetta þurfa þeir að vita, og það er ástæðulaust að draga það lengur en þörf er á að taka ákvörðun um þau efni.

Hæstv. ráðh. segist hafa falið raforkumálastjóra eða raforkumálaskrifstofunni að gera þessar áætlanir. Það var vitanlega sjálfsagt að fela raforkumálastjóra eða skrifstofu hans að vinna þá undirbúningsvinnu, sem þurfti til að gera áætlanirnar um framhald rafvæðingarinnar. En ég hefði talið eðlilegt að fela raforkumálastjóra og raforkuráði að gera hina nýju áætlun. Þannig var þetta framkvæmt, þegar 10 ára áætlunin var gerð. Þá voru sett lög hér á Alþ. um viðauka við raforkulögin, og samkv. þeim var það falið raforkumálastjóra og raforkuráði að gera áætlunina, og ég hefði talið, að þannig ætti að vinna að þessu máli nú, þegar undirbúningsathugunum væri lokið, að þá væri það falið raforkumálastjóra og raforkuráði að gera hina nýju áætlun og till. um rafvæðinguna. Ég vildi leggja áherzlu á þetta. Ég tel þetta eðlilega málsmeðferð. Flestir þeir, sem sæti eiga í raforkuráði, hafa átt þar sæti lengi og sumir allt frá því, að það var stofnað, og hafa öðrum fremur kunnugleika á þessum efnum.

Ég vil svo að síðustu aðeins leggja áherzlu á það, að nú verði unnið að því með þeim hraða, sem mögulegt er, að ljúka þessum athugunum á fjarlægðum milli býla á þeim svæðum, sem hafa ekki fengið rafmagnið, áætlunum um samveitur og tillögum um framkvæmdir á þessu þýðingarmikla máli.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú fátt, sem ég þarf að athuga í ræðu hv. síðasta ræðumanns, vegna þess að við erum í höfuðatriðum alveg sammála. Við erum alveg sammála um, að það þurfi að flýta þessari áætlun, sem hér er um að ræða. Við erum sammála um, að það eigi að láta eins marga bændur og mögulegt er hafa rafmagn frá samveitum. En það er aðeins eitt, sem við erum ekki alveg sammála um, og það er það, hvort raforkumálaskrifstofan hefur unnið að þessum framkvæmdum af þeim hraða, sem sanngjarnt er að krefjast af henni.

Ég býst við því, ef menn reyna að setja sig inn í þau störf, sem raforkumálaskrifstofan hefur með höndum, og það vænti ég, að hv. alþm. eigi hægara með, eftir að ég gaf þá skýrslu, sem ég gerði hér áðan, þá sannfærist menn um, að það sé ekki sanngjarnt að halda því jafnvel fram, að bessir menn vinni ekki eins og hægt er að búast við. Þetta er ákaflega mikið starf, og ég verð að viðurkenna það, að í fyrstu bjóst ég við, að það væri unnt að leysa það á skemmri tíma en raun hefur á orðið. En það má náttúrlega alltaf deila um það, hvað eigi að meta mest. Það eru þarna í aðalatriðum tveir meginþættir, eins og ég minntist á áðan, og ég er innilega sammála því, að það eigi að hraða þessu eins og unnt er. En ég get ekki verið með ásakanir í garð raforkumálastjóra eða starfsliðsins á raforkumálaskrifstofunni fyrir seinagang, vegna þess að mér virðist, að þetta sé svo víðtækt starf, sem þeir hafa, ekki aðeins að teikna upp þessa bæi og vegalengdir, sem eru utan 10 ára áætlunarinnar, heldur svo margt annað, sem er óhjákvæmilegt að

vinna í sambandi við framhaldsvirkjanir og orkuöflun og endurbyggingu ýmissa veitna, sem þurfa að flytja meiri orku en þær voru byggðar fyrir.

En við skulum nú vona, að það dragist ekki lengi, að þessi áætlun liggi fyrir, frumáætlun, sem unnin er af starfsliði raforkumálaskrifstofunnar og unnin verður á svipaðan hátt og undirbúin og 10 ára áætlunin. Það er auðvitað alls ekki rétt, að raforkuráð hafi unnið að 10 ára áætluninni. Það var raforkumálastjóri og hans starfslið, sem vann að 10 ára áætluninni. En raforkuráð hafði svo aftur með höndum ýmis framkvæmdaatriði, og þannig verður vitanlega með framhaldsáætlunina. Það er raforkumálastjóri og verkfræðingar raforkumálaskrifstofunnar, sem undirbúa framhaldsáætlunina, og raforkuráð hefur svo með höndum framkvæmdirnar og vitanlega mikið um það að segja, hversu langt verður gengið í því að leggja samveitur heim á hina einstöku bæi.

Það er svo lítið, sem mér og hv. frsm. ber á milli í þessu máli, að ég held, að það sé ekki þörf á því að ræða það öllu meira núna.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki sanngjarnt að halda því fram, að menn á raforkumálaskrifstofunni ynnu ekki eins vel og búast hefði mátt við. Mér dettur ekki í hug að halda því fram. Og ég vænti, að það hafi enginn skilið orð mín svo, að ég vildi halda því fram, að menn þar hefðu ekki unnið vel að sínum verkefnum. Mér hefur aldrei komið í hug að bera fram neinar ásakanir í þá átt á raforkumálastjóra eða starfsmenn raforkumálaskrifstofunnar, enda hef ég ekki gert það. Ég sagði aðeins, að undirbúningsvinna, sem nauðsynlegt var að ljúka til þess að geta gert þessa framhaldsáætlun, hefði verið falin einum starfsmanni þar og hann hefði aðeins haft það sem aukastarf. Og ég vil halda því fram, að það hefði verið auðvelt að haga vinnubrögðum þar þannig, að þessu starfi hefði orðið miklu fyrr lokið en verður, með því annaðhvort að láta þennan eina starfsmann hafa það verkefni eitt eða láta hann hafa aðstoðarmenn, enda þykist ég vita, að hæstv. ráðh. sé mér sammála um, að þetta hefði verið hægt að gera.

Hæstv. ráðh. segir, að ekki sé rétt, að raforkuráð hafi unnið að 10 ára áætluninni. En samkv. lögum, sem sett voru og sú áætlun byggðist á, var bæði raforkumálastjóra og raforkuráði falið að gera þessa áætlun. Og vitanlega hefur raforkuráðið verið með í því. Ég tel það alveg sjálfsögð vinnubrögð, eins og ég hef áður sagt, að það verði raforkumálastjóri og raforkuráð sameiginlega, sem geri hina nýju áætlun um samveitur um þau svæði, sem hafa ekki enn fengið rafmagn, og um aðstoð við þau einstöku heimili, sem eru svo afskekkt, að þau komast ekki inn á samveitusvæðið. Þetta tel ég sjálfsögð vinnubrögð.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 14, n. 336 og 448).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Með till. þeirri til þál. um raforkumál, sem flutt er af hv. þm. Framsfl. á þskj. 14, er skorað á ríkisstj. að láta hraða áætlun um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, er miðist við það, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968, og gerð verði áætlun um ný orkuver, aðalorkuveitur og dreifilínur um sveitir ásamt áætlun um aðstoð við að koma upp einkastöðvum fyrir einstök heimili, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja rafmagnslínur til þeirra frá samveitunum, og sé aðstoðin ákveðin með hliðsjón af þeim stuðningi, sem veittur er íbúum á samveitusvæðunum.

Þáltill. þessari var vísað til hv. allshn. 7. nóv. s. l. Var hún tekin fyrir til umr. í n. skömmu síðar og þá ákveðið að senda hana til umsagnar til raforkumálastjóra. Barst n. umsögnin rétt í þann mund, er hv. þm. fóru í jólafrí, og gafst því ekki tækifæri til þess að ræða till., fyrr en Alþ. kom aftur saman til fundar á þessu ári.

Í bréfi raforkumálastjóra, sem birt er sem fskj. með nál., er m. a. bent á, að hin svonefnda 10 ára áætlun um rafvæðingu sveitanna sé í raun og veru 11 ára áætlun. Framkvæmdir hafi fyrst hafizt 1954 og eigi henni að verða lokið í árslok 1964, og allt útlit er fyrir, að svo verði. Þegar sé farið að semja næstu 10 ára áætlun, og hafi áætlunin verið sú að ljúka henni fyrir lok s. l. árs, en þetta hafi því miður ekki tekizt. Fyrirhugað sé að gera þá áætlun svo úr garði, að hún taki einnig til einkastöðva fyrir þau býli í sveit, sem eru svo afskekkt, að ekki sé fært að leggja rafveitur til þeirra frá samveitunum. Það hafi m. a. tafið að ljúka áætluninni, að erfitt hefur verið að fá upplýsingar um það, hve mörg býli það eru á landinu, sem enn hafi ekki fengið rafmagn í einhverri mynd. Sá dráttur, sem hér hefur á orðið, þurfi þó ekki að hafa nein áhrif til tafar á hinni nýju 10 ára áætlun, enda sé nægilegt, að hún verði tilbúin fyrir haustið 1963, þar sem framkvæmdir þeirrar áætlunar geti ekki hafizt fyrr en snemma á árinu 1965. — Vill ekki hæstv. forseti sjá um, að sé lokað þeim herbergjum, þar sem þarf að hafa aukafundi, á meðan fundur stendur í þinginu, svo að a. m. k. sé hægt að heyra til sjálfs sín hér?

Þessi atriði í umsögn raforkumálastjóra sýna ljóst, að þáltill. á þskj. 14 getur ekki

haft nein áhrif á framkvæmd rafvæðingarinnar í landinu, þótt samþykkt yrði nú á þessu þingi.

Um orkuverin segir í umsögn raforkumálastjóra, að þau séu fyrst og fremst miðuð við þarfir þéttbýlisins, þar sem orkunotkun sveitanna sé svo lítil, að hún hafi ekki, svo að teljandi sé, áhrif á stærð þeirra og staðsetningu, enda sé stöðugt unnið að því að undirbúa stækkanir orkuveranna til þess að fyrirbyggja orkuskort, sbr. skýrslu hæstv. raforkumrh., sem hann gaf nýlega hér á Alþingi. Það sé ekki heldur orkuskorturinn, sem torveldi rafvæðingu sveitanna, heldur hinn mikli kostnaður, sem dreifingunni er samfara, en hann sé nú um 20 sinnum meiri á hvert mannsbarn í sveit en í kaupstað og halli á slíkum nýjum veitum sé áætlaður vera nú um það bil 15 þús. á ári á hvert býli, og áður en ráðizt sé í slíkan hallarekstur, þurfi að leggja á ráð um það, hvernig unnt verði að mæta slíkum halla. Þessi hluti umsagnar raforkumálastjóra sýnir einnig, að samþykkt þáltill. á þskj. 14 leysir á engan hátt þann vanda, sem hér um ræðir, þótt till. verði samþykkt.

Með því að hér er um eitt hið mesta vandamál að ræða, þykir mér rétt og skylt að ræða það allt miklu nánar, svo að ljóst sé, við hvaða vanda er að glíma, og jafnframt benda á, hvað gera þurfi til þess að leysa þennan vanda. Samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, munu um 170 þús. íbúar hafa fengið rafmagn á einn eða annan hátt. En 11 þús. manns búa enn í landinu án þess að hafa fengið þessi nauðsynlegustu gæði hinnar nýju tækni. Og þetta fólk býr allt í hinum fjarlægari byggðum, þar sem lífskjörin eru á flestum sviðum margfalt lakari, lífsbaráttan margfalt erfiðari en hjá meginþorra þeirra 170 þús. íbúa, sem nú njóta þessara þæginda samfara mörgum öðrum þægindum, sem fylgja þéttbýlinu. Þá er það og ljóst, að rekstrarhalli rafmagnsveitna og raforkuvera, sem nemur tugum millj. kr., samfara álagi úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, sem einnig nemur tugum millj., er og verður tekið af öllum þegnum þjóðfélagsins í sköttum og tollum í einhverri mynd, jafnt af þeim, sem ekki njóta rafmagnsins, sem hinum, sem fengið hafa þessi gæði lífsins. Þetta misrétti má hvorki þola né verður þolað til langframa, og það út af fyrir sig að leiðrétta það misrétti, sem 11 þús. af þegnum þjóðfélagsins eru nú beittir í sambandi við þetta mál, er minni vandi en hitt að koma rekstri núv. raforkuvera og rafveitna á viðunandi fjárhagslegan grundvöll, ef vilji er fyrir hendi hjá Alþ. og ríkisstj. til þess að leysa það mál sérstaklega. En auk þessa misréttar, sem fólk það, sem býr utan rafmagnssvæðanna, er þannig beitt og hvorki er sæmilegt né rétt að viðhalda, skal bent á, að rafmagnið er sterkasti segullinn, sem dregur fólkið frá ljóslausri byggðinni inn í ljóshring þéttbýlisins, og í því liggur miklu meiri vandi en svo, að loka megi augunum fyrir þeim afleiðingum, sem það hefur í för með sér fyrir þjóðfélagsheildina.

Eins og kunnugt er, er rekstri raforkuveitnanna skipt í tvær höfuðdeildir: Annars vegar rafmagnsveitur ríkisins, sem annast byggingu stærri orkuvera og dreifingu aðalrafmagnslína til héraðsveitnanna og sölu á raforku til þeirra. Hins vegar héraðsrafmagnsveitur ríkisins, sem annast dreifingu raforkunnar um héruðin og byggja smærri orkuver og selja neytendum raforku, sem þær kaupa af orkuverum ríkisins eða framleiða í eigin verum. Hefur hvor deildin sér fjárhag, sem er fullkomlega aðskilinn, enda sérákvæði um framkvæmdir og framlög í raforkulögunum sjálfum.

Í II. kafla raforkulaganna eru skýr ákvæði um það, að allar stærri framkvæmdir, sem gerðar eru á vegum rafmagnsveitna ríkisins, skuli bornar undir ráðh. og Alþ. að undangengnum rannsóknum, rekstraráætlunum og till. raforkumálastjórnar um framkvæmdir og fjáröflun. Tekjuafgangur allur skal renna í raforkusjóð að frádregnu framlagi í varasjóð. Um rekstrartöp er ekkert ákvæði í kaflanum. Leiðir það því af sjálfu sér, að sé þeim eigi mætt með auknum tekjum af raforkusölu, verða þau að greiðast úr varasjóði, ef fé er þar fyrir hendi, annars úr ríkissjóði, sem er eigandi fyrirtækisins. En með því að ríkissjóður hefur eigi lagt fram nægilegt fé til þess að mæta tapinu, hefur verið farin sú leið að láta rafveiturnar taka lán til þess að greiða hallann í von um, að hann mætti vinna upp síðar, annaðhvort með aukinni notkun, hærra verði eða lægri rekstrarkostnaði. En nú hafa engar þessar ráðstafanir verið gerðar, og niðurstaðan því orðið sú, að heildarrekstrartapið í árslok 1961 er að upphæð 37 millj. 850 þús. kr., og er enn ógreitt og hvílir því sem skuld á ríkisrafveitunum. Hefur þá öllum varasjóði rafveitnanna verið varið til greiðslu á hallarekstrinum. Þótt ríkissjóður tæki nú þegar að sér að greiða þessa upphæð alla að viðbættu því tapi, sem kann að hafa verið á s. l. ári, sem ætla má að sé varla minna en á árinu 1961, eða um 13.6 millj., sem þá að viðbættum fyrri töpum næmi alls rúmum 50 millj. kr., þá væri það engan veginn nóg til þess að koma rekstri rafveitna ríkisins á nægilega traustan fjárhagslegan grundvöll. Til viðbótar yrði þá ríkissjóður að greiða þegar það mikið af skuldum veitnanna sem nauðsynlegt þætti, til þess að rekstur þeirra sýndi einhvern hagnað. Hve há sú upphæð kynni að vera, skal hér ekkert fullyrt um, en auðséð er, að hún hlyti að vera mjög miklu hærri en áfallið rekstrartap, sem er, eins og ég gat um áðan, tæplega undir 50 millj. kr.

Um héraðsrafmagnsveitur ríkisins gilda ákvæði í IV. kafla l., sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta, — í 26. og 27. gr. segir svo:

„Til þess að koma upp mannvirkjum héraðsrafmagnsveitna ríkisins, skal fjár aflað:

a) með lántökum;

b) með framlögum úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið kann að vera í fjárlögum;
c) með framlögum úr héraði, sbr. 27. gr.;
d) með tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkv. 30. gr.

Gegn óendurkræfu og vaxtalausu framlagi ríkissjóðs til héraðsrafmagnsveitna ríkisins skal ávallt koma óendurkræft og vaxtalaust framlag úr héraði, er að upphæð nemi a. m. k. ⅓ af framlagi ríkissjóðs. Framlag úr héraði greiðist úr sýslusjóði, og má sýslunefnd með reglugerð, sem ráðh. staðfestir, setja um það ákvæði, hvernig sýslusjóði skuli koma sérstakar tekjur fyrir þeim greiðslum, þ. á m. þau skilyrði, að rafmagnsneytandi hafi greitt ákveðið gjald, heimtaugargjald, áður en veitutaugar eru lagðar að húsi hans eða jarðeign. Framlag úr sýslusjóði til héraðsrafmagnsveitna ríkisins geta sýslur bundið við tiltekið mannvirki."

Og í 28. gr. segir:

„Áður en ráðizt er í að reyna að koma upp orkuveitu eða reisa orkuver, skal að undangengnum rannsóknum gera nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af mannvirkjunum. Nú sýna áætlanir, að tekjur af mannvirkjunum muni eigi nægja til að greiða vexti og afborganir af öllum stofnkostnaði auk annars rekstrarkostnaðar, þar með talið hæfilegt gjald í varasjóð, og má þó eigi gera mannvirkið nema frá héraðsrafveitum ríkisins hafi komið óafturkræf og vaxtalaus framlög, sbr. 26. og 27. gr., sem nægi til að greiða þann hluta stofnkostnaðar, sem umfram er það, er tekjur af mannvirkjunum geta staðið undir."

Þegar þær framkvæmdir hafa verið gerðar, sem tilheyra héraðsrafmagnsveitunum, hefur þessum fyrirmælum l. ekki verið fylgt. Hvorki ríkissjóður né héruðin hafa lagt fram þann hluta, sem nauðsynlegur var, til þess að veiturnar gætu sýnt hallalausan rekstur, og því er hallinn að komast á þann veg. Rekstrarskuldir héraðsrafmagnsveitnanna voru í árslok 1961 rúmlega 15 millj. kr. og fara mjög vaxandi. Hér gildir það sama og um ríkisrafveiturnar, að það er engan veginn nóg að greiða þá upphæð alla til þess að rétta við fjárhaginn, heldur þyrfti til viðbótar að greiða það mikið af áhvílandi skuldum, að veiturnar gætu sjálfar staðið undir vöxtum og eðlilegum afborgunum árlega, ef þær eiga ekki að safna á hverju ári nýjum skuldum. Er ljóst, að sú upphæð yrði mjög miklu hærri en tapsupphæðin. Allri þessari upphæð yrði síðan að skipta milli ríkissjóðs og héraðanna eftir þeim hlutföllum, sem hvorum aðila fyrir sig ber að greiða samkv. raforkulögunum óbreyttum.

Eins og efnahagsreikningur héraðsrafveitnanna ber með sér, hefur ríkissjóður greitt alls til ársloka 1961 framlög að upphæð 77 millj. 800 þús. kr., en héruðin í heimtaugagjöldum um 40 millj. kr., en önnur framlög nema 6.5 millj., eða alls 124 millj. 300 þús. kr. Heildarkostnaður er hins vegar 256 millj. 400 þús. og skuldir því alls 132 millj. 100 þús. kr. En þessa skuldabyrði þola veiturnar ekki, ef þær eiga að geta skilað rekstrarhagnaði. Verður því að finna einhverja leið til þess að leysa þennan vanda.

Framlag ríkissjóðs til héraðsrafveitnanna hefur verið sem hér segir: Ríkissjóður hefur greitt til Árnesveitu 9.5 millj. kr., en frá héraði hefur komið 6½ millj. eða 60%. Ríkissjóður hefur greitt fyrir Þingeyjarveitu 5 millj. kr., en úr héraði hafa komið 3 millj., eða 60%. Rangárveita, þar hefur ríkissjóður greitt 11.8 millj., að heiman hafa komið 5.2 eða 44%. Til Borgarfjarðarveitu hefur ríkissjóður greitt 8½ millj., en héraðið hefur greitt 3.2 eða 37%. Til Skagafjarðarveitu hefur ríkissjóður greitt 5.2 millj., héraðið hefur greitt 2.4 eða 46%. Til Eyjafjarðarveitu hefur ríkissjóður greitt 10½ millj., úr héraði hefur komið 5.8 millj. eða 55%. Til Húnaveitu hefur ríkissjóður greitt 10.4 millj., úr héraði greitt 2.7 millj. eða 26%. Til Strandaveitu hefur ríkissjóður greitt 3.8 millj., úr héraði hefur aðeins komið 400 þús. eða 10%. Til Snæfellsnesveitu hefur ríkissjóður greitt 6 millj., héraðið hefur greitt 1½ millj. eða 25%. Til Gullbringuveitu hefur ríkissjóður greitt 1.1 millj., en frá héraði hefur komið 800 þús. eða 72%. Til Skaftafellsveitu hefur ríkissjóður greitt 4.3 millj., úr héraði hefur komið 1.8 eða 41%. Til Austfjarðaveitu hefur ríkissjóður greitt 4 millj., úr héraði hefur komið 3.8 millj. eða 90%. Til Vestfjarðaveitu hefur ríkissjóður ekkert greitt, en úr héraði hafa komið 2.4 millj., eða 100% af því, sem fram hefur verið lagt. Til Dalaveitu hefur ríkissjóður greitt 1.2 millj., úr héraði hafa komið 0.4 eða 33%. Alls hefur ríkissjóður greitt, eins og ég gat um áðan, 77.8 millj., en úr héruðunum hafa komið 40 millj. kr.

Af þessu er ljóst, að öll þau héruð, sem standa að veitunum, að undantekinni Strandaveitu og Snæfellsveitu, hafa lagt fram tilskilið framlag á móti ríkissjóði og sum miklu meira, svo sem héruðin, sem standa að Austur- og Vesturlandsveitunum, þótt hins vegar heildarframlag hafi ekki verið nægilegt. Af vangreiddu framlagi skuldar ríkissjóður því nú 85 millj. kr., en veiturnar samanlagt 45.5 millj. Hefðu því framlög öll verið greidd svo sem lögin ákveða, þá væri hagur héraðsrafveitnanna allur annar og betri og engin stöðvun hefði átt sér stað á dreifingu raforkunnar í héruðin. Meginorsök fyrir því, að dregið hefur úr dreifingu, er því ekki vöntun á áætlunum, heldur vöntun á lögboðnum framlögum bæði frá ríkissjóði og héruðunum.

Það koma að sjálfsögðu ýmsar leiðir til umr., þegar ákveða skal, á hvern hátt jafna skuli þann halla, sem hér er á orðinn og verður að jafna, svo að veiturnar geti orðið efnahagslega sjálfstæð fyrirtæki. Hvað snertir ríkisrafveiturnar og orkuverin hefur verið um það rætt, að rétt væri, að ríkið eignaðist öll orkuver og allar orkuveitur, sem nú eru í eign annarra, m. a. Sogsvirkjunina með öllu

tilheyrandi. Sú leið mundi á engan hátt bæta hag ríkisrafveitnanna, þar sem greiða yrði fullt verð fyrir þessar eignir allar, sem mundi ekki verða undir því verði, sem kostar að koma því upp nú. Að vísu hefði þá ríkissjóður það í hendi sér að hækka allt rafmagnið í verði, einnig á því svæði, þar sem þessar orkuveitur selja nú raforku til neytendanna. En það verð, sem greiða yrði fyrir orkuverin, yrði sennilega svo hátt, að það gleypti alla þá verðhækkun á rafmagni og meira til. Sú ráðstöfun sýnist því ekki geta leyst vandann, heldur þvert á móti auka hann allverulega. Að hækka verð á raforku til allra viðskiptamanna til þess þannig að ná jafnvægi í tekjum og gjöldum mundi mörgum þykja þungur skattur og allmikið misrétti, þar sem sams konar hækkun næði ekki til þeirra, sem kaupa raforku af öðrum aðilum en ríkisrafveitunum, auk þess sem nokkur hætta liggur í því, að neytendur dragi þá að sér höndina um raforkukaup og fari inn á það að spara raforkukaupin svo mikið sem unnt væri.

Þá hefur einnig verið nefnd sú leið að skattleggja til ríkissjóðs alla raforkusölu og láta það fé ganga til þess að mæta hallarekstri ríkisrafveitnanna eða til þess að greiða niður stofnkostnaðinn að viðbættum töpum það mikið, að unnt væri að koma fyrirtækjunum á traustan rekstrargrundvöll. Þessi leið hefur verið valin í öðrum löndum, m. a. í Noregi.

Enn ein leiðin væri og sú að tryggja veitunum fasta tekjustofna, svo sem gjald af ákveðnum vörutegundum, á líkan hátt og gert er í sambandi við vega- og brúargerðir. En einmitt sú nefnd, sem starfar að því að athuga öll þessi mál, á að kynna sér þetta allt og sérhvað það annað, sem lýtur að því að tryggja afkomu rafveitna ríkisins, og skila áliti sínu og till. fyrir n. k. október. Samþykkt þáltill. á þskj. 14 mundi því engu breyta um þetta atriði.

Hvað snertir héraðsrafveitur ríkisins, mundi það eitt duga til að koma fjárhag þeirra á traustan grundvöll, að ríkissjóður greiddi að sínum hluta það, sem á vantar af framlagi, og héruðin að sínum hluta það, sem á vantar. Hitt er svo annað mál, að hér er um svo stórar fjárhæðir að ræða, að gera þarf sérstakar ráðstafanir til þess að inna þær greiðslur af hendi. Allt málið liggur svo ljóst fyrir, að hér er aðeins um það að ræða að afla meira fjár til raforkuframkvæmda. En þær hundruð millj., sem til þess þarf að koma þessum málum öllum í viðunandi horf, verða ekki teknar upp í fjárlög, hvorki ríkissjóðs né héraðanna, nema jafnframt sé fundin þar leið til tekna á móti, og í því liggur allur vandinn.

Áður en ég lýk máli mínu, þykir mér rétt að ræða nokkuð þann þátt, hvernig unnt verði að halda áfram að koma rafmagni til allra þeirra 11 þús. manna, sem enn hafa ekki fengið rafmagn. Mín skoðun er sú, að eigi megi flétta þennan þátt inn í þá örðugleika, sem í því eru fólgnir að leysa þann vanda, sem þegar er á orðinn og ég hef þegar rætt um. Í umsögn sinni segir raforkumálastjóri, að um ný orkuver til að leysa þennan þátt þurfi ekki að ræða. Orkuþörf þessa fólks sé svo lítil, að til þess að fullnægja henni þurfi engin ný orkuver eða stækkun þeirra, sem fyrir eru. Hér sé aðeins um að ræða kostnað við dreifingu eða byggingu smáorkuvera, sem helzt ættu að vera í eign einstaklinga, en styrkt af ríkissjóði með hagkvæmum lánum. Ef um samveitu er að ræða, ber ríkissjóði að leggja fram ⅔ af þeim kostnaði, sem samveitan hefur í för með sér samkv. ákvæðum raforkulaganna. Vilji hérað leggja fram að sínu leyti ⅓, svo sem lög mæla fyrir um, þegar vitað er, hver sá kostnaður er, verður ekki með neinni sanngirni hægt að neita héraðinu um framkvæmdina og þann hluta af hálfu ríkissjóðs, sem honum ber að láta til framkvæmdanna, og þetta verður að gerast alveg án tillits til þess, hvenær eða hvernig núverandi fjárhagur veitnanna er leystur. Komi það hins vegar í ljós, að hérað vildi ekki eða gæti ekki lagt fram sinn hluta til framkvæmdanna, ber að sjálfsögðu að athuga, hvaða aðrar leiðir eru ódýrari eða heppilegri til þess að framleiða þar raforku. Hluta héraðsins ætti að sjálfsögðu engu að síður að mega greiða í vinnu við verkið, svo sem flutning á efni, niðurfestingu á staurum, í fleiru en beinhörðum peningum.

Mér er alveg ljóst, að raforka frá héraðsveitum ríkisins verður eigi veitt inn á hvert heimili í landinu vegna fjarlægðar, en þau býli má lýsa sumpart með samveitu á afmörkuðum svæðum, önnur með sérveitum fyrir hvert býli og nota til hvors tveggja vatn eða olíu. En á hvern hátt sem þetta er gert, má á engan hátt gera þeim, sem þar búa, erfiðara fyrir um að komast yfir þau þægindi en hinum, sem njóta orku frá samveitum ríkisins, og sýnist þá engin önnur leið fær en sú, að ríkissjóður leggi fram ⅔ af öllum kostnaði við slíkar stöðvar óendurkræft, ef um vatnsaflsstöðvar er að ræða, en láti héraðsbúa um viðhald og rekstur, sem kæmi þá á móti niðurfellingu á sölu á orkunni, en ef um dísilvélar væri að ræða, þá greiddi ríkissjóður allan stofnkostnað, þar sem neytendur yrðu þá að greiða allan rekstrarkostnaðinn, þar með talið olíu. En öll þessi atriði ber n., sem þessi mál hefur til athugunar, að rannsaka og gera till. um og hafa lokið því verki fyrir samkomudag næsta Alþingis í okt. n. k. Till. á þskj. 14 breytir þar engu um, hvort heldur hún er samþ. eða ekki.

Með þessum rökstuðningi vill meiri hl. n. leggja til, að till. verði vísað til ríkisstj., sem þegar hefur fyrirskipað alla þá athugun, sem fram á að fara samkv. þáltill.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Efni þeirrar till. til þál., sem hér liggur fyrir um raforkumál á þskj. 14 og flutt er af 17 fulltrúum Framsfl. hér á hinu háa Alþingi, er að skora á ríkisstj. að láta

hraða áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, er miðist við það, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Í till. er það svo nánar fram tekið um þetta verkefni, að gera skuli áætlanir um ný orkuver, aðalorkuveitur og dreifilínur um sveitir ásamt áætlunum um að koma upp einkastöðvum fyrir einstök heimili, sem kunna að vera svo afskekkt, að ekki þyki fært að leggja raflínur til þeirra frá samveitum, enda sé aðstoðin ákveðin til þeirra heimila með hliðsjón af þeim stuðningi, sem veittur er íbúum samveitusvæðanna.

Till. svipaðs efnis var flutt af hálfu Framsfl. á Alþ. 1961—62, en varð ekki afgreidd á því þingi. Nú hefur till. sú, sem hér liggur fyrir, hlotið afgreiðslu í allshn. þingsins, þó ekki þannig, að n. hafi orðið sammála um þá afgreiðslu. Meiri hl. n. vill vísa málinu til ríkisstj. Við vitum, hvað sú afgreiðsla þýðir, ef samþykkt yrði. Hún þýðir, að Alþ. vilji ekki sjálft taka afstöðu til till., að það vilji ekki skora á ríkisstj. að gera það, sem till. fjallar um. Í slíkri afgreiðslu felst ekki hvatning frá Alþingi, enginn þingvilji. Við minnihlutamenn í n., en þeir eru auk mín hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 7. landsk. þm., við sættum okkur ekki við svo neikvæða málsmeðferð. Við leggjum til við þingið, að það samþykki till. á þá leið, að rafvæðingaráætlunum skuli lokið fyrir 1. okt. n. k. Þar sem afgreiðsla till. hefur dregizt í nokkra mánuði, síðan hún var flutt í byrjun þings s. l. haust, þykir okkur nú rétt, að við það sé miðað, að áætlanirnar séu tilbúnar, þegar næsta reglulegt þing kemur saman. Óhætt ætti að vera að gera ráð fyrir, að athugunum og rannsóknum sé nú svo vel á veg komið um land allt í þessu máli, að þetta eigi að vera framkvæmanlegt.

Með bréfi, dags. 27. nóv. s. l., sendi allshn. raforkumálastjóra till. á þskj. 14 til umsagnar. Umsögn hans er dags. 20. des. s. l. eða um það leyti, sem þinghlé hófst fyrir jól. Í þessari umsögn er í rauninni ekki tekin afstaða til þess máls, sem hér liggur fyrir, en í henni eru nokkrar upplýsingar um framkvæmd 10 ára áætlunarinnar o. fl., m. a. um rekstrarhalla rafveitnanna, sem hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir hér áðan. Það kemur fram í þessari umsögn raforkumálastjóra og kom aftur greinilega fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., að nú sé um að ræða á vegum raforkumálayfirvaldanna 10 ára áætlun, sem ráðgert sé að vísu að ekki komi til framkvæmda fyrr en árið 1965, þar sem núv. 10 ára áætlun muni í rauninni taka 11 ár. Af þessu virðist mega ráða og kom reyndar glöggt fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. hér áðan, að raforkumálastjórnin sé ekki að láta vinna þetta áætlunarverk á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í till. á þskj. 14. Í umsögn raforkumálastjóra og ræðu hv. frsm. meiri hl. var talað um nýja 10 ára áætlun. En í till., sem fyrir liggur á þskj. 14, er talað um 5 ára áætlun. Það er sitt hvað, og með sérstöku tilliti til þess kemur glöggt í ljós, hvað það þýðir að vísa till. til ríkisstj., eins og hv. meiri hl. n. leggur til að gert verði.

Það skal tekið fram, að þegar allshn. tók þetta mál til endanlegrar meðferðar og afgreiddi það, sem var í febrúarmánuði, var hv. frsm. meiri hl., hv. 1. þm. Vestf., ekki á fundi, hann var þá erlendis og tók ekki þátt í störfum n. og þá ekki heldur þátt í þeirri afgreiðslu og ekki þátt í þeirri meirihlutasamþykkt, sem þar var gerð um að leggja til, að málinu yrði vísað til ríkisstj. Síðan er langur tími liðinn. Minni hl. beið átekta í nokkra daga, eftir að álit meiri hl. kæmi fram, en þegar það kom ekki fram, skilaði minni hl. áliti sínu, og er það dags. 28. febr. Síðan leið og beið, og er það ekki sök hv. frsm. meiri hl., því að eins og ég tók fram var hann erlendis, þegar þetta gerðist, og þá mun það ekki hafa verið ráðið, að hann yrði frsm., heldur trúlega þá öðrum ætlað, þó að hann síðar hafi tekið að sér það verkefni að skila nál. og hafa framsögu. En nál. hv. meiri hl., sem hér liggur fyrir á þskj. 448, er ekki dags. fyrr en 22. marz og var ekki útbýtt hér á hinu háa Alþingi fyrr en 25. marz, og var þá víst rúmlega mánuður liðinn frá því, að málið var afgr. á fundi nefndarinnar.

Ég hlustaði með athygli á þá ræðu, sem hv. frsm. meiri hl. flutti hér áðan. Og það, sem mér kom í hug, þegar ég hafði hlustað á þessa ræðu, var þetta: Hvernig stendur á því, að þessi hv. þm. hefur ekki undirritað álit minni hl., sem þá hefði orðið meiri hl., og lagt til, að till. yrði samþ., í stað þess að undirrita þessa neikvæðu till., sem prentuð er á þskj. meiri hl., nr. 448, því að mér virtist, að í ræðu hans kæmi glöggt fram sá hugur, að hann væri um margt einmitt sammála okkur, sem höfum flutt þáltill. á þskj. 14, að honum þætti hafa gengið seint og treglega að rafvæða landið og að honum þætti þeir, sem verða að bíða eftir rafvæðingunni, verða fyrir misrétti, þar sem þeir greiddu fé af höndum, sem varið væri til rafvæðingar í öðrum byggðum, en fengju sjálfir ekki neitt, og að hann þar af leiðandi teldi, að það bæri að hraða því að ljúka rafvæðingunni? Ræða hans hné mjög í þá átt. Hann sagði, að það væri hvorki sæmilegt né rétt að viðhalda þessu misrétti. En hvernig stendur þá á því, að hann skuli ekki hafa orðið minni hlutanum samferða um það að vilja samþ. þá till., sem hér liggur fyrir um 5 ára áætlun? Eins og ég sagði var hann ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi málið.

Þessi hv. þm. vakti athygli á því m. a., sem er alveg rétt, að á rekstri rafveitna ríkisins hefði orðið mikill halli og að í staðinn fyrir, að ríkið greiddi jafnóðum það, sem með þyrfti af stofnkostnaði við að leggja þessar veitur, þá hefðu ríkisrafveiturnar verið látnar taka lán til að greiða hallann eða safna skuldum, og hann las upp tölur jafnframt, sem sýna það og eru reyndar líka birtar í grg. með till. okkar framsóknarmanna á þskj. 14, að í stað-

inn fyrir að auka framlög ríkissjóðs á síðustu árum, eins og hefði þurft að gera til þess að mæta þessum stofnkostnaði og þessum halla og þeirri miklu hækkun á verðlagi, sem orðið hefur á þessum árum, þá hafa þessar upphæðir lækkað. Til dæmis má nefna það, að liðurinn til nýrra raforkuframkvæmda var 12 millj. kr. á árinu 1957, en á árinu 1961 var hann ekki nema 10 millj. kr., þrátt fyrir stórhækkun verðlags í landinu. Um þetta ræddi hv. frsm. meiri hl. Og hann nefndi hér ýmsar fleiri tölur, sem sýna, hvernig af ríkisins hálfu hefur í seinni tíð verið haldið á þessum málum, hvernig stofnkostnaður er vangreiddur, hvernig rekstrarhalli hefur hlaðizt upp frá ári til árs og verið látið undir höfuð leggjast af hálfu þjóðfélagsins að horfast í augu við það verkefni, sem menn hafa verið að reyna að leysa, og hef ég í raun og veru ekki miklu við það að bæta, sem hann sagði um það. Þar talaði áhugamaður um þessi mál, sem er óánægður yfir því, sem hefur verið að gerast í þessum málum, og telur, að þjóðfélagið hefði átt að taka þau fastari tökum.

Hann sagði enn fremur í lok ræðu sinnar, að því mætti ekki blanda saman að leysa þann vanda, sem nú væri fyrir hendi, vegna þess að stofnkostnaður hefði ekki verið greiddur og rekstrarhalli hefði myndazt, við það, sem fram undan væri, að rafvæða það, sem eftir er af landinu. Það mál, rafvæðinguna, yrði að leysa út af fyrir sig. Og fleira ræddi hann um þetta mál.

Það er í rauninni engin þörf fyrir mig að vera að deila á hv. frsm. meiri hl. fyrir hans ræðu, því að það er margt í hans ræðu, sem ég einmitt get tekið undir og finn, að við erum sammála um, annað en niðurstöðuna hjá honum, sem er náttúrlega röng og meinlega röng, því að eftir að hann hefur gert sér grein fyrir öllum þessum hlutum, þá telur hann, að ekki sé þörf á að gera áætlun þá, sem við förum fram á, það sé bezt að vísa málinu til ríkisstj. og láta hana halda áfram að gera sína tíu ára áætlun, láta það dragast um 10 ár, sem gera skal, — láta haldast enn í tíu ár það ástand í rafvæðingarmálunum, sem hann hefur sjálfur komizt svo að orði um að sé hvorki sæmilegt né rétt að viðhalda. Auðvitað er það ekki rétt, það er nokkuð út í bláinn mælt að slá því fram, að áætlanir eins og þær, sem hér er um að ræða, hafi enga þýðingu, af því að það vanti fé, en ekki áætlanir. Þegar um það er að ræða að gera áætlanir, þá er auðvitað átt við það jöfnum höndum að gera áætlanir um framkvæmdir og gera áætlanir um, hvernig þær framkvæmdir eigi að vera mögulegar.

Tíu ára áætlunin, sem nú á að vera langt komið að framkvæma, um rafvæðingu landsins byggist á lögum nr. 53 21. apríl 1954, sem eru viðauki við hin eldri raforkulög frá 1946. Með þessum viðaukalögum var í raun og veru tíu ára áætlunin ákveðin eða undirstaða hennar lögð á löggjafarsviðinu, eins og ég sagði, og var þar ákveðið, að í tíu ára áætluninni skyldu felast þau verkefni, er nú skal greina:

1) Að koma upp raforkuverum rafmagnsveitna ríkisins utan orkuveitusvæðis Sogs- og Laxárvirkjananna.

2) Að gera aðalorkuveitur og dreifiveitur rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir kaupstaði, kauptún og sveitir víðs vegar um landið.

3) Að veita bændum lán til að koma upp smárafstöðvum, vatnsafls- og mótorstöðvum.

4) Að lækka raforkuverð, þar sem það er hæst.

Þetta voru þau viðfangsefni tíu ára áætlunarinnar, sem mörkuð voru með lögunum frá 1954.

Það er talið, að framkvæmd tíu ára áætlunarinnar skv. lögunum hafi hafizt hið sama ár sem þau voru samþykkt, þ. e. a. s. á árinu 1954, og átti því að verða lokið á árinu 1963. En samkvæmt þeim upplýsingum, sem fram komu í umsögn raforkumálastjóra og einnig hefur komið fram frá hv. frsm. meiri hl., þá dregst áætlunin um eitt ár, þannig að það mun mega gera ráð fyrir, að henni verði ekki lokið — eða því, sem nú er kölluð tíu ára áætlun — fyrr en á árinu 1964. Þess má einnig geta, að eins og kunnugt er, þá hafa nú síðustu árin verið felldar niður úr þeirri tíu ára áætlun, sem fyrir lá hjá rafmagnsveitum ríkisins árið 1957 og margir þm. hafa haft í höndum, bæði aðalorkuveitur og orkuver, sem áformað hafði verið að koma upp á síðustu árum áætlunarinnar. Af því leiðir, að ekki hefur verið hægt að leggja dreifiveitur út frá þeim orkuveitum eða orkuverum, eins og búizt hafði verið við, og þá í stað þess stundum leitað úrræða, sem síður geta talizt til frambúðar. En þessi þáttur málsins þarf sérstakrar athugunar við í sambandi við hina nýju áætlun, sem hér er um að ræða.

Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja og ég hef haft í höndum, virðist hafa verið varið til framkvæmda skv. þeim töluliðum í raforkulögunum, sem ég las fyrst upp, þ. e. a. s. 1. og 2. tölul., til byggingar aðalorkuvera og dreifiveitna á vegum rafmagnsveitna ríkisins, þar á meðal héraðsrafmagnsveitnanna, fjárupphæðum þeim, sem tilgreindar eru í nál. minni hl. á þskj. 336. Í þessu nál. bendum við á það, minnihlutamenn, að það sé að sjálfsögðu ekki einhlítt, ef menn vilja gera sér grein fyrir því, hvað unnið hafi verið að þessum málum á einstökum tímabilum eða einstökum árum, að nefna þær krónutölur, sem fyrir liggja í reikningum, svo mjög hefur verðlagið breytzt á þessum árum. Fyrir milljónina, sem lögð er fram á þessu ári, var að sjálfsögðu hægt að vinna miklu meira á fyrsta ári áætlunarinnar 1953, svo að dæmi sé tekið.

Ég hef þess vegna gert það til fróðleiks að láta umreikna þessar tölur af fróðum mönnum á verðlagi ársins 1962 skv. vísitölu. Því miður hef ég ekki getað fengið í hendur vísitölu rafvæðingarkostnaðar, sem væri sú rétta vísitala til þess að reikna þetta eftir.

Rafvæðingarvísitala mun að vísu hafa verið notuð við einhverja áætlunargerð, en er talin ekki einhlít til notkunar, og ég hef ekki getað fengið í hendur þá vísitölu til notkunar. En í stað þess hef ég látið reikna þetta út skv. byggingarvísitölunni, hinni opinberu byggingarvísitölu, sem hefur verið birt á þessum árum, frá 1954, á fyrsta ári rafvæðingaráætlunarinnar, og fram á þennan dag. Ég hafði gert ráð fyrir því, að þessi byggingarvísitala mundi vera nálægt framkvæmdavísitölu rafvæðingarinnar, en þó þótti mér líklegt, að nokkru meiri hækkun mundi hafa orðið á rafvæðingarvísitölunni, og í viðtölum við fróða menn hef ég fengið það staðfest, að það sé bersýnilegt, að rafvæðingarvísitalan hafi hækkað eitthvað meira en byggingarvísitalan á þessum tíma, og bið ég hv. þm. að hafa það í huga. Upphæðir þær, sem ég nefni um framkvæmdir á vegum ríkisrafveitnanna á þessum árum tíu ára áætlunarinnar, eru sem sé byggðar á umreikningi með byggingarvísitölu, en umreikningur með rafvæðingarvísitölu, ef fyrir hendi væri, mundi sýna nokkru hærri upphæðir hin fyrstu ár áætlunarinnar en þær, sem nú verða lesnar.

Samkvæmt þessum umreikningi hefur verið varið til þessara framkvæmda sem hér segir á vegum rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins á árunum 1954—62, reiknað á verðlagi ársins 1962:

Árið 1954 51 millj. Árið 1955 72 millj. Árið 1956 104 millj. Árið 1957 118 millj. Árið 1958 173 millj. Árið 1959 49 millj. Árið 1960 111 millj. Árið 1961 64 millj.

Tölur úr reikningum fyrir árið 1962 hef ég ekki haft í höndum, þar sem þeir munu ekki liggja endanlega fyrir, en skv. upplýsingum, sem ég hef reynt að afla mér um það mál, mun þessi framkvæmdakostnaður á árinu 1962 hjá rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitunum vera eitthvað innan við 80 millj. kr., en ekki mikið innan við þá tölu, og þá tölu þarf að sjálfsögðu ekki að umreikna, þar sem það er árið 1962 og verðlag þess árs, sem allar tölurnar byggjast á.

Ég hef athugað lauslega, hvað kemur út, ef meðaltöl eru tekin af þessu, sem lagt hefur verið fram til rafvæðingarinnar. Annars vegar hef ég tekið þriggja ára meðaltal af árunum 1956—58, og þá hefur verið lagt fram að meðaltali rétt um 132 millj. kr. á ári. Sé sams konar meðaltal tekið fyrir árin 1959—62, kemur í ljós, að meðaltalið á ári er 75 millj. eða því sem næst á móti 132 millj. á fyrra tímabilinu, og reikna ég þá með því, sem ég hef fyrir satt, að kostnaðurinn á árinu 1962 sé rétt innan við 80 millj. kr.

Ég skal taka það fram, sem þegar er tekið fram í nál., að orkuveita sú til Keflavíkurflugvallar, sem lögð var á árinu 1959, er hér ekki með talin, enda tel ég, að hún komi ekki við þeirri rafvæðingu, sem í tíu ára áætluninni átti að felast.

Þetta er þá að segja um aðalframkvæmdirnar. Auk þess er svo þess að geta um hina aðra liði, sem í raforkulögunum frá 1954 voru taldir, þar sem gerð er grein fyrir hlutverki áætlunarinnar, þá hafa verið veitt á áætlunartímanum lán til smárafstöðva eða heimilisrafstöðva og alltaf árlega nokkuð bæði til vatnsaflsstöðva og dísilrafstöðva, og er gerð grein fyrir því í nál. á þskj. 336, og skal ég ekki lesa þær tölur, en geta má þess, að flestar vatnsaflsstöðvar hafa verið reistar eða lánað til á einu ári 28, og dísilstöðvar flestar 71, að ég ætla.

Varðandi það verkefni áætlunarinnar að hafa með höndum virkjunarrannsóknir og undirbúning rafveitna, þá liggja nú ekki fyrir glöggar upplýsingar um það, enda hafa virkjunarrannsóknir í þágu tíu ára áætlunarinnar mjög blandazt saman við aðrar virkjunarrannsóknir eða almennar rannsóknir á vatnsafli landsins, t. d. vegna stórvirkjana. Síðasti liðurinn, sem um getur í lögunum, að lækka raforkuverðið, þar sem það er hæst, mun hafa verið framkvæmdur á einhverju tímabili a. m. k. á þann hátt að veita sérstök lán til nokkurra dísilstöðva í þorpum, sem talið var þá að stuðlaði að lækkun raforkuverðs þar.

Eins og fram er tekið í grg. till. á þskj. 14 og einnig vikið að í nál. minni hl. á þskj. 336, fjallar till. sú, sem hér liggur fyrir, um að hraða áætluninni um áframhaldandi framkvæmdir, þannig að miðað verði við það, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Margir gerast nú óþolinmóðir í dreifbýlinu, ekki vegna þess, að menn hafi ekki gert sér grein fyrir því, að það er ekki hægt að rafvæða öll heimili í sveitunum í einu vetfangi, á einu eða tveim árum, því að menn hafa gert sér fyllilega grein fyrir því. Menn hafa gert sér grein fyrir, að slíkt tekur mörg ár og hefur þegar tekið ein 10 ár frá því, að viðaukalögin frá 1954 voru sett. En menn eru óþolinmóðir út af því í dreifbýlinu að geta ekki fengið að vita, hvað þeir eiga í vændum, geta ekki fengið að vita, hvort það er ætlunin, að eitt eða annað byggðarlag verði aðnjótandi samveitu, að einhver bær verði á samveitusvæði eða hvort hann getur ekki gert ráð fyrir öðru en einhvers konar einkastöð, jafnvel dísilstöð. Þetta hafa menn hug á að fá að vita. Þess vegna skiptir það svo mjög miklu máli að gera áætlanir í þessu efni, sem verði birtar almenningi og þá fyrst og fremst þeim, sem eiga hlut að máli.

Við, sem erum hér í höfuðborginni eða annars staðar þar, sem rafljósin loga og þar sem menn njóta þæginda í sambandi við alls konar vélar, sem ganga fyrir rafmagni, gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því, hvernig þeir hugsa, sem hafa ekkert af þessu, en eru kannske í næsta nágrenni við þá, sem hafa ljósin frá rafstöðvunum, eru kannske í því héraði, sem leggur til kraftinn, þar sem fallvatnið er, og kannske alveg í næsta nágrenni við það, en fá samt ekki neitt. Það á þess vegna ekki að gera lítið úr mikilvægi áætlana á þessu sviði, það á ekki að gera það, það er misskilningur að gera það, það er ekki rétt að gera það, — og menn, sem eru góðviljaðir og áhugasamir í þessu máli, eiga ekki

að gera það. Enda er það svo, að þegar um slíka áætlun er að ræða, eins og ég ræddi um áðan, þá er ekki bara um tæknilega áætlun að ræða, það er ekki bara um það að ræða að gera rafvæðingarkort, þar sem sýndar séu línurnar og sýndar séu dreifiveiturnar og sýndir séu bæirnir, sem eiga að fá orkuna, og merkt við, það er líka að gera áætlun um það, hvernig fjár verði aflað í meginatriðum til þess að framkvæma þetta, og það leiðir af sjálfu sér, þegar slík áætlun er gefin út á vegum ríkisins, þá stendur það á bak við þá áætlun með sinni fjárhagslegu getu. Og hvað sem menn segja nú um framlög bændanna, sem búa á jörðunum, og framlög héraðanna, að þau eigi skv. raforkulögum að vera svo og svo mikill hluti af kostnaðinum og þegar héruðin hafi lagt fram þennan hluta, þá geti þau bara sagt: Gerið svo vel, hérna eru peningarnir, ég vil fá mína rafveitu í haust eða vor, — þá er meginatriðið í þessu máli það, að auðvitað er það ríkið, sem verður að hafa hér forgöngu um, og á því hvílir byrði rafvæðingarinnar, á samfélaginu, sem þegar er búið að láta 90% eða fram undir það, — svo að ég fari með tölur hv. frsm. meiri hl., — af þjóðinni hafa raforku, en hinir hafa ekki fengið neitt nema borga til þess, sem gert hefur verið. Ég held nú reyndar, að það sé lægri tala hjá raforkumálaskrifstofunni, sem eftir er, en það mun stafa af því, að hún telur þar, að þeir hafi fengið rafmagn skv. rafvæðingaráætluninni, sem hafa komið upp dísilstöð. En náttúrlega er ekki hægt að telja dísilstöðvar almennt lausn á þessu máli til frambúðar. Þær eru bráðabirgðalausn og verða að sjálfsögðu lagðar niður á einstökum bæjum, þegar þeir koma inn á samveitusvæði.

Ég veit, að uppi eru nokkuð mismunandi skoðanir á því, hvernig haga beri rafvæðingu landsins, og að sá skoðanamunur á raunar einnig við ýmsar aðrar framkvæmdir, sem sérstaklega varða landsbyggðina. Sumir telja það skynsamlegt sjónarmið og það eina rétta að láta þjóðfélagið ekki leggja fé í framkvæmdir til almenningsnota, fyrr en hægt er að sýna fram á, að þessar framkvæmdir til almenningsnota geti borið sig fjárhagslega. Skv. þeirri kenningu eiga hin fjölmennari og þéttbýlli byggðarlög jafnan að sitja fyrir slíkum framkvæmdum. Þar sem fólki hefur fjölgað nógu mikið, eiga framkvæmdirnar að koma, því að þá má gera ráð fyrir, að þær geti borið sig eða a. m. k. nálgazt það að bera sig. Það er þessi hugsun, sem maður verður sums staðar var við, og það er hægt að færa fyrir henni ýmis rök, sem sumir telja ágæt rök og þjóðholl rök. En mér er þá spurn: Hvenær verður það, hvenær fjölgar fólki þar, sem þau skilyrði vantar, sem nú á tímum teljast undirstaða atvinnurekstrar og menningarlífs? Hvenær fjölgar því nógu mikið til þess, að það þyki eiga rétt á að búa við þessi skilyrði og að þjóðfélagið leggi í kostnað þess vegna? Hvenær verður það? Hvenær gerist það? Heldur ekki fólkinu áfram að fjölga, þar sem skilyrðin eru? Stendur ekki fólkstalan í stað eða lækkar, þar sem þessi skilyrði eru ekki? Og hvað þá að vera að tala um það, að menn skuli fá raforku, að menn skuli fá rafvæðingu, að menn skuli fá eitt og annað til almenningsnota, þegar fólkið sé orðið nógu margt til þess að geta borið það fjárhagslega? Ég segi: Sú röksemdaleiðsla og sú hugsun er ekki mikils virði, a. m. k. ekki fyrir þá, sem búa á þessu svæði, og ekki fyrir þjóðina, því að ég held, að það verði þjóðfélaginu bezt og þá verði sjálfstæði landsins bezt tryggt, ef landið helzt í byggð, sem mest af því í byggð, ef jafnvægið helzt.

Ég held, að óhjákvæmilegt sé að hugsa þetta mál á allt annan hátt, að fyrst verði, þegar um eitthvert landssvæði er að ræða, með sæmilega góð skilyrði til byggðar af náttúrunnar hálfu, að reyna að gera þetta svæði sem byggilegast á nútímavísu. Þá fyrst sé von til þess, að byggð haldist og aukist, að þar sem orkulindin er farin að streyma, séu líkur til, að byggðin þéttist. En þar sem orkuna vantar í strjálbýlinu, sé hætta á, að það verði enn strjálla og fari eins og hefur farið í hreppunum norður við Djúp í Ísafjarðarsýslu. Einn af þeim fór í eyði fyrir nokkrum árum, heill hreppur, og annar er víst því miður kominn í eyði líka.

Á landnámsöld reistu menn bæi sína þar, sem vatn var nóg, þar sem engjar voru og beitilönd, skógar eða rekafjara til eldsneytis og húsabygginga. Svo komu nýir tímar, og þá þurftu ræktunarskilyrðin einnig að vera til staðar. Nú er að mestu hætt við engjaheyskap. Nú taka menn fóðrið af ræktuðu landi, og nú er fleira komið til. Hver mundi nú í dag reisa bæ sinn þar, sem ekki væri nein von um veg eða síma? Það vita allir, það mundi enginn gera, a. m. k. mjög fáir gera, að nema land, reisa nýjan bæ á þeim stað, þar sem ekki væri vegur eða von um hann alveg á næstunni og sömuleiðis um símasamband. Þetta vita allir. Þessu eru menn búnir að gera sér grein fyrir. Nú er líka búið að leggja síma á flesta bæi á landinu. Fyrir nokkru fannst mönnum það fjarstaða, það eru ekki margir áratugir síðan ýmsir álitu, að það væri varla út í það leggjandi að leggja síma um allar hinar strjálbýlu sveitir Íslands. Og þeir bæir eru nú orðnir nokkuð margir og sennilega mikill meiri hl., kannske mestur hluti af sveitabæjum á þessu landi, þar sem ökutæki er fært heim í hlað, þegar góð tíð er og þurrt. Þó að þar geti víða ekki talizt um veg að ræða, þá er samt hægt að komast þetta á einhverju farartæki. En það verður ekki hjá því komizt að láta sér nú skiljast, að nú er að því komið, að hið sama fari að gilda einnig um raforkuna. Hún fer að verða talin eins nauðsynleg, eins óhjákvæmileg fyrir hvert heimil, fyrir hvern atvinnurekstur, eins og vegur, eins og sími, eins og allt hitt, sem hefur verið talið óhjákvæmilegt, eins og vatnsbólið, sem feður okkar og mæður reistu bæi sína við í öndverðu. Ekki svo að skilja, að eng-

inn muni framar geta hugsað sér að búa í sveit nema hafa raforku. Það munu sjálfsagt fyrirfinnast menn fyrr og síðar, sem geta hugsað sér það, alveg eins og menn hafa alltaf getað hugsað sér það af einhverjum ástæðum að búa á jörðum, sem voru að einhverju leyti gallaðar, t. d. voru vatnslitlar. Svo komu tímar, og sá, sem tæknina hafði á sínu valdi, sló stafnum á helluna, og þar spratt upp hið langþráða vatn. En slíkt heyrir til undantekninga. Undantekningar verða alltaf til, stundum nokkrar. En þjóðfélagið verður að miða gerðir sínar við hið almenna. Og það almenna og sú staðreynd, sem við verðum að gera okkur grein fyrir á komandi árum, er, að til þess að jörð haldist í byggð eða byggist og til þess að býlum fjölgi, þurfa þau almennu skilyrði að vera fyrir hendi, sem hæfa þykja á hverjum tíma, og eitt þeirra skilyrða er nú raforka frá samveitu, einhvers konar samveitu, með þeirri tryggingu, sem raforka frá samveitu veitir. Raforka frá samveitu er náttúrlega allt annað en raforka frá lítilli dísilstöð. Hún er allt annað.

Samkv. skýrslum raforkumálaskrifstofunnar í árslok 1961, sem ég hef haft undir höndum og athugað, höfðu þá samtals, þ. e. a. s. í árslok 1961, 2408 sveitabýli fengið rafmagn frá samveitum, en 492 sveitabýli höfðu á sama tíma raforku frá vatnsaflsstöðvum, sem þau áttu sjálf eða þeir, sem þar bjuggu. Þetta voru samtals í árslok 1961 2900 býli, sem telja mátti að hefðu raforku til frambúðar, því að við verðum að telja, að vatnsaflsstöðvarnar séu til frambúðar, flestar þeirra, nokkuð langrar frambúðar a. m. k., og ýmis býli, sem hafa slíkt rafmagn, eru vel sett, sérstaklega ef nokkuð langt er síðan vatnsorkustöðin hefur verið byggð. En til eru líka vatnsorkustöðvar, sem eru svo litlar og þá kannske einnig svo af sér gengnar, að þær eru ekki til frambúðar, og bæir, sem eru með slíkar stöðvar, munu að sjálfsögðu taka rafmagn frá samveitunum, ef þeir eiga þess kost. Jafnvel má víða sjálfsagt gera ráð fyrir því, að býli, þó að þau hafi eins og sakir standa nægilegt rafmagn frá vatnsaflsstöð, taki línu heim til sín frá samveitu, bæði til þess að greiða fyrir málinu, framkvæmdinni, og eins af því, að þau telja í því aukið öryggi.

En niðurstaðan er sem sé þessi, að í árslok 1961 eru samtals 2900 býli, sem telja mátti að hefðu raforku til frambúðar, annaðhvort frá samveitum, sem var mestur hluti, eða frá vatnsaflsstöð. Skv. þessum sömu skýrslum höfðu á sama tíma, í árslok 1961, 511 býli raforku frá litlum dísilstöðvum, þ. e. a. s. einkadísilstöðvum, en 2589 býli höfðu þá enga raforku. Hafa þá 3100 býli í árslok 1961 annaðhvort enga raforku haft eða þá aðeins af dísilstöðvum. Það er tekið fram í skýrslunum frá raforkumálaskrifstofunni, að gengið sé út frá því, að býlatalan sé 6000, og þessar tölur eru við það miðaðar, að býlatalan sé 6000.

Nú segir raforkumálastjóri í umsögn sinni til allshn., að hann hafi ekki nákvæma tölu um fjölda sveitabýla í byggð, og er það raunar undarlegt, ef opinberar stofnanir geta ekki komið því í framkvæmd að vita, hve byggð býli í landinu eru mörg á hverjum tíma. Í raun og veru undrast ég það, og ég held, að menn hljóti að vita þetta nokkurn veginn. Menn segja að vísu, að það sé ýmiss konar skilningur á því, hvað sé býli. En þegar á að telja býli í landinu, verða menn auðvitað að gera sér grein fyrir því, hvað telja skuli býli, þ. e. að búa til skilgreiningu á því, hvað sé býli, og þegar það hefur verið gert, sem aðeins þarf að verða samkomulag um, þá á það að vera vandalaust á hverju ári að fá að vita það og það á skömmum tíma, hvað býlin eru mörg í landinu, hvort sem það eru nú búnaðarsamtökin, sem eiga að afla þeirrar vitneskju, eða raforkumálaskrifstofan. Það á að vera á hennar færi og mjög auðvelt, ef hún vildi taka sér fyrir hendur að framkvæma það.

En hvað sem því líður, þá þarf auðvitað að bæta úr þessu um býlatöluna. Býlatalan þarf að liggja fyrir, áður en lokið er þeirri áætlun, sem þáltill. fjallar um. Ég held, að þar sé ekki um neitt vandamál að ræða og taki því naumast að vera að tala um það. Það er aðeins gert af því, að raforkumálastjórinn hefur minnzt á þetta í bréfi sínu, og hv. frsm. meiri hl. gat einnig um það í sinni ræðu, að óvissa væri um býlatöluna. Ég álít, að sú óvissa skipti ekki miklu máli. En auðvitað á ekki að þurfa að vera um óvissu að ræða, þetta á að liggja alveg greinilega fyrir. Og talan 6000 mun ekki fara langt frá því, sem rétt er. Þessi tala er vitanlega ekki óbreytileg. Hún breytist frá ári til árs. Það eru stofnuð nýbýli og jarðir fara í eyði. Þær eru nú víst sem stendur fleiri, því miður, sem fara í eyði nú síðustu árin, eftir því sem upplýst hefur verið. Annars hef ég ekki kynnt mér það sérstaklega. En sé gengið út frá tölum raforkumálaskrifstofunnar í árslok 1961 og gert ráð fyrir, að 200 býli hafi fengið samveiturafmagn eða frá einkavatnsaflsstöðvum á árinu 1962, ættu 3100 býli að hafa rafmagn til frambúðar nú í dag, en 2900 að vera án rafmagns eða hafa rafmagn frá litlum dísilrafstöðvum. 2900 býli ættu nú í dag, skv. þessum upplýsingum, að vera án rafmagns eða hafa rafmagn frá litlum dísilrafstöðvum. En eitthvað eru þessi býli færri, sem vantar orkuna, ef býlatalan í heild kynni að reynast eitthvað neðan við 6000, og trúlega er hún heldur neðan en ofan við það mark.

Hér er um að ræða stórt viðfangsefni, en jafnframt viðfangsefni, sem Alþ. og þjóðfélagið verður að horfast í augu við og ekki þýðir að leiða hjá sér. Þess vegna væntum við þess, meirihlutamenn í allshn., að Alþ. samþykki nú till. þá, sem fyrir liggur á þskj. 14.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. S. l. miðvikudag fóru fram umr. um till. um raforkumál, sem 17 menn flytja, hv. framsóknarmenn, allir sem á þingi eiga sæti. Það mætti þess vegna ætla, að þetta væri mikilsverð till., enda mátti svo heyra á hv. 2. flutningsmanni, þegar hann talaði hér, að það væri mikið í húfi, að þessi till. yrði samþ.

Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þm. hafi till. fyrir framan sig og geti hver og einn sannfært sig um, hvað í till. felst og hvað vinnst með því að samþykkja till. og hvaða tjón getur skeð, ef hún er ekki samþ. Það er þess vegna óþarft, að ég sé að lesa till. upp, og það er þá einnig sennilega óþarft, að ég sé að draga ályktanir af því hér í ræðustólnum, hvaða gildi till. út af fyrir sig hefur. Ef það gæti orðið til þess að flýta fyrir rafvæðingu landsins að samþ. þessa till., þá væri ekkert vafamál, að það ætti að gera, — ekkert vafamál, því að ég hygg, að við öll, sem eigum sæti á Alþingi, viljum, að Íslendingar allir, hvar sem þeir búa, fái sem fyrst þau þægindi, sem raforkan veitir.

Ég hygg, að þið, hv. þm., þegar þið hafið lesið till., getið gert ykkur ljóst án þess að hugsa ykkur mikið um, að till., þótt hún væri samþ., flýtir ekki fyrir framkvæmdum. Það mátti lesa það út úr orðum hv. 2. flm., þegar hann talaði hér, að það hefði eitthvað dregizt úr hömlu að rafvæða landið. Það hefði eitthvað seinkað rafvæðingarframkvæmdum. Og hann var að gefa það í skyn, og leiðinlegt að þurfa að segja það: gegn betri vitund, að það væri eitthvað nýtt, að það skyldi koma í ljós, að það væri ekki um 10 ára áætlun að ræða, heldur um 11 ára áætlun. Hv. þm. veit vel, að það var á árinu 1955, sem gert var ráð fyrir, að það tæki 11 ár, en ekki 10, að framkvæma það, sem kallað var í fyrstu 10 ára áætlun. Og það var einfaldlega vegna þess, að það var bætt við nokkrum línum á árinu 1955 við hina upphaflegu áætlun. Í skýrslu raforkumálastjóra, sem ég hef í höndum, er þetta staðfest. Og ég segi það enn, það er leitt, að hv. þm. skuli gefa í skyn, að það væri vegna tafa á framkvæmdum hjá núverandi ríkisstj., að nú væri um 11 ár að ræða, vegna þess að ég er sannfærður um, að hv. þm. hefur vitað, hvenær var ákveðið, að það skyldi taka 11 ár, en ekki aðeins 10. Þetta er kannske ekki mikilsvert atriði. En þó er það svo, að það er hægt að fyrirgefa það, þegar menn tala í fljótræði og lítt hugsað, en miklu verra, þegar menn gera það vísvitandi að fara rangt með.

Nú er það svo, að framkvæmd 10 ára áætlunarinnar hefur farið fram með eðlilegum hætti hin síðari ár, og eins og kemur fram í bréfi raforkumálastjóra, er ekkert útlit fyrir annað en hinum áætluðu framkvæmdum verði lokið á árinu 1964, eins og ákveðið var 1955 að verða mundi. Það er því ekki með réttu hægt að ásaka núverandi ríkisstj. fyrir seinagang í þessum málum, og algerlega tilgangslaust að vera að reyna að koma því inn hjá almenningi í landinu, að ekki hafi verið staðið við 10 ára áætlunina í einu og öllu, og mig undrar, að það skuli vera gerð tilraun til þess, því að það er svo margt, sem um er að ræða á hv. Alþingi, jafnvel þótt þetta væri látið ógert.

Út af fyrir sig er ekkert við því að segja, þótt menn flytji till. til þál. til áherzlu á því, að framkvæmdum sé haldið áfram á mikilsverðum málum, og það er bókstaflega eðlilegt, ef ástæða er til, vegna þess að það virðist ekki ganga eins hratt og vel og áætlað hefur verið. En í þessu tilfelli er það svo, að segja má, að þessi þáltill. á þskj. 14 sé tilefnislaus, vegna þess að rafvæðingaráætlunin hefur staðizt, og til staðfestu því er rétt að upplýsa, að það hafa aldrei síðan byrjað var á 10 ára áætluninni verið rafvæddir eins margir sveitabæir á ári og á árunum 1961 og 1962. En á þessum tveimur árum voru rafvæddir 552 sveitabæir, og auk þess var eftir að tengja 160 sveitabýli og ekkert annað þurfti að gera, til þess að þeir væru tengdir, heldur en að setja upp spennistöðvarnar. Það var vegna þess, að ekki var hægt að fá allar spennistöðvarnar hjá Rafha í Hafnarfirði og þurfti að panta þær frá Bandaríkjunum, að ekki var unnt að tengja þessi 160 býli fyrir áramót. En séu þau talin með, þá voru þetta 436 býli á ári, en 276 býli hvort ár 1960 og 1961, séu þessi 160 býli ekki með talin.

Nú var það, að hv. 2. flm. þessarar till. vildi gera mikið úr því, hversu vel hefði gengið með rafvæðinguna á árunum 1956—58, en þá voru tengd til jafnaðar 205 býli, og ætla ég ekki að gera neitt lítið úr því. En staðreyndin er, að þetta hefur gengið örar á árunum 1961 og 1962, og gert er ráð fyrir að tengja á þessu ári 230 býli auk þessara 160, en það er matsatriði, hvort þau verða talin með árinu 1962 eða árinu 1963.

Ég hygg, að þessar tölur, sem teknar eru upp úr skýrslu raforkumálastjóra, vegi þyngra á metunum en þær fullyrðingar, sem hv. 2. flm. þessarar till. viðhafði hér fyrir viku.

Hv. þm. fór að taka upp tölur, sem voru endurprentaðar í Tímanum s. l. föstudag, og segir, að reikningsfróður maður hafi reiknað út, hversu miklu fé hafi verið varið til raforkuframkvæmda á hinum ýmsu árum. Og í þessum útreikningi hafði öllum tölum verið breytt þannig, að þær eru miðaðar við verðlag 1962, ekki eftir rafvæðingarvísitölu, heldur eftir byggingarvísitölu. Hv. ræðumaður viðurkenndi, að hann vissi í rauninni ekki, hvort þetta væri rétt viðmiðun, en gerði það nú samt, og eg skal ekkert fullyrða um það út af fyrir sig, hvort þetta er mælikvarði, sem gæti verið nokkuð nákvæmur. En það er ekki aðalatriðið í þessu máli. Það, sem mér hnykkti við, var tilraunin, sem hv. þm. viðhafði, þegar hann var að reyna að blekkja í sambandi við þetta. Í sínum samanburði vildi hann sleppa línunni, sem lögð var suður á Reykjanes 1959, vegna þess að hann sagði, að það hefði verið gert í þágu varnarliðsins.

Það hefði mátt segja það, ef línan hefði verið lögð eingöngu vegna varnarliðsins. En staðreyndin er, að gamla línan hafði ekki lengur nægilega flutningsgetu til Suðurnesja, þótt varnarliðið hefði ekki verið með, og í skýrslu raforkumálastjóra, sem ég hef hér fyrir framan mig, segir, að það beri að reikna línuna suður á Reykjanes að öðru leyti en því, sem kostnaður við spennubreyti á vellinum nemur, þar eð byggja hefði þurft línuna hvort sem var. En hv. þm. sleppti þessu til þess að fá hagstæðari tölur í þessum samanburði, sem hann taldi nauðsynlegt að gera.

Hv. þm. nefnir ekki heldur framkvæmd við Sogið, sem verið er að vinna að og unnið var að á s. l. ári. Hann nefndi það ekki í sínum samanburði. Hann nefndi ekki heldur í sínum samanburði jarðhitarannsóknirnar, sem eru miklu meiri, síðan núverandi ríkisstj. kom til valda, heldur en áður var. Og hann nefndi ekki heldur virkjunarrannsóknirnar, sem námu 25 millj. kr. á árinu 1962, en aðeins 4 millj. á árunum 1957 og 1958. Af hverju nefndi ekki hv. þm. þetta? Getur það verið, að hann hafi ekki viljað fá rétta útkomu úr dæminu? Getur það verið, að hann hafi ímyndað sér það, að hv. þm. hafi ekki haft aðstöðu eða löngun til þess að gera sér grein fyrir hinu rétta? Ég hygg ekki. Ég hygg, að hv. þm. hafi alveg talið það víst, að þm. gætu komizt að hinu rétta og fengið rétta útkomu, en hv. þm. treystir því, að fjöldi manna lesi þá grein í Tímanum, sem ég vitnaði til áðan, og að almenningur í landinu hafi ekki aðstöðu til að sannprófa það, hvort hv. þm. fór með blekkingar eða réttar tölur. Og það er þetta, sem er þungamiðja málsins. Það er þetta, sem er nauðsynlegt að verði leiðrétt. Og það er leiðinlegt, þegar gegnir og góðir þm. verða uppvísir að slíku sem hv. 2. flm. þessarar till. varð með málflutningi sínum hér fyrir viku.

Ég ætla, að þetta, sem ég nú hef nefnt, sýni nægilega ljóst, að hv. þm. fór ekki rétt með, þegar hann var að bera saman framkvæmdir hjá núverandi ríkisstj. og fyrri ríkisstj. Og það má segja, að það hafi verið ástæðulaust fyrir hv. þm. að gera samanburðinn eins og hann gerði, vegna þess að það lá ekki fyrir hér nein ádeila á fyrri ríkisstj. og framkvæmdir hennar í þessum málum. Og það er alveg áreiðanlegt, að þeir, sem vilja þessum málum vel og vilja verða að liði í framkvæmdum eins og þessum, þeir gera það ekki á þann hátt að fara rangt með málin og blekkingar, heldur með því að styðja málflutning sinn við staðreyndir og það, sem er það rétta í hverju máli. Og ég held, að í sambandi við rafvæðingu landsins, þá takist bezt og fljótast að framkvæma hana, ef menn vilja af einlægni taka höndum saman og vinna að þessu máli, sem vissulega er kostnaðarsamt og að ýmsu erfitt í framkvæmd.

Hv. þm. vitnaði í bréf raforkumálastjóra, þar sem raforkumálastjóri talar um framhaldsáætlun og miðar hana við 10 ár. Raforkumálastjóri miðar ekki þessa áætlun við 10 ár vegna þess, að hann hafi fengið fyrirmæli um það frá ráðuneytinu. Raforkumálastjóri hefur fengið fyrirmæli um að vinna að framhaldsáætlun um rafvæðingu landsins og ljúka því verki sem fyrst. En það er raforkuráð og ríkisstj., sem ákveður það síðan í samráði við Alþ., hversu langan tíma verkið á að taka, og hægast er að gera sér grein fyrir því, þegar heildarkostnaðaráætlun liggur fyrir, hvað það verður dýrt að ljúka hinum síðasta áfanga, hvort hann tekur 5 ár eða 7 ár. Í viðtölum mínum við raforkumálastjóra og einnig á raforkuráðsfundum hefur það verið rætt, að nauðsyn bæri til, að landið væri rafvætt ekki seinna en 1970, og þá væri það á 5 eða 6 árum. Í sambandi við þá till., sem hér um ræðir, er talað um 1968, það er nokkru fyrr. En aðalatriðið er það, að þessi áætlun, sem ég nefndi, verði gerð og að menn vilji taka höndum saman um að framkvæma hana. Hvort það verður 4 ára áætlun eða 5 eða 6 ára áætlun, það skiptir nokkru máli, en höfuðmáli skiptir það, að fé verði útvegað til þess að framkvæma áætlunina og að staðið verði við þá áætlun, sem samin verður.

Hv. þm. taldi till. aðallega til gildis, að hún mundi flýta fyrir, að þessi framhaldsáætlun væri unnin. Og í nál. minni hl. er talað um að ljúka áætluninni á næsta hausti, — að ljúka henni ekki seinna en á næsta hausti. En í bréfi raforkumálastjóra, — hvað segir þar? Raforkumálastjóri segir í bréfi, sem hann skrifar hv. n., að hann geri ráð fyrir því, að áætluninni verði lokið á seinni hluta þessa árs og að það tefji á engan hátt fyrir framkvæmdum á næstu áætlun, þótt framhaldsáætluninni verði ekki lokið fyrr en í haust. M. ö. o.: í bréfi raforkumálastjóra er gert ráð fyrir, að framhaldsáætlunin verði tilbúin á sama tíma og hv. tillögumenn leggja áherzlu á að áætlunin liggi fyrir.

Þegar hv. þm. athuga nú þetta, þá hygg ég, að við getum öll verið sammála um, að það tefur ekki framkvæmd á rafvæðingunni, þótt till. verði vísað til ríkisstj. eða hún afgreidd á sama hátt og meiri hl. leggur til, því að allt er þetta í framkvæmd á þeim hraða, sem áætlað var, og raforkumálastjóri lofar framhaldsáætluninni á sama tíma og 17 hv. framsóknarmenn óska eftir að hún verði tilbúin á. Og þegar þetta er nú athugað í alveg réttu ljósi og öfgalaust og staðreyndirnar einar látnar tala, og ef hv. 2. flm. till. hefði nú viljað tala um þetta bara eins og það væru engar kosningar á næsta leiti, heldur bara raunhæft, þá hefði hann nú alveg hætt við að láta í það skína, að till. út af fyrir sig væri eitthvert velferðarmál fyrir dreifbýlið.

Ég hygg, að þessi orð um till. út af fyrir sig og þá áherzlu, sem hv. 2. flm. till. lagði á málið fyrir viku, séu út af fyrir sig alveg nóg, það sem ég þegar hef sagt, til þess að skýra málið. En hv. þm. ræddi nokkuð um hallarekstur inn á rafmagnsveitunum og hv.

frsm. meiri hl. einnig, og það er vitanlega ekki nema eðlilegt, að menn ræði það út af fyrir sig. Ég varð lítið var við það og alls ekki hjá hv. frsm. meiri hl., að þessi hallarekstur út af fyrir sig væri nokkuð ámælisverður, en það var ekki um annað að ræða, þó að maður væri af fullum velvilja gerður, það var eins og hv. 2. flm. till. vildi láta í það skína, að það væri tómlæti, það væri hálfgerður slóðaskapur hjá ríkisstj. að reka rafmagnsveiturnar með þessum hætti, að það væri svona mikill halli á þeim. Ég býst nú varla við, að hv. þm. hafi ætlazt til þess, að raforkuverðið væri hærra hjá rafmagnsveitum ríkisins en það hefur verið, — ég skildi hann ekki þannig, — það hefði kannske mátt minnka hallann með því að selja raforkuna á hærra verði. Ég hef nú ekki borið fram óskir um það, og ég get lýst yfir, að ég tel alveg útilokað að jafna þennan halla með því að hækka raforkuverðið hjá rafmagnsveitum ríkisins, — alveg útilokað.

Hitt er svo alveg rétt um hallarekstur ár eftir ár, að það eru takmörk fyrir því, hversu lengi það getur gengið. En ég vil að gefnu tilefni, vegna þess að hv. 2. flm. till. fannst ekki ríkissjóður hafa dugað rafmagnsveitunum vel, hann hefði gjarnan mátt gera betur, þá vil ég segja frá því, að ríkissjóður hefur dugað rafmagnsveitunum mjög vel að undanförnu. Ég get upplýst það, að rafmagnsveiturnar skulda ríkinu meira en það, sem nemur öllum hallanum, því að samanlagður halli rafmagnsveitnanna í árslok 1962 er 79 millj., en það, sem rafmagnsveiturnar skulda ríkinu, eru 112 millj. Hvort ríkið gengur eftir þessari skuld, það ætla ég ekkert að fullyrða um nú, en ég tel ólíkt betra fyrir rafmagnsveiturnar að skulda ríkinu þessa upphæð heldur en banka eða lánsstofnun, sem gengur eftir greiðslunni, hvernig sem á stendur, með vöxtum og vaxtavöxtum. Og ég tel, að á meðan ríkissjóður lætur sér það lynda að eiga þetta hjá rafmagnsveitunum og greiða úr fjármálum þeirra, eins og hann hefur gert, og tryggja þannig, að framkvæmdir geti orðið með fullum hraða, þá sé ríkissjóður ekki ámælisverður, síður en svo.

Það má vitanlega alltaf deila um það, hvort framlag ríkisins á fjárlögum hefði átt að vera hærra. Menn geta sagt, að það hefði átt að vera hærra og borga hallann þannig upp jafnóðum með framlagi úr ríkissjóði. En með hliðsjón af því, sem ég hef upplýst um skuldir rafmagnsveitnanna hjá ríkinu og þá fyrirgreiðslu, sem ríkið hefur veitt, til þess að framkvæmdirnar gætu átt sér stað, þá hygg ég, að það þurfi ekki að leggja eins mikinn þunga á það eða áherzlu, að fjárveitingarnar hefðu átt að vera hærri á undanförnum árum heldur en er, og ég segi það aðeins með tilliti til þessara staðreynda, að ríkið hefur lánað rafmagnsveitunum án þess að ganga hart eftir innheimtu á þessum skuldum.

Ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir því, að það þarf að koma fjárhagslega traustum grundvelli undir rafmagnsveiturnar, og þess vegna er það, að snemma á árinu 1962 var skipuð nefnd fróðra manna til þess að gera tillögur í þessu efni. Í nefndinni eru Jóhannes Nordal bankastjóri, Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri og raforkumálastjóri, Jakob Gíslason. Þessi n. hefur talsvert starfað á s. l. ári og það sem af er þessu ári, og hygg ég, að hún sé sammála um, að rafmagnsveiturnar þurfi að fá nýja tekjustofna, og ég hygg, að nefndin sé sammála um, að rekstrargrundvöllur fáist ekki hjá héraðsrafmagnsveitunum á öðrum grundvelli en þeim, að þær fái tekjur annars staðar frá, hann fáist ekki með því að hækka orkugjaldið á þessum veitum einum. Og það eru vitanlega ýmsar leiðir til, sem mætti fara. En engin af þeim leiðum hefur verið ákveðin enn. Það mundu kannske einstöku menn hugsa sér, að það mætti jafna hallann með því að láta aðeins þá, sem kaupa rafmagn af rafmagnsveitum ríkisins, borga hallann með hækkuðu orkugjaldi, en ég hygg, að þeir séu fáir. Þá gætu aðrir e. t. v. átt till. um það að skattleggja alla raforku í landinu og jafna þennan halla með því. Öll raforkusala í landinu mun nema nú um 270 millj. kr. á ári. 10% skattur mundi nema 27 millj. Þetta er ekki mín till., og ef ég væri spurður að því í dag, hvort ég væri þessu fylgjandi, þá mundi ég segja eins og er, að ég hef ekki gert mér grein fyrir því, hvort þetta væri heppilegasta leiðin. En ég veit, að till. í þessa átt hefur verið nefnd.

Þá hefur einnig verið nefnt, og við höfum einnig heyrt samþykktir um það, að það bæri að gera allsherjar verðjöfnun á rafmagni um allt land. Og því er ekki að neita, að vitanlega væri hægt að jafna hallann á þann hátt. En ég hygg, að það séu einnig skiptar skoðanir um það. Og ég vil ekkert fullyrða um, hvort n. gerir það að till. sinni frekar en annað, eða hvaða skipan verður upp tekin í því efni, þegar að því kemur að fá lausn á því máli. Svo er ein leið, en það væri að auka framlög á fjárlögum til rafmagnsveitnanna og jafna hallann með því móti. Og þá þyrfti ekki verðjöfnun, þá þyrfti ekki skatt og þá þyrfti ekki að hækka orkugjaldið hjá rafmagnsveitunum, ef framlög ríkissjóðs væru hækkuð á fjárl. nægilega mikið, til þess að orkugjaldið hjá rafmagnsveitunum gæti verið eitthvað svipað og annars staðar gerist.

Ég segi það, að ef ríkissjóðurinn afskrifaði eitthvað af því, sem hann á hjá rafmagnsveitunum núna, þá væri það náttúrlega eitthvað í áttina. En ég ætla ekkert um það að segja að svo stöddu. En að þessu athuguðu er ljóst, að hér eru engin vandræði á ferð. Það má segja, að það séu nokkrir erfiðleikar, en það eru engin óleysanleg vandræði, síður en svo. Það, sem fram undan er, er það að ljúka 10 ára áætluninni á næsta ári. Skv. bréfi raforkumálastjóra má reikna fyllilega með því, að það verði gert. Eftir það verður byrjað á framhaldsáætluninni, sem væntan-

lega verður tilbúin á komandi hausti, og þegar sú áætlun um kostnað liggur fyrir, þá er það ríkisstj., raforkuráð og Alþingi, sem ákveða, hvort það skuli vera 4 ára áætlun eða t. d. 6 ára áætlun, þannig að rafvæðingu yrði lokið á árinu 1970, og ég hygg, með tilliti til þess, sem ég hef nú hér upplýst, að menn geti verið sammála um, að það megi horfa á þessa framtíðaráætlun með bjartsýni, en ekki svartsýni, þrátt fyrir það, þótt rafmagnsveiturnar eigi í nokkrum fjárhagslegum erfiðleikum eins og er, sé reiknað með því, að þær þurfi að greiða ríkissjóði það, sem þær skulda. En ef þær þyrftu ekki að greiða ríkinu þetta, sem ég skal ekkert fullyrða um, þá er dæminu alveg snúið við. Möguleikarnir til þess að halda fjárhagslegu jafnvægi og fjárhagslegu sjálfstæði rafmagnsveitnanna í framtíðinni eru ótalmargir, og erfiðleikarnir á því að framkvæma næstu áætlun minnka vitanlega samhliða því, sem það verður minna, sem er ógert. Og ég vil segja það, að ég er að öllu leyti ánægður með afgreiðslu meiri hl. n. og tel þá afgreiðslu jákvæða, tel, að framhaldsrafvæðing landsins fái alveg jafnmikinn hraða og kraft með þeirri afgreiðslu og þótt till. 17-menninganna væri samþykkt. Og ég skil ósköp vel frsm. meiri hl. n., hvers vegna hann leggur ekki til, að till. verði samþ., en það átti hv. 2. flm. till. afar vont með að skilja, eins og hv. þm. munu hafa heyrt hér í umræðunum um daginn. Hv. 2. flm. till. átti erfitt með að skilja það, að hv. 1. þm. Vestf., sem hefur brennandi áhuga á rafvæðingu landsins, skyldi ekki vilja samþykkja till. Ég á ósköp auðvelt með að skilja hann, því að hann lítur á till. með sömu augum og ég og með sama skilningi og sér ekki, að þótt hún verði samþ., þá greiddi hún á neinn hátt fyrir framkvæmd þessa mikilvæga máls.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða öllu meira um þessa till.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur skilað áliti um þessa till. okkar á þskj. 14. Og nál. eru tvö. Því miður varð ekki samkomulag í n. um að mæla með samþykkt till. Ég verð að láta í ljós vonbrigði mín yfir afgreiðslu meiri hl. n. á málinu, og ég tel, að afgreiðsla meiri hl. sé þannig, að hann verðskuldi ekki þakkarávarp frá okkur flm. fyrir meðferð málsins.

Hv. meiri hl. birtir í sínu nál. yfirlit yfir rekstrarhalla hjá rafveitunum undanfarin ár. Hann skýrir frá því, að fjárhagsafkoma rafmagnsveitna ríkisins hafi verið örðug, þar hafi orðið rekstrarhalli á árinu 1961 13.5 millj. og að viðbættu tapi fyrri ára sé heildartap þeirra í árslok 1961 37.8 millj.

Ég tel ástæðu til að fara um þetta nokkrum orðum. Þessar tölur eru rétt upp teknar hjá hv. meiri hl. úr reikningum rafmagnsveitnanna. En þess má geta um leið, að þá er búið að færa með gjöldum á reikningum þeirra afskriftir þessi ár. Árið 1961 var þetta þannig, að það voru færðar með gjöldum afskriftir 11.3 millj. Það voru ekki til tekjur á móti þeim, og vantaði þar að auki 2.3 millj. til þess, að rafveiturnar bæru sig á þessu ári. Það hefði vantað til, þótt engar afskriftir hefðu verið reiknaðar. Ef maður tekur öll árin, þá er útkoman sú, eins og segir í áliti meiri hl., að halli er á höfuðstólsreikningi eignamegin samtals 37.8 millj., en skuldamegin eru færðar afskriftir á móti 29.9 millj. Mér finnst rétt að láta þetta koma fram. Þá vil ég enn vekja athygli á því, að á efnahagsreikningi rafmagnsveitna ríkisins í árslok 1961 er talinn eignamegin liður, sem raunverulega engin eign er, en það er gengisbreyting erlendra skulda, 130.6 millj., og á móti þessu eru svo skuldir. Þessum gengishalla hefur ekki verið jafnað niður á hina einstöku eignarliði, og ég tel líka, að það hafi verið rétt, að það hafi ekki átt að gera það. Í árslok 1958 og árslok 1959 var tilsvarandi eignarliður vegna yfirfærslugjalds 12.9 millj. Við sjáum af þessu, að þessar 130,6 millj. eru að langsamlega mestu leyti afleiðingar af gengisbreytingum núv. ríkisstjórnar árin 1960 og 1961. Þetta á ríkið að borga. Ríkið hefur þegar borgað gengishallann, sem varð vegna erlendra skulda þjóðarinnar á árinu 1960 og 1961, að þessu undanskildu og að undanskildum gengishallanum, sem var hjá sjóðum Búnaðarbankans, en ríkinu ber skylda til að greiða þetta hvort tveggja, bæði til búnaðarsjóðanna og rafmagnsveitna ríkisins. Það á ekki að láta rafveiturnar bera vexti af þessari fjárhæð eða láta það með öðrum hætti hvíla á rafveitunum. Það væri rangt að gera það.

Þá eru það héraðsrafmagnsveiturnar. Árið 1961 var afkoman hjá þeim þannig, að afskriftir voru lítið eitt meiri en rekstrarhallinn, sem þá er bókfærður hjá þeim. Að vísu munar það ekki miklu, en þó er afskriftaupphæðin nokkru hærri. Og ef maður athugar efnahagsreikning héraðsrafmagnsveitnanna í árslok 1961, þá kemur fram, að eignir héraðsrafmagnsveitnanna eru samtals um það bil 241 millj. kr., en skuldir, sem á þeim hvíla, eru 116.7 millj., — eignirnar 241 millj. með bókfærðu verði, en skuldirnar 116.7 millj. Það er því alls ekki hægt að segja, að hagur héraðsrafmagnsveitnanna sé slæmur. Það fyrirtæki á miklar hreinar eignir.

Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi, eins og reyndar er gert í grg. með okkar till., að ríkisframlögin til rafmagnsframkvæmdanna hafa lækkað mjög síðustu árin. Þau hafa verið lækkuð að krónutölu þrátt fyrir það gífurlega verðfall, sem hefur orðið á peningunum, eða hina gífurlegu verðgildisrýrnun krónunnar. Vitanlega hefði þurft að hækka framlögin frá ríkinu, til þess að þau væri í svipuðu hlutfalli við framkvæmdakostnaðinn og áður var, og ef það hefði verið gert, þá væri útkoman vitanlega allt önnur hjá rafveitunum heldur en hún er nú skv. reikningunum. Þetta hefði þurft að gera.

Ég tel, að það komi ekki til mála að stöðva framkvæmdir í raforkumálum, þó að nokkur rekstrarhalli hafi orðið hjá þeim að undanförnu. Hallinn er alls ekki tilfinnanlegur, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, t. d. á héraðsrafmagnsveitunum. Hann er alls ekki tilfinnanlegur. En mér finnst mega lesa það milli línanna í nál. hv. meiri hl., að hann telji, að þetta sé svo mikið vandamál, þessi halli, að það sé stór vafi á því, að það sé hægt að halda áfram rafvæðingunni vegna þessa halla. Hér segist meiri hl. í nál. t. d. ekki geta fallizt á, að samþykkt þáltill. flýti fyrir raforkuframkvæmdum eða leysi þann vanda, sem vaxandi rekstrarhalli rafveitnanna hefur þegar valdið, en m. a. á því, að sá vandi verði leystur, byggist, að unnt sé að hraða nauðsynlegum raforkuframkvæmdum umfram það, sem nú er gert. Og síðar í áliti meiri hl. segir, að það hafi verið skipuð þriggja manna nefnd til að athuga allan rekstur rafveitnanna og gera till. um, á hvern hátt helzt megi skapa þeim öruggan rekstrargrundvöll, sem geri það kleift, að komið verði sem fyrst rafmagni á hvert heimili á landinu. Og í niðurlagi nál. segir:

„Meiri hl. allshn. lítur svo á, að þáltill. sú á þskj. 14, sem hér um ræðir, greiði á engan hátt úr þeim vanda, sem hér er við að eiga, og leggur því til, að henni verði vísað til ríkisstj."

Þarna sýnist mér vera hægt að lesa milli línanna það álit meiri hl., að það geti farið svo, að þessi rekstrarhalli, sem verið hefur síðustu árin, stöðvi framkvæmdirnar og það eigi í raun og veru ekki að halda áfram með þær, fyrr en þessi nefnd, sem ríkisstj. hefur skipað, sé búin að finna einhverja lausn á því vandamáli, þessum rekstrarhalla. Mér sýnist þetta gægjast út hjá meiri hl. En ég vil algerlega mótmæla þessu. Þessi rekstrarhalli er ekki það mikill, að hann sé neitt vandamál, og með því að stöðva þær framkvæmdir, sem unnið hefur verið að í raforkumálum, væri ranglæti framið gegn þeim, sem hafa ekki enn fengið rafmagnið. Slíkt má ekki koma fyrir. Það verður að halda þeim framkvæmdum áfram með þeim hraða, sem mögulegt er, hvað sem þessum rekstrarhalla líður.

Ég sagði áðan, að till. meiri hl. í þessu máli hefði valdið mér vonbrigðum. Ég tel það ekki góða afgreiðslu á málinu að vísa því til hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. hefur þegar látið dragast úr hófi fram að gera nýjar áætlanir um framkvæmdir um rafvæðingu sveitanna, er tækju við af 10 ára áætluninni. Þetta mál var til umr. hér fyrir rúmum þremur árum í Sþ. Þá lá einnig fyrir till. frá okkur framsóknarmönnum um raforkumál, mjög svipuð efnislega og þessi, sem nú liggur fyrir. Við umr. um þá till., sem fram fór 2. marz 1960, eða fyrir rúmum þremur árum, sagði hæstv. raforkumálaráðh. Ingólfur Jónsson m. a. á þessa leið:

„Raforkumálaskrifstofan er að vinna að því að gera áætlun yfir þá bæi, sem ekki fá rafmagn samkv. 10 ára áætluninni 1953—1963." Þá nefndi hann ekki 1964, heldur 1963. Og hann sagði enn fremur þá: „Raforkumálaskrifstofan hefur um nokkurt skeið unnið að þessu, en óformlega þó, en núna fyrir áramótin hef ég lagt áherzlu á það við raforkumálastjóra, að hann hraði þessari áætlun, eftir því sem unnt er."

Þetta sagði hæstv. ráðh. fyrir rúmum þremur árum, sagðist hafa lagt áherzlu á það við raforkumálastjóra, að áætlun yrði hraðað, eftir því sem unnt er. En áætlunin er ekki komin enn. Þess vegna er þarna um brigðmæli að ræða hjá hæstv. ríkisstj. Þessu hefur ekki verið hraðað, eftir því sem unnt var, það er langt frá því. Það hefði verið mögulegt að hafa þessa framhaldsáætlun til þegar fyrir alllöngu. Og menn eiga vissulega heimtingu á því, þeir sem bíða og hafa beðið lengi eftir rafmagninu, að fá að vita, hvers þeir mega vænta í þessu efni. Ég tel það því alls ekki góða afgreiðslu á málinu að vísa því til ríkisstj., því að hún hefur ekki staðið sig þannig, að það sé afsakanlegt af þinginu að vísa málinu þangað. Það hefur ekki verið uppfyllt fyrirheitið um að hraða áætlunargerðinni. Og það þarf að bæta úr þessu nú þegar, eins og við leggjum til í okkar till., og það þarf að auka ríkisframlögin, til þess að þau verði ekki eins og nú, langtum minni en þau voru síðustu árin, áður en þessi ríkisstj. kom til valda. Það eitt er viðunandi, að bætt verði úr raforkuþörf þeirra, sem enn vantar rafmagnið, og það á allra næstu árum, eins og lagt er til í þáltill. okkar framsóknarmanna. Ríkinu ber skylda til að gera þetta tvímælalaust.

Hæstv. ráðh. flutti hér ræðu áðan. Hann sagði í upphafi ræðu sinnar, að það væri útlit fyrir, að svonefndri 10 ára áætlun yrði lokið 1964. Það er gott að taka því, ef svo verður. En ég verð þó að láta í ljós nokkurn ugg um það, að þetta muni ekki takast. Í vetur var raforkuráð á fundi að gera samþykktir um framkvæmdir héraðsrafmagnsveitnanna, og mér er kunnugt um það, að þá gerði það samþykktir um allmargar rafveitur, sem ætti að koma upp á árunum 1964—1965, eins og það var orðað hjá raforkuráði. Þetta bendir til þess, að þeir reikni með því, að þetta dragist fram á árið 1965. Það væri gott, ef það yrði ekki, en ég óttast það nokkuð, að það geri það. Mér er ekki heldur grunlaust um, að enn séu svæði á landinu, sem eiga rétt á því að fá rafmagn skv. þeim reglum, sem fylgt hefur verið við framkvæmd 10 ára áætlunarinnar, en ekki er enn búið að gera samþykktir um í raforkuráði. Þannig hefur það verið til skamms tíma, og ég efast mjög um, að það sé búið að taka öll þau svæði inn á framkvæmdaáætlun, — ég efast um það.

Hæstv. ráðh. segir, að till. sé tilefnislaus. Hún er alls ekki tilefnislaus, þegar athuguð eru ummæli hæstv. ráðh. fyrir meira en þremur árum, þar sem hann lofaði að hraða þessu

eftir föngum, en hefur ekki gert það. Hún er ekki tilefnislaus. Þá var hæstv. ráðh. að birta upplýsingar, sem hann taldi vera um, hve mikið hefði verið unnið að rafveitubyggingum í sveitum síðustu árin. En þarna fór hann með rangar tölur. Hann hélt því fram, að það hefði aldrei verið eins mikið gert og árin 1961 og 1962 í rafvæðingu sveitanna. En þetta er ekki rétt hjá honum. Ég hef hér yfirlit, sem ég hef fengið frá raforkumálaskrifstofunni, fékk það í s. l. mánuði, yfir það, hve mörg sveitabýli hafa verið tengd við héraðsrafmagnsveiturnar, síðan 10 ára áætlunin kom til framkvæmda, hvert árið fyrir sig, og ég ætla að lesa upp þessa skýrslu. Hún segir aðra sögu en hæstv. ráðh. var hér með áðan. Skýrslan er þannig:

Fyrir 1954 voru 487 býli búin að fá rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum. 1954, fyrsta ár áætlunarinnar, eru tengd 218 býli við héraðsrafmagnsveiturnar. 1955 eru þau 234, 1956 206 býli, 1957 262 býli, 1958 148 býli, 1959 127, 1960 215, 1961 137 býli. 1962, sagði fulltrúinn mér á raforkumálaskrifstofunni nú í s. l. mánuði, að býlin hefðu verið um 200, það væri ekki hægt að segja það alveg nákvæmlega enn þá, en þau væru mjög nálægt 200.

Af þessari skýrslu kemur það fram, að flest sveitabýli eru tengd við héraðsrafmagnsveiturnar 1957 eða 262 talsins, þar næst 1955, 234 býli. Ég efast ekkert um, að þessi skýrsla, — ég hef fengið upplýsingar um þetta áður og fylgzt með þessu, — þessi skýrsla frá héraðsrafmagnsveitunum er rétt, og hún sýnir það, að hæstv. ráðh. fór hér með alrangar tölur. Ég veit ekkert, hvernig hann finnur þetta út, enda skiptir það ekki máli, það er rangt, sem hann fór með. Hann var að tala um í sambandi við okkar till., að kosningar væru á næsta leiti. Ég tel það alls ekki afsakanlegt af hæstv. ráðh. að fara með rangar tölur, þó að kosningar séu á næsta leiti.

Þetta er vitanlega réttasta aðferðin við að sýna þetta, eins og raforkumálaskrifstofan gerir, að birta skýrslu um það, hve mörg býli eru tengd við héraðsrafmagnsveiturnar hvert árið fyrir sig. Þá fyrst hefur fólk not af rafmagninu, þegar búið er að tengja heimili þess við rafveiturnar. Það hefur ekki not af þessu, á meðan rafveitur eru í smíðum. Það hefur komið fyrir öll árin, að það hefur verið byrjað á framkvæmdum með rafveitur um áramót, sem ekki var lokið fyrr en einhvern tíma á næsta ári eða þar næsta ár, og þetta er eini mælikvarðinn, sem hægt er að leggja á þessar framkvæmdir, hve mörg býli hafa fengið rafmagn, hafa verið sett í samband við rafmagnið hvert árið um sig.

Ég vil þá einnig vekja athygli á því, sem raunar kemur fram í nál. hv. minni hl., að þar er gerð grein fyrir, að það hefur langtum minna verið gert í heild af rafmagnsframkvæmdum síðustu árin heldur en áður var. Hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir þessu í sinni framsöguræðu. Ef teknar eru saman heildarframkvæmdirnar, þ. e. a. s. bæði við rafmagnsveitur ríkisins og héraðsrafmagnsveiturnar þessi ár, kemur það út, að nokkrum árum áður en núv. stjórnarflokkar komu til valda var lagt í þetta að meðaltali 132 millj. á ári, þegar búið er að umreikna þetta eftir byggingarvísitölu á verðlaginu 1962, en reiknað á sama hátt ekki nema 75 millj. árin 1959—1962, sem þessi stjórn hefur verið við völd. Hæstv. ráðh. var að tala um, að það væri rangt að telja ekki þarna með Keflavíkurveituna, sem byggð var hér á árunum. Hún kostaði nú ekki nema rúmar 22 millj., svo að það breytir ekki miklu, þó að því væri bætt þarna við þessi ár. En það á bara ekki að gera það. Á árinu 1959 var skuldaaukning raforkusjóðs ca. 50 millj. Þar af voru 10 millj. erlent lán, PL-480, vegna Keflavíkurlínu. Auk þessara 10 millj., sem fóru til þess að greiða innlendan kostnað við Keflavíkurveituna, fengu rafmagnsveiturnar sérstaklega lán fyrir erlendu efni til hennar, þegar hún var byggð, svo að ekki þurfti að verja til hennar neinu af því fé, sem áætlað var til 10 ára áætlunarinnar, enda utan hennar. Þetta eru þær upplýsingar, sem ég fékk á þeim tíma hjá raforkumálastjóra um það mál.

En jafnvel þó að á það væri fallizt eða gert fyrir hæstv. ráðh. að telja þetta með, þá breytir það ósköp litlu um heildarniðurstöðuna, þar sem þetta voru ekki nema eitthvað röskar 22 millj.

Nú var hæstv. ráðh. að tala um, að nú hefði miklu fé verið varið til rannsókna og undirbúnings virkjana. Ég hef haldið, að það væri ekki í fyrsta skipti í sögunni sem það væri varið fé til slíkra hluta. Það er enginn vafi á því, að það hefur verið æðimiklu fé varið til rannsókna og undirbúnings rafveitunum á Vestfjörðum og Austurlandi, sem byggðar voru á tímum vinstri stjórnarinnar. Þannig hefur þetta verið fyrr en nú og lagt fé í rannsóknir og undirbúningsathuganir. Hæstv. ráðh. segir, að það þurfi ekki að tefja fyrir framkvæmdum, þó að þessi framhaldsáætlun, sem við viljum fá, komi ekki fyrr en á næsta hausti. En það er bara þannig með þetta mál, að menn eiga heimtingu á að vita, hvers þeir mega vænta í þessu lífshagsmunamáli. Þeir áttu að vera búnir að fá að vita þetta fyrir löngu. Það er óhæfilegur dráttur á því orðinn að ganga frá slíkri áætlun og birta hana almenningi. Menn eiga að geta fengið að vita, hvers þeir mega vænta.

Þó að nefnd sé sett á laggirnar til að athuga fjárhag rafveitnanna, og ég er ekkert að finna að því út af fyrir sig, það getur verið ágætt, þá er eftir sem áður rétt og skylt að ljúka við rafvæðingu landsins á allra næstu árum, eins og við leggjum áherzlu á í okkar till. Starf slíkrar n. má á engan hátt tefja eða hindra slíkar framkvæmdir. Þessi halli, sem mjög er talað um á rafveitunum, er ekki það mikill, að þess vegna sé nokkur ástæða til þess að hika við að halda áfram þessum framkvæmdum, og vitanlega þarf að auka ríkisframlagið til þessara mála. Við höf-

um flutt till. um það áður, og þær hafa verið felldar, en hér þarf að breyta til. Það þarf að auka til muna ríkisframlagið, og þá er engin hætta sjáanleg viðkomandi rekstri rafmagnsveitnanna. Það er vel hægt að láta það fyrirtæki ganga.

Frsm. minni hl.. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þegar sú umr. hófst fyrir nokkrum dögum, sem nú stendur yfir um nál. í þessu máli, hafði ég framsögu af hálfu minni hl. allshn., sem leggur til, að till. á þskj. 14 verði samþykkt. Ég gerði mér þá far um í framsöguræðu minni að koma fram með ýmsar upplýsingar í sambandi við þetta mál. Ég gerði í upphafi ræðu minnar grein fyrir því, hvers vegna við minnihlutamenn gerðum þá till., sem við gerum um samþykkt till. á þskj. 14, og hvers vegna við teljum þá afgreiðslu ófullnægjandi, sem hv. meiri hl. vill hafa á þessu máli. Ég gerði grein fyrir því, að með því að vísa málinu til ríkisstj., eins og hv. meiri hl. vill, væri Alþ. í raun og veru að lýsa yfir því, að það vildi að svo stöddu ekki taka afstöðu til málsins, og við það gætum við minnihlutamenn ekki sætt okkur. Hér er um slíkt stórmál að ræða fyrir almenning í byggðum þessa lands, að Alþ. getur ekki og má ekki lýsa því yfir, að það láti sig það engu varða. Ég gerði síðan í ræðu minni nokkra grein fyrir ákvæðum l. frá 1954 um viðauka við raforkulögin, en þessi lög frá 1954 eru undirstaða 10 ára áætlunarinnar um rafvæðingu landsins. Ég gerði grein fyrir því, hvernig framkvæmd l. frá 1954 hefði verið hagað og hvað hún væri á veg komin, þ. á m. hversu miklu fé hefði árlega verið varið á vegum rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins til þessara framkvæmda. Ég gerði einnig grein fyrir því og við gerðum það einnig í nál. minnihlutamenn, hversu mikið hefur verið byggt af einkastöðvum á þessum árum og að hverju leyti fé hefur verið varið skv. þeim lögum einnig til sérstakra lánveitinga í því skyni að lækka verð á raforku, þar sem það er hæst. Eftir að ég hafði gert grein fyrir þessari framkvæmd 10 ára áætlunarinnar að miklu leyti í tölum, ræddi ég málið almennt í sambandi við álit og framsöguræðu hv. meiri hl. n. og vék að því, að mér virtist hv. frsm. meiri hl. vera mér að verulegu leyti sammála í þessu máli, enda þótt hann stæði að annarri till. Og ég fór að lokum nokkrum almennum orðum um þá miklu nauðsyn og þá knýjandi þörf, sem á því er frá sjónarmiði þess fólks, sem enn nýtur ekki rafvæðingarinnar, en verður hins vegar eins og aðrir landsmenn að greiða af hendi fé til hennar sem opinber gjöld, — hversu mikil nauðsyn og knýjandi þörf er á því fyrir þetta fólk að fá að vita, hvað það á í vændum. Og ég gerði jafnframt grein fyrir því viðhorfi, sem nú hefur skapazt, að raforkan í sveitunum yrði að teljast á komandi árum undirstaða þess, að byggð héldist þar á hinum fornu býlum og ný yrðu reist, á sama hátt og ýmsar aðrar nauðsynjar, ýmis önnur skilyrði sem talið hefur verið að þyrftu að vera fyrir hendi til slíks frá náttúrunnar hálfu og á annan hátt. Þetta var efni minnar ræðu.

Nú heyrði ég hér áðan hæstv. ráðh. gera þessa ræðu mína að umtalsefni, og mig furðaði á því gersamlega, hvað hæstv. ráðh. var mikið niðri fyrir, þegar hann hóf mál sitt, og hvaða ummæli hann lét falla um þessa ræðu mína. Ef ég man rétt, þá bar hann það á mig í sambandi við þessa ræðu, að ég hefði talað þarna gegn betri vitund, að ég hefði farið með vísvitandi ósannindi og blekkingar og fullyrðingar, sem ekki stæðust o. s. frv., að ég hefði birt tölur í blekkingaskyni o. s. frv. Mig furðar stórlega á þessari ræðumennsku hæstv. ráðh., og ég held, að flestum þeim, sem heyrðu mig flytja mína ræðu um daginn, hafi hlotið að koma þetta á óvart.

Ég hef núna, síðan ég hlýddi á ræðu hæstv. ráðh., verið að blaða gegnum handritið af framsöguræðu minni, sem hefur legið frammi á lestrarsal, og ég var að líta eftir því þar, hvort í ræðu minni kynni kannske að vera eitthvað vikið að hæstv. ráðh., hvort ég hefði verið með einhverjar árásir á hendur honum eða hæstv. ríkisstj. eða deilt á hann sérstaklega. Og ég sá við þessa athugun, að mig minnti rétt, að ég hafði hvergi vikið að hæstv. ráðh. í framsöguræðu minni. Það, sem ég gerði, var, að ég las upp tölur og ég gaf upplýsingar, sem ég get staðið við, hvenær sem er, og hæstv. ráðh. reyndi ekki að hrekja. Það eru þessar tölur, það eru þessar upplýsingar, sem hafa snert ráðh. einhvern veginn óþægilega, og það er ekki mín sök. Ef það er einhver, sem hefur ráðizt á hæstv. ráðh. í þessum umr., þá er það ekki ég, það hlýtur þá að vera hans eigin samvizka, það getur ekki annað verið. Hæstv. ráðh. á ekki að þurfa að taka það sem árás á sig, þó að lesnar séu upp tölur úr opinberum skýrslum eða gefnar upplýsingar, sem allir geta aflað sér og eru óumdeilanlegar. Og hæstv. ráðh. reyndi ekki heldur að hnekkja þeim tölum, sem ég fór með. Hann sagði að vísu eða lét einhver orð falla um það, að útreikningar mínir, þegar ég reiknaði tölurnar um framkvæmdir á vegum rafveitnanna í tíð 10 ára áætlunarinnar á verðlagi 1962, væru miðaðir við byggingarvísitöluna, en ekki rafvæðingarvísitöluna. Það er rétt, þeir eru miðaðir við byggingarvísitöluna og það af ástæðum, sem ég gerði grein fyrir, að rafvæðingarvísitalan er ekki fyrir hendi eða ég a. m. k. gat ekki fengið hana í hendur. En þær upplýsingar fékk ég, að ef reiknað hefði verið samkv. rafvæðingarvísitölunni, hefði munurinn verið í því fólginn, að tölurnar frá fyrri árum rafvæðingarinnar hefðu orðið hærri en þær eru í mínum útreikningum, þannig að ef hæstv. ráðh. er eitthvað viðkvæmur fyrir því, að árin, sem hann var ekki raforkumálaráðherra, sýni hærri framkvæmdatölur en hin síðari ár, ætti hann ekki að vera að kvarta yfir því, þó að ég noti þar byggingarvístöluna, því að hún er honum í hag að þessu leyti. Og

mætti þá segja, að það sýndi það, að ég hefði ekki haft tilhneigingu til þess að halla neitt á hann í þessari frásögn minni.

Ég held, að hæstv. raforkumálaráðh. ætti að kunna sér það hóf, þegar hann þarf að kvarta undan staðreyndum, sem honum kann að þykja sér eitthvað óþægilegar, að vera ekki að deila á þá menn með óviðurkvæmilegum orðum, sem segja frá þeim staðreyndum, sem fyrir liggja.

Nei, hæstv. ráðh. reyndi ekki að hnekkja þeim tölum, sem ég fór með, og lét þau orð falla, ef ég man rétt, að þær mundu e. t. v. vera nokkuð nærri lagi. En hann var að reyna að gera þær tortryggilegar á þann hátt, sem menn reyna að gera staðreyndir tortryggilegar, þegar þeir hafa ekki efni á því. Hæstv. ráðh. sagði m. a., að ég hefði ekki nefnt Keflavíkurlínuna. Víst nefndi ég Keflavíkurlínuna, ekki aðeins í ræðu minni, heldur einnig í nál. Þar er þess getið, að í þessum tölum sé ekki línan til Keflavíkurflugvallar, enda komi hún ekki við 10 ára áætluninni að okkar dómi. En ef hæstv. ráðh. telur, að það hafi verið gert í þágu fólksins í byggðum landsins að leggja þessa línu, til þess að hægt verði að selja varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli raforku, þá getur hann gert það, ef honum sýnist. En eins og hv. 1. þm. Norðurlands v. tók fram, skiptir það ekki mjög miklu máli, þó að þessi upphæð sé talin með, en hitt þykir mér réttara, sem ég gerði og minni hl. gerði í nál. sínu, að telja hana ekki með. Hann sagði einnig, að ekki væru nefndar framkvæmdirnar við Sogið. En veit ekki hæstv. ráðh., að framkvæmdirnar við Sogið eru ekki gerðar á vegum rafmagnsveitna ríkisins eða héraðsrafmagnsveitna ríkisins? Það er Sogsvirkjunin, sem stendur að þeim framkvæmdum, og hér er verið að telja þær framkvæmdir, sem gerðar eru á vegum rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Hann sagði, að ekki væru nefndar virkjunarrannsóknir, en virkjunarrannsóknir eru einmitt gerðar að sérstöku umræðuefni í nál., og ég gerði það einnig í minni ræðu. Þar var gerð grein fyrir því, að fé hefði verið varið til virkjunarrannsókna á þessum tíma, en það mundi að verulegu leyti koma fram í stofnkostnaði rafveitnanna, þ. e. a. s. í stofnkostnaði orkuveranna, orkuveranna við Mjólká vestra og orkuversins við Grímsá o. fl. raforkuvera, en að öðru leyti væri hér um að ræða að miklu leyti kostnað við almenna rannsókn á fallvötnum landsins, sem getur ekki talizt framkvæmd á 10 ára áætluninni og er að verulegu leyti vegna fyrirhugaðra virkjana til stóriðju, sem engum dettur í hug að telja með 10 ára áætluninni um rafvæðingu. Eða ætlast hæstv. ráðh. til þess, að fólkið úti í dreifbýlinu, sem vantar rafmagn, telji það sérstaklega í sína þágu, þessa milljónatugi, sem varið hefur verið undanfarin ár til rannsókna vegna fyrirhugaðra stóriðjuvera, t. d. í Þjórsá, með alúmíníumverksmiðju fyrir augum? Ég geri varla ráð fyrir því. Ráðh. vildi líka álíta, að hér hefði átt að taka með jarðhitarannsóknir, og er það nú varla umtalsvert.

Þessar athugasemdir, sem hæstv. ráðh. gerði í því skyni að gera tortryggilegar þær tölur, sem hann að öðru leyti gat ekki hrakið, þær sýna sig sem sé að vera alveg úr lausu lofti gripnar, ýmist því til að svara, að það er tekið fram, sem ráðh. gaf í skyn að væri ekki tekið fram, eða þá að um er að ræða óskylda hluti.

Hæstv. ráðh. sagði í upphafi máls síns, að till. sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 14 og minni hl. n. mælir með, muni ekki flýta neitt fyrir raforkuframkvæmdum í landinu. Þessi till. er um það að láta hraða áætlunum og þá vitanlega einnig áætlunum um úthlutun fjármagns, því að hæstv. ráðh. hlýtur að vita það og muna, að 10 ára áætlunin í l. frá 1954 var fyrst og fremst áætlun um fjármagn. Till. er um það að láta hraða þessum áætlunum, þannig að áætlunargerðin miðist við það, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1958. Hún er sem sé 5 ára áætlun, sem gert er ráð fyrir að taki við af 10 ára áætluninni, sem lokið væri á árinu 1963. Nú kemur hæstv. ráðh. í fyrsta lagi með þann fróðleik hér og ber hér fram, að fyrir löngu, eða þegar á árinu 1955, þá hafi verið ákveðið, að 10 ára áætlunin skyldi vera 11 ára áætlun, og það sé vegna þess, að þá hafi verið ákveðið að bæta við einhverjum línum, sem ekki hafi verið í 10 ára áætluninni upphaflega, síðan árið 1954. Þetta hef ég aldrei heyrt, og ég veit ekki, hverjir hafa heyrt þetta aðrir en hæstv. ráðh. A. m. k. virtist hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hefur átt sæti í raforkuráði og átti á þessum tíma, ekki vera verulega kunnugur þessari áætlun frá 1955 um að gera 10 ára áætlunina að 11 ára áætlun. Hann virtist ekki vera því kunnugur. En það er til skjal, sem hefur verið í vörzlu margra þingmanna í nokkur ár, frá árinu 1957, sem er eiginlega 10 ára áætlun gerð af rafveitum ríkisins á þeim tíma. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir, að áætluninni ljúki á árinu 1963. Og ég minnist þess sérstaklega, að árin 1962 og 1963 voru settar í þeirri áætlun frá rafmagnsveitum ríkisins framkvæmdir, sem hæstv. ráðh. er búinn að afmá úr 10 ára áætluninni, sem hæstv. ráðh. og hans samherjar eru búnir að afnema úr 10 ára áætluninni. Þar nefni ég t. d. háspennulínuna frá Laxá austur um N.-Þingeyjarsýslu til Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar, þar nefni ég línuna til sunnanverðra Austfjarða og orkustöðina í Hornafirði, sem ég ætla einnig að hafi verið í þeirri áætlun. Þetta er búið að afmá úr 10 ára áætluninni, síðan hæstv. ráðh. fór að hafa aðstöðu til að hafa áhrif á gang þessara mála, — síðan hefur það gerzt.

Þetta nefndi ég að vísu ekkert í minni framsöguræðu og deildi hvorki á hæstv. ráðh. fyrir þetta né annað. En hann hefur fyllilega gefið tilefni til þess með dólgslegri ræðumennsku hér í hv. deild að tilefnislausu, að einnig sé minnzt á það, sem telja mætti ó-

æskilegar breytingar í þessum málum í hans ráðherratíð.

Ég sagði í ræðu minni, að í umsögn raforkumálastjóra, sem allshn. barst og dags. var 20. des. s. l., væri það gefið í skyn, — það er nú beinlínis sagt, — að nú þegar væri hafið að semja 10 ára áætlun, sem tæki við af núv. 10 ára áætlun, sem sé að gerð nýrrar 10 ára áætlunar í framhaldi af þeirri, sem nú gildir, væri hafin, og ég sagði, að þetta sýndi, að mikill munur væri á því, sem í till. fælist, og því, sem nú stæði til, þar sem til stæði skv. þessu að gera 10 ára áætlun, en till. færi fram á 5 ára áætlun.

Í þessari umsögn raforkumálastjóra, sem ég nefndi áðan, stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Er þegar fyrir nokkru hafið það verk að semja næstu 10 ára áætlun.“ Og á öðrum stað stendur í umsögninni, með leyfi hæstv. forseta: „Þessi dráttur á að ljúka næstu 10 ára áætlun,“ — það er dráttur, af vissum ástæðum, sem er talað um hér að framan, — „þarf þó ekki að hafa nein áhrif til að tefja framkvæmd hennar.“

Það er sem sé upplýst, að byrjað sé á því að semja ekki 5 ára áætlun, heldur 10 ára áætlun. Það á skv. því að dragast í 10 ár, sem við gerum ráð fyrir, að ekki ætti að dragast nema í 5 ár.

Nú er hæstv. ráðh. eitthvað að gefa í skyn um það, að raforkumálastjóri, hann einn, sé ábyrgur fyrir þessum ummælum, það sé raforkumálastjóri, sem hafi tekið það upp hjá sér, að áætlunin skuli vera 10 ára áætlun, og þetta geti átt eftir að breytast. Auðvitað getur það átt eftir að breytast og breytist að sjálfsögðu, ef sú till. verður samþ., sem liggur hér fyrir. En ég á heldur erfitt með að trúa því, að hæstv. raforkumálaráðh. fylgist svo illa með því, sem raforkumálaskrifstofan er að vinna, að honum sé ekki kunnugt um það, að sú áætlun, sem þar er verið að vinna að, sú nýja áætlun, er 10 ára áætlun, eftir því sem raforkumálastjóri segir, og mundi þá ekki ljúka fyrr en árið 1974, úr því að 10 ára áætlunin gamla er orðin 11 ára áætlun.

En þetta er sem sagt það, sem er að gerast, og ég dreg ekki í efa, að raforkumálastjóri segi satt frá. Þetta er valinkunnur embættismaður, sem áreiðanlega gefur rétta skýrslu um það, sem er að gerast. Það er verið að vinna að tíu ára áætlun, sem á að taka við af núv. áætlun, sem er orðin 11 ára áætlun. Mér þykir ákaflega ólíklegt, að hæstv. ráðh. viti ekki um þetta. Og hvernig stendur þá á því, að hann lætur vinna á þennan hátt, ef það er ekki meiningin, ef hann hefur tekið ákvörðun um eitthvað annað? Nei, sannleikurinn er auðvitað sá, að ef á að stefna að því, að rafvæðingunni verði lokið á fimm árum, ber nauðsyn til að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir. Menn getur svo auðvitað greint á um það, hvort þetta sé rétt, hvort eigi að stefna að því að ljúka rafvæðingunni á þetta stuttum tíma, það er annað mál. Og ef hæstv. ráðh. hefur sagt það, þá er það náttúrlega mál, sem hægt er að ræða, þó að ég sé því ósammála og telji, að það eigi að kappkosta að ljúka rafvæðingunni á skemmri tíma, ef unnt er.

Þessi mikla viðkvæmni hæstv. ráðh. fyrir þeim tölulegu staðreyndum, sem ég gerði hér kunnar, kom m. a. fram í því, að hann fór hér að lesa upp nýjar tölur um það, hversu margir sveitabæir hefðu verið rafvæddir ár hvert á árunum 1954—62. Það hafði ég út af fyrir sig ekki gert að umtalsefni í minni ræðu, og það var ekki heldur gert að umtalsefni í áliti minni hl., hversu margir sveitabæir hefðu verið rafvæddir ár hvert. Og ég gerði ráð fyrir því, að tölurnar, sem hæstv. ráðh. færi með, væru réttar, — ég gerði ráð fyrir því, ég vildi ekki ætla honum annað. Nú kemur það hins vegar fram í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v., að þessum tölum hæstv. ráðh. ber ekki saman við tölur, sem hv. þm. hefur fengið hjá raforkumálaskrifstofunni, og skal það nú látið liggja milli hluta, það upplýsist væntanlega, hvor þeirra fer með réttar tölur, þessi hæstv. ráðh. í sínum þrengingum og með sína viðkvæmu lund í þessu máli vegna staðreynda eða embættismennirnir á raforkumálaskrifstofunni. Um það skal ég ekki ræða neitt nánar hér. En hinu vil ég vekja athygli hæstv. ráðh. á, sem ég býst við að mönnum sé nú yfirleitt ljóst, að það skiptir ekki eingöngu máli, þegar á að gera grein fyrir framkvæmdum ríkisrafveitnanna á áætlunartímanum, hversu margir sveitabæir hafa fengið rafmagn ár hvert. Það er ekki eingöngu það, sem skiptir máli, — engan veginn. Skilyrði þess, að sveitabæir geti fengið rafmagn, að hægt sé að leggja samveitur, er, að orkan sé fyrir hendi, að til séu orkuver, sem framleiða raforkuna, og aðalorkuveitur, sem flytja hana yfir í dreifðu byggðirnar. Og nú var þannig ástatt í byrjun áætlunarinnar 1954, t. d. á Austurlandi og á Vestfjörðum, að þar var orkan ekki fyrir hendi, þar var ekki fyrir hendi orka í dreifiveitur nema litlar dísilstöðvar. Og meðal fyrstu framkvæmdanna á áætlunartímanum var einmitt að byggja orkuver á Vestfjörðum og orkuver á Austurlandi. Af því að það var gert, hefur verið hægt að veita orku til bæja í þessum landshlutum, og bæði fyrr og síðar á áætlunartímanum hafa verið lagðar háspennulínur frá raforkuverum inn á svæði, sem síðan hafa komið dreifiveitur um. Þetta var óhjákvæmilegur hluti af framkvæmd 10 ára áætlunarinnar, skilyrði þess, að hægt væri að tengja bæina við rafveiturnar. Og þegar menn gera sér grein fyrir því, sem framkvæmt hefur verið skv. þessari áætlun fyrr og síðar, þá skiptir það auðvitað höfuðmáli að taka framkvæmdirnar í heild, en hinar tölurnar, sem ráðh. fór með, jafnvel þó að þær hefðu verið réttar, gáfu enga heildarmynd af framkvæmdaáætluninni á þessum tíma.

Hæstv. ráðh. ræddi hér allmikið um þann rekstrarhalla, sem orðið hefði á rafveitum ríkisins, og var eitthvað að deila á mig í sam-

bandi við það og gerði sér í hugarlund, að ég hefði verið að kenna honum um þennan rekstrarhalla. Ég læt það nú ósagt, að hve miklu leyti þessi rekstrarhalli kann að vera stjórn hæstv. ráðh. að kenna. Mér finnst það ekki skipta miklu máli, þó að svo kunni að vera að einhverju leyti. En annars var það svo, að það var ekki ég, sem aðallega ræddi um þennan rekstrarhalla á ríkisrafveitunum. Það var hv. frsm. meiri hl., sem eiginlega varði mestallri sinni ræðu til þess að ræða um þennan rekstrarhalla á ríkisrafveitunum, og ég skal benda hæstv. ráðh. á það, ef hann hefur þskj. hjá sér í þessu máli, að nál. hv. meiri hl. allshn., þ. e. þeirra úr n., sem styðja hæstv. ráðh. og stjórn hans, þetta nál. er að mestu leyti um þennan rekstrarhalla á ríkisrafveitunum, sem þeim þykir sýnilega nokkuð iskyggilegur. Ég aðeins vék að þessu í minni ræðu, aðallega í tilefni af ræðu hv. frsm. meiri hl. og nál. þess nefndarhluta, að þessum rekstrarhalla, vék að honum lauslega. En ef hæstv. ráðh. er óánægður með einhverja út af því að hafa hafið umr. um þennan rekstrarhalla, þá hlýtur það að vera hv. meiri hl., og hann ætti að snúa máli sínu að honum í sambandi við það. Ég ræddi mjög lítið um það mál.

En svo segir hæstv. ráðh., að það sé eins og ég hafi viljað láta í það skína, að það sé tómlæti hjá ríkisstj. að láta vera halla hjá rafveitum ríkisins. Ég held, að hæstv. ráðh. hefði yfirleitt átt að athuga betur sinn gang, áður en hann flutti þessa ræðu, þó að honum væri mikið niðri fyrir, og að hann hefði t. d. átt að ræða þetta atriði við þá, sem einkum höfðu rætt það áður.

Ég taldi rétt að verja þessari litlu stund, sem ég hef staðið hér í ræðustólnum að þessu sinni, til þess að gera aths. við ræðu hæstv. ráðh. Má þó kannske segja, að tímanum hefði mátt betur verja til annars. En það er óþarfi, að þessum hæstv. ráðh. eða öðrum haldist það uppi að koma fram og haga máli sínu eins og hæstv. ráðh. gerði áðan í sinni ræðu að tilefnislausu, að bera þm. á brýn blekkingar og annað þvílíkt, þegar þeir gera ekki annað en fara með staðreyndir, sem hann sjálfur verður að viðurkenna, að ekki verða hraktar. Ég er því yfirleitt óvanur að fá að heyra það hér í þinginu, að ég haldi hér einhverju fram gegn betri vitund, enda eiga menn ekki að gera það, hvorki hér á þessum vettvangi né annars staðar. Og engin ástæða er til þess, að hæstv. ráðh. haldist slíkt uppi, án þess að því sé svarað.

Ég skal svo ekki hafa um þetta miklu fleiri orð, enda hefur hv. 1. flm. till. á þskj. 14, hv. 1. þm. Norðurl. v., nú drepið á sumt af því, sem ég kynni ella að hafa gert að umræðuefni. (**Forseti:** Má ég benda hv. þm. á, að gert er ráð fyrir, að fundarhlé verði milli 4 og 5? Á hv. þm. kannske mjög lítið eftir?) Ég held, að ég ljúki mínu máli og að það taki aðeins örstutta stund. (**Forseti:** Já, gerðu svo vel.)

Það, sem hér skiptir máli, er vitanlega það, að á einhvern sómasamlegan hátt verði ráðið fram úr því stóra viðfangsefni, sem hér liggur fyrir, hvernig það skuli framkvæmt að ljúka rafvæðingu landsins, á hve löngum tíma og með hvaða fjármunum. Ég lít svo á, að Alþ. eigi nú að láta í ljós vilja sinn um þetta mál, og ég vil treysta því eins og áður, að það geri það með því að samþykkja till. á þskj. 14.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég þarf raunverulega ekki að svara miklu hv. frsm. minni hl. í sambandi við þetta mál. Það er ekki svo gífurlegt djúp á milli okkar skoðana í þessu máli, að ég þurfi að vera að svara því miklu. Sá ágreiningur, sem á milli okkar er, er sá, að hann telur, að þáltill. á þskj. 14 hafi mjög mikla þýðingu, verði hún samþ., og flýti málinu. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að svo sé. Ég færði fyrir því allsterk rök í minni framsöguræðu, en skal þó rétt aðeins minna hér ofur lítið á nokkur atriði, sem enn styðja það, að álit meiri hl. við afgreiðslu málsins er eðlilegt.

Hér er ætlazt til þess í þáltill. að skora á ríkisstj. að láta hraða áætlun um framhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins. Eftir að ég sem frsm. og eftir að n. hafði fengið upplýsingar um, að það er verið að hraða þessum málum, og það er yfirlýsing frá mþn. um, að hún ljúki þessari athugun fyrir 1. okt. á þessu ári, þá sé ég ekki, að samþykkt þessa liðar í till. breyti þar nokkru um.

Það er einnig talað hér um, að það miðist við, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Þótt þetta væri samþ. hér, þá er það engin sönnun fyrir, að svo yrði, því að það þarf til þess samþykki meiri hl. Alþ., sem tekur málið síðar til athugunar og umræðu og ákveður fjármagn til framkvæmdanna. Ekki heldur þessi liður flýtti fyrir framkvæmdum, þótt samþ. væri, á þessu stigi málsins.

Svo segir hér enn, að hér séu gerðar áætlanir um ný orkuver og aðalorkuveitur. Nú er það upplýst einnig í minni framsöguræðu, að það er ekki skortur á orku, sem veldur því, að dreifbýlið getur ekki fengið rafmagn. Það er yfirlýsing einnig um það á þskj. 448 frá raforkumálastjóra, að það þurfi ekki að byggja nein sérstök orkuver til þess að geta haldið áfram að lýsa þau heimili, sem enn eru ólýst og hægt er að lýsa með samveitum, svo að ekki heldur samþykkt á þessum hluta mundi flýta neitt málinu.

Þá er um dreifilínurnar um sveitirnar. Það á að gera áætlun um þær. Ég hef líka gert grein fyrir því í minni framsögu, að það skortir ekki áætlanir, það skortir fé til að framkvæma það, sem ógert er, en áætlað hefur verið. Þó að þessir hlutir yrðu samþ., mundi það ekki heldur flýta fyrir málinu.

Og sama er að segja um áætlun um aðstoð til að koma upp einkastöðvum fyrir einstök

heimili, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja rafmagn til þeirra frá veitunum. Ekkert af þessu mundi flýta fyrir þessum framkvæmdum, þó að till. væri samþ.

Eftir að ég hafði fullvisað mig um, að þessi mál eru öll í athugun ásamt öðru máli, sem ég skal koma að síðar, þá er mér það alveg ljóst, að afgreiðslan á þskj. 448 er fullkomlega eðlileg, og þó að samþ. væri sú till., sem hér liggur fyrir á þskj. 14, mundi það ekkert hraða málinu.

Hv. þm. talaði um, að það væri allt annað að ákveða, eins og ákveðið er í hans till., að það ætti að gera 5 ára áætlun eða 10 ára áætlun. Meiri hl. n. segir ekkert um það, hvort eigi að gera 10 ára áætlun. Hann segir einmitt þvert á móti hér: „Meiri hl. allshn. lítur svo á, að þáltill. sú á þskj. 14, sem um ræðir, greiði á engan hátt úr þeim vanda, sem hér er við að eiga, og leggur því til, að henni verði vísað til ríkisstj., sem þegar hefur falið hinum færustu mönnum að vinna að þessum málum." Og það er yfirlýst frá þeirri n., sem vinnur að þessu, að hún ætli sér að skila þessu áliti, eins og ég tók fram áðan, fyrir 1. okt.

Í ræðu minni tók ég það fram, að við væntum þess, að síðan yrði þessum framkvæmdum hraðað, eftir því sem unnt væri. Við bindum það ekkert við 10 ára áætlun. Það er hvergi nefnt, hvorki í nál. né í minni framsöguræðu, að það skuli miðast við 10 ára áætlun. Þegar sú áætlun liggur fyrir og vitað er, hvað þetta kostar, þá er það alveg á valdi þingsins að ákveða, hvort það skuli framkvæmt á 10 árum, 5 árum, 2 árum eða 1 ári. Þess vegna hefur samþykkt þessarar till. engin áhrif á það atriði. Ég veit, að í bréfi raforkumálastjóra er minnzt á nýja 10 ára áætlun. En hann er enginn aðili til að ákveða það, hvenær sú áætlun verður framkvæmd. Þótt hann geri áætlun um 10 ára framkvæmdir, getur Alþ. tekið aðra afstöðu. Það hefur það allt í hendi sér og getur ákveðið, að áætlunin skuli framkvæmd á 5 árum. Sem sagt, það hefur enga þýðingu, þó að till. verði samþ., um það atriði út af fyrir sig.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að hér er svo mikið stórmál á ferðinni, að Alþ. má ekki láta sig engu skipta afgreiðslu þess. En Alþ. lætur sig nefnilega mjög miklu skipta afgreiðslu málsins, eins og meiri hl. leggur til. Hann undirstrikar það ekki einasta í nál., heldur og mjög í framsöguræðu, að vanda þessara mála verði að leysa og ríkisstj. verði að beita sér fyrir því, að það verði hægt að koma þessum málum öllum á viturlegan og hagkvæman rekstrargrundvöll. Það er síður en svo, að meiri hl. afgreiði þetta mál neikvætt. Hann afgreiðir það einmitt mjög jákvætt, þannig að það er engin ástæða til þess að gagnrýna okkar afstöðu, eins og gert er af minni hl. nefndarinnar.

Hv. þm. sagði hér áðan í sinni ræðu, að skilyrði fyrir því, að sveitabæirnir gætu fengið raforku, væru, að orkuverin séu fyrir hendi. Skv. því, sem raforkumálastjóri upplýsir og ég var að segja frá áðan, þá er orkan fyrir hendi til þess að raflýsa sveitirnar. Það eru aðeins ekki fyrir hendi dreifilínurnar, og þess vegna er engin ástæða til þess að vera að ræða um það, hvort frestað sé að byggja ný orkuver á héraðsveitusvæði. Það kemur hins vegar mjög við á því svæði, þar sem á að byggja orku fyrir stóriðju, en það er ekki það, sem er mest aðkallandi fyrir okkur, sem höfum áhuga fyrir dreifbýlinu.

Þá vildi ég nokkuð ræða við hv. 1. þm. Norðurl. v. Hann vildi skilja þannig afgreiðslu meiri hl., að það kæmi til með að velta mjög mikið á því um áframhaldandi framkvæmdir, hvort komið væri í lag rekstrarhalla rafveitnanna. Ég hélt nú satt að segja, að manni, sem hefur haft með svo mikinn rekstur að gera á sinni ævi og þekkt inn í almennan rekstur, væri það ekki alveg ókunnugt, að það veltur ekkert lítið á því, hvernig afkoma fyrirtækja er almennt, svo að það sé ekki neitt óeðlilegt, þó að það sé bundið nokkuð saman: áframhaldandi framkvæmdir og hvernig leystur verði sá vandi, sem hefur skapazt við það, að framkvæmt hefur verið meira en til var fé fyrir. Ég taldi það skyldu mína, þegar ég var valinn sem frsm. fyrir meiri hl., að gera mér alveg ljóst, hvernig hagur rafveitnanna stendur og hvaða líkindi væru til þess, að hægt væri að koma þeim á eðlilegan rekstrargrundvöll, og hver ástæðan væri fyrir því, að hagurinn er svo sem hann er. Ég hef þess vegna reynt að greina þetta mál í sundur í 3 flokka:

Í fyrsta lagi ríkisrafveiturnar, þ. e. aðalorkuveitur og orkuverin, sem skv. lögum koma héraðsbúum ekkert við. Það er eingöngu mál ríkisins sjálfs og kemur ekkert öðrum aðilum við í landinu, nema það kemur þeim við, ef það er lagður á þá sérstakur skattur, eins og til hverra annarra framkvæmda. En hagur ríkisrafveitnanna stendur þannig vegna þess, að ríkissjóður sjálfur og þá einnig Alþ. hefur aldrei lagt nægilega mikið fram til þessara mála. Það er ekkert annað, sem er í veginum.

Þegar hæstv. ráðh. var að tala um það hér áðan, að raunverulega skulduðu rafveitur ríkisins, — ég veit nú ekki, hvort hann átti þar við héraðsrafveiturnar eða hvort hann átti við ríkisrafveiturnar eða báðar í heild, — ríkissjóði allmikið fé, þá er það náttúrlega frá mínu sjónarmiði á allmiklum misskilningi byggt, því að ég sé ekki annað en að ríkissjóður skuldi rafveitunum, svo lengi sem hann hefur ekki greitt allan þann hluta, sem átti til þess að fara að standa undir kostnaðinum, svo að hægt væri að reka raforkuverin og rafveiturnar hallalaust, því að til þess er ætlazt í lögunum. Það er hins vegar engan veginn, hvorki núv. hæstv. ríkisstj. að kenna og því síður hæstv. raforkumálaráðh., að svo hefur ekki verið gert. Það er Alþ. að kenna og engum öðrum. Ef Alþ. hefur ekki viljað taka á fjárl. nægilega stórar fjárhæðir til þess að greiða þetta, sem það hefur ekki gert, og þá

ekki heldur viljað skapa nýja tekjustofna til þess að ná þessu, þá er hvorki að saka um raforkumálastjórnina né ríkisstj. Það er að saka Alþingi um allt það mál.

Hinn þátturinn er héraðsrafveiturnar, og þar er um allt annað atriði að ræða. Þar ber raunverulega raforkumálastjórninni að sjá um, að ekki séu gerðar neinar framkvæmdir, nema því aðeins að á móti komi allt það fé, sem á að standa undir framkvæmdunum, og það svo, að héraðsrafmagnsveiturnar geti á eftir staðið fjárhagslega undir rekstrinum með eðlilegum gjöldum. Þetta er skv. lögunum. En þar vantar, eins og ég sagði í minni framsöguræðu, rúmar 85 millj. frá ríkissjóði og 45 millj. frá héruðunum. Ef þessar 45 millj. frá héruðunum væru greiddar í dag, þá mundi sannarlega batna allmikið hagur héraðsrafveitnanna. Þannig er alveg útilokað að slíta í sundur rekstrarafkomu þessara stofnana eða þessara fyrirtækja og nýjar framkvæmdir. Og í sambandi við þetta vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. raforkumálaráðh.: Ef eitthvað af þeim héruðum, sem ekki hafa fengið raforku í dag, og þar munu vera um 11 þús. íbúar, eru tilbúin að leggja fram að fullu sinn hluta í áætlunarkostnaðinn, verður þeim þá neitað um rafmagn í framtíðinni eða verða þau látin ganga fyrir í framkvæmdum? Þeir menn eiga kröfu á því frá mínu sjónarmiði að fá að ganga fyrir, ef þeir uppfylla kröfurnar betur en hinir, sem búnir eru að fá rafmagnið, og leggja einnig á sínar herðar þungar byrðar vegna rekstrarhallans.

Það getur vel komið til mála, að ýmsir hlutar úr þeim héruðum, sem enn eru ólýst, vilji taka á sig þessa byrði. Ég þekki m. a. um 10 bæi, sem eru í einum hnapp, en það mun vera um 6 eða 7 km frá aðallínu, sem fyrirhugað er að leggja nú á þessu ári, til þess að ná að fyrsta bæ. Mér þætti mjög líklegt, að þessir menn vildu leggja á sig það að greiða sinn hluta að fullu skv. l., ef þeir fengju þá framkvæmdirnar samstundis. En það er engan veginn réttlátt að neita þessum mönnum um rafmagn, ef þeir uppfylla það skilyrði laganna, en halda áfram að leggja á þá aukabyrði, til þess að hinir geti fengið, sem ekki hafa staðið í skilum, því að það er staðreynd, að 45 millj. hafa ekki komið úr héruðunum, eins og lögin mæla fyrir um.

Ég held, að það sé óþarfi að vera að deila mjög hver á annan í sambandi við þessar framkvæmdir. Okkur er víst öllum ljóst, að ekki einungis sé þörfin til þess að leysa þennan vanda, það verður ekki hjá því komizt að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess, að þau býli, sem hafa ekki enn fengið rafmagn, verði rafvædd á einn eða annan hátt, og það má ekki frá mínu sjónarmiði blanda því saman við að leysa hinn vandann, hvernig eigi að bæta rekstrarhaginn, þannig að það sé öruggt, að þær geti staðið undir sínum eigin rekstri, hvort heldur um er að ræða héraðsrafveitur eða rafmagnsveitur ríkisins. Hér er um verulega stóra upphæð að ræða, eftir því sem Jóhannes Nordal upplýsti mig um, og eins og ég tók raunverulega fram í minni framsöguræðu, mundi þurfa margfalt hærri upphæðir en rekstrarhallinn er á rafmagnsveitum ríkisins, en hann er í dag um 50 millj. kr., til þess að greiða upp allan rekstrarhallann. Það þarf að gera meira. Það þarf líka að greiða niður mikinn hluta af kostnaði, svo að reksturinn geti staðið undir sér. Til þess að ná því takmarki þarf að finna ákveðnar leiðir, og þessar leiðir er nefndinni ætlað að benda á.

Það er nákvæmlega sama um héraðsrafveiturnar. Þar er stórkostlegur rekstrarhalli, sem mun vera núna um 15 millj. kr. á ári. Það er ekki nægilegt, að ríkissjóður taki að sér að greiða þann halla, heldur þarf einnig að finna einhverja leið til þess að greiða svo mikið niður af kostnaðinum, að veiturnar geti staðið undir sér á eftir. Og það mundi lagast mjög mikið, ef ríkissjóður legði fram þessar 85 millj., sem hann skuldar enn þá héraðsrafveitunum, og héruðin legðu fram sínar 45 millj., sem þau skulda. Þá mundi sannarlega hagur þeirra mjög batna. En ég tók það fram í minni framsöguræðu og bezt að endurtaka það, að ég tel, að það sé ekki gerlegt að innkalla hvoruga þessa upphæð, hvorki frá ríkissjóði né frá héruðunum, nema tryggja þeim einhverja sérstaka tekjuöflun á móti.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða þau atriði, sem þeir hafa deilt um, hæstv. ráðh. og stjórnarandstaðan. Ég tel, að hann sé fullfær um að svara þeim málum sjálfur, en vildi hins vegar hafa upplýst þessi atriði við þessa umr.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þær deilur um tölur, sem hér hafa farið fram. Það virðist vera allmikið um það hér í þinginu, að rætt sé um samanburð á ríkisstjórnum, og menn verða ekki sammála um, hver hafi verið snjallastur að stjórna málum. En það er nú svo, að það er meira jákvætt að horfa á framtíðina en fortíðina, því að við lifum ekki það aftur, sem við erum búnir að lifa.

Mér virtist á hæstv. raforkumálaráðh., að hann gerði lítið úr því, að það væri nauðsyn á að fá áætlun gerða um rafmagn í framtíðinni. Það eru sennilega eitthvað um 11 þús. menn, sem búa án þeirra þæginda að hafa rafmagn hér á landi. Það er ekki stór hluti af allri þjóðinni, en rafmagnsmál eru samt stórmál fyrir þennan hluta þjóðarinnar, það vitum við. Og þó að fólk hafi unað því að búa án rafmagns fyrir nokkrum áratugum, þá unir það því illa nú, þegar það veit, að aðrir hafa þessi þægindi. Við búum við allt önnur kjör og gerum allt aðrar kröfur en foreldrar okkar gerðu. Og ástæðan til, að það er nauðsynlegt fyrir fólkið að fá áætlun, er sú, að það fái að vita um, hvers það má vænta. Þetta er ekkert aukaatriði, því að ef það getur ekki vænzt rafmagns á næstu ár-

um, þá þykir mér líklegt, að flestir, sem geta, reyni að fá sér mótora.

Ég hef sjálfur mótor, og ég er sannfærður um, að það er ódýrara að hafa hann heldur en t. d. AGA-vélar og önnur ljósatæki. Það er meiri stofnkostnaður í bili, og þó munar það ekki mjög miklu. Ég hygg, að AGA-vélarnar kosti milli 20 og 30 þús., en 3 kw. mótor kostar 44—45 þús. En viðhald á AGA-vélunum er mikið, það er náttúrlega nokkuð á mótorunum líka, en svo er rekstrarkostnaður á mótorunum miklu minni en á AGA-vél og öðrum ljósfærum, fyrir utan að það eru ýmis þægindi, sem hægt er að hafa af dísilstöð. 3 kw. mótor í góðu lagi nægir fyrir heimili, og það er hægt að vinna mikið með honum. Það er t. d. hægt að hafa mjaltamótor við hann, og rafmagnsmjaltamótor er miklu ódýrari en benzínmótorarnir. Auk þess er benzínið mjög dýrt, þannig að ég álít, að fyrir bændur, sem ekki geta vænzt rafmagns á næstu 3—4 árum, borgi sig að kaupa dísilstöð. Það er því ekki aukaatriði, að fólk fái að vita það sem fyrst, hvort það megi vænta þess að fá rafmagn, því að sennilega eru allmörg býli, sem aldrei geta vænzt þess að fá það. Það þarf að fá úr þessu skorið.

Í öðru lagi álít ég, að það sé betra fyrir þá, sem hafa framkvæmd þessara mála með höndum, m. a. viðkomandi ráðh., að gera ákveðna áætlun, heldur en að allir séu að suða í þessum mönnum, raforkumálaskrifstofunni, ráðherrum og þm., um það, hvenær þeir eigi að fá rafmagn. Það er betra, að þetta sé alveg hreint, og það er nauðsynlegt að fara eftir einhverjum ákveðnum reglum, þannig að ekki sé beitt hlutdrægni í þessum málum. Við vitum þetta, sem til þekkjum. Við erum ekki spurðir um annað oftar, sem erum þm. fyrir kjördæmi, þar sem víða vantar rafmagn, heldur en það. Fólkið er sí og æ að spyrja okkur um, hvenær það megi vænta þess að fá rafmagnið. Og ég veit, að hæstv. raforkumálaráðh. veit þetta ofur vel sjálfur, því að áróðurinn í þessum efnum er jafnan geysilega mikill.

Þess vegna er það bezt fyrir alla aðila, bæði þá, sem hafa með framkvæmd þessara mála að gera, og eins fyrir þá, sem vantar rafmagnið, að þetta verk sé unnið. Hitt efa ég ekki, að þeir hafi haft mikið að gera á raforkumálaskrifstofunni. Ég hef talað um þetta við þá og spurt þá, hvort þeir geti ekki fengið aukavinnu til þess að hraða þessum málum, og þeir hafa talið, að þetta gætu ekki aðrir gert en þeir, þeir væru ekki nógu kunnugir til þess. Ég efast ekki um, að þetta er mikið verk. Og náttúrlega kemur það mjög til álita, við hvaða vegalengd á að miða. Því miður hefur nú ekki verið algerlega farið eftir því, þegar rafmagn hefur verið lagt, hver vegalengdin er milli bæja, nokkurrar hlutdrægni hefur gætt. Ég held, að það sé yfirleitt mjög hæpið að láta mikillar hlutdrægni gæta í þessum efnum, því að það er nú svo, að vanalega skaðar hlutdrægnin þann, sem hana fremur, frekar en þann, sem hún bitnar á.

Viðvíkjandi þessum halla, sem talinn er vera á rafmagninu, þá sé ég nú ekki annað en það sé eðlilegast að hafa það með rafmagnið eins og aðra vöru, að selja það á kostnaðarverði eða láta rafmagnið bera sig. Þið megið vita um það, að bændur, sem hafa rafmagn, og íbúar kaupstaða og kauptúna, það er miklu ódýrara fyrir þá heldur en fyrir hina, sem ekki hafa rafmagn. Fjárhagslega er það miklu ódýrara, fyrir utan öll þægindin af því. Og einhvern veginn þarf að borga þetta. Annaðhvort er þetta tekið af þegnunum í gegnum skattakerfið, og þá borga þeir sinn hluta, sem ekki hafa rafmagnið, eða þeir verða að borga það, sem njóta rafmagnsins, og það er ekki nema eðlilegt, að hver borgi eðlilegt verð fyrir þá vöru, sem hann fær, eða fyrir þá hluti, sem hann fær.

Ég álít, að það sé ekkert við það að athuga að skipa nefnd í þessum málum. Það er ekkert út á það að setja. En það ætti einnig að gera rækilegar athuganir á því, hvort það væri ekki hægt að reka þetta á hagkvæmari hátt en gert hefur verið, hafa minni kostnað, reka þetta kerfi af meiri hagkvæmni en gert hefur verið. Ég er ekki nógu kunnugur til þess, að ég geti farið að krítisera þá starfrækslu, og ætla ekki heldur að fara út í það. En það er svo með marga hluti, að ef fyllstu hagsýni er gætt, þá má ná betri útkomu, og á þessu sviði hygg ég, að það sé alveg eins ástæða til að athuga, hvort ekki er hægt að nota meiri hagkvæmni í rekstri, eins og á ýmsum öðrum sviðum.

Ég efast eigi um það, að ríkisstj. vill greiða fyrir þessum málum. Það er ekki ástæða til þess að vera með stóryrði eða miklar deilur í þessu efni. En ég vildi benda á þetta atriði, að það er ekki aukaatriði fyrir fólkið, sem ekki er búið að fá rafmagn, að þetta verk sé framkvæmt, og ég held, að það sé betra fyrir alla aðila. Og það er ósanngjarnt að draga mikið úr framkvæmdum viðvíkjandi raflögnunum, vegna þess að það sé halli á sölu rafmagnsins. Það er ekki sanngjarnt að láta rekstrarhallann bitna þannig beint og óbeint á þeim, sem enn þá vantar rafmagn. Og ég held, að það borgi sig fyrir þjóðfélagið, það er ekki sú fjárhæð, sem þetta kostar, að ljúka við þá rafvæðingu, sem ástæða er til að gera. Ég held, að það borgi sig fyrir alla aðila að reyna að hraða þessu sem allra mest. Það getur vel verið, að það sé of stuttur tími, eins og ráðgert er í þessari þáltill., að ljúka þessu árið 1968. Það má vel vera. En það er ekki aðalatriði, hvort það skakkar einu ári til eða frá, og í aðalatriðum held ég, að það sé bezt fyrir alla að gera áætlun, framkvæma hana á réttlátan hátt og reyna að hraða verkinu sem allra mest. Svo tel ég það aukaatriði, hvort menn borga þúsund krónum meira eða minna fyrir rafmagnið á býli eða ekki. Það er aukaatriði miðað við að fá þessi þægindi, því að þótt það séu mikil þægindi að því að

hafa dísilstöðvarnar, þá er það ekki sambærilegt við það að hafa öruggt rafmagn frá rafveitum. En samanburður og þjark um ýmis aukaatriði, það leysir ekki vandann, og hann verður bezt leystur með samhug og sem beztu samstarfi í þessum málum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég er sammála hv. 5. þm. Norðurl. v. (BP), að þjark og villandi tölur muni ekki flýta fyrir rafvæðingu landsins. Ég er alveg sammála honum um, að það beri að flýta því að gera þessa áætlun, og það kemur fram í nál. meiri hl., að þessari áætlun á að ljúka á næsta hausti. Og hv. minni hl. eða flm., sem standa að flutningi till., gera einnig kröfur til þess, að þessari áætlun verði lokið ekki síðar en á næsta hausti, og þá ber þar ekki mikið á milli.

Ég er sammála hv. 5. þm. Norðurl. v. um það, að þeir, sem eiga eftir að fá rafmagnið, eiga ekki að gjalda þess, að það er rekstrarhalli hjá rafmagnsveitunum. En ég tel hins vegar, að það sé alveg útilokað, að þeir, sem nota héraðsrafmagnsveiturnar, geti einir borgað þennan halla, það verði að gera með öðrum hætti, og það held ég að ég hafi tekið nægilega skýrt fram í minni fyrri ræðu, hvernig það mætti verða. Það voru fjórar leiðir, sem ég nefndi að mætti nota, en þó ein vitanlega langæskilegust, það er sú, að ríkissjóður borgi þennan halla í einu formi eða öðru, og tel ég, að það mætti í aðalatriðum gerast án þess að þeir, sem hafa ekki fengið rafmagnið, gjaldi þess að miklu, vegna þess að þeir eru ef til vill ekki stærstu gjaldendur til ríkissjóðs. Eftir því sem fleiri fá rafmagnið, eftir því verður það minna, sem kemur í þeirra hlut, sem hafa ekki fengið rafmagnið, og ég vil taka það fram, að það er vitanlega ekki meiningin, að nokkur verði rafmagnslaus. Þeir, sem ekki geta fengið rafmagn frá samveitum, og þeir verða vitanlega nokkuð margir, — það þýðir ekkert annað en að viðurkenna þá staðreynd, að það er svo langt á milli margra bæja í þessu landi, að það verða ekki lagðar línur á milli þeirra, — og þá verða þeir menn að nota dísilvél, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. gerir nú, en þá finnst mér, að það megi koma til móts við þessa menn með því annaðhvort að styrkja þessi vélakaup eða þá að veita þeim enn hærri lán út á þessar vélar með betri kjörum en þeir enn hafa fengið. Og þá er ekki hægt að segja, að það sé ranglega eða illa að þeim mönnum búið.

Ég held, að hv. 5. þm. Norðurl. v. hafi sagt það óviljandi áðan, þegar hann var að tala um það, að nokkurri hlutdrægni hafi verið beitt í rafvæðingu landsins að undanförnu. Ég held, að það verði að segja það, og ég er nokkuð kunnugur þeim málum, að í öllum aðalatriðum, og undantekningar eru ábyggilega mjög fáar, þá hefur verið farið eftir raforkulögunum. Raforkulögin kveða svo á, að það skuli fyrst rafvæða þau héruð, sem eru bezt til þess fallin og þar sem vegalengd á milli bæja er stytzt. Þetta hefur verið gert og framkvæmt eins vel af hendi raforkumálastjórnarinnar og raforkuráðs á hverjum tíma og mögulegt hefur verið. Og meginreglan hefur verið að binda sig við það, að það sé ekki lengra á milli bæja að jafnaði en 1 km. Það er þetta, sem er skýrt ákveði í raforkulögunum, og eftir því hefur verið farið. Og hlutdrægnin í framkvæmdinni hefur áreiðanlega verið mjög lítil, ef hún er þá nokkur, og er óhætt að fletta þar upp í framkvæmdum undanfarið, hverjir sem mestu hafa ráðið í þessu máli.

Ég tel, að það sé ekki ástæða til að segja meira við hv. 5. þm. Norðurl. v. En út af því, sem frsm. meiri hl. sagði hér áðan, þá vil ég nú segja það, að þegar vantar ⅓ frá héruðunum og ⅔ frá ríkinu, þá get ég ekki séð, að ríkissjóður skuldi rafmagnsveitunum og ekki heldur héruðin, vegna þess að skuldin er á báða bóga í réttu hlutfalli nokkurn veginn við það, sem þeim er gert að greiða. Og eitt er ég sannfærður um, að þó að geta ríkissjóðs sé mikil, þá er geta héraðanna tæplega fyrir hendi að greiða þessar 45 millj. kr., sem hv. 1. þm. Vestf. nefndi hér áðan. Og hv. 1. þm. Vestf. spyr: Ef eitthvert hérað er tilbúið að leggja fram sinn skerf, ganga þau þá fyrir? — Nú er það svo, að ég verð að telja, að í framkvæmdinni hafi héruðin lagt fram sinn skerf, a. m. k. hefur verið til þess ætlazt af hendi raforkumálastjórnarinnar, og það hefur verið framkvæmt með sama hætti frá því fyrsta. Það hefur engin breyting á innheimtunni orðið á seinni árum. Þetta hefur verið framkvæmt á sama hátt frá því fyrsta og til þess ætlazt, að héruðin greiddu sinn hlut. Ég hef ekki töflu fyrir framan mig til þess að sannprófa, hvort það hefur verið hundrað prósent í öllum tilfellum, en ég ætla, að það hafi verið að mestu leyti.

En í sambandi við þessa spurningu, sem hv. þm. lagði fyrir mig, verð ég að minna á ákvæði raforkulaganna, að þau héruð skuli fyrst rafvædd, sem hafi beztu aðstöðu um vegalengd á milli bæja. Ég geri ráð fyrir því, að þótt eitthvert hérað byði fram ⅓ af kostnaði við rafvæðingu, en vegalengd milli bæja væri kannske 2—3—4 km, þá gæti raforkumálastjóri ekki þegið þennan þriðja part úr héraðinu og lagt á móti ⅔, þá yrði nákvæm athugun að fara fram á því, áður en tekið væri á móti því fé hjá héraðinu. Það yrði að fara fram athugun hjá raforkumálastjóra og síðan í raforkuráði og síðan að gera sér grein fyrir því, hvernig fjárins væri unnt að afla að ⅔, og í öðru lagi yrði að vega og meta ákvæði raforkulaganna um það, hvað eigi að ganga á undan, þannig að þetta er ekki eins auðvelt og ætla mætti við fyrstu sýn.

Ég vil í sambandi við það, sem sagt hefur verið hér í sambandi við rekstrarhallann, undirstrika það, að rekstrarhallinn er alls ekkert aukaatriði, og ég tel, að hv. meiri hl. n. hafi réttilega vakið athygli á honum. Og

eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, þá tel ég, að rekstrarhallinn valdi nokkrum erfiðleikum, en alls ekki óyfirstíganlegum. Og ég tel, að rekstrarhallinn vegi ekki svo þungt á metunum, að við þurfum með því að horfast í augu við hann að vera vonlausir um það, að rafvæðingunni verði haldið áfram. Ég tel þess vegna, að það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér í dag, að nál. hv. meiri hl. væri í rauninni að bjóða heim stöðvun, kyrrstöðu á framkvæmdum, vegna þess að meiri hl. gerði svo mikið úr rekstrarhallanum og fjárhagsörðugleikum rafmagnsveitnanna, — ég tel það einmitt tryggingu fyrir því, að haldið verði áfram í þessum málum, að það sé ekki endalaust látið reka á reiðanum, heldur horfist menn í augu við staðreyndirnar og geri sér grein fyrir, hvað þarf að gera til þess að skapa fjárhagslega trausta undirstöðu undir þessar framkvæmdir, eins og aðrar framkvæmdir, sem ráðizt er í. Og það er alveg rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að það er ástæðulaust að vera að bera hver öðrum á brýn áhugaleysi á þessum málum, vegna þess að við viljum öll, að landið verði rafvætt, og við viljum, að þessi mál gangi sem bezt. Og það er einmitt þess vegna, þegar hv. framsóknarmenn flytja till. eins og hér er á þskj. 14 og láta í það skína, að núv. ríkisstj. hafi ekki látið þessi mál ganga með eðlilegum hætti, að tilefni er til þess, að svarað sé í líkum tón.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. var skikkanlegur í sinni ræðu. Hann reyndi að vísu að læða því inn, að það væri ekki allt með eðlilegum hætti. Þetta hefði allt getað gengið miklu betur en raun ber vitni. Hann vildi láta í það skína, að ég hefði farið með villandi tölur hér í dag. En ég get upplýst hv. þm. um það, að ég las upp úr skýrslu raforkumálastjórnarinnar, og ég las rétt upp úr þeirri skýrslu. Og það gefst ábyggilega tækifæri til þess að sannprófa það, hvort þessar tölur, sem ég las upp úr skýrslu raforkumálastjórnarinnar, sem ég fékk í hendur í dag, eru réttar eða rangar. Ég ætla ekki að deila um slíkt efni, látum aðra um það, en það var aðalatriðið í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. að láta í það skína, að ég hefði lesið upp rangar tölur. Ég þarf í rauninni ekki að segja meira við þennan hv. þm.

En hv. 3. þm. Norðurl. e. talaði hér í dag, og hann segir, að ég hafi talað af miklum þjósti og ósanngirni um þetta mál, ég hafi borið hv. þm. það á brýn, að hann færi með vísvitandi ósannindi og blekkingar. Að ég sagði, að það væri um vísvitandi blekkingar að ræða eða það hlyti að vera svo, er vegna þess, að ég hafði álitið, að hv. 3. þm. Norðurl. e. væri minnugur og skynsamur og fylgdist vel með þingmálum og því, sem væri að gerast. Ég hef þess vegna ekki látið mér detta í hug, að þessi hv. þm. hefði ekki vitað af því, að rafvæðingaráætlunin var til 11 ára, en ekki 10, og þetta var ákveðið árið 1955. Ef hv. þm. finnst það betra að fá fáfræðistimpil á sig í þessum málum heldur en að hann hafi sagt vísvitandi ósatt, þá getur hann valið mín vegna, en annaðhvort er hv. þm. sekur um óafsakanlega fáfræði í máli, sem er rætt á hverju einasta þingi, eða hann hefur sagt vísvitandi ósatt og reynt að blekkja á vísvitandi hátt. Ég er hér með skýrslu frá raforkumálaskrifstofunni, þar sem þetta er greinilega tekið fram. Þetta er margbókað, og það er þess vegna alveg tilgangslaust fyrir hv. þm. að vera að reyna að koma því inn hjá almenningi, að framkvæmdaáætlunin sé orðin 11 ára áætlun nú, af því að framkvæmdir hafi eitthvað tafizt hjá núv. ríkisstj. Og það er óviðeigandi fyrir hv. þm., eftir að hafa auglýst annaðhvort fáfræði sína eða undirhyggju, að koma hér upp í ræðustólinn og tala í vandlætingartón við mig, þótt ég hafi leyft mér að vekja athygli á því, að framkoma hv. þm. í umr. hér fyrir viku var að þessu leyti óafsakanleg og ekki sæmileg. Og ég leyfi mér enn að endurtaka það, að þegar hv. þm. er að gera samanburð á því, hversu miklum fjárhæðum hefur verið varið til raforkuframkvæmda árlega, eftir að núv. ríkisstj. kom að völdum og meðan vinstri stjórnin sat að völdum, þá leyfi ég mér að staðhæfa það enn á ný, að hv. þm. fór með blekkingar til þess að geta birt í Tímanum hagstæðar tölur fyrir Framsfl. og auglýst fyrir öllum almenningi á þennan hátt, með þessum blekkingartölum, að vinstri stjórnin hafi jafnvel staðið sig betur í þessum framkvæmdum en núv. ríkisstj.

Mér dettur ekki í hug, að hv. þm. hafi viðhaft þessa aðferð í því skyni að blekkja hv. þm., því að það getur ekki verið mögulegt að gera það, þeir fylgjast of vel með til þess. En einhverja lesendur Tímans, sem ekki lesa annað en Tímann og fylgjast ekki með, það er hægt að blekkja þá, og í því skyni er leikurinn gerður. Og þegar hv. þm. ber tölurnar saman, þá gerir hann það viljandi að sleppa Reykjanesveitu, enda þótt það sé vitað, að Reykjanesveitan var ekki lögð eingöngu og allra sízt vegna varnarliðsins, heldur vegna þess að gamla línan flutti ekki lengur raforkuna til íbúanna á Suðurnesjum, þó að varnarliðið hefði ekki verið. Og í skýrslu raforkumálaskrifstofunnar segir, að óhjákvæmilegt hefði verið að byggja Reykjanesveitu, þótt varnarliðið hefði ekki verið, og það bæri þess vegna að draga frá aðeins kostnaðinn við straumbreytinn á Keflavíkurvelli, en hitt eigi að teljast til venjulegra raforkuframkvæmda.

Við skulum segja hv. þm. til afsökunar, að hann hafi gleymt að nefna kostnað við Sogsvirkjunina á þessu tímabili, að hann hafi gleymt að nefna jarðhitarannsóknirnar, og efast ég þó um það eftir ummæli hans hér áðan, því að hann segir orðrétt, ég skrifaði það upp: „Jarðhitarannsóknir eru ekki umtalsverðar í sambandi við þetta.“ Ég hef ekki heyrt nokkurn hv. þm. viðhafa þessi orð um jarðhitarannsóknir fyrr, það sé ekki umtals-

vert, þó að ríkisstj. verji miklum fjárhæðum til jarðhitarannsókna. Ég hef miklu fremur heyrt hv. þm. halda því fram, að jarðhitinn væri þjóðinni mikils virði og það bæri að stuðla að því að hagnýta hann sem mest og bezt. Og jarðhitarannsóknir hafa farið fram í því skyni að virkja jarðhitann til raforku, og er það vissulega framlag til raforkumála. En til jarðhitarannsókna hefur verið varið á undanförnum 3 árum 26 millj. kr., en ekki nema örfáum millj., á meðan vinstri stjórnin sat. Ég benti á, að til virkjunarrannsókna nú síðustu árin hefur verið varið mjög miklum fjárhæðum, á árinu 1962 25 millj. kr., en á árum vinstri stjórnarinnar 4 millj. kr. á ári, að mig minnir. Ef hv. þm. hefði viljað bera saman réttar tölur, framlag núv. ríkisstj. til virkjunarmála og rafveðingar og framlag vinstri stjórnarinnar, þá hefði hann tekið þessa liði með í reikninginn og þá hefði útkoman snúizt við og orðið núv. ríkisstj. í vil.

Gerir hv. þm. kröfu til þess að fá á sig það orð, að hann hafi í ógáti komið með þessar tölur og af fljótfærni, undirbúningslítið? Vill hann, að ég afsaki hann með því? Ég get alveg viðurkennt það, að ef hv. þm. finnst það betra en að því sé haldið fram, að hann hafi vísvitandi viljað blekkja, þá skal ég gera það. En blekking er það samt, annaðhvort óviljandi eða viljandi. Tölurnar, sem birtar eru í Tímanum, eru rangar, og þess vegna er það blekking við almenning, sem les blaðið, ef það verður ekki leiðrétt. En ef hv. þm. játar, að hann hafi ekki rannsakað málið nægilega vel og kynnt sér það, áður en hann skrifaði þetta, þá skal ég ekki halda því fram, að það hafi verið vísvitandi rangt.

Ég skal viðurkenna, að það er dálítið hart að segja, að menn fari vísvitandi rangt með, en ég skýrði frá því, hvers vegna ég hélt því fram. Ég hafði það álit á þessum þm., að hann hlyti að vita betur. En það má kannske segja, að menn hafi ekki tíma til þess að lesa allt og fylgjast með öllu og hv. þm., ef hann fær athugasemdatíma hér, sem ég mundi mælast til, gæti þá fært fram afsakanir fyrir því, að hann kom ekki með réttar tölur, þegar hann hélt sína ræðu.

Hv. þm. leggur mikið upp úr því, að í bréfi raforkumálastjóra er talað um framhalds-10-ára-áætlun, leggur mikið upp úr því og vildi gefa það í skyn, að raforkumálastjóri nefndi 10 ár vegna þess, að hann hefði fengið fyrirmæli um að gera framhalds-10-ára-áætlun. Ég sagði í fyrri ræðu minni hér í dag, að svo hefði ekki verið. Raforkumálastjóri fékk fyrirmæli um að gera framhaldsáætlun, og það er rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan og ég tók reyndar fram í dag, að það er ekki raforkumálastjóri, sem ræður því eða ákvarðar, hver hraði verður á framkvæmdunum. Það er ríkisstj., það er raforkuráð, það er Alþingi og það er það fjármagn, sem til þess verður varið. Og í viðtölum mínum við raforkumálastjóra hefur alltaf verið við það miðað, að rafvæðingunni yrði lokið ekki seinna en 1970. Og ég hygg, að hv. 3. þm. Norðurl. e., ef hann leitar vel, þá geti hann fundið nokkrar ræður eftir mig, þar sem þessi skoðun mín er staðfest. Og þess vegna er það einnig tilraun til blekkingar af hálfu þessa þm., þegar hann er að reyna að halda því fram, að núv. ríkisstj. ætlist nú til, að það taki 10 ár að gera næsta lokaáfangann í þessu máli.

Hv. þm. verður að fyrirgefa það, þó að það sé séð í gegnum þá ræðumennsku, sem hann viðhefur hér, og þó að því sé haldið fram, að þetta sé gert sem tilraun til þess að blekkja og fá fólk til þess að hafa aðra skoðun á stefnu núv. ríkisstj. í þessum málum en raunverulega er.

Í sambandi við 10 ára áætlunina og það, að þetta væri 11 ára áætlun orðin vegna seinagangs á framkvæmdum nú, þá nefndi hv. 3. þm. Norðurl. e. eitthvert skjal, sem hann gæti dregið fram, frá árinu 1957, sem sannaði það, að vinstri stjórnin hafi ætlað að gera þetta að 10 ára áætlun í framkvæmd. Hv. þm. sagðist ekki hafa minnzt á þetta skjal í sinni fyrri ræðu, vegna þess að þá hafi hann ekki vitað um, hvernig ég ætlaði að tala í þessu máli. Mér finnst þetta dálítið einkennileg staðhæfing hjá þessum hv. þm. Ef þetta skjal er svona mikilvægt sönnunargagn fyrir dugnaði í framkvæmdum vinstri stjórnarinnar í þessum málum, þá held ég, að það hefði verið látið sjá dagsins ljós, og mér dettur ekki í hug, að hv. 3. þm. Norðurl. e. loki þetta skjal niðri í skúffu eða hafi gert af hlíf við núv. ríkisstj. Ég get upplýst, að þetta skjal er ekki til hjá raforkumálaskrifstofunni. Og raforkumálastjóri fékk ekki fyrirmæli frá vinstri stjórninni um það að breyta 11 ára áætluninni, sem var orðin til 1957, í 10 ára áætlun. Einnig þetta er tilraun til blekkinga af hendi þessa hv. þm. Og mér finnst nú, að þegar blekkingavefurinn er orðinn þetta stór og þéttriðinn utan um hv. 3. þm. Norðurl. e., þá muni tæpast vera ástæða fyrir hann að nota sinn athugasemdatíma til þess að afsaka sig vegna þess, sem hann hefur borið fram, vegna þess að það mun ekki endast athugasemdatími til þess. Til þess þyrfti hann miklu lengri tíma.

Ég sé, að fundartími er búinn, og ég get stytt mál mitt. Ég þarf í rauninni ekki meira að segja við hv. 3. þm. Norðurl. e. Ég held, að það standi ákaflega lítið eftir af hans fullyrðingum. Og ég hygg, að hv. þm., sem hafa fylgzt með umr., séu mér sammála um það, að fullyrðingar hv. þm. um, að ég hafi staðhæft eitthvað, sem ekki styðst við staðreyndir, standist ekki. Og ég hygg líka, að þeir, sem hafa fylgzt með þessum umr., telji eðlilegt, að þegar hv. 3. þm. Norðurl. e. er sannur að því að fara með blekkingar, óviljandi eða viljandi, þá sé eðlilegt, að því sé andmælt. Og ég hélt nú satt að segja, að ég hefði ekki gert það svo sérstaklega kröftuglega í dag, en hv. þm. taldi, að svo hefði verið. En ástæða

var vissulega til að mótmæla því, sem fram kom, og átelja það, að tilraun er gerð til að halda því fram, að till. á þskj. 14 sé bráðnauðsynleg til þess, að rafvæðingu í landinu verði haldið áfram, og hagsmunir fólksins í þessu máli séu undir því komnir, að það verði gert. En ég tel, að nál. meiri hl., sem leggur það til, að málinu sé vísað til ríkisstj., sé bezta afgreiðsla á málinu.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

5. Eiturlyfjanautn.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um baráttu gegn eiturlyfjanautn [41. mál] (A. 41).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Í þessari till. felst, að athugað verði, hve mikil brögð eru hér á landi að ofneyzlu nautnalyfja, annarra en áfengis og tóbaks. Það felst einnig í þessari till., að athugað verði, hvaða lyf er helzt um að ræða og hvaðan og hvernig þau berast á markaðinn. Síðan verði á grundvelli þessarar athugunar gerðar ráðstafanir til að stemma stigu fyrir eiturlyfjaneyzlu og til þess að lækna eiturlyfjaneytendur.

Það er líklega óþarft að fara mörgum orðum um þessa till. nú. Ég lagði hana fram fyrir nokkrum vikum, og síðan hefur eiturlyfjaneyzla verið allmikið rædd og það af nokkru kappi, einkum í sumum dagblöðunum, í útvarpi var nýlega fluttur fróðlegur pistill, og fyrir einni viku bar hana á góma hér í sameinuðu Alþingi. Þá las hæstv. dómsmrh. skýrslur nokkurra embættismanna um nautnalyfjanotkun, og er það að mínum dómi það markverðasta, sem enn hefur fram komið í þessu máli. Þessar skýrslur, sem hæstv. dómsmrh. las, eru teknar saman af skyndingi að vísu að ráðherraboði. Það, sem þær sanna áþreifanlegast, er, að enginn þekkir að neinu ráði til þessa vandamáls, enginn veit um útbreiðslu eiturlyfjaneyzlunnar hér á landi né hvernig og með hverjum hætti hún þrífst. Sérstaklega virðist mega ráða það af skýrslunum, að lögreglan sé mjög fáfróð um þessa hluti. Að vísu hefur hún fundið pilluglös hjá mönnum, sem hún hefur orðið að taka í sína vörzlu af ýmsum ástæðum, en það er nálega allt og sumt, sem lögreglan virðist vita. Rannsókn af hennar hálfu hefur engin farið fram að eigin frumkvæði, það aðeins bókað, sem af tilviljun kunni að berast þessum aðilum í hendur.

Þessar skýrslur, sem að ýmsu leyti eru fróðlegar, gefa vissulega vísbendingar, því skal ég ekki neita, en þær sanna lítið annað en þörfina fyrir ýtarlega, samræmda athugun þessa máls frá rótum. Það væri mikill misskilningur að ætla, að á þessum skýrslum væri unnt að grundvalla nokkrar ráðstafanir af viti. Það væri óviturlegt, að yfirvöld færu í þessu máli að beita boði og banni út frá þessum skýrslum, það væri að beita slíku boði og banni út í bláinn. Og það má ekki rasa um ráð fram eða hefja framkvæmdir aðeins vegna þess, að þetta mál hefur vakið almennt umtal í landinu. Hér á pólitískur taugaóstyrkur engan rétt á sér. Hér verður að fara að öllu með gát. Málið er viðkvæmt og vandmeðfarið.

Fyrst þarf að kynna sér ástandið og að því loknu leitast eftir mætti við að hjálpa. Vandamálið er fyrst og fremst fólgið í því, að það er nauðstatt fólk, sem hér er um að ræða, fólk, sem þarfnast hjálpar.

Ég hef hugleitt, hvar í þjóðfélaginu er að finna það fólk, sem nautnalyfin notar aðallega. Það mætti segja mér, að það væri að finna innan tiltölulega þröngra marka og aðallega í þrem tilteknum hópum. Í fyrsta lagi eru drykkjumennirnir, þessir ómetanlegu styrktar- og stuðningsmenn ríkissjóðs. Þeir sækjast eftir lyfjum, deyfandi eða örvandi eftir atvikum, til þess að auka áhrif áfengisins eða til að eyða eftirköstum þess. Í öðru lagi kemur til greina allstór hópur fólks, sem þjáist andlega eða líkamlega og þó oftast andlega vegna veiklunar eða vegna erfiðleika lífsins og aðsteðjandi ógæfu. Loks í þriðja lagi eru svo ungmennin, unglingarnir, sem lenda í óhollum félagsskap og virðast stundum beinlínis tældir til að neyta nautnalyfja og þá allajafna í sambandi við drykkjusvall.

Ég hef persónulega kynnzt einstaklingum úr öllum þessum hópum og ætla sízt að gerast dómari yfir því fólki eða setja upp einhvern vandlætingarsvip eins og þann, sem mér fannst bregða fyrir hér í þessum sal fyrir einni viku, þegar spurt var, svarað og þakkað í sambandi við þetta mál. Ég er persónulega sannfærður um, að á bak við þessa óhugnanlegu lyfjamisnotkun, sem talin er vera og margan hneykslar nú, standi enn óhugnanlegri ógæfa, — ógæfa, sem er víðtækt þjóðfélagslegt mein, og því meini hefur sennilega verið allt of lítill gaumur gefinn til þessa. Ég er þeirrar skoðunar, að misnotkun örvandi og róandi lyfja sé runnin af sömu rót, nákvæmlega sömu rót og drykkjuskapur, og að sameiginlega rót sé að finna í vissum meinsemdum í þjóðfélaginu. Ég ætla ekki að

ræða það vandamál nánar nú og tel mig enda ekki færan um það. En málið hefur áreiðanlega haft fjöldamargar hliðar.

Ég vil aðeins leyfa mér í örfáum orðum að tæpa á einu atriði, sem ég hygg að kunni að skipta hér miklu máli. Ég veit ekki, hvort hv. alþm. hafa veitt því eftirtekt, hversu illa er farið með hina uppvaxandi æsku þessa lands. Líklega er enginn aldursflokkur eins þjakaður og æskan hlutfallslega miðað við þrekið. Á sumrum er æskufólk og unglingar látin vinna erfið störf myrkranna á milli og stundum jafnvel hættuleg störf. Á veturna tekur lítið betra við. Þá stritar æskan frá morgni til kvölds við haldlausan skólalærdóm, og enginn merkir það jafnvel og hún sjálf, hversu ólífrænt og fjarri öllum skynsamlegum tilgangi þetta endalausa lexíustagl er. Allir þarfnast stunda til leikja, en æskan þó mest. En einmitt hún fær nú og á þessu landi fæstar stundirnar til leikja og fæst tækifærin til að þroska sína lyndiseinkunn. Henni gefst aldrei tækifæri til að læra þá list að njóta heilbrigðs lífs. Hún fær strit og aftur strit, en ekki tóm né tækifæri til þess að njóta langra og góðra tómstunda á hollan og heilbrigðan hátt.

Hér er um að ræða alvarlegan skort á uppeldi, og að honum býr áreiðanlega margur maðurinn ævilangt. Lífið verður allt of mörgum eitt samfellt brauðstrit og tómstundirnar, svo fáar sem þær eru, til þess eins að slappa af og gleyma. Dægrastyttingin verður að vera áreynslulaus vegna vinnuþreytunnar. Hún verður að vera áreynslulaus, bæði í andlegum og líkamlegum skilningi. Þreyttur, staðnaður hugur getur notið mynda og kvikmynda og tilbreytingarlausra tóna, en sé hann sjúkur orðinn af óyndi og lífsþreytu, þá er helzt sótzt eftir algleyminu í formi áfengis og annarra eiturlyfja.

Ég aðeins tæpi á þessu, og ég vil spyrja hv. alþm., hvort þeir séu ekki á því eins og ég, að hér sé um að ræða eina hliðina á því vandamáli, sem till. fjallar um, og kannske ekki þá veigaminnstu. En ég ræði þetta nú ekki frekar.

Ég skal ekki heldur ræða það aðkast, sem læknar hafa orðið fyrir í hvatvíslegum ályktunum einhverrar af lögregluskýrslunum og í æsifregnum blaðanna. Ég vænti þess, að sú hlið málsins verði síðar rædd opinberlega af meiri þekkingu. Hér skal ég aðeins minna á, að meðal hinna umræddu nautnalyfja eru dýrmæt lyf, sem erfitt er og verður að neita sjúklingum um þrátt fyrir misnotkunaráhættuna. Læknar geta ekki ráðið niðurlögum þeirra þjóðfélagslegu meina allra, sem slá hina veikari á meðal okkar til jarðar, en eftir mætti ber þeim þó að lina þjáningar, og til þess hafa þeir m. a. lyf.

Ég vænti þess, að þetta vandamál verði ekki látið detta upp fyrir, um leið og æsifregnum blaðanna linnir. Ég vona, að það verði tekið réttum tökum, föstum og rólegum tökum, og því hvet ég til þess, að þessi till. fái að nánar athuguðu máli jákvæða afgreiðslu hér á þinginu.

Herra forseti. Ég legg til, að þessari umr. verði frestað og að till. verði vísað til hv. allshn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég tek mjög undir það með hv. tillögumanni, að þetta mál er þess eðlis, að enginn taugatitringur, hvorki pólitískur né annar, má hafa áhrif á aðgerðir manna í þeim efnum. Því miður virtist mér hv. þm. ekki fylgja þessu sínu boðorði til hlítar í þeirri stuttu ræðu, sem hann flutti hér, vegna þess að hann gat ekki látið vera að gefa tvö — ég vil segja asnaspörk frá sér, annars vegar í garð lögreglunnar og hins vegar í garð þeirra, sem um þetta mál töluðu hér s. l. miðvikudag. Varðandi það síðara vil ég einungis skora á hann að tilgreina, hvað það er í ummælum mínum og hv. fyrirspyrjanda, sem hann áfellist. Varðandi lögregluna var ásökun hans um athafnaleysi hennar gersamlega órökstudd og út í bláinn, einnig á sama veg og ásökun hans í garð mín og hv. fyrirspyrjanda s. l. miðvikudag. Það hefur ekkert komið fram í þessu máli að mínu viti, sem réttlæti þau ummæli í garð lögreglunnar, er hv. þm. viðhafði. Það er rétt, að í sumum blaðagreinum, sem hv. þm. annars vildi nú einnig fordæma, hafa verið vissar ásakanir í garð lögreglunnar, og hygg ég þær þó einnig á misskilningi byggðar, en þær hafa þó verið rökstuddar, sem ásökun þessa hv. þm. var ekki.

Hv. þm. talaði um, að í skýrslum lögreglunnar hefðu komið fram ásakanir á lækna og þær síðan verið blásnar upp. Það er rétt, að í þeim skýrslum, sem ég las upp hér s. l. miðvikudag, var vikið að hlut lækna í þessum málum, og lögregluvarðstjórar skýrðu þar sína skoðun á því, hvernig þessi lyf væru komin í hendur þeirra manna, sem lögreglan hefur síðan fundið þau hjá. Ég óskaði þegar í stað eftir nánari grg. og hef fengið hana frá lögreglunni í þessum efnum fyrir milligöngu lögreglustjóra, og ég gat þess s. l. miðvikudag, að sú grg. verður að sjálfsögðu rannsökuð algerlega hlutlaust, og það er með öllu ástæðulaust að gefa í skyn eða óttast, að í því verði hallað á einn eða annan lækni. Það mál verður skoðað ofan í kjölinn og engar líkur til þess, að þar verði misfarið í einu eða öðru eða tortryggni vakin gegn, hvorki einstökum læknum né læknastétt í heild, heldur einungis staðreyndirnar kannaðar og síðan ákveðið á grundvelli þess, sem upp kemur, hvað rétt sé að gera.

Út af þessari till. vil ég taka það fram, eins og kom í ljós af þeim skýrslum og yfirlýsingum, sem ég gaf s. l. miðvikudag, að rannsókn á þessu mjög alvarlega máli er nú þegar hafin, sumpart stendur hún yfir hjá sakadómara á einum anga málsins, sem mesta athygli hefur vakið í blaðaskrifum, sumpart er hún nú með eðlilegum hætti í höndum landlæknis

og hlýtur eðli málsins samkvæmt að taka nokkurn tíma. Þetta eru þær staðreyndir, sem fyrir liggja.

Um það, að íslenzkur æskulýður hafi hneigzt til eiturlyfjanautnar vegna of mikillar vinnu, mætti margt segja. Í fyrsta lagi vil ég á þessu stigi fullyrða, að enn er með öllu óupplýst og ástæðulaust að gefa til kynna, að íslenzkur æskulýður sé yfirleitt hneigður til eiturlyfjanautnar, og mjög ómaklegt þess vegna að draga æskulýðinn í heild inn í umr. um þetta mál á þann veg, sem þessi hv. þm. gerði. Í öðru lagi hefur það löngum reynzt vel á Íslandi, að æskulýður tæki þátt með hófsamlegum hætti í störfum fullorðna fólksins, og það er einmitt eitt mesta mein þéttbýlisins, að það er ekki hægt þar með sama hætti og í sveitum landsins. En við, sem eigum börn uppvaxandi hér í bænum, vitum gerla, að það er ekki of mikil vinna, sem æskulýðinn þjakar, heldur iðjuleysi og ráðleysi margra, hvað þeir eigi að gera við sinn lausa tíma. Það er alveg rétt, að þetta er vandamál. Það er alvarlegt vandamál, sem þarf að skoða. En að snúa því vandamáli upp í það að saka æskulýðinn fyrir eiturlyfjanautn og þjóðfélagið fyrir að bera sök á spillingu æskunnar með of mikilli vinnu, það er einn mesti öfugsnúningur staðreynda, sem ég hef heyrt.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Varðandi það, sem hæstv. ráðh. sagði nú síðast, vildi ég aðeins benda á, að hver einasti maður á Íslandi, sem nú hneigist til eiturlyfjaneyzlu, hefur einhvern tíma verið unglingur og barn. Hafi hann ekki átt kost á því að fá það uppeldi og það veganesti undir lífið, sem gerði hann færan um að standast freistingar lífsins, þá er það að mínum dómi þjóðfélagsins sök. Ég hef ekki haldið því fram, að æskulýður landsins væri sérstaklega hneigður fyrir eiturlyfjanautn. Ég hef aðeins sagt, að ég persónulega hafi kynnzt í hópi æskulýðsins sjúklegum tilfellum af þessu tagi.

Ég veit ekki, hvort við erum eins mikið ósammála um vinnu og tómstundir æskulýðsins og hæstv. ráðh. vill vera láta. Að vísu held ég því fram, að æskulýðurinn hér á landi hafi of fáar tómstundir. Hæstv. ráðh. virðist aftur á móti vilja halda því fram, að hann hafi of margar tómstundir. En aðalatriðið í því er þó það, að við erum sammála um, að ég hygg, að æskulýðnum sé ekki kennt, hann sé ekki alinn upp í að kunna að nota sínar tómstundir rétt, hvort sem þær eru margar eða fáar. Ég skal ekki fara frekar út í það.

Í upphafi máls síns beindi hæstv. ráðh. til mín fsp. Ég hafði látið orð falla um, að ég ætlaði mér ekki að gerast neinn dómari yfir eiturlyfjaneytendum né setja upp einhvern vandlætingarsvip eins og þann, sem mér fannst bregða fyrir hér í þessum sal fyrir einni viku, þegar spurt var, svarað og þakkað í sambandi við þetta mál. Hæstv. ráðh. virðist hafa tekið eitthvað óþægilega til sín í sambandi við þessi ummæli, en ég vil benda honum á, að hér var inni fjöldi manns, og ég tel, að hann hafi enga ástæðu til þess að taka þessi orð til sín.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 9. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 44. og 52. fundi í Sþ., 3. og 19. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 41, n. 490 og 497).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga [43. mál] (A. 43).

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Með till. þeirri til þál., sem hér er til umr. á þskj. 43, er lagt til, að Alþingi kjósi mþn., er endurskoði öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu og undirbúi nýja löggjöf í þeim efnum. Lagt er til, að markmið þeirrar löggjafar verði, að lánsfé til hverrar íbúðar af hóflegri stærð nemi ⅔ hlutum byggingarkostnaðar, að heildarlán til hverrar íbúðar verði sem jöfnust, hvar sem menn búa, og að mönnum verði veitt nokkurt lánsfé til endurbóta á húsum eða til að kaupa hús til eigin nota.

Það mun varla orka tvímælis, að húsnæði er meðal allra brýnustu nauðsynja manna. Enginn efast um, að það muni vera mikil raun að skorta fæði eða klæði. En er það miklu minni raun að skorta húsaskjól? Flestir munu finna til þeirrar skyldu sinnar að stuðla að nægjanlegri atvinnu í landinu fyrir alla, svo að menn hafi nóg að bíta og brenna. En þessi skylda nær til húsnæðisins engu síður en til matar og fata. Allt eru þetta hliðstæðar nauðsynjar, og enginn getur án þeirra verið.

Sem betur fer hefur þjóðin um langt skeið búið við næga atvinnu og um fæðis- og klæðis-

skort munu vera fá dæmi í seinni tíð, þótt lífskjörum sé misskipt enn í dag. Um húsnæðismálin verður ekki sama sagt. Húsnæðisskortur er enn við lýði og fer síður en svo minnkandi. Enn eru gerðar ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Í þessu felst sú óglæsilega viðurkenning, að enn búi fólk í heilsuspillandi íbúðum þrátt fyrir framfarirnar og velmegunina. Það er hins vegar eðlilegt, að meira fjárhagslegt átak þurfi til að byggja sér íbúð en til að afla fæðis og klæða, því að íbúðin er byggð til langs tíma, en fæðis og klæða er aflað svo að segja fyrir líðandi stund. En samt kemst enginn undan því að sjá sér og sínum fyrir húsnæði. Hús og heimili er daglegt brauð, eins og stóð í Helgakveri, og þessa „brauðs" verðum við að afla eins og annarra lífsnauðsynja.

Möguleikar manna til að byggja sér íbúðir fara fyrst og fremst eftir þrennu: kostnaði við bygginguna, lánsfénu og eigin fjármagni. Allmörg undanfarin ár hefur Hagstofa Íslands birt tölur um byggingarkostnað í landinu. Þessar tölur hafa birzt reglulega í Hagtíðindum síðan 1957. Þar er m. a. greint frá kostnaðarverði hvers rúmmetra í íbúðarhúsi. Að sjálfsögðu byggja menn misstórar íbúðir, en skv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá Efnahagsstofnun ríkisins, eru algengustu stærðir nýrra íbúða í bæjum 350—370 rúmmetrar, en í sveitum rúmlega 400 rúmmetrar, og meðalstærð íbúða í landinu telur hún vera um 370 rúmmetra. Hver rúmmetri í íbúðarhúsum skv. skýrslum Hagstofunnar kostaði í júnímánuði ár hvert nú að undanförnu sem hér segir: 1957 1079 kr., 1958 1146 kr., 1959 1225 kr., 1960 1379 kr., 1961 1418 kr. og 1962 1631 kr. Meðalverð 370 rúmmetra íbúðar á árunum 1957—1959 hefur þá verið um 425 þús. kr. Meðalverð jafnstórrar íbúðar á árunum 1960—1962 er hins vegar um 546 þús. kr. Þessi íbúð hefur hækkað í verði á síðustu þremur árunum um 150 þús. kr. Þótt húsbyggjendur vildu komast hjá að reisa sér hurðarás um öxl í byggingarkostnaði, geta þeir varla annað gert en dregið úr kröfum sínum og byggt sér minni íbúð en hér hefur verið nefnd. Ef byggð er nú 330 rúmmetra íbúð, kostar hún nú um 538 þús. kr. og er 160 þús. kr. dýrari en sams konar íbúð var fyrir fjórum árum. Slík íbúð hefur hækkað í verði á einu ári, frá því í júní í fyrra þar til í júní í sumar, um 70 þús. kr. Svo ör er þróunin, að lagabreytingin á síðasta þingi um hækkun íbúðalána úr 100 þús. í 150 þús. kr. dugir ekki nema fyrir 8—9 mánaða hækkun á byggingarkostnaði. Í skýrslum Hagstofunnar, sem ég vitnaði í, er áætlað, að íbúð í svokölluðum sambyggingum sé um 10% ódýrari en hér hefur verið nefnt. En bæði vegna þess, að þar er um áætlaðan byggingarkostnað að ræða, og svo sérstaklega hins, að um sambyggingar er ekki að ræða nema á fáum stöðum á landinu og þá aðallega hér í Reykjavík, hefur sú áætlunartala minna almennt gildi.

Þegar meta skal möguleika manna til að eignast þak yfir höfuðið, þá er ekki nóg að líta aðeins á byggingarkostnaðinn. Það þarf jafnframt að gæta að því, hvernig lánsféð dugir mönnum til að mæta þessum kostnaði. Um tvær stofnanir er aðallega að ræða, sem lána til íbúðabygginga, stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem veitir lán til íbúðarhúsa í sveitum, og byggingarsjóð ríkisins hjá húsnæðismálastjórn, sem lánar til íbúða í bæjum. Ætlunin mun vera, að báðar þessar lánastofnanir hækki nú lán til hverrar íbúðar upp í 150 þús. kr., og hefur húsnæðismálastjórnin veitt örfá lán af þeirri upphæð nú við síðustu úthlutun lána.

Til eru nokkrar aðrar stofnanir, sem veitt hafa lán til íbúðarhúsa. Lífeyrissjóðir hafa veitt lán og nokkru hærri lán en hinar stofnanirnar. Þeir, sem þau lán hafa fengið, eru að því leyti betur settir en ýmsir aðrir, að þeir hafa einnig getað fengið nokkurt lán hjá húsnæðismálastjórninni, og mun þeim þó ekki af veita. Lífeyrissjóðirnir hafa því gert mikið gagn í þessum efnum. En þess ber að gæta, að þeir lána að sjálfsögðu ekki öðrum en þeim, er greiða til þeirra lífeyrissjóðsgjald. Sjóðirnir eru myndaðir að verulegu leyti af árgjöldum þessara manna og eru því að þessu leyti þeirra eign. Auk þess er hlutverk lífeyrissjóðanna allt annað en að vera lánastofnanir, og það hlutverk, þ. e. a. s. lífeyrisgreiðslurnar, þyngist á sjóðunum, eftir því sem árin líða, og að sama skapi dregur úr möguleikum þeirra til lánveitinga.

Sparisjóðirnir munu eitthvað hafa lánað til íbúðabygginga, en bæði er, að þeir geta af eðlilegum ástæðum ekki lánað nema til skamms tíma, sem eru erfiðir kostir fyrir húsbyggjendur, og að veðsetningar hindra oft, jafnvel oftast, að lán úr byggingarsjóði fáist einnig til þeirra íbúða, sem sparisjóðirnir lána til.

Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða, en sá sjóður hefur yfir svo litlu fjármagni að ráða, að ekki er nema um sárafá lán að ræða, sem sjóðurinn getur veitt, og það jafnvel ekki nema annað hvert ár.

Einstök bæjarfélög, en þó aðallega Reykjavík, hafa veitt mönnum lán til íbúðabygginga samkv. l. um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis. Er þá helmingur lánsfjárins frá bæjarfélaginu, en hinn helmingurinn kemur frá ríkinu.

Auk þessa veitir húsnæðismálastjórn einnig lán til þessara íbúðabygginga. Sú regla, sem nú hefur verið upp tekin hjá húsnæðismálastjórn í þessum efnum, a. m. k. hér í Reykjavík, er þannig, að út á tveggja herbergja íbúð lánar bæjarfélagið 110 þús. kr., ríkið jafnháa upphæð, 110 þús., og húsnæðismálastjórn síðan 80 þús., eða alls eru þetta 300 þús. kr. lán út á tveggja herbergja íbúð. Út á þriggja herbergja íbúð er 120 þús. kr. lán frá bæjarfélaginu, 120 þús. kr. frá ríkinu og 100 þús. kr. frá húsnæðismálastjórn, eða samtals 340 þús. kr. En eins og áður er sagt,

eru þessi lán eingöngu veitt þeim, er búa í heilsuspillandi húsnæði.

Af þessu, sem ég hef hér nefnt, er ljóst, að lánveitingar til íbúðabygginga ganga æði misjafnt yfir. Þar sem mikill fjöldi manna á hlut að lífeyrissjóðum, eru heildarlán til íbúðabygginga mun meiri en þar sem þessu er ekki til að dreifa. Svipað má segja um aðstöðu einstaklinga til lánsfjár. Það er þó fjarri því, að um nokkra ofrausn sé að ræða í lánveitingum til íbúðabygginga, ekki heldur þar sem þessar lánveitingar eru einna ríflegastar. En hinu má ekki gleyma, að þar sem lánsfjárskorturinn er sárastur, þar verður fyrst að bæta úr. Og þar á ég við þá húsbyggjendur, sem enga von hafa um annað lánsfé en einar 150 þús. kr., hvort sem þær eru frá húsnæðismálastjórn, frá stofnlánadeild landbúnaðarins eða annars staðar frá.

Þegar mjög hófleg íbúð kostar um 500 þús. kr. og lánsfé er ekki nema 150 þús., þá þarf eigið framlag þess, sem byggir, að vera um 350 þús. Menn reyna að ráða við þennan mikla vanda vegna þess, hve þörfin er mikil, með því að hafa íbúðirnar minni. En þótt íbúðin sé ekki nema um 300 rúmmetrar, sem er langt fyrir neðan meðalstærð, þá kostar hún samt um 490 þús. kr., og þarf þá eigið framlag að vera um 340 þús. kr., ef lánsfé er 150 þús. En hvaða fólk er það, sem mesta þörfina hefur fyrir íbúðarhúsnæði? Auðvitað er það unga kynslóðin, fólkið, sem er að stofna heimili, þótt menn á öllum aldri geti þurft að byggja sér íbúð. Þetta fólk, þetta unga fólk, það getur ekki aldursins vegna verið búið að safna miklu fé. Flest hefur það stundað nám og sumt um langt skeið, svo að það er viðbúið, að þar sé meira um skuldir en eignir, þegar að því kemur að stofna heimili. Þá stendur þetta fólk uppi vegalaust. Eitt helzta úrræðið verður að leita á náðir vandamanna um húsnæði til bráðabirgða eða jafnvel að sætta sig við heilsuspillandi íbúð. Þriðja leiðin er stundum valin: að hefja byggingu, þótt sáralítil von sé til þess að geta komið byggingunni upp.

Þetta er alvarlegt ástand. Og það fer versnandi með vaxandi dýrtíð. Opinberar skýrslur um byggingar undanfarinna ára sýna þetta rækilega. Skýrsla um það, hversu margar íbúðir hefur verið byrjað á að byggja 3 s. l. ár, borið saman við 3 næstu ár á undan, sýnir samdrátt seinni árin, sem nemur 39% í sveitum, 23% í kauptúnum, 22% í kaupstöðum og 35% í Reykjavík. Ætla má, að þessar tölur sýni, hversu vel fólk treystir sér til þess að hefja byggingu nýrra íbúða með vaxandi dýrtíð, eins og nú er, því að ekki þarf að efast um það, að húsnæðisþörfin er vaxandi, en ekki minnkandi.

Til eru skýrslur hjá Efnahagsstofnun ríkisins yfir fjárfestingu í húsbyggingum almennt í landinu á undanförnum árum, þar sem verðlag hvers árs er umreiknað í verðlag 1954, svo að réttur mælikvarði fáist. Samkvæmt þessum skýrslum er þróunin þannig 3 s. l. ár, borið saman við 3 næstu ár þar á undan, að verulegur samdráttur hefur orðið í byggingu íbúðarhúsa og í byggingu húsa í þágu landbúnaðar og sjávarútvegs. Hins vegar er um aukningu að ræða í öðrum flokkum bygginga. T. d. er aukningin í byggingu verzlunar- og skrifstofuhúsa um 92%, eða fjárfestingin um 78 millj. kr. meiri 3 s. l. ár en 3 næstu árin þar á undan, og nokkur aukning hefur orðið í húsbyggingum í heild í landinu, eða um 6%. Á árinu 1958 er fjárfesting í íbúðarhúsum 365,5 millj. kr. En þá var hún aðeins 28,1 millj. kr. í verzlunar- og skrifstofuhúsum, eða sem svarar 8% af því, sem fór til íbúðarhúsa. En á árinu 1961 er fjárfesting í íbúðarhúsum 271,3 millj. kr., en þá var hún 66,8 millj. kr. í verzlunar- og skrifstofuhúsum, eða sem svarar 25% af því, sem varið er til íbúðarhúsa. Allar þessar tölur eru miðaðar við verðlag ársins 1954. Þessar tölur sýna, að þróunin er vægast sagt alvarleg. Mikill samdráttur er í byggingu íbúðarhúsnæðis þrátt fyrir tilfinnanlegan húsnæðisskort, en á sama tíma verður stórkostleg aukning í byggingu verzlunar- og skrifstofuhúsa.

Í síðasta lið þessarar þáltill. er bent á þá nauðsyn að veita nokkurt lánsfé til endurbóta á húsum og til þess að menn geti keypt hús til eigin nota. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að oft má endurbæta svo gömul hús, að þau nálgist það að verða sem ný, þótt aðeins þurfi til þeirra endurbóta hluta af því fjármagni, sem þarf til nýrrar byggingar. En engin lánastofnun í landinu, sem mér er kunnugt um, telur það vera sitt hlutverk að lána til slíkra endurbóta. Afleiðingin verður sú, að menn neyðast út í nýbyggingar, ef þeir treysta sér þá til þess, eða þeir búa áfram í úr sér gengnum húsakynnum, þar til þau eru loks yfirgefin. Þetta er sóun á verðmætum, sem bæði einstaklingar og þjóðin í heild geldur fyrir. Svipuð þessu er aðstaða manna til þess að kaupa hús, jafnvel þótt þau séu aðeins nokkurra ára gömul og í góðu ástandi. Lán er ekki unnt að fá til slíkra húsakaupa, þótt hinn húsnæðislausi maður hafi fjárhagslega möguleika til að gera slík kaup með nokkru lánsfé, en enga fjárhagslega möguleika til þess að ráðast í nýbyggingu. Úr þessu hvoru tveggja þarf að bæta, enda er með því dregið úr lánsfjárþörfinni til nýbygginga.

Okkur flutningsmönnum þessarar þáltill. er ljóst, að það er mikið vandaverk að afla þess fjár, er með þarf til þess að fullnægja húsnæðisþörfinni á næstu árum. En okkur er jafnljóst, að þessum vanda verður ekki lengur skotið á frest, því að ástandið versnar með hverju árinu sem líður. Við leggjum ekki til, að þessu máli sé flaustrað af, heldur sé ætlaður til þess hæfilegur tími og að allir flokkar eigi þar hlut að máli. Við, sem nú eigum sæti hér á hv. Alþ., þurfum ekki að vera að leysa þetta mál okkar sjálfra vegna persónulega, við komumst einhvern veginn af

í þessu máli. En við þurfum að gera það fyrir hina vaxandi kynslóð. Við höfum meiri skyldur við hana en okkur sjálfa, og þær skyldur verðum við að rækja. Æska landsins er vorgróðurinn, sem við verðum að hlúa að. Ef við gerum það ekki, þá bregðumst við henni og þar með þjóðinni.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. fjvn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Við hv. 1. flm. þessarar þáltill., sem hér er til umræðu, áttum nokkrar umræður um þessi mál í hv. Ed. á síðasta Alþ. varðandi þær tölur, sem hann minntist hér á, og skal ég láta nægja að vísa til þeirra umræðna hvað þá hlið málsins snertir.

Ég vil að öðru leyti segja það um þessa þáltill., að mér sýnist, að ekkert nýtt sé í henni, annað en þá ef vera má síðasta atriði till., þ. e. a. s. um lánveitingar til endurbóta á eldra húsnæði. Þó vitum við það, að húsnæði hefur á öllum árum verið að ganga úr sér og er ekki meira um það í ár en áður miðað við húsafjölda í landinu eða íbúðafjölda, og ekki hafa lánastofnanir treyst sér til að opna sérstaka lánamöguleika til endurnýjunar þess, þó að það skuli hér viðurkennt, að nauðsyn sé á því, að þeir aðilar, sem slíkar endurbyggingar hefðu í huga, ættu kost á lánum. En ég bendi á reynslu undanfarandi ára, sem hefur verið jafnbrýn þá og nú í þessum efnum, og að til þessa hefur ekki verið lagt af neinni ríkisstj.

Varðandi aðstöðuna til lána, sem hv. flm. minntist sérstaklega á, þá vona ég, að ekki sé um það ágreiningur meðal hv. alþm., að þeir, sem þar njóta hagstæðra lána, þ. e. a. s. á vegum þess opinbera af húsnæðismálastjórn og í verkamannabústöðum, það séu þeir aðilar, sem í mestri þörfinni séu. Um jöfnun aðstöðu við þetta fólk er því ekki að ræða, það hefur algera sérstöðu um sína íbúðaþörf. Ég vil ekki leggja þann skilning í málflutning hv. flm., að það hafi verið hans hugmynd, að þetta fólk ætti ekki sérstaka fyrirgreiðslu skilið, eftir að hafa um lengri eða skemmri tíma þurft að búa við öryggisleysi húsnæðisleysisins eða þá í algjörlega heilsuspillandi húsnæði.

Um þessa till. til þál. og þessi mál almennt vil ég segja, að það hefur verið fastur liður við byrjun hvers stjórnarsamstarfs undanfarin 10 ár a. m. k. að hefja endurskoðun á l. um húsnæðismál og þá sérstaklega lánveitingahlið þessarar löggjafar. Af framangreindum ástæðum hafa nokkrar breytingar orðið á l. um húsnæðismál, bæði hvað viðkemur húsnæðismálastofnuninni sjálfri og l. um verkamannabústaði, ásamt þeim kafla l. um húsnæðismálastofnun, sem sérstaklega fjallar um lánveitingar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Löggjöf um þessi efni hefur í endurteknum endurskoðunum, að mínu áliti, tekið góðum framförum, þannig að í dag eru einnig orðnar svo rúmar heimildir til tæknihliðar þessara mála, að í þeim efnum skortir ekki sérstaklega endurskoðun l., svo sem 2. gr. l. um húsnæðismálastofnun ber með sér. Um lánveitingarnar sjálfar er það að segja, að þar skortir enn töluvert fé, til þess að mögulegt sé að fullnægja löglegri eftirspurn. Ég segi: löglegri eftirspurn, og á þar að sjálfsögðu við það hámark, sem í lögunum er í dag, svo að öllum má ljóst vera, hve þörfin er mikil, ef fara ætti að óskum hv. flm., sem fram komu í hans framsöguræðu hér áðan.

Síðasta athugun um lánsfjárþörf hjá húsnæðismálastofnuninni fór fram 1. sept. s. l. að lokinni allsherjarendurnýjun lánaumsókna þar. Þörfin miðað við löglegar umsóknir reyndist þá vera 87 millj. kr. Í kjölfar þessarar athugunar fór fram lánveiting á 50 millj. kr., sem er stærsta lánveiting, sem fram hefur farið í einu lagi á vegum stofnunarinnar, þannig að þörfin miðað við fyrrgreinda athugun hefur verið þá um 37 millj. eftir fyrrgreinda 50 millj. kr. lánveitingu, til þess að ná mætti því marki að fullnægja löglegum umsóknum. Tölur í þessum efnum eru þó breytilegar, því að sífellt og daglega berst fjöldi nýrra lánsumsókna og umsóknir um viðbótarlán frá umsækjendum, sem einhver byrjunarlán hafa fengið. Fjöldi lánsumsókna hefur á þessu ári farið mjög vaxandi, svo og sala íbúðateikninga frá teiknistofu stofnunarinnar.

Mjög hefur verið um það deilt á undanförnum þingum, hve hámarkslánin ættu að vera há, þ. e. hve mikill hluti af byggingarkostnaðinum. En inn á þær brautir skal ég ekki, eins og ég áðan sagði, fara sérstaklega að þessu sinni, til þess eru umr. frá síðasta þingi of ferskar. Eitt eru allir sammála um. Það er, að æskilegast sé, að lánin séu sem hæst, lánstími sem lengstur og vextir sem lægstir. Um það, hvernig eigi hins vegar að gera þessa hluti að veruleika, gera þá að meira en innantómum áróðri. vandast málið, eða svo virðist a. m. k., því að það kemur þá ávallt fram, hvort tillögurnar eru bornar fram af stjórnarliði eða stjórnarandstöðu.

Í öllum þeim miklu umr., sem fram hafa farið um þessi mál á s. l. tíu árum, hafa aðeins verið nefndar tvær raunhæfar leiðir til fjáröflunar. Það er í fyrsta lagi erlend lántaka og í öðru lagi, að ákveðinn hluti sparifjármyndunar landsmanna renni til útlána í þessu skyni.

Hin erlenda lántaka hefur oft verið rædd og ekki hvað minnst á stjórnarárum hæstv. vinstri stjórnar, sem hv. flm. þessarar till. voru velflestir góðir stuðningsmenn að. Hugmyndin um erlendu lántökuna til íbúðabygginga var þá, eins og fyrr og síðar, afgreidd með þeim rökum, að erlend lán yrði að nota til annarra þarfa þess opinbera, eða þar, sem fé ylti hraðar. Erlent lán eða erlent fé mætti ekki festa í lánum til svo langs tíma. Þetta hafa verið rökin, sem allan þennan tíma hafa verið notuð gegn erlendu fé til íbúðarhúsabygginga.

Um síðari leiðina, að hluta af sparifjármyndunarfé landsmanna yrði varið til útlána í íbúðarhúsabyggingar, er svipaða sögu að segja. Það hefur allan tímann þar til nú í ár verið talið, að sú litla sparifjármyndun, sem átt hefur sér stað, yrði að notast til útlána á öðrum sviðum, svo sem til höfuðatvinnuveganna: sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar. Með hinni auknu sparifjármyndun nú hefur hins vegar á yfirstandandi ári tekizt fyrir forgöngu hæstv. félmrh. samkomulag við viðskiptabankana og stærstu sparisjóði landsins um kaup á skuldabréfum byggingarsjóðs fyrir um 25 millj. kr., og skiptu þessir aðilar bréfakaupunum eftir sparifjármyndun hvers um sig. Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs hefur og drengilega stutt sjóðinn síðustu tvö ár og keypti nú á yfirstandandi ári bréf sjóðsins fyrir nálega 25 millj. kr. Fé þessu var öllu ráðstafað í lánveitingu í septembermánuði s. l. Skyldusparnaðurinn, sem fyrstu 3 árin reyndist alldrjúg tekjulind fyrir byggingarsjóð, hefur sífellt verið að dragast saman vegna aukinna endurgreiðslna og mun að gleggstu manna yfirsýn vera genginn í sjálfan sig á næstu 2—4 árum, þannig að af honum verða ekki tekjur til útlána.

Vandamálin í húsnæðismálum verða æ fleiri og margs konar. Svo sem er um flest önnur hin stærri vandamál okkar, eru þau nátengd hvert öðru, sem glíma verður við, eins og t. d. um hina öru tilflutninga fólks milli hinna ýmsu landshluta og stofnun nýrra byggðarlaga, allt of langan byggingartíma og fjárskort, auk hins háa byggingarkostnaðar. Þá má og minna á nauðsyn þess, að ávallt þarf að endurnýja úrelt og gamalt húsnæði, auk þeirra íbúða, sem beinlínis hafa verið taldar heilsuspillandi. Hv. alþm. eru öllum kunnir hinir öru fólksflutningar, sem hér hafa átt sér stað á undanförnum árum og óhjákvæmilega knýja á um stóraukna íbúðaþörf í hinum ýmsu landshlutum, og er þó íbúðaþörfin mest áberandi á svæðinu frá Þorlákshöfn vestur um til Ólafsvíkur. Auk beinna fólksflutninga til þessa landssvæðis er með breyttum atvinnuháttum að færast í það horf, að fullkomnara atvinnuöryggi sé árið um kring á þessum hluta landsins en annars staðar, sem mun eiga einna drýgstan þátt í því, að fólk uni almennt ekki við hið eldra húsnæði. Bættur efnahagur knýr og á um endurnýjun húsnæðis. Utan þessa landssvæðis munu Dalvík og Sauðárkrókur eitt gleggsta dæmið um íbúðaþörf, án þess að um fólksfjölgun sé að ræða. Á þessum stöðum hefur s. l. 2—3 ár verið mjög svipaður fólksfjöldi, en þó miklar byggingarframkvæmdir miðað við þennan fólksfjölda, eða 20—30 íbúðir á hvorum stað á ári.

Á þessum 20 árum hefur Reykvíkingum fjölgað úr 38 þús. í 72 þús., eða um 90%. Á sama tíma er fólksfjölgun í öllu landinu talin vera 56 þús., eða 45%, þar af var því aukningin í Reykjavík og nágrenni rúmlega 90%. Fólksfjölgun í bæjum og kauptúnum með yfir 300 íbúa o. fl., þ. e. á þeim stöðum, sem lánakerfi verkamannabústaða og húsnæðismálastjórnar nær til, varð á árunum 1940—1958 frá 62—79%. Þessar tölur skýra nokkuð það, sem fyrr er sagt, hver íbúðaþörfin hlýtur á næstu árum að verða — og verða bundin ákveðnum landssvæðum.

Byggingartími íbúðanna hefur þrátt fyrir aukna tækni sífellt verið að lengjast, og mun meðalbyggingartími íbúða nú vera því sem næst 2½ ár, frá því að hafizt er handa og þar til íbúðin er fullgerð. Þessi öfugþróun kemur fram í því, að aukinn fjöldi fjölskyldna býr í hálfgerðum íbúðum. Orsakirnar til þessa eru þessar að mínu áliti: 1) Við byggjum stærri, vandaðri og varanlegri, en um leið dýrari íbúðir en flestar aðrar þjóðir, og kröfurnar til aukins íburðar fara vaxandi. 2) Mannekla í byggingariðnaði og þó sérstaklega í einstökum greinum hans. 3) Fjárskortur. 4) Óskipulagðir og lítt breyttir byggingarhættir.

Í ágúst 1957 komu hingað til lands tveir sérfræðingar á vegum félagsmáladeildar Sameinuðu þjóðanna til þess að athuga, hvort rétt væri, að Sameinuðu þjóðirnar veittu tækniaðstoð til endurbóta á sviði íbúðabygginga. Að athugun þeirra lokinni mæltu þeir eindregið með slíkri aðstoð. Þessi aðstoð hefur þegar reynzt mjög mikilvæg og komið fram í því, að sendir hafa verið sérfræðingar hingað til lands og sérmenntaðir Íslendingar hafa átt þess kost að kynna sér þróun þessara mála í þeim löndum, sem við hliðstæðust vandamál eiga að etja og hér á landi.

Um áramótin 1959—1960 kom hingað til lands bandarískur byggingasérfræðingur, sem hefur áratuga reynslu í þeim málum, og dvaldist hann hér á landi um alllangt skeið. Niðurstaða rannsókna hans var m. a. sú, að við notuðum 2½ sinnum meira fé til íbúðabygginga en Vestur-Þjóðverjar, miðað við hverja þúsund íbúa annars vegar og þjóðarframleiðslu hins vegar, en byggjum samt sem áður færri íbúðir á hverja þúsund íbúa. Meðalíbúð hér kostar því sem næst 5 árslaun, en í Bandaríkjunum 2½ árslaun, í Bretlandi 2,7, Noregi 3,4, Svíþjóð það sama, Danmörku 3,6, Vestur-Þýzkalandi 3,8 árslaun og í Finnlandi 4 árslaun.

Nýtingu gólfrýmis telur sérfræðingurinn mun verri hér en víðast hvar annars staðar og tekur í því sambandi 24 önnur lönd til samanburðar. Þar reynist meðalgólfrými fyrir hvern íbúa 15.8 fermetrar, en hjá okkur 24.5 fermetrar á hvern íbúa. Nýting þessara þjóða á gólfrými er því sem næst 76% á móti 60% hjá okkur.

Af fyrrgreindri athugun er einnig ljóst, að við byggjum mikinn meiri hluta íbúða okkar mun stærri en allar okkar nágrannaþjóðir, en um 60% íbúða okkar eru íbúðir með 4 herbergi og eldhús og stærri, á móti 10% hjá t. d. Dönum, 20% hjá Vestur-Þjóðverjum. Þessi samanburður verður öfugur, þegar tala íbúða, sem eru 3 herbergi og eldhús og minni, er

tekin til hliðsjónar. Mánaðarlegur húsnæðiskostnaður er hér einnig hærri en hjá fyrrgreindum þjóðum á árunum 1931—1955. Á árinu 1931 er þessi kostnaður talinn 12 daglaun hjá Svíum, en 13 daglaun hjá okkur. Árið 1955 er hann talinn 5 daglaun í Svíþjóð, en 14 daglaun hjá okkur. Svíþjóð hefur því lækkað húsnæðiskostnað sinn um 7 daglaun á þessum árum, á sama tíma sem hann eykst hjá okkur um ein daglaun.

Allir þessir erfiðleikar hafa blasað við s. l. 10—20 ár og allt upp í 30 ár, og hafa þó allir stjórnmálaflokkar komið við sögu um stjórn landsmálanna á þessum tíma. Sannleikurinn um þessi mál er öllum, sem um þau vilja hugsa, tiltölulega einfaldur og ljós, en vandamálin hafa samt sem áður reynzt torleyst. Ein viðbótarendurskoðun þessara mála nú leysir ekki þennan vanda, sem hér er um að ræða. Svo sem fyrr er sagt, skortir ekki heldur á lagaheimildir til þess að ráðast til lausnar þessum erfiðleikum.

Við þurfum að ráðast gegn fyrrgreindum erfiðleikum eftir nákvæmri og fyrirframgerðri áætlun, því að þar verður ekki eitt atriði þessara mála leyst án þess, að jafnframt þurfi að leysa hin. Sameina þarf fjárhagslega aðstoð við húsbyggjendur í einni stofnun á vegum þess opinbera. Í dag skipta þeir aðilar tugum, sem lána fé í einu eða öðru formi til íbúðabygginga, og skapar það ótrúlega erfiðleika í framkvæmd lánveitinganna og torveldar alla heildarstjórn í þessum málum. Stuðla þarf að því, að nýjungar í byggingariðnaði eigi auðveldara uppdráttar, m. a. með því, að byggt verði í stærri og skipulagðari heildarframkvæmdum með fyrir fram tryggðu fjármagni. Á þennan hátt mætti stytta byggingartímann að mun og stórlækka með því einu byggingarkostnaðinn, um leið og starfsorka byggingarmannanna nýttist mun betur. Það er staðreynd, að við eyðum mun meira fé á hvern íbúa landsins til íbúðabygginga miðað við aðrar þjóðir, en afrakstur þessa er að sama skapi færri íbúðir fyrir þetta fé. Allt þetta, ásamt stórauknum rannsóknum í byggingariðnaði ásamt tilraunum, er nauðsynlegur undanfari að því að fullnýta það fjármagn, sem til þessara framkvæmda fer í dag, en um það vona ég að allir hv. alþm. geti verið sammála.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 9. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 14. nóv., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Fiskiðnskóli.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fiskiðnskóla [44. mál] (A. 44).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 9., 11. og 14. fundi í Sþ., 31. okt., 7., 9. og 21. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Á þskj. 44 höfum við hv. 4. þm. Norðurl. e., hv. 7. landsk. þm. og hv. 3. þm. Norðurl. e. flutt till. til þál. um fiskiðnskóla, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um fiskiðnskóla, er ætlað sé það hlutverk að búa menn undir fiskmatsstörf, verkstjórn, kennslu og leiðbeiningastarfsemi í fiskiðnaði.“

Mér þykir hlýða í fjarveru fyrsta flm. að fylgja till. þessari úr hlaði með örfáum orðum. Við höfum flutt till. þessa, fjórmenningarnir, á tveim þingum áður, og hefur hún í hvorugt skiptið náð fram að ganga. Þó verður varla talið, að mönnum sé ekki ljós nauðsynin á því að stofna skóla sem þennan. Í grg. er nokkuð ýtarlega rakið, hvernig þessum málum hefur verið háttað hér hjá okkur Íslendingum á undanförnum 13 árum eða svo, og er öllum kunnugum ljóst, að hér þurfa verulegar aðgerðir til að koma til þess að bæta úr því ófremdarástandi, sem í þessum málum ríkir. Fiskmatsmenn hafa um langan tíma haft mikinn áhuga á því, að skóla sem þessum yrði komið á fót. Og á það má minna, að aðalfundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna samþykkti á árinu 1960, þ. e. a. s. á því ári, sem þessi þáltill. var fyrst flutt, óbreytt eins og hún nú er, þá samþykkti aðalfundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna áskorun til Alþingis um að samþykkja till. þessa.

Síðan 1947 hefur verið haldið uppi nokkurri fræðslu á vegum atvmrn. í fiskiðnaði, og hefur þeim námskeiðum verið stjórnað af Bergsteini Á. Bergsteinssyni fiskmatsstjóra. Yfir 500 manns munu hafa sótt þessi námskeið, og það mun vera samdóma álit þeirra og annarra, er fylgzt hafa með þeim, að ávinningurinn af þessum námskeiðum sé alveg óumdeilanlegur. Einnig hafa samtök fiskframleiðenda í landinu, svo sem Sölumiðstöð

hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, haldið námskeið í fiskiðnaði á nokkrum undanfarandi árum með góðum árangri. Það er hins vegar öllum ljóst, að námskeið þessi eru hvergi nægjanleg til þess, að þau gefi þann árangur, sem nauðsynlegur er fyrir þjóð sem Íslendinga, sem byggir afkomu sína svo mjög á fiskveiðum og fiskiðnaði. Því hafa þær raddir gerzt æ háværari á undanförnum árum, sem talið hafa þess brýna þörf, að komið yrði á fót sérstökum fiskiðnaðarskóla, sem yrði rekinn af myndarskap og gæti veitt þeim, er þar kynnu nám að stunda, alhliða fræðslu um fiskiðnað.

Enda þótt till. þessi hafi ekki mætt miklum skilningi á hv. Alþingi þau tvö ár, sem hún hefur legið fyrir því, þá geri ég mér vonir um, að hugur hv. þm. kunni að hafa breytzt eitthvað í þeim efnum, ef marka má þau skrif, sem nú hafa séð dagsins ljós síðustu daga um þörfina fyrir slíkan skóla, ef þau eru af einhverri alvöru skrifuð. Í stjórnarblöðunum, Vísi og Alþýðublaðinu, frá 27. nóv. s. l., er að finna leiðara um þetta mál. Ég leyfi mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp örfá orð úr leiðara Vísis um þetta mál, en þar segir svo m. a.:

„Hér ber allt að sama brunni. Við þurfum sem allra fyrst að stofna fullkominn fiskiðnaðarskóla. Þar sé ungum mönnum kennt allt það, sem til fiskiðnaðar heyrir, verkun, frysting, reyking, söltun og niðursuða, svo að eitthvað sé upp talið. Slíkur skóli er grundvöllur þess, að við verðum samkeppnisfærir á hinum miklu Evrópumörkuðum, sem innan skamms munu opnast fyrir íslenzkan fisk. Þetta er þjóðhagsmunamál, sem þegar þarf að hrinda í framkvæmd."

Alþýðublaðið skrifar sama dag leiðara, sem það nefnir: „Að dragast aftur úr". Þar er mjög sterklega undirstrikuð þörfin fyrir skóla sem þennan og á það bent, að það sé einkennilegt, að þjóð, sem heldur uppi jafnvíðtæku skólakerfi og Íslendingar gera, skuli til þessa hafa látið undir höfuð leggjast að stofna og efla fiskiðnaðarskóla, svo mikil þörf sem einmitt er fyrir slíkan skóla og svo óumdeilanlega sem lífsafkoma þjóðarinnar er að verulegu leyti undir því komin, að okkur takist að kunna og læra rétt vinnubrögð og rétta meðferð þess fisks, sem fiskimenn okkar afla og leggja hér á land.

Ég geri mér vonir um, að sá andi, sem kemur fram í leiðurum þessara tveggja stjórnarblaða, bendi eindregið til þess, að till. þessi muni hljóta greiðan gang í gegnum þetta þing, og vil ég fagna þeirri breytingu, sem ég þykist mega vænta að hafi þarna á orðið.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að umr. um þetta mál verði frestað og því vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Frv. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 421, var útbýtt 20. marz, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Geðveikralög.

Á 5. fundi í Sþ., 23. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúning geðveikralaga [47. mál] (A. 47).

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 9., 11. og 14. fundi í Sþ., 31. okt., 7., 9. og 21. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Efni þessarar till. er það, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að skipa nefnd til þess að undirbúa frv. til geðveikralaga og láta leggja slíkt frv. fyrir næsta þing. Ég flutti sams konar till. seint á síðasta þingi, en hún fékk þá ekki afgreiðslu, enda mjög liðið á þingið, þegar hún kom fram.

Ég mun ekki hafa mörg orð fyrir þessari till. að þessu sinni. Ég vil benda á, að hér hefur ekki verið um að ræða neina samfellda geðveikralöggjöf fram á þennan dag. Þær þjóðir, sem okkur standa næstar, hafa þó lengi notið slíkrar löggjafar hjá sér, og þær hafa gert sér far um sérstaklega að vanda sem mest til þessarar löggjafar. Það sést á því, að í þessum löndum, nágrannalöndum okkar, fer alltaf öðru hvoru fram endurskoðun á geðveikralögum, þannig að þau eru á hverjum tíma færð í þann búning, sem hæfir hverju sinni. Að sjálfsögðu eru geðveikralög fyrst og fremst sett sjúklingunum til öryggis. Slík löggjöf á að tryggja þeirra rétt. Í slíkum lögum er ákvarðað, hver skuli vera réttur og skylda læknisins gagnvart sjúklingnum, og þau segja einnig fyrir um afskipti venzlamanna og samfélagsins eða yfirvaldanna af málefnum sjúkra.

Ég held, að það sé töluvert erfitt að vera án slíkra laga, og ég held, að það bitni óhjákvæmilega á öllum þeim aðilum, sem málið snertir, það bitni á sjúklingunum, á læknunum, vandamönnunum og líka á yfirvöldum landsins. Af skiljanlegum ástæðum er ráðstöfun geðsjúklinga yfirleitt og allajafna viðkvæmara og vandasamara mál en ráðstöfun

á öðrum sjúklingum. Þess vegna er einmitt hættara við árekstrum og mistökum, ef ekki er hér vel um hnútana búið. Geðsjúklingi þarf auðvitað fyrst og fremst að hjálpa, og stundum þarf að gera það gegn hans eigin vilja. Læknirinn verður því að vita upp á hár, hvað honum er heimilt að gera samkv. lögum. Það er einnig auðvelt í slíkum tilfellum að leggja of þunga byrði á herðar raunamæddra vandamanna, þegar um þau er að ræða, t. d. að taka ráðin af sjúklingnum. Þar hljóta yfirvöld að einhverju leyti að koma til. Það sést af þessu, að hér verður hver málsaðili að gegna sínu hlutverki í samræmi við ákveðnar reglur.

Nauðsynleg ákvæði í geðveikralögum eru að sjálfsögðu margvísleg. Ég ætla ekki að telja þau upp, en það má fá hugmynd um, hvað í slíkum lögum eigi að standa, fyrst og fremst með því að bera upp nokkrar spurningar. Ég skal telja upp fáeinar.

Hverjum ber skylda til að sjá svo um, að geðsjúklingur, sem spítalavistar þarfnast, hljóti hana? Hvenær er það lögleg aðgerð að vista geðveikan mann gegn vilja hans í sjúkrahúsi eða hæli? Má vista mann í geðveikraspítala eingöngu samkv. hans eigin ósk? Ef sjúklingur er vistaður í geðveikrahæli samkv. læknisvottorði, hve gamalt má það vottorð þá vera, til þess að það sé gilt? Hefur læknir geðveikraspítala leyfi til að gefa vottorð um, að ákveðinn sjúklingur þarfnist vistar á sama spítala? Ef rökstuddur grunur er um, að geðsjúklingur sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum, ber þá yfirvöldum að sjá honum þegar í stað fyrir hælisvist, eða hvílir skyldan á einhverjum öðrum aðila? Hvernig skal við bregðast, þegar geðsjúklingur, sem telst ekki hafa fengið bata, krefst þess að fá að fara úr geðveikrahælinu? Hvenær getur yfirlæknir geðveikraspítala neitað að burtskrá sjúkling, og hvenær hefur hann ekki rétt til að neita því? Hvert getur geðsjúklingur snúið sér, ef hann telur sig órétti beittan innan hælisveggja, og ef hann leitar úrskurðar um réttmæti kvartana sinna, hve lengi skal hann þá bíða eftir þeim úrskurði?

Ég rek þetta ekki frekar. Um þessi efni og önnur svipuð er ætíð fjallað í geðveikralögum, að ég hygg, enda brýn nauðsyn. Að öðru leyti eru slík lög mjög margbreytileg og misjafnleg, sérstaklega misjafnlega umfangsmikil. Hjá sumum þjóðum eru geðveikralög mjög stór og fyrirferðarmikil, og má þar oft finna ákvæði um gerð og tegundir hinna ýmsu lækningastofnana, sem til greina koma, réttindi þeirra og skyldur, svo og um kostnaðarhlið geðveikramála. En um þetta tel ég enga ástæðu til að ræða frekar.

Ég veit ekki, hvort mér með þessum orðum hefur tekizt að vekja athygli á nauðsyn þessa máls. Hitt er víst, að hér er um vöntun að ræða, sem úr þyrfti að bæta og það hið bráðasta. Geðsjúklingar eiga að njóta ákveðinna réttinda eins og aðrir menn, því að þeirra örlög eru nógu þungbær samt. Skyldurnar við þessa sjúklinga þurfa einnig að markast skýrar en nú er gert, þannig að hver aðili af öðrum geti ekki velt af sér ábyrgðinni, eins og nú vill oft við brenna í okkar þjóðfélagi. Ég álít, að geðveikralög þurfi að vanda vel, og því tel ég, að bezt sé, að sérstök nefnd, skipuð sérfróðum mönnum, undirbúi þau, og fyrir því er gert ráð í till. minni. Ef hið háa Alþingi vildi afgreiða þessa till. jákvætt nú á næstunni, þá ætti tíminn að verða nægur til þess, að unnt yrði að leggja frv. til geðveikralaga fyrir þegar á næsta þingi.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um þessa till. verði frestað og að till. verði vísað til hv. allshn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er rétt, að ég skýri frá því, að það mun hafa verið í ágúst 1961, að ég lagði fyrir landlækni að hefja söfnun gagna til undirbúnings setningu reglna um þau efni, sem hv. flm. gerði hér að umræðuefni. Síðan hefur verið að málinu unnið, en það hafa ekki enn þá verið samdar heilsteyptar till., vegna þess að heilbrigðisstjórnin lagði kapp á að ljúka fyrst lyfsölulöggjöfinni, og enn fremur er unnið að endurskoðun löggjafarinnar um áfengissjúklinga, en þetta er málefni, sem vissulega er aðkallandi að reglur verði settar um. Þetta þótti mér rétt að kæmi hér fram, en ég er sammála hv. flm. um, að málið verði athugað í nefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

9. Vinnsla grasmjöls á Skagaströnd.

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á vinnslu grasmjöls í síldarverksmiðjunni á Skagaströnd [53. mál] (A. 53).

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 11. og 14. fundi í Sþ., 7., 9. og 21. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 53 flutt þáltill. á þá leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga, hvort hagkvæmt sé að vinna grasmjöl í síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd."

Á árunum eftir stríðið létu síldarverksmiðjur ríkisins reisa 6500 mála síldarverksmiðju á Skagaströnd. Þessi verksmiðja hefur ekki orðið atvinnulífinu á Skagaströnd sú lyftistöng, sem ætlað var í fyrstu. Ástæðan er sú, hve sumarsíldaraflinn á vestursvæðinu hefur jafnan verið rýr, og hefur reynslan orðið sú, að síldin hefur ekki verið brædd í verksmiðjunni á Skagaströnd nema örfáa daga á ári hverju. Síðustu tvö sumur, þegar ágætur afli hefur verið á austursvæðinu og síldarverksmiðjurnar á Norðurlandi hafa fengið allmikið hráefni að austan á flutningaskipum, hefur Skagastrandarverksmiðjan orðið mjög afskipt, að því er Skagstrendingar telja, og ríkir mikil óánægja yfir því þar á staðnum. Í framtíðinni getur verið valt að treysta á aðflutt síldarhráefni frá austursvæðinu, þar sem til þess mundi naumast koma nema í beztu aflaárum, auk þess sem afköst síldarverksmiðjanna á Austurlandi fara sívaxandi. Þó er þetta vissulega mál, sem þyrfti að athugast.

Megintilgangurinn með þessari þáltill. um athugun á því, hvort hagkvæmt sé að vinna grasmjöl í síldarverksmiðjunni á Skagaströnd, er að reyna að benda á leið til að nýta betur þessa stóru verksmiðju og gera hana arðbærari, og þar með að gera verksmiðjuna að styrkari stoð undir atvinnulífi Skagstrendinga en hún hefur verið fram til þessa. Talið er, að grasmjölsvinnsla geti farið fram í verksmiðjunni án nokkurra teljandi breytinga á henni og án þess að takmarka síldarvinnsluna, það megi t. d. bræða síld í verksmiðjunni annan daginn og vinna grasmjöl hinn daginn, ef hráefni og aðstæður eru fyrir hendi.

Í nágrenni Skagastrandar er stórt ræktanlegt landssvæði í landi jarðanna Höfðahóla og Finnsstaða. Er önnur jörðin eign ríkisins, en hin Höfðahrepps. Stofnkostnaður vegna grasmjölsvinnslunnar yrði því væntanlega fyrst og fremst kostnaður við ræktun og kostnaður við öflun heyvinnuvéla, þar sem verksmiðjan sjálf er þegar fyrir hendi.

Ég tel mál þetta sannarlega vel þess virði, að það sé ýtarlega athugað. En með þeirri athugun, sem ég legg til að gerð verði, er að sjálfsögðu ekki eingöngu átt við það, að kannað sé, hvort verksmiðjan sjálf sé hæf til grasmjölsvinnslu, heldur verði einnig athugaðir ræktunarmöguleikarnir, kostnaður við öflun tækja og markaðsmöguleikar fyrir grasmjöl, eða m. ö. o., að athugað verði, hvort aðstæður séu fyrir hendi til grasmjölsvinnslunnar og hvort reksturinn geti borið sig. Það hefur þegar farið fram nokkur undirbúningsathugun á þessu máli. Hún var framkvæmd af Jóhanni Frankssyni bústjóra á Stórólfshvoli og að undirlagi hreppsnefndarinnar í Höfðahreppi. Og í þessari skýrslu Jóhanns Frankssonar segir svo í upphafi, með leyfi forseta:

„Vegna beiðni hreppsnefndar Höfðahrepps hefur undirritaður í vetur athugað möguleika til grasvinnslu í Höfðakaupstað. Í fyrsta lagi, hvort vélar síldarverksmiðjunnar geti verið notaðar til þurrkunar og mölunar á grasi. Í öðru lagi aðstöðu til framleiðslu hráefnis í nágrenni þorpsins. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta hér, en vil aðeins taka fram, að svörin við báðum þessum spurningum á þessum aðalathugunarefnum voru mjög jákvæð."

Og í niðurlagi skýrslu sinnar segir Jóhann Franksson:

„Í Höfðakaupstað eru skilyrði til þess að framleiða grasmjöl til útflutnings þau beztu, sem völ er á hér á landi."

Þá hefur hæstv. landbrh. ritað í sumar bréf til stjórnar síldarverksmiðja ríkisins og farið fram á það við verksmiðjustjórnina, að hún léti fara fram athugun á því, hvort fært væri að vinna grasmjöl í síldarverksmiðjunni á Skagaströnd, en af þeirri athugun mun ekki hafa orðið enn. Er nauðsynlegt til áréttingar og til að tryggja alhliða athugun á málinu undir forustu ríkisvaldsins að samþykkja þáltill. í þessu skyni.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Rannsóknaráð ríkisins mun hafa fyrir nokkru gert athugun á þessu máli, á vinnslu grasmjöls, að vísu ekki á Skagaströnd sérstaklega, en hefur tekið það til athugunar, hvort hagkvæmt mundi að hefja slíka framleiðslu hér á landi, og skýrsla um þetta frá rannsóknaráði ríkisins mun á sínum tíma hafa verið send ríkisstj. En nokkru eftir að þetta gerðist var það, sem SÍS ákvað að hefja ræktun og vinnslu grasmjöls í Rangárvallasýslu, á Hvolsvelli, á þeim slóðum, þar sem Ormur Stórólfsson gekk að slætti forðum. Það var vorið 1961, sem SÍS fékk á leigu land þar austur frá og byrjaði þar ræktunarframkvæmdir og kom upp verksmiðju til grasmjölsvinnslu. Sú starfsemi var rekin í fyrsta sinn í fyrra, 1961, og svo enn í ár.

Haustið 1960 barst mér bréf frá hreppsnefndinni á Skagaströnd. Það var dagsett 23. okt. 1960. Í upphafi þess bréfs er vitnað til þess, að rannsóknaráð ríkisins hafi gert athugun á þessu máli, og hreppsnefnd Höfðahrepps skrifaði landbrh. bréf um þetta mál 16. ágúst 1960. Afrit af þessu bréfi til ráðh. fylgdi með bréfi hreppsnefndarinnar til mín, og hreppsnefndin mun einnig hafa skrifað öðrum þm. Norðurl. v. um þetta mál. Í bréfinu til ráðh., sem við fengum afrit af, var þeirri áskorun beint til ráðh., að hann hefði forgöngu um, að heymjölsvinnsla væri starfrækt í sambandi við síldarverksmiðjuna á Skagaströnd. Og í bréfi, sem ég og aðrir þm. í kjördæminu fengu, var þess óskað, að við

fylgdumst með þessu máli, athugunum á því, hvort nýta mætti hið mikla síldarverksmiðjumannvirki, sem þar er, eins og það er orðað í bréfinu, þótt svo færi, að nokkurt magn af síld bærist til vinnslu.

Í fyrra, eftir að grasmjölsvinnsla var hafin á Stórólfsvelli, fór ég fram á það við SÍS, að það fengi forstöðumann þess fyrirtækis, Jóhann Franksson, til þess að fara norður til Skagastrandar til að athuga þar aðstæður allar. Og SÍS varð við þessum tilmælum mínum og fékk forstöðumanninn til að fara norður til Skagastrandar til þess að líta þar á verksmiðjuna og athuga málið. Og eins og frsm. þessarar till. og flm. gerði grein fyrir áðan, sendi Jóhann Franksson oddvitanum í Höfðahreppi bréf um málið, eftir að hann hafði athugað þetta. Það var dagsett 1. marz 1962. Í þessu bréfi er m. a. skýrt frá því, hvaða breytingar Jóhann Franksson telur að þurfi að gera á síldarverksmiðjunni á Skagaströnd, til þess að þar sé hægt að mala hey. Og hann birtir einnig áætlun um kaupverð þeirra tækja, sem afla þurfi til þess að afla hráefnis fyrir væntanlega grasmjölsvinnslu. Hann hefur einnig gert áætlun um, hvað kosti að vinna þar 200 hektara af framræstri mýri.

Eins og þegar hefur verið tekið fram hér af frsm., þá kemur það fram í þessu bréfi Jóhanns Frankssonar til hreppsnefndarinnar, að það muni vera hægt að framleiða grasmjöl í verksmiðjunni með því að kaupa til hennar nokkur tæki til viðbótar. Og hann segir í bréfinu, að það taki ekki langan tíma að breyta til úr síldarmölun í grasmölun. Það sé hægt að gera það á aðeins fáum klukkustundum. Ég tel það alveg tvímælalaust, að þessi maður, Jóhann Franksson, sé sá maður hér, sem hafi mesta þekkingu á þessum efnum, vegna þess að hann hafði kynnt sér þetta alveg sérstaklega, áður en hann tók að sér að vera framkvæmdastjóri fyrir fyrirtæki SÍS á Stórólfsvelli.

Ég held því, að það liggi nokkuð ljóst fyrir og muni ekki þurfa mikla nýja rannsókn til að komast að raun um, að það sé vel framkvæmanlegt að vinna grasmjöl í síldarverksmiðjunni á Skagaströnd. En hér kemur að sjálfsögðu fleira til álita. Ef svo færi, sem við viljum vona, að það berist einhvern tíma meiri síld til vinnslu á Skagaströnd en verið hefur að undanförnu, þá gætu þarna orðið árekstrar, ef verksmiðjunni væri ætlað að vinna mjöl bæði úr síld og heyi. Það er ekki hægt að láta síldina bíða óunna nema takmarkaðan tíma, ef mikið berst að. Og þannig er með vinnslu á grasmjöli, að það þarf að slá grasið á réttum tíma og það verður að vinna heyið strax, eftir að sláttur hefur farið fram. Gæti þarna vissulega orðið um örðugleika að ræða, ef á sama tíma bærist mikil síld til verksmiðjunnar.

En það, sem ég held að þurfi fyrst og fremst að athuga í sambandi við þetta mál, er það, hvaða aðili ætti að rækta landið þar á Skagaströnd og annast þennan rekstur. Ættu það að vera síldarverksmiðjur ríkisins, ef heyið væri unnið í þeirra verksmiðju? Ætti að fela síldarverksmiðjum ríkisins að taka þarna land til ræktunar og rækta það og hafa þar heyskap og öflun hráefnis fyrir verksmiðjuna? Eða er það hugsanlegt, að það væru einhverjir aðrir aðilar, Höfðahreppur eða sérstakt félag íbúanna á Skagaströnd, sem ræktaði landið og heyjaði það og annaðhvort seldi svo síldarverksmiðjum ríkisins heyið til vinnslu í verksmiðjunni eða gerði samninga við verksmiðjuna um vinnslu á því fyrir ákveðið gjald? Þarna gæti verið um ýmsar leiðir að ræða, og ég held, að það ætti fyrst og fremst að taka til athugunar ásamt því, hvaða möguleikar væru til að láta slíkan rekstur bera sig. Hitt sýnist mér að liggi nokkuð ljóst fyrir, að það sé framkvæmanlegt að mala hey í síldarverksmiðjunni.

Eins og ég gat um áður, mun það hafa verið 1. marz s. l., sem Jóhann Franksson skrifaði hreppsnefndinni í Höfðakaupstað og sendi henni skýrslu um sínar athuganir. Síðan hef ég ekkert heyrt frá hreppsnefndinni um þetta mál. Mér er því alveg ókunnugt um það, hvaða athuganir hún hefur gert á málinu síðan eða hvort þær eru nokkrar. Og ég hefði talið það eðlilegt, að sú nefnd hér í þinginu, sem fær þessa till. til athugunar, kynnti sér þær hugmyndir, sem þar kynnu að vera uppi um rekstur á þessu fyrirtæki, ef til kemur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Heyverkunarmál.

Á deildafundum 25. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heyverkunarmál [57. mál] (A. 57).

Á 8., 9., 11. og 14. fundi í Sþ., 31. okt., 7., 9. og 21. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Þessi till. til þál. á þskj. 57 um heyverkunarmál, sem hér er til umr., var einnig flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga.

Hv. fjvn. fékk mál þetta þá til athugunar og sendi það til umsagnar Búnaðarfélags Íslands, sem mælti mjög eindregið með samþykkt till. Hins vegar varð fjvn. ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. vildi láta vísa málinu til ríkisstj. Voru það 5 af nefndarmönnum, sem það vildu. Minni hl., 4 nefndarmenn, vildi láta samþ. till. Til endanlegrar afgreiðslu kom ekki hér í þinginu, þar sem málið var ekki tekið til síðari umr. Ekki var þó því um að kenna, að málið væri svo seint fram borið, að fyrir þær sakir yrði það ekki afgreitt, því að það var flutt í byrjun þings eins og nú. Og það vill svo einkennilega til, að það er núna með sama þingskjalsnr. og í fyrra. Við flm. teljum málið svo þýðingarmikið, að við endurflytjum það nú í þeirri von, að það fái þá afgreiðslu að þessu sinni, sem okkur finnst að því hæfi, þ. e. a. s. að till. verði samþ. hér.

Ég þykist nú varla þurfa að fara orðum um það, hversu þýðingarmikill þáttur í búskap bændanna og þjóðfélagsins í heild það er að tryggja eftir föngum sem bezta heyverkun. Óþurrkar um heyannatímann hafa löngum torveldað það undirstöðustarf bændanna að afla heyja og spillt gæðum fóðurforðans, ýmist með því að hrekja heyið eða á þann hátt, að vegna bleytu og ónógrar þurrkunar hefur hitnað í heyjunum, svo að þau á þann hátt hafa misst næringargildi, eða heyin, eins og mörg dæmi eru um jafnvel á hverju ári, hafa hreinlega brunnið hjá ýmsum bændum vegna ofhita. Það er varla annað til ömurlegra í búskapnum af óhöppum heldur en þegar vetrarforðinn fyrir skepnurnar verður á lítilli stundu að öskuhrúgu. Sumir segja, að ekki sé annar vandinn til að tryggja sig gegn slíkum óhöppum en sá að brunatryggja heyin. Það er að vísu gott, svo langt sem það nær, en leysir ekki fjárhagshlið þessa máls hjá hverjum bónda nema að takmörkuðu leyti, því að þótt fullt verð komi fyrir hin brunnu hey og hús, þá er hitt eftir, sem oft er ókleift, en það er að afla heyja í staðinn, svo að sá, sem fyrir óhappinu varð, þurfi ekki að fella bústofn sinn.

Nú er, svo sem kunnugt er, komin til sögunnar tækni, sem gerir mögulegt að verka góð hey, þó að óþurrkar séu um sláttinn. Ég þarf ekki að lýsa þessari tækni, hún er svo kunn, en ég á við votheysgerð og súgþurrkun. Votheysgerðin er um margra áratuga skeið búin að sanna ágæti sitt hér á landi, og nú í seinni tíð hafa orðið framfarir og endurbætur á þeirri heyverkunaraðferð. Hefur komið þar til bæði nýtt form bygginga og svo vélaafl. En auk þess má einnig nefna efnaíblöndun í heyið, svo að það haldi betur upprunalegu gildi sínu, en tapi því ekki við geymsluna. Þó er sá galli enn á gjöf Njarðar að þessu leyti, að sauðfé veikist oft af votheysgjöf, og verða af þeim ástæðum á ári hverju nokkur vanhöld í búfé landsmanna.

Súgþurrkun er miklu yngri heyverkunaraðferð. Þó er nú búið að reyna hana hér á landi a. m. k. hátt á annan áratug. Enginn, sem reynt hefur súgþurrkun, gæti hugsað sér að vera án hennar. Hægt er að aka heyinu grasþurru inn í hlöðu. Ef svo er blásið nógu lengi lofti gegnum heyið, þornar það og heldur fullu fóðurgildi, eins og þegar það var tekið af jörðinni.

En báðar þessar heyverkunaraðferðir kosta mikinn vélbúnað og orku hjá hverjum einstökum bónda. Það þarf því mikið fé til þess að koma þessari tækni upp á hverjum bæ. Margir bændur hafa lagt í mikinn kostnað til þess og bundið sér þunga skuldabagga af þeim sökum, en ég hygg þó, að enginn sjái eftir að hafa lagt í slíkar framkvæmdir. Þó hygg ég, að enn séu þeir bændur fleiri í landinu, sem enn hafa ekki fengið sér þessa tækni, og ég geri ráð fyrir, að fyrst og fremst stafi það af því, að þeir hafa ekki treyst sér til þess fjárhagslega eða af einhverjum ástæðum hafi þeir ekki getað fjárhagslega ráðizt í það.

Sú till., sem hér er flutt, gerir ráð fyrir aðstoð af hálfu ríkisvaldsins til þess að hjálpa þeim, sem enn eiga eftir að tryggja heyverkun sína, til þess að koma því í lag hjá sér. Ég er viss um, að það væri stór gróði fyrir þjóðarheildina, ef stórt átak væri gert í þessu efni. Okkur flm. er vel ljóst, að það kostar allmikið fé að gera stórt átak af þessu tagi, og það er eflaust ýmsum erfiðleikum háð að útvega það fjármagn, sem til þyrfti, svo að hægt væri að lána ríflega til þeirra tækja og tæknibúnaðar, sem hin nýja heyverkun krefst. Ríkisvaldið á hér að okkar dómi að hafa forustu, og ég vil ekki trúa öðru að óreyndu, ef ríkisvaldið tæki að sér að hafa forustu í þessu máli, en hægt yrði þá á fáum árum að tryggja með þeirri tækni, sem nú er komin, góða heyverkun hjá bændum í flestum eða öllum árum. Og þegar ég segi þetta, þá hef ég í huga þá reynslu frá liðnum árum, sem mér er kunnugt að bændur hafa af þessari heyverkunaraðferð og þessari nýju tækni, sem þarna er komin til sögunnar. Ég er þess vegna viss um það, að fé, sem í þetta væri lánað eða lagt í þetta á einhvern hátt, mundi fljótt skila sér aftur með vöxtum og vaxtavöxtum. Hérna er því ekki um neitt áhættufyrirtæki að ræða frá mínu sjónarmiði, heldur aðeins spursmál um það, hvernig haganlegast yrði að því unnið að koma þessu í framkvæmd eða koma upp súgþurrkunartækjum á hverju bændabýli landsins og að hjálpa til við öflun tækninnar eða eflingu tækninnar í sambandi við votheysgerð hér á landi.

Í grg., sem fylgir þessari till., er að minni hyggju allýtarlegur rökstuðningur fyrir þessu máli, og ég sé þess vegna ekki ástæðu til að vera að hafa um það fleiri orð eða tala um það langt mál. Ég held, að það hafi verið ákveðnar tvær umr. um málið, og ég vildi þá leyfa mér að gera þá till., að málinu yrði að þessari fyrri umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem segir í grg. þessarar till., með leyfi hæstv. forseta: „Þá er tæknin komin á það stig, að oftast eða jafnvel alltaf má með aðstoð véla verka góð hey, þó að tíðarfar sé votviðrasamt. Er þar átt við súgþurrkun og votheysgerð.“ Er þetta í samræmi við það, sem hv. 1. flm. þessarar till. sagði áðan í framsöguræðu sinni, að með þeirri tækni, sem nú er fyrir hendi, er oftast hægt að verka góð hey, þ. e. a. s. ef tæknin er notuð. Og ástæðan til þess, að bændur hafa ekki almennt tekið þessa tækni í þjónustu sína, er vitanlega að nokkru eða kannske miklu leyti sú, að það hefur skort fjármagn til þess að kaupa þær vélar og þau tæki, sem þarf til þess. Þekkinguna vantar ekki. En þá er spurning, hvort það er ráðið að kjósa sex manna nefnd til að gera þetta fært eða gera aðrar ráðstafanir. Ég held, að ég hafi lýst því hér á síðasta þingi, að ég hefði ekki trú á því, að beinn árangur fengist með nefndarskipun í þessu efni. En ég var sammála hv. flm. um, að það væri nauðsynlegt eitthvað að gera. Það er nauðsynlegt að tryggja bændur gegn rosanum, eftir því sem unnt er, og það gerist með því að hafa nægilegar votheysgeymslur á hverju heimili og koma upp súgþurrkunarkerfi í allar þurrheyshlöður. En þetta kostar fé. Og ég er hræddur um, að þótt skipuð verði nefnd, þá skapist ekki mikið fjármagn við það.

Ég held, að stjórn Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands hafi einnig gert sér grein fyrir því, og á þeim stéttarsambandsfundum, sem ég hef verið, hafa verið gerðar samþykktir um það og áskoranir að útvega fjármagn í þessu skyni, og það skal viðurkennt, að það hefur ekki verið gert í eins ríkum mæli og nauðsyn ber til. Þó hefur þegar verið byrjað á því að lána út á súgþurrkunarkerfi. En sá hundraðshluti er ekki nógu hár enn sem komið er, vegna þess að stofnlánadeild landbúnaðarins hefur enn of takmarkað fjármagn til umráða. Það er æskilegt að hækka þessi lán, og það er enn fremur æskilegt að hækka styrkinn út á súgþurrkunartækin og það, sem þeim fylgir. Nú eru jarðræktarlögin í endurskoðun, og stéttarsambandsfundirnir hafa bent á þessa nauðsyn, og ég tel alveg sjálfsagt að nota tækifærið nú við endurskoðun jarðræktarlaganna og hafa þetta alveg sérstaklega í huga, því að það má segja, að það sé til lítils að vera að stækka túnin og rækta gras, ef ekki er aðstaða fyrir hendi til þess að nýta grasið, þegar það er sprottið, og verka heyið rétt. Þess vegna þarf að bæta þessu inn í jarðræktarlögin og veita háan styrk á súgþurrkunarkerfi.

Bændur hafa einnig kvartað undan því, að rafmagn til súgþurrkunar sé of dýrt frá rafmagnsveitum ríkisins. Og það er náttúrlega alveg sjálfsagt að athuga það líka.

Þegar það er nú athugað, að það vantar ekki þekkingu á því, hvernig á að verka heyið, heldur vantar fjármagn og aðstöðu til þess að gera það ódýrara en verið hefur, þá er það raunverulega fjáröflunin, sem þarna er um að ræða. Og þá þarf þrennt að gerast. Það þarf að auka lánin, það þarf að lækka rafmagnsverðið og það þarf að hækka styrkina. Ég álít, að stjórn Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélag Íslands geti haft eins mikil áhrif í þessa átt og sex manna nefnd, sem hér er um að ræða. Og ég held satt að segja, að þessi mál séu nú þegar komin nokkuð áleiðis, en alls ekki nóg. Það er komið það áleiðis, að þegar er farið fyrir stuttu að veita út á súgþurrkunarkerfi, og það er, að ég má segja, unnið að því, að það geti orðið meira en verið hefur. Það er komið það áleiðis, að það er í athugun að lækka raforkuverðið til súgþurrkunar frá rafmagnsveitum ríkisins, og það er nauðsynlegt og ég hef alltaf talið, að það væri hægt að gera, vegna þess að þessi raforka er notuð um sumartímann, þegar maður gæti haldið, að það væri afgangsorka. Eigi að síður hefur verið á það bent af fagmönnum, að þetta væri ýmsum erfiðleikum bundið, og ekki enn verið skorið á þann hnút. Nú við endurskoðun jarðræktarlaganna þarf að leggja megináherzlu á það að hækka styrkina út á votheysgeymslur og súgþurrkunarkerfi. Og það er eins og segir í till., það er alveg rétt, það eru margs konar tæki og vélar, sem er þörf við þetta. Það þarf þá einnig að taka til athugunar, hvort hægt er að veita lán út á þau tæki, sem til þarf, en ekki hefur verið hægt enn þá vegna fjárskorts.

Ég út af fyrir sig tel enga ástæðu til þess að vera að mæla gegn þessari till. En ég get ekki að því gert að benda á, að ég er í miklum vafa um, að þessi mál þokist fyrr áfram og leysist farsællegar, þótt skipuð væri nefnd, heldur en ef stjórnir Stéttarsambandsins og Búnaðarfélagsins beita sér fyrir því, að þessi mál komist í höfn. Og ég leyfi mér að vona, að þetta sé á leiðinni. Það er vaxandi skilningur fyrir því, að þessi mál leysist. Það er rétt, sem hv. 1. flm. sagði: Þetta er eitt af því allra nauðsynlegasta, að það takist að verka vel hey.

Flm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég er mjög ánægður að heyra það, að hæstv. landbrh. hefur skilning á þessu máli og að hann telur, að hér sé um að ræða mjög þýðingarmikið mál fyrir landbúnaðinn og bændastéttina. Hitt er annað, að ég get ekki verið sammála honum um, að það sé óþarfi að leggja til að setja nefnd í þetta þýðingarmikla mál. Fyrst og fremst er nú það, að flest málefni atvinnuveganna hér á landi hafa upphaflega verið leyst þannig, að nefndir hafa verið settar af Alþingi til þess að rannsaka ýmsa hluti í sambandi við nýmæli, sem uppi eru á hverjum tíma, og frá því sjónarmiði er þessi till. einnig upp byggð, að þær stofnanir, sem bændastéttin aðallega hefur samband við, ættu að tilnefna fulltrúa í nefnd til þess að athuga þetta mál. Og þar á meðal

er talað um í till. eða gert ráð fyrir því, að raforkumálaskrifstofan tilnefni einn fulltrúa í þessa nefnd til að athuga þetta. Náttúrlega er fyrsta skilyrðið og kannske erfiðasti hlutinn af starfi slíkrar nefndar sá að finna leiðir til að útvega fjármagn í þetta, það skal ég viðurkenna. En það er fleira, sem þarf að athuga, heldur en það eitt. Það þarf einnig að athuga, hvernig þessu fjármagni verður bezt varið og hvort ekki eru á ferðinni einhverjar þær nýjungar, sem vert væri að taka til athugunar í sambandi við málið. Frá þessu sjónarmiði er þessi till. byggð upp.

Mér þykir mjög vænt um að heyra það, sem hæstv. landbrh. sagði, að þetta mál allt í heild sé í raun og veru til nokkurrar athugunar, mér skilst helzt hjá honum og jafnvel hjá Stéttarsambandi bænda að einhverju leyti. Þetta er gott og blessað. En ég hélt kannske, að hæstv. ráðh. væri það ekki á móti skapi að fá enn fremur til liðs við sig í þessu máli marga vel menntaða framámenn frá þeim stofnunum, sem að bændunum aðallega snúa, svo sem Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Tilraunastöð háskólans í meinafræði, tilraunaráði búfjárræktar, verkfæranefnd ríkisins og raforkumálaskrifstofunni. Till. gerir ráð fyrir fulltrúum frá öllum þessum stofnunum í nefndina.

Ég geri ráð fyrir því, að þessi nefnd þyrfti kannske að starfa lengur en eitt ár. Það mætti þegar byrja að framkvæma einhverjar af hennar till., eftir því sem þær bærust. En málið er allstórt og viðamikið, að ég hygg, því að það þarf nákvæmrar athugunar við að fylgjast með tækninni á þessu sviði. Annars er mér það ekkert aðalatriði, í hvaða formi aðstoð er veitt og hvort nefnd er skipuð eða ekki, ef bara eitthvað gerist í málinu. Það er fyrst og fremst aðalatriðið frá mínu sjónarmiði, þó að ég að vísu leggi höfuðáherzlu á að fá þessa till. samþykkta hér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Vegabætur á Vestfjörðum.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vegabætur á Vestfjörðum [59. mál] (A. 59).

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 11. og 14. fundi í Sþ., 7., 9. og 21. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Með því að fyrsti flm. þessarar till. á ekki sæti á þingi sem stendur, vildi ég sem 2. flm. segja hér nokkur orð um till. Við höfum leyft okkur, fjórir þm., að bera fram á þskj. 59 svo hljóðandi till., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela vegamálastjóra að láta gera áætlun um vegagerð á Vestfjörðum, er stefni að því takmarki, að lokið verði á sem styztum tíma öllum aðalvegum um þennan landshluta og tryggt öruggt akvegasamband milli byggðarlaga hans meginhluta árs hvers."

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um till. sjálfa og vil leyfa mér að vísa til grg., sem skýrir mjög þá þörf, sem hér er ætlazt til að bætt verði úr. En ég vil þó taka fram hér nokkur atriði, sem ekki koma fram í sjálfri grg.

Það vekur mjög athygli að sjá, að í Vestfirðingafjórðungi hefur fækkað fólki á s. l. 25 árum um 2500 manns, eða 20%. Og það er einnig nokkuð athyglisvert, að þetta er eini landsfjórðungurinn, þar sem fólki hefur fækkað á sama tímabili. Hér sýnist vera um svo mikið alvörumál að ræða, að það sé óhjákvæmilegt að kafa eftir meginástæðunum fyrir þessum fólksflótta úr Vestfirðingafjórðungi. Og ég held, að það sé ekki þörf á að kafa djúpt til þess að sannfærast um, að meginástæðurnar eru erfiðleikarnir í samgöngum við þennan landsfjórðung, ófullnægjandi vegakerfi, óviðeigandi ástand strandferða og niðurfelling flugvélaferða á síðustu árum.

Eigi þessi þróun að verða þannig, er sýnilegt, að sú hætta liggur yfir fjöldamörgum hreppum í þessum fjórðungi að fara í auðn og e. t. v. fjórðungurinn allur í heild, þegar tímar líða fram, verða þurrkaður út. Hér er því fullkomin ástæða til þess að gera eitthvað til úrbóta. En í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, hvort rétt sé að fella niður atvinnufyrirtæki í þessum landsfjórðungi og flytja fólkið í burtu til annarra betri staða á landinu, þar sem lífsbaráttan er hægari og samgöngurnar betri. Ég held, að ég geti bezt svarað þessari spurningu með því að benda á, að á síðustu árum hefur útflutningur frá þessu héraði, sem sífellt er að

missa frá sér íbúana, verið 2½ sinnum meiri á hvern íbúa en meðaltal í öllu landinu. Er rétt að gera því fólki, sem þannig stendur í sínum störfum, svo erfitt fyrir sem hér hefur verið gert undanfarin ár? Er ekki rétt að spyrna hér við fótum og hjálpa þessu fólki til þess að halda áfram lífsbaráttunni, sem er svo mikils virði fyrir okkar útflutningsframleiðslu? Ég get einnig í sambandi við þetta upplýst, að ég hef lagt á það megináherzlu á ferðum mínum um þennan hluta landsins á síðustu árum að kynna mér, hvernig séu tekjur almennings yfirleitt í sambandi við íbúafjöldann, og hef þá komizt að þeirri niðurstöðu, að á s. l. ári, 1961, munu tekjur í flestum hreppum í Vestfirðingafjórðungi vera sem svarar frá 18 þús. kr. og allt upp í 40 þús. kr. á hvern íbúa. En það samsvarar frá 90 þús. til 200 þús. kr. tekjum fyrir hverja fimm manna fjölskyldu.

Ég spyr enn: Er rétt af Alþingi að gera ekkert til þess að stöðva flóttann frá slíkum landshluta (**Gripið fram í:** Minnka landhelgina.) Ég geri ekki ráð fyrir því, ef það er í alvöru mælt till. frá hv. þm., að það verði bezta ráðið að minnka landhelgina. Ég hygg ekki, að einn einasti af þeim íbúum, sem búa við þessi erfiðu lífskjör, mundi vilja fallast á þá till. Þeir mundu vilja allt aðrar leiðir.

Ég sagði áðan, að meginatriðið væri erfiðleikar í samgöngum. Það var ekki tekið upp að bæta samgöngur í Vestfirðingafjórðungi að verulegu leyti fyrr en eftir 1930. Og síðan 1945 hefur Vestfirðingafjórðungur fengið nokkurn veginn hlutfallslega jafnmikið fjárframlag og aðrir fjórðungar landsins til vegagerða, en vegna þess, hversu þá var mikið ógert í vegamálum, þurftu Vestfirðirnir að fá miklu meira framlag hlutfallslega heldur en aðrir fjórðungar, sem höfðu áður setið við miklu betri hlut. En það hefur aldrei verið viðurkennt af fjárveitingavaldinu.

Um strandferðir má það segja, að þær eru í seinni tíð og raunverulega nú í mörg ár svo ófullnægjandi, að það er varla hægt að segja, að þær séu yfirleitt fyrir Vestfirðinga. Ef um hraðferðirnar er að ræða, þá getur enginn maður, sem vill fara frá Vestfjörðum til Reykjavíkur, fengið nokkurt rúm venjulega, því að þau eru öll upptekin af þeim, sem koma frá Norðurlandi og ætla sér til Reykjavíkur. Þeir verða því að hírast þar á suðurleið sem annars eða þriðja flokks farþegar og koma sér einhvers staðar í skýli án þess að fá venjulega þjónustu, sem farþegar almennt eiga kröfu á. En sama er að segja, þegar skipin fara héðan frá Reykjavík, þá eru þau yfirfull, annaðhvort af þeim aðilum, sem ætla sér í skemmtiferðir kringum landið, útlendum eða innlendum, eða hinum, sem ætla á hinar fjarlægari hafnir, og íbúar Vestfjarða fá þar engan aðgang.

Ef við svo aftur á móti ræðum um vöruflutningana, þá er ekki hægt að flytja neinar vörur með þessum skipum, sem fara hraðferðirnar. Önnur skip hefur ekki Skipaútgerð ríkisins til þess að sinna vöruflutningum Vestfirðinga. Þeir hafa sjálfir um langan aldur orðið að basla með minni og lélegri skip en ríkisútgerðin hefur yfir að ráða og tapar nú á allt að 20 millj. kr. á hverju ári, sem Vestfirðingar þó verða að taka þátt í að greiða.

Um flugferðirnar er þannig í dag, að það eru engar farþegaflugferðir skipulagðar til Vestfjarða nema aðeins um Ísafjörð. Sjóflugferðirnar voru lagðar niður. Aðrar flugferðir hafa ekki verið teknar upp. En Vestfirðingar verða þó að standa undir þeim útgjöldum, sem ríkissjóður í heild greiðir fyrir flugsamgöngur, þó að þeir fái ekki að njóta nema að sáralitlu leyti þeirra gæða samgangnanna. Og þegar svo er komið, þá er ekkert óeðlilegt, að fólkið vilji flytja burt til annarra staða, sem betri samgöngur hafa að bjóða og hægari og þægilegri lífskjör.

Sama má segja um rafmagnið. Það verða víst mörg ár, þangað til þeir geta átt von á því að fá ljós frá ríkisrafveitunum um Vestfjarðahérað yfirleitt, þó að ýmsir staðir hafi verið lýstir, en meginhlutinn af því var búinn, áður en ríkissjóður tók að sér að reka þá starfsemi.

Ég tel, að fyrsta sporið til þess að ná fótfestu í þessum málum sé að fá nákvæmlega rannsakað, hvað eftir sé að gera í héraðinu og hvað mikið fé það muni kosta að geta komið á sæmilegu vegakerfi í fjórðungnum. Og að því lýtur þessi till., eingöngu að því, að það sé rannsakað fyrst og fremst, hvað mikið sé eftir að gera, hvað það kostar og á hvern hátt verði hægast að koma fram nauðsynlegum framkvæmdum, ef Alþingi ætlast til þess, að nokkrar slíkar framkvæmdir verði gerðar í Vestfirðingafjórðungi.

Þetta ætti ekki að vera ákaflega erfitt fyrir vegamálastjórnina. Það liggja fyrir allmiklar upplýsingar um þetta mál frá 1958, og þótt nokkrar breytingar hafi orðið síðan, þá eru þær ekki svo veigamiklar, að það sé mjög miklum erfiðleikum bundið að fá þetta rannsakað og fá yfirlit yfir þetta hið allra fyrsta, svo að Alþingi geti tekið um það ákvörðun, hvort það vill láta gera veruleg átök í þessum málum á Vestfjörðum. Ég viðurkenni, að vegamál í landinu yfirleitt eru ákaflega viðkvæmt mál og ákaflega mikil nauðsyn alls staðar að bæta vegina. En hins vegar get ég ekki fallizt á, að þeir, sem búa við lélegast vegasamband, svo sem er um Vestfirði og raunverulega einnig um Austurland, eigi að geta fellt sig við það, að endurbættir séu árlega og umbyggðir 100 km í öðrum hlutum landsins, á meðan þeir njóta svo að segja engra eða lítilla umbóta í þessum héruðum. Mér er það fullkomlega ljóst, að ef ekki er hægt á mjög skömmum tíma að byggja upp vegakerfi í sambandi við landbúnað í Vestfirðingafjórðungi, þá hljóta þar að fara í eyði blómlegir hreppar, og það mun kosta ríkissjóðinn mikla peninga um það er

lýkur, ef sú þróun á að verða, sem orðið hefur hér á síðustu 25 árum.

Það er ekki úr vegi að minna á, að fyrir hverja fjölskyldu, sem flyzt utan af landsbyggðinni, hvort heldur er frá Vesturlandi eða Austurlandi, þarf að fjárfesta hér í Reykjavík eitthvað á 2. millj. kr. Það þarf a. m. k. 500 þús. kr. fjárfestingu til þess að byggja nýjar íbúðir yfir hverja fjölskyldu. Það þarf auk þess aðrar 500 þús. kr. til þess að standa undir auknum skólum, götum, rafmagnslagningum, vatnsleiðslum og ýmsu öðru, sem heyrir til í vaxandi borg. Og það þarf auk þess einhverja fúlgu til þess að standa undir auknum og stækkuðum fangelsum, þegar allur lýðurinn er kominn á einn stað á landinu. Og það getur vel verið, að það væri þjóðinni og Alþingi miklu dýrara en að sinna aðkallandi málum í sambandi við vegakerfið í landinu.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn. Ég sé, að nokkrir aðrir hv. þm. hafa borið fram hér brtt. á þskj. 100. Ég skal ekki ræða hana. Hún verður athuguð í n., og gefst þá tími til þess að taka afstöðu til hennar. Ég sé enga ástæðu til þess að ræða hana hér við þetta tækifæri.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var fram haldið einni umr. um till.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Með till. þeirri til þál., sem hér er til umr., er lagt til, að vegamálastjóra verði falið að gera áætlun um vegagerð á Vestfjörðum. Samkv. till. á takmarkið að vera það að ljúka á sem stytztum tíma aðalvegum í þessum landshluta, eins og það er orðað. Mér er það alger ráðgáta, í hverju hún á að vera fólgin, þessi áætlun, sem hér á að stofna til. Ég hef leitað eftir ráðningu á henni, bæði í ályktuninni sjálfri og grg., en ég hef ekki fundið hana. Þegar gera skal áætlun um einhverja framkvæmd, þá er venjan sú, að fyrst þarf að fara fram rannsókn á skilyrðum og aðstæðum og þess háttar til framkvæmdarinnar, og síðan er áætlunin byggð á þeirri rannsókn. En hvað er það, sem á að rannsaka og ekki hefur þegar verið rannsakað, til þess að ljúka megi aðalvegunum á Vestfjörðum? Í grg. till. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að slíkri framkvæmdaáætlun gæti orðið verulegt gagn. Með henni fengist yfirlit um ástandið, eins og það er, og hina brýnu þörf aukinna vegaframkvæmda og fjáröflun vegna þeirra."

Hv. frsm. talaði um það einnig í sinni framsöguræðu, að rannsaka þyrfti, hvað eftir er að gera í vegagerð á Vestfjörðum hvað snertir aðalvegina og hvað það muni kosta. Mig furðar nú dálítið á því, hvað hv. flm. þessarar till. eru allt í einu orðnir ókunnugir vegunum á Vestfjörðum, eða réttara sagt vegleysunum á Vestfjörðum. En það eru allt þm. Vestfjarða, sem eru flm. að þessari till. Þeir segja, að það þurfi að rannsaka, hvernig ástandið er í vegamálunum þarna fyrir vestan og hvað muni kosta að ljúka aðalvegunum. En samkv. grg. till. eru þeir ekki alveg eins ókunnugir og þeir láta. Í upphafi grg. með till. segja þeir, að miklar umbætur hafi orðið á vegamálum Vestfjarða á undanförnum árum. Og svo kemur lýsingin í grg. till. á því, hvernig ástandið í vegamálunum er þarna eftir miklu umbæturnar, með leyfi hæstv. forseta, segir svo:

„Heil byggðarlög eru enn þá veglaus og án akvegasambands. Aðalvegir um þennan landshluta eru svo lélegir og ófullkomnir, að óviðunandi verður að teljast. Í fyrstu snjóum lokast yfirleitt akvegasambandið um meginhluta Vestfjarða, og einstök byggðarlög eru einnig einangruð nær allan veturinn. Hefur þetta í för með sér margvíslegt óhagræði og erfiðleika fyrir atvinnu- og félagslíf fólksins."

Já, svona er þá ástandið eftir miklu umbæturnar. Ljótir hafa þeir verið, Vestfjarðavegirnir, áður en þessar miklu umbætur hófust! En það eru ekki ókunnugir menn, sem lýsa ástandinu svona rækilega, enda eru þeir sífellt á ferðalagi um þennan landshluta, sem eðlilegt er. En samt segja þeir, að það þurfi að fá yfirlit um ástandið, hvernig það er.

Það hefur fyrr verið flutt þáltill. um áætlun um vegagerð. Það var á þinginu 1957—1958. 1. flm. að þeirri þáltill. var sá sami, sem er 1. flm. að þessari till., og 3. flm. að þeirri till. er 4. flm. að þessari till. Þessi till., sem þá var flutt, þ. e. fyrir 5 árum, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera í samráði við vegamálastjóra samræmda framkvæmdaáætlun um vegagerð til þess að koma þeim landshlutum og héruðum sem fyrst í akvegasamband, sem enn þá eru ýmist veglaus eða án sambands við meginvegakerfi landsins."

Þessari till. var þá vísað til fjvn. Síðan var leitað álits vegamálastjóra um till., og þá kemur í ljós, að vegamálastjóri hefur á reiðum höndum fullnægjandi upplýsingar um ástandið í vegamálum í þessum landshlutum, sem í till. var rætt um, og auk þess hefur hann á reiðum höndum kostnaðaráætlun um að leggja þá vegi, sem þar vantar. Þessi till. var því ekki afgreidd í þessu formi, heldur flutti fjvn. þá sjálfstæða till. Og sú till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að framkvæma í samráði við vegamálastjóra heildarathugun á ástandi vegakerfis landsins og gera á grundvelli þeirrar athugunar áætlun um nauðsynlegar umbætur á vegakerfinu með hliðsjón af þeirri þýðingu, sem viðunandi vegakerfi hefur fyrir byggð landsins í heild."

Þessi till. var svo samþ. með shlj. atkv., og síðan fór fram þessi athugun á vegum vegamálastjóra. Skýrsla vegamálastjóra um þessa athugun var lögð fyrir samgmn. Alþ. 1959, en skýrslan nær til ársloka 1958.

Þessi skýrsla er sannarlega fróðlegt plagg. Þar kemur það fram, að tveir landshlutar eru miklu verr settir í vegamálum en önnur byggðarlög landsins. Þetta eru Vestfirðir og Austurland. Um þetta skal ég nefna aðeins örfá dæmi.

Í skýrslunni eru vegirnir flokkaðir í 3 flokka. Það eru lagðir vegir eða fullgerðir vegir, það eru ruddir vegir, sem kalla má bráðabirgðavegi, og það eru óbílfærir vegir, m. ö. o. vegir, sem eru bara til á pappírnum, er ekki farið að leggja. Þessir óbílfæru þjóðvegir voru þá um 730 km langir í öllu landinu, en af þessum 730 km voru 479 km eða um ⅔ hlutarnir í tveimur landshlutunum, Vestfjörðum og Austurlandi. Aðeins ⅓ hlutinn af þessum vegum var í hinum fimm kjördæmunum til samans utan Reykjavíkur. Og af þeim 730 km, sem ég nefndi og voru þá ólagðir þjóðvegir í öllu landinu, voru 5 sýslur — aðeins 5 sýslur — með 433,3 km ólagða þjóðvegi eða um ⅗ hlutana, en hinar 17 sýslurnar voru með ⅖ hluta. Þessar 5 sýslur, sem þannig voru settar, eru Barðastrandarsýsla með 63.2 km, Norður-Ísafjarðarsýsla með 151.2 km, Strandasýsla með 89,5 km, Norður-Múlasýsla með 63.5 km og Suður-Múlasýsla með 65,9 km. Eins og menn sjá af þessu, eru allar þessar sýslur á Vestfjörðum og Austurlandi.

Í þessari skýrslu vegamálastjórans má líka sjá, hversu mikill hluti þjóðveganna í hverju kjördæmi eru fullgerðir vegir. Í Reykjaneskjördæmi voru þá 82.9% af þjóðvegunum fullgerðir vegir, í Vesturlandskjördæmi 67.4%, í Vestfjarðakjördæmi 46.6%, í Norðurlandskjördæmi vestra 74.6%, í Norðurlandskjördæmi eystra 70.4%, í Austurlandskjördæmi 37.2% og í Suðurlandskjördæmi 75.8%.

Þá er skýrt frá því í skýrslunni, að óbyggðar smábrýr, þ. e. 4—9 m langar brýr, voru þá 234 alls í landinu, en af þeim voru 143, eða um ⅗ hlutarnir, á Vestfjörðum og Austurlandi, aðeins ⅖ hlutarnir í hinum 5 kjördæmunum utan Reykjavíkur. Stærri brýr, 10 m og lengri, voru þá 97 óbyggðar í landinu. Af þeim voru 62 á Vestfjörðum og Austurlandi, en 35 annars staðar. Sveitabæir, sem ekkert vegasamband höfðu, voru þá 112 í landinu. Af þeim voru 61 á Vestfjörðum og Austurlandi, en 51 annars staðar á landinu.

Ég ætla, að þessi dæmi sýni það ótvírætt, að Vestfirðir og Austurland búa við bágbornara samgöngukerfi en nokkrir aðrir landshlutar. Þessi skýrsla vegamálastjórans er nú orðin 4 ára gömul, og hafa nokkrar breytingar á vegakerfinu að sjálfsögðu orðið síðan. En eftir fjárveitingunum að dæma til nýbyggingar þjóðvega undanfarin 4 ár eru engar líkur til þess, að hlutfallið milli landshlutanna hafi breytzt að nokkru ráði síðan 1958.

Á undanförnum 4 þingum hafa þm. stjórnarflokkanna fellt hverja einustu till., sem við stjórnarandstæðingar höfum flutt til hækkunar á fjárveitingum til samgöngumála Vestfjarða. Þó er heildarfjárveiting til nýbyggingar vega í landinu á undanförnum árum aðeins hækkuð um nokkurn hluta af því, sem fjárlögin hafa hækkað í heild á sama tíma.

Þá höfum við þrír framsóknarmenn í Ed., hv. 2. þm. Vestf., hv. 5. þm. Austf. og ég, flutt frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán til vegabóta á Vestfjörðum og Austurlandi. Þetta frv. hefur verið flutt á 4 þingum, eftir að skýrsla vegamálastjóra var gerð, og síðast fluttum við þetta frv. á yfirstandandi þingi. Á tveimur fyrstu þingunum, sem við fluttum þetta frv., var það svæft í nefnd að tilhlutun stjórnarflokkanna. Þá var helzt haft á orði, að það mætti ekki fara að leggja vegi á Íslandi fyrir lánsfé. Á þriðja þinginu, þ. e. í fyrra, varð þessari viðbáru ekki komið við, því að þá var hæstv. ríkisstj. farin að leggja vegi fyrir lánsfé, en þá vísuðu stjórnarflokkarnir frv. til ríkisstj. á þeirri forsendu, að stjórnskipuð nefnd væri að endurskoða vegalög og ekki kæmi til mála að samþykkja þetta frv., meðan á því stæði. Á fjórða þinginu, þ. e. á yfirstandandi þingi, hefur þetta frv. okkar fengið fullnaðarafgreiðslu. Því var aftur vísað til ríkisstj. með atkv. stjórnarsinna í hv. Ed. Nú var ekki hægt að bera því við, að verið væri að endurskoða vegalög, því að þeirri endurskoðun var lokið, áður en þetta þing hófst. En þá varð að finna einhverja ástæðu til þess að vísa frv. til ríkisstj. Samkv. framsöguræðu hv. 10. landsk. þm., sem mælti fyrir frávísunartill. stjórnarsinna í hv. Ed., lýsti hann því yfir, að hæstv. ríkisstj. mundi flytja á þessu þingi frv. til nýrra vegalaga og með því frv. fengist í einu lagi afgreiðsla á öllum þeim till. um vegamál, sem nú liggja fyrir. En eins og kunnugt er, eru þessar till. aðallega þær að fá lánsfé til vegabóta á Austfjörðum og Vesturlandi, að fá lánsfé til Siglufjarðarvegar ytri, svokallaðs Strákavegar, till. um nýja þjóðvegi og till. um meira fjármagn í vegi. Hverjar efndir verða á því, að þetta frv. verði flutt á þessu þingi, það get ég að sjálfsögðu ekkert sagt um. En sé það ætlunin að leysa erfiðleika Vestfirðinga í vegamálum með því frv., hvernig stendur þá á því, að stjórnarsinnar flytja þessa till., sem hér er til umr., till. um áætlun, hvernig eigi að fara að því að leysa þessa erfiðleika Vestfirðinga? Sé lausnin skammt undan með væntanlegu frv. hæstv. ríkisstj., þá virðist þessi áætlunartill. vera út í hött.

Með því frv. um vegabætur á Vestfjörðum og Austurlandi, sem við fluttum frv. um í hv. Ed., var ætlazt til, að þessir landshlutar nytu svipaðrar fyrirgreiðslu og Reykjanes gerir nú með lánsfé. En sú varð ekki raunin á í hv. Ed., og þótt hv. 9. landsk. þm., formaður samgmn. Ed., segði í ræðu, að vegafé ætti fyrst og fremst að ganga til þeirra héraða, þar sem fólkið er flest, þá finnst mér, en það megi ekki minna vera en hv. þm. Nd. verði gefinn kostur á því að gera annaðhvort, að afneita þeirri stefnu í vegamálum eða staðfesta hana. Og til þess gefst tækifæri við afgreiðslu þessarar þáltill.

Það virðist vera nokkurt feimnismál, lán-

takan til Keflavíkurvegar. Engrar heimildar er leitað til þeirrar lántöku, og er þó ekki vitað um neina andstöðu hér á hv. Alþingi gegn því máli. Eina skýringin er sú, að það hafi ekki þótt gott til afspurnar vestur á fjörðum eða austur á landi að samþykkja lántöku til Keflavíkurvegar, en fella hliðstæðar lántökur til vega fyrir vestan og austan. Og ekki má gleyma Siglufjarðarveginum, um hann er sama sagan. En þetta stoðar ekkert. Fólkið í þessum landshlutum fylgist með því, hvað stjórnarflokkarnir hafa gert og eru að gera í þessum málum. Fólkið þar skilur ekki þessa tegund réttlætis, að neita einum um sams konar lánsfé sem öðrum er veitt og jafnvel halda heilum byggðarlögum vegalausum fyrir bragðið.

Mér sýnist, að þessi þáltill. um áætlun um Vestfjarðavegi sé bæði allt of lítil og allt of gagnsæ til að breiða hana yfir þetta mál. Vestfirðingar þurfa enga áætlun, þeir þurfa fjármagn. Þeir þurfa enga þáltill., þeir þurfa vegi. Flm. þessarar till. segja, að það þurfi að gera áætlun um, hvað þeir aðalvegir á Vestfjörðum muni kosta, sem þarf að leggja. Þessu mundi vegamálastjóri geta svarað með mjög stuttum fyrirvara, alveg eins og hann svaraði hv. fjvn. fyrir 4 árum. Hann mundi að sjálfsögðu reikna með þeim kostnaði, sem varð í vegagerð s. l. sumar, en aftur á móti er gersamlega þýðingarlaust að gera neina áætlun fram í tímann um kostnað við vegi í svo ört vaxandi dýrtíð sem nú er. Slík áætlun væri orðin úrelt, þegar snjóa leysir í vor.

Í þessari till. er rætt um aðalvegi á Vestfjörðum. Hvað eru aðalvegir, og hvað eru aukavegir? Er búið að flokka vegina, og ef svo er, hverjir hafa flokkað þá? Í þessari till. er talað um, að ljúka þurfi aðalvegunum þarna fyrir vestan. Það er ekki minnzt á að ljúka neinum öðrum vegum. Á að skilja þetta svo, að ríkið eigi að kosta aðalvegina, en hinir vegirnir komi ríkinu ekkert við? Og hverjir eiga þá að kosta þá? Ég vænti þess, að hv. frsm. þessa máls geti upplýst þingheim eitthvað um þetta.

Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Austf. og hv. 2. þm. Vestf. að flytja brtt. við þessa till. til þál. Sú brtt. er á þskj. 100. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillgr. hljóði svo: Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta Vestfirði og Austurland njóta jafnréttis um lánsfé til vegagerðar við þann landshluta, þar sem að tilhlutan ríkisstj. er nú þegar unnið að vegagerð fyrir lánsfé.

Fyrirsögn till. orðist svo: Till. til þál. um lánsfé til vegagerðar."

Að sjálfsögðu er þetta gerbreyting á till. Í stað þess að till. sé um áætlunargerð, sem enga þýðingu hefur, þegar ekkert vantar til vegagerðar á Vestfjörðum nema fjármagnið, þá viljum við freista þess, að Alþingi feli ríkisstj. að láta þá landshluta, sem verst eru settir með samgöngur, njóta jafnréttis um lánsfé til vegagerðar við þann landshluta, sem farið er að leggja um veg núna fyrir lánsfé. Ég held, að það verði erfitt að andmæla þessari brtt. með nokkrum rökum. Hitt er mér ljóst, að stjórnarflokkarnir geta með meirihlutavaldi sínu hér á hv. Alþingi að sjálfsögðu fellt þessa brtt., eins og þeir hafa fellt till. okkar um samgöngumál Vestfjarða á undanförnum árum.

En stundum er málstaðurinn svo sterkur, að meirihlutavaldið stenzt hann ekki til lengdar. Og slíkt atvik kom fyrir á s. l. sumri í samgöngumálum Vestfjarða. Á 4 undanförnum þingum, eftir að sjóflugvélar höfðu fallið úr sögunni, sem önnuðust samgöngur við Vestfirði, höfum við flutt till. um það, hv. 2. þm. Vestf. og ég, að veita nokkurt fé til að byggja flugvöll á Patreksfirði, en þar er mesta þéttbýlið á Vestfjörðum utan Ísafjarðar. Enginn flugvöllur er þar neins staðar í nágrenni, og flugsamgöngur féllu að sjálfsögðu algerlega niður þar vestra, þegar sjóflugvélarnar féllu úr sögunni. Í öll þessi 4 ár hefur stjórnarliðið hér á hv. Alþingi fellt þessar till. okkar, og líka við afgreiðslu núgildandi fjárlaga. En hvað skeður svo? Hæstv. ríkisstj. lætur byggja flugvöllinn í sumar. Að vísu er hann ekki fullgerður, en þó svo, að Douglas Dakotavél gat lent þar. Það þótti ekki ráðlegt að bíða með verkið lengur. Svo mikil var þörfin fyrir flugvöllinn þar vestra. Ég er jafnþakklátur hæstv. ríkisstj. fyrir þennan flugvöll eins og ég er óánægður með stjórnarflokkana fyrir að hafa fellt till. okkar um fjárveitingu í hann í 4 ár í röð. Hitt er aftur á móti önnur saga, sem ég ætla ekki að ræða hér, að hæstv. ríkisstj. framkvæmir verk, sem hún hefur enga fjárveitingu til og meiri hl. Alþingis hefur meira að segja lýst sig andvígan.

En sagan um flugvöllinn getur endurtekið sig. Það er ekki víst, að öllu lengur verði unnt að standa gegn því, að Vestfirðingar, Austfirðingar og Siglfirðingar njóti sama réttar um lánsfé til vegabóta og nú þegar er farið að veita öðrum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þótti kenna ákaflega mikillar gremju hjá hv. 4. þm. Vestf. í ræðu hans í sambandi við þessa þáltill. og ummælin bera nokkurn blæ af eldhúsumr. með árás á hæstv. ríkisstj. Það er nú skammt til umr. um fjárlög, og verður þá hægt að koma því að og á þar frekar heima en við umr. um þá till., sem hér er til umræðu. Ég skal ekki hrella hv. þm. með því að ræða við þessa umr. þau mál.

Það, sem ber hér á milli mín og hv. 4. þm. Vestf., er það, hvort nokkurt gagn sé að því að láta fara fram nýja rannsókn á vegakerfi Vestfjarða og áætlun kostnaðar við að bæta þar úr. Ég lít svo á, að það sé undirstaða undir allar verklegar framkvæmdir að vita nokkurn veginn, hvað þarf að gera og hvað það kostar, og að það sé frumatriðið til þess að fá verk framkvæmt, það gefi og allmikla og sterka ástæðu til þess að knýja á, til þess að

fá verkið framkvæmt, ef vitað er fyrir víst, hvað mikið fé til þess þarf og hve langan tíma það tekur. Og það er nú það, sem þessi till. fer fram á að verði undirbúið. Hv. 4. þm. Vestf. er á annarri skoðun um þetta atriði, og skal ég ekki deila um það.

En ég vildi hins vegar leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í hans ræðu, að það sé nokkurt ósamræmi í grg. um, að annars vegar hafi farið fram miklar umbætur á vegamálum Vestfjarða og hins vegar sé allmikið eftir að vinna. Hv. þm. er það vel kunnugt, að 1942, þegar ég kom fyrst á þing, var ekki hægt að aka lengra en í Þorskafjarðarbotn og það eftir mjög lélegum vegi. Honum er vel kunnugt um, að þetta hefur breytzt þannig, að nú er hægt að aka um meginhluta þess byggðarlags, sem till. nær yfir. Það er m. a. hægt að aka á svo að segja hvern einasta bæ í Barðastrandarsýslu, og ég tel, að það hafi verið allmiklar umbætur. En honum þykja þessar umbætur kannske smáar, af því að hann hefur engan þátt átt í því, að þær væru framkvæmdar, og ekki heldur hans flokkur. Það voru fyrst tekin hér stór átök í þessum málum, eftir að Sjálfstfl. fékk þm. fyrir Barðastrandarsýslu. En þau ár, sem þessi hv. þm. sat fyrir Barðastrandarsýslu sérstaklega, gerði hann sannarlega ekki mikið fyrir málið. Hér er því um ekkert ósamræmi að ræða.

Mér er vel kunnugt um, að það lá fyrir skýrsla frá 1958 um vegagerð á öllu landinu. Við erum að vísu þm. fyrir allt landið, en okkur ber fyrst og fremst að hugsa um okkar kjördæmi, hvað snertir innanhéraðsmál. Og mér er líka kunnugt um, að þessi skýrsla er ekki þannig, að það sé ekki hægt að ganga betur frá henni og gera hana að sterkara gagni í höndum okkar til þess að fá þetta framkvæmt. M. a. ef hann hefur lesið rétt upp úr þessari skýrslu, að ólagðir vegir væru 68.2 km í héraðinu, þá er það algerlega rangt. Það er miklu meira af ólögðum þjóðvegum en það, því að bara þjóðvegurinn frá Ísafirði og inn að Ögri mun vera upp undir eða yfir 100 km, og þá eru allir aðrir ólagðir þjóðvegir í héraðinu ótaldir. Ef skýrslan er ekki nákvæmari en þetta, er sannarlega engin vanþörf á því að gera nýjar athuganir og nýjar áætlanir um vegagerð á Vestfjörðum.

Annars þótti mér hv. þm. blanda allt of mikið saman Vesturlandi og Austurlandi í sambandi við þetta mál, því þó að, eins og ég sagði áðan, við séum báðir fyrir allt landið, þá vænta kjósendur í Vestfirðingafjórðungi þess, að það hérað sé ofar í huga hans en kjördæmi á Austurlandi, hvað snertir héraðsmálin.

Hv. þm. spurði, hvað væru aðalvegir og hvað væru aukavegir á Vestfjarðakjálka. Ég hélt, að hann væri svo kunnugur þeim málum, að hann vissi, að vegakerfið um allt landið er flokkað í þjóðvegi, sýsluvegi og hreppavegi. Hann spurði einnig um það, hverjir ættu að borga þá vegi, sem ekki væru aðalvegir. Hann veit einnig um það, að nokkur hluti af sýsluvegunum er borgaður af sýsluvegasjóði og nokkur hluti er lagður fram af ríkissjóði. Þetta er hv. þm. vel kunnugt um. Hvernig þessu verður hagað, eftir að búið er að breyta vegalöggjöfinni, skal ég ekkert segja um. Þar fær hann sjálfsagt tækifæri til þess að gera till. um, þegar þau mál koma hér til umr., sem ég vona að verði á þessu þingi. En till. leggur aðaláherzlu á, að það verði fyrst og fremst byggðir upp aðalvegirnir, það eru aðalþjóðvegir í gegnum héraðið. M. a. er hv. þm. vel kunnugt um, að það er höfuðskilyrði í sambandi við aukinn landbúnað í sveitum landsins, ekki síður á Vestfjörðum en annars staðar, að byggja upp þá vegi, sem sæmilega eru þó bílfærir að sumrinu til, en engan veginn færir að vetrinum til, að byggja þá upp, svo að þeir séu einnig vetrarfærir, til þess að flytja mjólk í hinar fyrirhuguðu mjólkurstöðvar, sem er verið að byggja upp í héraðinu. Það er reiknað með þeim vegum, sem eru aðalvegir, vegna þess að þeir eru höfuðskilyrði fyrir atvinnumál héraðsins. Hins vegar eru aðrir vegakaflar, þjóðvegir og hreppavegir, sem eru ekki eins aðkallandi.

Hvað snertir þá till., sem hér er fram borin á þskj. 100, þá er hún byggð á þessum höfuðágreiningi milli okkar, að hv. 4. þm. Vestf. og þá einnig hans hv. meðflm. leggja aðalkappið á það að fá annaðhvort lán eða fjárveitingu og þá helzt lán til veganna og vinna það verk þá án undangenginnar áætlunar og rannsókna, hvernig það skuli gert. Það er mjög mikill munur á því, hvort þessir vegir verða 8 m breiðir, 10 m breiðir eða 6 m breiðir, og það er eitt af því, sem ég álít að þurfi að athuga og ákveða, áður en hafizt er handa, hve breiðir og kostnaðarsamir þessir vegir skulu vera. Og ef við hefðum átt að byrja á því 1942 að leggja fullkomna vegi, eins og gert hefur verið víða í landinu, þá væri ekki hægt að aka mikið um Vestfirði í dag. Það var einmitt tekin sú stefna, sem ég álít að hafi verið rétt og allir viðurkenna nú að sé rétt, að reyna að búa til fyrst það, sem við kölluðum skriðvegi, komast yfir verstu kaflana með nokkuð örugga vegi, nota annars landslagið, þar sem hægt er, án þess að byggja vegina upp, og það er þetta, sem hefur hjálpað til, að Vesturland hefur komizt í vegasamband, svo sem sýnir sig vegagerð á Þingmannaheiði, þar sem alla þá 25 km er raunverulega lítið sem ekkert byggt upp af vegunum, heldur aðeins notazt við skriðvegi. Hins vegar þarf að breyta þessu öllu, sérstaklega þar sem eru vegir til mjólkurflutninga á vetrum, og breyta því með því að byggja þessa vegi upp. Um þetta þarf að gera sérstakar áætlanir. Þegar það liggur fyrir, þá þarf að sjálfsögðu að afla þess fjár, sem þarf til þess að koma þessu í hæfilegt ástand. Þeir leggja hins vegar til, að það sé ekkert gert af þessu. Ef till. þeirra er samþ., þá fellur sá hluti niður, sem ætlazt er til að snerti áætlanir, heldur verði aðeins Vestfirðir og Austurland látin

njóta jafnréttis um lánsfé til vegagerða við þann landshluta, þar sem að tilhlutan ríkisstj. er nú þegar unnið að vegagerð fyrir lánsfé. Nú er þetta orðað þannig, að það verður ákaflega erfitt að segja til um, hvernig þetta ætti að framkvæma, því að í dag er unnið fyrir lánsfé um allt land, ekki einungis við Keflavíkurveg, heldur um allt land og m. a. mjög mikið á Austfjörðum. Um allt land hefur ásóknin verið svo í vegaframkvæmdir, að svo að segja hvert eitt einasta hérað hefur tekið lán til þess að koma vegunum að einhverju leyti áfram, svo að viðmiðuninni, sem gerð er í þessari till., er ekki svo auðvelt að átta sig á, hvernig á að framkvæma þetta mál. Ég vil m. a. benda á, að það hefur verið unnið fyrir 500 eða 600 þús. kr. í Ögurvegi fyrir lánsfé, og er svo víðar á landinu. Ég hygg, að hv. þm. hafi, þegar hann ritaði þessa brtt., verið með hugann ákaflega mikið í hernámsgöngu á því svæði, þar sem hann hefur æft sig í hernámsgöngu undanfarin ár, og alveg gleymt því, hvað gert er á öðrum stöðum í landinu, og hafi þess vegna hugsað eingöngu um þennan kafla í landinu, þar sem hann gefst upp annað hvert ár og lætur bílinn hirða sig, svo að hann geti komizt í bæinn, — hann hafi þá gleymt Vestfjörðunum og Austurlandinu á sama tíma.

Ég skal ekki eyða tíma hv. Alþ. til þess að ræða meira þessi atriði, óska eftir því, að till. verði látin ganga til allshn. Ég á þar sæti sjálfur og fæ þá tækifæri til þess að athuga málið og m. a. fá hv. flm. á fund með allshn. til þess að fá nánari skýringu á því, hvað þeir meina með sinni till., sem mér sýnist að sé heldur óskýrt orðuð, eins og hún er hér á blaðinu. Ég skal með ánægju biðja hv. formann n. um að kalla þá á fund til n. til þess að vita, hvort þeir gætu gefið frekari skýringar, hvað þeir meina með till.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér inn í þessar umr. Það eru aðeins ummæli hv. þm. Sigurvins Einarssonar áðan um það, að flugvöllurinn á Patreksfirði hafi verið byggður í heimildarleysi (SE: Án fjárveitingar.) — eða án fjárveitingar. Getur það nú ekki í þessu tilfelli verið nokkuð það sama að byggja völlinn án fjárveitingar eða í heimildarleysi? Ég held, að það hljóti að vera eitt og það sama, því að ef það er gert án fjárveitingar, þá er féð tekið án heimildar.

Hv. þm. ætti ekki að vera svona óvarkár í ummælum sínum hér á hv. Alþ. Hv. þm. fer algerlega rangt með, og ég tel ástæðu til að vekja athygli á því. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 10 millj. 720 þús. kr. til flugvalla. Þessu fé er ekki skipt, vegna þess að ætlazt er til, að flugráð geri það. Flugráð gerði till. til rn. um flugvöll á Patreksfirði. Þess vegna var hann byggður fyrir hluta af því fé, sem veitt var á þessu ári til flugvallagerða.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja meira um þetta. En þakklæti hv. þm. fyrir þessa framkvæmd kemur dálítið einkennilega út, þegar hann í leiðinni gerir tilraun til þess að blekkja hv. alþm. og þjóðina alla, sem fær fréttir hér úr þinginu, með því að segja: Að vísu var þar unnið gott verk, að þessi flugvöllur er kominn, en það var gert í heimildarleysi.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Nokkrar umr. hafa hér orðið um þáltill. Sigurðar Bjarnasonar og nokkurra fleiri þm. Sjálfstfl. um vegabætur á Vestfjörðum og um brtt., sem fram er komin við þessa till. frá Sigurvin Einarssyni og nokkrum öðrum hv. þm. Framsfl. Þáltill. þeirra sjálfstæðismannanna fer ekki fram á mikið, hún er í anda hógværðarinnar, enda sjálfsagt ekki þörf mikils að biðja eða krefjast að því er snertir vegamál á Vestfjörðum. Þessi till. fer fram á það að skora á ríkisstj. að fela vegamálastjóranum að láta gera áætlun um vegagerð á Vestfjörðum. Og hvað á þessi áætlun að gera? Hún á að stefna að því takmarki, að lokið verði á sem stytztum tíma öllum aðalvegunum um þennan landshluta og tryggt öruggt akvegasamband milli byggðarlaga hans meginhluta árs. Ég fæ nú ekki skilið, að ein fróm ósk til ríkisstj. geti orkað þessu, stefnt að því takmarki með þál., að lokið verði á sem stytztum tíma öllum aðalvegum um þennan landshluta, og tryggt akvegasamband um hann meginhluta árs. Það er máttugt orð þetta, það verð ég að segja, og þarf ekki mikið til, til þess að bæta samgöngurnar á Vestfjörðum, ef ekki þarf annað til. Mér finnst þessi till. vera í meiri ævintýrastíl en sem þskj. á Alþingi, ævintýri fyrir börn, það verð ég að segja.

Ég held, að það sé ekki ofmælt af hv. þm., sem hér talaði áðan, 4. þm. Vestf. (SE), að það er ekki þörf á svona till. Hún gerir ekkert gagn í því mikla máli, sem hún fjallar um. Ég væri miklu hræddari um það, að þessi till. leiddi til, að það yrðu settar í gang víðtækar rannsóknir, tímafrekar, og sagt: Aðgerðir í vegamálum á Vestfjörðum verða að bíða, þangað til niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir. — Hún gæti orðið til tafar. Og þó veit ég ósköp vel, að hv. flm. hennar hafa áreiðanlega ekki meint það að verða vegamálum Vestfjarða til tjóns. En helzt gæti þó af henni leitt, að það væri beðið með fjárveitingar og aðgerðir í vegamálum, þar til þessari nauðsynlegu undirstöðurannsókn væri lokið. En að hún gæti hraðað nokkrum aðgerðum í vegamálum Vestfjarða, það fæ ég ekki séð, og væri gott að fá skýringu á því, hvernig það mætti verða, að till. eins og þessi, svona lauslega orðuð, geti stefnt að því takmarki, að lokið verði á sem stytztum tíma öllum aðalvegum um þennan landshluta og hann verði akfær meginhluta ársins.

Nei, það, sem hér hefði þurft með, var það, að þessir hv. þm., sem sjálfsagt eru mikils megnandi í sínum flokki allir saman og

eru nú í stjórnaraðstöðu og einn af þeim formaður fjvn., sá, sem rekur endahnútinn á þetta, er í þeirri aðstöðu, að vera formaður fjvn., annar af tillögumönnunum er fyrrv. formaður fjvn. og þriðji einn af forustumönnum flokksins, og svo er þarna einn með frá Alþfl., — þessi hersing ætti að geta valdið miklu um það, hvaða fjárveitingar fást til akvega á Vestfjörðum, til brúargerða á Vestfjörðum, til hafnarmála á Vestfjörðum á þessu þingi, á þeim fjárlögum, sem nú á að fara að afgreiða. Það væri ekki í ævintýrastíl, það væri í realistískum stíl, og það er betra að tala í realistísku máli um vegamál á Vestfjörðum heldur en í ævintýrastíl fyrir börn.

Hv. 1. þm. Vestf. taldi ástæðu til að vekja athygli á, að það hefði verið gremjutónn í ræðu hv. 4. þm. Vestf. Ég hneykslast ekkert á því. Ég þóttist líka finna gremjutón í hans máli. En það getur enginn þm. Vestf. staðið upp á Alþ. og talað um vegamál Vestfjarða og samgöngumál þeirra án þess, að það gæti gremju í rómnum og gremju í hans máli, því að það er ástæða til þess. Og ég skil ekkert í hv. 1. þm. Vestf., að hann skuli einmitt spjalla um þetta með ánægjuhreim, eins og malandi kisa, ánægð. Og þá er það allt út af því, hvað mikið hafi lagazt síðan hann varð þm. fyrir nærri tveimur áratugum. Það hefur svolítið þokazt í áttina á þessum tíma og hefði gert, hver sem hefði verið þm. þessa landshluta.

En þegar litið er yfir árangurinn og ástandið, eins og nú er, þá er engin ástæða til þess að tala í ánægjutón eða mala. Hér var verið að tala um það, að hv. 4. þm. Vestf. hefði eitthvað ofmælt, en ég vík að því aftur, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði í sínum ánægjutón hér áðan. Hann sagði, að það væri hægt að aka um allt þetta svæði núna. Hvílík reginfirra! Var ekki hv. 1. þm. Vestf. á ferðalagi um Vestfjarðakjördæmi s. l. sumar? Hvað gerði hann, þegar hann kom í Bjarnarfjörð? Ók hann ekki áfram á sínum bíl norður um Strandir, norður í Kaldbaksvík og þaðan í Reykjarfjörð og áfram um Árnesveg og um allar byggðir, um allt héraðið? Nei, hann gerði það ekki. Og af hverju gerði hann það ekki? Hann var á bíl. Hann komst norður í Bjarnarfjörð. Þá dugði hans bíll ekki lengur. Þá fékk hann ungan mann til þess að flytja sig á jeppa. Og svo fékk hann bát, af því að hann vildi ekki fara þetta fótgangandi, það er hægt að klöngrast það þannig náttúrlega, en á sínum bíl komst hann ekki. Og þar þraut, að jeppinn komst ekki lengra, og þá varð hann að grípa til bátsins. — Eða vestur í Barðastrandarsýslu, þar sem hv. alþm. var líka á ferð, eins og vera ber. Hann ætlaði út í Lokinhamra. Fór hann ekki akandi á sínum bíl? Onei. Hann lagði ekki heldur á sig að fara labbandi, sem varla er von um mann á áttræðisaldri. En hann fékk sér bát og fékk sig fluttan, horfði upp á vegarstæðið af sjó. Vegarstæðið, segi ég, ekki veginn, því að enginn vegur er þar nema mitt á milli bæja. Svo segir þessi hv. þm. hér til þess að villa þingheimi sýn: Það er hægt að aka um allt héraðið. — Þetta eru reginósannindi. Það er fjarri því, að það sé hægt að aka um Vestfjarðahérað allt saman. Og það þarf ekkert að vitna til annarra manna ferðalaga en hv. þm. sjálfs. Hann kemst hvergi nærri um allt Vestfjarðakjördæmi á neinum bíl, ekki einu sinni á rússneskum jeppa, sem hann hafði þó lengi í sínum förum og ég tel einasta farartækið, sem hægt er að klöngrast á um meiri hl. kjördæmisins. En öðrum farartækjum er þetta kjördæmi varla bjóðandi en farartækjum, sem eru búin til fyrir lélega vegi, nánast til að komast um vegleysur. Menn voru að brosa að þessu. Ég mætti einu sinni hv. 1. þm. Vestf. á fundi í Bíldudal, og þá var hann að kalla mig og Karl Guðjónsson, sem þar vorum til leiks mættir á móti honum, umboðsmenn Rússa, og þá varð mér að benda fundarmönnum út um dyrnar, að þar stæði rússneskur jeppi og á honum væri þáv. þm. Barð., sem hefði umboð fyrir þessar rússnesku bifreiðar og væri því einasti umboðsmaður Rússa í þessum sal mér vitanlega.

Ég tel sem sé, að hv. þm. hafi ofmælt, þegar hann til þess að slá nokkrum ljóma á sinn þingmannsferil, nokkuð langan þingmannsferil, sagði um hv. 4. þm. Vestf.: Hann var ekki að fjölyrða um það, hve mikið hefur áunnizt í vegamálum Vestfjarða frá því að ég varð þm. Nú er hægt að aka um allt kjördæmið. — Ég hef sannað og sýnt fram á, að þetta er mikil fjarstæða. Það er mikið oflof um afrek hv. þm. að segja, að nú sé árangurinn sá, að það sé akfært um allt kjördæmið. Það, sem við þyrftum nú að fá í staðinn fyrir rannsókn, er það, að Árneshreppur kæmist í akvegasamband við akvegakerfi landsins. Það væri vel að verki verið, ef það fengist í gegn á þessu þingi, og það þarf ekkert að rannsaka til þess. Það þarf hvorki að rannsaka vegarstæðið frá Ingólfsfirði til Ófeigsfjarðar né gera neina sérstaka rannsókn á því, hvað það kosti. Vegamálastjóri veit ósköp vel nokkurn veginn, hvað það kostar að leggja hvern km vegar, bæði á Vestfjörðum og annars staðar. Og það þarf ekkert annað en mæla vegalengdina út á korti. Það er ekki rannsókn, sem þarf til þess að Árneshreppur komist í akvegasamband. Það þarf fjárveitingu, og það þarf framkvæmdir og ekkert annað. Við erum altilbúnir án nokkurrar rannsóknar að fá þennan veg lagðan. Í annan stað, það þarf fjárveitingar til brúa og vega, til þess að Snæfjallahreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu komist í akvegasamband við akvegakerfi landsins, hvorki rannsókn né neinar áætlanir, þær koma að engu haldi. Þá þarf í þriðja lagi stórkostlegar fjárveitingar til þess, að ytri hluti Ögurhrepps sé í akvegasambandi. Hann hefur engan veg nú. Það þarf fjárveitingar til þess að leggja meginhlutann af aðalvegunum um Vestfirði. Þetta eru, eins og hv. þm. þó í öðru orðinu játaði, að miklu leyti

ruðningsvegir, og það þarf að byggja þá. Það þarf stórfé í að byggja veg yfir Breiðdalsheiði, næsta fjallveg við Ísafjarðarkaupstað. Það var vegleysa s. l. sumar. Það var ekki boðlegt neinum venjulegum bíl að klöngrast um þann veg eða vegleysu. Það er gamall ruðningsvegur og hefur verið vanræktur í viðhaldi, og liggur mikið á því, að þessi vegur sé lagður. En rannsókn held ég að sé engin nauðsynleg undirstaða þarna. Vegavinnuverkstjórarnir þekkja þetta land, vegamálastjóri þekkir það líka. Og öll skilyrði til vegagerðar á Vestfjörðum eru svo kunn öllum þeim mönnum, sem um þetta eiga að fjalla, að þeir vita nákvæmlega, hvað km í slíkum vegi kostar. Þeir vita ósköp vel líka, hvaða kröfur eru gerðar til vega, um hæð þeirra og breidd. Og það eru ekki gerðar fyllstu kröfur. Það þarf vitanlega að byggja upp veg líka til byggðar eins og Ingjaldssands. Það eru örfá ár, síðan hægt var að klöngrast það á bíl, og svolítið hefur verið lagfærður ruðningsvegurinn þangað, en enginn akvegur hefur verið þangað byggður, enginn vegur, sem neinn getur gert sér vonir um að sé nothæfur nema um hásumarið. Allar byggðirnar vestan Patreksfjarðar bíða eftir því að fá almennilega vegi.

Þó að hv. þm. segði hér áðan, að það væri hægt að aka um allt Vestfjarðahérað, þá kom ég í eina byggð vestan Patreksfjarðar í sumar, þar sem búendurnir sögðu: Það lítur út fyrir, að íslenzka ríkið ætlist ekki til þess, að við séum í íslenzku þjóðkirkjunni, því að okkur er meinað að komast til okkar sóknarkirkju nema með því að fara margfalt lengri vegalengd en ef við fengjum veg hér úr byggðinni okkar og yfir til kirkjunnar í næstu vík. En það hefur ekki fengizt. Það hefur ekki fengizt alla þingmannstíð hv. þm., Gísla Jónssonar, sögðu þeir. Vegur frá Kollsvík til Breiðuvíkur er til, hefur verið lagður krókaleiðir margfalt lengri veg. En þeir eiga ekki veg að sinni þjóðkirkju og sögðu, — mér fannst það vel sagt: Við erum að hugsa um að segja okkur úr þjóðkirkjunni. Við sjáum ekki annað en það sé til þess ætlazt, að við komumst ekki til okkar sóknarkirkju. — Og svo er hv. þm. í ánægjutón að hjala um það hér á Alþingi, að það sé hægt að aka um allt þetta kjördæmi. Það má vel vera, góðir þingbræður, að það gæti gremju í minni rödd líka eins og hv. 4. þm. Vestf., en ég bið engrar afsökunar á því, hef til þess fyllstu rök. (Gripið fram í.) Systkin, já, það er réttara, og það skal heldur hafa það, sem réttara er. Þingsystkini heitir það.

Nei, ég bíð ekki eftir því með neinni eftirvæntingu, hvort þessi fánýta till. verður samþ. eða felld. Hún gerir ekkert tjón, nema hún helzt yrði til tafa, vegna þess að menn gætu vitnað til þess, að víðtæk rannsókn væri í gangi og það væri ekki ástæða til fjárveitinga eða aðgerða, fyrr en henni væri lokið. Þess vegna finnst mér, að hún væri líkleg til þess að gera heldur tjón en gagn. En það verður þá varla mikið, og ef flm. hefðu heldur ánægju af því, að hún yrði samþ., þá get ég alveg eins gefið það eftir.

Brtt., sem hér liggur fyrir, er um það að skora á ríkisstj. að láta Vestfirði og Austurland njóta jafnréttis um lánsfé til vegagerðar við þann landshluta, þar sem að tilhlutan ríkisstj. er nú þegar unnið að vegagerð fyrir lánsfé. Og það vita allir, að hér er átt við hina stóru lántöku til akbrautarinnar milli Reykjavíkur og Keflavíkur, 50 km vegalengd. Þar á að undirbyggja mjög vandlega háan og breiðan veg og steypa slitlagið, og er talið, að þetta kosti aldrei undir 50—60 millj. kr. Ég segi fyrir mig, að ef þessi brtt. fengist samþ. og hæstv. ríkisstj. fengist til að skilja hana, — hv. 1. þm. Vestf. taldi sig nú varla geta skilið hana, hún var á svo strembnu máli, — þá mætti ætla, að þarna fengist 25—30 millj. kr. lántaka til vegagerða á Vestfjörðum og önnur eins upphæð á Austfjörðum, 50—60 millj. kr. sem lánsfé til vegagerða á Austfjörðum og Vestfjörðum. Þannig mundi ég skilja till. Og ég játa það, að ég legði miklu meira upp úr því, að þessi breyting á till. fengist samþykkt, af því að hún er þó um áþreifanlega hluti, hún er um það, að veittar verði fjárveitingar sambærilegar til Austfjarða og Vestfjarða og þegar hafa verið veittar eða ákveðið að veita til ákveðins vegar hér á Suðvesturlandinu. Og ég er alveg sannfærður um, að það yrði ekki hægt að ljúka vegargerð á Vestfjörðum, þannig að öll sveitahéruð þar væru komin í akvegasamband við akvegakerfi landsins, þó að 25—30 millj. kr. færu í það, svo mikið er ógert. Má þó búast við, að látið væri sitja á hakanum að byggja þær aðalleiðir, sem enn þá eru óbyggðar í akvegakerfi Vestfjarða. Það er búið að byggja upp veg yfir Dynjandisheiði, en það er óuppbyggður vegur beggja vegna við hana, tugi km til hvorrar handar. Og þegar maður er nú á Dynjandisheiðinni, þá hygg ég, að bæði 1. þm. Vestf. og mér og öðrum Vestfjarðaþm. yrði hugsað til þess, að það vantar nauðsynlega að leggja 11—12 km vegarspotta úr Þorskafirði og upp á Dynjandisheiðarveg og þm. Vestf. hafa átt að fá bréf frá mjög mörgum Bílddælingum um það, að þessi vegur væri lagður, áttu að fá bréf á s. l. þingi, og þessar kröfur eru vakandi og þeim er haldið fast að okkur, því að mönnum hugnast ekki að því, ef Bílddælingur ætlar til Ísafjarðar, að þurfa þá að fara vestur yfir Hálfdán um Tálknafjörð, um Mikladal í Patreksfjörð, um Kleifarheiði frá Patreksfirði og austur eftir Barðaströnd og alla leið eftir Barðaströndinni, um Þingmannaheiði og Þorskafjörð og þaðan til Ísafjarðar, í staðinn fyrir, ef þessi 11 km vegur fengist lagður, að vera þá kominn upp á Dynjandisheiði og á beina leið til Ísafjarðar. Menn eru ekki ánægðir með þetta, enda var undirritað bréf af líklega meiri hl. kjósenda í Bíldudal um þetta á s. l. vetri, og hefur þó ekki fengizt einn eyrir í þennan veg

enn, með alla þá aðstöðu, sem þessir hv. tillögumenn hafa þó á Alþingi, með stjórnaraðstöðu í bak og fyrir og verandi þar væntanlega flestir eða allir miklir áhrifamenn. Nei, þá er hógværðin svo mikil, þegar menn eru í þessari aðstöðu, að þá koma þeir með fróma ósk um rannsókn og áætlun um vegamál á Vestfjörðum og annað ekki, og þá er þeirra óskum fullnægt. Nei, það, sem hv. flm. till. ættu að gera núna, væri upp á vestfirzka vísu að skyrpa í lófana og herja nú bæði á Sjálfstfl. og Alþfl. um það að láta almennilegar fjárveitingar koma til vegamála, brúa og hafna á Vestfjörðum á þessum fjárlögum, einkanlega með tilliti til þess, að það séu kosningar í vor. Í upphafi næsta kjörtímabils væri svo hægt að tala í ánægjutón og mala svolitið um það, að mikið hefði áunnizt.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta meira, tel þó málið meira en einnar messu virði. Ég mun með góðri samvizku sitja hjá við atkvgr. um till. hv. þm. Sjálfstfl., Sigurðar Bjarnasonar, Gísla Jónssonar, Birgis Finnssonar og Kjartans J. Jóhannssonar, á þskj. 59, af því að ég tel hana einskis verða, en mundi hins vegar greiða atkv. með till. hv. 4. þm. Vestf., Sigurvins Einarssonar, o. fl. á þskj. 100, af því að ég tel, að í henni felist ákveðin krafa um stórfellda fjárveitingu til Vestfjarðasamgangna, sem mundi, ef samþykkt væri, bæta verulega, en þó hvergi nærri til fulls, úr þessu verkefni, sem þar blasir við og við allir vitum að er ekkert hégómamál að koma áfram, því að það er þannig, að það er hvert byggðarlagið á fætur öðru að leggjast í eyði á Vestfjörðum. Ketildalahreppurinn, sem Gísli Jónsson, hv. 1. þm. Vestf., er alinn upp í, er að visna upp, er að leggjast í eyði. Og af hverju er hann að leggjast í eyði? Af því að vegirnir komu of seint. Þar var ekkert ræktanlegt land á að ganga nema mýrar, og það þurfti fyrst og fremst skurðgröfur, og þeim var ekki hægt að koma í hreppinn fyrr en vegirnir kæmu, og þá var það orðið of seint. Þá var flótti brostinn í liðið, og þess vegna er Selárdalur í eyði nú. Bakki, sem við Gísli báðir höfum átt heima á, liggur í eyði og hefur legið í eyði í mörg ár, og það eru eftir aðeins tveir bæir í þeim dal, sem þó milli fjalla er allur ræktanlegur. En vegirnir komu of seint, og þess vegna er Ketildalahreppur í eyði. Höfuðástæðan til þess, að Sléttuhreppur lagðist í eyði, var auðvitað einangrunin líka. Ástæðan til þess, að fólkið yfirgaf Grunnavíkurhrepp í haust, var líka einangrunin. Það var einn af þeim hreppum á Vestfjörðum, sem ekki voru í akvegasambandi við vegakerfi landsins. Og á 7. tug aldarinnar þola menn ekki við, þegar þeir eru einangraðir og hafa ekki akvegi. Það vofir eyðingarhætta yfir þeim hreppum, sem ég áðan nefndi, bæði Árneshreppi og Snæfjallahreppi og að nokkru leyti Ögurhreppi líka vegna einangrunarinnar, vegna þess að þeir hafa ekki vegi, ekki frumaðstöðu, sem þjóðfélaginu ber að veita þeim, eins og t. d. samband við akvegakerfið. Það þarf ekki, þegar byggðin er farin að grisjast, annað en einn eða tveir búendur taki saman pjönkur sínar og yfirgefi sitt býli, til þess að hrunið komi. Þess vegna erum við ekki fullir af biðlund og ánægju, sem horfum upp á hvert byggðarlagið eyðast á fætur öðru, og það má hver sem vill leggja mér og öðrum það til lasts, að við erum óánægðir. Við erum hræddir um, að okkar hérað sé að leggjast í eyði.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er ekki ýkjamargt í ræðu hv. frsm., sem ég þarf að víkja að. Hann telur það hina mestu firru, að ekki þurfi að gera áætlun um vegina, eins og þeir flytja till. um. Hvernig hefur þjóðin farið að því að byggja upp alla þessa vegi í landinu, án þess að önnur áætlun hafi verið gerð en sú, sem vegamálastjóri gerir eða lætur gera á hverju ári, um leið og hver kafli vegar er byggður? Það er ekki hægt að komast fram hjá þessu, að það þarf enga áætlun til að leggja vegi, aðra en þá, sem gerð er af vegamálastjórninni á hverju einasta ári.

Hv. þm. minntist á það, að hann hefði nú eiginlega lagt alla vegi í Barðastrandarsýslu, því að þar voru engir vegir til 1942 nema vestur í Þorskafjörð. Hinir eru allir eftir hann! Ég vil ekkert vera að hrella hv. þm. á því að mótmæla þessu. Ég vildi helzt, að hann lifði í þessari skoðun það sem eftir er, ef hann hefur ánægju af því. En þá á hann ekki að lýsa vegunum svona hroðalega eins og hann gerir í þáltill., því að eftir henni að dæma eru ekki til vegir nema yfir hásumarið um nokkrar sveitir Vestfjarða, og það er í mótsögn við það, sem hann var að segja áðan.

Hann sagði, að ég hefði ekki átt neinn þátt í umbótum á vegum í Barðastrandarsýslu, eftir að ég kom á þing. Ég lofa honum bara að vera í þessari trú líka. Fjárveitingarnar voru nefnilega meiri í minni tíð en þær voru hjá honum. En hann á aftur á móti þátt í öðru. Hann á þátt í því, að nú er dýrara að leggja vegi en var, svo miklu dýrara, að hækkun vegafjárins er ekki nema hluti af því, sem fjárlögin hafa hækkað á síðustu 4 árum. Hann má ekki gleyma því.

Hv. þm. sagði, að það væri rangt, sem ég nefndi úr skýrslu vegamálastjóra, að ólagðir vegir í Norður-Ísafjarðarsýslu væru ekki nema 151 km fyrir fjórum árum. Ef skýrslan væri nú svona, þá væri hún bara vitlaus. Það er gott, að vegamálastjóri fær að vita, hvernig hv. þm. lítur á vinnubrögð hans. En samt flytur hann þáltill. um að fela honum að gera áætlun, rannsaka og gera áætlun, manninum, sem sendir Alþingi vitlausa skýrslu.

Þá kvartar hv. þm. undan því, að ég sé að mæla fyrir því, að lánsfé fáist til vegabóta á Austurlandi. Ja, var það nú hneyksli! Nú er einn af hv. þm. Austf. meðflm. að brtt., en frsm. hefur nú gleymt því. En það er sama. Mér þykir jafnsjálfsagt að flytja till. um það

eins og Vestfirði, fyrst Austurland er svona illa sett eins og ég hef nefnt dæmi um. Eða hefur hv. þm. ekkert við það að athuga, að fullgerðir vegir í Austurlandskjördæmi eru 37.2% af þjóðvegunum þar, þegar í flestöllum öðrum kjördæmum, nema Vestfjörðum og reyndar Vesturlandi, eru það 70—83%? Ætli þeir séu eitthvað of vel settir þarna fyrir austan?

Þá kom hv. frsm. með skýringu á flokkuninni á vegunum, sem ég spurði um. Eins og ég sagði, þá stendur það í till., að það séu aðalvegir, sem á að leggja áherzluna á, og ég skildi þetta ekki vel. Hann segir, að þarna sé um að ræða þjóðvegi og atvinnuvegi. Þetta er í fyrsta sinn, sem ég heyri vegi flokkaða í þjóðvegi og atvinnuvegi. Hitt vissi ég um, að það voru til þjóðvegir, sýsluvegir og hreppavegir, en ég hef ekki heyrt þetta fyrr, að það væru til vegir, sem hétu þjóðvegir og atvinnuvegir í þessum skilningi.

Hv. þm. segir, að það sé ekkert sérstakt um lánveitingu þá til Keflavíkurvegar, sem ég minntist á, og segir, að það sé alltaf verið að taka lán í vegi, það sé ekkert nýtt á ferðinni. Ég held, að þetta sé rangt hjá hv. þm. Ég held, að ríkið hafi ekki tekið lán í aðra vegi. Ríkið er ekki að taka neitt lán í vegi, þó að héruðin fái heimild til þess að leggja veg fyrir sína eigin peninga. Eða hefur ríkið greitt vextina af því fé, sem hefur farið í þá vegi, sem unnir hafa verið fyrir lán heiman frá? Ég hef ekki heyrt, að þeir, sem taka lán, þurfi ekki að borga vexti af lánunum. Það eina, sem hefur skeð í þeim tilfellum, er það, að heimahéruðin hafa fengið leyfi vegamálastjórnarinnar til þess að leggja vegi og fá verkstjóra og vinnuflokka vegagerðarinnar til þess að gera það. Þeir hafa lagt til féð. Um þetta er allt annað að segja hvað snertir lánveitingu til Keflavíkurvegar.

Að lokum drap hv. þm. á það, að ég mundi vera í einhverri hernámsgöngu þarna um Vestfirði, og honum er alveg sérstaklega illa við það, ef menn fara að ganga. Það er honum mikill þyrnir í augum. Menn eiga yfirleitt ekki að ganga, — ganga á móti erlendri ásælni eða kröfum, það eiga menn ekki að gera! Og mér skilst á hv. þm., að hann vilji ekki heldur ganga á móti stefnu stjórnarflokkanna í vegamálum, sem hv. 9. landsk. lýsti í Ed., að vegafé færi til þeirra héraða, þar sem fólkið er flest. Hann vill ekki ganga gegn þeirri stefnu heldur. Hann vill ekki ganga. En ætli hann vilji þá skríða?

Hæstv. vegamálaráðherra var að víta mig fyrir, að ég hefði fundið að því eða réttara sagt minnzt á það, að flugvöllurinn í Patreksfirði væri byggður, án þess að til hans hefði verið nein fjárveiting. Og hann sagði, að ég hefði sagt, að ríkisstj. hefði gert það í heimildarleysi. En hann sagði það nú rangt. Ég nefndi ekkert heimildarleysi. Ég sagði, að hún hefði gert það án þess að hafa fjárveitingu og meira að segja eftir að Alþingi var búið að fella fjárveitingu til þessa flugvallar. Hann segir, að þetta hafi verið gert fyrir fé, sem hafi verið óskipt af Alþingis hálfu og ríkisstj. hafi skipt á milli flugvalla. En sannleikurinn er sá, að það var eytt miklu, miklu meira í flugvelli í landinu en fjárveitingin var, og það var þess vegna ekki hægt að byggja flugvöllinn á Patreksfirði fyrir það fé, fyrst það vantaði svo mikið á, að það dygði í það, sem gert var. Hvaðan hæstv. ríkisstj. hefur tekið féð, hvort hún hefur tekið það að láni eða úr kassanum, það skal ég ekkert um segja. En það er held ég óvenjulegt, að Alþingi felli fjárveitingu í ákveðið verk, en svo er verkið unnið fyrir fé af einhverjum óskiptum fjárlagalið. Ég held, að það sé óvenjulegt. En ég var annars að þakka hæstv. ríkisstj. fyrir þetta og ekkert annað. Og ég endurtek þakklæti mitt fyrir flugvöllinn, þótt þeir væru búnir að fella það, stjórnarsinnar, í 4 ár að veita til hans fé.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal aðeins nota hér örstuttan tíma til þess að gera aths. við ummæli, sem þarf að leiðrétta, en ekki ræða meir efni málsins.

Hv. 4. landsk. sagði, að þessi till. væri aðeins frómar óskir og sáralítils virði. En hún kom þó svo við taugarnar í þessum hv. þm. og einnig hv. 4. þm. Vestf., að þeir geta ekki rætt einu sinni málið efnislega, heldur fara þeir inn á allt aðrar brautir, hafnarframlög o. fl., sem ekki kemur þessu máli við, rússnesk umboð og annað þess háttar, þannig að eitthvað hefur till. snert þeirra hjartastrengi, þótt hún sé ekki veigameiri en þeir vildu vera láta. Ég skal svo ekki ræða um það meira.

En það er rangt hjá hv. 4. landsk., að ég hafi sagt, að það væri hægt að aka um allt Vestfjarðahérað. Ég sagði, að það væri hægt að aka svo að segja á hvern bæ í Barðastrandarsýslu. Vildi ég aðeins leiðrétta þetta. Það var óþarfi fyrir hann að ræða um þessi atriði, eins og hann gerði hér, vegna þess að ég hafði aldrei sagt það og mér var fullljóst, að ekki var hægt að aka um héraðið, svo að hann hefði getað sparað sér allan þann kafla. Hann minntist á menn, er kæmust ekki í kirkju sína. Í þessu sambandi þykir mér rétt að upplýsa, að Rauðasandshreppur er sá einstæðasti hreppur í landinu að því leyti til, að það þarf að fara yfir 7 fjallgarða til þess að komast á hvern bæ. Og ég hygg, að það sé enginn annar hreppur í landinu, sem þannig er settur. En það hefur þó tekizt í einni þingmannstíð og þar sem Sjálfstfl. hefur setið að völdum að koma bílvegum á hvern bæ í Rauðasandshreppi, yfir alla þessa 7 fjallgarða. Og ef hv. þm. heldur, að það hafi ekki kostað nein átök, þá er það mikill misskilningur, enda fékk Rauðasandshreppur alla þá tíð, sem ég sat fyrir þá sem umboðsmaður, sem næst ⅓ af öllu framlagi til veganna í Barðastrandarsýslu, vegna þess að það var viðurkennt, að mennirnir, sem bjuggu við

svona erfið skilyrði, þyrftu einmitt að fá hjálp til þess að geta tengt bæina saman. Hitt er svo rétt, að það er ekki hægt að komast beina leið yfir hálsinn frá Kollsvík til Breiðuvíkur, en það er hægt að komast aðrar leiðir á bílum að og frá kirkjustað.

En hvers vegna lét ekki ríkisstj., sem þessi hv. þm. átti sæti í, leggja þennan veg á þeim tíma, sem þeir sátu við völd? Hvers vegna gerðu þeir það ekki? Voru þeir að ota þessu fólki út úr þjóðkirkjunni? Maður skyldi þó ætla, að hv. 4. þm. Vestf. hefði haft áhuga fyrir því að gera þetta í sínum eigin fæðingarhreppi. En þetta var ein af leifunum, sem þessi hæstv. ríkisstj. lét eftir handa okkur að leysa, og skal ég koma nokkru nánar inn á það síðar.

Mér þykir líka rétt að leiðrétta það, sem er algerlega rangt, að eini umboðsmaður Rússa hér á landi sé 1. þm. Vestf. Ég hef nefnilega aldrei haft þetta Rússaumboð, sem hv. þm. er að tala um. Ég hef nefnilega aldrei lagzt svo lágt að taka að mér umboð fyrir nokkurn Rússa, hvorki á pólitísku sviði, efnahagssviði né viðskiptasviði. Ég hef aldrei haft neitt umboð fyrir þá. Ég ætti að vita það eins vel og hv. þm., hvort ég hef haft það eða ekki, svo að það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. að reyna að þvo af sér rússneska litinn með því að reyna að klína því yfir á mig. En því verra er þeirra umboð, að umboðið er pólitískt, að reyna að koma yfirráðum Rússa á Ísland, ekki yfir einhverjum bílum, heldur pólitískt. Að því hefur stefnt allt þeirra starf hér á Alþingi og utan Alþingis. (**HV**: Ertu alveg viss?) Ég er alveg viss um það. Ég þekki svo vel hjartalag þessara manna beggja, að ég er alveg viss um það, að það er þeirra hjartans ósk að reyna að koma sem mestum áhrifum á íslenzka pólitík frá Rússlandi. Þó að hv. 4. landsk. vilji bregða á sig grímu í sambandi við þessi mál, það haggar ekkert minni skoðun á þeim málum.

Ekki var nú betur orðuð brtt. við þáltill. en það, að hv. 4. landsk. þurfti að fara að skýra, hvernig hann mundi skilja hana. Ég held, að það þurfi sérstæða skilningsgáfu til þess að geta skilið brtt. þannig, að verði hún samþykkt, tryggi hún Vestfjörðum 30 millj. kr. í vegagerðir. Ég held, að það þurfi að orða hana miklu skýrar, ef á að tryggja það, að Vestfirðir fái 30 millj. í vegagerð, því að eins og ég sagði er till. orðuð þannig, að það er ómögulegt að finna út, hvað ætti að gera, ef hún væri samþ. Ég vænti þess, að hv. allshn. lagi orðalagið á till. þannig, að það verði hægt að skilja hana, ef meiri hl. n. vill láta breyta till. á þann hátt eins og ætlazt er til í brtt.

Það var annað atriði, sem mér þykir líka nauðsynlegt að leiðrétta hér. Það er verið að drótta því að mér sem 1. þm. Vestf., að ég hafi leynt ákveðnu bréfi í sambandi við Trostansfjarðarveg. Þetta er alveg rangt. Það er viðurkennt af oddvitanum, að hann sendi samrit af þessu bréfi til hv. 4. þm. Vestf. Þetta var ekkert leyniskjal. Hann hefur að vísu borið það af sér, hann hafi aldrei fengið bréfið, og vill kenna póststjórninni um það. En það geta öll lítilmenni gert. Það geta öll smámenni gert að láta ásaka aðra fyrir, að þeir hafi ekki gert skyldu sína. Við hinir vitum, að hann fékk bréfið, eins og við vitum það líka, að allir þm. Vestf. fengu að vita, hvað í þessu bréfi var. Ég get hins vegar upplýst hv. 4. landsk. um, að þetta mál var rætt á opinberum fundi á Bíldudal og sætzt við þessa menn um það, hvernig þeir vildu láta leysa þessi mál. En einkennilegast var nú, þegar hv. þm. lét það í ljós, að við skyldum ekki gera meiri kröfur í þessum málum núna, af því að kosningar væru fram undan. Ég hef nefnilega aldrei þurft að sækja mín atkv. í Vestfirðingafjórðung með neinum mútum og mun aldrei reyna það. (**HV**: Eru það mútur að gefa kosningaloforð?) Kosningaloforð, sem ekki er hugsað að uppfylla, eins og hvað eftir annað hefur verið gert af þessum hv. þm., eru ekkert annað en mútur.

Ég spyr svo að síðustu, á meðan ég er að tala við hv. 4. landsk.: Hvers vegna löguðu ekki þessir hv. þm. öll þessi vandamál í vegamálum Vestfirðinga, meðan þeir höfðu hér meiri hl. í ríkisstj.? Því var þá ekki lagður vegur út í Grunnavík? Því var þá ekki lagður vegur um alla þessa staði og vegirnir byggðir upp? Það er alveg óhugsandi verk fyrir hv. 4. landsk. að telja Vestfirðingum trú um það, að ég hafi verið minna liðtækur í vegamálum Vestfjarða en ríkisstj. eða þm. þeir, sem áttu sæti á þingi 1956—1958. Það er alveg óvinnandi verk, hvað sem þeir segja um þessi mál hér á Alþingi.

Hv. 4. þm. Vestf. skal ég aðeins svara því, sem hann bar á mig, að ég ætti sök á því, að nú væri dýrara að byggja upp vegi en áður. Þetta er algerlega rangt. Hann og hans stjórn á árunum 1956—1958 skildu eftir fjárhag ríkisins og þjóðarinnar í því ástandi, sem var óþolandi, og það kom í okkar hlut að rétta það við. Og ef nokkuð hefur orðið dýrara í þessu landi, síðan þessi stjórn tók við, þá er það vegna þeirra, sem stjórnuðu áður og sökktu þá fjárhag þjóðarinnar á kaf, svo að það varð reglulegt þrekvirki að bjarga fjárhagnum frá hruni, eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði á þeim tíma, þegar hann sagði, að allt væri að fara hér fram af björgunum og engu væri hægt að bjarga, svo að það er ekki okkar sök. Það er hins vegar hreint kraftaverk af þessari hæstv. ríkisstj. nú að hafa unnið upp álit erlendis og innanlands á núverandi fjárhag þjóðarinnar. Hann skal því beina þeim geiri sínum til síns ágæta samþingismanns, hv. 2. þm. Vestf., en ekki til okkar.

Um önnur atriði ætla ég ekki að svara. Það er ekkert nýtt fyrir mig að hlusta á hv. 4. þm. Vestf. haga orðum sínum þannig, að áheyrendur hlæja og gera grín að þeim orðum, sem hann segir. Það er ekkert nýtt, það

hef ég búið við í fjöldamörg ár, svo að ég þarf ekki að vera að svara því.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. var nú ekki alveg eins fullur af sjálfsánægju með ástandið um vegamál Vestfjarða eins og í sinni fyrri ræðu. Ég hef því ekki ástæðu til að víta hans ræðu nú, eins og ég áður gerði. Það var miklu minna af sjálfshóli í ræðunni nú, og vottaði þó enn fyrir. Hann sagði, að þessi till. hefði þó komið við taugarnar í mér og hv. 4. þm. Vestf. Það er ekki till. Það er ástandið í vegamálum Vestfjarða, hið hörmulega ástand vegamálanna, sem kemur við taugarnar í mér og helzt hefði þurft að koma við taugarnar í hv. 1. þm. Vestf. líka. Það er ekki við það unandi, að þegar hann lítur yfir þennan langa þingmannsferil sinn, þá skuli hann geta verið rólegur og ánægður yfir ástandinu í vegamálum Vestfjarða. Svo mikill þykkskinnungur hefur einn af þm. Vestfirðinga ekki leyfi til að vera.

Hv. þm. bar það af sér, að hann hefði sagt í sinni fyrri ræðu, að það væri hægt að aka á bíl á hvert heimili í héraðinu. En þetta skrifaði ég þá, þegar hann sagði það, upp eftir honum. Hann sagði: Það er hægt að aka um allt þetta byggðarlag nú. — Hvað átti hann við með „þetta byggðarlag"? Átti hann við Rauðasandinn eða átti hann við Barðastrandarsýslu eða átti hann við Vestfjarðahérað, sem hann er nú þm. fyrir? Ég lagði það þannig út, að hann væri að tala um Vestfjarðahérað. Hann segir nú, að hann hafi átt við Barðastrandarsýslu. En einnig það væri ofsagt. Hann þarf á margan bæinn í Barðastrandarsýslu að klöngrast yfir vegleysur og getur ekki ekið þangað á bíl. Sú varð raunin á, þegar hann ætlaði til Lokinhamra og Hrafnabjarga s. l. haust. (**Gripið fram í:** Eru Lokinhamrar þá í Barðastrandarsýslu?) Þeir eru í Vestur-Ísafjarðarsýslu. En ætli þeir séu ekki nokkrir bæirnir í Barðastrandarsýslu, sem hv. þm. æki ekki alveg heim í hlað á? Ég er hræddur um það. En rétt er það, Lokinhamrar eru í Vestur-Ísafjarðarsýslu, en hv. þm. er þm. fyrir það hérað nú, og þangað komst hann ekki öðruvísi en á bát s. l. sumar.

Hann fjölyrti nú nokkuð mikið um, hversu miklar vegabætur hefðu orðið í Rauðasandshreppi í sinni þingmannstíð. Ég efa það ekki, að meginhlutinn af þeim vegaspottum, sem þar eru nú til, hefur orðið til á síðustu 20 árum. En hv. þm. má ekki gera sig ánægðan með, að það hafi eitthvað lagazt í einum hreppi. Hann er þm. fyrir Vestfjarðakjördæmi núna, og það er það, sem gildir, að hann vinni fyrir Vestfjarðakjördæmi og komi auga á þörf þess. Hann má ekki leyfa sér að líta nú á það með sjálfsánægju, hvað áunnizt hafi í Rauðasandshreppi, og vantar þar þó mikið á.

Svo að ég víki að einstöku atriði, sem hv. þm. taldi ástæðu til þess að leiðrétta, þá var það skrýtlan, sem ég sagði um það, þegar ég hafði kallað hann umboðsmann Rússa á Bíldudal, því að hann hafði þá umboðið fyrir rússnesku bifreiðarnar. (**GíslJ:** Ég hef aldrei haft það.) Aldrei haft það, Gísli Jónsson? Nú, hvers konar er þetta? „Sór svo og sárt við lagði, að svoddan mann þekkti hann ei," stendur þar. Það hefur gerzt fyrr. En svo mikið er víst, að þegar ég skellti þessu á hv. þm. á fundinum á Bíldudal og jeppinn stóð fyrir utan dyrnar, þá mótmælti hv. þm. því ekki. Það urðu að líða nokkur ár á milli. Ég hefði lagt meira upp úr þessari neitun nú, ef hann hefði harkalega mótmælt því, að hann væri nokkur umboðsmaður fyrir þessa bílategund. Nei, hv. þm. sagði: Það eru líka góðir bílar. — Það var svarið, sem hann gaf þá. Ég man þetta ósköp vel. Og þess vegna kemur mér enn þá spánskara fyrir núna, að hann skuli neita því, að hann hafi nokkurn tíma verið umboðsmaður fyrir rússneska bifreiðaumboðið, sem nú heitir „Bifreiðar og landbúnaðarvélar" og hann hefur að vísu ekki lengur.

Þá var það viðvíkjandi bréfinu, þegar Bílddælingar tugum saman (**Gripið fram í:** 127.) — 127 er sagt, skrifuðu þm. Vestf. bréf á s. l. þingtíma og skrifuðu auðvitað utan á til 1. þm. Vestf. (**GíslJ:** Og 4.) Ja, það var kannske skrifað annað bréf til einhverra annarra þm., það veit ég ekki. En bréfið til hv. 1. þm. Vestf., hvert átti það að fara? Var það einkabréf til hans? Stendur hann enn í þeirri meiningu? Eða var það bréf um málefni Vestfjarða til Vestfjarðaþingmanna, sem ætlunin var að biðja hann að koma á framfæri? Ég mundi hafa skilið það þannig, og mig grunar, að sumir bréfritararnir hafi skilið það þannig, að það hefði verið ritað utan á það til hv. 1. þm. Vestf., til þess að hann ræddi þetta mál héraðsins við samþm. sína í kjördæminu. (**Gripið fram í:** Hann gerði það líka.) Hann gerði það ekki fyrr en í ótíma a. m. k. Hann lá á bréfinu langa lengi, fór þannig að þessu leyti ekki heiðarlega með það, sem honum hafði verið trúað fyrir, og það er fyrst, þegar komið er í miðja afgreiðslu fjárlaga á síðasta þingi, að það er minnt á þetta bréf af hv. 4. þm. Vestf., sem þá hafði í símtali fengið vitneskju um bréfið, og þá er getið um það. Og þegar við svo flytjum till. um innihald bréfsins, um þá kröfu, sem Bílddælingarnir báru fram, þá gekk hv. 1. þm. Vestf. í þennan ræðustól og sagði, að við hefðum rofið samkomulag um tillöguflutning viðvíkjandi málefnum kjördæmisins, og taldi okkur brjóta af okkur með því að flytja till. um þennan veg. Þetta kalla ég ekki góða frammistöðu, það verð ég að segja. En nú segir hann, að þetta mál, þetta bréfmál, hafi verið rætt á fundi á Bíldudal, — ég var þar ekki viðstaddur og veit ekki, hvað þar hefur farið fram, — og verið sætzt á málið. Hver var sú sætt? Er sættin á þá lund, að Bílddælingar geri ekki lengur kröfu um fjárveitingu til þessa vegar, telji sér hana ekki lengur

nauðsyn, eða er sætzt á málið á þann veg, að nú skuli fjárveiting tekin á þessi fjárlög og vegurinn koma? Ef svo hefur verið um sættargerðina, sem ég vænti að hafi verið, Bílddælingum til gagns, þá vona ég, að ég fái að sjá það í till. meiri hl. fjvn., að efndirnar séu á næsta leiti. Annars megum við eiga von á öðru bréfi, það er alveg áreiðanlegt.

Hv. þm. taldi, að ég hefði verið að gefa þeim vísbendingu um það, þm. Sjálfstfl., að gefa nú rífleg kosningaloforð, af því að kosningar væru að vori. Þarna hefur hann alveg misskilið mál mitt. Ég beindi því til hv. þm. að vera nú ekki með neina tilburði álíka fánýta eins og þessa hégómatill., heldur beita aðstöðu sinni, sem ég tel vera mjög sterka. Fyrrv. formaður fjvn., núv. formaður fjvn., stærsti flokkur þjóðarinnar í samstarfi við Alþfl. með meiri hl., ríkisvaldið í höndunum, þessir aðilar geta gert mikið, ef þeir vilja, og þörfin er mikil á Vestfjörðum að láta verkin tala, og það að láta þetta koma á fjárlögin núna, hvað skuli gert á næsta kjörtímabili, á næsta ári, á fjárlagaárinu 1963, það yrði aldrei flokkað undir kosningaloforð, það væru fuglar í hendi, en ekki á þaki, ekki í skógi. Það væru hlutir, sem kæmu og væri ekki svo auðvelt að smokra sér hjá eftir kjördag. Þess vegna legg ég allt upp úr því, að það sjáist eitthvað áþreifanlegt, sjáist, hvað á að gera og hve miklar fjárveitingar eiga að verða á þessa árs fjárlögum, sem við á næstu dögum förum að fást við að afgreiða. Og ég er alveg viss um það, að hv. 1. þm. Vestf. yrði ekkert sakaður um nein kosningaloforð og kosningabrellur, ef hann sýndi þann dug að koma þessu fram á pappírinn, þótt ekkert væri lagt fram nema prentsvertan og pappírinn núna.

Hann spurði, hv. þm.: Hvers vegna lögðum við ekki alla þessa vegi, þegar vinstri stjórnin var? — Vinstri stjórnin sat í 2½ ár. Hún gerði ýmislegt, hafði ærnum hnöppum að hneppa. Hún kom líka nokkuð við sögu í samgöngumálum Vestfjarða. Hún kom líka við sögu við atvinnulífið á Vestfjörðum, reisti t. d. ýmislegt úr rústum á Bíldudal, þar sem voru til rústir, því miður, og atvinnulífið hefur notið þess síðan. Það er alveg rétt, æskilegt hefði verið að geta leyst alla hluti þá. En það er aldrei hægt á 2½ ári að leysa alla hluti. Og krafan, sem ég geri til hv. 1. þm. Vestf., er miklu smávægilegri en krafa hans um, að við hefðum leyst alla hluti á 2½ ári. Hún er sú að láta nú sjást, þegar hann hefur mjög góða aðstöðu á Alþingi, sem hann lengi hefur haft, verulega á fjárlögum ársins, hvað hann getur gert Vestfjarðakjördæmi til gagns, t. d. í samgöngumálum, í viðbót við öll þau ósköp, sem hann er búinn að gera á seinustu 20 árum, af því að það vantar svo mikið til, þrátt fyrir það þó að hann hafi haft tífalt lengri tíma en vinstri stjórnin fyrir sér. Mínar kröfur og óskir til hans eru því sanngjarnar, miklu sanngjarnari en hans, þegar hann bregður mér og öðrum um það að hafa ekki komið þessu öllu í kring á 2½ ári. En ég harma það að fá ekki betri undirtektir hjá hv. þm. í valdamikilli aðstöðu um þessi mál heldur en ég hef enn þá fengið og skildi það ekki almennilega, þegar hann fór að tala um, að það væri nú sök sér með veg hér suður frá, sem byggður er upp breiður og hár og á að steypast, því að það væri hernámsbraut. Eiga Vestfirðir kannske að gjalda þess, að þar er ekki hægt að byggja hernámsbrautir? Er þessi áhugi fyrir Keflavíkurveginum kominn frá hæstv. ríkisstj., af því að það sé hernámsbraut, eins og hv. 1. þm. Vestf. kallar það, ekki þjóðvegur, ekki sem áhugi fyrir atvinnuvegi, eins og hann orðaði hér áðan? Við þurfum einmitt að fá byggða upp þjóðvegina á Vestfjörðum í þjónustu atvinnulífsins, í þjónustu fólksins, sem er þar enn þá, og við erum kröfuharðir um þetta, af því að við óttumst, að fólkið sé að hverfa frá sinni byggð vegna þess, hvað þjóðfélagið hefur gert og gerir lítið fyrir það til þess að létta og bæta lífsaðstöðu þess. Á þessum kröfum munum við staglast, og við biðjum ekki afsökunar á því, að við tölum ekki um það í gælutón eða ævintýrastíl. Við berum þetta fram á þann hátt, að ljóst má vera, að okkur er alvara með það. Og það er mikið og margt, sem við þurfum að biðja um og krefjast, og sumt þurfum við að fá strax. Og við gefum ekki grið með það, að það er aðstaða til þess að gera sumt af þessum nauðsynlegustu hlutum og gera þá þegar á þessu þingi, leggja grundvöllinn að framkvæmd þessara hluta á fjárl. ársins 1963.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Það er aðeins út af einu atriði, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf., svo-kölluðu Bíldudalsbréfi. Hann vildi láta hv. alþm. skilja það svo, að ég væri meðsekur sér um þetta bréf, en saga þessa bréfs er í fáum orðum þessi:

Það var rétt áður en afgreidd voru fjárlög í fyrra, að það var hringt í mig frá Bíldudal og spurt að því, hvort ég hefði ekki fengið bréf þaðan um vegamál. Ég svaraði því, að ég hefði ekkert slíkt bréf fengið. Maðurinn segir mér þá frá því, að hann hefði sent hv. 1. þm. Vestf. bréf undirskrifað af 127 Bílddælingum, þar sem er áskorun til Alþingis um að leggja fé í Suðurfjarðaveg til að tengja hann við Dynjandisheiðarveg, og jafnframt sé boðið fram 50 þús. kr. framlag frá Bílddælingum, ef það komi myndarleg fjárveiting frá ríkinu. Þetta bréf fékk ég ekki. En þetta bréf fékk hv. 1. þm. Vestf., en lagði það aldrei fram, hvorki hér á Alþ. né á fundi okkar Vestfjarðaþm., og hann sagði ekki frá því heldur. Það eina, sem hann sagði á fundi okkar Vestfjarðaþm., var það, að Bílddælingar hefðu áhuga á að fá fjárveitingu í þennan veg. En bréfinu sagði hann ekki frá. Svo segir hann: Oddvitinn hefur staðfest, að hann hafi sent Sigurvin Einarssyni afrit af þessu

bréfi. — Það er rétt, hann mun hafa sent þetta afrit, en bréfið bara kom ekki. Hefði ég fengið þetta bréf, þá hefði ég lagt það fyrir fundinn, ef hv. 1. þm. Vestf. hefði ætlað að bregðast trausti þeirra, eins og hann líka gerði.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá meiri og minni hl. fjvn., á þskj. 535 og 540, var útbýtt 5. og 6. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

12. Brottflutningur Bandaríkjahers.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um tafarlausan brottflutning Bandaríkjahers af Íslandi vegna styrjaldarhættu [61. mál] (A. 61).

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. og 31. fundi í Sþ., 28. nóv. og 20. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

13. Tunnuverksmiðja á Austurlandi.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um tunnuverksmiðju á Austurlandi [65. mál] (A. 69).

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 11., 14., 17. og 20. fundi í Sþ., 9., 21. og 28. nóv., 12. des., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 29. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í l. um tunnuverksmiðjur ríkisins er sú meginstefna, að reisa skuli í landinu tunnuverksmiðjur, sem smíðað geti allar þær tunnur, sem landsmenn þurfi á að halda undir síld, og enn fremur er gert ráð fyrir því, að verksvið tunnuverksmiðjanna geti orðið víðtækara og þær framleiði einnig tunnur undir aðrar vörur. Enn þá vantar mikið á, að tunnuverksmiðjur ríkisins hafi bolmagn til að framleiða allar þær tunnur, sem landsmenn þurfa undir síld. En tunnuverksmiðjur hafa fram að þessu á vegum ríkisins eingöngu verið settar á fót á Norðurlandi.

Í l. um tunnuverksmiðjur ríkisins, 5. gr. þeirra, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú telur ríkisstj. þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr.," þ. e. á Siglufirði og Akureyri, „og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja þriðju verksmiðjuna á Austur- eða Norðausturlandi."

Nú hefur þannig skipazt á síðari árum, að síld hefur legið mjög við Austurland og af þeim miðum verið fært á land mjög mikið af síld, sem verkuð hefur verið á Austurlandi. Þar hefur því verið notað mjög mikið af tunnum, en á hinn bóginn hefur þurft að færa þær tunnur allar annaðhvort norðan úr landi, íslenzkar tunnur, eða flytja þær inn frá öðrum löndum. Þetta veldur miklum vandkvæðum á ýmsan hátt, auk þess sem það eykur kostnaðinn, og vill oft fara þannig ofan á allt annað, að þeir verði afskiptir með tunnur, sem fjarri uppsprettunni búa, sem í þessu sambandi eru tunnuverksmiðjur ríkisins fyrst og fremst.

Nú er enginn vafi á, að það væri mjög hagfellt þjóðhagslega skoðað að fjölga tunnuverksmiðjum á vegum ríkisins, og er það álit okkar flm., að næstu tunnuverksmiðju ætti að reisa á Austurlandi. Það mundi verða til mikils hagræðis, bæði fyrir sjávarútveginn í heild og þá sérstaklega þá, sem síldveiði stunda, auk þess sem þetta mundi hafa mikla atvinnulega þýðingu fyrir Austurland. Þess vegna höfum við leyft okkur að flytja þessa þáltill., sem nú er til umr., 65. mál hv. Alþ., um tunnuverksmiðju á Austurlandi, og flytjum við hana allir saman þm. af Austurlandi, eins og hv. þm. mega sjá.

Við teljum, að þessi þáltill. sé alveg í samræmi við meginstefnu í lögunum um tunnuverksmiðjur ríkisins, og í beinu framhaldi af ákvæðum í þeirri löggjöf viljum við fara fram á, að hæstv. Alþingi skori á ríkisstj. að framkvæma 5. gr. þessara laga 1957 með þeim hætti, sem greinir í þáltill.

Ég legg það alveg á vald hæstv. forseta, hvort hann telur, að þessi þáltill. eigi að réttu lagi að ganga til hv. fjvn. eða til allshn. Ég legg það alveg á vald hæstv. forseta, upp á hvoru hann stingur, en ég mundi hallast að því, að till. ætti heima í fjvn. En ég vil leyfa mér að fara fram á við hæstv. forseta, að hann ráði því, til hvorrar n. málinu verði vísað.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

14. Landshafnarframkvæmdir í Keflavík og Njarðvík.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um landshafnarframkvæmdir í Keflavík og Njarðvík [66. mál] (A. 72).

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

15. Laxveiðijarðir.

Á deildafundum 1. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir leggist í eyði [72. mál] (A. 78).

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 29. jan., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á síðari árum hefur aukizt mjög hér á landi áhugi á laxveiðum. Í samræmi við það hafa veiðiréttindi yfirleitt hækkað mjög mikið í verði. Þetta má telja hagstæða þróun í heild, þar eð hún veitir bændum auknar tekjur og laxveiðimönnum þýðingarmikla hvíld og útivist, en auk þess er hér um að ræða allmikla framleiðslu matvæla, sem að nokkru leyti eru verðmikill útflutningsvarningur.

Hins vegar hafa verið brögð að því, að jarðir hafi verið keyptar upp eingöngu vegna laxveiðiréttinda og hafa síðan verið lagðar í eyði. Þegar um er að ræða slíkar jarðir í miðjum blómlegum landbúnaðarhéruðum, er um hættulega þróun að ræða. Verður framleiðslutap, sem stafar af því, að góðar jarðir eru ekki nýttar að fullu. Þó kann að vera, að hitt tjónið sé öllu ískyggilegra, að fólkinu fækkar, þar sem búskaparaðstæður eru góðar. Slík atvik hafa jafnan mjög slæm áhrif á annað fólk í þessum sveitum og draga að ástæðulausu úr trú þess á hérað sitt og atvinnuveg.

Þetta mál er engan veginn auðvelt úrlausnar. Þess vegna hefur þótt rétt að hreyfa því í því formi, að Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að láta rannsaka, á hvern hátt er unnt að koma í veg fyrir, að hlunnindajarðir, sérstaklega laxveiðijarðir, verði keyptar vegna hlunnindanna og síðan látnar leggjast í eyði. Með þessu lætur Alþingi í ljós áhyggjur sínar yfir þessari þróun og gerir tilraun til þess, að fundin verði leið til að koma í veg fyrir frekari atburði af þessu tagi.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til allshn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á síðasta Alþingi barst okkur þm. Vesturl. erindi frá nokkrum bændum í Álftaneshreppi í Mýrasýslu um athugun á þessu máli. Í hópi okkar þm. Vesturl. lagði ég þetta mál fyrir. Var þá ákveðið, að við ynnum sameiginlega að því að reyna að finna lausn á þessu vandamáli. Þetta var seint á þinginu, sem okkur barst þetta erindi, og vannst okkur þess vegna ekki tími til að finna þau úrræði, sem við töldum mundu henta.

Á fyrsta fundi, sem við þm. Vesturlands héldum á yfirstandandi Alþingi, hreyfði ég þessu máli á nýjan leik í þeirri von, að við gætum allir staðið að því. Á þeim fundi var hv. 5. þm. Vesturl. ekki. Það var álit okkar hinna 4, að við skyldum vinna áfram að þessu máli og reyna að finna þá lausn, sem að gagni mætti koma. Nokkrum dögum eftir að við héldum þann fund, birtist á þskj. þáltill. sú, sem hér er til umr. Nú hefur hver þm. auðvitað rétt til þess að flytja mál svo sem honum sýnist og jafnvel þó að annar hafi lagt það fyrir í þingmannahópi, eins og á sér stað með þetta. Hins vegar er það í fyrsta sinn, sem þannig hefur verið farið með mál innan okkar þingmannahóps.

Hver og einn ræður því, hvaða vinnuaðferð hann kýs helzt. Hér er um mikið vandamál að ræða, og skiptir því mestu, að lausn finnist á vandanum. Það hefur mjög borið á því í Borgarfirði, að jarðir hafa verið keyptar upp meðfram laxveiðiánum og þær ekki nýttar að öðru leyti en því, að laxveiðin hefur verið notuð, en jörðin sjálf farið í eyði. Þetta er að verða mjög áberandi kringum Langá, og horfir til stórra vandræða, ef svo heldur áfram.

Ég hef átt hlut að því að ræða þetta mál við mjög færa menn, bæði á sviði lögfræði og forustumenn í landbúnaði, vegna þess að mér er það fullkomlega ljóst, að hér er um stórkostlegt vandamál að ræða. En vandinn liggur í því, að þegar fráfarandi vill selja, þá verður erfitt að banna kaupanda að kaupa jörðina, nema annar kaupandi sé til staðar, þó að það hins vegar leiði til þess, að jörðin verði lögð í eyði. En þar sem hér getur verið um að ræða svo alvarlegt vandamál, að heilt hreppsfélag gæti lagzt næstum því í auðn vegna þessara framkvæmda, þá þarf að taka föstum tökum á málinu.

Ég held, að það muni ekki nægja, þó að Alþingi láti í ljós áhyggjur sínar, eins og tekið er fram í grg. fyrir þessari þáltill. Hér þarf að taka á þessu vandamáli með festu, og það er mjög erfitt viðfangs. En það er

enn þá verið að vinna að því á vegum okkar þm. Vesturl. að leita eftir frekari úrræðum en hér er bent á, því að hér er nánast ekki bent á annað en að Alþingi hafi áhyggjur af málinu. Og er von um það, að lausn megi finnast til þess að leysa þennan vanda, það er aðalatriði málsins, og skiptir þá ekki máli, hvort þessi till. verður samþ. eða ekki í þeim efnum.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 78, n. 546 og 618, 283).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

16. Bankaútibú á Snæfellsnesi.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um bankaútibú á Snæfellsnesi** [72. mál] (A. 74).

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 30. jan., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Undanfarin ár hefur verið mikill vöxtur í bankakerfi landsins. Stafar þessi vöxtur bæði af hinni öru fjölgun þjóðarinnar, blómlegri framleiðslu og fjármálastefnu, sem hefur leitt til mikillar aukningar á sparifé. Vöxtur bankakerfisins hefur komið fram á þann hátt, að sparisjóðir hafa verið gerðir að bönkum og bæði gamlir og nýir bankar hafa stofnað fjölda útibúa. Enn sem komið er hefur mestur fjöldi þessara útibúa verið í Reykjavík. Þó hafa þau verið sett á stað úti á landi, t. d. í Húsavík og á Blönduósi. Í Keflavík hefur þegar verið tilkynnt eitt útibú og sagt er, að tveir aðrir bankar leiti þar að húsnæði. Þá mun vera von á útibúum á enn fleiri stöðum innan skamms.

Nú er svo komið, að fleiri eða færri bankaútibú eru í öllum kjördæmum landsins nema Vesturlandskjördæmi. Að vísu hefur nokkuð verið rætt um stofnun útibúa á Akranesi og í Borgarnesi, en ekki verið teknar ákvarðanir um það enn, að því er bezt verður vitað.

Snæfellsnes er nú eitt þeirra héraða, sem erfiðasta aðstöðu hafa hvað bankaþjónustu snertir. Má heita, að þaðan sé dagleið í næsta banka, og þurfa athafnamenn að verja óhóflega löngum tíma frá beinni stjórn atvinnutækja til að komast í banka. Af þessum sökum er till. flutt og í þeirri von, að hún megi stuðla að því, að úr þessu verði skjótlega bætt.

Bankaþjónusta er nauðsynlegur þáttur í allri framleiðslu og fjárfestingu svo og öðru athafnalífi. Bankakerfi landsins er að verulegu leyti ríkiseign og fjárhagsástæður þjóðarinnar allar slíkar, að óhjákvæmilegt er fyrir hv. alþm. að láta sig þessi mál einhverju skipta. Sjálfsagt er, að bankakerfið aukist og veiti landsmönnum sem bezta þjónustu. Hins vegar er rétt að gæta þess, að óeðlileg samkeppni verði ekki til þess, að bankaútibú verði eins og benzínstöðvar, margfalt kerfi þeirra um allt landið, og af því hljótist óþarfakostnaður. Það sjónarmið verður að ráða, að helztu framleiðsluhéruð hafi greiðan og eðlilegan aðgang að bankaþjónustu, en með það í huga er þessi till. flutt.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til hv. allshn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það verður að teljast eðlilegt, að bankaútibú verði sett á fót á Snæfellsnesi, ef þar eru almennar óskir um slíkt. Þarna er búsett allmargt fólk, og þar er mikill atvinnurekstur og því þörf fyrir slíka þjónustu. Hins vegar er mér ekki ljós ástæðan fyrir því, að þetta er gert hér að þingmáli.

Eins og hv. flm. gat um í sinni ræðu, hefur verið allmikið um stofnun bankaútibúa að undanförnu. Flest hafa þau risið á legg hér í höfuðborginni, en þó hafa nokkur útibú verið stofnuð annars staðar á landinu. Um síðustu áramót var sett á stofn útibú frá einum ríkisbankanum á Blönduósi og frá öðrum á Húsavík, og fréttir hafa borizt um, að a. m. k. einn eða jafnvel fleiri bankar ætli að setja upp útibú í Keflavík.

Hins vegar hefur ekki heyrzt, að hæstv. ríkisstj. hafi haft forgöngu um að setja upp þessi útibú. Og ef almennar óskir eru um slíkt af Snæfellsnesi, þá þætti mér mjög sennilegt, að einhver bankinn vildi sinna þeim óskum og setja þar upp útibú, án þess að ríkisstj. eða Alþingi hafi afskipti af því máli. Ef hins vegar ríkisstj. þarf að koma þar við sögu, fyndist mér ekki ólíklegt, að hv. flm. till., sem er einn af stuðningsmönnum hennar, gæti einhverju áorkað í því efni án þess að leita til þess fulltingis Alþingis.

Þetta taldi ég rétt að láta koma fram við umr. málsins. Ég tel það eðlilegt í alla staði, að innan skamms verði stofnað útibú í þessum landshluta frá einhverjum bankanum. En ég fæ ekki séð, enda kom ekkert fram um það í ræðu hv. flm., að þörf sé fyrir afskipti Alþingis af málinu. Hann lét þess ekki getið, hvort nokkuð væri búið að vinna að þessu máli við bankana eða þá ríkisstj., ef þeir hefðu ekki tekið undir óskir um stofnun útibús.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir það, að hann styður efni till. En nú fer svo dag eftir dag, að formsatriði virðast vefjast fyrir hv. framsóknarmönnum og þeir sjá ástæðu til að kvarta yfir því, hvernig að málum er unnið, ýmist að þeir séu ekki hafðir þar með í ráðum eða að mál eigi hér ekki heima.

Ég vil í fyrsta lagi benda á, að fordæmi eru fyrir því, að till. sem þessi hafi verið fluttar hér og hafi ekki verið gerðar við það aths. Þeim hefur verið vísað til n. og þær fengið meðferð eins og önnur mál. Nægir að minna á, að það er skammt frá því, að till. kom fram og var til umr. um útibú í Húsavík, þar til Landsbankinn (annaðhvort af þeirri ástæðu eða öðrum, ég skal ekkert um það segja) stofnaði útibúið skömmu á eftir. Fleiri slíkar till. má nefna, svo að fordæmin eru ærin.

Í öðru lagi vil ég benda á það, sem ég nefndi í framsöguræðu, að meiri hl. bankakerfisins er ríkisbankar, og er því ekkert eðlilegra en að Alþingi hafi rétt og ástæðu til að segja það, sem það vill, varðandi bankana. Ég vil ekki halda því fram, að við höfum eins ríka ástæðu til að tala um slíka hluti varðandi einkabanka, sem leyft hefur verið að setja upp.

Það hefur ekki skort á almennar óskir frá Snæfellingum um að fá bankaútibú. Það eru uppi óskir og vonir í svo til hverju þorpi, og mér er kunnugt um, að forustumenn hafa flutt það mál við bankana.

Hv. þm. sagði að lokum, að það ætti að vera óþarfi að nefna þetta mál á Alþingi, af því að ég væri stuðningsmaður stjórnarinnar og ætti þar innangengt. Eru það að því leyti innantóm rök, að ef við gengjum inn á slíkan hugsunarhátt, ættu stuðningsmenn ríkisstj. að leggja öll störf á Alþingi niður, ef stuðningur við ríkisstj. á að þýða, að það sé engin ástæða fyrir þm., sem stjórnina styðja, að flytja nein mál, sem stjórnina varða. Það er fráleitt að flytja þá röksemd, að stjórnarþm. geti ekki flutt mál, eingöngu af því að þeir eigi að hafa greiðari aðgang að ráðh. heldur en aðrir. Ég fellst ekki á slíka röksemd og tel, að það sé full ástæða til að hreyfa þessu máli hér.

Þessi mál eru á hreyfingu, eins og ég nefndi. Það, sem hér gerist, undirtektir á þingi, getur vissulega haft úrslitaáhrif um það, hvort efni till. verður framkvæmt skjótlega eða ekki. Þörfin blasir við, því að Vesturland er eina kjördæmi landsins, þar sem ekkert bankaútibú er enn komið og engin ákvörðun hefur verið tekin um það.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég tel ekki óeðlilegt, að þessi till., sem hér er flutt, komi fram á Alþingi. Ég vil benda á, að það er ekki í fyrsta skipti, sem slík till. er borin fram hér á hinu háa Alþingi í sambandi við bankaútibú á Snæfellsnesi. Hún var flutt fyrir að ég held 45 árum, 1917 eða 1918, hér í hv. Nd. og fékk þinglega meðferð, og var samþ. í báðum deildum áskorun til stjórnar Landsbankans að setja bankaútibú á Snæfellsnesi, svo fljótt sem bankastjórn og bankaráð teldi fært að gera það. Það var bundið við Stykkishólm á þeim tíma. Þessi till. til þál. var send til umsagnar bankaráði og bankastjórum Landsbankans, og töldu þeir tímabært að stofna bankaútibú á Snæfellsnesi. En síðan eru liðin 45 ár, og gleðst ég yfir þeim framförum, sem hafa orðið innan bankanna á Íslandi, að þeir skyldu bregðast svona fljótt við, þegar áskorun kom um bankaútibú á Húsavík, að það skuli ske á því sama ári og það var rætt hér á hinu háa Alþingi.

Ekki mun hafa staðið á því, að það hafi borizt óskir úr héraðinu um stofnun bankaútibús á Snæfellsnesi á undanförnum árum, svo að þess vegna mátti framfylgja þeirri samþykkt Alþingis, sem var samþ. fyrir 45 árum. En það virðist vera þannig, að allt bankakerfið þurfi helzt af öllu að vera hér á Suðurlandi eða í höfuðstaðnum, og af þessum vandkvæðum hafa sprottið þau nauðsynlegu vinnubrögð hjá héruðunum úti á landi, að t. d. á Snæfellsnesi norðanverðu eru starfandi fjórir sparisjóðir, sem hafa vissulega gert mikið og gott gagn fyrir héraðið í heild.

Ég tel því, að það hafi verið mjög gott, að hv. 5. þm. Vesturl. skuli hafa flutt þessa þáltill., í trausti þess, að hún fái hér þinglega afgreiðslu í annað sinn hvað varðar Snæfellsnes. Ég veit, að allir hv. alþm. eru þeirrar skoðunar, að þessi þjónusta sé nauðsynleg, ekki síður á Snæfellsnesi eða við Breiðafjörð en í öðrum héruðum landsins, sem eru flest búin að fá útibú frá bönkunum hér í Reykjavík. Ég vona, að þessi till. fái að þessu sinni betri árangur en sú till., sem var samþykkt fyrir 45 árum og fékk þá svo vinsamlega afgreiðslu, bæði hjá Landsbankanum og í meðferð Alþingis.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil í tilefni af ummælum, sem fallið hafa við þessar umr., láta þess getið, að samkv. þeirri löggjöf, sem í gildi er um ríkisbankana og þá einkabanka, sem stofnaðir hafa verið á síðustu árum, er það algerlega á valdi bankanna sjálfra, þ. e. a. s. stjórna bankanna sjálfra, hvort og hvar þeir koma á fót útibúum og starfrækja þau. Ríkisstj. eða viðskmrn. hefur engin afskipti af stofnun bankaútibúa. Enginn bankanna er skyldur til þess að leita samþykkis stjórnarvalda eða viðskmrn. um það, hvort hann kemur á fót útibúi eða ekki. Þessa vildi ég láta getið hér til þess að koma í veg fyrir misskilning um þetta atriði.

Ég skal svo aðeins bæta því við, fyrst ég er staðinn upp á annað borð, að þótt ég sé persónulega þeirrar skoðunar, að ofvöxtur hafi hlaupið hin allra síðustu ár í stofnun bankaútibúa, einkum hér í sjálfum höfuðstaðnum, finnst mér á hinn bóginn ekki hafa gætt í nógu ríkum mæli jafnvægissjónarmiða,

þegar litið er á landið sem heild í þessum efnum. Ég fæ ekki séð annað en full rök megi færa fyrir efni þeirrar þáltill., sem hér er til umr., að nauðsyn sé á því, að bankaútibú sé starfandi í þeim landshluta, sem nefndur er í þeirri tillögu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það kom fram hér í ræðu hæstv. viðskmrh., að það er rétt, sem ég hef haldið fram, að ríkisstj. hefur engin afskipti haft af stofnun þeirra bankaútibúa, sem hafa átt sér stað að undanförnu, og meira að segja ríkisstj. hefur það ekki á valdi sínu að ákveða það, hvar bankarnir setja upp útibú og hvar ekki.

Um þetta mál þeirra Snæfellinga er það að segja, að það er vitanega ósköp skiljanlegt, að þeim finnist tími til kominn að fara að fá þetta útibú, sem samþykkt var gerð um fyrir 45 árum samkv. þeim upplýsingum, sem hv. 2. þm. Vesturl. gaf hér. Maður getur skilið það. Það verður að teljast eðlilegt, að þeir fái sitt útibú, án þess að á því verði miklu meiri dráttur en þegar er orðinn.

Það er svo um okkur hér, að menn hafa mismunandi vinnubrögð að ýmsu leyti. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur kosið þá leið að fara með þetta inn í þingið, byrja á því að fara með þetta inn í þingið. Það er vitanlega hans mál, hvernig hann hagar því. Ég fyrir mitt leyti hefði haft þetta nokkuð öðruvísi, ef óskir hefðu borizt um það úr mínu kjördæmi, að þar yrði sett upp bankaútibú, og ég hefði viljað vinna eitthvað að því. Ég hefði byrjað á því að ræða við stjórnir bankanna, einhverja bankastjórn og bankaráð, til að ganga úr skugga um það, hvort þar væri ekki vilji fyrir því að verða við þessum óskum, og því aðeins gert þetta að þingmáli, að ekki væri hægt að koma málinu fram eftir öðrum leiðum. En það er eins og ég sagði, það eru mismunandi vinnuaðferðir, sem menn hafa. En hvernig sem um þessa till. fer, þá er að vænta þess, að þeir fái úrlausn sinna mála þar fyrir vestan, áður en langt um líður.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil ítreka þakklæti fyrir það, að allir þeir, sem hér hafa staðið upp, hafa tekið undir efni till., og það skiptir mestu máli. Ég vil aðeins skýra hv. síðasta ræðumanni frá því, að þessi mál hafa um árabil verið rædd við stjórnir bankanna. Ef umr. hefðu borið þann árangur, að slíkt útibú væri komið upp, væri að sjálfsögðu ekki tilefni til þess að hreyfa málinu hér. Af því að enginn árangur hefur orðið af þeirri leið og er nú svo komið, að Vesturlandskjördæmi stendur eitt eftir útibúslaust, jafnframt því sem vöxtur er í bankakerfinu öllu, sýnist mér, að tilefnið sé ærið.

Ég vil taka fram, að mér er fullkomlega ljóst, að ríkisstj. ræður ekki útibúunum. Ef við skoðum þær ályktanir, sem Alþingi gerir á hverju ári, hljótum við að sjá, að í þeim felst áskorun. Þýðir það, að málin eru ekki þess eðlis, að Alþingi sjálft geti beinlínis gert hlutina. Ég verð að segja, að ef áskorun Alþingis varðandi störf stofnana, sem eru eign ríkisins, eins og sumir bankarnir, hefur ekkert að segja, þá er þessi stofnun minna virði en ég hef haldið að hún væri.

Og til hvers er ályktunarformið viðurkennt og notað, ef ekki til þess að beita þeim áhrifum Alþingis, sem standa ekki alltaf í beinu sambandi við lagabókstaf um það, hver á að framkvæma hlutinn?

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

17. Upphitun húsa.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um rannsókn á aðferðum til upphitunar húsa [77. mál] (A. 94).

Á 11. og 20. fundi í Sþ., 9. nóv. og 12. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Við hv. 4. þm. Austf. (LJós) flytjum hér till. til þál. um rannsókn á aðferðum til upphitunar húsa. Á síðasta Alþingi vorum við meðflm. að þessari sömu till., en 1. flm. hennar þá var Ingi R. Helgason, sem þá átti sæti hér á hv. Alþ. um skeið sem varamaður. Till. varð ekki útrædd að því sinni og er því flutt hér að nýju.

Efnislega er till. okkar á þá lund, að Alþingi álykti að kjósa 5 manna mþn. til þess að rannsaka til hlítar stofn- og rekstrarkostnað svo og framtíðarmöguleika þeirra aðferða, sem tíðkaðar eru hérlendis við upphitun húsa, með sérstöku tilliti til þess, hvort ekki sé þjóðhagslega rétt og einnig hagkvæmt fyrir viðkomandi aðila, ekki sízt í dreifbýlinu, að stefna að því í sambandi við vatnsaflsvirkjanir næstu áratugi að hita hús hérlendis með raforku.

Við flm. teljum, að með till. okkar sé hreyft máli, sem kunni að hafa verulega fjárhagsþýðingu, bæði fyrir þjóðarheildina og einstaklingana, í framtíðinni og sem jafnvel geti ráðið nokkru um þróun raforkumála okkar næstu áratugina. Við teljum, að brýn nauðsyn sé orðin á, að ekki dragist miklu lengur að meta það með sem gleggstum útreikningum og athugunum sérfróðra manna, hversu hagkvæmt sé að stefna í vaxandi mæli að því að leysa hina aðkeyptu orku, sem að

mestum hluta er notuð til upphitunar húsa, af hólmi og nýta til þess þá orku, sem við eigum sjálfir óbeizlaða í vatnsföllum og í jarðhita, og einnig, að þá sé rannsakað og metið hagkvæmt hlutfall á milli hinna innlendu orkugjafa.

Sú staðreynd liggur fyrir, að við Íslendingar þörfnumst stærri hluta heildarorkunotkunar til þess að hita híbýli landsmanna en flestar aðrar þjóðir. Þannig er talið, að í Evrópu almennt fari 28% notaorkunnar til húsahitunar, en hér á Íslandi fara um 53% notaorkunnar til húsahitunar og heimilisnotkunar og til hitunarinnar einnar fara 48,1% af allri notaorkunni, þ. e. a. s. til hennar fer mjög nálægt helmingi allrar þeirrar orku, sem notuð er.

Nú má að vísu ætla, að þetta hlutfall fari minnkandi með meiri iðnvæðingu, en þó ekki örar en svo, að sérfræðingar áætla, að árið 1970 verði hlutfall orkunotkunar til hitunar 42%. Ég hef ekki tiltækar nákvæmar tölur um heildarkostnað orkunotkunarinnar, en á það má benda, að árið 1960 nam sala raforku um 190 millj. kr., og innflutningur kola, brennsluolíu og benzíns var þá 413 millj. Þessu til viðbótar kemur svo sala jarðhita, sem það ár nam fast að ⅕ hluta orkunotkunarinnar, og svo að sjálfsögðu aðflutningsgjöld, álagning og dreifingarkostnaður vegna hinna aðfluttu orkugjafa, sem nemur mjög háum upphæðum. Það er því ekki fjarri að ætla, að kostnaður neytenda orkunnar nálgist nú fast að 1 milljarði kr. á ári. En á næsta áratug er svo áætlað, að orkunotkunin vaxi um 50—60%, þ. e. a. s. fyrir 1970. Ætla ég af þessu, að ljóst megi verða, hversu mikilvægt er, að þessarar gífurlegu orku sé aflað með sem hagkvæmustum hætti og þá ekki sízt til þess þáttarins, húsahitunarinnar, sem tekur um það bil helming af allri orkunotkuninni.

Í þessu sambandi er rétt að athuga, hvernig orkunnar til húsahitunar er nú aflað, en samkv. heimildum, sem komu fram á ráðstefnu verkfræðinga á s. l. sumri, hafa tæp 6% húsahitunar verið framkvæmd með raforku, 30% með jarðhita, 9% með kolum og 55% með olíu. Þannig er aðeins liðlega þriðjungur orkunnar runninn frá innlendum orkugjöfum, en nær því ⅔ hlutar keyptir erlendis frá. Og þá er ekki síður athyglisvert, hversu smár hlutur raforkunnar er í þessu eða aðeins tæp 6%. Hvernig má svo ætla, að þróunin í þessum efnum verði á næstu tímum, miðað við þá stefnu, sem nú er fylgt í meginatriðum, og fyrirætlanir, m. a. um nýtingu jarðhitans, sem flestir virðast vera sammála um að stefna beri að því að beizla, þar sem því verður við komið?

Samkv. spá Jakobs Björnssonar verkfræðings, sem hann gerði grein fyrir á verkfræðingaráðstefnu á s. l. sumri, er reiknað með, að þróunin verði sú, að árið 1970 verði 5% húsahitunar framkvæmd með raforku, 55% með jarðhita og um 40% með olíu. Það er þannig gert ráð fyrir því, að kolin hverfi algerlega úr sögunni og nýting jarðhitans aukist mjög verulega, sem svo til eingöngu stafar af því, hve stór hluti þjóðarinnar býr á jarðhitasvæðinu í og umhverfis Reykjavík. Enn er gert ráð fyrir, að hlutur olíunnar verði mjög stór, eða um 40%, en notkun rafmagns til hitunar híbýla minnki hlutfallslega fremur en hitt og verði aðeins um 5% í staðinn fyrir nálægt 6% nú. Sú skoðun, að hlutur raforkunnar sem hitagjafa til híbýlahitunar haldi áfram að verða mjög óverulegur í framtíðinni eða a. m. k. í náinni framtíð, er byggð á því, að það sé stefna flestra rafveitna nú orðið hér á landi að takmarka hana sem mest til þessara nota við það, sem hún nú er. En sú stefna jafngildir því að slá því föstu, að stórinnflutningur olíu til húsahitunar haldi áfram um ófyrirsjáanlega framtíð að vera óhjákvæmilegur og þeirri geysimiklu þörf, sem við verðum að fullnægja í bráð og lengd og sífellt vex með fjölgun þjóðarinnar að hita híbýli hennar, verði að halda áfram að svara með kaupum á vaxandi magni af hitagjafa, sem flytja verður til okkar með ærnum kostnaði yfir heimshöfin.

Jarðhitasvæði okkar eru að vísu hvergi nærri fullrannsökuð, og því verður ekki fullyrt um, hve stór hluti þjóðarinnar fær notið hans í framtíðinni. En hitt er þó alveg ljóst, að nýting hans er staðbundin við vissa landshluta og byggðarlög og sú lausn, sem hann veitir, verður því ávallt takmörkunum bundin. Sú spurning hlýtur þess vegna að krefjast svars, hvort útilokað sé að leysa vandann með aukinni notkun raforku til híbýlahitunar. Tæknilega séð er því auðvitað ekkert til fyrirstöðu. En spurningin varðar eingöngu fjárhagslegu hliðina. Er eða getur raforkan reynzt álíka eða betur samkeppnisfær við hina aðkeyptu orkugjafa en allir virðast vera sammála um að jarðhitinn sé, þar sem hann er til staðar? Og er sú stefna rétt, sem nú er fylgt, að útiloka sem mest nýtingu raforkunnar til hitunar? Það eru fyrst og fremst þessar spurningar, sem stefnt er að með þessari þáltill. að fá sem allra skýrust svör við, eftir að ýtarlegar athuganir hafa verið gerðar á öllum þeim atriðum, sem þetta mál varða. Með því að fá þessum spurningum svarað væri svo lagður grundvöllurinn að þjóðhagslega réttri stefnu í orkumálum þjóðarinnar, að því leyti sem hér um ræðir.

Auðvitað höfum við flm. þessarar till. ekki neina aðstöðu til að fullyrða fyrir fram um niðurstöðu slíkrar athugunar, sem hér er rætt um. En fram hjá því verður ekki gengið, að sterkar líkur benda til, að hún yrði hagstæð raforkunni sem framtíðarlausn á orkuþörfinni til húsahitunar, a. m. k. þar sem jarðhiti kemur ekki til greina, og þó jafnvel þar, sem hann kemur líka til greina. Í mjög athyglisverðu erindi hefur einn færasti sérfræðingur okkar á sviði orkuvísinda, Gunnar Böðvarsson verkfræðingur, komizt að þeirri niðurstöðu, að greiða mætti 35—45 aura fyrir

kwst. raforku til húsahitunar miðað við kostnaðarverð þeirra hitunaraðferða, sem nú tíðkast aðallega. Þannig telur hann, að vinnsluverð varma frá Hitaveitu Reykjavíkur við húsvegg svari til raforkuverðs allt að 35 aurum á kwst. og vinnsla varma af gasolíu til 45 aura kwst. Eftir að hafa rakið þetta segir Gunnar svo orðrétt:

„Þetta er allhátt verð, og sýnir það þá athyglisverðu staðreynd, að það er fyllilega réttlætanlegt að nota raforku, sem unnin er á grundvelli vatnsorku og jarðvarma, til húsahitunar. Þegar tekið er tillit til þessa, virðist taflan," þ. e. a. s. útreikningar hans, „bera með sér yfirburði innlendra orkugjafa."

Þetta voru ummæli Gunnars Böðvarssonar, og svo stórathyglisverð sem þau eru, þá verða þau tæpast vefengd að órannsökuðu máli. Og sé það nú svo, að raforka, sem kostar 35—45 aura við húsvegg, sé samkeppnisfær við aðra orkugjafa og þar með talinn jarðhiti, þá er komið að spurningunni um það, hvort líklegt sé, að unnt sé að framleiða raforku við þessu verði eða jafnvel enn lægra verði. Í þessu sambandi kemur að sjálfsögðu til greina meiri notkun svonefndrar afgangsorku til þessa heldur en nú er tíðkuð og miðuð er hvað verðlag snertir við að nýta sem bezt framleiðslugetu orkuveranna og flutningsgetu dreifikerfanna milli álagstoppa. Í þessu felast vafalaust talsverðir möguleikar, og er allýtarlega gerð grein fyrir þessu í grg. með till. okkar. En mikilvægasta spurningin og sú, sem gæti ráðið um gerbreytingu á öllum viðhorfum, stendur um það, hvort stærri virkjanir en við höfum til þessa ráðizt í gætu borið sig fjárhagslega, m. a. miðað við, að raforkan væri seld að meira eða minna leyti til híbýlahitunar á líku eða lægra verði en því, sem Gunnar Böðvarsson nefnir, hvort þessi markaður fyrir raforku gæti með öðrum orðum orðið undirstaða jafnvel stórvirkjana, sem gætu framleitt orku á miklu lægra verði en okkar tiltölulega smáu orkuver geta nú gert.

Í umr. um mjög stórar virkjanir í sambandi við stóriðju hefur verið gert ráð fyrir, að þær gætu framleitt orku á 13—14 aura kwst., miðað við fulla nýtingu hjá notanda. Slíkar virkjanir mundu vafalaust gefa möguleika til þess, að unnt væri að selja raforku til híbýlahitunar langt undir því verði, sem væri samkeppnisfært, miðað við verðlag á núverandi hitagjöfum, ekki sízt þar sem dreifingarkerfið sjálft er mjög víða til staðar og ekki þyrfti að reikna með því nema að einhverju leyti. En hitt yrði einnig mikilvægt rannsóknaratriði, hve smáar virkjanir mættu vera, til þess að þetta yrði fært, og koma þá til ýmis atriði, svo sem samtenging veitukerfa og fleira. En í sambandi við allt þetta mál ber svo vafalaust að taka tillit til þess, að ef ekki verður horfið að því ráði að nýta í æ ríkara mæli hina innlendu orkugjafa, þá verðum við um langa framtíð háðir kaupum á orkugjafa, þ. e. a. s. gasi og jarðolíu, sem allar líkur benda til að fari mjög þverrandi og því er líklegt að verði seldur á stöðugt hærra verði á heimsmarkaði. Þannig er því spáð af mikilsvirtum sérfræðingum, að þegar á allra næstu árum muni framleiðsla á olíu verða langt aftur úr eftirspurninni. En sitthvað fleira kemur hér einnig til, sem vert er að hafa í huga. Í okkar strjálbýla landi verðum við að halda uppi kostnaðarsömu dreifingarkerfi eða kerfum öllu heldur til flutninga og til sölu á hinum aðkeyptu orkugjöfum, flytja þá um langa vegu með bifreiðum út um dreifbýlið jafnt á sumrum sem vetrum, oft við erfið skilyrði og að sjálfsögðu með ærnum tilkostnaði, bæði fyrir þjóðfélagið og einstaklingana. Þá kemur líka til athugunar sú hlið, sem snýr að byggingarkostnaði, en það virðist nær óyggjandi, að unnt væri að lækka hann um verulegar upphæðir með því að taka upp rafhitunarkerfi og sömuleiðis að lækka rekstrarkostnað hitunarkerfanna í híbýlum þjóðarinnar.

Þó að ég hafi hér aðeins drepið á helztu atriðin, sem þetta mál varða, þá ætla ég, að það sé sæmilega ljóst, að hér sé um að ræða stórt hagsmunamál, jafnt fyrir þjóðarheildina sem einstaklingana, mál, sem ástæða sé til að tekið sé föstum tökum og mörkuð í stefna af framsýni. En það verður naumast gert nema með ýtarlegum athugunum þar til hæfra manna. Og við flutningsmennirnir álítum sem sé, að slík athugun, sem fyllilega væri hægt að byggja á, megi ekki dragast öllu lengur.

Ég vil svo að lokum vænta þess, m. a. vegna góðra undirtekta, sem þessi þáltill. fékk á síðasta þingi, þó að hún yrði ekki útrædd, að málið hljóti nú greiða afgreiðslu. Ég leyfi mér að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

18. Löggjöf um þjóðaratkvæði.

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði [83. mál] (A. 102).

Á 11. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á þskj. 102 hef ég ásamt þeim hv. 5. þm.

Austf. (PÞ) og hv. 4. þm. Norðurl. e. (IG) leyft mér að flytja till. til þál. um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði. Í þeirri þáltill. er lagt til, að Alþingi kjósi 5 manna nefnd til að rannsaka, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um þjóðaratkvæði í mikilvægum löggjafarmálefnum, svo og hvort ekki sé rétt að setja grundvallarreglur þar um í sjálfa stjórnarskrána. Skal nefndin, ef hún telur ástæðu til, semja lagafrv. um það efni. Nefndin skal kynna sér sem rækilegast öll atriði varðandi þjóðaratkvgr., þ. á m. reynslu annarra þjóða í þeim efnum. Sérstaklega á nefndin að kynna sér eftirtalin atriði: Í fyrsta lagi, hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvgr. Í öðru lagi, hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvgr., t. d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þm. eða ákveðnum fjölda kjósenda. Og í þriðja lagi, hvort úrslit þjóðaratkvgr. eigi að vera bindandi eða aðeins ráðgefandi.

Þjóðaratkvæði um löggjafarmál mun talsvert hafa verið notað í nokkrum löndum, einkanlega t. d. í Sviss og í einstökum fylkjum Bandaríkjanna — a. m. k. áður fyrr — og í sumum samveldislöndum Breta. Heimild til þjóðaratkvæðis í einni eða annarri mynd er í stjórnlögum margra ríkja, svo sem Danmerkur, Frakklands, Austurríkis, Tékkóslóvakíu o. fl. Í stjórnarskrám sumra landa er beinlínis boðið, að almenn atkvgr. kjósenda skuli fara fram um tiltekin lög eða lagafrv. Í sumum löndum veita hins vegar stjórnarskrár skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis, þ. e. a. s. veita tilteknum aðilum, svo sem tiltekinni tölu þm., tilteknum fjölda kjósenda, þingmannaminnihluta plús ákveðinni tölu kjósenda eða þá þjóðhöfðingja og ríkisstjórn rétt til að krefjast þjóðaratkvæðis um nánar tilgreind lög eða lagafrv. Þess eru jafnvel dæmi, að löggjafarþinginu sé veitt sérstök heimild til að ákveða, að tiltekin lög skuli ekki öðlast gildi, fyrr en þau hafa verið staðfest eða samþykkt við þjóðaratkvgr. Sjálfsagt mundi þó löggjafarvaldinu víðast hvar vera talið heimilt að taka slíka ákvörðun án sérstakrar heimildar í stjórnarskrá. Sums staðar mun það og nokkuð tíðkast, að svo sé mælt fyrir í einstökum lögum, að þau skuli ekki koma til framkvæmda eða jafnvel ekki öðlast gildi, fyrr en þau hafa verið samþ. við þjóðaratkvgr.

Þar sem þjóðaratkvgr. er stjórnarskrárboðin og lögákveðin, eru úrslit hennar ýmist ákvarðandi um gildi þeirra laga eða lagafrv., sem þjóðaratkvæði varða, eða aðeins til leiðbeiningar fyrir löggjafann, þ. e. a. s. hann er óbundinn af þjóðaratkvæðinu.

Það þekkjast þannig ýmis afbrigði af þjóðaratkvæðagreiðslu og framkvæmd hennar er með ýmsum hætti. Það mun og hafa kveðið misjafnlega mikið að notkun þjóðaratkvæðis á ýmsum tímum, þ. e. a. s. þess hefur gætt meira á einu tímabili en á öðru. Á þessum vettvangi er því fyrir hendi umfangsmikið efni og rannsóknarsvið. Það er efalaust, að mikið má læra af skipun þessara mála hjá öðrum þjóðum og reynslu þeirra í þessum efnum.

Hér á landi hefur kveðið tiltölulega lítið að þjóðaratkvæði. Skv. stjórnarskránni er þó skylt að efna til þjóðaratkvgr. um löggjafarmál í tveimur tilvikum. Í öðru tilvikinu er um að ræða þjóðaratkvgr. um lagafrv., sem horfir til breytinga á kirkjuskipuninni, sbr. 2. mgr. 79. gr. og 62. gr. stjórnarskrárinnar. Í hinu tilvikinu er um að tefla lög, sem forseti hefur synjað staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Á hvorugt þessara tilvika hefur reynt í framkvæmd. Skv. stjórnarskránni frá 1920 átti þjóðaratkvæði að fara fram um frv. til breytinga á sambandslögum Íslands og Danmerkur, og fór sú atkvgr. fram 1944, eins og kunnugt er. Um uppkastið að sambandslagasamningnum fór einnig fram þjóðaratkvgr. árið 1918 skv. fyrirmælum í stjórnarskránni frá 1915. Lýðveldisstjórnarskráin var borin undir þjóðaratkvæði skv. því, sem fyrir var mælt í hinum sérstöku stjórnskipunarlögum nr. 97 frá 1942, og skyldi hún ekki öðlast gildi, fyrr en meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefði samþ. hana með leynilegri atkvgr.

Um þá þjóðaratkvgr., sem er ákveðin í núgildandi stjórnarskrá, eru engin önnur lagaákvæði en stjórnarskrárfyrirmælin sjálf. Stjórnarskrárákvæðin ná þó skammt, bjóða aðeins, að leynileg þjóðaratkvgr. skuli fram fara, en segja annars ekkert nánar um það, hvernig henni skuli hagað, kveður ekki heldur á um tiltekna þátttöku í þjóðaratkvgr. og raunar ekki heldur fullskýrt, hvort til samþykkis laganna er nægilegur einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða eða hvort krafizt er samþykkis meiri hluta allra kosningabærra manna.

Ef á reyndi, yrði því óhjákvæmilegt að setja lög um þessar þjóðaratkvgr. Það er miklu eðlilegra að mínum dómi, að um það efni séu sett fyrir fram almenn lög, en ekki sérstök lög í það einstaka skipti, er á kann að reyna. Með tilliti til þessara stjórnarskrárákvæða einna og þó ekki kæmi annað til, er því eðlilegt, að sett sé löggjöf um þjóðaratkvgr. eða framkvæmd hennar.

Í stjórnarskránni eru engin ákvæði um skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis. Hafa slík heimildarákvæði aldrei verið í íslenzku stjórnarskránni. Það er þó að dómi okkar flm. þessarar till. full ástæða til að athuga, hvort ekki sé skynsamlegt að taka upp í stjórnarskrána skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis og fylgja í því efni fordæmi nokkurra annarra þjóða. En þá rís vitaskuld sú spurning, hverjum nánari skilyrðum sú heimild eigi að vera bundin, t. d. hverjir eigi að hafa rétt til þess að krefjast þjóðaratkvgr. Það þyrfti rækilega að athuga, ef að því ráði yrði horfið að athuguðu máli, að taka þvílíka heimild upp í stjórnarskrána.

Eins og áður er sagt mætti sjálfsagt að

óbreyttri stjórnarskrá ákveða í almennum lögum, að þau skyldu ekki öðlast gildi, fyrr en þau hefðu verið borin undir þjóðaratkvæði og staðfest þar. Sú leið hefur þó ekki verið farin hér. Hins vegar eru þess dæmi, að Alþingi hafi með þál. samþ. að kanna hug kjósenda til ákveðinna löggjafarmálefna. Það var gert 1908 um setningu bannlaganna og 1933 um afnám þeirra laga. Og það var gert 1916 um þegnskylduvinnu. Tók löggjafinn í öllum þeim tilfellum fullt tillit til úrslita þeirra þjóðaratkvgr.

Það er ekki ósennilegt, að oftar yrði gripið til slíks ráðgefandi þjóðaratkvæðis, ef fyrir hendi væru almenn lög um þjóðaratkvgr., einkanlega auðvitað ef til hennar væri skilorðsbundin heimild í sjálfri stjórnarskránni.

Eins og ljóst er af því, sem þegar er sagt, hefur þjóðaratkvgr. farið fram hér á landi aðeins 5 eða 6 sinnum, eftir því, hvernig talið er, þ. e. a. s. 1908, 1916, 1918, 1933 og 1944, en þá bæði um stjórnarskrána og um niðurfellingu sambandslaganna. Má því segja, að þjóðaratkvæði hafi aðeins farið fram 5 sinnum. Um þjóðaratkvgr. 1944 voru sett sérstök lög, eins og kunnugt er. Stöku sinnum hafa komið fram till. um þjóðaratkvæði um einstök mál, en þær hafa ekki náð fram að ganga.

Því má vissulega hreyfa, hvort það sé ekki illa farið, að þjóðaratkvæði skuli ekki hafa verið notað hér á landi meir en raun ber vitni. Það eru a. m. k. nokkrar líkur fyrir því, svo að ekki sé meira sagt, að sumum málum hefði verið ráðið til lykta með öðrum hætti en gert var, ef skoðanir kjósenda hefðu verið kannaðar með þjóðaratkvgr. áður. Eru ýmsir þeirrar skoðunar, að við gætum í þessu efni nokkuð lært af þeim þjóðum, sem notað hafa þjóðaratkvæði með góðum árangri. Því verður vissulega ekki neitað, að í því er að sumu leyti fólgið hið fyllsta lýðræði, að veita kjósendum með þjóðaratkvæði beina þátttöku í löggjafarstarfi. Þannig birtist lýðræðið í sinni upphaflegu mynd. Slíkir stjórnarhættir henta að vísu ekki almennt í nútímaríkjum með sama hætti og á hinum fornu þingum, en í einstökum málum getur málskot til kjósenda tvímælalaust átt rétt á sér. Þjóðaratkvæði getur, ef vel tekst til, verið mikilvægur þáttur í lýðræðislegum stjórnarháttum. Því er ekki að neita, að oft heyrast raddir meðal kjósenda um, að þeir hafi lítið um gang mála að segja milli kosninga, að þeim finnist sitt hlutverk um of bundið við kjörklefann á 4 ára fresti og að á milli kosninga séu þeir lítt spurðir ráða og áhrif þeirra séu þess vegna lítil.

Ég held að vísu, að þetta sé nú ekki rétt á litið, því að ljóst er, að áhrifa kjósenda gætir með ýmsum hætti á milli kosninga. En ég held samt, að þjóðaratkvæði gæti vakið þjóðmálaáhuga og ábyrgðartilfinningu hjá kjósendum. En sumir segja ef til vill, að stjórnmálaáhuginn sé nægur. Þar er ég nokkuð á öðru máli, þó að mönnum kannske þyki nóg um það, sem kallað er stjórnmálaþref, En þess eru ýmis dæmi með öðrum þjóðum, að allt of margir kjósendur hafi, því miður, hætt að hugsa sjálfstætt um þjóðmál, þeir hafi allt of margir ekki lengur nennt að setja sig inn í þjóðmál, ekki nennt að lesa um þjóðmál og ekki nennt að hugsa um þjóðmál, heldur kosið þá auðveldu leið að láta aðra hugsa fyrir sig — flokk sinn eða forustumenn. Það sé fjarri mér að halda því fram, að þannig sé ástatt fyrir íslenzkum kjósendum, enda væri það mjög óheillavænleg þróun fyrir lýðræðisskipulag, ef svo væri komið. En það er þó rétt í þessu efni að vera hér vel á verði sem annars staðar. Og víst er um það, að íslenzkir kjósendur almennt eru það skynsamir og menntaðir, að þeir þurfa ekki að láta aðra — einhverja fáa útvalda — hugsa og ákvarða fyrir sig. Ég held þess vegna einmitt, að aukin notkun þjóðaratkvæðis gæti verið spor í þá átt að halda vakandi heilbrigðum þjóðmálaáhuga og þjóðmálaumhugsun, en hvort tveggja eru óhjákvæmileg lífsskilyrði lýðræðis.

Flm. þessarar till. vilja ekki á þessu stigi fella neinn dóm um það, hvort aukin notkun þjóðaratkvæðis hér á landi muni við eiga eða henta, þegar alls er gætt, því að það er ljóst, að á þjóðaratkvæði eru vissir agnúar og þjóðaratkvgr. hafa vissar neikvæðar hliðar, þó að hér verði ekki fjölyrt um þær. En okkur flm. virðist þetta mál þess virði, að því sé gaumur gefinn og það sé allt tekið til ýtarlegrar athugunar. Við teljum það tímabært, að fram fari rækileg rannsókn á þessu sviði. Og við teljum eðlilegt, að sú rannsókn sé framkvæmd af þingkjörinni nefnd. Eins og vikið er að í sjálfri tillgr., koma mörg atriði til greina, sem kanna þarf, og skal það ekki endurtekið hér, en það er ljóst, að hér er um mikið verk að ræða. Það er kunnugt, að fyrir nokkrum árum fór fram víðtæk rannsókn í Svíþjóð á því málefni, sem hér er fjallað um. Var þá sett nefnd í málið, og skilaði hún ýtarlegu áliti, þar sem m. a. voru skilmerkilegar upplýsingar um framkvæmd þjóðaratkvæðis í ýmsum löndum. Sú nefnd samdi einnig lagafrv. um þetta efni, en ekki er kunnugt, að þau hafi enn verið afgreidd. Vafalaust má mikið gagn hafa af slíkum skýrslum hinnar sænsku nefndar við athugun málsins hér. Skv. till. þessari er til þess ætlazt, að hin þingkjörna nefnd kynni sér hvað eina, sem þetta mál varðar, sem rækilegast og semji að því búnu, ef hún telur ástæðu til, frv. eða frumvörp um þetta efni og eftir atvikum frv. til breytinga eða viðauka við stjórnarskrána.

Það skal skýrt tekið fram til öryggis, að hér er aðeins um að ræða þjóðaratkvæði um löggjafarmál. Þessi þáltill. varðar ekki að neinu leyti þá spurningu, hvort rétt sé að taka upp í stjórnarskrána sérstakt ákvæði um aðild Íslands að alþjóðastofnunum, svo sem gert hefur verið í ýmsum löndum, þ. á m. í Danmörku og Noregi. En slík stjórnarskrárákvæði heimila visst valdaframsal í

hendur alþjóðlegum stofnunum að fullnægðum tilteknum skilyrðum, en án stjórnarskrárbreytinga hverju sinni. Þær skorður, sem slík stjórnarskrárákvæði setja við aðild að alþjóðastofnunum, eru einmitt stundum fólgnar í þjóðaratkvgr. Það væri að mínum dómi skynsamlegt að taka þvílíkt ákvæði upp í íslenzku stjórnarskrána, en það er sem sagt allt annað mál, sem má ekki á neinn hátt blanda saman við þá þáltill., sem hér liggur fyrir. Hún snertir alls ekki þá spurningu, hvaða skilyrði skuli sett varðandi þátttöku Íslands í alþjóðastofnunum eða milliríkjasamvinnu.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til nefndar, sem þá yrði annaðhvort allshn. eða fjvn., og legg ég það á vald forseta, hvort hann telur réttara.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

19. Ábyrgðartryggingar atvinnurekenda.

Á deildafundum 8. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ábyrgðartryggingar atvinnurekenda vegna slysa, er verða kunna á starfsfólki þeirra við vinnu [85. mál] (A. 105).

Á 11. fundi í Sþ., 9. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Við tveir þm. Alþb., Hannibal Valdimarsson og ég, höfum leyft okkur að flytja hér þáltill. um ábyrgðartryggingu atvinnurekenda vegna slysa, er verða kunna á starfsfólki þeirra við vinnu. Till. er þess efnis, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frv. til l., sem geri atvinnurekendum að skyldu að kaupa fullnægjandi ábyrgðartryggingu fyrir slysabótum, sem á atvinnureksturinn kunna að falla.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að oft hendir það, að slys verða á fólki við störf. Viðkomandi atvinnurekandi er þá lögum samkv. skaðabótaskyldur í mörgum tilfellum fyrir slíkum slysum, og einnig getur á atvinnureksturinn fallið með sama hætti bótaskylda vegna tjóns, sem umsvif í atvinnurekstri kunna að valda á eignum annarra manna. Flest meiri háttar atvinnufyrirtæki tryggja sig fyrir slíkum skakkaföllum, fyrir slíkum tjónum, sem á þau kunna að falla, og er þá ekki um annað að ræða en að viðkomandi atvinnurekstur reiknar með því sem óhjákvæmilegum útgjaldalið í sínum rekstri að borga iðgjöld af slíkri tryggingu. En því miður á þetta alls ekki við um allan atvinnurekstur í landinu. Fjölmargir atvinnurekendur eru með atvinnurekstur sinn algerlega ótryggðan í þessu tilliti, og þegar slysabótaskylda fellur á slíkan atvinnurekstur, verður það í fyrsta lagi atvinnurekstrinum mjög þungt í skauti að standa undir því og kyrkir venjulega frekari framþróun hans, því að slíkar skaðabótaupphæðir geta stundum verið verulegar. En það, sem verst er þó, er það, að hinn slasaði maður verður oft af þeim bótum, sem hann lögum samkv. á rétt til, vegna þess að sá atvinnurekstur, sem á að inna þær greiðslur af höndum, er þess vanmegnugur. Stundum kemur það fyrir, að hann getur ekki innt þetta af hendi nema á löngum tíma, en hins eru líka dæmi, að hann inni þetta aldrei af höndum, og sá, sem fyrir slysinu verður, situr uppi ýmist bótalaus með öllu eða fær ekki fullar bætur, þótt hann eigi þær samkv. lögum, vegna þess að sá aðilinn, sem á að inna greiðslurnar af hendi, hefur ekki bolmagn til þess.

Slíkur atvinnurekandi, sem fyrir þess háttar tjóni verður, sem hann er ekki borgunarmaður fyrir eða atvinnurekstur hans er ekki borgunarmaður fyrir, getur ekki staðið í skilum með, er ekki heldur vel kominn, því að á honum hvílir þá venjulega dómkrafa um greiðslu slíkrar skuldar, og það er allt annað en þægilegt að burðast með það á bakinu kannske í gegnum tilveruna án þess að hafa möguleika til þess að inna þær greiðslur nokkurn tíma af hendi.

Það er þess vegna augljóst mál, og ég vænti þess, að hv. alþm. sjái þörfina á því að gera öllum atvinnurekstri það að skyldu að tryggja sig fyrir þeim slysabótum, sem á viðkomandi atvinnurekstur kunni að falla. Að sjálfsögðu er eðlilegt, að það sé takmarkað við einhverja hámarksupphæð, en hún þyrfti að vera svo há, að hún væri nægjanleg til að bæta öll þau slys, sem venjulegt er að komi fyrir. Hver sá maður, sem tekur bíl í umferð, verður lögum samkv. að tryggja bifreiðina fyrir því tjóni, sem hún kann að valda öðrum mönnum. Þetta þykir öllum mönnum sjálfsagt. En eins og það er sjálfsagt, að sá, sem tekur bíl í umferð, geri ráðstafanir til þess, að hann geti innt af höndum þær skaðabótaskyldur, sem á hann kunna að falla, þá virðist ekkert eðlilegra en þetta sé látið gilda um hvern þann mann, sem tekur annan mann í vinnu hjá sér eða aðra menn. Það er nokkrum vandkvæðum bundið og þarf til þess, ef vel á að fara, nokkra sérfræðilega þekkingu að koma ákvæðum þessa efnis inn í lagakerfi, þar sem það ætti bezt við, og þykir okkur flm., að eðli-

legust meðferð málsins væri sú, að Alþingi samþykkti áskorun á ríkisstj. að láta semja og leggja fyrir Alþingi lagaákvæði eða frv. til laga, sem gerði atvinnurekendum það að skyldu að kaupa sér ábyrgðartryggingu fyrir þeim slysabótum, sem á þá kunna að falla. Ríkisstj. hefur jafnan í sinni þjónustu lagasmiði, og þar sem hér er í rauninni um mál að ræða, sem fyrir fram verður ekki ætlað að menn skiptist í flokka um eða telji ósanngjarnt, þá teljum við eðlilegast, að þessi leið verði farin.

Till. til þál. shlj. þessari fluttum við sömu þm. á s. l. vetri. Þá var nokkuð liðið á þing, þegar hún var lögð fram, og náði hún ekki afgreiðslu í það skipti. En það er von okkar, að svo þurfi ekki að fara að þessu sinni, heldur verði till. tekin til afgreiðslu með eðlilegum hraða og hún ekki látin bíða. Og í trausti þess, að hún fái góðar undirtektir og greiða afgreiðslu, leyfi ég mér að leggja til, að umr. um hana verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Jarðhitarannsóknir á Norðurlandi eystra.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um jarðhitarannsóknir, jarðhitaleit og áætlanir um hagnýtingu jarðhita á Norðurlandi eystra [96. mál] (A. 116).

Á 14. fundi í Sþ.. 21. nóv., var till. tekin á dagskrá til ákvörðunar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við sex, sem erum þm. fyrir Norðurl. e., ásamt tveimur landskjörnum þm. úr því kjördæmi, höfum leyft okkur að leggja fram till. á þskj. 116 til þál. um jarðhitarannsóknir, jarðhitaleit og áætlanir um hagnýtingu jarðhita á Norðurlandi eystra.

Í jarðhitanum á Íslandi eru mikil auðæfi, sem enn eru ekki hagnýtt nema að örlitlu leyti. Samt er talið, að nú orðið muni meir en ¼ hluti landsmanna búa í húsum, sem hituð eru með jarðhita. Gróðurhús eru allvíða rekin við jarðhita, og um 80 sundlaugar í landinu nota hveravatn. Reynslan er alls staðar hin æskilegasta, þar sem tekizt hefur að ná til nægilegs hita og hagnýta hann, lífsþægindin mikil fyrir notendur, framleiðsluaukning af jarðargróða og mikill gjaldeyrissparnaður. Eðlilegt er, að fólk, sem býr, þar sem líklegt er, að hagnýta megi þessar auðlindir, hafi áhuga á, að skilyrði verði rannsökuð. En slíkar rannsóknir verða ekki gerðar yfirleitt, svo að gagni komi, nema af kunnáttumönnum. Jarðboranir eru kostnaðarsamar, og má því ekki í þær ráðast nema að vel og vísindalega athuguðum aðstæðum. Hið opinbera verður þess vegna að hafa í þessum málum forgöngu í framkvæmdum og leggja til hina fræðilegu forsjón og fyrirhyggju. Auk þess verður hið opinbera að taka á sig um leið að verulegu leyti fjárhagslega áhættu af jarðhitaleit, bera kostnað, ef leitin mistekst eða ber ekki árangur.

Lögin um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins frá 25. marz 1961 eru líka byggð á þeirri hugsun. Sú hugsun er grundvöllur þeirra laga og andi þeirra.

Sá landshluti, sem hér á Alþingi er orðið fast í máli að kalla Norðurland eystra, liggur að verulegu leyti í aðaljarðhitabelti landsins eða rétt við það. Heitt vatn dreifist með sprungum víðs vegar um þennan landshluta út frá jarðhitabeltinu sjálfu.

Dálítið hafa menn á Norðurlandi eystra nú þegar getað tekið jarðhitann til þjónustu. Ólafsfjarðarkaupstaður hefur til þess að gera á auðveldan hátt getað náð heitu vatni til húsahitunar hjá sér. Nokkur býli hér og þar hafa heitt vatn til híbýlahitunar. Nokkrir skólar og sundlaugar hafa verið byggð við auðfenginn jarðhita, einnig fáein gróðurhús. Þá er heilsuhælið að Kristnesi hitað á þann hátt, þó að þar þyrfti aukningar við. En sá jarðhiti, sem þannig notast nú í þessum landshluta, er aðeins örsmátt brot af þeim auðlindum, sem Norðurland eystra býr yfir í þessum efnum.

Húsavíkurkaupstaður hefur þegar kostað allmiklum fjárhæðum til rannsókna á jarðhitaskilyrðum sínum. Sterkar líkur eru taldar benda til, að árangur geti borið að bora þar eftir heitu vatni. Eru nú byrjaðar boranir hjá Húsavíkurkaupstað með hinum svonefnda Norðurlandsbor, sem ríkið á. Borinn hefur unnið þar í nokkra daga, en verkið er skammt á veg komið og ekki svo langt, að von sé, að komið hafi í ljós árangur. En menn eru þar bjartsýnir um, að vel muni takast. Jarðhitamál Húsavíkur má því telja komið á góðan rekspöl til framkvæmda.

Gert er ráð fyrir, að Norðurlandsborinn verði, þegar hann hefur lokið starfi í Húsavík, látinn bora eftir gufu á háhitasvæðinu við Námafjall vegna fyrirhugaðrar kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Þá mun Norðurlandsborinn í þriðja lagi eiga að starfa að leit að heitu vatni fyrir Akureyrarbæ. En þó að

þessi þrjú fyrirhuguðu og stóru verkefni, sem ég hef nefnt, verði vonandi leyst með Norðurlandsbornum, til ómetanlegs gagns fyrir þá, er þess njóta, þá verða ótal verkefni eftir að því er jarðhitann á Norðurlandi eystra snertir. Mörg af þeim eru þannig, að fáir standa að þeim heima fyrir, a. m. k. í byrjun. Víða stendur svo vafalaust á, að betur hæfa minni tæki en Norðurlandsborinn til að vinna þar.

Við, sem flytjum þessa till., báðum raforkumálastjóra ríkisins um skrá um þá jarðhitastaði, sem jarðhitadeildinni væri kunnugt um á Norðurlandi eystra. Raforkumálastjóri brást vel við beiðni okkar og sendi okkur lista um jarðhitastaðina, yfirborðshitastig flestra þeirra og rennsli í sekúndulítrum, þar sem um vatn er að ræða og vatnið hefur verið mælt. Hitastaðir þessir, sem raforkumálastjóri telur, eru um 90 talsins, en vitanlega mjög misjafnlega þýðingarmiklir, misheitir, misvíðfeðmir, misjafnlega vel settir fyrir mannabyggðir til hagnýtingar. Einhverja staði með jarðhita, sem eru ekki taldir á skýrslunni, munu íbúar á Norðurlandi eystra þekkja, og væntanlega munu fleiri koma í ljós við ýtarlegar rannsóknir. En þeir, sem taldir eru á listanum, nægja til að sýna, að till. okkar er af fullum tilefnum flutt.

Menn gera sér með hverju árinu sem líður ljósara en verið hefur, hve jarðhitinn getur verið dýrmætur. Þeir, sem hafa jarðhita í nágrenni sínu, þurfa sem allra fyrst að vita með sannindum, hvað þar er um að ræða, til þess að geta hagað sér samkv. því, valið sér stað fyrir nýbýli, fært sinn gamla bæ með tilliti til jarðhita, ef þeir endurbyggja hann, staðsett byggðahverfi og iðjuver með aðstöðu til jarðhita, ef hans er kostur, reist skólahús, félagsheimili og sundlaugar á jarðhitastöðum, ef þeir fyrirfinnast á hæfilegum svæðum eða í hæfilegum aðstæðum, stundað ylrækt, þar sem það hentar o. s. frv. Í fáum orðum sagt, það þarf að taka þessi mál þjóðfélagslegum tökum af vísindalegri kunnáttu og hagsýni.

Till. er í þrem málsgr., og með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa hana:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá um, að á vegum jarðhitasjóðs verði hið fyrsta rannsókn gerð á jarðhitasvæðum þeim, sem vitað er um á Norðurlandi eystra og ekki hafa enn þá verið rannsökuð nægilega, en ætla má, að hagfellt geti verið að nytja.

Enn fremur, að framkvæmd verði í þeim landshluta rækileg jarðhitaleit á þeim stöðum, sem líklegt þykir, að hagnýtur jarðhiti sé finnanlegur með viðráðanlegum kostnaði.

Í sambandi við þessar athafnir verði svo jafnóðum gerðar bráðabirgðaáætlanir um hagnýtingu jarðhitans á hverjum stað.“

Till. þessi er, eins og ég sagði áðan, í samræmi við anda jarðhitalaganna. Hún er að áliti mínu mjög hófleg. Það er beðið um rannsókn, en á þeim svæðum einum, sem ætla má að hagfellt geti verið til nytja. Ýmsir afskekktir staðir liggja því þarna fyrir utan. Það er beðið um jarðhitaleit, en aðeins þar sem frumrannsókn hefur verið lokið og hefur sýnt, að líklegt sé, að jarðhiti sé finnanlegur með viðráðanlegum kostnaði. Loks ætlast till. til, að þegar jákvæðar niðurstöður fást af rannsóknum og jarðhitaleit, verði jafnharðan gerðar bráðabirgðaáætlanir um hagnýtingu jarðhitans, til þess að hlutaðeigendur fái strax upplýsingar um, hvað þeir eigi í vonum, og geti hagað sér og athöfnum sínum samkv. því.

Þetta, að gera gangskör að nýtingu á jarðhitanum, er einn þátturinn í, að þjóðin nemi land sitt skipulega og skynsamlega í samræmi við þá kosti, sem það hefur að bjóða, og láti ekki gull liggja ónotað hjá garði.

Það hefur verið ákveðin ein umr. um þessa till., en ég vil leyfa mér að óska þess, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn. til umsagnar og athugunar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þessari þáltill. beina þeirri spurningu til hv. flm., hvort hann og þeir aðrir hv. flm., sem flytja með honum till., hefðu nokkuð á móti því, að inn í till. yrðu sett ýmis önnur svæði á landinu en hér er talað um, sem hafa jafna aðstöðu til hitagjafar. Það er vitanlega ekki hægt að neita því, að ef þessi till. er samþ. eins og hún liggur fyrir, þá eru veitt hér nokkur forréttindi því héraði, sem hér er um rætt. Og það er vitað, að það eru ýmsir aðrir staðir á landinu, sem líkt stendur á um, m. a. á Vestfjörðum og víðar, og þess vegna vildi ég spyrja um, hvort það væri þeim nokkuð á móti skapi, að brtt. um að bæta þeim landshluta inn í till. yrði flutt. Mundi ég þá bera fram slíka brtt.

Það er vitað, að það stendur eins á um Reykhóla á Reykjanesi. Reykhólaæðin sýnist ganga alla leið frá Dalasýslu um Barðastrandarsýslu, kemur upp á Barðaströnd, einnig í Arnarfirði, Tálknafirði og ekki ólíklegt, ef farið væri að rannsaka þetta, að í ljós kæmi, að hita mætti hús með þeim hita, sem þar er í jörðu, og stendur svo á víðar á Vestfjörðum.

Ef þáltill. er samþykkt hér óbreytt, er verið að veita, eins og ég sagði áðan, forréttindi um fjáreyðslu úr jarðhitasjóði til ákveðins héraðs, sem á að ganga á undan öðrum héruðum í landinu.

Úr því að ég stóð upp, vildi ég mega beina því til hæstv. forseta, hvort ekki sé hægt að taka upp þá reglu hér að láta fara fram atkvgr. um mál og fresta ekki atkvgr., eins og gert er hér, til þess að tefja ekki mál a. m. k. um heila viku. Ég sé enga ástæðu til þess, að hæstv. forseti þoli það, að menn mæti ekki hér á þingfundi til þess að greiða atkv. um mál, sem eru á dagskrá. En sú regla hefur verið tekin upp hér, ekki sérstaklega í dag, heldur oft áður, að fresta atkvgr. og þar af leiðandi fresta afgreiðslu mála um heila viku. Ég vildi beina því til hæstv. for-

seta, sem væntanlega tekur það til athugunar.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Í tilefni af fsp. hv. 1. þm. Vestf. vil ég segja það, að mér er engin ömun í því, þótt till. væri gerð breiðari. Mér þykir út af fyrir sig réttlátt, að sama gangi yfir alla landsmenn, og ég hygg, að ég geti svarað þessu þannig einnig fyrir meðflm. mína. Í fyrra var flutt, að mig minnir, till. um sérstakar athuganir á jarðhita á Snæfellsnesi. Sú till. var framkvæmd. Fyrr á þessu þingi kom fram till. til áskorunar um athugun á jarðhita í Borgarfjarðarsýslu. Þegar svo var komið, sýndist mér fyrir mitt leyti tómlæti af okkur öðrum þm. að bera ekki fram óskir fyrir okkar svæði. Og það var samróma álit okkar þm. úr Norðurl. e., að svo væri. Hins vegar er ekki í því nokkur sú stefna að vilja bola öðrum frá að njóta svipaðrar fyrirgreiðslu. Þess vegna er það, að ég svara hv. 1. þm. Vestf. á þá leið, að ég hef ekkert við það að athuga, þó að hann flytji brtt. við okkar till. á þessa leið. Með því er ekki sagt, að það geti ekki verið mismunandi ástæður í landshlutunum og mismunandi gagn að rannsóknum, meira liggi við sums staðar en annars staðar, og eins og ég tók fram í ræðu minni áðan, þá er Norðurl. e. í því belti að nokkru leyti, sem kallað hefur verið jarðhitabelti landsins, og því um mikinn jarðhita þar að ræða.

Hv. 1. þm. Vestf. vakti athygli á því, sem ég vil taka undir, að þegar þáltill. eru málefni, sem mega teljast einboðin, þá virðist vera hinseginn að tefja þær við eina umr. með því að fresta henni og vísa þeim til n. Þegar ég gerði till. um það, að afgreiðslu þessarar till. yrði frestað, var það aðeins vegna þess, að ég vildi fylgja venjunni. En ég er síður en svo á móti því, ef þingheimur getur fallizt á þá bendingu 1. þm. Vestf., að till. sé afgreidd án þess að fara til n. (**GíslJ:** Ég átti nú ekki við það með því, sem ég sagði.)

Forseti (SÁ): Út af ummælum hv. 1. þm. Vestf. vil ég taka það fram, að þegar till. til þál. eru fluttar hér í Sþ., er það venja, að forseti ákveði annað tveggja eina umr. eða tvær um till. Þegar hv. flm. óska svo eftir, þegar ákveðin er ein umr. um till., að henni sé frestað og till. vísað til n., þá fær hún auðvitað þinglega afgreiðslu á þennan hátt og sjálfsagt að láta Alþingi á hverjum tíma kveða á um, hvað það telur rétt í þessu efni. Og eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. tók fram, þá er þetta venja, sem hefur skapazt og virðist ekki óeðlilegt. Ég mun því að þessu sinni fresta umr. um þessa till. og vísa henni til hv. fjvn., eins og 1. flm. óskaði eftir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir leitt, að bæði hæstv. forseti og hv. flm. till. hafa misskilið mig í aths. um atkvgr. Ég talaði aðeins um það að fresta ekki atkvgr. um málið á þingfundi. Í till., sem hér var til meðferðar áðan, var atkvgr. frestað um að senda málið til nefndar, og þetta hefur verið gert hvað eftir annað hér. Það tefur um heila viku að afgreiða málið til nefndar. Það var þetta eina, sem ég óskaði eftir, en alls ekki það, að málið væri afgreitt án nefndar, nema síður sé.

Ég vil svo leyfa mér að þakka hv. flm. fyrir ummæli hans um það, sem ég gerði fsp. um. Ég vænti þess eftir það, að hann muni ekki sýna neina ósanngirni í málinu, og ég vænti þess, að sú nefnd, sem fær málið til athugunar, taki til athugunar till., sem fram kunna að koma til breytingar í þá átt, sem ég talaði um. Skal ég ekki að öðru leyti ræða málið á þessu stigi.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég ætla í tilefni af umr. um þetta mál enn fremur að bæta við ósk hv. þm. Vestf., að ég vænti sömuleiðis, að flm. taki það ekki illa upp, þó að okkur Austfirðingum detti í hug að bera fram viðaukatill. í sambandi við jarðhitarannsóknir. Það er ekki óeðlilegt, að menn hafi áhuga á betri rannsóknum í þessu efni en verið hafa, og því sízt ættum við Austfirðingar að hafa lítinn áhuga í þessu efni, þar sem fram er komin nærri því í blóra við jarðfræðingana staðreynd um það, að jarðhiti muni vera á Austurlandi annars staðar en talið hefur verið. En talið hefur verið, að jarðhiti sé þar á örfáum stöðum og varla teljandi í byggð. Nú hefur það komið upp á diskinn, að jarðhiti hefur fundizt í byggð á Fljótsdalshéraði, og eitt dagblaðanna hefur skýrt frá því á mjög dramatískan hátt, hvernig einn þm. okkar Austf. hætti sér í vetur á tæpasta vaðið, — þessi jarðhiti er nefnilega í vatni, — af einskærum áhuga fyrir málinu, út að vök á vatninu til þess að rannsaka, hvort hér gæti verið um jarðhita að ræða. Það má enginn hætta sér of langt á rannsóknarsviði og ekki frekar þm. en aðrir, og mér finnst eðlilegra og vera frekar í verkahring vísindamannanna, sem eiga að vinna þessi störf, að hætta sér þá eins langt og forsvaranlegt er í sambandi við slíkar rannsóknir. Þetta styður m. a. það, að ég vildi gjarnan, að við Austfirðingar fengjum samþykkta ályktun um, að réttir aðilar tækju að sér rannsókn á Austurlandi og rannsökuðu það ýtarlega, hvar kynni að leynast jarðhiti, sem hefur ekki fram að þessu verið talinn þar í byggð. Og ég geri ráð fyrir því, að flm. líti ekki slíka viðaukatill. illu auga, þó að hún kynni að koma fram undir meðferð málsins.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins til staðfestingar á því, sem hv. síðasti ræðumaður var að segja í sambandi við rannsókn eins þm. á Austurlandi, hvort þar væri jarðhiti nærri byggð. Það getur vel verið, að hann hafi hætt sér óþarflega langt út á ísinn, en það liggur fyrir, að hann fór nægilega langt til þess að sannfærast um, að

þarna var hiti, og þess vegna sneri hann sér til raforkumálastjórnarinnar og hefur beðið um rannsókn á þessu nánar. — Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér að gefnu tilefni.

Forseti (SÁ): Ég vil benda hv. 1. þm. Vestf. á, að það er ekki rétt athugað hjá honum. Ég hef ekki tekið málið út af dagskrá, heldur aðeins frestað atkvgr., svo að ef nógu margir hv. þm. verða hér í salnum, áður en fundi er slitið, þá verður reynt að koma atkvgr. fram.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar, en brtt. bárust á þskj. 256 og 299.

---

21. Heitt vatn á Selfossi og að Laugardælum.

Á deildafundum 19. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um leit að heitu vatni á Selfossi og að Laugardælum [100. mál] (A. 121).

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var till. tekin á dagskrá, hvernig ræða skyldi.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Helgi Bergs: Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., sem ég hef nú tekið sæti fyrir á hv. Alþingi um sinn, flytur á þskj. 121 ásamt hv. 6. þm. Sunnl. till. til þál. um leit að heitu vatni á Selfossi og Laugardælum. Till. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði gerð leit að heitu vatni í Selfosshreppi og Laugardælum og verði sú leit við það miðuð, að möguleikar finnist til þess að auka hitaveitu til hitunar íbúðarhúsa og iðnaðarframkvæmda á Selfossi."

Hér er farið fram á það, að ríkið láti á vegum jarðhitasjóðs framkvæma tilraunaboranir, sem megi byggja á aukningu hitaveitunnar á Selfossi. Hitaveitan þar hefur starfað í rúman áratug og verið mikil lyftistöng fyrir það ört vaxandi kauptún.

Það mun hafa verið árið 1947, sem fyrst var farið að bora eftir heitu vatni í Laugardælum með hitaveitu fyrir Selfoss fyrir augum. Og þar eru nú 4 holur, sú grynnsta 160 m djúp og sú dýpsta 372 m. Hiti vatnsins er úr dýpstu holunni 94 stig og meðalhiti úr öllum holunum 74 stig. Og vatnsmagnið hefur til skamms tíma verið nægjanlegt fyrir hitaveitu byggðarinnar austan Ölfusárinnar og til þarfa þess iðnaðar, sem þar er á staðnum, þ. e. a. s. fyrst og fremst mjólkurbúsins, og einnig hefur verið notað heitt vatn frá hitaveitunni fyrir sundhöllina á Selfossi. Nú er hins vegar svo komið, að vatnsmagnið er fullnotað og raunar orðið ónógt vegna hins öra vaxtar kauptúnsins. M. a. hefur orðið að loka þar sundhöllinni um hríð vegna vatnsskorts. Það er nú óhjákvæmilegt að gera þegar á þessu ári ráðstafanir til þess að auka hitaveituna. Færustu sérfræðingar telja allar líkur á nægu vatnsmagni í Laugardælum og í Þorleifskoti, en einnig víðar í nágrenni Selfoss eru líkur á miklum jarðhita.

Hitaveitan á Selfossi hefur aldrei náð til þess hluta kauptúnsins, sem liggur vestan árinnar, og í fyrra fóru íbúar þessarar byggðar fram á það við hreppsnefndina, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að þeir fengju einnig hitaveitu. Þar sem vatn hitaveitunnar var þá þegar að verða ónógt og sérfræðingar töldu, að heitt vatn væri einnig að finna vestan árinnar, var talið ráðlegast, að borað yrði þar, en hreppurinn hafði ekki bolmagn til þess að ráðast sjálfur í þær framkvæmdir.

Í fyrravetur skrifaði svo hreppsnefndin jarðborunum ríkisins og fór fram á, að borað yrði á þessu svæði. Jarðboranirnar munu hafa sent það erindi áfram til hæstv. ráðh. orkumála, sem brást vel við þessum tilmælum og heimilaði nokkrar upphæðir úr jarðhitasjóði og ríkissjóði, samtals, þegar mér var seinast kunnugt um, 200 þús. kr., til þessara framkvæmda. Á s. l. hausti var svo hafizt handa um borun þarna, og þegar holan var orðin 96 m djúp, var hætt við borunina, a. m. k. í bili, og borinn fluttur á burt. Hitinn í holunni var þá orðinn talsverður, 62 stig, en það var enn ekki komið í vatn, enda er dýptin ekki orðin meiri en hálf dýpt grynnstu holunnar í Laugardælum. Það hefur ekki tekizt að fá upplýst, hvenær jarðboranirnar hyggjast halda þessari borun áfram, en allmjög mun vera gengið á það fé, sem til ráðstöfunar er, og þess mun því miður varla að vænta, að verkinu verði lokið án frekari greiðsluheimildar.

Auk þess, sem þarna er verið að gera og mjög er þakkarvert, þarf að kanna betur möguleikana á vinnslu heits vatns á þeim stöðum austan kauptúnsins, sem áður voru nefndir. Kauptúnið á Selfossi hefur vaxið mjög ört á undanförnum árum, og sá mikli vöxtur hefur kallað á miklar sameiginlegar framkvæmdir, örar en svo, að litlu samfélagi sé með góðu móti kleift. Á hinn bóginn tel ég, að þjóðfélagið hafi nokkrar sérstakar skyldur við kauptún á borð við Selfoss, sem er eitt gleggsta dæmi þeirrar heillavænlegu

byggðaþróunar, sem ber að stuðla að. Þéttbýlismyndanirnar í sveitum og í dreifbýlinu verða ekki aðeins miðstöðvar viðskipta og samgangna, heldur einnig hvers konar þjónustu við dreifbýlið í atvinnu- og menningarmálum. Þar vex og þróast ýmis iðnaður, en einnig fyrir hann er jarðhitinn og nýting hans mjög þýðingarmikil. Það er m. a. af þessari ástæðu, sem mér virðist, að ríkinu beri að stuðla að viðgangi slíkra vaxandi kauptúna, m. a. með því að greiða fyrir jarðhitavinnslu, og ég vænti þess, að hv. Alþingi fallist á þetta sjónarmið með því að samþykkja þáltill., sem hér liggur fyrir.

Fyrir tveimur vikum voru afgreiddar ýmsar till. af svipuðu tagi til hv. fjvn., en þessi till. var þá tekin út af dagskrá vegna fjarveru 1. flm. Ég mun nú leggja til, að þessari till. verði einnig vísað til fjvn. og hæstv. forseti fresti umr., og vænti ég þess, að hv. fjvn. láti till. ekki gjalda þess, að hún hefur af þessum ástæðum orðið aftur úr öðrum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ekki nema gott, að menn sýni áhuga í því að flytja till. um mál, sem eru nauðsynleg og þörf, og þannig er það með jarðhitaleit á Selfossi, því að það er rétt, sem sagt var hér áðan, að hitaveitan er orðin of lítil. Og það var þess vegna, sem byrjað var að bora á nýjum stað á Selfossi í fyrra í leit að heitu vatni vestan árinnar. Það var varið til þess rúmlega 100 þús. kr. á því ári. En þess ber að geta, að á árinu 1961 hafði ekki verið gerð áætlun um jarðhitaborun á Selfossi á árinu 1962, en þessar áætlanir eru alltaf gerðar ári áður en framkvæmdir, sem eiga að gerast, m. a. vegna þess, að það þarf að útvega til þess fé. Þess vegna var það á s. l. ári, í septembermánuði, sem gerð var áætlun um framkvæmdir á árinu 1963 og gerðar ráðstafanir til fjárútvegunar í því skyni. Þá var gerð áætlun um það að bora eftir heitu vatni á árinu 1963 að Laugalandi í Holtum, þar sem er nokkur jarðhiti, 40° heitt vatn við skólann, og enn er verið að bora þar. Það var einnig gerð áætlun um það að bora eftir heitu vatni við Hliðardalsskóla í Ölfusi, og verður væntanlega byrjað þar seinni hluta vetrar. Og í þriðja lagi var gerð áætlun um jarðboran á Selfossi á árinu 1963, og gerir jarðhitasjóður ráð fyrir að verja til þeirra framkvæmda á árinu ½ millj. kr. Þessi áætlun var gerð á s. l. hausti, og ef hv. 1. flm. þessarar till. hefði talað annaðhvort við rn. eða raforkumálastjóra, hefði hann áreiðanlega fengið upplýsingar um það.

Till. þessi, sem hér er flutt nú, er góðra gjalda verð að því leyti, að hún sýnir áhuga flm. fyrir málinu, en hún breytir engu um framkvæmd málsins. Mér finnst alveg sjálfsagt að taka vel máli, sem flutt er í svo góðum tilgangi sem þessum. En það er staðreynd, að þó að till. verði samþ., breytir hún engu um framkvæmd málsins. Það er búið að ákveða að vinna á þessu ári fyrir ákveðna upphæð, og eins og hv. þm. sjá á till., er ekki heldur talað um neina fjárútvegun samkv. þessari till., þótt hún verði samþ. Það er aðeins áskorun á ríkisstj. að láta framkvæma verk, sem búið er að ákveða að skuli framkvæma.

Ég kemst ekki hjá að segja frá þessu, og mér dettur ekki í hug að áfellast 1. flm. fyrir það, þótt hann hafi ekki, áður en hann samdi till. og flutti, talað við rn. eða raforkumálastjóra um það, á hvaða stigi málið er. Við getum verið sammála um það, bæði hv. frsm. og hv. flm. þessarar till., að það er mjög nauðsynlegt að auka við hitaveituna á Selfossi, og það ber að stuðla að því að nýta jarðhitann meira en gert hefur verið hér á landi, og það er það, sem verið er að vinna að núna með því að bora eftir heitu vatni víða um land, mjög víða um land, og vitanlega þarf meira fjármagn en við höfum enn yfir að ráða. Jarðhitasjóður hefur á þessu ári nokkuð mikið fjármagn, og hafa, eins og ég sagði, verið gerðar áætlanir um notkun þess á þessu ári. Ég býst við, að það, sem hefur verið ætlað til framkvæmdanna á Selfossi á þessu ári, sé ekki nægjanlegt, það þurfi að bora meira. Við vitum ekki um árangurinn vestan megin árinnar. Það er vitanlega sjálfsagt að bora meira þar en gert er og reyna til hlítar, hvort ekki fæst árangur af þessari holu, og jafnvel bora aðra, og það er vitanlega sjálfsagt líka að bora í Laugardælum, þar sem ekki er nú nægilegt vatnsmagn í það hitaveitukerfi, sem fyrir er.

Það er svo ekki meira í rauninni um þetta að segja. Till. þessi hefur verið flutt í góðum tilgangi, til þess að ýta á eftir góðu máli, og flm. ekki verið búnir að kynna sér, á hvaða stigi málið er. Og það vissulega kemur ekki að sök, þó að þessu hagsmunamáli Selfossbúa sé hreyft hér á Alþingi og vakin athygli á því, því að eins og ég áðan sagði, má reikna með því, að það þurfi að halda áfram borunum þarna og það þurfi fjármagn til framkvæmda þar einnig á næsta ári, þótt reiknað sé með ríflegu framlagi á þessu ári.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir ágætar undirtektir undir þetta mál. Enn fremur vil ég þakka honum fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér um það, að þegar hefði verið ákveðið að verja 500 þús. kr. til jarðborana á Selfossi á árinu 1963.

Mér virtist á máli hæstv. ráðh., að hann teldi, að lítið gagn væri í að samþykkja þessa till., þar sem hún fjallaði um framkvæmdir, sem þegar væri búið að ákveða að ráðast í. Hins vegar held ég, að það hafi verið rétt hjá hæstv. ráðh., sem hann bætti við, að það kæmi vissulega ekki að sök, þó að hér væri á hv. Alþingi hreyft þessu stórfellda hagsmunamáli, og sjálfsagt væri, eins og hæstv. ráðh. sagði, að taka málinu vel. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta eftir þessar góðu undirtektir hæstv. ráðh. og vil ítreka till. mína um, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Kal í túnum.

Á deildafundum 20. nóv. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um rannsókn á kali í túnum o. fl.** [101. mál] (A. 123).

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. 1. flm. þessarar till., hv. þm. Valtýr Kristjánsson, er ekki hér á Alþingi nú, og vil ég því — með leyfi forseta — gera nokkra grein fyrir till. þessari.

Það er öllum kunnugt, hversu kalskemmdir á ræktuðu landi voru miklar á s. l. sumri. Nokkuð var þetta misjafnt eftir landshlutum, en þó bar alls staðar nokkuð á kali. Nú orðið er hið ræktaða land orðið fjárhagsleg undirstaða landbúnaðarins. Bregðist heyöflun, eru skuldir og basl á næsta leiti, og margir bændur eru það hart leiknir, að þeir bíða kaltjónsins seint eða aldrei bætur.

Kalskemmdir í túnum eru engin nýlunda hér á landi. Á öllum öldum hafa komið sumur, þar sem gróðurfar var mjög lítið, þótt orsakir þess hafi verið misjafnar, en venjulega einhver tegund kals. Á þessari öld skera sig nokkur sumur úr, þar sem töðufengur var lítill, og sumarið 1918 er talið, að töðufengur hafi verið um það bil helmingur á við það, sem var árin þá á undan. Kalskemmdirnar 1918 eru þær mestu, er menn vita um hér á landi til þessa. Árið 1949 bar talsvert á kali á túnum, enda voru bæði kalt og snjóasamt. Árin 1951 og 1952 kól tún mikið, einkum nýræktir, þótt kal fyndist einnig í hinum gömlu túnum. Þessar kalskemmdir hafa verið metnar til tjóns árin 1951 og 1952 á 50 millj. kr. til samans, og það er ekki svo lítil upphæð.

Snemma á þessu þingi var útbýtt hér á hv. Alþingi riti frá Atvinnudeild háskólans um rannsóknir á kali túna fyrir þessi ár, 1951 og 1952. Þar skrifar Sturla Friðriksson grasafræðingur um þessi efni, en hann hefur manna mest fengizt við þessar rannsóknir hér á landi. Í riti þessu er talað um, að kal verði aðallega til með fernum hætti, þ. e. frostkal, svellkal, klakakal og rotkal. Ég skal ekki hér fara fræðilega inn á þessa hluti, en vil benda þeim hv. þm., sem hafa áhuga í þessum efnum, á að lesa þetta rit Sturlu Friðrikssonar.

Það, sem er eftirtektarverðast við kalskemmdirnar árin 1951 og 1952 og einnig árið 1962, er það, hversu nýræktin er miklu viðkvæmari fyrir kali en gömlu túnin. Sjálfsagt er það margt, sem veldur því, t. d. grasategundir, sem þola ekki okkar kalda loftslag, og einnig hitt, að framræsla lands og vinnsla þess er ekki nógu vel af hendi gerð. Það hefur tekið okkur Íslendinga sinn tíma að læra að beita tækninni rétt og á sjálfsagt eftir að taka nokkur ár enn þá, þar til fullkomin æfing og leikni fæst í þeim efnum.

Í Árbók landbúnaðarins, síðasta hefti s. l. árs, ritar ritstjórinn, Arnór Sigurjónsson, um kalskemmdir og þó einkum það kal, sem átti sér stað s. l. ár. Þar segir ritstjórinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Gizkað hefur verið á, að töðufengurinn hafi orðið allt að 1/6 minni en þessi tvö undanfarin sumur, og þó að þessi ágizkun sé e. t. v. í frekasta lagi, mun óhætt að fullyrða, að töðufengurinn er a. m. k. 10% minni eða 320—350 þús. hestum minni en þá. Og auk þess kemur ekki fram 160 þús. hesta aukning vegna nýrra túna. Þetta er 60—80 millj. kr. skaði fyrir bændastétt landsins, því að kostnaður við hirðingu og vinnslu túnanna og töðufengsins var lítið eða engu minni þrátt fyrir þennan uppskerubrest, þar sem ekkert hafði sparazt í áburðarkaupum. Þetta er átakanleg staðreynd fyrir þá, sem fyrir þessu tjóni urðu, en mestu kalskemmdirnar urðu á svæðinu austan Vaðlaheiðar og allt austur á Fljótsdalshérað, en kalskemmdir munu hafa orðið nokkrar svo til á öllu landinu."

Það er mikið áfall að vakna við það síðla vors, eftir að hafa í engu til sparað að bera áburð á tún, að þar fyrirfinnist ekki stingandi strá. En þetta kom fyrir fjöldamarga bændur á s. l. sumri. Þeirra fjárhagsvandræði af þessum sökum eru margþætt og verða ekki rakin hér. En þó vil ég þakka hv. Alþingi þá lagabreytingu, sem orðin er á jarðræktarlögunum til styrktar þessum bændum. En meira þarf, ef vel á að fara í þessum efnum.

Á s. l. sumri fór fram ýtarleg rannsókn á kali í Suður-Þingeyjarsýslu, og er talið, að þar hafi heyuppskera verið ⅓ minni en undanfarin ár. Þetta eru þungar byrðar.

Herra forseti. Sú till., sem hér er til umr., beinist einkum að fimm atriðum í rannsóknarstarfseminni. Í fyrsta lagi, að hve miklu leyti má rekja orsakir kals til veðurfarsáhrifa, svo sem snjóa- og svellalaga, og við hvaða aðstæður kal myndast af þeim sökum. Í öðru lagi, hvort eðlisfræðilegt ástand jarðvegsins og jarðvinnsluaðferðir, þurrkunarásigkomulag ræktunar, haust- og vetrarvatnsstaða í jarðvegi hafa áhrif í sambandi við kalhættu. Í þriðja lagi, hvort misnotkun áburðar, svo sem stórir skammtar köfnunarefnis og áburðartími, t. d. áburðargjöf seint að sumri milli slátta, eigi sinn þátt í auknum kalskemmdum. Í fjórða lagi, hvort notkun túnanna, svo sem haustbeit og sláttur síðsumars

og að hausti, auki kal. Í fimmta lagi rannsókn á þoli stofna, sem notaðir eru í fræblöndur.

Þess skal að sjálfsögðu getið og ber að geta, að margar athuganir hafa verið gerðar á orsökum kals. En það þarf meira en athuga það kal, sem orðið hefur. Það þarf að koma upp tæknilegum rannsóknum á kali, þar sem eru húsakynni og tæki til að framleiða kulda og á þann hátt að prófa frostþolni einstakra grastegunda með fleiru. Þetta kostar sjálfsagt nokkurt fjármagn, en þó ekki nema örlítið brot af því 80 millj. kr. tapi, sem talið er að bændastéttin hafi orðið fyrir á s. l. ári. Og ef það er svo, að bændastéttin geti án mikilla bóta tekið á sig svona gífurlegt tjón, hvað munar þá þjóðarheildina um að taka á sig nokkurn kostnað, sem ætti að geta komið í veg fyrir slíkt tjón í framtíðinni?

Það er talið, að 25% af landi okkar sé gróðurlendi, en fróðir menn telja, að hægt verði í framtíðinni að auka gróðurlendið upp í 75%, bæði með því að velja grastegundir með þetta fyrir augum og dreifa tilbúnum áburði yfir gróðurlendin. Sé svo, að hægt sé að velja grastegundir, sem lifa í 500—600 eða 700 m hæð yfir sjávarmál, þá ætti að vera möguleiki á því að fá túngrös, sem þola betur loftslags- og jarðvegsbreytingar en þær grastegundir, sem nú eru yfirleitt algengastar. Ræktun á grasfræi og framleiðsla þess innanlands er eitt af undirstöðuatriðum þess, að við getum öðlazt þær grastegundir, sem eru þolnar gegn þeim loftfarsbreytingum, sem oft og einatt eiga sér stað hér á landi. Og þetta er eitt af frumskilyrðum þess, að við getum búið nokkurn veginn örugglega hér á landi, að grasræktin bregðist ekki, þar sem allur okkar búskapur má heita að byggist á grasræktinni.

Ég vænti þess, að till. þessi fái góðar undirtektir og skjóta fyrirgreiðslu hér á hv. Alþingi. Og að lokinni þessari umr. legg ég til, að málinu verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A 123, n. 558 og 583).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

23. Aðstoð við Snæfjallahrepp.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um aðstoð við Snæfjallahrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til varnar eyðingu byggðar [109. mál] (A. 149).

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 149 um aðstoð við Snæfjallahrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til varnar eyðingu byggðar.

Snæfjallahreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu er lítið og fámennt hreppsfélag. Áður fyrr var þetta allfjölmenn byggð. Á utanverðri Snæfjallaströnd voru þá verstöðvar, a. m. k. tvær allfjölmennar, allt fram yfir aldamót, og þar voru einnig stórar bújarðir, svo sem prestssetrið og kirkjujörðin Snæfjöll og einnig Sandeyri, Skarð o. fl. Þessar jarðir allar eru nú í eyði og öll byggð horfin af utanverðri Snæfjallaströnd. Eftir er nú innanverður hluti Snæfjallahrepps, og er eyðingin komin að stóru jörðinni Æðey, stórbýlinu Unaðsdal og býli, sem Tyrðilmýri heitir, var til skamms tíma nauðaómerkilegt kot, en ungur maður tók sig til fyrir nokkrum árum, keypti þetta býli og byggði það upp, hefur byggt þar upp nýtízku íbúðarhús og komið upp stórri hlöðu og til bráðabirgða innréttað þar fjós fyrir eina 10—12 gripi og ræktað 11 eða 12 hektara lands á þessum býlisskika, sem áður var með öllu í órækt og niðurníðslu. Ég dreg þetta fram af því, að sakir standa nú svo, að eyðing byggðarinnar er komin að þessum hluta hreppsins, Æðey, Unaðsdal og Mýri. Og þarna býr atorkusamt fólk, sem þegar hefur unnið mikið afrek í því að byggja upp þessar jarðir, auka ræktun þeirra og standa mitt í þessari þjóðfélagsbaráttu. Eftir eiga þeir mikið til þess að hafa komið sér svo fyrir, að vel sé viðunandi á þessum jörðum. Bóndinn í Unaðsdal á t. d. eftir að byggja fjós, sem þarf að vera fyrir 30 gripi og mér er sagt að kosti á sjöunda hundrað þús. kr., og hann á einnig eftir að endurbyggja sín fjárhús. Og þannig er með þessa bændur, að þeir eru þegar sokknir í miklar skuldir vegna sinnar athafnasemi og dugnaðar, en byggja þarna góðar jarðir og eru staðráðnir í því að gefa þessa baráttu ekki upp.

Nú er það ekki ætlun mín að flytja till. á Alþingi um að veita þessum bændum persónulega hjálp til að reka sinn búskap. Það vakir ekki fyrir mér með þessari till. Hitt vakir fyrir mér, að þarna standi þannig á, að þjóðfélagið hafi fyllstu ástæðu til að gera sérstakar, almennar ráðstafanir til þess, að sá hluti Snæfjallahrepps, sem enn þá er í

byggð, eyðist ekki og það fari þannig fyrir honum eins og tveimur nágrannabyggðum þessa sveitarfélags, nefnilega Sléttuhreppi, sem áður var byggð með á sjöunda hundrað íbúa og var annar fjölmennasti hreppur Norður-Ísafjarðarsýslu og er nú eyddur með öllu, og Grunnavíkurhreppi, nágrannasveit Snæfjallahrepps, sem smátt og smátt eyddist að byggð og má segja að nálega tæmdist að fólki á s. l. hausti. Þó skal þess getið, að eftir er vitavörðurinn á Hornbjargsvita og 3 manneskjur á stórjörðinni Reykjarfirði nyrðra, sem enn þá eru þar í Grunnavíkurhreppi. Að öðru leyti er Grunnavíkurhreppur nú eydd byggð. Ég minnist þess fyrir nokkrum árum, að ég átti tal við Pálma Einarsson landnámsstjóra, sem þá þóttist sjá fram á það, eins og margir menn, sem þarna þekktu til, að Grunnavíkurhreppur væri að eyðast, og þá var Pálmi Einarsson með tillögu um, að það þyrfti að koma þessari byggð til hjálpar, áður en hún eyddist, því að þarna væru landkostir góðir. Hann taldi, og ég hygg, að það sé alveg óyggjandi, að ræktunarskilyrði í Grunnavík séu með ágætum, og aðstaða til sjósóknar er þar líka góð. En þessi hjálp barst ekki og erfiðleikar fámennisins uxu, og að síðustu varð skriðan á s. l. hausti, að 6 eða 7 búendur fóru samtímis úr byggðinni, úr Grunnavíkinni, og fluttu sig til Ísafjarðar og hér suður á land.

Ég tel, að þannig standi á nú í Snæfjallahreppi, að það eigi að koma í veg fyrir það með þjóðfélagsaðstoð, að það, sem eftir er af Snæfjallahreppi, leggist í eyði. Og ég tel og geri grein fyrir því í till. í fjórum töluliðum, að það, sem þurfi sérstaklega að gera af þjóðfélagsins hendi til þess að uppörva þetta fólk í baráttunni og koma því til hjálpar, sé í fyrsta lagi að veita sérstaka fjárveitingu til virkjunar Mýrarár, þannig að öll lögbýli hreppsins fái raforku.. Þarna eru hin ágætustu virkjunarskilyrði. Hreppsnefndin og hreppsbúar hafa látið raforkumálaskrifstofuna mæla þessa á um langan tíma og undirbúa virkjun, og raforkumálaskrifstofan mælir eindregið með virkjun, telur ána vel til virkjunar fallna. En vitanlega kostar þetta hátt í 2 millj. kr., þessi virkjun fyrir Æðey, Mýri, Unaðsdal, Lyngholt og Bæi, en Bæir eru stór jörð, tvíbýli, áður var það fjórbýli. En sveitarfélaginu, eða því sem eftir er af því, ekki fleiri býlum en þetta, er um megn að taka á sig virkjun Mýrarár ofan á aðra fjárfestingu, sem þessir ötulu bændur hafa staðið í, og ég hygg, að enga ráðstöfun sé hægt að gera, sem betur uppörvi þá við að halda baráttunni áfram, heldur en einmitt að þjóðfélagið komi til sérstakrar hjálpar í viðbót við þau lán og styrk, sem hægt er að fá til virkjunar á þessum stað, með sérstakri fjárveitingu. Og mér er sérstök ánægja að því að upplýsa það, að þegar þessi till. kom fram í nóvembermánuði í haust, áður en fjárlög voru afgreidd, var fallizt á það, að um ½ millj. kr. skyldi á fjárl. þessa árs vera ætluð til aðstoðar búendunum í Snæfjallahreppi til virkjunar Mýrarár, og þykist ég alveg vita, að hæstv. raforkumálaráðh. standi við það, því að hann upplýsti, að í þeirri fjárveitingu, sem um virkjanir fjallar, væri ætluð ½ millj. kr. til virkjunar þessarar ár, af þessu tilefni, að till. var komin fram og á þetta var mjög sótt þá. Áætlanir raforkumálaskrifstofunnar eru sem sagt fullgerðar, og ég geri ráð fyrir, að bændurnir eða sveitarfélagið ráðist í þessa virkjun með vorinu, og það er góð byrjun. Ég fagna þessu.

Það skal upplýst enn fremur, að það er ekki talið líklegt, að Snæfjallahreppur fái nokkurn tíma raforku frá samveitum ríkisrafveitnanna, svo að sveitarfélaginu yrði aldrei séð fyrir raforku, að ég hygg, nema einmitt með virkjun Mýrarár.

Þá taldi ég aðra sjálfsögðustu aðstoðina, sem þjóðfélagið gæti gert Snæfjallahreppi, að koma á vegasambandi úr Snæfjallahreppi inn yfir til Nauteyrarhrepps og koma þessu afskekkta og fámenna sveitarfélagi þannig í samband við akvegakerfi landsins. En þannig er það nú sett, að það er ekki í akvegasambandi. Það eru akvegir innan sveitar, en enn þá vantar vegagerð í Kaldalóni báðum megin við ána Mórillu og brúarmannvirki á hina miklu jökulá, Mórillu, sem fellur til sjávar í Kaldalóni. Þar er hreppurinn aðskilinn frá sinni nágrannasveit innar á ströndinni, Nauteyrarhreppi á Langadalsströnd. Ég býst þó við, að einna eðlilegast væri, þegar Snæfjallahreppur er orðinn svona fámennur, að þegar vegasamband væri komið þarna á milli þessara sveitarfélaga, sem bæði eru fámenn, þá væru þessi sveitarfélög sameinuð, svo að burðarmáttur þeirra væri meiri til sameiginlegra aðgerða. Það fékkst nú ekki fram, að fjárveiting væri tekin til þessarar brúar og þessarar vegagerðar, nema að mjög litlu leyti á þessa árs fjárl., og voru það sveitarfélaginu eða íbúum þess mikil vonbrigði. En væntanlega gerist það nú á næsta ári og má þá vænta þess, að undir það hylli.

Í þriðja lagi legg ég til, að ríkið taki að sér að dýpka innsiglinguna á Æðeyjarhöfn. Æðeyjarhöfn er einhver allra bezta höfn frá náttúrunnar hendi, þegar inn á hana er komið. En framan við höfnina er grynning, í hálfgerðri grynningu er klapparnef, sem Úfur nefnist, og af því leiðir, að bæði sundin, beggja vegna við Úfinn, verða of þröng til innsiglingar og Djúpbáturinn kemst ekki inn á Æðeyjarhöfn, nema þegar ekki lóar við stein og aðeins um háflæði. En að vetrum er þetta mjög erfitt fyrir Æðeyjarbónda, að þá er Æðeyjarhöfn ísilögð og þá verður hann að flytja sínar afurðir — hann hefur allstórt bú — út á eyjarendann með mikilli fyrirhöfn og grafa þar upp bát úr snjónum og komast þannig í samband við Djúpbátinn. En ef Æðeyjarhöfn væri fær Djúpbátnum, kæmist hann að bryggju rétt fyrir framan íbúðarhúsið í Æðey. Ég held, að þetta sé of mikið átak að ætla bóndanum, hver sem hann er, að sprengja innsiglinguna og dýpka hana að Æðey, og að þessi aðgerð mundi um alla framtíð

vera bezta aðgerðin til þess að bæta aðstöðu Æðeyjarbónda. Og ég lít svo á, að þetta væri sannarlega engin styrkveiting við hann, þetta væri bara þjóðfélagsaðgerð til þess að reyna að tryggja, að náttúruforðabúr eins og Æðey er sé hagnýtt af þjóðinni.

Í fjórða lagi legg ég svo til, að ríkið láti byggja ferjubryggju á Mýri. Þar er hafnaraðstaða góð, betri en nokkurs staðar annars á ströndinni, með því að þessi staður er í landvari af Æðey, sem er þar fyrir landi, en snardjúpt að klöppum þarna skammt fyrir utan Mýrarbæinn. Ég hygg því, að það væri tilvalin endastöð fyrir Djúpbátinn einmitt við bryggju á Mýri og ómetanlegt fyrir bændurna á þessari jaðarbyggð að hafa þarna góðan afgreiðslustað fyrir flóabátinn.

Þetta er efni till., og ég vil vænta þess, að hv. alþm. fallist á, að það sé sérstök ástæða til þess, að þjóðfélagið komi þarna hjálpandi til og fyrirbyggi frekari eyðingu byggðar en orðin er. Eyðing Grunnavíkurhrepps og Sléttuhrepps er harmsaga, og það er fyllilega ástæða til þess, að alþm. gefi því gaum, að þeir geta komið í veg fyrir, að sú harmsaga verði framhaldssaga. Og það er alveg ástæðulaust að láta hana verða það. Ég tel hér ekki vera um persónulegar styrkveitingar að ræða til þeirra manna, sem búa í Snæfjallahreppi nú, og væru þó þeir menn fyrir atorku sakir allra góðra hluta maklegir. Ég tel þetta vera þjóðfélagsráðstöfun, sem þjóðfélaginu beri að gera, til þess að blómlegar byggðir með góðum jarðnytjum leggist ekki í eyði. Auk ræktunarskilyrðanna, sem allar þessar jarðir í Snæfjallahreppi, sem nú eru í byggð, eiga, má þess enn geta, að jarðhiti er í Unaðsdalslandi og ekki ólíklegt, — hann liggur það nærri bæjum, — að hann mætti nytja fyrir þessa byggð, e. t. v. alla. Ég tel því, að hér sé alls ekki ómerkilegt mál á döfinni, og ég vænti góðra undirtekta við það og hef þegar skýrt frá því, að að nokkru leyti hefur málið þegar fengið góðar undirtektir, þó að till. væri þá bara aðeins fyrir skömmu fram komin, þegar fjárlög voru afgreidd. En framhald þarf á því að verða, ef að gagni á að koma.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði vísað til fjvn. og umr. um hana nú frestað, því að um hana hefur verið ákveðin ein umræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 13. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

24. Jarðhitarannsóknir á Norðurlandi vestra.

Á deildafundum 17. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um jarðhitarannsóknir, jarðhitaleit og hagnýtingu jarðhita á Norðurlandi vestra [120. mál] (A. 199).

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Ég hef flutt á þskj. 199 ásamt 5 hv. samþingismönnum mínum úr Norðurl. v. till. til þál. um jarðhitarannsóknir, jarðhitaleit og hagnýtingu jarðhita á Norðurlandi vestra.

Eins og í grg. með till. segir, er víða á Norðurlandi vestra, allt frá mynni Eyjafjarðar að Hrútafirði, að finna heitar uppsprettur ofanjarðar, og auk þess bendir margt til, að á þessu svæði leynist víða í jörð heitt vatn, þótt lítt eða ekki verði þess vart á yfirborði jarðar. Jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar er kunnugt um hvorki meira né minna en 56 staði á þessu svæði, þar sem jarðhiti hefur fundizt, hann verið kannaður nokkuð og vatnsmagn og hitastig mælt. Langmestan jarðvarma á Norðurlandi vestra er að finna í Lýtingsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu, a. m. k. hvað vatnsmagn snertir, en í þeim hreppi hefur fundizt á 24 stöðum heitt vatn, að vísu mismunandi heitt, allt frá 20 til 74°, en vatnið er óvenjulega mikið, sérstaklega á einum stað, þar kemst það upp í 32 sekúndulítra, en það er á Reykjum í Lýtingsstaðahreppi, og mun það vera eitthvert mesta magn af heitu vatni, sem fundizt hefur á einum stað á Norðurlandi öllu. Vatnið á þessum stað er 67° heitt. Telja flm. till. sérstaka ástæðu til, að kannað verði, með hvaða hætti þessar miklu auðlindir verði hagnýttar, en enn sem komið er hefur það að litlu leyti verið gert. Á Reykjarhóli í Seyluhreppi, þ. e. í Varmahlíð í Skagafirði, er óvenjuheitt vatn að finna, þ. e. a. s. 91° heitt og um 10 sekúndulítrar. Hefur þessi varmi nokkuð verið hagnýttur til upphitunar húsa og rekstrar gróðurhúsa á staðnum. Við flm. þessarar till. teljum einnig ástæðu til, að kannað verði frekar en orðið er þetta jarðhitasvæði með það fyrir augum, að gerðar verði áætlanir um frekari virkjun heita vatnsins þar, þar eð telja verður líklegt, að þar finnist meira heitt vatn í jörðu en þegar er vitað um, og mun þess þörf, að það verði aukið, ef unnt er, vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda á staðnum. Þá viljum við flm. þessarar till. einnig mælast til þess, að rannsakað verði frekar en orðið er jarðhitasvæðið á Reykjum í Miðfirði og möguleikar á virkjun heita vatnsins þar vegna hugmyndar um, að þar

verði byggt barnaskólahús fyrir nálæga hreppa Vestur-Húnavatnssýslu.

Þegar á heildina er litið, hefur það mikla magn af heitu vatni, sem er að finna á Norðurlandi vestra, að mjög litlu leyti verið hagnýtt enn þá. Sauðárkrókskaupstaður lét fyrir allmörgum árum hefja boranir eftir heitu vatni í nágrenni kaupstaðarins, og hefur það heita vatn, sem þannig hefur fengizt, jafnóðum verið virkjað til upphitunar íbúðarhúsa í kaupstaðnum og annarra heimilisnota. Eins og áður segir, hefur heita vatnið við Varmahlíð í Skagafirði verið hagnýtt til hitunar íbúðarhúsa, til hitunar skólahússins á Löngumýri og rekstrar gróðurhúsa við Varmahlíð. Íbúðarhús og barnaskólahús á Reykjum í Lýtingsstaðahreppi hafa verið hituð með hluta af því mikla magni af heitu vatni, sem þar finnst í jörðu. Samkomuhús á Laugarbakka í Miðfirði hefur verið hitað með vatni úr Reykjalaug, og í athugun er að reisa þar barnaskólahús fyrir nálæga hreppa Vestur-Húnavatnssýslu, eins og ég áður sagði. Auk þess hefur héraðsskólahúsið á Reykjum í Hrútafirði fengið heitt vatn frá byrjun úr hinum heitu uppsprettum þar. Fyrirhugað mun enn fremur vera að reisa skólahús á Reykjum við Reykjabraut í Austur-Húnavatnssýslu og nýta jarðhitann þar til upphitunar og annarra þarfa fyrir skólahúsið. Þess ber jafnframt að geta, að allmörg býli á Norðurl. v. hafa um skemmri eða lengri tíma hagnýtt heitar uppsprettur í nágrenni þeirra til upphitunar íbúðarhúsa og til annarra heimilisnota. Það má einnig að lokum geta þess, að forráðamenn Siglufjarðarkaupstaðar, sem er langfjölmennasta byggðarlagið á Norðurl. v., hafa í langan tíma haft mikinn áhuga á, að kannað verði til hlítar, hvort ekki sé unnt að auka svo vatnsrennsli uppsprettnanna í Skútudal við Siglufjörð, að jarðhitinn megi koma að notum fyrir íbúa kaupstaðarins, og var hér á Alþingi í fyrra samþ. þingsályktunartillaga lútandi að þessu.

Af þessari lauslegu upptalningu minni verður nokkuð ráðið, að enn sem komið er hefur hinn mikli jarðvarmi, sem er að finna á Norðurl. v., að mjög litlu leyti verið virkjaður og hagnýttur til hagræðis fyrir íbúa þessa landshluta, og það er vegna þeirrar staðreyndar, sem þessi till. er flutt, og hljóðar hún þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta, svo fljótt sem auðið er, framkvæma á vegum jarðhitasjóðs rannsókn á þeim jarðhitasvæðum, sem vitað er um á Norðurl. v. og ekki enn hafa verið rannsökuð og nýtt. Einnig verði framkvæmd í þessum landshluta leit að jarðhita á þeim stöðum, sem ætla má að jarðhiti finnist og mögulegt sé að nýta hann. Þá verði að loknum þessum athugunum gerðar áætlanir um hagnýtingu jarðhitans á hverjum stað.“

Það mun hafa verið ákveðið, að um þessa till. yrði höfð ein umr. Ég legg því til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjárveitinganefndar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

25. Þyrilvængjur landhelgisgæzlunnar.

Á 27. fundi í Sþ., 30. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar, samgöngubóta og sjúkraflugs á Vestfjörðum og Austfjörðum [124. mál] (A. 226).

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. á þskj. 226 um þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar, til samgöngubóta og sjúkraflugs á Vestfjörðum og Austfjörðum. Ég skal vera stuttorður um þessa till. Ég hef flutt nálega samhljóða till. þessari tvívegis áður, og vænti því, að hv. alþm. sé efni hennar kunnugt.

Í fyrsta lagi er til þess ætlazt, að hæstv. ríkisstj. festi kaup á 2 þyrilvængjum og sé aðalhlutverk þeirra að aðstoða og þjónusta við landhelgisgæzluna. En auk þess er ætlazt til þess, að með staðsetningu þeirra á Austfjörðum og Vestfjörðum inni þessar þyrilvængjur af höndum margvíslega aðra þjónustu fyrir fólkið í þessum landshlutum, sem að mörgu leyti eiga erfiðast að því er snertir samgöngur innbyrðis. Þar gætu þær komið áreiðanlega að gagni í vissum byggðarlögum. Ég vil t. d. nefna byggðarlag eins og Súgandafjörð, sem getur ekki komizt í neinar flugsamgöngur með öðrum hætti, Breiðafjarðareyjar, byggðina á Ingjaldssandi, og fleiri staði mætti nefna, og sjálfsagt hagar þessu líkt til á Austfjörðum víða.

Það er ekki nokkur vafi á því, að til sjúkraflugs eru engin samgöngutæki eins tiltæk undir þessum kringumstæðum og þyrilvængjur, og hefur það hvað eftir annað komið í ljós, að Íslendingar hafa orðið að biðja setuliðið á Keflavíkurflugvelli að koma til hjálpar til að sækja fársjúkt fólk til að gera tilraun til að bjarga lífi slíkra einstaklinga, þegar aðstæður hafa verið þannig, að ekki hefur verið hægt að komast á staðinn með

öðrum hætti. Það vita allir, að höfuðkostur þessa flugsamgöngutækis er sá, að enga flugvelli þarf að byggja í sambandi við notkun þyrilvængjanna. Þær geta lent á smábletti, þær geta lent á húsþaki, ef vera vill. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að vandkvæðin í sambandi við að fá lækna í ýmis læknishéruð mætti ef til vill leysa að einhverju leyti með þyrilvængjunni, og þá ef til vill spara allmikið fé ríkissjóði með því að sameina slík héruð, 1, 2 eða 3, ef þyrilvængjan væri staðsett þar í grennd og hægt væri að grípa til hennar, þegar lækni þyrfti að sækja um langan veg eða koma honum á stað, sem væri einangraður. Þá er mér og kunnugt um, að oft er miklum erfiðleikum bundið að halda uppi þjónustu við vitana, sem eru mikilsverðar ríkisstofnanir, og til þess að fullnægja þeirri þjónustu er haldið úti skipi, sem þó hefur ekki alltaf aðstöðu til að komast á staðinn. En með þyrilvængju mætti vafalaust leysa þar við sérstakar kringumstæður úr vanda og vafalaust með minni tilkostnaði en láta alldýrt skip bíða viku eða hálfan mánuð þess að komast á staðinn. Þá mætti og hugsa sér, að fjórðungssjúkrahúsin á Austfjörðum og Vestfjörðum nytu aðstoðar þessa tækis til að koma sjúklingum til skjótrar læknisaðgerðar í fjórðungssjúkrahúsunum, þar sem læknisaðstoð er betri en á hinum smærri sjúkrahúsum. Og má þannig margt fleira telja. Ég held, að það sé bráð nauðsyn fyrir Íslendinga að eignast þessi tæki, og mætti byrja á einu eða tveimur. Ég held, að það þyrfti í raun og veru að vera þyrilvængja í hverjum landshluta a. m. k., auk Vestfjarða og Austfjarða væri hér ein suðvestanlands og önnur þyrilvængja á Norðurlandi.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það, hvað þessi tæki kosta, og ég veit nú, að 11 manna þyrilvængja eða þyrilvængja, sem getur borið tilsvarandi vörumagn, mundi kosta álíka og 100—120 tonna fiskibátur. Hún mundi kosta um 7 millj. kr., og má þá velja um, hvort sem maður vildi heldur bandaríska, sovézka eða kanadíska, og sjálfsagt eru fullkomnar þyrilvængjur til í fleiri iðnaðarlöndum. En mér er kunnugt um, að bæði í Bandaríkjunum og í Sovétríkjunum eru til þyrilvængjur, sem sérstaklega eru búnar út með það fyrir augum að þola flug við mjög lágt hitastig, í miklum frostum, og mundi það áreiðanlega vera mikill kostur fyrir okkar loftslag.

Í slysatilfellum er svo ekki sízt hægt að koma þyrilvængjum við undir ýmsum kringumstæðum, þegar engin önnur samgöngutæki duga.

Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að nú þegar þessi till. er borin fram í þriðja sinn á Alþingi, þá fallist Alþingi á till. og afgreiði hana, svo að ekki þurfi að bera hana fram í fjórða sinn. Það hafa verið ákveðnar tvær umr. um þessa till., og legg ég því til, að þegar þessari umr. lýkur, þá verði henni vísað til hv. fjvn., þar sem farið er fram á fjárframlög til kaupa á þessum alldýru tækjum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

26. Smíði fiskiskipa innanlands.

Á deildafundum 5. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um smíði fiskiskipa innanlands [128. mál] (A. 233).

Á 28. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 233 leyft mér að bera fram þáltill. um smíði fiskiskipa innanlands. Tillögumaður ásamt mér er hv. 5. Norðurl. e. (BjörnJ). Það er í annað skipti, sem við flytjum þessa till. Hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera hið bráðasta hvers konar ráðstafanir, sem þörf er á, bæði með útvegun nægilegs lánsfjár, tæknilegs undirbúnings, skipulagningar starfsins og á annan hátt, til þess að smíði fiskiskipa færist inn í landið. Sérstaklega skal allra úrræða leitað til þess, að hér hefjist smíði stálskipa frá 70—250 tonna stærð í svo stórum stíl, að fullnægi þörfum þjóðarinnar."

Það er öllum kunnugt, að við Íslendingar höfum fram til þessa að mjög litlu leyti smíðað okkar fiskiskip sjálfir. Í þessu efni höfum við að langmestu leyti orðið að leita til annarra þjóða. Er þetta verkefni þó svo nærtækt og svo nauðsynlegt okkur sem eyþjóð og fiskveiðiþjóð, að ætla hefði mátt, að við hefðum talið þetta vera eitt af hinum sjálfsögðustu hlutverkum okkar að leysa af hendi sjálfir. Samt er það svo, þó að við lítum aðeins á tréskipin, að mikill meiri hluti þeirra tréskipa, sem við eigum, 40 smálestir eða stærri, eru smíðuð erlendis, og er það þó hafið yfir allan vafa, að tréskip getum við smíðað sjálfir af öllum þeim stærðum, sem henta til fiskveiða hér við land. En innlendu skipin í fiskiflotanum eru samt í miklum minni hluta. Fyrir nokkrum árum smíðuðum við meira að segja miklu meira af tréskipum en við gerum nú. Það er um afturför að ræða í þessari iðngrein og full ástæða til, að athug-

að sé, hvers vegna sá samdráttur hefur orðið.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það, hvað er verið að smíða mikið af skipum innanlands nú á þessu ári. Þær upplýsingar hef ég fengið hjá skipaskoðunarstjóra ríkisins, og segir í bréfi hans, að í skipasmíðastöðinni Dröfn í Hafnarfirði sé verið að smíða eitt eikarskip 140 brúttólestir, í dráttarbrautinni á Akureyri eitt eikarskip 140 lestir, í skipasmíðastöð KEA eitt eikarskip 120 lestir og í Dráttarbraut h/f, Neskaupstað, eitt eikarskip 70 lestir, Skipaviðgerðir h/f í Vestmannaeyjum eitt eikarskip 140 brúttólestir, Skipasmíðastöðin h/f, Ytri-Njarðvík, eitt eikarskip 48 brúttólestir, Stálsmiðjan h/f, Reykjavík, eitt stálskip 130 brúttólestir. Þetta eru alls 7 skip frá 48—140 lestir. Auk þess er verið að smíða nokkra smábáta, ýmist plankabyggða eða súðbyrðinga og tvo 30 tonna stálbáta fyrir olíufélögin. Það er þannig verið að smíða núna innanlands 13 fiskiskip frá 7—140 lestir, og þessi skip eru alls um 880 brúttólestir, en það er tæplega fimmtungur þess, sem við nauðsynlega þurfum til þess að viðhalda þessum hluta skipaflotans, þ. e. tréskipunum. Hina 4/5 hlutana af tréskipunum kaupum við af öðrum þjóðum.

Það er óskynsamlegt að reikna með lengri meðalaldri fiskiskipa en 20 árum, að talið er, og þá þurfum við a. m. k. 40 skip á ári aðeins til viðhalds flotanum. En til aukningar, ef við hugsum um aukningu, sem auðvitað sjálfsagt er, mundi þarna ekki nægja minna en 40—50 skip árlega, sem samtals þyrftu að vera 4000—4500 brúttólestir.

En þegar við lítum til stálskipanna, erum við enn verr á vegi staddir hvað þá skipasmíði snertir hér innanlands. Og mér er tjáð, að það, sem einkum standi í veginum fyrir því, að stálskipasmíðin færist inn í landið, sé rekstrarfjárskortur innlendra skipasmíðastöðva. Með erlendu stálskipunum fást lán til 5—10—12 ára og jafnvel 15 ára og það sé þessi fyrirgreiðsla, sem valdi því, að þeir geta ekki tekið íslenzku skipin, sem þurfa að fást greidd á mjög skömmum tíma, helzt jafnóðum og bygging er innt af hendi. Það er því nokkurn veginn gefinn hlutur, að það, sem fyrst þarf að gera til þess að færa stálskipasmíðina inn í landið, er fyrirgreiðsla um fjármagn. Vafalaust kæmi sér einnig vel að fá fyrirgreiðslu um tæknilegar leiðbeiningar í sambandi við uppbyggingu stálskipasmíðastöðva, en þó hygg ég, að þess sé minni þörf en útvegunar lánsfjárins.

Einhver kynni að segja: Höfum við þekkingu til þess að byggja stálskip af þessari stærð, 70—250 lestir, sem er sú stærð, sem við þyrftum sérstaklega á að halda sem fiskiskipum? Því tel ég að reynslan hafi skorið úr. Hér var byggt stálskip, dráttarbáturinn Magni, og smíði hans lokið árið 1955. Þetta skip er 184 lestir að stærð. Tveimur árum síðar var lokið smíði varðskipsins Alberts, þ. e. a. s. 1957. Það skip er rúmar 200 lestir. Nú eftir síðustu áramót var lokið smíði 130 lesta stálskips hjá Stálsmiðjunni í Reykjavík, og var það fyrsta fiskiskip, sem Íslendingar smíðuðu úr stáli. En þarna liðu, eins og menn sjá, tvö ár milli þess, að Magni og Albert runnu af stokkunum, og síðan liðu 5 ár full, þangað til fyrsta fiskiskipið, sem kom næst, rann af stokkunum hjá Stálsmiðjunni. En hins vegar er talið, að við hefðum þörf fyrir 12 eða 15 skip á ári af þessari stærð og gerð, en höfum fengið 1 skip 3.—4. hvert ár, þegar litið er yfir þetta tímabil, síðan fyrsta skipið var smíðað. Við erum sem sé algerlega háðir öðrum þjóðum, að heita má, hvað snertir smíði stálskipanna, og við það finnst mér og meðflm. mínum að vart verði unað til lengdar. Hér þurfum við því að gera ráðstafanir til fyrirgreiðslu, sem miði að því að færa stálskipasmíðina inn í landið, en smíði þessara þriggja skipa sýnir það og sannar, að íslenzkir iðnaðarmenn geta innt þetta hlutverk af hendi. Það er annað, sem stendur í vegi, en þekkingarskortur. Ég held, að það sé fyrst og fremst fjármagn og gott skipulag, sem þurfi hér að koma til.

Ég fjölyrði svo ekki um þetta mál að sinni. En með þessari þáltill. er til þess ætlazt, að ríkisstj. láti þegar rannsaka, hvað veldur því, að skipasmíði innanlands tekur ekki vexti og viðgangi og er nánast í afturför sem stendur. Síðan er lagt til, að þegar þessari rannsókn sé lokið og orsakir fundnar, þá geri ríkisstj. hvers konar ráðstafanir, sem þörf virðist á, bæði um útvegun nauðsynlegs lánsfjár, tæknilegs undirbúnings, og hún stuðli einnig á sérhvern hátt að því, að skipasmíði færist inn í landið að öðru leyti.

Það er mér ljóst, að þetta verður ekki gert í einu vetfangi. Það er vissulega gott að fara hægt af stað, og það hefur þegar verið gert, svo að við mættum fara að auka hraðann. Við erum að vísu svo heppnir, að mikið hefur verið keypt af nýjum skipum og góðum til landsins á síðari árum. Þó hefur á síðustu tveimur árum verið samdráttur í okkar skipaflota. Í hann hafa höggvizt stór skörð og ekki komið ný skip í staðinn, þannig að aukning hafi orðið. Þetta má ekki vera þannig til lengdar, og meiri aukning en nemur viðhaldi flotans þarf því að koma til. Og það þyrftu helzt af öllu að vera stálskip, sem væru smíðuð innanlands, og þyrfti þá sennilega að byggja upp skipasmíðastöðvar í öllum landshlutum, því að það verður líka að sjá fyrir aðstöðu til viðhalds þeirra skipategunda, sem eru á hinum stærri veiðistöðvum, og viðhald stálskipa yrði fljótt aðkallandi, þegar stálskipunum fjölgar í flotanum. Það væri því ekki full lausn á málinu, þó að það risi 1 eða 2 eða 3 skipasmíðastöðvar hér í Reykjavík eða nágrenni hennar. Ég tel, að þessi iðnaður sé þannig, — og miða ég nokkuð þar við reynslu annarra þjóða, — að þessum skipasmíðastöðvum eigi að dreifa um fiskibæina á Íslandi, a. m. k. þannig, að ein slík skipasmíðastöð sé í hverjum landsfjórðungi.

Það er sannfæring okkar flm., að Íslendingar eigi að kappkosta að geta sem allra fyrst smíðað sín eigin fiskiskip og orðið sjálf-

um sér nógir á því sviði, a. m. k. þannig staddir, að þeir þurfi sem allra minnst til annarra þjóða að sækja, að því er snertir sín algengustu fiskiskip.

Ég legg til, að umr. um þetta mál verði frestað og till. síðan vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

27. Lagning Vesturlandsvegar.

Á deildafundum 5. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lagningu Vesturlandsvegar [129. mál] (A. 234).

Á 29. fundi í Sþ., 13. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 234 hef ég leyft mér að flytja svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar ákveða vegarstæði Vesturlandsvegar frá Elliðaám og inn fyrir Kollafjörð og vinna þau undirbúningsstörf önnur, sem nauðsynleg eru, til þess að endurbygging vegarins geti hafizt á næsta sumri.“

Um rökstuðning fyrir till. þessari vísa ég til grg. og sé enga ástæðu til að bæta þar neinu við.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um þetta mál verði frestað og því vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

28. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna.

Á deildafundum 7. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna [134. mál] (A. 239).

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Við flm. þessarar till. höfum gert grein fyrir því, hvers vegna þessi till. er flutt, í grg., og get ég því verið frekar stuttorður.

Flestar þjóðir munu hafa lög, sem ákveða, hverjum lágmarksskilyrðum þurfi að fullnægja, til þess að einstaklingar eða félög megi eignast fasteignir eða öðlast afnotarétt þeirra, enn fremur ákvæði um það, hverjum skilyrðum þurfi að fullnægja til þess að geta stundað atvinnurekstur í landinu. Þau lög, sem um þetta gilda, eru mismunandi hjá ýmsum þjóðum. Hjá okkur Íslendingum eru lögin um eignarrétt og afnotarétt fasteigna nr. 63 frá 28. nóv. 1919. Það eru aðalákvæðin um þetta mál. Í þeim lögum er lögfest sú meginregla, að þeir einir, sem eru heimilisfastir hér á landi, hafi rétt til þess án sérstaks leyfis að eignast hér fasteign eða afnotarétt hennar. En lögin setja ekki það skilyrði fyrir því, að menn eignist hér fasteignir eða afnotarétt fasteigna, að einstaklingurinn sé íslenzkur ríkisborgari og hafi dvalizt hér á landi um tiltekið árabil. Það virðist því ekkert vera því til fyrirstöðu samkv. íslenzkum lögum, að útlendingar, sem hér eru heimilisfastir, öðlist um leið rétt til þess að fá eignarrétt eða afnotarétt af íslenzkum fasteignum. Ef um félög er að ræða, þar sem fleiri menn eru í félagi og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir allir vera búsettir hér á landi. Sé hins vegar um félag að ræða, þar sem sumir bera fulla ábyrgð, aðrir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, skulu þeir, sem fulla ábyrgð bera, vera heimilisfastir hér og félagið hafa heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hér búsettir. Ef um hlutafélag er að ræða eða stofnanir, er aðeins það skilyrði sett, að stofnunin eða félagið eigi hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur séu hér heimilisfastir. Frekari skilyrði virðast ekki fyrir því sett, að hlutafélög og stofnanir geti eignazt hér fasteignir eða afnotarétt af fasteignum.

Svo virðist sem íslenzk löggjöf geri engar sérstakar kröfur til hlutafjáreignar íslenzkra ríkisborgara eða hér búsettra manna. Samkv. ákvæðum l. frá 1919 virðast því hlutafélög, þar sem mikill meiri hluti hlutafjár er í höndum útlendinga, geta hindrunarlaust og án þess að fá leyfi til þess eignazt fasteignir hér á landi eða afnotarétt. Og setjum nú svo, að útlendingur uppfylli ekki þessi skilyrði, þá getur ráðuneytið, hlutaðeigandi ráðh., veitt

honum leyfi til þess að kaupa hér fasteignir, ef ástæða þykir til, eins og tekið er fram í l. frá 1919. En það er ekkert tekið fram um það, hverjar þessar ástæður þurfi að vera, og rn. þess vegna alveg í sjálfsvald sett, hvort það veitir leyfið eða ekki. En það þarf ekkert leyfi ráðh., ef leigusamningur um fasteignir er skemmri en 3 ár og uppsögn með minna en eins árs fyrirvara.

Það er næstum því auðsætt, að þessi ákvæði 1. gr. l. frá 1919, sem ég hef nú rakið, reisa ekki miklar skorður við því, að eignarréttur og afnotaréttur fasteigna hér á landi færist í hendur erlendra ríkisborgara.

Af þessu, sem ég hef rakið í mjög stuttu máli, ætti að vera ljós nauðsyn þess að taka löggjöf þessa til rækilegrar endurskoðunar. Það þarf að setja ný lög um þetta efni, sem geta reist rönd við því, að erlendir ríkisborgarar geti keypt hér fasteignir. Þetta gildir um einstaklinga og ekki síður um félög. Sérstaklega er ástæða til þess að setja greinileg og afdráttarlaus ákvæði um hlutafélög. Má ekki minna vera en þau skilyrði séu sett, að íslenzkir ríkisborgarar eigi tiltekinn meiri hl. hlutafjár í þeim félögum, sem öðlast rétt til þess að eignast hér fasteignir, svo að bent sé aðeins á eitt atriði.

Ef veita á undanþágu, sem lagt er í hendur ráðh. að leyfa, þarf að setja upp sérstök skilyrði fyrir því og ákveðin, að slík undanþága sé heimil. Ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér löggjöf annarra þjóða um skilyrði fyrir því, að menn megi meðal þeirra eignast fasteignir eða afnotarétt þeirra. Ég hygg þó, að mér sé óhætt að fullyrða, að löggjöf þeirra sé yfirleitt mun strangari en löggjöf okkar. Og ég tel rétt, að við fylgjum fordæmi þeirra þjóða, sem hafa skýr og ströng skilyrði í þessum efnum.

Annað efni till. snertir endurskoðun á lagaákvæðum um atvinnurekstrarréttindi hér á landi. Um leið og lögin um eignarrétt og afnotarétt fasteigna eru tekin til endurskoðunar, þykir einnig rétt að taka þessi ákvæði til endurskoðunar. Einkum virðist nauðsynlegt að endurskoða rétt hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaða ábyrgð í þessu sambandi. Íslenzk lög binda að vísu atvinnurekstrarréttindi útlendinga vissum skilyrðum. En vafasamt verður að telja, að hér sé nægilega vel um hnútana búið. Einkum á þetta við hlutafélög, sem útlendingar kunna að eiga mikið í eða eru háð útlendingum að meira eða minna leyti raunverulega. Um allt þetta þarf að setja skýra löggjöf, þar sem ákvæðin stefna er mörkuð og séð fyrir því, að ákvæðunum sé fylgt.

Það kunna ýmsir að verða til þess að segja, að endurskoðunar sé ekki mikil þörf, allt hafi komizt vel af til þessa, þótt gilt hafi hin ófullkomna löggjöf í þessu efni. Það er rétt, svo langt sem það nær. Þess hefur ekki gætt mjög, að útlendingar hafi sótt hér eftir fasteignum eða réttindum til atvinnurekstrar. En þess ber að gæta, að víða erlendis, þar sem þessarar ásælni útlendinga hefur ekki heldur gætt, eru nú ýmsar blikur á lofti. Við höfum og lifað í skjóli einangrunarinnar einnig að þessu leyti. Nú er því ekki lengur að heilsa, þar sem við erum komnir svo að segja í þjóðbraut. Það er og fleira breytt í hinum ytri aðstæðum. Við eigum áreiðanlega, sem betur fer, auðæfi í fasteignum og þá aðstöðu til atvinnurekstrar, sem er eftirsóknarverð fyrir útlendinga og þeir hafa mikinn hug á að ná í.

En hvað sem þessum bollaleggingum öllum saman líður, er eitt víst: það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í, og það er áreiðanlega varhugavert á þeim tíma, sem nú er, þegar auðfélög fullsetinna landa eru hvarvetna í leit eftir aðstöðu, að hafa land sitt opnara í þessu efni en aðrar þjóðir telja sér fært að hafa.

Með þessum fáu orðum tel ég mig hafa gert nokkra grein fyrir því, að þessi mál, réttindi útlendinga til atvinnurekstrar og til að eiga hér fasteignir, þarf að endurskoða. Og ég álít, að bezta leiðin til þess sé að skipa nefnd, sem kosin sé af Alþingi. Það er gert ráð fyrir því, að n. skili áliti fyrir næsta þing, og álít ég það nauðsynlegt, vegna þess að ég tel ýmislegt mæla með því að flýta þessu máli.

Eftir að þessari umr. hefur lokið, legg ég til, að málinu verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 34 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 709, var útbýtt 19. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

29. Farþega- og vöruflutningaskip fyrir Austfirðinga.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um farþega- og vöruflutningaskip fyrir Austfirðinga [136. mál] (A. 242).

Á 29. fundi í Sþ., 13. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til einnar umr.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, er flutt af varamanni Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Einari Sigurðssyni, og fjallar um smíði og rekstur far-

þega- og vöruflutningaskips fyrir Austurland, 700—900 rúmlestir.

Strandsiglingum til Austurlands eða Austfjarða er nú haldið uppi af Skipaútgerð ríkisins, og ég býst við, að það muni flestum hv. alþm. kunnugt, að yfirleitt ríkir allmikil óánægja með þá þjónustu, sem Skipaútgerðin veitir. T. d. berast oft til okkar þm. Austurl. kvartanir um ófullnægjandi skipakomur, og fjölmargar samþykktir hafa borizt frá sveitarstjórnum með áskorunum til alþm. að beita sér fyrir betra ástandi í strandsiglingum. En þetta ástand hefur oft verið rætt meðal alþm. Austurl. og einnig við forstjóra Skipaútgerðarinnar.

Það virðist liggja orðið nokkuð ljóst fyrir, að sá skipakostur, sem nú er í strandsiglingum, sé óhentugur og óhagkvæmur. Er það raunar ekki undarlegt, þar sem skipin eru tekin að eldast og smíðuð við allt aðrar aðstæður en nú eru. Annars vegar hefur til komið stóraukið vegakerfi — aukið og bætt — og flugsamgöngur, sem hafa gerbreytt þörfinni með farþegarými skipanna, þannig að mjög hefur dregið úr fólksflutningum með ströndunum, en hins vegar hefur stóraukizt viðskiptalíf í landinu, sem hefur stóraukið aðra flutningaþörf. En þegar jafnframt er á það litið, að stórfelldur halli er á rekstri Skipaútgerðarinnar, er alveg ljóst, að hér er um mál að ræða, sem þarf að taka til úrbóta, í stuttu máli: hagkvæmari þjónustu í strandsiglingunum. Þessi þáltill. markar ákveðið svið, þ. e. um sérstakt skip fyrir Austurland með hraðsiglingum til Reykjavíkur. Til frekari rökstuðnings fyrir því vísa ég til þeirrar grg., sem fylgir þáltill.

Sams konar mál hafa verið flutt, sem snerta Vestfirði, og ég treysti því, að sú n., sem fær till. til athugunar og ég vildi leggja til að yrði allshn., þar sem hún mun hafa fengið aðrar hliðstæðar till., — ég vil vænta þess, að hún afgreiði málið svo fljótt, að till. geti fengið afgreiðslu á þessu þingi. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um málið. Ég legg til, að umr. verði nú frestað og till. vísað til allshn. til athugunar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég álít, að það sé mikil nauðsyn á því að endurskoða strandferðirnar, og vafalaust er skipakostur sá, sem þær annast, ekki lengur hentugur né fullkominn og þyrfti að breyta þar til. Ég vil því taka undir þær óskir hv. frsm. fyrir þessari till., að n. sú, sem þessari uppástungu verður vísað til, tæki strandferðamálin til íhugunar og gerði till. um endurskoðun þeirra upp úr þeim till., sem lagðar hafa verið fram varðandi strandferðirnar nú á þessu þingi.

Ég vil leggja mikla og þunga áherzlu á eitt atriði í því sambandi, sem ég tel vera mjög mikilsvert, og það er, að kosin verði á Alþingi mþn. til þess að undirbúa og íhuga þessi mál og gera till. um þau, en ekki verði sá háttur á hafður, sem nú er farið að tíðka til mikils tjóns fyrir málin, að ríkisstj. skipar nefndirnar, velur í þær einvörðungu menn úr gæðingaliði sínu og bætir máske einhverjum embættismönnum við, sem út af fyrir sig er góðra gjalda vert. En þeir, sem eiga ekki því láni að fagna að styðja ríkisstj. — eða fremur hafa ekki lent í því óláni að styðja hana, eru hvergi látnir koma þar nærri. Síðan, þegar búið er að skoða málin á þessa lund og aðeins sjónarmið þeirra, sem styðja ríkisstj., fengið að koma til greina og svo embættismannanna, þá er málunum venjulega kastað inn í þingið, og þeir, sem að þeim standa, setja metnað sinn í að taka ekkert til greina af því, sem aðrir þm. en þeir, sem stjórnina styðja, leggja til málanna. Þetta er að verða slíkt ófremdar- og vandræðaástand, að ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli á því.

Alveg fram á síðustu ár var yfirleitt sá háttur hafður á, að mþn. voru kosnar í stærri mál, — það var að vísu ekki undantekningarlaust, en oftast gert þannig, að mþn. voru kosnar á Alþingi í hin stærri mál, og þá komu miklu fleiri sjónarmið til greina, og á allan hátt var það miklu lýðræðislegra en sá háttur, sem nú er á hafður. Ég skal t. d. í þessu sambandi benda á fyrirkomulagið á endurskoðun vegamálanna, sem eru einhver allra þýðingarmestu samgöngumálin á landi. Ég hugsa, að það sé algert einsdæmi á Íslandi, sem gripið var til hér nú fyrir ekki mörgum missirum, að setja niður n. til þess að endurskoða samgöngumálin á landi og haga henni þannig, að stjórnarandstæðingar væru rækilega útilokaðir frá því að eiga þar nokkurn fulltrúa. Ég hugsa, að þetta sé hér um bil dæmalaust. Ég vil mjög eindregið skora á menn að breyta hér til og taka upp þann hátt að nýju að kjósa mþn. í þessi mál, eins og endurskoðun á samgöngumálum á sjó, þótt frá þeirri reglu hafi nú verið horfið um sinn í sambandi við ýmis málefni. Ég segi alls ekki, að það hafi verið allsherjarregla, sem aldrei hefur verið vikið frá, að hafa mþn. þingkosnar, en yfirleitt var það stefnan áratugum saman á Alþingi að haga því þannig, og ég held, að um mál eins og strandferðirnar væri lífsnauðsyn að hafa mþn., sem væri kjörin af Alþingi.

Hv. frsm. benti á, að óánægja hefði komið fram varðandi fyrirkomulag strandferða á Austurlandi. Þetta er hverju orði sannara. Það ríkir mikil óánægja, bæði út af ferðum Herðubreiðar og eins í sambandi við fyrirkomulag á siglingum hinna stærri skipa, og við höfum verið að reyna að fá lagfæringar á þessu, en þær tilraunir hafa nánast engan árangur borið. Því er borið við, að fjárveitingarnar til strandferðanna séu svo takmarkaðar, að það verði að miða ferðirnar við, að hallinn verði ekki meiri eða sem minnst umfram það, sem fjárl. gera ráð fyrir. Þetta er t. d. borið fram sem ástæða fyrir því, að Herðubreið er látin sigla austur um og síðan norður um í striklotu, að ég held frá Þórshöfn frekar en Raufarhöfn, viðkomulaust allar götur til Reykjavíkur í staðinn fyrir að láta hana snúa við og veita Austfirðingum

þjónustu í bakaleiðinni. Það er ekki gert, heldur er hún látin sigla í striklotu frá annaðhvort Þórshöfn eða Raufarhöfn, að ég held, og beina leið til Reykjavíkur viðkomulaust. Og þegar við missiri eftir missiri reynum að fá þetta lagfært, þá er sagt: Það er ekki hægt, því að það mundi auka hallann á skipinu að láta það fara eðlilega leið til baka aftur til Reykjavíkur og veita Austfirðingum þjónustu. Það fjármagn má ekki leggja fram. Það er bannað að fara þá leið, vegna þess að það sé of dýrt.

Þetta stafar af því, að fjárveitingar til strandferða hafa verið skornar stórkostlega niður, og þetta er mjög meinlegt og mjög bagalegt. Og ég vildi skora á þá, sem að þessari þáltill. standa t. d., sem eru félagar okkar þarna að austan, að þeir vildu vinna að því, að þangað til þessi mál eru komin til frambúðar í betra horf með nýjum skipum, þá reyni menn að beita áhrifum sínum til þess, að fjárveitingar til strandferðanna fáist auknar, þannig að skipin geti þjónað fólkinu á þá lund, sem eðlilegt getur talizt. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta.

Ég tek undir með hv. frsm., að þær till., sem liggja frammi um strandferðir, endurskoðun á þeim, verði samræmdar, og ég legg mjög mikla áherzlu á, að það gæti orðið samkomulag um, að það yrði mþn. kosin í þessi mál. Og það er enn eitt, sem ýtir líka mjög undir, að mþn. verði kosin í þessi mál, að það eru miklar athuganir á þessum málum sífellt í framkvæmd, að því er ég bezt veit, á vegum ríkisstj. Og það eru kvaddir til erlendir sérfræðingar með meiru, og hefur á því gengið nú missirum saman, að slíkar skoðanir hafi farið fram. En ég legg þyngstu áherzlu á, að það, sem unnið hefur verið að þessu, og þær athuganir, sem kunna að hafa verið gerðar á þennan hátt af mönnum nú þegar, sem ríkisstj. kann að hafa kvatt til, og t. d. erlendum mönnum, allt slíkt gangi gegnum hreinsunareld mþn., áður en til framkvæmda komi. Ég vil því enn einu sinni undirstrika nauðsyn þess, að það náist samkomulag um þá leið í málinu að kjósa milliþinganefnd.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með till. þessari er hreyft miklu nauðsynjamáli Austfirðinga. Það fer ekkert á milli mála, að þeir hafa að undanförnu borizt margar og miklar umkvartanir um það, að ekki væri sinnt svo samgöngumálum fjórðungsins sem þörf er á. Það þekkjum við allir, sem erum þm. fyrir Austurlandskjördæmi. En það er aðallega eitt atriði, sem fram kemur í þessari till., sem mér finnst vera þess eðlis, að rétt sé að vekja athygli á því nú strax, og ég held, að stefni ekki í æskilega átt til lausnar á þessum málum. Í till. er gert ráð fyrir því, að byggt verði sérstakt skip fyrir Austfjarðasamgöngur og það verði af stærðinni 700—900 rúmlestir brúttó. Ef að slíku ráði yrði horfið, er ekki um það að villast, að það yrði stigið spor aftur á bak frá því, sem nú hefur verið um skeið í samgöngumálum Austfirðinga, að því er viðkemur fólksflutningum. Þau skip, sem haldið hafa uppi fólksflutningum til Austurlandsins, milli Reykjavíkur og Austurlandsins, eru miklum mun stærri en hér er gert ráð fyrir. Og það er afar hæpið, að hægt sé að gera skip af þessari stærð þannig, að það geti í rauninni talizt fyrsta flokks fólksflutningaskip á leiðinni Reykjavík—Austurland, sem er tvímælalaust ein erfiðasta samgönguleiðin hér meðfram ströndum landsins, þar sem lengst er á milli hafna, og þar af leiðandi verður ferðin þannig, að hún verður erfiðust fyrir farþega. Þetta atriði hafði einmitt komið fram í athugunum um þessi mál áður, þegar mþn. starfaði hér fyrir nokkrum árum og fjallaði um þessi mál, og það er því engin tilviljun, að till. þá miðuðust einnig við það að halda sér við, að ekki yrði gengið út frá minni skipum en Heklu og Esju til fólksflutninga, en hins vegar yrði um vöruflutningaskip að ræða af minni gerð.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram í þessum umr., að það er mikil þörf á því, að gerð sé ýtarleg athugun á þessum málum í heild, og það væri mjög æskilegt, að skipuð yrði einmitt mþn. til þess að fjalla um þessi mál, þar sem öll sjónarmið gætu komið fram og reynt yrði síðan að velja þá leiðina til úrlausnar, sem hagkvæmust verður talin. En hjá því verður ekki heldur komizt að minna á, þegar þessi mál eru rædd, að það er ekki það, sem háir okkur nú fyrst og fremst varðandi lélegar skipasamgöngur við Austurland, að við höfum ekki skipastól til að leysa þetta. Sannleikurinn er sá, að skipin Hekla og Esja eru fyrirmyndarskip til að halda uppi þessari þjónustu. Og reynslan hefur líka sýnt það, að að því leyti til, sem þeim er beint á þessa siglingu, hafa þau alveg nóg að gera. Vandinn er hins vegar sá, að stjórnarvöld landsins hafa ekki viljað eyða því til, sem hefur þurft að eyða til í þessum efnum, að halda skipunum úti í þessum siglingum. Annað skipið er tekið alltaf úr þessum ferðum um langan tíma á hverju ári og beint í aðra átt, venjulega utanlandssiglingar, án þess þó að slíkar siglingar hafi fært útgerðinni mikinn hagnað. Ég vil því leggja áherzlu á það, að skipakosturinn er að verulegu leyti til, en hann hefur hins vegar ekki verið nýttur til þess að halda uppi þeirri þjónustu, sem hér er verið að ræða um. Hitt er svo að vísu ekki nema sjálfsagt, að gerð sé athugun á því, hvort eða hvernig sú breyting ætti að verða, þegar skipt verður um minni skipin, sem Skipaútgerð ríkisins á, sem eflaust er kominn tími til að skipta um, og hvernig þá þau skip eiga að vera, sem keypt verða í staðinn til almennra vöruflutninga. En því verða menn að gera sér grein fyrir, að vöruflutningar og fólksflutningar samrýmast ekki að öllu leyti.

Ég vil því taka undir þá till., sem hér hefur komið fram um það, að sú n., sem fær þessa till. til athugunar, beiti sér einmitt fyrir því, að það verði kosin mþn. í strandferða-

málin, þar sem strandferðavandamál Austfirðinga eins og annarra komi til athugunar. Ég held, að það yrði farsælast fyrir okkur, til þess að valin verði sú leiðin til lausnar í þessum efnum, sem bezt ætti að gefast. En ég fyrir mitt leyti vara við því að hverfa að því ráði að byggja sérstakt 700 tonna skip, sem ætti að halda uppi fólksflutningum á milli Reykjavíkur og Austurlandsins, því að það yrði að mínum dómi að stíga skref aftur á bak stórlega frá því, sem verið hefur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 7. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

30. Farmgjöld.

Á deildafundum 14. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um farmgjöld [149. mál] (A. 275).

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. um farmgjöld. Efni till. er það, að Alþingi feli ríkisstj. að hlutast til um, að reglur um farmgjöld, sem settar eru af verðlagsyfirvöldum, verði þannig, að flutningsgjöld á vörum til landsins séu ávallt jöfn til allra hafna á landinu. Sé um að ræða framhaldsflutning frá upphaflegri innflutningshöfn, verði kostnaður af slíkum flutningi innifalinn í aðflutningsgjaldinu til landsins, svo að tryggt sé, að allar helztu nauðsynjavörur geti jafnan verið með sama verðlagi hvar sem er á landinu.

Tildrög þess, að þessi till. er flutt, eru þau, að nokkru fyrir síðustu áramót ákvað Eimskipafélag Íslands að breyta í verulegum atriðum um framkvæmd á flutningi á vörum til landsins og á innheimtu farmgjalda. Sá háttur hefur verið á um alllangan tíma, að verðlagsyfirvöld hafa ákveðið hámarksfarmgjöld á ýmsum vörum, sem fluttar eru til landsins. Þessi hámarksfarmgjöld hafa verið framkvæmd þannig, að sá aðili, sem flytur vöruna til landsins, hefur jafnframt verið skyldaður til þess að annast á sinn kostnað framhaldsflutning vörunnar frá fyrstu innflutningshöfn til annarra hafna úti á landi, þegar svo hefur staðið á, að til slíks hefur þurft að koma. Þannig hefur þessu t. d. verið háttað nú um nokkurra ára bil með flutning á flestöllum kornvörum til landsins, fóðurvörum, sykri og mörgum fleiri vörutegundum. Þessar vörur hafa allajafna verið fluttar fyrst hingað inn til Reykjavíkur, en síðan hefur nokkur hluti innflutningsins verið fluttur áfram og þá venjulega með öðrum skipum til hafna úti á landi. En það skipafélagið, sem flutt hefur vörurnar til landsins, hefur tekið á sig kostnaðinn af framhaldsflutningsgjöldunum. Nú hefur Eimskipafélagið sem sagt ákveðið einhliða að breyta um tilhögun í þessum efnum, annast að vísu áfram flutninginn á vörum til landsins og taka þau farmgjöld, sem verðlagsyfirvöldin ákveða í þeim efnum, en neita hins vegar að taka á sig kostnaðinn af framhaldsflutningi á þeim hluta vörunnar, sem flytja þarf út á land. Þetta hefur orðið til þess, að kornvörur, fóðurvörur, sykur og aðrar slíkar vörur eru þegar orðnar verulega hærri í verði úti á landi en þær eru hér í Reykjavík. Mér er kunnugt um, að verðlagsyfirvöldin hafa haft þessi mál til athugunar að undanförnu og m. a. haft samráð við ríkisstj. um, hvað gera ætti í þessu máli. En ríkisstj. mun enn ekki hafa gefið verðlagsyfirvöldunum neitt ákveðið svar við því, hvernig við þessu skyldi bregðast. Reynslan er þegar orðin sú, að þessar vörur eru orðnar hærri í verði úti á landi og brauðgerðarhús t. d. utan Reykjavíkur gera kröfur um það til verðlagsyfirvaldanna að fá að hækka brauðverð allt á stöðum utan Reykjavíkur vegna þess, að innflutningsverð vörunnar til þeirra sé hærra en það er til brauðgerðarhúsanna hér í höfuðstaðnum.

Hér er vitanlega um mjög alvarlegt mál að ræða. Hér kæmi upp hið mesta misrétti á milli manna í landinu, ef þetta yrði látið viðgangast, auk þess sem þessi breyting frá hálfu Eimskipafélagsins þýðir raunverulega það, að Eimskipafélagið er að taka sér á þennan hátt hærri farmgjöld í þessum tilfellum en það hefur búið við fram til þessa og verðlagsyfirvöldin höfðu ætlað því. Ég hef því leyft mér að flytja þessa þáltill. í von um það, að Alþingi vildi fela ríkisstj. að taka upp þetta mál við verðlagsyfirvöldin og hlutast til um, að sama framkvæmd yrði höfð á í þessum efnum og verið hefur nú um margra ára skeið, en það er, að innifalinn sé raunverulega kostnaðurinn af framhaldsflutningi í aðflutningsgjaldi vörunnar til landsins, þannig að það sé hægt að tryggja, að sams konar innflutningsverð sé á hinum ýmsu stöðum á landinu á öllum helztu nauðsynjavörum almennings.

Mér sýnist, að það sé full þörf á því, að hv. Alþ. skerist hér í leikinn og geri samþykkt um þetta, því að langur tími er nú liðinn

síðan verðlagsstjóri leitaði til viðskmrh. um það, hvað gera skyldi í þessu máli og enn hefur ekkert gerzt annað en það, að verðmismununrinn er kominn til framkvæmda. Ég tel því, að það ætti að greiða fyrir samþykkt þessarar till. hér á Alþingi sem fyrst, því að ekki vil ég trúa öðru um þm. almennt en að þeir vilji standa að því, að framkvæmd þessara mála verði með svipuðum hætti og hefur verið um margra ára skeið.

Um þessa till. mun hafa verið ákveðin aðeins ein umr. Ég legg því til, að umr. verði frestað og till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 7. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

31. Bættar samgöngur á sjó við Vestfirði.

Á deildafundum 18. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um bættar samgöngur á sjó við Vestfirði [151. mál] (A. 279).

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Við höfum þrír Vestfjarðaþm. leyft okkur að flytja þáltill. á þskj. 279 um bættar samgöngur á sjó við Vestfirði. Í henni er lagt til, að Alþingi skori á ríkisstj. að láta fram fara ýtarlega athugun á því, hvernig bezt verði bætt úr þörf Vestfjarða fyrir öruggar og reglubundnar samgöngur á sjó. Skal hraða þessari athugun þannig, að niðurstöður hennar liggi fyrir, þegar næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Rökin fyrir þessari till. eru að sjálfsögðu þau, að sjósamgöngur við Vestfirði hafa verið mjög ófullkomnar undanfarin ár og af því hefur leitt margvíslegt óhagræði og erfiðleika fyrir atvinnulífið og almenning í þessum landshluta. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að fyrir síðustu styrjöld hafi skipaferðir til Vestfjarða verið fullt eins örar og áreiðanlegar og þær eru nú. Þá héldu 4 skipafélög uppi samgöngum þangað, Eimskipafélag Íslands, Skipaútgerð ríkisins, Bergenska gufuskipafélagið og Sameinaða gufuskipafélagið. Undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar hófust svo flugsamgöngur, sem stórkostleg samgöngubót var að. Hafa þær lengstum verið stundaðar með sjóflugvélum. En síðan hætt var að nota þær, hefur flugsamgöngum við Vestfirði aftur hrakað að miklum mun. Er nú svo komið, að ekki er hægt að tala um öruggar flugsamgöngur nema við einn stað á Vestfjörðum, þ. e. Ísafjarðarkaupstað, en þar hefur verið byggður nægilega stór flugvöllur til þess, að hinar stærri flugvélar Flugfélags Íslands geti athafnað sig þar. En önnur kauptún og sjávarþorp á Vestfjörðum mega flest heita flugsamgangnalaus meginhluta ársins. Við það ástand er að sjálfsögðu ekki unandi, og hætt er við því, að langan tíma taki að byggja upp nægilega stóra flugvelli um alla Vestfirði, til þess að tveggja hreyfla flugvélar Flugfélags Íslands geti lent þar.

En sem betur fer eru nú horfur á stórfelldri breytingu í þessum efnum, eins og minnt hefur verið á í umr. hér á undan í dag. Hinn ötuli brautryðjandi á sviði sjúkraflugs hér á landi, Björn Pálsson flugmaður, hefur nú fest kaup á 16 farþega flugvél, sem hann hyggst nota til áætlunarflugs til og frá Vestfjörðum og e. t. v. til fleiri landshluta. Mun sú flugvél geta lent á flestum þeim flugvöllum, sem gerðir hafa verið í nágrenni kauptúnanna vestra. Að þessari áætlunarflugvél Björns Pálssonar mun verða stórkostleg samgöngubót. Það er því skoðun okkar Vestfjarðaþm., að styðja beri Björn Pálsson eftir fremsta megni til þess að taka upp og halda við flugsamgöngum við Vestfirði. Að sjálfsögðu mun svo Flugfélag Íslands halda áfram sinni flugþjónustu við Ísafjörð og nágrenni eins og áður.

En sjósamgöngurnar eru, eins og ég sagði í upphafi, enn þá óleyst vandamál. Er því eðlilegt, að skyggnzt sé um eftir nýjum leiðum til þess að ráða fram úr því. Okkur flm. þessarar till. er kunnugt um það, að nú stendur yfir endurskoðun á allri starfsemi og rekstri Skipaútgerðar ríkisins, þ. á m. fyrirkomulagi strandsiglinga, endurnýjun skipastóls og öflun nýrra og hentugri skipa fyrir fyrirtækið. Við teljum því eðlilegt, að athugun verði látin fara fram á því sérstaklega í sambandi við þessa endurskoðun á starfsemi Skipaútgerðarinnar, hvernig bætt verði úr hinum ófullkomnu sjósamgöngum við Vestfirði, hvort það skuli gert með byggingu sérstaks Vestfjarðaskips, eins og sumir telja að æskilegt sé og hv. 4. landsk. þm. hefur flutt frv. um hér á hv. Alþingi, eða með öðrum hætti.

Á öllum Vestfjörðum búa nú töluvert á 11. þús. manns. Þar er geysimikil framleiðsla og þróttmikið athafnalíf. Flutningaþörf er þar því mikil. Samkv. upplýsingum, sem við flm. þáltill. höfum fengið frá Skipaútgerð ríkisins, fluttu skip fyrirtækisins árið 1959 4006 farþega til Vestfjarða, en 4214 farþega frá Vestfjörðum. Þetta sama ár fluttu skip Skipaútgerðarinnar 4197 tonn af vörum til Vest-

fjarða, en 1383 tonn af vörum frá Vestfjörðum. Viðkomur á 8 aðalhöfnum voru þá 473. Árið 1960 eru viðkomur á þessum sömu höfnum 489, vörur fluttar til Vestfjarða 3965 tonn og frá Vestfjörðum 1148 tonn. Farþegar fluttir til Vestfjarða eru árið 1960 á vegum Skipaútgerðarinnar 3594, en frá Vestfjörðum 3784. Árið 1961, sem er síðasta árið, sem við höfum tölur um þetta frá Skipaútgerðinni, eru viðkomur 475, vörur fluttar til Vestfjarða 4279 tonn, en frá Vestfjörðum 1199 tonn. Farþegar fluttir til Vestfjarða eru þá 3510, en frá Vestfjörðum 3869.

Frá Eimskipafélagi Íslands hef ég fengið þær upplýsingar, að á s. l. ári hafi skip félagsins flutt tæp 1000 tonn af vörum til Vestfjarðahafna. Farþegaflutningar á vegum Eimskips eru hins vegar hverfandi litlir.

Þá hefur og fyrirtæki Einars Guðfinnssonar útgerðarmanns í Bolungarvík haldið uppi vikulegum ferðum milli Reykjavíkur og Vestfjarðahafna með 160 tonna skipi nokkur undanfarin ár. Hefur það bætt verulega úr flutningaþörfinni og jafnan verið fullhlaðið vörum til hinna ýmsu Vestfjarðahafna alla vetrarmánuðina. Þegar vegir hafa opnazt, hefur hins vegar dregið verulega úr þessum flutningum. Samtals mun þetta skip, sem ég nefndi og rekið er af fyrirtækjum Einars Guðfinnssonar, hafa flutt um eða yfir 4000 tonn af vörum til og frá Vestfjörðum á ári.

Loks mun skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga hafa flutt nokkurt vörumagn til og frá Vestfjarðahöfnum og enn fremur fiskflutningaskip Jökla h/f.

Þegar það er athugað, að íbúar Vestfjarða eru töluvert á 11. þús. og þar er mikið athafnalíf og framleiðsla útflutningsafurða, verður ljóst, að flutningaþörf þessa landshluta er mjög mikil. Ýmislegt bendir því til þess, að rekstur sérstaks Vestfjarðaskips gæti borið sig. En um það viljum við flm. þessarar till. þó ekkert fullyrða fyrir fram, en teljum eðlilegt, að nákvæm athugun fari fram á flutningaþörfinni og hvernig skynsamlegast verði úr henni bætt. Í þessu sambandi leyfi ég mér að vitna til eftirfarandi ummæla í bréfi frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins til eins af flm. þessarar till. Kemst forstjórinn þar m. a. að orði á þessa leið:

„Til hliðsjónar fyrir yður skal þess getið, að m/s Herjólfur, sem er 506 brúttótonn, flutti á s. l. ári 8743 farþega, 9700 tonn af stykkjavöru, 700 tonn af olíu í tönkum og 532 bíla. Rekstrarkostnaður skipsins reyndist 6 millj. 917 þús. kr., en tekjur 6 millj. 570 þús. kr. og rekstrarhalli þannig 347 þús. kr. án afskrifta eða þátttöku í skrifstofukostnaðinum."

Það er þannig ljóst, að þrátt fyrir það, að Vestmannaeyjaskipið Herjólfur hefur á s. l. ári flutt hátt á 9. þús. farþega og nær 10 þús. tonn af stykkjavöru, auk töluverðs annars varnings, þá hefur orðið verulegur halli á rekstri hans á þessu ári. Ég tel rétt, að þessar upplýsingar komi fram og séu hafðar til hliðsjónar, þegar rætt er um það, hvort skynsamlegt sé, að byggt sé sérstakt Vestfjarðaskip, sem annist samgöngur, flutninga á fólki og varningi, milli þess landshluta og Reykjavíkur.

Ég tel ekki þörf á að fjölyrða frekar um þessa till. Við flm. hennar teljum brýna nauðsyn bera til, að þær umbætur, sem óhjákvæmilega verður að gera á sjósamgöngum við Vestfirði, verði byggðar á sem traustustum grundvelli og feli í sér sem raunhæfasta úrbót á ástandinu eins og það er nú. Vestfirðir hafa búið við skarðan hlut í samgöngumálum. Þeir eru þrátt fyrir miklar umbætur á síðustu árum langt á eftir í vegamálum, og einnig á því sviði er því brýn þörf stórra átaka. Það er von okkar flm., að þessi till. megi verða til þess að ráða fram úr þeim erfiðleikum, sem Vestfirðingar búa nú við um samgöngur á sjó.

Ég leyfi mér að óska þess, að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á. 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 19. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 279, n. 494 og 512).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Um þetta mál mætti ræða langt mál, en það gefst nú ekki tími til þess, þar sem komið er að þingslitum. Það hafa verið bornar fram á þessu þingi tvær þáltill. um bættar samgöngur í strandferðum og þrjú frv. Allshn. hefur fengið báðar þáltill. til umr. Hún hefur einnig kynnt sér þau atriði, sem fram komu í grg. í sambandi við flutning þeirra frv., sem flutt hafa verið, og henni er ljóst, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða að fá bætt úr því ástandi, sem hér ríkir nú í strandferðamálunum. N. hefur ekki orðið sammála um, hvernig málið skyldi afgreitt. Meiri hl. leggur til, að till. sé samþ. með nokkrum breyt., eins og kemur fram á þskj. 494, tillgr. orðist svo sem þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að athuga allan rekstur Skipaútgerðar ríkisins. Að lokinni þeirri rannsókn skal n. gera till. um fyrirkomulag á rekstri strandferða, sem miði að betur skipulagðri og hagfelldari strandferðaþjónustu fyrir landsmenn alla. Skal n. hafa aðgang að öllum gögnum, sem að rekstri þessum lúta, svo og till., sem fyrir kunna að liggja frá öðrum aðilum. Skal verki þessu lokið svo fljótt sem verða má og niðurstöður allar og tillögur þá kunngerðar Alþingi."

Minni hl. hefur gefið út minnihlutaálit á þskj. 512 og mun að sjálfsögðu gera grein fyrir sínu máli þar.

Þótt ég telji mjög nauðsynlegt að stytta mál mitt, vildi ég þó mega benda á hér, í hverju ágreiningurinn liggur raunverulega á milli minni og meiri hl., aðeins í fáum orðum. Það er enginn ágreiningur um, að það þurfi að skipa nefnd til þess að rannsaka málið. Það er hins vegar ágreiningur um það, að meiri hl. vill fela þetta hæstv. ríkisstj., minni hl. leggur til, að það sé kosin nefnd í Alþingi til þess að athuga málið. Í því sambandi vildi ég leyfa mér að benda á, að 1943 voru skipaðir af páv. ríkisstj. 4 menn, einn frá hverjum þingflokki, til þess að gera till. um þessi mál, og sú nefnd varð þríklofin í málinu, svo að það er engin sönnun fyrir því að ná samstöðu í nefnd í svona máli, þó að hún sé skipuð fulltrúum úr öllum flokkum, eins og er lögð megináherzla á af minni hl. í allshn. Ég vildi því vænta þess af hæstv. ráðh., ef hér yrðu miklar umr. um þetta mál, sem gætu vel orðið, þar sem þetta er mikið ágreiningsmál, að hann vildi, ef hann treystir sér til þess, lýsa því yfir, ef ekki fengist tími til þess að afgreiða málið eðlilega, að hann skipaði nefnd til að athuga þessi mál á þann hátt, sem meiri hl. leggur til, ef málið fengi ekki þinglega afgreiðslu.

Ég skal ekki að öðru leyti ræða málið, en meiri hl. leggur til, eins og ég segi, að till. sé samþ. eins og hún er birt á þskj. 494.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 7. landsk. þm. leyft mér að gefa út sérstakt nál. um þetta mál, sem prentað er á þskj. 512. Við leggjum til, að tillgr. orðist á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna mþn. til þess að gera athugun á núverandi skipakosti Skipaútgerðar ríkisins og fyrirkomulagi strandferða og, eftir því sem þurfa þykir, till. til breytinga, er að því miði að skipuleggja strandferðaþjónustuna þannig, að hún komi að sem beztum notum fyrir alla landshluta. N. taki til sérstakrar athugunar frv. og till., sem fram hafa komið á Alþingi um þetta mál í seinni tíð, og hafi í starfi sínu samráð við Skipaútgerð ríkisins og aðra aðila, sem hér eiga einkum hagsmuna að gæta fyrir hönd almennings og atvinnurekstrar í byggðum landsins."

Eins og hv. frsm. meiri hl. skýrði frá, hefur verið vísað til allshn. till. til þál. um farþega- og vöruflutningaskip fyrir Austfirðinga og till. til þál. um bættar samgöngur á sjó við Vestfirði. Þau nál., sem hér liggja fyrir, eru formlega séð afgreiðsla á hinu síðarnefnda máli, um bættar samgöngur á sjó við Vestfirði, en mega þó einnig teljast afgreiðsla á hinu málinu. En auk þeirra till. varðandi strandferðir, sem ég nú hef nefnt, liggja fyrir Alþingi bæði frv. og till. varðandi strandferðir. Það er í fyrsta lagi frv. til l. um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi, sem er 152. mál, í öðru lagi frv. til l. um smíði nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar og Þorlákshöfn, sem er 187. mál, og í þriðja lagi till. til þál. um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri. Þetta er 233. mál, en hefur ekki verið tekið til 1. umr. hér í Sþ. enn þá, þó að raunar hafi verið rædd hér ýmis mál og þar á meðal stórmál, sem síðar eru fram komin.

Við ræddum um það fyrir nokkuð löngu í allshn. að afgreiða þær till., sem fyrir lágu, með því, að fram færi einhvers konar athugun á strandferðunum og möguleikum til þess að auka þjónustu þeirra og gera hana sem hagkvæmasta. Við minnihlutamenn tókum þá strax fram, að ef þetta ætti að gerast, sem við teldum mjög koma til mála, þá legðum við áherzlu á, að það yrði mþn. kjörin af Alþingi, sem ynni þetta verk. Við létum þess getið, að við kynnum illa við þann hátt, sem nokkuð hefur tíðkazt á þessu kjörtímabili, að hæstv. ríkisstj. virðist yfirleitt hafna því að hafa samstarf við alþm. þá, sem eru ekki í hennar flokkum, um athugun mála á milli þinga, og hefur haft þann háttinn á að skipa í slíkar nefndir sumpart embættismenn ríkisins, sem er ekki nema gott um að segja, og svo sína flokksmenn. Þessar flokksnefndir hæstv. ríkisstj. hafa svo unnið að undirbúningi málanna. Við teljum, að þetta sé varhugaverð regla, að stemma stigu fyrir því, að alþm., sem fylgja ekki stjórninni að málum eða styðja hana ekki til valda, fái að koma nærri undirbúningi mála í mþn., eins og yfirleitt hefur tíðkazt frá öndverðu hér á hinu háa Alþingi, að Alþingi, þegar um er að ræða að endurskoða þýðingarmikla löggjöf og undirbúa nýmæli í því sambandi, kysi sjálft nefndir til athugunar á mikilvægum málum. En það kom í ljós, þegar farið var að ræða þetta mál til hlítar, að meiri hl. í n. eða stuðningsmenn stjórnarinnar voru með öllu ófáanlegir til þess að fallast á þetta og vildu ekki fallast á neitt annað en að hæstv. ríkisstj. hefði sitt patent á þessum hlutum, sína aðferð að skipa þá, sem henni þóknaðist, til þess að athuga strandferðirnar. Viljum við þó telja, þm., sem nú erum í stjórnarandstöðu, að við séum engu síður en þeir, svo að ekki sé meira sagt, — engu síður en stjórnarþm., sem hér voru að gera sér leik að því áðan að vísa frá einu merkilegu dreifbýlismáli, fulltrúar þess fólks, sem nýtur strandferðanna og þarf á þeim að halda. En þetta kom fram í n. og kemur fram í áliti meiri hl., að stjórnarþm. þar gátu með engu móti hugsað sér að láta athugun þessa máls í hendur þingkjörinnar nefndar.

En það gerðist fleira í allshn. í sambandi við þetta mál, og frá því skal nú skýrt.

Það hefur ekki verið neitt launungarmál undanfarið, enda upplýst, að ríkisstj. hefur haft starfandi á sínum vegum svokallaða hagsýslunefnd eða hagsýsluráð, og hún hefur haft í þjónustu þessa hagsýsluráðs útlendan mann til þess að freista þess að láta hann skipuleggja strandferðir Íslendinga. Henni

virðist þykja það mjög handhæg aðferð og skynsamleg að fá ókunnuga menn úr útlöndum til þess að ráðleggja Íslendingum, hvernig þeir eigi að haga málum sínum og þá sérstaklega þeim málum, sem Íslendingar eðlilega hafa meiri þekkingu á en útlendingar. Og þarna hefur hún nú fengið þennan útlending eða þessa útlendinga og haft þá undir sínum handarjaðri undanfarið til þess að athuga strandferðirnar hér við Ísland sérstaklega. Og mönnum er það kunnugt hér í Alþingi, að frá þessum útlendingum og frá þessu hagsýsluráði hafa á undanförnum árum verið uppi ýmsar till. um breytingar á strandferðunum, sumar kannske til bóta, en sumar hreint fráleitar, að því er mönnum virðist nú hér, íslenzkum mönnum, sem þekkja strandferðirnar hér við land og hafnirnar og veðráttuna. Nú óskaði ég eftir því í n., að leitað yrði upplýsinga um það hjá hæstv. sjútvmrh., hvort nú væri á döfinni, eða eins og er sagt frá í nál. minni hl. á þskj. 512, hvort uppi væru ráðagerðir og till. eða hvort teknar hafi verið ákvarðanir um breytingu á skipulagningu strandferðanna eða áætlun strandferðaskipanna nú á næstunni. Og það var að gefnu þessu tilefni, að kunnugt er um það, að undanfarin ár hefur verið að þessu unnið á þennan hátt. N. samþykkti að óska þessara upplýsinga frá hæstv. ráðh. og fékk þau svör, að enn hafi engar ákvarðanir verið teknar um þetta mál. Þá óskaði ég eftir því í n. og n. samþykkti það einnig, að gerð yrði fsp. um það til hæstv. ráðh., hvort n. gæti átt þess kost að kynna sér till., sem uppi hafa verið á vegum ríkisstj. um þessi mál. Við því hefur n. engin svör fengið, engin svör fengið við því, hvort hún gæti fengið að kynna sér þessar till., sem uppi hafa verið á vegum ríkisstj. um þessi mál. En vitað er, að þær till. hafa verið uppi a. m. k. hér fyrir nokkru og þá e. t. v. einnig nú nýlega, þó að ég geti að vísu ekki um það sagt, af því að ég hef ekki séð tillögurnar eða haft upplýsingar um aldur þeirra, þar sem þessari síðari fsp. hefur ekki verið svarað af ráðuneytinu.

Þar sem n. hefur ekki getað fengið svar við því, hvort hún gæti fengið að kynna sér till., sem uppi hafa verið um þessi mál, var aukin ástæða til þess, að við minnihlutamenn óskuðum ekki eftir því að láta þessi mál í hendur n., sem skipuð væri af hæstv. ríkisstj. eingöngu.

Strandferðum hefur verið haldið uppi hér við Ísland alllengi, og skal ég ekki rekja þá sögu, aðeins minna á það, að ríkið keypti á sínum tíma Sterling, og var það skip í förum hér við land. Síðar, eftir að Sterling strandaði, keypti ríkið svo gömlu Esju og Súðina, og nú fyrir hálfum öðrum áratug eða svo voru strandferðirnar skipulagðar á þá leið, að Skipaútgerð ríkisins eignaðist tvö nokkuð stór skip, 1000—1200 rúmlestir, að mig minnir, Esju og Heklu, sem eru bæði mannflutninga- og vöruflutningaskip, og önnur tvö minni, Herðubreið og Skjaldbreið, sem eru aðallega vöruflutningaskip, að ég ætla með rúmum fyrir 12 farþega. Þessi skip hafa verið í förum síðan hér við land, og er nú liðinn, síðan þetta fyrirkomulag var upp tekið, rúmlega hálfur annar áratugur. Þessi skip eru því komin hátt á annan áratug að aldri, og margt hefur breytzt síðan í samgöngumálum Íslendinga, m. a. á þá leið, að samgöngur á landi eru miklu fullkomnari en áður og miklu meiri flutningar á landi en áður var, og teknar hafa verið upp flugferðir yfir landinu og miklir farþega- og nokkrir vöruflutningar einnig flugleiðis. Með tilliti til þess er að sjálfsögðu full ástæða til þess að athuga sinn gang í þessum málum, athuga þarfirnar, hverjar þær eru sérstaklega fyrir strandferðir landsmanna, eins og sakir standa, og þá, þegar leyst hefur verið úr þeirri spurningu, hvaða gerðir af skipum henti bezt til þess að fullnægja þessum tilgangi og hvort ríkið eigi þá að leggja í það að eignast slík skip, einnig þá það, hvernig ferðunum verði bezt fyrir komið með tilliti til þess að veita landsfólkinu sem bezta þjónustu og hinum einstöku landshlutum. Og það er nú svo, að ef litið er á þau mál, sem flutt hafa verið í þessu sambandi hér á Alþingi undanfarið, þá virðist þeirri skoðun vaxa fylgi, að það eigi að miða starfsemi hvers einstaks skips við ákveðinn landshluta, þannig að strandferðirnar séu í raun og veru aðgreindar nokkuð eftir þörfum landshlutanna og reynt að hafa sérstakt skip í förum fyrir hvern landshluta og miða þá áætlun þess alveg sérstaklega við hans þarfir. Við höfum í þessu sambandi, nokkrir þm. Norðurl. e., leyft okkur að flytja sérstaka þáltill. um athugun á því, að í rekstri verði sérstakt Norðurlandsskip og að þá verði sérstaklega athugaðir möguleikar á því, að þetta skip verði gert út í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, annaðhvort af Skipaútgerð ríkisins sjálfri, sem þá hefði útibú á Akureyri, eða af einhverju fyrirtæki þar, sem hefði þá ríkisstuðning til þess að gera út skipið, og að þetta skip gengi þá aðallega eða eingöngu við norðurströndina, en hefði að sjálfsögðu samband við hin skipin, sem gengju frá Reykjavík til Vestfjarða og Austfjarða. Þessi till. hefur, eins og ég sagði áðan, ekki komið til umr. í hv. Alþingi, en hinar till., sem fyrir þinginu liggja, ganga mjög í sömu átt, það er sama hugsun. Það eru sérstakar till. um Vestfirði og sérstakar till. um Austfirði og sérstök till. um ferðirnar milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Allt þetta teljum við að sé ástæða til þess að athuga og að þetta sé svo stórt mál, að það sé einmitt sjálfsagt að fela það mþn., kjörinni af Alþingi, þar sem tekið gæti sæti, ef mönnum sýnist svo, einhverjir af fulltrúum þeim, sem þessir landshlutar hafa kjörið til þess að fara með umboð sitt á Alþingi. En þetta vilja þeir stjórnarmenn í hv. allshn. ekki fallast á. Í höndum ríkisstj. hér suður í Reykjavík skal þetta vera, að skipuleggja strandferðirnar fyrir landið, og fulltrúar landsbyggðarinnar hér á Alþingi mega þar ekki nærri koma,

nema ef svo vildi til, að þeir hefðu verið kjörnir sem fylgismenn annars hvors stjórnarflokksins hér á Alþingi.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, enda hafa nú fleiri kvatt sér hljóðs, og er það ekki óeðlilegt, þar sem margir hafa lagt hér til mála. En minni hl. n. leggur til, eins og ég sagði, að till. á þskj. 279 verði samþ. með því orðalagi, sem tilgreint er á þskj. 512, þannig að 5 manna mþn. verði falið að athuga þessi mál í samráði við Skipaútgerð ríkisins og aðra aðila, sem hér eiga einkum hagsmuna að gæta fyrir hönd almennings og atvinnurekstrar í byggðum landsins.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. beindi þeim tilmælum til mín, að ég gæfi þá yfirlýsingu hér, að þessi mál skyldu verða tekin til athugunar, hvað sem þinglegri afgreiðslu þeirra liði, og ég get með ánægju gert það, vegna þess fyrst og fremst, að þessi mál eru og hafa undanfarið verið í allmikilli athugun.

Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Norðurl. e., sagði hér áðan, að það hefur verið fenginn á vegum hagsýslunefndar erlendur sérfræðingur til þess að kanna málið og gera um það till. Það hefur líka verið sett á laggirnar nefnd manna, sem hafa haft með þetta mál að gera og eru sérfróðir í þessum málum. Ég vil alveg mótmæla þeirri skoðun, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að það hafi verið rangt að fá hingað útlending til þess að kynna sér þessi mál og gera um þau till. Hann hefur kannað þau vel og rækilega að mínu viti. Hann er maður, sem í mörg ár hefur unnið að hagsýslu og þekkir þau ráð, sem þar koma til greina, miklu betur en flestir innlendir menn gera, svo að það er alveg óþarfi hjá hv. þm. að gera lítið úr starfi hans.

Hitt getur aftur á móti orkað nokkuð tvímælis, hvaða leiðir skuli fara í málinu. Það hefur verið leitað um samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem hefur fylgzt með því frá upphafi. Það hefur líka verið fenginn til einn skipstjóri af strandferðaskipunum, sem nú er látinn, Ásgeir heitinn Sigurðsson, hann hefur unnið með í þessum athugunum og fleiri menn, sem hafa starfað á vegum Skipaútgerðar ríkisins. Þessum athugunum er ekki lokið, og það er engin ástæða til þess að fara að dreifa út þeim hugmyndum, sem fram hafa komið, áður en niðurstaða er fengin. En athugunum verður haldið áfram, og ég get gjarnan lofað því, að þegar þeim er lokið og till. liggja fyrir, þá verða þær lagðar fyrir Alþingi.

En þar sem hv. 3. þm. Norðurl. e. vildi gera mikið úr því, að nál. eða áliti hagsýslumannsins hefði ekki verið dreift út hér á þingi, þá vil ég svara því til, að það er engin ástæða til þess að gera það, meðan ekki hefur verið endanlega frá till. gengið. Það eru fleiri mál í þessu sambandi, sem þurfa athugunar við og hér liggja fyrir till. um, eins og smíði nýrra skipa á ýmsum leiðum. Það eru líka till. um athugun á flóabátaferðunum, og ekki sízt eru þær nauðsynlegar. Allt þetta verður tekið til athugunar og lagt fyrir þingið á sínum tíma, þegar athugun hefur farið fram. Og þó að ekki komi þingkjörin nefnd í málið, sem ég legg ekkert upp úr sérstaklega, þá vil ég vænta þess, að hjá þeim sérfræðingum, sem um málið hafa fjallað, — og það eru ekki aðrir en sérfræðingar, sem um það hafa fjallað, — verði sú athugun ekki lélegri en þó að þingkjörin nefnd væri sett í málið nú þegar. Hins vegar verða niðurstöðurnar náttúrlega lagðar fyrir þingið og þingnefndir, sem þá fá það til athugunar og geta þá, ef til vill, síðar sett í það pólitíska milliþn. En ég hef ekki trú á, að sú aðferð gefi betri raun en sú aðferð, sem uppi hefur verið höfð.

Sem sagt, ég vil svara hv. 1. þm. Vestf. því, að athugununum verður haldið áfram, hvað sem afgreiðslu þessa máls hér líður.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

32. Hagnýting síldarafla við Suðurland.

Á deildafundum 19. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um hagnýtingu síldarafla við Suðurland [157. mál] (A. 287).

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 287 till. til þál., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvernig hagnýta megi síldaraflann við Suðurland á sem beztan og verðmætastan hátt, og gera að rannsókn lokinni áætlun um það, á hvern hátt ríkið geti bezt stuðlað að því, að upp byggist iðnaður, sem vinni sem fullkomnastar vörur úr þessum afla."

Það getur varla leikið á tveim tungum, að við Íslendingar höfum óvenjugóða aðstöðu til þess að stunda fullkominn matvælaiðnað á grundvelli sjávarafla okkar. Lega landsins hér í Norður-Atlantshafinu mitt á meðal fiskimiðanna skapar okkur möguleika til þess að landa aflanum alveg ferskum, og þá aðstöðu hafa fæstar aðrar fiskiðnaðarþjóðir jafngóða. Það er nauðsynlegt, að við nýtum þessa aðstöðu sem bezt með því að framleiða úr sjávaraflanum fullkomna neyzluvöru í fullkomnum neytendaumbúðum og með nútímafrá-

gangi að öllu leyti. Það var stórt framfaraspor, þegar við tókum upp hraðfrystingu í stórum mæli fyrir 20—30 árum, en síðan er tæpast hægt að segja, að við höfum tekið upp nýjar aðferðir, sem valdið hafi neinni gerbreytingu í okkar fiskiðnaði. Við höldum áfram að salta aflann og herða hann og frysta hann, eins og við höfum lengi gert. Aðrar þjóðir gera meira í þessum efnum. Þær leggja niður í dósir og sjóða niður, og þær reykja og pakka í margvíslegar neytendaumbúðir og auka þannig verðmætin stórkostlega. Okkar fiskiðnaður er þannig einhæfari en flestra annarra, sem við slíkan iðnað fást, og það á sjálfsagt sinn þátt í því, að íslenzkur fiskiðnaður er tæpast samkeppnisfær við erlendan um hráefni, sem er veitt á íslenzkum miðum.

Það er brýnt hagsmunamál að ráða bót á þessu og efla fiskiðnaðinn þannig, að hann framleiði fjölbreyttari og verðmætari vörur. Við getum ekki gert ráð fyrir að geta haldið áfram að draga sífellt meiri afla úr sjónum, heldur verðum við að leggja aukna áherzlu á að auka verðmætin, sem við framleiðum úr þessum afla. Með þeirri fullkomnu veiðitækni, sem hefur rutt sér til rúms á síðari árum, er vandamál okkar í rauninni ekki lengur fólgið í því fyrst og fremst að ná aflanum, heldur hinu, að gera sem mest verðmæti úr honum, og auk þess má jafnvel telja það nokkuð vafasamt, hve lengi er hægt að halda áfram að ganga á það lagið að auka aflamagnið, og því verður nauðsynin enn brýnni að auka verðmæti hverrar aflaeiningar. Þannig telja t. d. fiskifræðingar okkar, að þorskstofninn við landið sé nærri því fullnýttur og vafasamt sé að gera ráð fyrir, að meiri sókn í hann geti verið hagkvæm. Það er að vísu minna vitað um hagi og háttu síldarstofnanna og hversu mikið er óhætt að veiða af þeim árlega, og það er auðvitað hin mesta nauðsyn, að það sé lagt á það mikið kapp að afla fullkominnar þekkingar á því sviði. En með tilkomu fullkominna fiskleitartækja og fullkominna veiðitækja, kraftblakkar, nælonnóta, þá hefur aðstaðan til síldveiða gerbreytzt og síld veiðist nú við ýmsar aðstæður, sem áður hefði ekki þurft að reyna að veiða síld við. Þannig veiðist nú síld að vetrarlagi austur með öllu Suðurlandi, og sjómenn og fiskifræðingar hafa látið í ljós þá skoðun, að þessar síldargöngur muni vera árvissar og megi byggja á þeim veiði að staðaldri.

Á undanförnum vikum og mánuðum hefur borizt á land í Vestmannaeyjum mjög mikið magn síldar. Aðstaðan til vinnslu þar er hins vegar enn þá mjög ófullnægjandi. Frystihúsin geta ekki tekið við nema mjög litlu magni, töluvert er ísað til útflutnings, en langmest fer í bræðslu, til framleiðslu á mjöli og lýsi. Í Vestmannaeyjum er eina síldarverksmiðjan, sem raunar hefur það hlutverk kannske fyrst og fremst að vinna mjöl úr beinum og úrgangi frá frystihúsunum. Það er gert ráð fyrir, að þessi verksmiðja geti brætt um 5000 tunnur síldar á sólarhring, þegar lokið er stækkun, sem nú stendur yfir. Í Þorlákshöfn hefur engri síld verið landað á þessum vetri sökum þess, að þar er engin aðstaða til þess að vinna síld með neinu öðru móti en að frysta hana. En þá er það jafnan svo, að það er ekki nema hluti aflans hæfur til frystingar, og þar sem ekki er hægt að gera neitt við hitt, hefur frystihúsið í Þorlákshöfn ekki tekið á móti síld þar í höfninni, heldur keypt frystingarhæfa síld annars staðar og ekið henni til Þorlákshafnar. Í Vestmannaeyjum, þar sem bræðsla síldarinnar er næstum eina úrræðið til þess að nýta hana, hefur síldarverksmiðjan ekki nærri haft við að vinna það magn, sem þar hefur borizt á land að undanförnu. Haugar af síld hafa hlaðizt upp á bryggjunum, þar sem allar þrær hafa verið fullar, og af þessu skapast hin mestu vandræði. En alvarlegast í þessu máli er þó það, að með þessum hætti fer langmest af síldinni til bræðslu, og á þann hátt verða framleiðsluverðmætin, sem úr henni fást, allt of lítil.

Síldaraflinn á s. l. sumri við Norður- og Austurland, sem fór í bræðslu, nam um 2 millj. mála eða sem svarar 2.7 millj. tunna, og aðeins um ½ millj. tunna fór til annarra nota. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa áætlað, að útflutningsverðmæti bræðslusíldaraflans fob. frá s. l. sumri muni nema um 450 millj. kr., en það er aðeins um 200 kr. úr hverri tunnu aflans. Þetta er aðeins lítið brot af því framleiðsluverðmæti, sem fæst úr hverri saltsíldartunnu, og enn minna brot af því, sem fæst með öðrum og fullkomnari aðferðum. Þess vegna ber að taka flestar aðrar verkunaraðferðir fram yfir bræðslu, þó að auðvitað sé hitt jafnljóst, að alltaf hlýtur eitthvað af aflanum að fá þá meðferð, þótt ekki væri annað en úrgangurinn.

Í sambandi við nýjar síldarbræðslur, sem byggðar yrðu, þarf að kanna vandlega, hvort nýjar aðferðir, sem sífellt er verið að reyna að fullkomna erlendis til framleiðslu á betra og finna mjöli, svokölluðu manneldismjöli, kæmu til greina. Komi slíkar aðferðir til greina fyrir síld, eru þær trúlega líklegri fyrir magra síld en feita. Auðvitað verður að fara varlega í því að taka upp nýjar aðferðir, sem eru ekki fullreyndar, af því höfum við ekki of góða reynslu í íslenzkum síldariðnaði, en megum hins vegar ekki láta það hræða okkur meira en efni standa til. Hér er mikið í húfi, að það megi takast að vinna sem fullkomnastar afurðir úr þessu mikla aflamagni. Suðurlandssíldin er einmitt talin henta mjög vel til ýmiss konar vinnslu, sem nýtur vaxandi vinsælda á mörkuðum, svo sem súrsun, reykingu o. fl., m. a. sökum þess, að hún er magrari en Norðurlandssíldin. Ýmiss konar verkun á síldarflökum kemur einnig mjög til álita, og það eru nú á markaðinum mjög fullkomnar vélar til þess að flaka síld, sem þó kveður enn of lítið að hér á landi. Það hafa ýmsir aðilar sýnt virðingarverða viðleitni til þess að fara inn á nýjar brautir í þessum efnum, en það hefur enn sem komið er verið í frekar smáum stíl og á algeru byrj-

unarstigi. En auðvitað er full ástæða til þess, að nýjar leiðir í þessum efnum séu ekki aðeins athugaðar á Suðurlandi, heldur einnig annars staðar á landinu, en því er það fyrst og fremst nefnt í till., að við stöndum nú frammi fyrir algerlega nýjum viðhorfum í hafnarbæjunum á Suðurlandi, ef síldveiði verður þar árviss atvinnugrein, og þá liggur fyrir að taka afstöðu til þess, á hvern hátt yrði bezt byggður upp iðnaður á grundvelli þessa afla. Það væri þá hin mesta nauðsyn, ef hægt væri að skipuleggja þennan iðnað í rauninni frá grunni, til þess að tryggja, svo sem frekast er kostur, skynsamlega uppbyggingu þessa iðnaðar frá byrjun.

Sú athugun, sem hér er lagt til að fari fram á þessum málum, verður að vera ýtarleg og umfangsmikil. Það ber þar að kalla til ráðuneytis hina færustu sérfræðinga, ekki aðeins fiskiðnfræðinga og þá, sem kunugastir eru markaðsmálum og færastir á því sviði. Það verður einnig að kalla til fiskifræðinga til þess að meta það, hversu traustur grundvöllur þessar síldargöngur eru fyrir iðnaðaruppbyggingu, og láta í ljós rökstutt álit á því, að stofnarnir þoli árlega veiði, þeir sem þarna eru á ferð.

Ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, að till. verði vísað til allshn. og umr. frestað á meðan.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þessi till. gefur tilefni til þess að vekja athygli á þeim ósið, sem mjög færist í vöxt og einkum þm. hv. Framsfl. standa fyrir, að flytja hér á hinu háa Alþingi till., sem eingöngu eru samdar og fluttar í áróðursskyni, en eru að formi til og jafnvel efni þannig, að þær geta varla talizt þinghæfar, og á það við um þessa till., sem hér er flutt.

Hér er lagt til, að Alþingi skori á ríkisstj. að láta fara fram almenna athugun á því, hvernig hagnýta megi síldaraflann við Suðurland á sem beztan og verðmætastan hátt, og gera að því loknu áætlun um, á hvern hátt ríkið geti bezt stuðlað að því, að hér byggist upp iðnaður, sem vinni sem fullkomnasta vöru úr þessum afla. Hér er í sannleika sagt ekki um að ræða nein veruleg rannsóknarefni, sem upplýsa þurfi. Í atvinnuveginum, sem hér er um að ræða innan sjávarútvegsins, er um að ræða mjög viðtæka þekkingu á þeim vandamálum, sem hér er vakin athygli á. Hvert einasta mannsbarn er um það sammála, að nauðsynlegt er að hagnýta síldaraflann, ekki bara við Suðurland, þar sem þessi hv. þm. ætlar sér að vera í framboði, heldur við allt land, umhverfis allt landið. Hér er ekki um neitt að ræða, sem neina sérstaka athygli þarf að vekja á. En ef það á að vera kjarni þessarar till., að flm. vilji benda á, að ríkið geri ákveðnar ráðstafanir til styrktar þeim atvinnuvegi, sem hér er um að ræða eða hér þarf að koma á fót, þá er það skylda tillögumanns að benda á, í hverju sá stuðningur á að vera fólginn. Það ætti t. d. að segja alveg skýrum stöfum, ef hann meinar eitthvað með sínu máli annað en einfaldan áróður í sínu kjördæmi, hvort hann t. d. ætlast til þess, að ríkið byggi niðursuðuverksmiðju. Það væri þinghæf till. að leggja til, að Alþingi skori á ríkisstj. að byggja t. d. niðursuðuverksmiðju.

Þessi hv. þm. er einn af aðalframkvæmdastjórum stærsta fyrirtækis landsmanna, Sambands ísl. samvinnufélaga. Það fyrirtæki hefur með höndum mikinn og stórvirkan fiskiðnað og á mörgum sviðum, meira að segja einnig á þeim sviðum, sem hann talaði um í sinni framsöguræðu og talað er um í grg., að vanrækt hafi verið. Ef hann meinar það með till., að ríkisstj. eigi að kenna Sambandi ísl. samvinnufélaga eða öðrum, hvernig eigi að reka t. d. niðursuðuverksmiðju, þá er það þinghæf till., en þá á hann að segja það. Ef hann meinar það, að ríkið eigi að styrkja SÍS eða aðra til þess að reka niðursuðuverksmiðju, er það að vísu ekki þinghæf till., því að það ætti heima í sambandi við fjárlagaumr., en ef hann meinar, að ríkið eigi að hjálpa Sambandinu til þess að fá peninga til að reka niðursuðuverksmiðjur, gæti hann flutt till. um það. Það væri á takmörkum, að sú till. væri þinghæf, því að SÍS ætti að snúa sér að bönkunum, sínum bönkum, sem það hefur góðan aðgang að, og ætti ekki að þurfa hjálp ríkisstj. til þess. Eða ef hann meinar, að ríkið eigi að leita markaða fyrir saltsíld, fyrir niðursuðuvörur, þá á hann að segja það, það væri fullkomlega þinghæf till. M. ö. o.: ef hv. þm. meinar með þessari till., að ríkið eigi að hjálpa hans fyrirtæki, SÍS, eða einhverjum öðrum, sem stunda fiskiðnað, á hann að segja það, og þá á hann að segja, í hvaða formi hann vill að ríkið hjálpi sínu fyrirtæki eða einhverjum öðrum, sem stunda þessa atvinnu eða hafa vanrækt að stunda hana. Sannleikurinn er nefnilega sá, að kjarni í þessu máli er ekki sá, að hér vanti rannsóknir, allra sízt rannsókn á því, sem hvert mannsbarn í landinu veit, ekki sízt í hans kjördæmi, að það þurfi að fullnýta síldaraflann sem bezt. Á þessu þarf enga rannsókn, vegna þess að þar liggja staðreyndirnar allt of augljóslega fyrir. Það, sem hér þarf, eru athafnir, eru framkvæmdir til þess að hagnýta síldaraflann, og við það hafa ýmsir aðilar fengizt, m. a. hans fyrirtæki, en ekki staðið sig nógu vel. Ef að baki till. liggur einhvers konar hjálparbeiðni frá SÍS til ríkisins, vil ég fá að vita, í hverju hjálpin á að vera fólgin. Á hún að vera kennsla? Á hún að vera styrkur? Á hún að vera peningar? Á hún að vera markaðsleit? Með því móti væri till. komin í þinghæft form. Í því formi sem hún er núna, er hún eingöngu áróður af lélegasta tagi.

Síldin, sem veiðzt hefur við Suðurland undanfarin ár, hefur, eins og allir vita, aðallega farið til bræðslu, söltunar og frystingar. Aðstaða til vinnslu síldarinnar hefur stórlega batnað undanfarið vegna margvíslegra aðgerða útvegsmanna. Sala á saltsíld og frystri síld hefur einnig gengið vonum framar, þegar

höfð er hliðsjón af þeirri gífurlegu aukningu, sem hefur átt sér stað, og því, hversu takmarkaðir síldarmarkaðirnir því miður eru. En til þess að sanna það mál mitt, að mikið hefur verið unnið og mikill árangur hefur náðst í aukinni sölu Suðurlandssíldar, skal ég láta þess getið, með leyfi hæstv. forseta, hver söltun Suðurlandssíldar hefur verið undanfarin 4 ár. 1959 var hún 52065 tunnur, 1960 var hún 78550 tunnur, 1961 var hún 109835 tunnur og 1962 var hún 124296 tunnur. Söltun Suðurlandssíldar hefur því meira en tvöfaldazt á s. l. 4 árum. Og þessar tölur bera sannarlega ekki vitni um, að vanrækt hafi verið að vinna að aukinni nýtingu Suðurlandssíldar eða að afla henni markaða. S. l. 5 ár hefur tekizt að afla nýrra markaða fyrir saltaða Suðurlandssíld í samtals 8 nýjum löndum, og á yfirstandandi vertíð hafa verið gerðir samningar um sölu á síldinni til samtals 11 landa. Hún hefur aldrei verið seld til fleiri landa en einmitt nú. Á undanförnum árum hafa verið gerðar nákvæmar athuganir í öllum neyzlulöndum saltsíldar og einnig í fjölda landa utan hins eiginlega neyzlusvæðis saltsíldar á því, hvort ekki sé unnt að finna markaði fyrir nýjar tegundir saltsíldar.

Hefur stanzlaust verið unnið að því undanfarin ár að gera tilraunir með verkun Suðurlandssaltsíldar eftir nýjum aðferðum. Árið 1960 var sérstök tilraunastöð starfrækt í Reykjavík á vegum síldarútvegsnefndar. En það er mjög athyglisvert, að á sama tíma og söltun hefur aukizt hér, hafa öll önnur framleiðslulönd saltsíldar orðið að draga úr söltun sinni. Ein tegund framleiðslunnar hefur því miður orðið útundan í þeirri öru þróun, sem hér hefur átt sér stað undanfarið, og það er niðurlagning á síld. Hér á landi eru þó nokkrar verksmiðjur, sem geta lagt niður síld, en afköst þeirra hafa verið nýtt að mjög litlu leyti. Hér er m. ö. o. um að ræða ónýtta afkastagetu til niðurlagningar á síld, og ber þetta kannske skýrara vitni en allt annað um það, hversu raunhæfan grundvöll vantar gersamlega undir það gaspur, sem hv. þm. flutti áðan í framsöguræðu sinni og er einnig að finna í grg. fyrir till., og um það, hversu fullkominn áróður er um að ræða við flutning till. eins og þessarar. Fyrir nokkrum árum var einmitt með tilstilli hins opinbera og á vegum síldarverksmiðja ríkisins reist mjög fullkomin niðursuðuverksmiðja á Siglufirði. En því miður hafa ekki þær vonir, sem tengdar voru við þá framkvæmd, rætzt, því að sala á framleiðslu hennar til útflutnings hefur gengið mjög illa. Svipaða sögu mun vera hægt að segja af öðrum verksmiðjum, að öflun erlendra markaða fyrir framleiðsluvörurnar hefur gengið mjög illa, hverju sem þar er um að kenna.

Kjarni þess máls, sem hér er um að ræða, er því alls ekki sá, að hér sé um að ræða framleiðslugetu í þeirri grein, sem við höfum fyrst og fremst vanrækt. Það sé um að ræða ónotaða framleiðslugetu, vegna þess að þeim, sem þessa framleiðslu hafa stundað, hefur ekki tekizt af einhverjum ástæðum að finna markað fyrir hana erlendis. Ef það er meining hv. þm., — hans aðalmeining með till., — að ríkið hefji sérstaka sókn að hjálpa þessum fyrirtækjum til að finna þann markað, sem þau hafa ekki fundið, þá er það út af fyrir sig lofsverður tilgangur, þá ætti hann að segja það.

Fyrst hv. þm. gaf mér tilefni til að taka til máls með flutningi þessarar kyndugu till., vil ég ljúka máli mínu með því að beina til hans tveim fsp., sem ég legg mikla áherzlu á að hann svari, þegar hann kemur hér í pontuna á eftir. Hann á að hafa aðstöðu til þess sem einn af helztu framkvæmdastjórum stærsta fyrirtækis Íslendinga og eins stærsta fyrirtækis í fiskiðnaði, sem hér er um að ræða.

Er það ekki rétt, að Samband ísl. samvinnufélaga hafi fengið tilboð um það frá sambandi sænsku samvinnufélaganna fyrir nokkru að byggja fullkomna niðursuðuverksmiðju annaðhvort á Akureyri eða í Reykjavík eða jafnvel bæði á Akureyri og í Reykjavík? Er þetta rétt, eða er þetta ekki rétt? Ef þetta er rétt, fór þá fram athugun á rekstrargrundvelli slíkrar niðursuðuverksmiðju á Akureyri eða í Reykjavík, á öðrum hvorum staðnum eða báðum, og hvað leiddi sú niðurstaða í ljós? Ég veit, að hv. þm. þekkir þetta mál. Ef minni hans er eitthvað óljóst, skal ég hjálpa upp á það á eftir. En ég vil heldur, að hann svari spurningunni sjálfur. Hvað leiddi þessi niðurstaða í ljós? Og hvernig stendur á því, að Samband ísl. samvinnufélaga hefur ekkert hafzt að í þessu máli? Hver er ástæðan fyrir því? Hvers vegna hefur Samband ísl. samvinnufélaga ekki þegið tilboð sænsku samvinnufélaganna um aðstoð við að koma hér á fót niðursuðuverksmiðju til þess að verka síld? Er um að ræða áhugaleysi SÍS á málinu? Sýndi áætlunin, að um ónógan gróða væri að ræða? Eða var um það að ræða, að erfiðleikar væru á því að selja afurðirnar? Þetta vil ég fá að vita af hálfu hv. þm., flm. tillögu þessarar.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Í grg. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, segir, og einnig hefur það komið fram í framsöguræðu hv. flm., 2. þm. Sunnl. (HB), að efni þessa máls beinist nokkuð að aðstöðu Vestmanneyinga í sambandi við síldariðnað. Vestmanneyingar fagna því að sjálfsögðu, ef þeir eignast nýja vini og nýja forsvarsmenn um sín áhuga- og framfaramál, menn, sem áður hefur ekki verið vitað um og áður hafa ekki stungið upp höfðinu. Ég ætla þó að vona, að þetta sé ekki aðeins vegna þess, að kosningar eru fram undan, heldur sé það varanlegt, einnig eftir kosningar, og það jafnframt, þó að flokkur hv. flm. kæmist í stjórnaraðstöðu og yrði ráðandi í ríkisstj. Ég tel þó, að þetta sé nokkur sönnun þess, sem Sjálfstfl. sagði í sambandi við kjördæmamálið, að það mundi auka víðsýni þm., ef þeir kæmust í stærri kjördæmi og fengju stærra athafnasvið og

meira um að hugsa, það mundi auka viðsýni þeirra, þeir ekki verða eins staðbundnir í sambandi við hin smærri sérmál einstakra byggðarlaga og þeir áður voru. Ég tel, að með grg. og flutningi till. og framsögu flm. hafi fengizt nokkur staðfesting á því, sem Sjálfstfl. sagði í sambandi við kjördæmabreytinguna, en Framsfl. þá gersamlega neitaði að mundi geta átt sér stað. Það er þó aðallega aðstaða Vestmanneyinga í sambandi við síldariðnað, sem hefur hvatt mig til að taka hér til máls.

Sú breyting hefur orðið á hér sunnan- og suðvestanlands og þá að sjálfsögðu ekki síður í Vestmannaeyjum en öðrum verstöðvum á þessu svæði, að við stöndum frammi fyrir því, að ef framhald verður á síldveiðum eins og verið hefur nú síðustu árin, þá erum við að verða öðrum þræði jafnvel meiri síldariðnaðarbær en áður var um þorsk og annan fisk, sem þar veiðist. Þetta skapar að sjálfsögðu mörg vandamál til athugunar og umhugsunar, og hefur það ekki farið fram hjá Vestmanneyingum, hvorki ráðamönnum bæjarfélagsins né atvinnurekendum þar, hver aðstaða þarna er að skapast. Ég get verið alveg sammála flm. um, að það væri æskilegast í alla staði, að Íslendingar, ekki einungis í sambandi við síld, heldur í sambandi við sína framleiðslu almennt, gætu gjörnýtt það hráefni, sem hér er aflað, því að ég hygg, að það komi e. t. v. því miður síðar í ljós, að Íslendingar verði að stefna að öðru frekar en auka aflamagnið, heldur verði einnig að fara inn á þá braut að gjörnýta þann afla sem mest, sem á land kemur. En á þessu eru tveir sjáanlegir annmarkar, eins og aðstaðan er í dag. Það er fyrst og fremst í sambandi við vinnuaflið. Vinnuafl er nú ekki til yfirleitt í sjávarplássunum til þess að gjörvinna síld né annan fiskafla, eins og væri æskilegast. Rannsókn á þessu fór fram í Eyjum í sumar, um þessa aðstöðu, hvort þar væri aðstaða til gjörvinnslu á síld, og kom þar greinilega í ljós, að þau atvinnufyrirtæki, sem þar eru, eiga fullt í fangi með að anna og afkasta þeim afla, sem á land berst, í því formi, sem nú er gert. Ég skal viðurkenna, að það væri mjög æskilegt, að þetta gæti á annan veg verið, en við verðum að beygja okkur fyrir staðreyndunum. Þannig er þetta í dag. Einnig kemur annað til greina þarna, ef það þróast í þá átt, að um minnkandi aflamagn verði að ræða og farið verði inn á þá braut að gjörvinna aflann meira en gert hefur verið, þá er það spursmál: Þolir gjörvinnslan hærri kaupgreiðslur til sjómanna og útgerðarmanna en þær aðferðir, sem nú er beitt? Ef gjörvinnsla þolir ekki hærri greiðslur til sjómanna og útgerðarmanna, þá er það atriði, sem mjög væri erfitt viðfangs og erfitt að ráða fram úr.

Aðstaða, eins og ég gat um áðan, í sambandi við síldariðnað hefur gerbreytzt hin síðari ár, og er okkur í Vestmannaeyjum það að sjálfsögðu eins ljóst og ljósara en flestum öðrum. Það er bent á það í grg., að þar sé um að ræða eina síldarverksmiðju, sem eftir þá stækkun, sem nú fer fram, muni afkasta um 5000 málum á sólarhring. Þetta er rétt. Bæjarstjórn Vestmannaeyja eða ég fyrir hönd bæjarstjórnar hef rætt við einstaka nm. í stjórn síldarverksmiðja ríkisins um þann möguleika, að ef síldarverksmiðjur ríkisins hugsi um að byggja nýjar verksmiðjur hér suðvestan- eða sunnanlands, þá verði a. m. k. ein þeirra staðsett í Vestmannaeyjum. Að þessu liggja full rök að okkar áliti. Það hefur sýnt sig, og þó alveg sérstaklega nú í vetur, að stór hluti af haust- og vetrarsíld veiðist á svæðinu frá Reykjanesi að Ingólfshöfða. Þegar er búið að landa í Vestmannaeyjum um 172 þús. tunnum af síld og hefur þó farið fram hjá Eyjum mikið magn af síld, ekki veit ég, hversu mikið það er, en það liggur hins vegar fyrir, að þar er um mjög mikið magn af síld að ræða, sem hefur ekki verið landað þar, vegna þess að þar hefur ekki verið verksmiðja til að taka á móti og vinna úr hráefninu.

Vestmannaeyjar eru nú í dag, miðað við haust- og vetrarsíldina, að komast í tölu hæstu staða hér við Faxaflóa, og er þar aðeins um að ræða Reykjavík og Keflavík, sem tekið hafa á móti meira síldarmagni en í Vestmannaeyjum hefur verið landað enn. Það liggja því öll rök að því, að ef á að bjarga verðmætum þess afla, sem vitanlegt er að við Vestmannaeyjar er, þá verður að vinda bráðan bug að því fyrst og fremst, að þar verði aðstaða til meiri nýtingar á síld í því formi, sem nú er gert, með því að byggja síldarverksmiðjur og skapa frekari aðstöðu í frystihúsunum til þess að frysta meira magn af síld en enn þá hefur verið gert. Þetta er gagnvart Vestmannaeyjum það sjónarmið, sem liggur fyrir, og það, sem verið er að vinna að, og hefur þetta mál, eins og ég sagði áðan, verið tekið til viðræðna við stjórnendur síldarverksmiðja ríkisins, bæði munnlega og einnig hefur þeim verið skrifað um málið, og okkar grg. liggur hjá þeim til athugunar. Hvað úr framkvæmdum kann að verða, skal ég ekki neitt segja um á þessu stigi, en allt hlýtur þetta að vera til athugunar og yfirvegunar, og vænti ég þess, að tillit verði tekið til þeirra aðstæðna, sem hafa skapazt, með því að fyrir liggur, eins og ég sagði áðan, að verulegur hluti af því síldarmagni, sem veiðist, sérstaklega í desember og fram eftir vertíð, veiðist á svæðinu frá Reykjanesi og að Ingólfshöfða, og hlýtur að verða hagfellt fyrir bátaflotann, hvar sem hann annars á heima, þann bátaflota, sem síldveiðar stundar, að landa síldinni miðsvæðis eða í Vestmannaeyjum.

Fyrst ég er farinn að ræða þessi mál, eins og þessi þáltill. gaf mér tilefni til, er rétt, að einnig sé rædd sú breyting, sem fyrirsjáanlega hlýtur að verða á aðstöðu bátaflotans í framtíðinni og að ég held þegar á næstu vertíð. Það hefur komið í ljós nú í vetur, að Íslendingar eiga ekki nægilegan mannafla á þann bátaflota, sem fyrir hendi er. Þetta

hefur í sumum verstöðvum skapað alls konar erfiðleika. Bátar hafa ekki komizt á flot. Þeir hafa stundað veiðar, sem þeir annars hefðu ekki lagt út í, eingöngu vegna þess, að mannafli hefur ekki fengizt til þess að gera út með þau veiðarfæri, sem áður var gert, og á ég þar aðallega við línu- og netaveiðar. Nú er vitað, að fyrir Íslendinga er verið að byggja bæði erlendis og hér á landi tugi af 200—250 tonna skipum, sem hljóta, þegar þau koma í gagnið, að taka til sín verulegan hluta af sjómönnum, sem nú eru á smærri bátum. Ef ekkert verður að gert, hlýtur þessi breyting, sem er að verða á bátaflota landsmanna, og þær breyttu aðstæður, sem nú eru, að verulegur hluti hans er farinn að stunda síldveiðar í staðinn fyrir þorskveiðar áður, að skapa örðugleika, sem fram úr verður að ráða, að ég hygg þegar fyrir næstu vertíð.

Ég hygg, að þessi mál hljóti að þróast í þá átt, að bátaflotinn verði látinn stunda þær veiðar, á þeim tíma og á þeim stöðum, sem hagkvæmast er fyrir hann fjárhagslega og útheimtir sem minnstan mannafla miðað við þá afkastagetu, sem hann annars hefur möguleika á. Það er, að ég veit, fyrir marga útgerðarmenn mikið áhyggjuefni sú aðstaða, sem nú hefur skapazt, og þeir horfa með áhyggjum fram á framtíðina. Margir þessara manna eiga ágæta 50—70 tonna báta, sem þeir fyrirsjáanlega geta ekki á næstu vertíð, þegar hinn nýi skipastóll er kominn til landsins, tekið í notkun. Þá geta þeir fyrirsjáanlega ekki með góðu móti stundað þær veiðar, sem áður hefur verið gert, með línu og net, vegna þess að sjómenn eru ekki til í landinu til þess að gera bátaflotann út.

Ég vil taka undir það, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér, að því miður óttast ég, að sú till., sem hér er borin fram, sé kannske miklu frekar sýndartill. en þar liggi á bak við nokkur alvara, og tel ég það varla sæmandi fyrir hv. 2. þm. Sunnl. (HB) að láta slíkt eftir sig liggja. Ég tel, að þessi mál öll séu allt of viðamikil fyrir þjóðfélagið í heild og allt of veigamikil fyrir Vestmanneyinga, að við eigum að einblína á það að gjörnýta síldaraflann, vitandi það, að við erum þegar í hálfgerðri sjálfheldu og ég vil segja kannske algerri sjálfheldu að vinna þann afla, sem nú þegar berst í land og þar er krafizt að sé tekinn til vinnslu.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en taldi rétt að gefnu tilefni að vekja athygli á þeirri aðstöðu, sem er að skapast við hinn aukna bátaflota, og þeirri aðstöðu, sem þegar er fyrir hendi og sjáanlega fer vaxandi, að rekstur bátaflotans getur lent í erfiðleikum vegna þess, að ekki eru til nægilega margir sjómenn hér á landi, til þess að honum verði haldið út til þeirra veiða, sem fram að þessu hafa verið algengastar á vetrarvertíð, en það eru línu- og netaveiðar.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Flutningur þeirrar till., sem hér er til umr., hefur farið í fínu taugarnar á hæstv. viðskmrh. og vakið hjá honum mikla reiði, sem hér fékk útstreymi áðan, eins og hv. þm. hafa séð. Ég kvaddi mér hljóðs, áður en hv. 3. þm. Sunnl. talaði, og hann hefur nú í verulegum atriðum svarað því, sem hæstv. viðskmrh. hafði hér fram að færa. Hv. 3. þm. Sunnl. rökstuddi það, sem haldið er fram í grg. og framsöguræðu að till. minni, að við stöndum frammi fyrir nýjum viðhorfum, sem er fullkomin ástæða til að ríkið taki forustu um að séu athuguð til hlítar. Hæstv. viðskmrh. upplýsti, að á þeim sviðum, sem till. ræðir um, væri mjög viðtæk þekking fyrir hendi og væri þess vegna ekki tilefni til þess að láta sérstakar rannsóknir fara fram á öllum þeim umfangsmiklu sviðum, sem þarna koma til athugunar. Það er að vísu gert ráð fyrir því í till., sem hér er til umr., að ríkisvaldið hafi forustu um að marka þær línur, sem þessi væntanlegi iðnaður þróaðist eftir, eftir að ýtarleg athugun hefði farið fram, og það er sannast að segja meira en lítið kyndugt að heyra hæstv. viðskmrh., einn af aðalleiðtogum jafnaðarmanna, halda því fram, að það sé ekki ástæða til þess, að ríkið hafi einhverja leiðsögn um mál eins og þessi. Ég veit ekki nema það væri rétt að minna hæstv. viðskmrh. á það í þessu sambandi, að hann hefur nú um 3 eða 4 ára skeið verið að bögglast við að koma saman framkvæmdaáætlun, sem hann öðru hverju lofar að verði lögð fram innan skamms, en enn hefur ekki séð dagsins ljós. Það verður að gera ráð fyrir því, að í sambandi við slíka hluti hafi ríkið látið fara fram athuganir á grundvallarmöguleikum þeirra ýmsu atvinnuvega, sem upp á að byggja, og leggi í slíkri áætlun höfuðlínurnar um, hver framvindan skuli verða á næstunni. Það þarf þess vegna ekki að koma hæstv. viðskmrh. neitt kynlega fyrir sjónir, þó að gert sé ráð fyrir þeirri málsmeðferð, sem gert er ráð fyrir í þessari tillögu.

Ég vil í sambandi við þær spurningar ýmsar, sem hæstv. viðskmrh. beindi til mín og spurði mig um, hvort ég gerði ráð fyrir því með till. minni, að ríkið t. d. færi að byggja niðursuðuverksmiðju, — ég vil segja, að það getur vel komið til mála að athuguðu máli, að ríkið ætti að byggja niðursuðuverksmiðju. Ríkið hefur byggt niðursuðuverksmiðju, og ríkið hefur rekið niðursuðuverksmiðju með góðum árangri, og það var hæstv. fyrrv. ríkisstj. Alþfl., sem seldi þá niðursuðuverksmiðju úr höndum ríkisins í stað þess að gera hana af myndarskap að tilraunastöð fyrir nýjan iðnað í landinu.

Ég læt hv. þm. það eftir að álykta sjálfir um það, hve smekklegt þeim finnst af hæstv. viðskmrh. að draga hér inn í umr. um málið það fyrirtæki, sem ég starfa hjá. Ég vil láta hæstv. viðskmrh. vita af því, að hann mun vafalaust geta fengið þær upplýsingar hjá því fyrirtæki, sem hann þarf á að halda, og hann raunar upplýsti það hér áðan, að hann hefði fengið þær. Hins vegar mun ég ekki standa hér í neinni yfirheyrslu af hálfu

hæstv. viðskmrh. um málefni þess fyrirtækis, sem ég starfa hjá, það mun ég ekki gera.

Það eru gerðar ýmsar áætlanir og athuguð ýmis mál. Það er oft neikvæður árangur af slíkum athugunum, hann verður líka oft jákvæður, og jafnvel þótt neikvæður árangur fáist að sinni, er jafnan haldið áfram slíkum athugunum, þangað til gengið er úr skugga um það endanlega, hvort þær geti ekki að betur athuguðu máli reynzt jákvæðar.

Ég vil vekja athygli á því, sem mjög greinilega kom fram í ræðu hv. 3. þm. Sunnl., að í sambandi við þessi mál, sem till. mín víkur að, eru einmitt fjölmörg viðfangsefni, sem kannske eru mörg hver æðimikið könnuð, en mér vitanlega hefur ekki verið stillt upp í því ljósi, að myndin af málinu verði heilleg eða fullnægjandi. Og það er vissulega rétt, sem hv. 3. þm. Sunnl. sagði, að við stöndum í þessu sambandi frammi fyrir nýjum viðhorfum í einum aðalatvinnuvegi í stórum landshluta, ef það nú yrði svo, eins og hv. 3. þm. Sunnl. vék að að orðið gæti, að síldveiðarnar á þessu svæði yrðu fullt eins umfangsmikill atvinnurekstur og þorskveiðarnar hafa verið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. meira. Ég þykist hafa gert grein fyrir því, af hverju þessi till. er flutt og hverju ég hyggst ná með því, að till. yrði samþ., hverju ég hyggst ná með því til hagsbóta fyrir þessa atvinnuvegi í framtíðinni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. sagði með allmiklum þunga, að hann mundi ekki standa hér í neins konar yfirheyrslum gagnvart mér um málefni þess fyrirtækis, sem hann starfaði hjá. En hann getur samt sem áður flutt hér till. í áróðursskyni — í hreinu áróðursskyni, sem grundvallast á beinum blekkingum, — blekkingum, sem honum sem starfsmanni síns fyrirtækis á að vera kunnugt um, því að hugsunin bak við till. þessa er sú, að ríkisvaldið hafi vanrækt eitthvað í þessum efnum. Það er Sambandið m. a., sem er sekt um þá vanrækslu, sem um er að ræða, ef einhver er. Hv. þm. sagðist því ekki svara mínum fsp. Ég átti von á því, að hann vildi ekki svara þeim. Því sagði ég áðan, að gerði hann það ekki, skyldi ég gera það sjálfur, og það skal ég gera nú.

Ég spurði hv. þm., hvort það hefði komið tilboð frá sambandi sænsku samvinnufélaganna til Sambands ísl. samvinnufélaga um aðstoð sænsku samvinnufélaganna til að koma á fót hér á landi fullkominni niðursuðuverksmiðju. Svarið er já. Fór fram athugun á rekstrargrundvelli slíkrar verksmiðju hér á landi? Svarið er já. Ég spurði: Ætlar Sambandið íslenzka að þiggja aðstoð sænska samvinnusambandsins til að koma slíkri verksmiðju á fót? Svarið er nei. Ég spurði: Af hverju ætlar íslenzka Sambandið ekki að þiggja aðstoð sænska sambandsins til að koma slíkri verksmiðju á fót? Svarið er: SÍS taldi sig ekki hagnast nóg á stofnun og rekstri slíkrar verksmiðju. Þetta vil ég sérstaklega undirstrika. Svarið við þessari spurningu, svarið við því, hvers vegna SÍS er ekki búið að þiggja aðstoð sænsku samvinnufélaganna til að koma verksmiðju hér á fót, svarið við því, hvers vegna SÍS hefur vanrækt að koma slíkri verksmiðju hér á fót, er, að rannsókn SÍS sjálfs sýndi, að SÍS hagnaðist ekki nóg á rekstri verksmiðjunnar.

Mér finnst hvorki hv. þm. né neinir aðrir geta verið hissa á því, þótt ég hlífi honum ekki við því að skýra frá þessu, þegar hann flytur till. eins og þá, sem hér er um að ræða, og heldur ræðu eins og þá, sem hann flutti hér áðan.

Þm. kvartaði undan því, að það væri ósmekklegt af mér að vera að draga það fyrirtæki, sem hann starfar við, inn í þessar umr. Þar færist skörin upp í bekkinn. Hann sjálfur blandar sínu eigin fyrirtæki ekki aðeins inn í umr., heldur inn í grg. fyrir till., því að hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ýmsir aðilar hafa sýnt virðingarverða viðleitni til þess að gera tilraunir með betri hagnýtingu síldar. Samband ísl. samvinnufélaga hefur komið upp tilraunaverksmiðju í Hafnarfirði, sem m. a. fæst við reykingu síldar."

Þetta endurtók hann í sinni ræðu. Það er ekki ég, sem hef blandað Sambandinu inn í þessar umr., heldur hann sjálfur. Og þá getur hann ekki fyrzt við, þótt honum sé svarað í sömu mynt og talað um þátt Sambandsins í þessu máli. En ég skal bæta við upplýsingar í grg. nokkru, sem hann þar þegir um. Hann er þar að hæla Sambandinu, skjalla Sambandið fyrir framtak þess í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að verksmiðjan í Hafnarfirði hefur nær eingöngu reykt ál og lax, en engan áhuga sýnt á þeirri afurð, sem þessi þm. leyfir sér síðan að flytja heila áróðurstill. um hér á Alþingi. Það hefur Sambandið vanrækt. Þm. hefði átt að snúa sér að sínum yfirboðurum og samstarfsmönnum í Sambandinu og fá þá til að gera skyldu sína, í staðinn fyrir að flytja innantómar áróðurstill. hér á Alþingi.

Ég skal enn bæta við, að það er að vísu ekki svo, að Sambandið hafi algerlega vanrækt að stuðla að því, sem till. fjallar um. Till. fjallar um að hagnýta Suðurlandssíldina sem allra bezt. Það er ekki alveg rétt, að Sambandið hafi vanrækt þetta fullkomlega. Sambandið hefur nefnilega reykt ofboðlítið af síld, og það hefur verið flutt út — hvað mikið, haldið þið, af síld frá fyrirtæki SÍS í Hafnarfirði? 50 kg. Hálf tunna. Það er allt framtak Sambandsins til að styðja þann málstað, sem þessi þm. flytur belgingstill. um hér. Allt framlag Sambandsins til þessa er að flytja út hálfa tunnu af reyktri síld. Og þetta er stærsta fyrirtæki Íslendinga.

Þm. hefði átt að neita sér um það að vera að draga skjall um sitt eigið fyrirtæki inn í grg. sína og ræðu sína hér. Þá hefði hann ekki orðið sér til þeirrar minnkunar, sem hann því miður er að verða sér.

En samtímis því, sem SÍS bregzt því hlutverki sínu varðandi hagnýtingu Suðurlandssíldar og reykir ekki til útflutnings nema

hálfa tunnu, flytur einn af þm. Framsfl. till. hér á Alþingi um að skora á ríkisstj. að stuðla að aukinni hagnýtingu á Suðurlandssíld, m. ö. o.: meðan hann sjálfur og hans eigið fyrirtæki bregzt skyldu sinni, reynir hann að leiða athygli frá því með því að skora á aðra að bæta úr. Þetta er það, sem kalla má framsóknarmennsku.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá..

Á 37. fundi í Sþ., 8. marz, var fram haldið einni umr. um till.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér síðast á dagskrá fyrir nokkrum dögum, voru haldnar hér allsérkennilegar ræður, að mér fannst. Það mál, sem til umr. var, var þáltill. á þskj. 287 um hagnýtingu síldarafla við Suðurland. Till. fjallar um það, að Alþingi feli ríkisstj. að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvernig hagnýta megi síldaraflann hér við Suðurland á sem beztan og verðmætastan hátt. Inn í þessar umr. kom hæstv. viðskmrh. og var óvenju viðskotaillur í sambandi við það, sem sagt hafði verið um þetta mál. Hann flutti hér allmikla siðavöndunarprédikun yfir flm. till. og sagði m. a., að hann teldi þessa till. hreint ekki þinghæfa. Enn fremur sagði hann, að rannsóknir teldi hann í þessu máli með öllu óþarfar, það, sem á stæði í þessum efnum, væri eingöngu, að það vantaði framkvæmdir, það vantaði athafnir, til þess að unnið yrði svo úr Suðurlandssíldinni, að mest og bezt verðmæti fengist úr henni. Í leiðinni gaf svo hæstv. ráðh. ýmsar upplýsingar varðandi málið, sem mér þóttu æðihæpnar.

Hæstv. ráðh. nefndi, að það hefði vissulega verið gert mikið hér til að bæta alla aðstöðu til að vinna Suðurlandssíldina og sagði, að söltun hefði stóraukizt frá því, sem áður var. Hann nefndi, að árið 1959 hefðu verið saltaðar rúmlega 52 þús. tunnur, árið 1960 hefðu verið saltaðar 78 þús. tunnur og árið 1961 109 þús. tunnur og nú s. l. ár, 1962, 124 þús. tunnur, og sagði svo, að þessar tölur sýndu það alveg ljóslega, að hér væri um mikla framför að ræða, og því væri í rauninni óþarft að sveigja að því, að hér væri eitthvað ógert af hálfu ríkisstj. Um niðursuðu og niðurlagningu á síld komst hæstv. ráðh. þannig að orði, að reist hefði verið á Siglufirði mjög fullkomin verksmiðja til niðurlagningar á síld og sannleikur málsins væri sá, að aðstaða okkar til þess að sjóða niður síld og leggja niður síld væri þannig, að þar hefðum við átt allmikla ónotaða möguleika, — möguleika, sem hefðu ekki verið nýttir. Var því að skilja á honum, að það væri ekki ýkjamikil þörf á því að gera miklu meira í þeim efnum.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að það er mikil þörf á því að aðhafast allmikið til þess að koma vetrarsíldinni, svo mikil sem hún er nú orðin, í verðmætara horf en verið hefur. Og það er í rauninni mjög illt til þess að vita, ef ríkisstj. landsins hefur ekki gert sér grein fyrir því, að á þessu er brýn þörf. Í rauninni má segja svipað um sumarsíldina, að það er sams konar þörf á því að gera þar ráðstafanir til að nýta þau verðmæti betur en gert hefur verið, og óskir, sem fram kunna að koma um það, að gerðar séu athuganir á því, hvernig megi bæta úr vinnslunni í þessum efnum, er ekki hægt að afgreiða með því að segja, að við eigum nægilegt af verksmiðjum fyrir, sem séu ekki notaðar, eða þá að hér hafi verið um miklar framfarir að ræða að undanförnu.

Tölurnar, sem hæstv. ráðh. nefndi í þessum umr. um söltun á Suðurlandssíldinni, segja ekkert til um það, að hér hafi verið um einhverjar framfarir að ræða í þessari verkunargrein. Við höfum stundum áður saltað eins mikið og nú. Árið 1956 voru saltaðar hér rúml. 116 þús. tunnur, og ýmis önnur ár var einnig saltað mun meira en þessi ár, sem hæstv. ráðh. nefndi hér. En þá stóð hins vegar svo á, á árunum 1956, 1957 og 1958, að þá var svo að segja öll veiðin, sem um var að ræða, söltuð eða fryst, aðeins örlítið af aflanum fór þá til bræðslu eða í verðminnstu verkunina. En nú hefur orðið sú breyting á, eftir að veiðin óx svona mikið eins og hún hefur gert síðustu tvö árin, að þá fer meginhluti aflans í bræðslu eða í mjög verðlitla verkun, því að sú síld, sem veiðist yfir veturinn, er hreint ekki vel til þess fallin að vera brædd, en aðeins sáralítill hluti fer til söltunar eða frystingar eða annarrar verkunar.

Hið rétta er það, að um alllangan tíma hefur verið svo gengið frá málum, að það hefur verið tryggt með fyrirframsamningum um sölu saltsíldar, að hægt væri að salta hér suðvestanlands í kringum 100 þús. tunnur. Stundum hefur verið saltað örlítið meira, stundum minna eftir því, hvernig veiðin hefur gengið. En þrátt fyrir stóraukinn afla hafa möguleikar í þessum efnum ekki aukizt frá því, sem áður var. En hitt liggur líka fyrir, að það er auðveldlega hægt að salta hér miklum mun meira magn en gert hefur verið og það er líka hægt að selja miklum mun meira magn af saltsíld en gert hefur verið. En það, sem þar stöðvar framleiðsluna, er, að markaði, sem hafa verið tilbúnir til þess að taka við okkar saltsíld, hefur ekki verið hægt að nýta vegna þeirrar viðskiptastefnu, sem ríkisstj. hefur haldið uppi. Samningar, sem gerðir hafa verið, hafa orðið að falla niður, vegna þess að ríkisstj. hélt uppi þeirri viðskiptastefnu, að hún eyðilagði þá markaði, sem fyrir hendi voru fyrir þessa saltsíld. Þetta atriði hefði auðvitað hæstv. viðskmrh. átt að vita allra manna bezt. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að það væri auðvelt að salta hér yfir veturinn 200—300 þús. tunnur af Suðurlandssíld, og það væri auðvelt að benda á örugga markaði fyrir þessa framleiðslu. En skilyrði til þess, að þeir markaðir verði nýttir, eru þau, að við verðum að eiga ákveðin við-

skipti við þær þjóðir, sem þar eiga hlut að máli. Ríkisstj. hefur sem sé greinilega valið þá leiðina að láta heldur síldina fara í verðlitla verkun, til þess að þurfa ekki að eiga viðskipti við þau markaðslönd, sem voru tilbúin að taka þessa framleiðsluvöru okkar. Þannig er sannleikurinn varðandi þessa verkunargreinina á Suðurlandssíldinni, söltunina.

Hvað er svo að segja um niðursuðu og niðurlagningu á síld? Er því raunverulega þannig háttað hjá okkur, að þar hafi verið um ónotaða möguleika að ræða, að þar höfum við átt einhvern verksmiðjukost, sem hafi ekki verið notaður? Þessu er auðvitað algerlega öfugt farið. Hið rétta er það, að við erum með mjög ónógan verksmiðjukost í þessum efnum. Við höfum gert nokkra viðskiptasamninga um sölu á niðursoðinni síld og niðursoðnum sjávarafurðum, og við höfum ekki getað staðið við þá samninga. Við höfum orðið að svíkja þá, vegna þess að við höfum ekki haft hér verksmiðjur til að afkasta upp í þessa samninga. Okkar útflutningsskýrslur sýna, að við höfum ekki flutt út nema nokkur hundruð tonn á ári af niðursoðnum sjávarafurðum og niðurlögðum, á sama tíma t. d. sem keppinautar okkar, Norðmenn, hafa um árabil flutt út niðursoðnar sjávarafurðir og þá fyrst og fremst niðursoðna síld, svo að skiptir tugum þúsunda tonna. Um langan tíma hefur útflutningur þeirra leikið á milli 20 og 30 þús. tonna af niðursoðnum sjávarafurðum, aðallega niðursoðinni síld. En Norðmenn selja mjög mikið af þessari vöru til ýmissa þeirra landa, sem íslenzk stjórnarvöld virðast nú forðast að eiga viðskipti við.

Það er alveg rétt, að það er á ýmsan hátt örðugt að finna hentuga markaði fyrir okkar niðursoðnu vöru í löndum Vestur-Evrópu flestum. Sum þeirra eru beinlínis útflutningslönd að niðursoðnum síldarafurðum, og þar er því miklu þrengra um vik. Það þarf því að leita til annarra staða.

Svo sagði hæstv. viðskmrh., að niðurlagningarverksmiðja síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði væri mjög fullkomin og vönduð verksmiðja. Nei, því miður verður að játa það, að hún er afskaplega frumstæð. Þar hefur verið framkvæmd tilraunavinna nokkur allmerkileg og mjög gagnleg eflaust, en þar er ekki um fullkomna verksmiðju að ræða. Sú síld, sem þar hefur verið lögð niður, hefur öll verið handflökuð, og hún hefur verið handskorin og handlögð niður í dósirnar og allt saman unnið þar í höndum á eins prímitífan hátt og hægt er að hugsa sér. Það er sannleikur málsins. Og heildarafköstin eru lítil. En framleiðslan hefur tvímælalaust verið góð, og menn hafa lært allmikið á þessari starfsemi. Það er mikill misskilningur, ef ríkisstj. heldur, að þarna sé um einhverja fullkomna verksmiðju að ræða og að þeir byrjunarerfiðleikar, sem hafa komið fram varðandi sölu á framleiðslu hennar, sanni eitthvað um þá möguleika, sem eru í þessum efnum.

Það er rétt, að í einni grein verkunarinnar á Suðurlandssíldinni hefur orðið um nokkra framför að ræða nú á s. l. vetri, en það er í hraðfrystingu á síld. Hraðfrysting á síld jókst talsvert mikið nú. Það reyndist mögulegt fyrir allmikið af frystihúsum hér suðvestanlands að koma fram breytingum á vélakosti sínum, þannig að hægt var að auka frystinguna til verulegra muna. Þetta hefur komið fram einnig í auknum útflutningi vegna þess, að það hefur stórlega dregið úr hraðfrystingu á síld fyrir innanlandsnotkunina. Beitunotkun í landinu hefur minnkað svo mikið frá því, sem áður var, að hægt er að flytja miklu meira magn út af þeirri síld, sem fryst er. En það er sem sagt rétt, að þarna hefur orðið um nokkra aukningu að ræða, en þó er það svo, að þarna eru enn þá mjög miklir möguleikar ónotaðir. Við höfum enn ekki komizt upp í það að flytja út nema rúmlega 20 þús. tonn af hraðfrystri síld, en við vitum til þess, að Norðmenn hafa komizt sum árin upp í 70 þús. tonn í útflutningi af frosinni síld, og við vitum enn fremur um það, að við eigum mikla möguleika á því að selja þessa vöru. En þar kemur nákvæmlega það sama upp og með saltsíldina, að við verðum að eiga viðskipti við þau lönd, sem ríkisstj. hefur brotið niður viðskiptin við, annars erum við í strandi með þessa framleiðslu líka. Þetta eru framleiðendurnir margsinnis búnir að benda ríkisstj. á. Samninga, sem gerðir hafa verið um sölu á þessari framleiðslu, hefur ekki verið hægt að framkvæma, vegna þess að hin almennu viðskipti við viðkomandi markaðsland hafa fallið saman. Hið rétta er því þetta, og því vil ég beina alveg sérstaklega til hæstv. viðskmrh. vegna þeirra umr., sem fóru fram áður um þetta mál, að það hefur verið saltað mun minna af Suðurlandssíld nú á s. l. ári og á árinu þar á undan en hægt var að gera, heldur en markaðsmöguleikar leyfðu okkur, vegna þess að mörkuðunum var lokað fyrir okkur vegna viðskiptastefnu ríkisstj. Hið sama er að segja um frystinguna á síld, að það var líka hægt að frysta mun meira af síld en gert var, en það strandaði líka á markaðsmálinu.

Aðrar verkunargreinar koma svo auðvitað líka til greina til hagnýtingar á vetrarsíldinni. Við vitum, að það er möguleiki á því að reykja allmikið af síld. Reynsla Norðmanna hefur líka sýnt okkur það, að þeir hafa verkað allmikið af sinni vetrarveiddu síld á þann hátt og fundið markað fyrir reyktu síldina í mörgum löndum. Við höfum svo að segja ekkert framleitt af þeirri vöru. Og hvaða ástæður eru til þess, að við höfum ekki getað verkað síldina á þennan hátt, og einnig til þess, að ýmsir þeir hafa ekki getað tekið þátt í framleiðslu á hraðfrystri síld, sem það hefðu þó viljað? Ástæðurnar eru þær, að það er vitanlega hægara sagt en gert að koma upp vinnslustöðvum eða verksmiðjum, þar sem svo stendur á, að ekki er hægt að fá nein stofnlán til framkvæmdanna. Í okkar landi háttar þannig til, að þó að um væri að ræða aðila, sem vildu koma upp vinnslustöð

til þess að reykja síld til útflutnings, þá er engin stofnun til í landinu, sem veitir stofnlán til byggingar slíkrar stöðvar. Fiskveiðasjóður, sem helzt ætti að sinna því verkefni, hefur ekki nægilegt fé til þess og svarar öllum, sem til hans leita, að hann hafi ekki fé í slíkt að leggja. Enginn vafi er á því, að ýmsir mundu leggja í það að koma upp niðursuðuverksmiðjum og einnig reykingarverksmiðjum, ef möguleikar væru á því að fá nægileg stofnlán til þess að koma upp slíkum rekstri. Fleiri atriði grípa svo hér inn í, sem hæstv. ríkisstj. ætti að þekkja betur til en nokkur annar. Sannleikur málsins er líka sá, að útlánapólitík ríkisstj. og vaxtapólitíkin standa mjög gegn því, að nokkrir aðilar ráðist í að vinna vöru, þar sem það kostar langan tíma að fullvinna vöruna til útflutnings. Það er oft og tíðum miklu hentugra og oft og tíðum eina leiðin, sem framleiðendur geta valið, að taka síldina beint upp úr veiðiskipinu, koma henni út í útflutningsskip, láta útflutningsskipið sigla með vöruna óunna á erlendan uppboðsmarkað og auðvitað sæta þar misjafnlega góðu verði. Það er oft og tíðum, að þessi leið er valin til þess að komast undan þeim mikla vanda að fá nægilegt fé í vinnslukostnaðinn og til þess að komast fram hjá hinum háu vöxtum, sem hér hvíla á framleiðslunni. Þeir, sem taka vöruna og þurfa að hafa hana í vinnslu í marga mánuði og jafnvel allt upp í eitt ár, eins og getur verið um sumar verkunaraðferðir, verða að borga óheyrilega háa vexti og fá til rekstrarins mjög knöpp rekstrarlán skv. reglum þeim, sem ríkisstj. hefur sett, og þetta hefur orðið til þess, að menn draga það við sig að fara í fullvinnslu á vörunni og sæta heldur hinu, að flytja vöruna út tiltölulega lítið unna. Það, sem gera þarf, til þess að síldarafli okkar, bæði sumarsíldarafli og vetrarsíldarafli, verði unninn á hagnýtari og verðmeiri hátt en gert hefur verið, er í fyrsta lagi það, að það þarf að gerbreyta um fyrirkomulag varðandi veitingu á stofnlánum. Það þarf að breyta um vaxtapólitík. Það þarf að breyta um rekstrarlánapólitík frá því, sem verið hefur. Og síðast, en ekki síst, þarf að breyta um viðskiptastefnu hjá ríkisstj. til þess að hægt sé að nýta þá markaði, sem alveg er vitanlegt að liggja á borðinu hjá okkur fyrir þessa framleiðslu. Hitt þarf svo gjarnan að gera líka, þegar er verið að ráðast í nýjar framleiðslugreinar eins og niðursuðu og niðurlagningu á síld, þá þarf á mikilli sérfræðiþekkingu að halda. Og af því hafa verið fluttar hér till. á Alþingi æði oft um það, að ríkisstj. beiti sér fyrir því að fastráða nokkra sérfræðinga, sem gætu gengið á milli framleiðenda og leiðbeint þeim, veitt þeim sérfræðilegar upplýsingar varðandi slíkar nýjar framleiðslugreinar.

Ég álít því, að það hafi verið hinn mesti misskilningur, sem hér kom fram í ræðu hæstv. viðskmrh., varðandi þessi mál, að það væri með öllu ástæðulaust að tala um, að það þyrfti að athuga, hvernig hægt væri að hagnýta á betri og verðmætari hátt síldaraflann, að þar væri allt athugað í botn. Ég segi það, að mér fannst, að það, sem hæstv. viðskmrh. sagði um málið, sýndi, að ríkisstj. hefði ekki áttað sig á því, hvað þyrfti að gera. Ég skal að vísu játa, að það eru ýmsir aðilar í þessu landi, sem hafa gert sér grein fyrir því í aðalatriðum, að hverju þessi athugun þyrfti að beinast og hvað það er, sem gera þarf til þess að fá úrbætur í þessum efnum. En það er nú svo, að þó að einstakir aðilar séu að halda fram sínum skoðunum á því, hvað gera þurfi, þá virðist hitt æði oft vera kröftugra, að Alþingi ákveði að setja niður nefnd manna, sem síðan geri almenna athugun á málinu og leggi þar fram till. um leiðir til úrbóta. Því tel ég fyrir mitt leyti, að sú till., sem hér er til umr., sé fyllilega réttmæt og í alla staði þinghæf till., og ég hef ekki áttað mig á því að öllu leyti enn, hvernig stóð á því, að hæstv. viðskmrh. tók þessu máli svo illa sem hann gerði, nema það sé þá raunverulegt, sem ég á erfitt með að trúa, að hann haldi, að málin standi á þann hátt, sem hann túlkaði þau. En ég held nú, að hann hljóti að vita betur í málinu.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Það mun á flestra vitorði, að sú síld, sem veiðist fyrir Suður- og Suðvesturlandi, er hið ákjósanlegasta hráefni til niðursuðu og jafnvel til niðurlagningar. Þá mun og vera á því lítill vafi, að síld má reykja og flytja út sem fullunna vöru þannig til sölu á erlenda markaði. Tilraunir með niðursuðu Faxasíldar eða Suðurlandssíldar hafa mér vitanlega ekki verið gerðar að neinu ráði, og má slíkt teljast alveg furðulegt og sýnir okkur betur en mörg orð, á hvaða stigi við stöndum í þessu stórmáli.

Ég vil benda hér á eitt mjög athyglisvert dæmi frá okkar nágrannaþjóð, Norðmönnum. Fyrir nokkrum árum suðu Norðmenn niður síld, 30 þús. tonn. Og eftir því sem mér er sagt, hefur það magn allmikið vaxið síðan. Enginn mun nú þurfa að halda því fram, að okkar ágætu frændur, Norðmenn, séu að leggja í slíkan stóriðnað, nema þeir sjái sér fyrir fram hag þar í, enda mun það vera, og einn af aðalauðmönnum Noregs, Bielland í Stavangri, er talinn með allra auðugustu mönnum Noregs og hefur auðsjáanlega fengið mikið af sínum auði einmitt í gegnum niðursuðu á síld og útflutning hennar til annarra landa.

Að áliti þeirra manna, sem bezt til þekkja, er talið, að hægt muni vera að selja allmikið magn af slíkri síld niðursoðinni, svo framarlega sem varan uppfyllir þau skilyrði, sem kaupendur gera til vörunnar, og þá um leið með góðri fyrirgreiðslu hæstv. ríkisstj., sem virðist þó oft og tíðum ekki hafa verið slík sem skyldi, þegar um það hefur verið að ræða að selja vörur til landa t. d. austan járntjalds. Þannig hafa Norðmenn í fjöldamörg ár soðið niður og lagt niður í dósir síld í stórum stíl, sem þeir hafa svo flutt út á er-

lenda markaði, og eftir því sem bezt verður vitað með ágætum árangri. Það má vel vera, að á meðan verið væri að koma vörunni til hinna ýmsu landa, þyrfti að leggja eitthvað í aukakostnað, svo sem í auglýsingar, koma vörunni inn á vörusýningar, senda út sýnishorn o. fl. þess háttar. Það verða allar þjóðir að gera, sem ætla að koma sínum vörum, sérstaklega nýjum vörum, inn á markaði. Kaupandinn kemur sjaldan sjálfur til þess að bjóða í vöruna, heldur verður seljandinn að leggja sig fram um það að bjóða sína vöru og koma henni þannig til væntanlegra kaupenda. Slík auglýsingastarfsemi getur komið til með að kosta allmikið fé. En í slíkt er alls ekki horfandi. Hér er allt að vinna. Mér finnst, að um þetta mál hafi ríkt allt of mikið sinnuleysi, sem m. a. hlýtur að stafa af vantrú á því, að nokkur árangur fáist.

Ég vil benda hér á aðeins eitt lítið dæmi, sem skeði hér í Reykjavík. Fyrir nokkru flutti einn af meðlimum útgerðarráðs Reykjavíkur, Guðmundur Vigfússon, fulltrúi Alþb., till. á fundi í útgerðarráði um rannsókn á möguleikum Bæjarútgerðar Reykjavíkur til að setja á stofn verksmiðju til að sjóða og leggja niður Faxasíld. Till. þessi er í alla staði hin athyglisverðasta, og hér var um að ræða eitt af stærstu útgerðarfyrirtækjum landsins og því ekki óeðlilegt, þótt það reyndi að brjótast inn á nýjar leiðir. En það merkilega skeður, að till. Guðmundar er felld. Þessi afstaða útgerðarráðs Reykjavíkur til þessa stórmáls talar sannarlega sínu máli. Það virðist svo sem ráðamenn þessa stórfyrirtækis telji sér það óviðkomandi, þótt mestur hluti þessarar gæðavöru sé látinn fara í gúanó. Þetta er því merkilegra, þegar það er haft í huga, að í stjórn þessa ágæta fyrirtækis eru m. a. framámenn íslenzkra útvegsmanna. Ég hef bara bent á þetta dæmi hér til þess að sýna fram á hið mikla vanmat, sem menn hafa á því, að reyndar séu nýjar leiðir til betri hagnýtingar okkar ágætu síldar.

Mér finnst, að þáltill. á þskj. 297, og reyndar má sama segja um þáltill. á þskj. 294, að þær séu báðar athyglisverðar, þótt þær séu aðeins bundnar við Suðurlandssíld, en að mínum dómi áttu þessar till. báðar að ná almennt til síldar, hvort sem hún væri veidd fyrir Suðurlandi eða Norður- eða Norðausturlandi. Rannsókn þá, sem þar er farið fram á að verði gerð, hefði átt að vera búið að framkvæma fyrir löngu. Sú staðreynd liggur fyrir, að engin slík rannsókn hefur verið framkvæmd. Enn þá fer mikill hluti þeirrar síldar, sem veiðist hér við land, til bræðslu, og engin raunhæf tilraun af hendi einstaklinga, félagasamtaka eða ríkisvaldsins hefur verið gerð til úrbóta á þessu sviði. Það, sem gert hefur verið, svo að hægt hefur verið að taka á móti hinni miklu veiði, sem oft hefur verið á síldveiðum, er það, að byggðar eru fleiri og fleiri síldarverksmiðjur. Það er vitanlega í sjálfu sér nauðsynlegt, svo langt sem það nær, að slíkar verksmiðjur séu reistar, og á meðan Íslendingar treysta sér ekki til þess að hagnýta síldina á annan og betri hátt en nú er gert, er ekki um annað að ræða en að setja mikinn meiri hluta af þessari gæðavöru í bræðslu. Í meðalsíldarári er ekki hægt að reikna með nema litlum hluta af síldinni, sem fer til söltunar og frystingar. Ég er ekki að halda því fram, að það sé ekki hægt að auka sölu á saltsíld, það er mál út af fyrir sig, sem hefði verið vel þess vert að hefði verið rætt hér á fundum í Alþingi. En það mun ekki verða gert af mér nú, hvað sem síðar kann að verða.

Það skal tekið fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að þó að reistar yrðu nokkrar niðursuðuverksmiðjur fyrir síld til viðbótar því litla, sem fyrir er, og þó að vel gengi með sölu á afurðum verksmiðjanna, mundi samt sem áður í sæmilegum síldarárum mikið magn síldar fara til bræðslu. En það, sem vinnst með því, ef hægt yrði að koma hér upp stórfelldum niðursuðu- og niðurlagningariðnaði á síld, er, að fyrir slíka vöru mundi fást margfaldur gjaldeyrir miðað við það að bræða og salta síldina. Auk þess mundi með tilkomu hinna nýju verksmiðja skapast ótrúlega mikil atvinna og í sumum tilfellum einmitt þar, sem vetraratvinnuna vantar. Sérstaklega á þetta þó við um niðurlagningu saltsíldar, en slík niðurlagning er einmitt tilvalin vetraratvinna.

Það, sem kom mér þó aðallega til að taka til máls um till., er Norðurlandssíldin. Um það verður ekki deilt, að Norðurlandssíldin er eitthvert bezta hráefni, sem til er, og hefur inni að halda flest þau bætiefni, sem nauðsynleg eru til manneldis. Það sama gildir og að nokkru leyti um Suðurlandssíldina, þótt hún sé ekki eins góð vara og hin norðlenzka og austfirzka síld.

Mjög smávægilegar breytingar hafa átt sér stað í meðferð saltsíldar, frá því fyrst að byrjað var að salta síld á Íslandi. Enn þá flytjum við meginpartinn og svo að segja alla okkar saltsíld út í tunnum. Mjög lítið er gert að því að setja þetta í hentugar pakkningar, sem aðrar þjóðir hafa allmikið farið inn á. Aðalmismunurinn, sem gerzt hefur frá því fyrst að byrjað var að salta síld á Íslandi og fram á þennan dag, er sá, að nú er mest framleitt af hausskorinni síld, kryddsíld og sykursaltaðri síld. Áður fyrr var síldin bara kverkuð og í einstaka tilfellum rúnnsöltuð, eins og það er kallað, þ. e. a. s. síldin var lögð niður í tunnurnar, án þess að hún væri kverkuð. Fyrir síldina þannig verkaða fæst í mörgum tilfellum ágætt verð. Hinu ber ekki að leyna, að margir þeir, sem bezt til þekkja, telja, að hægt muni vera að útvega markað fyrir niðurlagða norðlenzka síld í stórum stíl. Svíar kaupa t. d. af okkur á hverju ári tugi þúsunda tunna af síld, sem þeir svo leggja niður í dósir í verksmiðjum sínum og senda út um allan heim með ágætum árangri.

Dálítil tilraun með niðurlagningu síldar hefur verið framkvæmd á Siglufirði á vegum síldarverksm. ríkisins, eftir því sem næst verður komizt með ágætum árangri, og að því er

mér er tjáð, líkar sú vara yfirleitt mjög vel. En nú er það með slíka vöru sem aðrar, að eitthvað þarf að gera til þess að kynna vöruna í hinum ýmsu löndum. Hér er um mjög harða samkeppni að ræða af hendi Svíanna og jafnvel af hendi Norðmanna líka, og vitanlega þurfum við að sækja þar á. Fjárhagur þessa fyrirtækis mun vera allþröngur og því litlar líkur til þess, að þessi litla niðurlagningarverksmiðja hafi ráð á því að kynna þessa ágætu vöru erlendis eins og þörf væri á. Ég tel, að hér sé á ferðinni mjög merkileg tilraun, sem beri að hlúa að, eftir því sem hægt er. Norðmenn og Svíar hafa t. d. í þjónustu sinni fjölda ungra manna, sem eru á stöðugum ferðalögum um allan heim til þess að kynna niðursuðu- og niðurlagningarvörur þeirra og aðrar fiskafurðir. Í Svíþjóð er, eins og áður hefur verið frá sagt, fjöldi verksmiðja, sem leggja niður síld keypta frá Íslandi. Nú síðustu ár hefur það skeð, að Norðmenn hafa keypt nokkur þúsund tunnur af síld frá Íslandi og að langmestu leyti til niðurlagningar. Það sýnir okkur, hversu mikils virði þessar nágrannaþjóðir okkar telja þessa ágætu vöru. Mitt álit er, að einskis megi láta ófreistað til þess að kanna allar hugsanlegar leiðir í þessu máli. Ég tel lítinn vafa á því, að við Íslendingar höfum eins góðar, ef ekki betri aðstæður en nágrannaþjóðir okkar til þess að framleiða niðurlagða síld í stórum stíl til útflutnings, ef rétt og vel væri á haldið. Það er alveg útilokað, að við getum ekki orðið fyllilega samkeppnisfærir með verð miðað við Svía og Norðmenn. Í báðum þessum löndum er t. d. greitt hærra kaup en hér, þótt það sé út af fyrir sig ekki til fyrirmyndar, að við skulum vera eftirbátar frænda okkar í því efni.

Hér höfum við svo að segja alveg við bæjardyrnar það bezta hráefni, sem til er. Um það þarf ekki að deila, að jafnvel hin ágæta skozka síld er tæplega talin jafngildi við okkar ágætu norðlenzku síld. Það má vel vera, að til þess að koma á fót stórfelldum iðnaði í síld, bæði í niðurlagningu og niðursuðu, vanti okkur innlenda sérfræðinga á þessu sviði. En úr því hlýtur að vera hægt að bæta á stuttum tíma. Það hafa verið fengnir erlendir sérfræðingar, þegar síður skyldi heldur en þótt það væru fengnir nokkrir menn hingað til þess að kenna Íslendingum nauðsynlegar starfsaðferðir í sambandi við þessa iðju.

Um gjaldeyrishliðina, að því er mér er sagt af þeim mönnum, sem bezt vita, er, að fimmfaldur gjaldeyrir muni fást fyrir niðurlagða síld miðað við útflutta saltsíld í tunnum. Ég tel það vitanlega fjarri öllu lagi, ef rétt er, sem fram kom í einu dagblaðanna nú fyrir skemmstu, að niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði, sem er ríkiseign, hafi lítinn sem engan fjárhagsstuðning fengið frá ríkinu. Hér er um mjög merkilegar tilraunir að ræða, sem ríkisvaldinu ber alveg tvímælalaust skylda til að styðja á hvern þann hátt, sem nauðsynlegt getur talizt. Það eru fleiri staðir en Siglufjörður, sem salta síld, og þeir mundu ekki hafa á móti því, þó að hægt væri að leggja eitthvað niður af þeirri síld, sem þar er söltuð.

Um það, hvort hægt sé að sjóða niður norðlenzka síld, eru dálítið skiptar skoðanir. Sumir sérfræðingar eða menn, sem telja sig hafa vit á þessum málum, vilja halda því fram, að norðlenzka og austfirzka síldin sé óhentug til niðursuðu. Aðrir halda hinu gagnstæða fram. Þetta mál er vitanlega órannsakað eins og flest það, sem snýr að okkar síldariðnaði. Og vitanlega er hin mesta nauðsyn á því, að á þessu fari fram gagnger rannsókn. Sjálfum finnst mér það mjög ótrúlegt, að norðlenzka og austfirzka síldin sé ófær til niðursuðu, en sem sagt, hér þarf að koma til rannsókn sérfróðra manna.

Dálítil tilraun hefur verið gerð með reykingu á norðlenzkri síld. Sú tilraun hefur gefið sæmilega raun. Það er vitanlegt, að þegar byrjað er á nýjum framkvæmdum og nýrri framleiðslu og það af miklum vanefnum, eins og kom fram í ræðu síðasta hv. ræðumanns, þá er ekki hægt að fá lán út á neinar slíkar vinnslustöðvar, eins og reykingarhús fyrir síld, eða a. m. k. miklum örðugleikum bundið, og þá geta komið fyrir margvíslegir örðugleikar og margvísleg mistök. En slíka erfiðleika á að vera hægt að yfirstíga. Hin reykta síld, sem framleidd er á Siglufirði, mun hafa náð hylli kaupenda, bæði innanlands og erlendis, og er ekki nema gott um það að segja og lofar góðu um framhaldið.

Þá hefur verið reist á Akureyri allstór niðursuðuverksmiðja til niðursuðu á smásíld, sem hefur tekizt alveg með ágætum. Þarna í Eyjafirðinum er alveg ótakmarkað magn af einmitt slíkri vöru, sem hægt er að sjóða niður, og það er ekki fyrr en á síðustu árum, sem neitt verulega hefur verið gert í því að nota sér þetta ágæta hráefni til niðursuðu.

Í kringum síldariðnað okkar hefur verið allt of mikil þögn. Það er engu líkara en enn þá sé ríkjandi hin megnasta ótrú á því, að reyndar séu nýjar framleiðsluaðferðir og nýjar leiðir. Vitað er, að t. d. Norðmenn eru alltaf að finna út nýjar og nýjar leiðir, nýjar pakkningar og nýjar aðferðir til að gera vöruna sem bezta og útgengilegasta fyrir kaupandann. Á þessu þarf vitanlega að verða alveg gerbreyting. Síldin hefur inni að halda, eins og ég hef áður tekið fram, flest þau bætiefni, sem líkaminn þarf til viðhalds. Hundruð milljóna manna eru hungrandi úti um allan heim. Ég hef enga trú á öðru, ef vel væri á þessu máli haldið, en að til slíkra landa væri hægt að selja mikið magn af okkar ágætu síld, ýmist niðursoðinni eða niðurlagðri. Við verðum vitanlega að kenna þjóðum heims að meta þessa dýrmætu fæðu. Það má vel vera, að það taki nokkurn tíma að kenna þjóðum heims að meta að verðleikum okkar ágætu síld. En ég hef þá trú, að ef við lærum að tilreiða síldina á réttan hátt, munum við eiga í hinni íslenzku síld ótæmandi fjársjóð, sem mundi færa í þjóðarbúið

hundruð milljóna króna fram yfir það, sem fæst fyrir þessa vöru, eins og nú er háttað. Við eigum marga dugandi verzlunarmenn, sem eru fúsir á að reyna nýjar leiðir. Því þá ekki að nota sér þessa ágætu starfskrafta, senda þá út um allan heim, láta þá bjóða til sölu okkar nýju síldarafurðir, kynna sér, hvaða tegundir síldar mundu bezt henta í hinum ýmsu löndum, hvaða umbúðir mundu heppilegastar, hvað stórar pakkningar mundu heppilegastar og fleira þess háttar? Við vinnum nefnilega aldrei nýja markaði fyrir okkar síldarafurðir eða aðra framleiðslu nema með markvísri sókn á þessu sviði. Slík markaðsleit mundi að sjálfsögðu kosta allmikið fé. Ég tel, að nokkurn hluta þess kostnaðar ætti ríkið að greiða. Hluta af kostnaði gæti síldarútvegsnefnd prýðilega greitt, enda hefur hún sérstakan sjóð, sem heitir markaðsleitarsjóður, og svo gæti komið til mála, að einstaklingar og félög, sem teldu sig hafa áhuga og jafnvel hagsmuna að gæta, legðu eitthvað af mörkum. Að bíða og gera ekki neitt, láta allt reka á reiðanum er sama sem að gefast upp. Það er sú leið, sem okkur er ekki samboðin sem einni mestu fiskiþjóð veraldar.

Jafnhliða hinum nýja niðursuðuiðnaði væri vitanlega sjálfsagt að setja á stofn verksmiðju, sem framleiddi allar þær tegundir af dósum, sem með þarf. Með byggingu slíkrar verksmiðju mundi sparast töluverður gjaldeyrir, og tollur sá, sem nú er á slíkri vöru, bæði á hráefninu og á fullunnum dósum, yrði vitanlega að afnemast að mestu eða öllu leyti. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið á tollstjóraskrifstofunni, eru eftirtaldir tollar á innfluttum dósum til niðursuðu og niðurlagningar: 36% verðtollur, 16.5% söluskattur og 38.8% tollur af hverju kg af innfluttum niðursuðu- og niðurlagningardósum. Þetta gerir samtals hvorki meira né minna en 92.3% á hvert kg, sem inn er flutt af umbúðum undir síldina framleidda sem fullkomin matvæli. Þetta dæmi eitt út af fyrir sig sýnir okkur mjög ljóslega, að hingað til hefur ríkisvaldið ekki talið sérstaka ástæðu til þess að ýta undir menn til að leggja út í framkvæmdir á niðursuðu eða niðurlagningu á síld. Tollskráin er nú í endurskoðun, og má vel vera, að eitthvað af þessum tollum verði fellt niður, enda er slíkt höfuðskilyrði til þess, að menn sjái sér fært að leggja fé í slíka framleiðslu.

Ég er orðinn allmargorður um þetta mál. En þar sem ég held það vera eitt af mest aðkallandi verkefnum okkar, að hafizt verði handa um betri hagnýtingu síldarinnar en nú er, taldi ég rétt, að það álit mitt kæmi fram undir umr. um þá till., sem hér liggur fyrir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg í sambandi við þessa till., sem nú er til umr. Sumpart er það vegna þess, að ég tel, að það mál, sem till. fjallar um, sé eitt hið allra þýðingarmesta varðandi afkomumöguleika landsmanna í framtíðinni, og sumpart er það að gefnu tilefni í þeim — ég vil leyfa mér að segja furðulegu ræðum, sem hæstv. viðskmrh. flutti hér um þetta mál, þegar það var til umr. á dögunum. Till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvernig hagnýta megi síldaraflann við Suðurland á sem beztan og verðmætastan hátt, og gera að þeirri rannsókn lokinni ásætlun um það, á hvern hátt ríkið geti bezt stuðlað að því, að upp byggist iðnaður, er vinni sem fullkomnastar vörur úr þessum afla.“

Þannig hljóðar þessi till. En eins og grein er gerð fyrir í þeim athugasemdum, sem till. fylgja, og raunar öllum landsmönnum er kunnugt, hefur síldveiðin farið stórkostlega vaxandi við Suðausturland og raunar alls staðar við landið, og kemur þar til ekki sízt hin nýja veiðitækni, sem menn hafa nú náð tökum á og verður til þess, að möguleikar, sem ekki var áður hægt að notfæra sér, koma nú að fullum notum. Nú er hægt að finna síldina, þó að hún vaði ekki. Nú er hægt að veiða hana, þó að hún standi djúpt, vetur og sumar.

Það hefur orðið bylting í síldveiðitækninni, og framleiðslan hefur aukizt stórkostlega frá því, sem áður var. En sáralítið af þessari síld er hægt að selja sem matvöru, langmest af henni verður að fara í bræðslu og er selt út úr landinu fyrir sáralítið verð. En hér er um einhverja beztu fæðutegund að ræða, sem mjög mikið er notað af í heiminum. Það er því þjóðarnauðsyn — það er lífsnauðsyn að finna nýjar leiðir og nýja möguleika, til þess að hægt verði að selja síldina sem matvöru út úr landinu. Og um þetta fjallar þessi till., sem hér liggur fyrir, og orðalagið heyrðu menn áðan.

En þegar þessi till. kemur fram við 1. umr., rís upp einn af hæstv. ráðh., viðskmrh., og segist sjá alveg sérstaka ástæðu til þess að benda á það í sambandi við þessa till., að hér sé farinn að tíðkast sá ósiður að flytja till. að tilefnislausu og till., sem geti varla talizt þinghæfar, en í þeim flokki sé alveg hiklaust þessi till. Hún sé dæmigerð slík till., sem geti ekki talizt þinghæf, og með öllu ástæðulaus. Því sé sérstök ástæða til að vekja athygli á henni. Ég hef tekið hér orðrétt upp, að hæstv. ráðh. sagði, að till. væri eingöngu áróður af lélegasta tagi.

Ég vil fyrst í þessu sambandi minna á það, að 1960 var samþ. hér á Alþingi till. um síldarmálin, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að athugaðir verði til hlítar möguleikar á því að hagnýta síldaraflann landsmanna betur en nú er gert og þá einkum með það fyrir augum, að sem mestur hluti síldarinnar verði fluttur út sem fullunnin neyzluvara.“

Þessi till. var samþ. á Alþingi einróma, þ. e. a. s. með atkv. allra, sem atkv. greiddu, 27. maí 1960. Ekki lítur út fyrir, að hv. alþm. hafi verið hæstv. ráðh. sammála um það þá,

að till. eins og þessi væri óþinghæf eða áróður af lélegasta tagi, því að sú till., sem þá var samþ. einróma hér á Alþingi og fjallaði um síldarafla landsmanna yfir höfuð, má heita nær alveg efnislega samhljóða þeirri, sem nú er flutt hér, en fjallar að vísu aðeins um síldaraflann við Suðurland.

Hitt er svo annað mál og hefur kannske átt einhvern þátt í hinum furðulegu viðbrögðum hæstv. ráðh., að mönnum er ekki kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. hafi gert nokkurn skapaðan hlut til að framkvæma þingviljann frá 1960, sem kemur fram í þeirri ályktun, sem ég var að lesa. En þá ályktaði Alþingi, að hæstv. ríkisstj. skyldi beita sér fyrir því, að athugaðir yrðu til hlítar möguleikar til að hagnýta betur síldarafla landsmanna en nú er gert. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki, svo að kunnugt sé, látið fara fram neina heildarathugun á því máli skv. þál., eins og henni var þó skylt að láta gera. Og þá hefur auðvitað engin skýrsla komið um almennt ástand þessara mála, nema ef menn eiga að kalla það niðurstöðu rannsókna um þessi mál, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. og ég skal nú víkja að smátt og smátt í fáum orðum.

Ég vil leyfa mér að finna að því við hæstv. ráðh., að hann skuli leyfa sér að flytja ruddalegan skæting í staðinn fyrir rök, þegar um málefni er að ræða eins og þessa þáltill., sem engum dylst að er ekki aðeins fullkomlega þinghæf og þingleg og í fullkomnu samræmi við alla þingvenju frá fyrstu tíð, heldur fjallar þar að auki um eitthvert þýðingarmesta nauðsynjamál landsins, sem sé að fram fari heildarathugun á því, hvað hægt sé að gera til að nota betur hinn mikla síldarafla við Suðurland. Ég vil leyfa mér að finna að þessu við hæstv. ráðh. og láta í ljós undrun mína yfir þessu. Og ég vil gjarnan segja það um leið, að þetta var ólíkt hæstv. ráðh., og ég varð alveg undrandi, þegar ég heyrði þetta, og ég vil vona, að þetta verði einsdæmi og til þessa hafi legið einhverjar ástæður, sem mönnum eru óljósar, fremur en þetta sé upphaf þess, að hæstv. ráðh. eða aðrir temji sér þess konar málflutning, sem hæstv. ráðh. varð hér á.

Ef svo reynist, þá má þetta frumhlaup hæstv. ráðh. gjarnan vera gleymt af minni hendi, og þannig held ég að sé um fleiri. En óhugsandi er, að það fari þegjandi fram hjá mönnum, þegar þannig er tekið á málum eins og hæstv. ráðh. gerði sig sekan um að þessu sinni.

Í þessum umr. hélt hæstv. ráðh. því fram, að það væri hrein blekking, að ríkisvaldið ætti nokkuð ógert í þessum málum, og orðrétt sagði hæstv. ráðh.: „Hér er í sannleika sagt ekki um að ræða nein veruleg rannsóknarefni, sem upplýsa þarf.“ Þetta átti að vera rökstuðningurinn fyrir því, að það væri nánast móðgun við þingið að flytja till. um, að heildarathugun færi fram á þessum málum. Hér væri í sannleika sagt ekki um að ræða nein veruleg rannsóknarefni.

Enn fremur sagði hæstv. ráðh. orðrétt, að „innan atvinnuveganna væri mjög víðtæk þekking á þeim vandamálum, sem hér er bent á.“ En ályktunarorðin voru þau, sem ég sagði áðan.

Ég verð enn að láta í ljós undrun mína yfir því, að einn af hæstv. ráðh. skuli leyfa sér að flytja fram þetta sjónarmið, og sannast að segja verður augljóst, hversu fráleit þessi skoðun hæstv. ráðh. er, þegar rökin fyrir henni eru krufin ofur lítið til mergjar, eins og þau komu fram hjá hæstv. ráðh.

Fyrstu rökin, og að því er manni skildist aðalrökin, voru þau, að SÍS hefði ekki komið upp niðursuðuverksmiðju. Vegna þess að SÍS hefði ekki komið upp niðursuðuverksmiðju, þyrfti ekki að fara fram nein heildarathugun á því, hvort mögulegt væri að gera síldaraflann verðmætari en ella. Þetta var hugsunargangur hæstv. ráðh. og það, sem kom fram hjá honum um þetta.

SÍS hefur ekki komið sér upp neinni niðursuðuverksmiðju enn þá. En auðvitað skiptir það engu máli, þegar það er metið, hvort ástæða sé til þess að láta fara fram heildarathugun á síldarmálunum eða ekki.

Hæstv. ráðh. lét sér líka sæma í þessu sambandi að deila á SÍS fyrir að hafa ekki komið upp niðursuðuverksmiðju. Hann fór hörðum orðum um Sambandið fyrir að hafa ekki komið sér upp niðursuðuverksmiðju. Nú fjallar þessi þáltill. ekki aðeins um niðursuðu á síld, heldur að athugun fari fram á öllum hugsanlegum möguleikum til þess að verka síld til manneldis og selja hana þannig úr landi. En ef hæstv. ráðh. sér ástæðu til þess að ámæla SÍS stórkostlega fyrir að hafa ekki komið upp niðursuðuverksmiðju nú þegar á síld, þá hlýtur hæstv. ráðh. að álita, að það séu miklir möguleikar til þess að reka niðursuðu hér með sæmilegum árangri, því að annars mundi hann ekki láta sér sæma að deila á Sambandið fyrir það að hafa ekki komið upp verksmiðju.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að það hefur verið hér heimild í lögum lengi til að koma upp niðursuðu á vegum ríkisins. En slíkri niðursuðuverksmiðju hefur ekki verið komið upp eða hún rekin, fyrr en niðurlagningu var komið upp nú fyrir stuttu, sem ég mun koma að síðar. Og ef SÍS er ámælisvert fyrir að hafa ekki komið upp niðursuðuverksmiðju enn þá, hvað má þá segja um allar þær ríkisstjórnir, sem setið hafa og ekki hafa komið upp neinni niðursuðuverksmiðju á vegum ríkisins á undanförnum árum, fyrr en lagt var út í þá tilraun með niðurlagningu á Siglufirði, sem ég mun koma að síðar og ríkisstj. hefur ekki átt neinn þátt í að neinu leyti. Það var ekki að neinu leyti að frumkvæði ríkisstj., sem sú niðurlagning var sett á fót, og hún hefur ekkert hana stutt, nema aðeins með því að veita ríkisábyrgð fyrir þeim lánum, sem síldarverksmiðjustjórnin hefur útvegað til niðurlagningarinnar.

Á þessu sjáum við, að það rekur sig hvað á annars horn hjá hæstv. ráðh. í þessu efni. Og það er bara sýnishorn af röksemdafærslunni, þegar hæstv. ráðh. segir í öðru orðinu,

að það sé engin þörf á því, að fram fari heildarathugun á möguleikum til þess að verka síld til manneldis, vegna þess að SÍS hafi ekki enn þá komið sér upp niðursuðuverksmiðju, en tekur sig síðan til og deilir harðlega á SÍS fyrir ósæmilega vanrækslu að hafa ekki komið slíkri verksmiðju upp.

Þó að SÍS hafi enn þá ekki komið sér upp niðursuðuverksmiðju síldar, er ekki þar með sagt, að slíkt geti ekki komið til greina. SÍS hefur í mörg horn að líta og þarf að sinna mörgum rekstri og getur ekki vegna rekstrarfjárskorts sinnt nema sumum þeirra verkefna, sem það gjarnan vildi sinna.

Þessi skætingur hæstv. ráðh. í garð SÍS út af þessu er náttúrlega alls óviðkomandi efni þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, og undanbrögð af hendi hæstv. ráðh. frá því að horfast í augu við efni hennar.

Það er annar kafli í sambandi við málflutning hæstv. ráðh. að þessu leyti, að hann var líka svo smekklegur, að hann sá ástæðu til þess að hreyta ónotum í SÍS fyrir að hafa komið upp tilraunastöð í Hafnarfirði, sem á að hafa það með höndum að gera tilraunir með ýmsar nýjungar í verkun fiskafurða. Ráðh. sá alveg sérstaka ástæðu til að hreyta skætingi að þessari starfsemi. En maður hefði átt að geta búizt við, að það andaði öðruvísi í garð slíkrar framtakssemi af hendi ráðamanna landsins, að þeir skildu og hefðu vit á því að þakka það, að einstök fyrirtæki í landinu og félagasamtök hefðu forgöngu um eitthvað nýtt í þessu efni. En auðvitað er það ekkert nema skætingur, þegar hæstv. ráðh. leyfir sér hér að gera lítið úr þessari starfsemi, vegna þess að það hafi ekki verið flutt út enn þá nema ½ tunna eða svo af reyktri síld.

Einhvern tíma verður að byrja, ekki aðeins á fyrstu hálfu tunnunni, heldur meira að segja á fyrstu síldinni. En það virðist hæstv. ráðh. alls ekki vera ljóst. Og þess vegna heyra menn það hér á Alþingi, að einn af hæstv. ráðh. hefur það eitt til þessara mála að leggja að hreyta ónotum að þeim, sem eru að reyna að ryðja nýjar brautir í þessum efnum, hreyta ónotum fyrir það, að þeir hafi ekki séð sér fært að sinna öllu í senn, og hreyta ónotum að þeim tilraunum, sem vitanlega verða ætíð fyrst að vera í mjög smáum stíl, það verður að þreifa sig áfram.

Ég hef nú farið örfáum orðum um þessa fyrstu röksemd hæstv. ráðh. fyrir því, að ástæðulaust væri, að nokkur heildarathugun færi fram á þessum málum, ef röksemd skyldi kalla, og skal ekki fara lengra út í það.

Næsta röksemd hæstv. ráðh. var svo sú, að það hefði aukizt mjög mikið söltun á Suðvesturlandssíld og nýjar verkunaraðferðir í því sambandi komið til greina upp á síðkastið. Þetta var önnur röksemd hæstv. ráðh. fyrir því, að till. væri ekki aðeins óþörf, heldur nánast móðgandi fyrir Alþingi. Athugum þessa röksemdafærslu hæstv. ráðh. með aðeins örfáum orðum.

Langmestur hluti eða nær öll sú síld, sem enn er flutt út frá Íslandi til manneldis, er saltsíld í tunnum, og það er aðeins hverfandi lítið brot enn sem komið er, sem flutt er út öðruvísi, þegar frá er tekið það, sem er fryst af síldinni og þannig flutt út, og svo nokkuð um súrsun og annað slíkt. En það er vitanlega öllum ljóst, sem hafa komið nálægt þessum málum, að aðrar þjóðir, sem framleiða síld, framleiða síld til sölu bæði innanlands hjá sér og líka til útflutnings út úr löndunum með margvíslegum öðrum hætti.

Þetta er vandamál, sem sífellt þarf að vera að skoða og reyna að leysa með því að finna upp fleiri verkunaraðferðir á síldinni til manneldis og nýjar leiðir til þess að pakka síldinni og gera hana þannig úr garði, að neytendur í öðrum löndum vilji kaupa hana. Það er bókstaflega ekki hægt að sætta sig við það, að hér verði ekki breytingar, ef ekki stökkbreytingar, þá a. m. k. smátt og smátt breytingar í þá átt að gera verkun síldarinnar fjölbreyttari. Hér er ekki aðeins um að ræða niðursuðu og niðurlagningu, heldur að pakka síldinni öðruvísi en í tunnur, tilreiða síldina á margvíslegan hátt.

S. l. sumur hef ég dálítið verið riðinn við síldarmál, vegna þess að ég hef átt sæti í stjórn síldarverksmiðja ríkisins, og ég hef ferðazt nokkuð um Norðurland á sumrin af því tilefni. Ég hef gert mér far um að koma á söltunarstöðvarnar og rætt við ýmsa þá, sem reka þær og hafa söltunina með höndum. Ég hef mikið rætt þessi efni við þá, hvort ekki væri hægt að finna upp nýjar leiðir til þess að pakka síldinni og verka hana á annan og fjölbreytilegri hátt en nú er gert. Og venjulega hafa menn sagt, að þeir efuðust ekkert um, að þetta væri mögulegt, en þeir teldu, að það væri þýðingarlaust að vera að kynna sér neyzluvenjur í öðrum löndum og eftirspurn eftir síld, sem væri verkuð með öðru móti og pökkuð á annan hátt en í tunnur, vegna þess að þeir fengju ekki að stofna til beinna viðskiptasamninga erlendis, því að þessi mál, útflutningur síldarinnar, væru að öllu leyti á vegum síldarútvegsnefndar.

Þetta voru svörin, sem ég fékk sumarið 1960 og sumarið 1961. Ég tók þá þetta mál hér upp í þinginu ásamt öðrum þm. og stakk upp á því, að síld, sem væri í neytendapakkningum, þ. e. a. s. öll önnur síld en sú, sem sett væri í tunnur til útflutnings, yrði gefin frjáls, yrði tekin undan sölumeðferð síldarútvegsnefndar og yrði gefin frjáls, og þá í þeirri von, að ef þetta væri gert, sæju einstaklingarnir sér hag í því að fara að kynna sér af kappi neyzluvenjur erlendis, mundu stofna til sinna eigin sambanda um sölu á síld, sem pökkuð væri og tilreidd með öðru móti, og þannig mundi vera hægt að leysa kraft úr læðingi til að auka fjölbreytnina í þessari þýðingarmiklu grein.

Þessi mál tóku síðan þá stefnu, að hæstv. ríkisstj. tók inn í frv. sitt um breyt. á l. um síldarútvegsnefnd, er samþ. var á síðasta þingi, ákvæði um, að ef síld væri sett í neytendapakkningar, skyldi verkun og verzlun með

hana vera frjáls. Og þetta ákvæði gilti s. l. sumar.

Nú skal ég ekki segja, hvort þessi breyting, sem ég taldi mjög hyggilega og ég beitti mér fyrir ásamt öðrum, verði að því gagni, sem við vonuðumst eftir, sem beittum okkur fyrir henni. En ég vona, að þegar stundir líða, verði hún að einhverju gagni. Hitt dylst mér ekki og verð sannfærðari og sannfærðari um, eftir því sem ég hugsa meir um þessi mál og kynnist þeim meira í sambandi við starf mitt á sumrin nyrðra og eystra í síldarverksmiðjustjórninni, að það þarf að koma fleira til en bara það að gefa viðskiptin með síldina í neytendapakkningunum frjáls. Ég sannfærist um það betur og betur og líka í sambandi við þá reynslu, sem ég hef fengið sem einn af stjórnarnefndarmönnum fyrir niðurlagningarverksmiðjunni nýju á Siglufirði, að það þarf að koma annað og meira til. Það þurfa að fara fram ýtarlegar og nákvæmar neyzlurannsóknir, ef svo mætti orða það, á síld og síldarafurðum í öllum löndum, sem koma til greina. Þessar rannsóknir verða Íslendingar að framkvæma og einnig markaðsrannsóknir, og það kostar áreiðanlega mikið fé að framkvæma slíkar rannsóknir. Og þessar rannsóknir er ekki hægt að framkvæma til neinnar hlítar, eða svo að tæmandi sé, nema með því, að hið opinbera hafi forgöngu um þær að einhverju verulegu leyti til viðbótar því, sem einstaklingarnir sjálfir vilja gera, eftir að meira frelsi hefur verið innleitt í þessum málum.

Það leikur því enginn vafi á því, að þarna er stórkostlegt verkefni, sem þarf að leysa, og það er ekki nóg, að það aukist söltun á síld, eins og hæstv. viðskmrh. virðist álíta. Hér verða að koma til nýjar verkunaraðferðir. Og það er alveg víst, að hér dugir ekki það, sem síldarútvegsnefnd gerir í þessu efni, það er ekki nægilegt eitt út af fyrir sig, og ekki heldur það, sem einstaklingarnir gera, þó að þeir kunni eitthvað að aðhafast í framhaldi af því frelsi, sem þeir nú hafa fengið. Og ég vona, að þeir geri það, þó að maður hafi ekki orðið var við það enn þá.

Til viðbótar því, sem gert er á vegum síldarútvegsnefndar, og til viðbótar því, sem gert er á vegum einstaklinganna, þurfa að koma tli afskipti þess opinbera og þau allvíðtæk, og þá ekki síst neyzlurannsóknir í nálægum löndum, sem verða að vera kostaðar að verulegu leyti af því opinbera, og markaðsrannsóknir. Og síðan í framhaldi af því verða að eiga sér stað framleiðslutilraunir. Og það er alveg víst, að þær framleiðslutilraunir verða ekki gerðar í sumum greinum, sem til álita koma, nema með stuðningi ríkisvaldsins, nema þær séu að einhverju leyti styrktar.

Það mun sýna sig, að sumar þeirra tilrauna, sem þarf að gera í framhaldi af rannsóknunum, neyzlurannsóknunum og markaðsrannsóknunum, eru svo kostnaðarsamar og jafnvel svo áhættusamar, að það er óhugsandi, að einstaklingar geti lagt í þær. Það er alveg óhugsandi.

Og ef ríkjandi verður í þessum efnum fullkomið tómlæti og hið opinbera er ekki reiðubúið að fórna hér bæði fé og fyrirhöfn og takast í hendur við einstaklingsframtakið til að ryðja hér nýjar brautir, þá munu ekki gerast nein veruleg stórmerki í þessu máli á næstunni til stórtjóns fyrir þjóðfélagið. En það er á hinn bóginn alveg áreiðanlegt, að ef við náum réttu tökunum á þessum málum, er hægt að koma upp mörgum nýjum framleiðslugreinum með síldina sem hráefni og hægt að tilreiða hana og pakka með margvíslegu öðru móti en nú er gert til útflutnings úr landinu.

Ég get sagt það rétt til dæmis um þetta, að ég kom í hittiðfyrrasumar á litla síldarstöð úti á Amager í Kaupmannahöfn. Þetta var lítil stöð, það unnu eitthvað um 15 manns á stöðinni. Þangað komu inn síldartunnur frá Íslandi og frá Noregi og síldin var tekin upp úr þessum tunnum og pökkuð þar í ýmiss konar neytendaumbúðir og henni breytt með ýmsu móti. Ég vissi ekki, hve margar vörutegundir það voru, sem afgreiddar voru frá stöðinni. En þær skiptu áreiðanlega tugum, þær tegundir af síldarvörum, sem þaðan voru svo aftur afgreiddar út um borgina. Og þannig stöðvar eru náttúrlega víðs vegar í síldarneyzlulöndunum.

Allt þetta þarf að rannsaka til hlítar. Það kostar mikið erfiði og mikið fé, og mér dettur ekki í hug að kasta neinni rýrð á síldarútvegsnefnd og störf hennar, sem áreiðanlega hafa verið að mörgu leyti mjög merkileg. Ég hef það fyrir satt, að það séu duglegir menn sumir hverjir, sem þar starfa að síldarsölumálunum. En það er auðvitað fjarstæða að halda, að 2 eða 3 sölumenn, hversu duglegir sem þeir kunna að vera, geti bæði annað því að selja allt það óhemjumagn, sem hér er framleitt af saltsíld og einstökum öðrum tegundum, sem framleiddar eru í stórum stíl, og jafnframt fylgzt með eða látið rannsaka eða rannsakað alla möguleika til þess að selja síld með öllu öðru hugsanlegu móti í öllum löndum jarðarinnar. Það er náttúrlega með öllu gersamlega óhugsandi, að tveir eða þrír menn geti annað þessu verkefni. Og sannleikurinn er sá, að þegar menn hafa svona stórkostleg mál með höndum, eins og að selja þetta gífurlega magn af saltsíldinni og fjalla um þessi óskaplega stóru vöru-„parti", þá hættir slíkum mönnum — það er ekki nema mannlegt — auðvitað við því að líta á það sem smávægilegri verkefni, sem verði að sitja á hakanum, að sinna örsmáum pöntunum um einhverjar sérstakar pakkningar af síld og öðru slíku.

Það er ekki nokkur vafi á því, að leitin að því nýja hefur orðið útundan að nokkru leyti, og ég get sagt mönnum það líka, af því að það er fróðlegt fyrir hv. þm. að vita það, að öngþveitið í þessum málum var svo alvarlegt, að þegar ég fór að ganga á síldarstöðvarnar og spyrja síldarsaltendurna, af hverju þeir legðu ekki út á nýjar brautir, af hverju þeir byggðu ekki pökkunarstöðvar og verkunar-

stöðvar, framhaldsverkunarstöðvar, út frá síldarstöðvum sínum, en hefðu verið í þessu kannske 20—30 ár, þá sögðu þeir sumir: Það er fyrst og fremst vegna þess, að þetta er allt saman bundið á vegum síldarútvegsnefndar. Hún veitir öll útflutningsleyfi. Hún vill selja síldina ein, og það þýðir ekki fyrir okkur að leita nýrra sambanda eða nýrra aðferða. Þegar ég svo vakti athygli á þessu hér á Alþingi í þskj. og flutti till. um það ásamt öðrum að gefa þetta frjálst til þess að leysa þennan vanda, þá hljóp til formaður síldarútvegsnefndar og gaf það út í fréttatilkynningu og setti í öll blöð landsins, að það, sem ég sagði um þetta eftir síldarsaltendum, væri misskilningur, síldarútvegsnefnd hefði ætlazt til þess, að þetta væri frjálst. En það bara vissi enginn síldarsaltandi, að þetta væri frjálst, eftir því sem þeir sögðu mér. Það vissi enginn, að það væri frjálst.

Þannig var þetta í þessari bjánalegu sjálfheldu, að formaður síldarútvegsnefndar hélt því fram, þegar ég fór að benda á ástandið í þessum málum og að hér þyrfti að gera nýjar ráðstafanir og í grg. fyrir málinu sagði, hvað mér hefði verið sagt um þetta á síldarverkunarstöðvunum, — þá hélt form. því fram, að þetta hefði verið frjálst. Svo fór ég að athuga þá pappíra, sem ráðh. hafði gefið út til síldarútvegsnefndar, og þá sá ég, að síldarsaltendurnir höfðu rétt fyrir sér, því að síldarútvegsnefndin hafði fengið — það var orðað þannig — hafði fengið einkarétt til þess að fjalla um alla saltsíld, og það var ekkert undan tekið, ekki neytendapakkningar eða neitt þvílíkt. Og það hefur sjálfsagt verið tilkynnt og þeir, sem söltuðu síldina, dregið af því alveg réttar ályktanir. En formaður síldarútvegsnefndar taldi sig ekkert hafa með þetta að gera og ekki síldarútvegsnefndina, eftir því sem hann síðar sagði. en hinir töldu, að síldarútvegsnefndin hefði þetta ein. Þannig hefur ástandið verið í þessum málum.

En útkoman úr þessu dæmi varð svo sú, þegar farið var að róta upp í þessu, að inn í síldarútvegsnefndarlögin var sett ákvæði um, að mönnum skyldi vera frjálst að setja síld í neytendapakkningar og flytja hana út og selja hana sjálfir þannig úr landinu. Þessa breytingu tel ég til bóta. En það er hin mesta fjarstæða, ef hæstv. ráðh. meinar, að þetta sé nóg og það þurfi ekkert meira að gera, það þurfi ekkert meira að gera t. d. en það, sem síldarútvegsnefnd hefur gert, og það, sem hugsanlegt er að muni ske í framhaldi af þessu frelsi fyrir síldina í neytendapakkningunum.

Ég vona af heilum hug, að margir einstaklingar, sem fást við síldina, fari út í að pakka í neytendapakkningar sjálfir og kynni sér neyzluvenjur og framkvæmi markaðsrannsóknir. Ég vona af heilum hug, að þeir geri það. En ég veit hitt af mínum kynnum af þessu máli, að það er ekki nóg, að þeir geri það einir. Það verður að gera í þessu stórkostlegt átak líka af hálfu þess opinbera. En sannarlega blæs ekki byrlega fyrir slíku, þegar við heyrum úr ráðherrastólum hér á Alþingi setningar eins og þessa: „Hér er í sannleika sagt ekki um að ræða neitt verulegt rannsóknarefni, sem upplýsa þarf.“ Það blæs sannarlega ekki byrlega fyrir framtíð þessarar mikilvægu atvinnugreinar, meðan slíkar yfirlýsingar koma frá hæstv. ráðh.

Þriðja ástæðan, sem hæstv. viðskmrh. færði svo fyrir því, að till. væri ekki aðeins óþörf, heldur einnig sýndi hún takmarkalaust ábyrgðarleysi og væri raunar óþinghæf, var svo það, að niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði hefði ekki uppfyllt þær vonir, sem til hennar voru gerðar, og af því áttu menn víst að álykta, að það þyrfti þess vegna ekki meira að hugsa um niðurlagningu á síld.

Vegna þess að mér er þetta mál nokkuð sérstaklega kunnugt, þar sem ég er í stjórn síldarverksmiðja ríkisins og síldarverksmiðjur ríkisins reka þessa niðurlagningarverksmiðju, hafa komið henni á fót og stjórn síldarverksmiðjanna er stjórn hennar, þá langar mig til þess að segja um þetta efni nokkur orð. En orðrétt sagði hæstv. ráðh. um þetta, eða þær upplýsingar, sem hann gaf Alþingi um þetta, voru þessar:

„Fyrir nokkrum árum var nefnilega einmitt með tilstilli hins opinbera og á vegum síldarverksmiðja ríkisins reist mjög fullkomin niðursuðuverksmiðja á Siglufirði, en því miður hafa ekki þær vonir, sem tendgdar voru við þá framkvæmd, rætzt, því að sala til útflutnings hefur gengið mjög illa.“

Þar með er það mál úr sögunni, að dómi hæstv. ráðh. En í tilefni af þessu vil ég taka eftirfarandi fram: Eins og ég gat um áðan, er búin að vera frá 1946 heimild í lögum til að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til að sjóða og leggja niður síld í dósir. Þessi lög höfðu ekki verið framkvæmd, og ég get nú ekki stillt mig um að minna á það enn, að sé það á rökum reist hjá hæstv. ráðh., að Samband ísl. samvinnufélaga hafi vanrækt eitthvað með því að vera ekki búið að koma upp niðursuðuverksmiðju, hvað má þá segja um það, að allar götur frá 1946 og þangað til nú fyrir tæpum tveimur árum var ekkert gert til þess að framkvæma þessi lög, sem eru um að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða og leggja niður síld í dósir? Og áreiðanlega eru ekki fáir sjútvmrh. búnir að sitja á þessum árum, t. d. úr Alþfl. En ég ætlaði ekki að fara að deila um þetta meira, heldur ætlaði ég að segja í fáum orðum sögu niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði, þessarar nýju.

Þá er það fyrst að segja, að stjórn síldarverksmiðjanna ákvað að beita sér fyrir því, að komið yrði upp niðurlagningarverksmiðju á Siglufirði, og hafði þá m. a. í huga þessa lagaheimild, sem ég var að minnast á áðan, ekki niðursuðuverksmiðju, eins og hæstv. ráðh. heldur, heldur niðurlagningarverksmiðju. Og síldarverksmiðjustjórnin átti frumkvæði að þessu máli og leitaði til ríkisstj. um fjárframlög í þessu skyni. Sannleikurinn var sá, að hér var farið mjög smátt af stað, og

ég man ekki betur en stofnkostnaður væri áætlaður eitthvað 2—3 millj. kr., því að meiningin var að fara smátt af stað í tilraunaskyni.

Það kom þá í ljós, að hæstv. ríkisstj. taldi ekki mögulegt að leggja fram neitt fé til þessarar niðurlagningarverksmiðju af því fé, sem hún hafði til umráða. Það eina, sem hægt var að fá hjá hæstv. ríkisstj., var ríkisábyrgð eða réttara sagt leyfi til þess, að síldarverksmiðjustjórnin færi af stað með þetta, ef hún gæti útvegað fé til þess, og ríkisábyrgð má kannske kalla það að forminu til, þ. e. a. s. það var eiginlega aðeins leyfi til þess að fara af stað með slíka tilraunaverksmiðju til niðurlagningar á síld.

Síldarverksmiðjustjórnin skrapaði svo saman með ýmsu móti þá peninga, sem þurfti til þess að koma þessu af stað, og varð að fara á fleiri en einn stað til þess. En það tókst nú, og var fyrst farið af stað eftir að búið var að útvega nauðsynlega sérþekkingu, sem tókst að útvega frá Noregi. Þá var farið af stað og lagt niður s. l. vetur úr nokkur hundruð tunnum. Það var gert án þess að hafa fullkomnustu vélar til þess, og þess vegna varð framleiðslukostnaður nokkuð mikill, enda var þetta fyrst og fremst gert til að finna, hvort ekki væri hægt að komast upp á lag með að framleiða góða vöru, sem væri samkeppnisfær að gæðum. Og það tókst strax að framleiða vöru, sem að dómi sérfræðingsins er samkeppnisfær að gæðum.

Þá var tekin ákvörðun um að kaupa vélar til þessarar niðurlagningarverksmiðju, þannig að hún yrði vélvædd í bezta lagi, þótt hún væri smá, þannig að hægt væri að koma við hentugum vinnuaðferðum og þá með það fyrir augum að koma framleiðslukostnaðinum niður. Það var strax eftir fyrstu tilraunina talið ljóst, að það væri allt í lagi með gæðin, og sú sérþekking og þær sósur, sem fengnar voru að, talið reynast vel. Síldin þótti sem sé strax sambærileg að gæðum við það, sem menn höfðu kynnzt annars staðar. Og þá var næsta skrefið að vélvæða verksmiðjuna, þannig að hægt væri að koma framleiðslukostnaðinum niður. Og ég get sagt mönnum þær fréttir, að talið er, að fullyrða megi, að þær tilraunir, sem síðan hafa verið gerðar um að leggja niður með hjálp nýju vélanna, sýni, að það sé hægt að leggja hér niður síld og gera hana samkeppnisfæra að gæðum og samkeppnisfæra að verði. Og er þá miðað við, að umbúðamálið, þ. e. a. s. dósamálið, sé leyst á hagfelldastan hátt. Það hafa ekki enn verið fengnar nægilega fullkomnar vélar til að leysa umbúðamálið á hagfelldasta hátt. En sé reiknað með því í framleiðslukostnaðinum, að umbúðamálið, sem auðvitað verður gert, verði leyst á hagfelldasta hátt, þá sýnir reynslan, að það mun vera hægt að framleiða hér eða leggja hér niður síld og bjóða hana með samkeppnisfæru verði við þá síld, sem aðrar þjóðir bjóða.

Það er þess vegna alger misskilningur, að niðurlagningarverksmiðjan sjálf hafi ekki uppfyllt þær vonir, sem tengdar voru við hana að þessu leyti. Ég mundi vilja segja, að þær hefðu rætzt þær vonir, sem menn gerðu sér, þegar til þessarar tilraunar var stofnað, að þessu leyti.

En þá mætti spyrja: Er þá ekki allt í lagi, og var ekki einsýnt að auka mikið framleiðsluna og stækka verksmiðjuna? En þá kemur í ljós, að aðalvandinn liggur í því að selja vöruna. Ég geri ráð fyrir því, að við höfum þarna vöru, sem sé alveg sambærileg að gæðum við það bezta, sem aðrar þjóðir bjóða. Við erum búnir að lækka verðið núna á þessum vörum, og við tókum okkur það leyfi að bjóða síldina með verði, sem svarar til þess, að umbúðamálið væri líka í fyllsta lagi, vegna þess að við teljum, að þessa tilraun erlendis til að selja verði að gera með samkeppnisfæru verði og með því verði, sem við sjáum að fullkomin verksmiðja gæti klárað sig með. Sem sagt, við megum ekki hækka verðið á vörunni með tilliti til byrjunarörðugleika, sem stafa af því, að okkar verksmiðja er ekki nægilega vélvædd. Við miðum því verðið núna við það, sem við sjáum að muni geta orðið viðvarandi í vel vélvæddri niðurlagningarverksmiðju.

En nú kemur í ljós, að þó að við höfum þarna góða síld, í fallegum umbúðum og með samkeppnisfæru verði, eru mjög miklir erfiðleikar á því að selja síldina. Hvernig stendur á því? Það er ósköp einfalt og ætti að vera hverjum manni skiljanlegt. Í þessum löndum eru boðnar þekktar vörur. Það eru vörumerki, það er síld, sem boðin er fram, sem neytendurnir gjörþekkja. Þeir þekkja þessi merki. En aftur á móti nýtt merki, nýja síld, sem kemur, þekkja þeir ekki. Og við vitum, hvað neytendur eru vanafastir að þessu leyti. Við þekkjum söguna um Ludvig David kaffibætinn. Hann þekkir hver einasti Íslendingur. Það var ákaflega sterk neyzluvenja hjá mönnum að vilja fá Ludvig David kaffibæti. Og þannig er þetta um fleira. Og þeim, sem leggja fyrir sig að selja þessar vörur í markaðslöndunum, gengur greiðast að selja þekktustu vörurnar, sem eru þekktar fyrir gæði. Þeir hafa miklu meira fyrir því að reyna að koma inn nýjum vörumerkjum og nýjum vörum. Það er margföld fyrirhöfn, jafnvel þó að varan sé jafngóð. Það er nefnilega ekki aðeins smekkur, sem byggt er á, heldur einnig trú. Og þetta höfum við orðið ákaflega greinilega varir við, bara við þessa litlu tilraun með afurðir niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði.

Okkur er það alveg ljóst núna, að það verður að leggja í óhemjukostnað. Þó að við hefðum niðurlagningarvörur, sem væru alveg sambærilegar að gæðum og verði, þá verður að leggja í óhemjukostnað við að ryðja þessum vörum braut inn á markaðina. Og þá kemur kannske hæstv. viðskmrh. og segir, eins og hann sagði um daginn: Þetta er bara sönnun þess, að það á ekkert meira að fást við þetta. Við eigum að leggja árar í bát. Því miður hafa ekki þær vonir, sem tengdar voru við þá framkvæmd, rætzt, því að sala til út-

flutnings hefur gengið mjög illa. — Það virðist hæstv. ráðh. álíta að sé nóg til þess, að það eigi að hætta, þó að það liggi fyrir, að við getum framleitt jafngóðar vörur og aðrir eða jafnvel betri en nokkrir aðrir og að við getum framleitt þetta með samkeppnisfæru verði, því að ég tel, að það sé hægt nú þegar að sýna fram á. En það koma í ljós miklir erfiðleikar samt við að selja vöruna. Þá er það sjónarmið hæstv. viðskmrh., kannske allrar ríkisstj., að þess vegna eigi að hætta, það sé a. m. k. engin þörf á neinni frekari athugun á því máli. „Þær vonir, sem við þessa verksmiðju hafa verið tengdar," sagði hæstv. ráðh., „hafa ekki rætzt."

En ég segi: Við eigum ekki að hætta. Við eigum að leggja í kostnað við að selja vöruna. Það er lífsnauðsynlegur stofnkostnaður, sem þarf að leggja fram. En það getur ekki þessi litla niðurlagningarverksmiðja gert, sem er fædd á þennan hátt, að hún hefur ekki fengið eina kr. frá ríkisstj., og síldarverksmiðjustjórnin hefur reytt saman smálán til þess að koma henni á fót. En síldarverksmiðjur ríkisins hafa ekkert fjármagn til að standa í þessu, því að þær eru svo fjármagnslausar, að þær geta ekki einu sinni komið í framkvæmd nauðsynlegustu endurbótum á sínum eigin verksmiðjum.

Ríkisstj. hefur búið þannig að síldarverksmiðjum ríkisins, — það er bezt, að ég upplýsi það hér í leiðinni, af því að hæstv. ráðh. gefur tilefni til þess, — það er búið þannig að síldarverksmiðjum ríkisins, að þar voru nýjar framkvæmdir á síðasta ári upp á eitthvað á milli 50 og 60 millj. Og hvað haldið þið, að síldarverksmiðjur ríkisins hafi fengið mikið lánsfé til þess að standa undir þessu? Þær fengu eitthvað í kringum 11 millj. kr. Allt hitt hafa þær orðið að gera svo vel að leggja fram af eigin fé verksmiðjanna. Það er því búið að festa allan ágóðann, sem varð í góðærunum, bæði 1961 og 1962, í þessum framkvæmdum. Síldarverksmiðjurnar geta því ekki einu sinni komið fram nauðsynlegum lagfæringum á sínum eigin verksmiðjum, hvað þá meir. Svo eru þær samt að baksa með þessa tilraun. Þrátt fyrir þetta er verið að baksa þarna með þessa tilraun með niðurlagningarverksmiðjuna, án þess að fá til þess eina einustu krónu nokkurs staðar frá, þar sem ríkisstj. ræður.

Ég segi alveg hiklaust, og það vil ég að hv. þm. viti, að ef það verður búið áfram að þessu eins og hefur verið hingað til, þá verður þessi tilraun kannske ekki að neinu gagni og kannske verr farið en heima setið. Það getur farið svo, að sagt verði: Þetta gekk svo illa, að það varð að hætta, og það er enn ein sönnun fyrir því, að niðurlagning á síld á Íslandi á ekki rétt á sér. Og það virðist hreint og beint nú þegar vera farið að bóla á þessu sjónarmiði hjá hæstv. viðskmrh., og það af því, að fram hafa komið erfiðleikar við að selja afurðirnar. Kannske verður þetta drepið bara vegna þess, að það fáist ekki nægur kraftur í markaðsleitina, ekki fjármunir eða mannafli til þess að standa í henni, þó að við getum framleitt eins góða vöru og aðrir, jafnvel betri, og með samkeppnisfæru verði.

En ég segi enn: Þetta sjónarmið hæstv. ráðh. á engan rétt á sér. Það verður t. d. í þessu falli, með niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði, þá verður að leggja verksmiðjunni fé, þannig að hún geti tekið á sig verulegan kostnað við markaðsöflun sem stofnkostnað, sem síðar verði afskrifaður eða þá bara tekinn sem tap. Ef meiningin er að reka þetta eins og venjuleg viðskipti, þá getur þetta alls ekki gengið. Það þarf að leggja í mikinn kostnað við að ryðja afurðunum til rúms.

Ég vildi nota þetta tækifæri til að ræða einmitt dálítið ýtarlega um þetta niðurlagningarmál, því að það er einmitt einhver allra gleggsta myndin af þessu vandamáli öllu saman, sem hægt er að skoða, einmitt þetta dæmi um niðurlagningarverksmiðjuna, sem er að gerast núna.

Og ég endurtek enn: Þarna er verksmiðja, sem sér fram á að geta framleitt alveg fyrsta flokks vöru og kannske betri en nokkrir aðrir og með samkeppnisfæru verði. Og þá er spurningin: Á að brjótast í því að reyna að selja þessa vöru eða ekki? Vilja menn ekki horfast í augu við, að það þarf stofnkostnað við söluna? Það er einn þáttur í stofnkostnaðinum við svona fyrirtæki að kynna vöruna, koma nýju vörunni inn á markaðina. Og þegar við athugum þessa reynslu niðurlagningarverksmiðjunnar, sem þarna er verið með, þá sjáum við, hvort það muni vera hægt að treysta eingöngu á einkaframtakið í þessu tilliti og hvort það opinbera muni geta látið að skaðlausu þessi mál afskiptalaus, eins og hæstv. ráðh. virðist í einhverri fljótfærni álíta. Nei, því fer alls fjarri.

Hæstv. ráðh. ræddi nokkuð um það hér á dögunum, að menn ættu að segja nákvæmlega, þegar þeir flyttu till., hvernig ætti að framkvæma þær, annars væru þær með öllu óhæfilegar. Ég ætla ekki að fara að taka að mér fyrir flm. þessarar till. að segja til um þetta. Ég efast ekkert um, að hann hefði getað gert skýra grein fyrir því, til viðbótar því, sem hann hefur þegar gert. En ég ætla samt aðeins að minnast á þetta, þótt sumt af því verði endurtekningar á því, sem ég hef áður sagt, minnast á örfá atriði — aðeins upptalning:

Það er fyrst, eins og ég er þegar búinn að benda á, það, sem ég kalla neyzlurannsóknir. Það þarf að framkvæma í enn ríkari mæli en enn hefur orðið neyzlurannsóknir í mörgum löndum. Þá eru markaðsrannsóknir. Það er óhugsandi að brjótast í gegn með framtíðarvörur okkar unnar til manneldis og sölu, nema þetta verði gert og það verði lagt fram mikið fjármagn í þessu skyni af opinberri hálfu. Enn fremur dreg ég ekki í efa, að við athugun muni koma í ljós, að það þurfi einnig að verja verulegu fé til framleiðslutilrauna. T. d. er það alveg víst, að ef

niðurlagningarverksmiðjan á Siglufirði á að verða nokkur tilraun, sem hægt er að gefa það nafn, þá þarf að leggja henni fé, til þess að hún geti tapað fyrstu árin eða réttara sagt: hún geti lagt í stofnkostnað við að vinna sínum vörum markað. Og þannig mætti nefna ótal dæmi um stuðning við framleiðslutilraunir, sem verða að geta komið til greina. Enn fremur þarf vitaskuld að setja niður nefnd eða starfshóp og vanda vel valið á þeim mönnum, sem til eru kvaddir, til þess að safna saman allri þeirri þekkingu, sem nú þegar er í landinu um þessi efni, bæði frá síldarútvegsnefnd, síldarsaltendum, einstaklingum, sem hafa gert tilraunir með nýjungar, niðurlagningarverksmiðjunni á Siglufirði. Sem sagt, það þarf bæði að rannsaka og safna saman upplýsingum, því, sem menn vita nú þegar um þessi efni, síðan draga ályktanir, reyna að finna, hvar skórinn kreppir, fá upplýsingar frá öllum aðilum, sem hér að standa, finna, hvar skórinn kreppir og hvar það opinbera þarf að hlaupa undir bagga. Og það er alveg augljóst af því, sem hæstv. ráðh. hefur sagt, að það er ekki sízt fyrir hæstv. ríkisstj. ákaflega mikil nauðsyn að safna þessari þekkingu þannig saman, svo að hægt sé að draga af henni ályktanir og stjórnin leiðrétti hugmyndir sínar.

Þá verður að gera áætlanir um stuðning við nýjungar í þessari grein, m. a. um það, hvernig lánastarfsemin eigi að vera, og er mér í því sambandi mjög ofarlega í huga, að Haraldur Böðvarsson upplýsti það í fyrra, að hann hefði missirum saman verið að reyna að kría út lán til þess að koma upp reykingu á síld, en árangurslaust fram að þeim tíma, sem hann greindi frá því í blöðunum. Nú má vera, að eitthvað hafi rætzt úr fyrir honum síðan, en við vitum, að lánastarfsemi til þessara mála er mjög í molum. Og þannig mætti vitanlega halda áfram að sýna fram á þá augljósu nauðsyn, sem á því er, að heildarathugun fari fram á þessum málum.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en ég vil aðeins taka undir það að lokum, sem aðrir hafa sagt, að það væri einnig mjög æskilegt, að athugun á því, hvað sé hægt að gera til að hagnýta betur síldaraflann, nái ekki aðeins til Suðurlandssíldar, heldur einnig þeirrar síldar, sem veidd er fyrir Norður- og Austurlandi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég heyri það, að tvær stuttar ræður, sem ég flutti um þessa till., þegar hún var síðast til umr. hér á hinu háa Alþingi, hafa orðið nokkrum hv. þm. mikið umhugsunarefni, því að allur þingtíminn nú í dag hefur farið í flutning þriggja mjög langra ræðna í tilefni af nokkrum orðum, sem ég sagði um málið fyrir rúmri viku. En í þessum ræðum hafa nokkur atriði komið fram, sem ég tel ástæðu til að svara. Ég skal taka það fram í upphafi, að ég mun að sjálfsögðu ekki snúa máli mínu nú til flm. till., hv. þm. Helga Bergs. Þótt ég hafi deilt allhart á hann síðast, þegar málið var á dagskrá, mun ég að sjálfsögðu ekki halda þeim orðræðum áfram, þar sem hann hefur nú horfið af þingi, og hvarflar ekki að mér að halda uppi ádeilum á mann, sem hefur ekki tök á að svara fyrir sig á þessum sama vettvangi.

En í tilefni af ummælum hv. síðasta ræðumanns um ræður mínar á síðasta þingfundi vil ég aðeins láta þess getið, að í framsöguræðu sinni deildi hv. þm. Helgi Bergs mjög á ríkisstj. fyrir vanrækslu hennar í þessu sannarlega mjög mikilvæga máli, en hældi hins vegar á hvert reipi, ef ég má svo að orði komast, Sambandi ísl. samvinnufélaga fyrir gott frumkvæði í þessum efnum. Þetta þótti mér mjög ósanngjarnt og satt að segja mjög áróðurskennt, því að sannleikurinn er sá, að ríkisstj. hefur bókstaflega gert allt, sem í hennar valdi hefur staðið. Ég segi: þessi ríkisstj., eins og þær ríkisstj., sem á undan henni fóru, hefur gert allt til að selja saltsíldarframleiðslu Íslendinga. Ríkisstofnun, síldarútvegsnefnd, hefur gert hinar merkustu tilraunir til nýrrar hagnýtingar á síldarafla landsmanna og þá ekki sízt Suðurlandssíldinni. Ríkið sjálft hefur einnig haft mjög merka forgöngu um niðursuðu og niðurlagningu á síld, bæði hér í Reykjavík og á Siglufirði. Um allt þetta var þagað. Hins vegar var eitt af stórfyrirtækjum landsins dregið inn í umr. og það talið eiga sérstakan heiður skilið fyrir sína framgöngu í málinu.

Það má hver lá mér sem vill, að ég hafi ekki talið rétt að þegja við slíkum málflutningi sem þessum. Það vita allir, sem kunnugir eru, að ríkisvaldið hefur bæði í framleiðslumálum og sölumálum, — ekki einungis sú stjórn, sem nú situr, heldur ríkisstj. á undan henni um langt skeið, — gert allt, sem í þess valdi hefur staðið, bæði til að berjast gegn miklum erfiðleikum, sem orðið hafa á vegi í sölu sérstaklega saltsíldar og einnig annarra síldarafurða, og gert fjölmargt gott og mjög merkilegt til að auka fjölbreytni í hagnýtingu síldaraflans. Það vita líka allir, sem kunnugir eru, að örðugleikarnir hafa ekki verið á framleiðslusviðinu hér innanlands, ekki einu sinni á því sviði, að hér hafi ekki verið unnið að því og tekizt að auka fjölbreytni framleiðslunnar, — erfiðleikarnir hafa verið á sölusviðinu. Þetta vita allir, sem kunnugir eru. Ég þekki það til hv. þm. Helga Bergs, að ég vissi þá og ég veit enn, að honum eru þessi atvik jafnljós og mér, og það var þess vegna, sem mér fannst ræðuhald hans gefa tilefni til þeirra aths., sem ég gerði.

Ég vil undirstrika sérstaklega, að það var ekki ég, sem að fyrra bragði blandaði fyrirtækinu SÍS inn í þetta mál, heldur var það tilefni gefið af honum í grg. og framsöguræðu. En þar sem hann hafði gefið það tilefni, gat ég ekki stillt mig um að segja frá því, sem ég gerði ekki ráð fyrir að þm. almennt væri kunnugt, að Samb. ísl. samvinnufélaga hefur fengið að kenna á hinum stórkostlegu markaðserfiðleikum í síldarsölu og þá ekki hvað sízt á erfiðleikunum á því að komast

inn á niðursuðu- og niðurlagningarmarkaðinn, ekki síður en aðrir, sem við slíkar tilraunir hafa fengizt. Þess vegna taldi ég rétt að segja frá því, að þetta fyrirtæki hefði um skeið verið að hugsa um að koma á fót niðurlagningar- og niðursuðuverksmiðju hér á Íslandi og hefði átt kost á mjög góðum kjörum af hálfu síns systurfyrirtækis í Svíþjóð, þar sem einmitt er staðsettur einn fullkomnasti niðursuðu- og niðurlagningariðnaður í Evrópu, og þrátt fyrir vandlega athugun á málinu treysti þetta stóra fyrirtæki, sem hefur yfir fjölmörgum ágætum starfsmönnum að ráða, sér ekki til að leggja í þessa framkvæmd, án efa ekki vegna þess, að hér væri ekki nóg hráefni fyrir hendi, án efa ekki vegna þess, að það skorti fjármagn, heldur ekki vegna þess, að það ætti ekki kost á nógu mörgum sérhæfðum starfsmönnum og nógu miklum uppskriftum frá hinu sænska systurfyrirtæki sínu, heldur vegna þess að SÍS taldi markaðshorfurnar of ótryggar til þess, að verjandi væri á því stigi málsins að leggja í þá gífurlegu fjárfestingu og þá áhættu, sem slíku fyrirtæki fylgdi. En þegar a. m. k. allmörgum ráðamönnum í Framsfl. og þ. á m. auðvitað fyrrv. formanni Sambands ísl. samvinnufélaga, þeim þm., sem hér hefur nýlokið ræðu sinni, var kunnugt um þetta mál frá byrjun til enda, þá þótti mér líka skörin fara nokkuð að færast upp í bekkinn, þegar sá flokkur stæði að og studdi flutning till., þar sem ríkisstj. er ætlað nær allt frumkvæði í málinu og ábyrgð sett á ríkisstj. fyrir, að ekki skuli hafa tekizt enn sem komið er að byggja upp niðurlagningar- og niðursuðuiðnað hér á Íslandi.

Annars fór það svo, sem raunar var við að búast, að hv. síðasti ræðumaður staðfesti í síðasta hluta ræðu sinnar í raun og veru algerlega það, sem væri höfuðástæðan fyrir því, að ég taldi ástæðu til þess að segja nokkur orð um þessa till. næstsíðasta miðvikudag, því að allur síðasti hluti ræðu hv. þm. var þess efnis, hversu gífurlegum erfiðleikum væri bundið að koma hér upp starfhæfum niðurlagningar- og niðursuðuiðnaði vegna þess, hversu mikið fé það kostaði og hversu miklum erfiðleikum það væri bundið að brjóta það söluskipulag eða komast inn fyrir múra þess skipulags, sem ríkti á sölu þessa varnings í öllum helztu markaðslöndunum. Það var í raun og veru aðeins þetta, sem ég var að benda á, að það væri ekki nóg að hafa hér hráefni, ekki nóg að þekkja framleiðsluaðferðirnar, ekki nóg að hafa fjármagn og koma verksmiðjunum upp, það erfiðasta væri þá eftir, sem sagt að finna sérstaklega niðursuðuvörum tryggan og öruggan markað erlendis í samkeppni við gömul og gróin fyrirtæki, sem hefðu náð tökum á markaðinum í skjóli alls konar vörumerkja og rækilegrar kynningar árum, ef ekki áratugum saman á sinni vöru. En fram hjá þessum atriðum er algerlega gengið í grg. fyrir till., sem hér er til umr., eins og þessir erfiðleikar væru ekki til, og fram hjá því var algerlega gengið í framsöguræðu hv. flm. næstsíðasta miðvikudag. Ég sagði hins vegar aldrei orð um það, sem hv. síðasti ræðumaður vildi leggja mér í munn, að draga ætti þær ályktanir af hinum miklu söluerfiðleikum á niðursoðinni vöru, að Íslendingar ættu að hætta allri viðleitni í þá átt. Ég sagði aldrei eitt orð í þá átt og mundi aldrei láta mér slíkt um munn fara. En þegar haldnar eru langar ræður um þessi miklu vandamál og látið eins og söluerfiðleikarnir séu ekki til, er ástæða til að benda á, að þeir eru höfuðhindrunin í þessu máli. Ályktunin á hins vegar auðvitað ekki að vera sú að hætta viðleitninni, heldur að reyna að sigrast á erfiðleikunum. En það getur ekki heldur orðið með þeim hætti einum, eins og þessi till. gerir ráð fyrir, að hrópa á ríkið um að bjarga málinu. Hér verður að eiga sér stað rækileg og mjög náin samvinna ríkisvaldsins og framleiðendanna sjálfra, hvort sem um er að ræða einkaframleiðendur eða samvinnuframleiðendur. Og ég hef aldrei sagt eitt orð í þá átt, að ríkið ætti ekki að vera reiðubúið til slíkrar samvinnu og jafnvel fúst til forustu í þessum efnum. Það er alger rangtúlkun á mínum orðum, þegar því er haldið fram, hvort sem það er gert hér eða í blöðum. Það mætti og hv. síðasti ræðumaður muna, fyrrv. formaður Sambandsins, sem fylgdist nákvæmlega með því máli, sem ég gerði að umræðuefni í mínum stuttu ræðum næstsíðasta miðvikudag, að viðskmrn., sem fjallaði mjög ýtarlega um þessa samninga íslenzka sambandsins og sænska sambandsins, gerði allt, bókstaflega allt, sem í þess valdi stóð, og bókstaflega allt, sem það var beðið um, til þess að greiða fyrir samningunum. Ég hafði þá nýlega tekið við forstöðu viðskmrn., þegar þetta mál var á döfinni og kom til úrslita, þ. e. á árinu 1959, og ég veit, að hv. þm. kannast vel við það, að ég og sú ríkisstj., sem þá sat, lagði málinu allan þann stuðning og allan þann styrk, sem hún mátti, og liggur það bréflega fyrir í skjalasafni viðskmrn. Því segi ég það, að mér kann líka að þykja það nokkuð hart undir þessum kringumstæðum, að mér skuli borið á brýn, að ég hafi ekki neinn áhuga á því, að ríkisvaldið styðji að góðum og gagnlegum framkvæmdum í þessu máli, þegar saga þessa stærsta máls, sem verið hefur á döfinni í þessum efnum á s. l. áratugum, er þannig, að sú ríkisstj., sem ég átti sæti í, og það rn., sem ég veitti forstöðu og hafði sérstaklega með málið að gera, eins og það var í pottinn búið, gerði bókstaflega allt, sem í þess valdi stóð, og allt, sem það var um beðið, til þess að greiða fyrir samningunum, sem hins vegar tókust því miður ekki. En það var ekki sök þeirrar ríkisstj., sem þá sat, né heldur mín sem viðskmrh. Skal ég svo láta útrætt um þennan þátt málsins.

En þá voru nokkur atriði í ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar, sem mér finnst ástæða til að gera að nokkru umtalsefni. Það var kjarninn í hans ræðu, að hægt hefði verið að selja miklu meira af saltsíld, ef hér væri ekki vond ríkisstj., sem vanrækti að hagnýta markaði,

sem sannanlega væru fyrir hendi. En þannig vill nú til, að þessi hv. þm. hefur haft mjög góða aðstöðu til að vinna að þessu áhugamáli sínu um sölu íslenzkrar saltsíldar, að efla sölu íslenzkrar saltsíldar, vegna þess að hann var í 2½ ár bæði sjútvmrh. og viðskmrh. En þá fór fyrir honum eins og fyrirrennurum hans og þeim, sem komið hafa á eftir honum, að þeir hafa orðið varir við mjög mikla erfiðleika í þessum efnum, og um það tala raunar tölur alveg skýru máli. Þau tvö heilu ár, sem hv. þm. var viðskmrh. og sjútvmrh., þ. e. árin 1957 og 1958, var meðalsöltun Suðurlandssíldar 78588 tunnur. Núv. ríkisstj. hefur verið 3 ár við völd, 1960, 1961 og 1962, meðalsöltun Suðurlandssíldar á þessum 3 árum nemur 104227 tunnum eða næstum fjórðungi meira en söltunin nam á valdatíma hv. fyrrv. viðskmrh. og sjútvmrh. Mér dettur hins vegar ekki í hug að benda á þessar staðreyndir sem neitt ádeiluefni á hv. fyrrv. viðskmrh. og sjútvmrh. Mér var vel kunnugt um það þá og get gjarnan staðfest það nú, að hann gerði það, sem í hans valdi stóð, til þess að koma íslenzku saltsíldinni út. Hann vann vel og dyggilega að því þá, eins og ég hygg líka að gert hafi verið af hálfu núv. ríkisstj. En sannleikurinn er sá, að íslenzk saltsíld á mjög í vök að verjast á hinum gömlu og öruggu mörkuðum sínum. Sannleikurinn er sá, að Austur-Evrópuþjóðirnar, þar sem verið hefur um langan aldur höfuðmarkaðurinn fyrir íslenzka saltsíld og er raunar höfuðneyzlusvæði saltsíldar yfirleitt í heiminum öllum, þessar Austur-Evrópuþjóðir hafa á undanförnum árum mjög verið að minnka innflutning sinn frá framleiðslulöndum saltsíldar í Vestur-Evrópu vegna aukinnar framleiðslu þeirra sjálfra, til viðbótar því, að saltsíldarneyzla hefur nokkuð minnkað hvarvetna, nema kannske helzt í Sovétríkjunum. Þetta hefur valdið erfiðleikunum á sölu íslenzkrar saltsíldar. En Íslendingar hafa staðið sig betur sem saltsíldarseljendur en nokkur önnur framleiðsluþjóð saltsíldar í Vestur-Evrópu, því að hlutdeild Íslendinga í saltsíldarmarkaðinum í Austur-Evrópu hefur ekki aðeins haldizt óbreytt, heldur vaxið nokkuð, á sama tíma sem hlutdeild annarra framleiðsluþjóða hefur stórminnkað í saltsíldarmarkaðinum í Austur-Evrópu.

Þessi staðreynd gefur sannarlega ekki tilefni til þess að deila á núv. ríkisstj., eins og nú er gert af hálfu stjórnarandstöðunnar, né heldur fyrrv. ríkisstj. fyrir að hafa verið sofandi á verðinum, því að engin ríkisstj. hefur undanfarið verið sofandi á þessum verði. Erfiðleikarnir hafa verið fólgnir í minnkandi saltsíldarneyzlu og þó enn fremur minnkandi saltsíldarinnflutningi Austur-Evrópulandanna vegna aukinnar framleiðslu. Ég hika ekki við að fullyrða, að hvert einasta tækifæri til sölu saltsíldar hefur verið notað af hálfu Íslendinga. Hins vegar hefur verið við ramman reip að draga að fá kaupendurna og þó sérstaklega Sovétríkin til að halda áfram saltsíldarkaupunum.

Til að sýna, hversu sú fullyrðing hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar, að íslenzka ríkisstj. hafi vanrækt saltsíldarmarkaðinn í Austur-Evrópu, og þá á hann væntanlega fyrst og fremst við saltsíldarmarkaðinn í Sovétríkjunum, vegna þess að hann er langsamlega stærstur, til að sýna, hvað þessi fullyrðing er gersamlega úr lausu lofti gripin, til að sýna, hve hún er fullkomlega ósanngjörn, ætla ég að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa skýrslu seljenda saltsíldarinnar, síldarútvegsnefndar, frá 25. jan. um viðræðurnar við Rússa um kaup Suðurlandssíldar frá s. l. ári. Skýrslan er í upplýsingabréfi n. til síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi og er dags. 25. jan. 1963, en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Í upplýsingabréfum, dags. 14. des., 3. jan., 8. jan. og 11. jan., var skýrt frá nýjustu tilraununum, sem gerðar hafa verið til þess að fá Rússa til þess að kaupa saltaða Suðurlandssíld. Verður hér gerð grein fyrir gangi þessara mála og hvernig þau standa í dag.

Eins og saltendum er kunnugt, hafa hinir sovézku kaupendur verið mjög tregir til þess síðustu árin að ræða um kaup á saltaðri Suðurlandssíld. Er síldarútvegsnefnd óskaði eftir viðræðum varðandi sölu á Suðurlandssíld s. l. sumar, svöruðu Rússar því til, að enginn áhugi væri fyrir kaupum og væri því engin ástæða til að taka upp viðræður um málið. S. l. haust voru aftur gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að fá Rússa til þess að kaupa Suðurlandssíld, en svörin voru á sömu leið og áður, þ. e. að Prodintorg hefði ekki áhuga fyrir kaupum á Suðurlandssíld saltaðri. Skýrði aðstoðarverzlunarfulltrúi Sovétríkjanna frá því, að ef Prodintorg keypti Suðurlandssíld, kæmi aðeins til greina að kaupa hana hraðfrysta.

Þrátt fyrir þessi neikvæðu svör var Rússum hinn 13. des. s. l. sent nýtt tilboð. Samkv. tilboði þessu voru boðnar 40 þús. tunnur af rúnnsaltaðri síld af stærðunum 350—400, 400—450 og 450—700. Boðnir voru tveir fituflokkar, 15% og yfir og 12—15%. Í tilboðinu var tekið fram, að óskuðu Rússar frekar eftir cutsíld, þá værum við reiðubúnir að ræða um sölu á þeirri tegund. Þrátt fyrir ítrekaða beiðni okkar um skjót svör höfðu engin svör borizt, er mesta síldveiðihrota vertíðarinnar hófst þann 27. des. Var þá óskað eftir því við dr. Kristin Guðmundsson, ambassador Íslands í Moskvu, að hann reyndi að fá Prodintorg til þess að gefa skjót svör. Þann 29. des. barst símskeyti frá ambassadornum, þar sem hann tilkynnti, að hann gæti ekki fengið fund með Prodintorg fyrr en 2. jan. Að kvöldi þess dags skýrði dr. Kristinn framkvæmdastjóra n. frá því í símskeyti, að hann hafi rætt við Prodintorg og fengið þau svör, að tilboð n. hefði ekki borizt stofnuninni fyrr en 28. des. og ekki væri unnt að gefa nein svör fyrr en eftir nokkra daga. Strax eftir að þessar upplýsingar höfðu borizt frá ambassadornum, var haft samband við aðstoðarverzlunarfulltrúa Sovétríkjanna hér og óskað eftir skýringum á því, hvers vegna Prodintorg hefði ekki

verið símað um tilboð síldarútvegsnefndar tafarlaust, eins og lofað hefði verið. Gat verzlunarfulltrúinn engar fullnægjandi skýringar gefið á þessum drætti. Dr. Kristinn Guðmundsson tók jafnframt fram í símskeytinu, að hann mundi gera allt, sem í hans valdi stæði, til þess að fá svör frá Prodintorg sem allra fyrst.

Að kvöldi 4. þ. m. (þ. e. 4. jan.) tilkynnti aðstoðarverzlunarfulltrúinn, að Prodintorg hefði falið yfirtökumanni þeim, sem yfirteklð hefur Norðurlandssíld nú í haust, að skoða Suðurlandssíld þá, sem veiddist um það leyti (þ. e. a. s. í byrjun janúar), og jafnframt síld, sem söltuð hafði verið fyrr á vetrinum. Yfirtökumaðurinn framkvæmdi skoðun sína hinn 5. þ. m. Lýsti hann því yfir við þá, sem viðstaddir voru skoðunina, að janúarsíldin væri allt of léleg til söltunar fyrir sovézka markaðinn og raunar öll Suðurlandssíldin, nema stórsíld sú, sem söltuð var í nóvember.

Þann 8. jan. átti dr. Kristinn Guðmundsson aftur samtal við Prodintorg. Tilkynnti hann Rússunum, að nauðsynlegt væri að fá svör nú þegar, þar sem óvíst væri, hve lengi yrði hægt að halda söltun áfram. Lofuðu Rússar svörum eftir 2—3 daga.

Síðdegis þann 10. jan. barst loks svar frá Prodintorg. Í svari sínu kváðu Rússar verð það, sem boðið var, of hátt og tilkynntu jafnframt, að smæstu síldina kæmi ekki til greina að kaupa. Gerðu þeir gagntilboð, sem var 12½ shillingum lægra en tilboð okkar. Var aðstoðarverzlunarfulltrúanum, sem tilkynnti okkur svör Prodintorgs, skýrt frá því, að útilokað væri að framleiða á Íslandi saltsíld fyrir það verð. Sama kvöld var svo verzlunarfulltrúanum afhent nýtt tilboð, þar sem fallizt var á að fella niður smæsta flokkinn og koma nokkuð til móts við Prodintorg varðandi söluverðið. Var þá jafnframt tilkynnt, að hér væri um lokatilboð að ræða og óskað væri eftir skjótum svörum. Í síðustu viku tilkynnti aðstoðarverzlunarfulltrúinn, að Prodintorg gæti ekki heldur samþykkt síðara tilboð okkar, en tilkynnti, að Prodintorg gæti hækkað fyrra tilboð sitt um 2 shillinga. Eftir að málið hafði verið rætt við stjórn FSS, var aðstoðarverzlunarfulltrúanum svarað, að ekki kæmi til greina að lækka verðið meira en gert hefði verið með gagntilboði okkar frá 10. jan. Jafnframt var honum skýrt frá, að nú væri aðalverzlunartíminn liðinn og veiðiútlitið verra en áður.

Þann 24. þ. m. tilkynnti aðalverzlunarfulltrúinn, að Prodintorg hefði fallizt á að hækka síðasta tilboð sitt um 1 shilling. Var sama dag haft samband við stjórn FSS, og var stjórnin sammála síldarútvegsnefnd um, að ekki kæmi til greina nein lækkun frá tilboði okkar 10. jan. Var aðstoðarverzlunarfulltrúanum tilkynnt þetta og jafnframt, að ekki væri lengur áhugi fyrir sölu á miklu magni, þar sem veiðihorfur væru slæmar og fitumagn síldarinnar orðið mjög lítið og færi versnandi, enda liðinn tæpur 1½ mánuður frá því, að við hefðum afhent umrætt tilboð okkar. Um klst. eftir að aðstoðarverzlunarfulltrúanum hafði verið gefið þetta svar, hafði hann aftur samband við skrifstofu n. og tilkynnti, að hann gæti nú skrifað undir samning og samþykkt það verð, sem við hefðum boðið 10. jan.

Fyrir hádegi í dag hélt síldarútvegsnefnd fund með aðstoðarverzlunarfulltrúanum. Var honum skýrt frá, að sökum þess, hversu lengi hefði dregizt að fá svör frá Prodintorg, og jafnframt vegna þess, hve útlit er slæmt fyrir því, að hér fáist mikið magn af söltunarhæfri síld, teldi n. raunhæfara að lækka magnið niður í 20 þús. tunnur. Samkomulag tókst ekki, þar sem aðstoðarverzlunarfulltrúinn setti það sem skilyrði fyrir samningi, að ef ekki tækist að salta þetta magn, væri n. skuldbundin að ákveða hlutfallslega sama magn til Prodintorgs og til annarra landa miðað við heildarsamninga, sem gerðir hafa verið á vertíðinni. Að sjálfsögðu var alls ekki hægt að ganga að slíku, þar sem þá var hætta á, að taka yrði eitthvað af þeirri rúnnsíld, sem söltuð hefur verið fyrir Rúmena, og afhenda Rússum. Í því sambandi má geta þess, að Rúmenar hafa þegar leigt skip til flutnings á allri þeirri síld, sem þeir hafa keypt hér.

Verði einhver breyting á afstöðu Rússa, verður saltendum tilkynnt það tafarlaust.

Í sambandi við þessar samningaumleitanir vekur það sérstaka athygli, að Rússar, sem undanfarin missiri hafa alls ekki viljað ræða um kaup á saltaðri Suðurlandssíld, skuli nú skyndilega hafa fengið áhuga á kaupum og það á síld með fitumagni allt niður í 12%. Er því ekki óðelilegt, að mönnum komi til hugar, að veiði sovézka síldveiðiflotans kunni að hafa reynzt minni undanfarið en gert hafði verið ráð fyrir. Sovétríkin hafa s. l. áratug verið langstærstu kaupendur saltaðrar Suðurlandssíldar, og hafa minnkandi kaup þeirra á Suðurlandssíld undanfarin ár valdið miklum vonbrigðum. Er vonandi, að á þessu sé nú að verða einhver breyting til batnaðar.

Af hálfu íslenzkra stjórnarvalda hefur mikið verið gert til þess að halda uppi miklum innflutningi frá Sovétríkjunum, enda verður að ætlast til þess, að Rússar kaupi áfram þær vörur, sem við höfum hvað mesta möguleika á að auka framleiðslu á. Einnig er nauðsynlegt, að hinum sovézku viðskiptavinum okkar sé gert fyllilega ljóst, að þeir geta ekki ætlazt til þess, að við seljum þeim saltsíldina fyrir lægra verð en við fáum í öðrum markaðslöndum, eins og verið hefur fram til þessa."

Lýkur hér skýrslu síldarútvegsnefndar um málið. Þessi skýrsla, sem ég taldi rétt að láta hv. þingheim heyra, tekur af öll tvímæli um, að ekki er fótur fyrir þeirri staðhæfingu hv. þm., að íslenzk stjórnarvöld og íslenzkir seljendur hafi ekki gert og geri ekki allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að afla markaða fyrir þessa afurð eins og aðrar afurðir landsmanna. Hér hefur strandað á tregðu okkar stærsta viðskiptavinar til þess að kaupa það, sem þeim hefur verið boðið.

Umr. frestað.

Á 38., 41., 42. og 44. fundi í Sþ., 13., 20. og 27. marz, 3. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

33. Heildarskipulag Suðurlandsundirlendis.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis [158. mál] (A. 289).

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

34. Vinnuaðstaða og sumarhvíld barna og unglinga.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um vinnuaðstöðu og sumarhvíld barna og unglinga [159. mál] (A. 290).

Á 33., 35. og 37. fundi í Sþ., 27. febr., 6. og 8. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Margrét Sigurðardóttir, 1. varaþm. Alþb. í Reykjavík, var hér varamaður minn, meðan ég var á fundi í Norðurlandaráði, og flutti þá till., sem er á þskj. 290, um vinnuaðstöðu og sumarhvíld barna og unglinga. Ég leyfi mér, herra forseti, að flytja hér þá ræðu, sem hún hefði kosið að flytja, ef hún hefði enn þá verið hér á þingi.

Herra forseti. Sú till., sem hér liggur fyrir, fjallar um kosningu 5 manna nefndar, sem taki til athugunar aðstöðu barna og unglinga til eðlilegrar og heilbrigðrar sumarhvíldar og hæfilegrar og þroskandi vinnu þann tíma, sem þau eru ekki í skóla. Er til þess ætlazt, að n. geri nákvæmar athuganir á því, hvernig þessum málum er háttað, og leggi að loknum störfum þær athuganir ásamt till. til úrbóta fyrir Alþingi. Til frekari skýringar því, á hvern hátt framkvæmd þessarar till. er hugsuð, leyfi ég mér að vitna til grg., sem henni fylgir. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrsta verkefni slíkrar nefndar, sem hér er lagt til að kosin verði, yrði því að athuga, hvernig sumarvinnu barna og unglinga er varið, hve mörg stunda ákveðna vinnu, hvers konar vinnu og hve langur vinnudagur þeirra er. Þá fyrst, er nokkurt yfirlit er fengið í því efni, er unnt að gera sér grein fyrir, á hvern hátt framlag og frumkvæði ríkisins kæmi bezt að haldi. Þar getur orðið um ýmsar leiðir að ræða, t. d. rekstur vinnuskóla, að láta unglinga sitja fyrir um vinnu eða mynda heila vinnuflokka, sem vinna störf, sem þeim eru holl og heppileg, o. fl. Sömuleiðis kemur til álita, hvort ríkið hefði slíkan rekstur algerlega á sínum vegum eða aðallega yrði farin sú leið að styrkja á myndarlegan hátt slíka starfsemi á vegum bæjarfélaga og kauptúna og félagasamtaka.

Einnig þyrfti að athuga, hvort hægt væri að annast einhvers konar miðlun um sumardvöl barna á sveitabæjum og þá jafnframt eftirlit með slíkri dvöl.

Þörfin á því, að athafnaþrá barna og unglinga sé virkjuð með einhvers konar vinnu, er viðurkennd hér á landi. Má heita, að það hafi verið grundvallarsjónarmið í uppeldismálum þjóðarinnar gegnum aldir. Í augum fjölda fólks er það grundvallarsjónarmið í uppeldismálum enn þá.

Það er þó nauðsynlegt að skilja, að eigi þjóðin að svara þeim kröfum, sem nútímaþjóðfélag gerir um langa og jafnframt stranga skólagöngu og sérhæfingu á ótalmörgum sviðum, og eigi hún jafnframt að halda því, sem hefur verið aðalsmerki íslenzkrar menningar, þ. e. traust alþýðumenning, þarf hún að búa mjög vel að æsku landsins. Þar nægir ekki fleiri og betri skólar og betri aðstaða kennara. Það þarf einnig að skipuleggja hin löngu, samfelldu „sumarfrí", sem börn og unglingar hafa frá skólanámi. Þann tíma má ekki einungis nota til stritvinnu, sem að vísu forðar e. t. v. frá öðru verra og gefur peninga í aðra hönd, heldur þarf sá tími fyrst og fremst að notast til uppbyggingar andlegra og líkamlegra krafta, veita unglingum félagslegt uppeldi og siðferðisþrótt.

Í þeim tilgangi er annar liður þessarar till. fram borinn. N. ætti að athuga möguleika á að hefja starfsemi sumarbúða fyrir unglinga, svo að að því yrði stefnt, að skólabörn á 12—15 ára aldurs ættu slíkrar dvalar kost í nokkrar vikur árlega fyrir viðráðanlegt gjald. Í slíkum **búðum yrðu börnin** undir handleiðslu hæfra manna, t. d. kennara, iðkuðu leiki, íþróttir, gönguferðir og náttúruskoðun."

Ég vildi enn fremur nú, þegar till. kemur til fyrri umr. í hv. sameinuðu Alþingi, fara nokkrum orðum um, hverjar ástæður eru fyrir flutningi hennar og hver tilgangurinn er.

Á hverju vori stendur mikill fjöldi íslenzkra foreldra og annarra forráðamanna á skólaskyldualdri frammi fyrir þeim vanda að sjá börnum sínum fyrir heppilegum viðfangs-

efnum næstu 4—5 mánuði. Hversu mikill vandi þetta er og hvort þetta yfirleitt er vandi, fer að vísu nokkuð eftir því, hvar börnin eru búsett. Í sveitum landsins mun þetta ekki skapa neinn vanda. Sveitabörnin taka á eðlilegan og heppilegan hátt þátt í störfum og athafnalífi heimila sinna, eftir því sem aldur og vinnugeta leyfir. Hins vegar er ástæða til að ætla, að sveitabörn hafi engu síður en kaupstaðabörn þörf fyrir hvíld og hressingu einhvern tíma sumarsins í frjálsum leik og félagslegri sambúð við jafnaldra sína. Að því leyti er till. snertir það efni, varðar hún sveitir jafnt sem bæi.

Það er sérstaklega hér í Reykjavík og öðrum hinum stærri bæjum, sem tilfinnanlegur er skorturinn á heppilegum viðfangsefnum fyrir börn og unglinga, en víða úti á landi, t. d. í útgerðarplássum, þar sem allt iðar af starfi og lífi á vetrum, en atvinna leggst að miklu leyti niður á sumrum, er þetta starfsleysi barna og unglinga einnig tilfinnanlegt. Hér í Reykjavík hefur á s. l. hausti setið að störfum nefnd á vegum borgarstjórnar til athugunar og tillögugerðar um sumarvinnu unglinga. Niðurstöður n. hafa fyrir nokkru verið birtar. Kemur þar í ljós, að því nær allir unglingar á aldrinum 12—14 ára telja sig hafa gegnt ákveðnu starfi á s. l. sumri. Milli 30 og 40% dvöldu í sveit við störf, sem eru ekki nánar tilgreind, en hin gengu að vinnu hér í borginni. Börn telja sig yfirleitt hafa unnið 8 tíma daglega og mörg lengur. Þegar á heildina er litið, virtust kaupgreiðslur til barnanna frekar lágar, og enn fremur kemur það í ljós, að börnin byrja að vinna mjög fljótlega eftir að þau hverfa frá námi og eru að störfum fram eftir septembermánuði eða fram undir eða fram að þeim tíma, sem þau hefja nám að nýju. Af þessum upplýsingum virðist mega ráða: Í fyrsta lagi: foreldrar una því illa og er bókstaflega ekki fært að hafa stálpuð börn heima án nokkurs ákveðins verkefnis. Í öðru lagi er greinilegt af því, hve mjög almennt börn ganga að vinnu, að þau una ekki heldur aðgerða- og iðjuleysinu. Í þriðja lagi má ætla, að foreldrum sé það aðalatriði, að börnin fái verkefni, en launin skipti minna máli. Í fjórða lagi: vinnutími barna er almennt of langur.

Það er augljóst mál, að meðan skólaleyfin eru jafnlöng og þau eru í íslenzkum skólum, munu stálpuð börn og unglingar vinna einhvern tíma sumarsins. Á því er ekki heldur vafi, að erfiðisvinna er unglingum heppileg reynsla og hollur skóli. En þá þarf vinnuaðstaðan að vera góð, vinnan börnum ekki hættuleg heilsufarslega séð og vinnutíminn hæfilega langur, en því miður vantar mikið á, að svo sé.

Sú till., sem hér liggur fyrir, er fram komin vegna þeirrar skoðunar, að það sé þjóðfélagsleg nauðsyn að tryggja, að þessum skilyrðum sé fullnægt. Það þarf að undirbúa og skipuleggja af alúð og fyrirhyggju störf, sem henta börnum, svo að foreldrar neyðist ekki til þess að láta börn sín vinna við óheppileg störf, vegna þess að annað var ekki fáanlegt.

Reykjavíkurborg og nokkrir aðrir bæir landsins hafa sinnt þessum verkefnum að nokkru undanfarin ár. En hér er um vandamál að ræða, sem snertir beint og óbeint allt landið, og því eðlilegt, að ríkið leggi þessum málum myndarlega lið á þann hátt, sem heppilegastur þætti að athuguðu máli. Þá mundi einnig opnast leið til þess að koma til móts við fámennari staði, sem hafa ekki haft ástæðu til að halda uppi sumarvinnu fyrir unglinga, en hafa við þennan vanda að stríða.

Ég hef rætt hér nokkuð þann vanda að sjá börnum og unglingum fyrir heppilegri sumarvinnu. En það er einnig önnur hlið á þessu máli, sem þarf athugunar við. Á ég þar við þá unglinga, sem vinna langan vinnudag við störf, sem einungis eru ætluð fullhörðnuðum verkamönnum. Mun slíkt aðallega tíðkast í sjávarplássum, þar sem sumarvinna er mjög mikil, en einnig hér í Reykjavík og vafalaust einnig á ýmsum sveitaheimilum. Slíkt byggist sjálfsagt að einhverju leyti á sárri nauðsyn fjölskyldna barnanna, en líka á því viðhorfi, sem sums staðar loðir við, að unglingar séu vinnukraftur, sem losni úr viðjum, er skólanum sleppi, og hann sé sjálfsagt að nýta til fullnustu. Vill oft gleymast undir þessum kringumstæðum, að hér sé um börn að ræða á viðkvæmum aldri. Viðhorf unglinga mótast líka oft með nokkuð sérstökum hætti við þessar aðstæður. Í hinum óþroskaða og jafnvægislausa barnshuga myndast oft sú skoðun, að þar sem þeir vinni eins og fullorðnir menn og fái talsverða eða jafnvel mikla peninga í hendur, séu þeir menn með mönnum, sem enginn ráði við, og sjálfsagt sé að njóta þeirra skemmtana og lystisemda, sem á boðstólum kunna að vera. Ávöxtinn af slíkum viðhorfum og slíkum aðstæðum sjáum við stundum í líki ofurölva unglinga á skemmtisamkomum eða við heyrum frásagnir af spellvirkjum og annarri ósæmilegri framkomu fólks, sem er ekki komið af barnsaldri, svo sem verið hefur undanfarin ár í sambandi við verzlunarmannafridaginn í ágústmánuði.

Sú nefnd, sem ynni að því að athuga og gera till. um sumarvinnu unglinga, þyrfti vissulega að hafa opin augu fyrir þessari hlið engu síður en hinni hliðinni, sem sýnir vöntun á störfum fyrir unglingana. En á það ber einnig að líta, að málið er ekki svo einfalt, að tillögur um sumarvinnu unglinga og framkvæmd þeirra leysi vandann. Hér þyrftu að koma til skýr og greinileg lagafyrirmæli um, hvaða vinnu börn mega ekki vinna og við hvaða skilyrði og hve langur vinnutími eða vinnudagur þeirra megi vera. Það er ótrúlegt sinnuleysi og ég vil segja ábyrgðarleysi, að ekki skuli hafa verið framkvæmd fyrirmæli barnaverndarlaganna um að gefa út reglugerð um vinnuskilyrði unglinga og aðbúð, lengd vinnudags, orlof þeirra o. fl. Er það alveg sérstaklega ámælisvert, þegar tillit er tekið til þess, að mörg undanfarin ár

hefur verið skortur á vinnuafli og þess vegna ástæða til að óttast, að vinnukraftur unglinga sé misnotaður. Að láta það viðgangast, eins og á sér stað hér á landi, að unglingar vinni eftirlitslítið eða eftirlitslaust við hvaða vinnu sem er, á hvaða vinnustað sem er og svo langan vinnudag sem aðstæðurnar og þörf vinnuveitandans krefst, er ófremdarástand, sem er ekki samboðið nokkru menningarþjóðfélagi.

Sú trú, að líkamleg stritvinna sé heppilegasti uppalandinn til að gera Íslendinga færa um að búa í sínu harðbýla landi, er ein af okkar gömlu grundvallarskoðunum, sem þjóðfélagshættir 20. aldarinnar gera okkur nauðsynlegt að taka til rækilegrar endurskoðunar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að áður fyrr var lífsbarátta hér á landi svo hörð, að mikillar vinnu og jafnvel hvíldarlauss strits var krafizt af fólki í öllum stéttum og einnig af börnum. Það er einnig kunnugt, **að þetta er breytt orðið.** Fólk býr yfirleitt ekki við harðæri á Íslandi lengur. Fjöldi manna veitir sér mikinn munað. Það hefur oft verið sagt, að það væru ekki sízt börn og ungt fólk, sem nytu þessara breyttu aðstæðna. Þetta er á vissan hátt rétt. Okkur, sem nú erum miðaldra fólk eða eldra, hættir við að bera saman þá aðbúð, sem okkar kynslóð átti í æsku, og þá, sem æskufólk, sem nú er að vaxa úr grasi, býr við, og virðist þá sem unga fólkið nú á tímum þurfi lítið annað að gera en að þiggja þær gjafir og gæði, sem við viljum gjarnan færa því. Þó sækir á sú spurning, hvort ekki hafi gleymzt þrátt fyrir góðan vilja mikilvæg atriði í aðbúð og uppeldi unga fólksins. Ýmsar staðreyndir geta bent til þess. Sennilega er þó sjaldnast við einstaklingana að sakast. Það er raunverulega svo, að börnin og unga fólkið, sem nú er að ná þroska, hefur almennt notið betri kjara en við þekktum í æsku. Það er raunverulega svo, að foreldrar þessara barna hafa fært þeim margvíslegar gjafir af mikilli ástúð og óeigingirni. Ég hygg, að vandkvæðið liggi í því, að ýmislegt, sem er nauðsynlegt til að skapa sér fótfestu í lífinu, er ekki lengur á færi einstaklinga, jafnvel ekki ástríkra foreldra, að veita börnunum. Það getur aðeins hin samfélagslega hjálp, þjóðfélagið sem heild, skapað þeim. Á meðan við ekki skiljum það og breytum eftir þeim skilningi, höfum við ekki handbær þau úrræði, sem að gagni mega koma ungum þegnum í íslenzku nútímaþjóðfélagi. Sú staðreynd, að bein erfiðisvinna er eina viðfangsefnið, sem það opinbera skipuleggur fyrir unglingana þann tíma, sem þeir ekki stunda nám, sýnir, að við erum ekki búnir að átta okkur á, hve uppeldisaðstæður og sá grundvöllur, sem uppeldi hvílir á, hefur gerbreytzt á síðustu áratugum. Nú erum við að ala upp æskufólk, sem langflest á fyrir höndum 10—20 ára skólanám og sumir enn lengra. Slíkt nám er vinna. Góður námsárangur næst ekki nema með mikilli atorku og einbeitni nemandans. Slík atorka krefst þróttar, andlegs og líkamlegs þróttar. Þann þrótt þarf að treysta og efla með nemendum, og tækifæri til þess gefst ekki sízt þann tíma, sem unglingarnir hafa frí frá sinni eiginlegu vinnu, nefnilega **skólanáminu.**

Hin almenna skólaskylda er þjóðfélaginu vissulega mjög dýr starfsemi. Þó munu þeir vera fáir, sem telja ekki þeim peningum vel varið, sem til hennar renna. Með henni stígum við stórt spor til samræmds þjóðaruppeldis og treystum grundvöllinn að menningarþjóðfélaginu. Þó er það ljóst, að okkur hefur ekki tekizt að skapa uppvaxandi æsku þá þjóðfélagslegu aðstoð, sem fær sé um að vernda hana og gefa henni það mótvægi, sem hún þarfnast gegn upplausnaranda og ringulreið **samtímans.**

Starf umbótamanna í uppeldismálum, bæði sérfræðinga og áhugamanna, beinist mjög að því að veita börnum og unglingum holla tómstundaiðju, en hin löngu skólafrí íslenzkrar skólaæsku hafa menn ekki enn þá treyst sér til að skipuleggja í þeim tilgangi, að þau gegni ákveðnu hlutverki í þjóðaruppeldinu. Þar hefur hin gamla lausn á uppeldisvandamálin, vinnan, verið eina úrræðið. Það er ekki fullnægjandi lausn á vanda þessa aldursskeiðs að gefa unglingunum einungis kost á stritvinnu allan tímann, sem þeir eiga frí frá ströngu námi. Það er nauðsynlegt, að ríkið beiti sér fyrir stofnun og starfrækslu sumarbúða, sem allir unglingar ættu kost á dvöl í nokkrar vikur á hverju sumri. Slík starfsemi ætti að gefa unglingunum tækifæri til hvíldar og hressingar við þá tómstundaiðju og frjálsa leiki, sem þeim hentar, auk þess sem samvera og samstarf við jafnaldra er unglingum á aldrinum 12—15 ára sérstaklega mikilsvert. Á þessu erfiða aldursskeiði þroska unglingsins, gelgjuskeiðinu, er börnum sérstaklega hætt við að leiðast á glapstigu. Það er því mjög þýðingarmikið, að þjóðfélagið veiti unglingunum heppilegt aðhald fram yfir þennan aldur. Með því að skipuleggja þetta væri unnið að því, að unglingarnir ættu kost á hollri og heppilegri vinnu nokkurn tíma síns langa skólafrís og þeir ættu einnig völ á hressingardvöl í sumarbúðum, og þá væri hægt að segja, að þjóðfélagið gerði sér það ljóst, að ekki er nóg að halda uppi umfangsmikilli skólagöngu, heldur er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að hin almenna skólaskylda nái þeim tilgangi sínum að gagnmennta þjóðina. Má vera, að mörgum finnist að slíkt væri óhæfilega kostnaðarsamt til viðbótar hinu dýra fræðslukerfi. En hvað er dýrt, og hvað borgar sig? Slíkt er ekki alltaf einfalt reikningsdæmi, heldur matsatriði. Fyrir jafnfámenna þjóð sem okkur er varla nokkur fjárfesting betri en sú, sem eykur möguleikana á, að sem flestir unglingar megi verða að nýtum mönnum, og varla nokkur fjársóun verri en þegar mannsefni glatast vegna sinnuleysis þjóðfélagsins.

Herra forseti. Ég vil að lokum leyfa mér, þegar ég hef flutt þessa ræðu frú Margrétar Sigurðardóttur um þetta mál, að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði þessari þál-

till. um vinnuaðstöðu og sumarhvíld barna og unglinga vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Forseti (FS): Mér hefur verið bent á, að á síðasta fundi hafi farið fram atkvgr. um n., en af vangá hafi fallið niður atkvgr. um, hvort vísa ætti till. til síðari umr. Sú atkvgr. fer nú fram.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

35. Fullnýting vetrarsíldarafla.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um fullnýtingu vetrarsíldarafla til manneldis og bræðslu [161. mál] (A. 294).

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Till. þessi er á þá leið, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni fyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi.
Till. þessi hefur verið flutt á undanförnum þingum, en ekki orðið útrædd. Hér er um að ræða viðskiptalegt vandamál, sem hefur farið vaxandi um allan heim og fyllsta ástæða er til að gefa gaum einnig hér á landi. Komið hefur fram, m. a. í umsögnum ýmissa aðila á undanförnum þingum, vaxandi áhugi á þessu máli, og virðist vera skilningur á þörf einhverra slíkra ráðstafana, ekki sízt hjá samtökum eins og Verzlunarráði Íslands og hjá ýmsum þeim neytendasamtökum, sem að sjálfsögðu hafa höfuðáhuga á því, að ríkisvaldið verndi þá fyrir óeðlilegum samtökum til þess að halda uppi verðlagi, þar sem aðstaða til slíks er fyrir hendi. Það hefur verið vaxandi áhugi á málinu, og ég vil vænta þess, að hann komi fram í því, að till. fái nú afgreiðslu, enda er hér aðeins um fyrsta skrefið í stórmáli að ræða, athugun, sem væntanlega leiddi þá til till. um lagasetningu, ef ástæða þætti til, sem mjög má telja líklegt.
Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

36. Eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Á deildafundum 20. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um eftirlit með fyrirtækjasamtökum [163. mál] (A. 301).

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. og 37. fundi í Sþ., 6. og 8. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

37. Vatnsöflun í Vestmannaeyjum.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vatnsöflun í Vestmannaeyjum [164. mál] (A. 302).

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

38. Tryggingarsjóður landbúnaðarins.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um tryggingarsjóð landbúnaðarins [165. mál] (A. 304).

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. og 37. fundi í Sþ., 6. og 8. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. að flytja hér till. til þál. um tryggingarsjóð landbúnaðarins. Þess efnis, að Alþingi feli ríkisstj. að undirbúa í samráði við samtök bænda löggjöf um tryggingarsjóð landbúnaðarins, sem ætlað verði það hlutverk að bæta bændum að einhverju þann uppskerubrest eða annað það afurðatjón, sem þeir kunna að verða fyrir í búskap sínum af náttúrunnar völdum, vegna t. d. óhagstæðs tíðarfars, kalskemmda eða annarra náttúruhamfara, og að til undirbúnings löggjafar um slíkan tryggingarsjóð landbúnaðarins verði höfð hliðsjón af þeim kjörum, sem sjávarútvegurinn nýtur samkvæmt lögunum, sem í gildi eru um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Það er alkunna, að aflatryggingasjóður sjávarútvegsins og áður hlutatryggingasjóður, þeir fleyttu útgerðinni oft yfir tíma- og staðbundna örðugleika, sem hún varð fyrir vegna aflabrests. En alveg á sama hátt er hin fyllsta ástæða til þess, að bændastétt landsins geti notið hliðstæðrar fyrirgreiðslu af opinberri hálfu um sjóðsstofnun til tryggingar því, að bændur þurfi ekki bótalaust að bera afurðatjón, afurðarýrnun eða uppskerubrest eða ef uppskera eða afurðamagn fer niður úr ákveðinni prósentutölu af því, sem venjulegt er á undangengnum árum. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins er miðaður við það, að úr sjóðnum verði greiddar bætur, ef aflamagnið fer niður fyrir 85% eða 75% af því, sem venjulegt er, eftir atvikum, og að þar með verði stuðlað að því, að þessi atvinnuvegur geti sem snurðuminnst haldið áfram, þótt slíkan aflabrest hendi. Sjávarútveginum er gert að skyldu að borga ákveðna prósentutölu af heildarútflutningsmagni sínu í þennan sjóð, en ríkissjóði gert að gjalda jafnmikið gjald á móti í aflatryggingasjóðinn. Það verður að teljast eðlilegt, að hér verði afkoma bænda tryggð á hliðstæðan hátt, eins og afkoma útgerðarmanna hefur þegar verið tryggð.

Ég hygg, að engum hv. þm. mundi detta í hug að telja hlutatryggingasjóð óþarfan í dag, og allir munu á hinn bóginn viðurkenna, að slíkur sjóður hefur stórmerku hlutverki að gegna, og er ekki einasta viðkomandi útgerðarmönnum til mikils öryggis, heldur tryggir það einnig, að framleiðsla íslenzka þjóðarbúsins geti orðið sem traustust og þurfi ekki að verða fyrir verulegum töfum, þó að eitthvað bjáti á um aflamagn á einstökum stöðum og á einstökum tímum. En það verður ekki annað séð en eðlilegt sé, að alveg hliðstæðar reglur séu látnar gilda að því er landbúnaðinn varðar.

Hér er hins vegar af okkar flm. hálfu ekki lagt fram lagafrv. um þetta mál, vegna þess að það verður að teljast óhjákvæmilegt, að sérfræðileg athugun fari fram á því, með hverjum hætti tjónbætur eiga að fara fram, og því er hér gert ráð fyrir, að settir verði starfsmenn á vegum hins opinbera til að undirbúa slíkt frv. Til þess mundi, að því er ég ætla, vera eðlilegt að ráða tryggingafræðing eða tryggingafræðinga svo og sérfróða menn í landbúnaði, auk þess sem, eins og í till. segir, væri sjálfsagt, að við undirbúning slíkrar löggjafar störfuðu fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda og frá Búnaðarfélagi Íslands.

Í landinu starfar nú að opinberri tilhlutan sjóður, sem nefnist bjargráðasjóður. Í einstökum tilfellum hefur annaðhvort bjargráðasjóður eða ríkissjóður sjálfur komið til móts við bændur, þegar um hreint hallæri hefur verið að ræða af náttúruvöldum. Sú starfsemi ríkissjóðs eða bjargráðasjóðs getur þó alls ekki jafnazt á við starfsemi eðlilegs tryggingasjóðs, sem innkallaði sín iðgjöld, en bætti líka tjón eftir ákveðnum, fyrir fram gerðum reglum.

Ég sé, að í dag hefur verið útbýtt hér á Alþingi annarri till. til þál., sem fjallar raunar alveg um það sama efni og hér er á dagskrá. Það er till., sem þeir hv. þm. Jónas Pétursson og Magnús Jónsson flytja hér á þskj. 389. Þar er að vísu gengið út frá því, að lögunum um bjargráðasjóð verði breytt í þá átt, að hann verði tryggingarsjóður fyrir landbúnaðinn, en ef það þyki ekki hagkvæmt, þá skilst mér, að till. geri ráð fyrir, að efnt verði til sérstakrar tryggingastofnunar á þessu sviði, og er það okkur flm. þeirrar till., sem hér er á dagskrá, að sjálfsögðu fagnaðarefni að sjá svo tekið undir það mál, sem við höfum hér flutt, sem till. um endurskoðun l. um bjargráðasjóð ber með sér. En það sýnir og sannar þörf málsins, að það skuli koma hér fram tvær till. á Alþingi um, að ríkið skorist ekki undan þeirri þörf, sem á því er, að slíkum sjóði verði komið upp.

Ég tel, herra forseti, að eðlilegt sé, að umr. um þessa till. verði á þessu stigi frestað og henni vísað til hv. fjvn. til umsagnar, þar eð hún eðli sínu skv. gerir ráð fyrir því, að með setningu slíkrar löggjafar yrði lögð nokkur útgjaldaskylda á ríkissjóð, svo sem nú ríkissjóður hefur varðandi aflatryggingasjóð.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

39. Hægri handar akstur.

Á deildafundum 25. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um hægri handar akstur [166. mál] (A. 306).

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. og 37. fundi í Sþ., 6. og 8. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Með sívaxandi samgöngum verða umferðarmálin og einkum slysavarnir í sambandi við umferðina aukið vandamál. En umferðarslys eru með flestum þjóðum að verða í flokki algengustu dánarmeina. Einn mikilvægasti þátturinn í slysavörnum í sambandi við umferð og samgöngur eru samræmdar alþjóðareglur og þá sérstaklega um það, til hvorrar handar skuli víkja. Á sjó er alþjóðareglan að víkja til hægri. Í lofti er líka samkomulag um það, að reglurnar skuli vera alþjóðlegar. Á landi er einnig með flestum þjóðum lögboðið að víkja til hægri. Í Evrópu eru ekki eftir nema 3 þjóðir, Englendingar, Svíar og Íslendingar, sem hafa vinstri handar akstur.

Í Svíþjóð hefur nú verið ákveðið að breyta til hægri handar aksturs 1967, þó að formlega hafi það ekki verið staðfest enn þá, en þm. allra stjórnmálaflokkanna í Svíþjóð hafa samþ. að lögfesta það. Í Englandi verða þær raddir sérfræðinga, sem fást við umferðarmál og slysavarnir, æ háværari, er krefjast þess, að þar verði breytt til og tekinn upp hægri handar akstur. Hin öra fjölgun bifreiða og það, að alltaf færist í vöxt, að menn taki bílinn með sér, er þeir fara milli landa, eða leigi sér bifreið þar, sem þeir eru á ferð, rekur mjög á eftir því, að umferðarreglur verði samræmdar. 1961 lentu á annað þús. erlendir bílar í slysum í Svíþjóð, en á þriðja þús. sænskir bílar í slysum erlendis. Þó að vafalaust sé, að öll slysin stafi ekki af því, að ökumenn áttu að víkja öðruvísi en þeir voru vanir, er talið, að mikill hluti slysanna muni hafa stafað af því. Með auknum gistihúsakosti, með vaxandi samgöngum og fyrirgreiðslu við ferðamenn er vafalaust, að erlendum ferðamönnum hér á landi hlýtur að fjölga stórlega á næstu árum. Með aukinni bifreiðaeign landsmanna hlýtur það líka að verða tíðara en nú er, að menn taki bifreið sína með sér, er þeir fara til útlanda. Allt bendir því til þess, að við hljótum að taka upp þá reglu, sem verður alþjóðaregla í þessu efni, en það er reglan um hægri handar akstur.

Það er líka langt síðan þeir, sem mest hafa um þessi mál fjallað hér hjá okkur, gerðu sér þetta ljóst. Í frv. að umferðarlögum, sem lagt var fyrir Alþingi 1940, var gert ráð fyrir að breyta til og taka upp hægri handar akstur. Í meðförum þingsins var þó þessu breytt og vinstri handar akstri haldið. Ég hygg, að sú breyting hafi verið gerð vegna ástæðna, sem óríðurinn, sem þá geisaði, olli, en alls ekki vegna þess, að þá væri ekki þegar augljóst, að sjóar hlyti alþjóðareglan um hægri handar akstur að verða ofan á hér eins og annars staðar.

Það, sem kallar að með að ákveða breytingu, er, að hún verður því dýrari, sem það dregst lengur að koma henni á. Þó tel ég, að verulega megi draga úr kostnaði við breytinguna með því að undirbúa hana nógu vel og með hæfilegum fyrirvara. Það, sem er langdýrast við breytinguna, er að breyta strætisvögnum. Í Svíþjóð er t. d. talið, að um ⅔ kostnaðar við breytinguna séu kostnaður við breytingu á strætisvögnum og sporvögnum. Þennan kostnað tel ég þó að megi minnka mjög verulega með því að ákveða breytinguna með 4—5 ára fyrirvara og gæta þess, að allir þeir strætisvagnar, sem keyptir eru nýir á þeim tíma, séu gerðir þannig, að auðvelt sé og ódýrt að breyta þeim. Það gerir breytingar á hinn bóginn auðveldari hér á landi en ætla mætti, að því nær allar fólksbifreiðar á landinu eru gerðar fyrir hægri handar akstur. Annar kostnaðarliður er breyting á umferðarmerkjum og ef til vill einhver aukning á þeim til öryggis í sambandi við breytinguna. En ég hygg, að á þeim lið mætti einnig spara verulega með því, að fyrirvarinn væri nægur.

Eitt atriði er enn, sem kallar á, að þessu máli sé hraðað, að taka ákvörðun um breytinguna, ef hún á að gerast á næstu árum, en það er, að það er farið að stefna að því að gera hér varanlega vegi, og jafnvel er mönnum farið að detta í hug að hafa vegbrýr eða yfirbyggða vegi, þar sem vegir mætast. En ef slíkar brýr eru byggðar, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir áður, hvernig vikið verður í framtíðinni, því að slíkar byggingar á varanlegum vegum eru mjög dýrar, og það þarf að vera ákveðið, hvernig eigi að víkja eða hvorum megin á vegi aka skal, áður en slík stór mannvirki verða byggð.

Ég vildi leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá allshn., á þskj. 511, var útbýtt 4. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

40. Endurskoðun raforkulaga.

Á deildafundum 26. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun raforkulaga [168. mál] (A. 315).

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. og 37. fundi í Sþ., 6. og 8. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 5. þm. Sunnl. till. til þál. um endurskoðun raforkulaga frá 1946. Í þessari till. er lagt til, að Alþingi kjósi 5 manna nefnd til þess að endurskoða þessi lög og þá alveg sérstaklega með tilliti til þess, að stefnt sé að því, að verðlag á raforku verði sem jafnast um land allt, og ef unnt reynist, að raforka til sams konar nota verði seld við sama verði hvarvetna. Þá er lagt til, að rafvæðing allra byggða landsins á sem skemmstum tíma sé höfð í huga sem grundvallaratriði í sambandi við endurskoðunina, og enn fremur, að nýting orkuveranna verði sem fullkomnust, m. a. með því, að stefnt sé að því að hraða samtengingu orkuveranna svo sem frekast er unnt. Enn er lagt til, að athugað verði gaumgæfilega, hvort ekki sé orðið tímabært og heppilegast, að ríkið eigi og reki öll orkuver og jafnvel allt dreifikerfið. Enn fremur koma svo að sjálfsögðu til álita ýmis fleiri atriði við endurskoðun, eins og eðlilegt er, miðað við aldur laganna og þær miklu breytingar, sem hafa orðið á ýmsum sviðum, sem þessi mál varða, á þeim nær 17 árum, sem eru liðin frá setningu þeirra. Þannig er vitað, að ekki er farið að öllu eftir l. í reynd og sum atriði þeirra eru dauður bókstafur.

Sú grundvallarskoðun liggur að baki þessari till., að raforka sé við nútímaaðstæður slíkt frumskilyrði fyrir atvinnulíf landsmanna og raunar jafnvel fyrir lífvænlega búsetu, að eðlilegt sé og nauðsynlegt, að ríkið sjálft annist framleiðslu hennar og sölu til allra landsmanna og þá á þann hátt, að þeim sé gert sem jafnast þar undir höfði, eftir því sem frekast má verða. En eins og kunnugt er, skortir verulega á það við núverandi aðstæður. Enn eru til byggðarlög, sem engrar raforku njóta, en önnur búa við verulega mismunun hvað verðlag snertir. Ef athugaðar eru notendagjaldskrár, t. d. fyrir árið 1960, þá kemur í ljós t. d., að lægsti lýsingartaxti er 250 aurar kwst., en sá hæsti 400 aurar, þ. e. a. s. 60% hærri en sá lægsti. Almenn heimilisnotkun er þá lægst 50 aurar kwst., en hæst 100 aurar, þ. e. a. s. 100% hærri en sá lægsti. Næturhitun er lægst 9 aurar kwst., en hæst 20 aurar, mismunurinn 122%. Daghitun er lægst 18 aurar kwst., en hæst 67 aurar, eða 270% hærri en lægsta gjaldið. Verð á rafmagni til stórra véla hreyfist þetta ár frá 30 aurum kwst. og upp í 106 aura, eða um allt að 253%. Árið 1961 var meðalsöluverð rafmagns til heimilisnota miðað við 3 herbergja íbúð frá 6—8 aura kwst. lægst og upp í 123 aura kwst. hæst, eða nær tvöfalt hærra, þar sem það var hæst, heldur en á þeim stöðum, sem bjuggu við lægst raforkuverð. Þetta sama ár, svo að dæmi sé tekið úr atvinnulífinu, var lægsta meðalverð rafmagns til frystihúsa 44 aurar kwst., þ. e. a. s. í Reykjavík, en hæst 100 aurar kwst. í Vestmannaeyjum, þ. e. a. s. á annað hundrað prósent hærra þar.

Ég hygg, að þessi dæmi ættu að nægja til að sýna, hversu mjög landsmenn búa við mismunandi rafmagnsverð, og yfirleitt er það svo, að það er dreifbýlið, sem býr við óhagstæðasta verðið, en lægra verðið er aftur gildandi á svæðum stærri virkjananna í þéttbýlinu. Þessi mismunur á rafmagnsverði á sér orsakir í sjálfum raforkulögunum, þeim sem nú gilda, enda gengið út frá því við setningu l., að rafmagnsverð sé mismunandi. M. a. stafar þetta af því, að lögin opna möguleika á eignarhaldi til óskyldra aðila á virkjunum og veitum, aðila, sem hver fyrir sig verðleggur sína framleiðslu og dreifingu eftir aðstæðum, eftir rekstrarkostnaði og eftir stofnkostnaði, sem er auðvitað mjög breytilegur, m. a. vegna mismunandi dýrleika framkvæmda á ýmsum tímum.

Það virðist tæplega hugsanlegt, að unnt reynist að jafna að fullu rafmagnsverð með öðrum hætti en þeim, að ríkið eigi og reki öll raforkuver í landinu og einnig dreifiveiturnar. Þó sýnist mér, að vel væri hugsanlegt að stíga nokkurt spor í þessa átt með því að koma á einu heildsöluverði raforku um allt landið, þó að frekari aðgerðir biðu síðari tíma. Í þessu sambandi og þeirra vegna, sem eru kannske óttaslegnir um þjóðnýtingu, þá vil ég benda á það, að nú alveg á síðustu árum hafa fleiri og fleiri ríki, t. d. í Vestur-Evrópu, tekið upp fulla þjóðnýtingu á allri raforku, þ. á m. lönd eins og Frakkland og Ítalía, og það jafnt sjálf orkuverin og dreifingarkerfin.

Þegar rætt er um verðjöfnun á rafmagni, staðnæmast menn vafalaust við það, að sums staðar yrði um nokkra hækkun að ræða, um leið og verðið yrði lækkað annars staðar. En við flm. þessarar till. teljum, að slíkt sé ekki frambærileg röksemd gegn verðjöfnun.

Íbúar einstakra byggðarlaga búa nú að vísu við lægra verð en aðrir, aðallega, eins og ég áðan sagði, vegna þess, að virkjanir og veitur hafa verið byggðar upp á ódýrari tíma en nú er. En þegar að því kemur, að virkja þarf á slíkum stöðum að nýju, getur hins vegar farið svo, að rafmagnsverð yrði á slíkum svæðum hærra en alls staðar annars staðar, og slíkar snöggar gerbreytingar á verðlagi, sem getur leitt af núverandi skipulagi, geta því tæpast talizt heppilegar fyrir einn eða neinn, þegar til lengdar lætur. Það er líka bent á það í till. okkar, að vel væri hugsanlegt og framkvæmanlegt að jafna t. d. að fullu verð á rafmagni til heimilisnota, miðað við lægsta verð, sem nú gildir, þannig að jöfnunin leiddi ekki af sér hækkun neins staðar á þeirri notkuninni, sem almenningi hlýtur að vera viðkvæmust og snertir hann á beinastan hátt. Þetta væri mögulegt með því að jafna að einhverju leyti mismuninn, sem nú er á rafmagni til heimilisnota og rafmagni til annarra nota, en þessi munur hefur farið mjög vaxandi síðasta áratuginn og bilið lengzt á milli. Samkv. skýrslunni um sölu raforku árið 1960 nam almenn heimilisnotkun það ár 21.6% af heildarnotkuninni, en fyrir þessi 21.6% af notkuninni var gjaldið 41.1% af heildarsöluverðinu. Út úr þessu má lesa það, að fyrir heimilisnotkunina hefur verið greitt tvöfalt meðalverð. Lýsing var það ár 4.3% af heildarnotkuninni, en gjaldið fyrir þessi 4.3% var 14.5% af heildarsöluverði rafmagnsins, þ. e. a. s. þrefalt meðalverð. En á sama tíma notuðu þrír aðilar, svokallaðir stórnotendur, þ. e. a. s. áburðarverksmiðjan, sementsverksmiðjan og Keflavíkurflugvöllur, 36% af heildarnotkuninni, en fyrir þennan rúma þriðjung af allri raforkunotkuninni greiddu þeir aðeins 6.8% af heildarsöluverðinu. Árið 1960 var heimilisnotkun almenn 95.3 gwst., og söluverð þessarar orku var 77.3 millj., en ef heimilisnotkunin hefði þá verið verðlögð á lægsta taxta fyrir almenna heimilisnotkun, hefði mismunurinn orðið 15—17 millj., sem hefði þá orðið að taka í hærra verðlagi á annarri notkun, og verð ég að segja, að mér sýnist það vera mjög vel framkvæmanlegt, svo mikill munur sem nú er á rafmagnsverðinu til heimilisnotkunarinnar og til annarra nota, eins og ég hef að nokkru leyti rakið.

Í till. okkar er stefnt að því, að við endurskoðun sé lúkning á allsherjarrafvæðingu á sem skemmstum tíma höfð sérstaklega í huga, eins og ég áður sagði, og einnig, að sem bezt nýting fáist á framleiðslugetu orkuveranna, m. a. með því, að hraðað sé samtengingu orkusvæðanna og unnið að því eftir skipulagðri áætlun, en með slíkri samtengingu væri unnt að virkja stærra í einu og á hagkvæmari hátt en nú er. Og enn koma svo, eins og ég áður sagði, til fleiri smærri atriði, sem hafa ber í huga við endurskoðunina, þó að ég fari ekki sérstaklega út í það.

En ég vil að lokum aðeins segja það, að allir hljóta að vera sammála um, að hagkvæm skipan raforkumálanna er og hlýtur að verða eitt af hinum stóru málum atvinnulífsins og þróunar þess í framtíðinni, eitt grundvallarskilyrði, sem þjóðfélaginu ber að fullnægja, til þess að framfarir geti orðið stórstígar og sem jafnastar um allar byggðir landsins. Orkulindirnar, sem bíða óbeizlaðar, eru náttúruauðæfi, sem allir landsmenn eiga að jöfnu, og þörf þeirra allra til að njóta þeirra er hin sama. Öll mismunun við uppfyllingu þessara frumþarfa er því fráleit, hvernig sem málið er skoðað, og eðlilegt, að kvaðirnar, sem því fylgja, hvíli sem jafnast á öllum landsmönnum, en ekki t. d. að dreifbýlið sé sérstaklega skattlagt í því sambandi. Og það er fyrst og fremst tilgangurinn með flutningi þessarar till., að þessi mismunun hverfi sem fyrst úr sögunni.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

41. Lánveitingar til íbúðarhúsabygginga.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga [169. mál] (A. 320).

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. og 38. fundi í Sþ., 8. og 13. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þessi till. fjallar um það, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til þess að útvega byggingarsjóði ríkisins allt það fjármagn, sem þarf til þess, að unnt sé án tafar að veita hámarkslán skv. l. til allra þeirra, sem sótt hafa um lán og komið íbúðum sínum í lánshæft ástand. Enn fremur, að ríkisstj. ákveði, að 150 þús. kr. hámarkið, sem nú er ákveðið í lögum um lánveitingar húsnæðismálastofnunarinnar, verði látið ná til íbúða, sem byrjað var á eftir gengisbreytinguna 1960.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á undanförnum árum hefur orðið mikill misbrestur á því, að þeir, sem hafa átt að fá lán úr byggingarsjóði ríkisins, hafi fengið það á þeim tíma, sem íbúðir þeirra eða viðkomandi aðila hafa orðið lánshæfar, og hafa þessar tafir oft og tíðum valdið viðkomendum hinum mestu óþægindum. Það verður einnig að teljast eðlilegt, að það hámark á þessum lánum, sem samþ. var á síðasta þingi, þ. e. a. s. lánin mættu ná 150 þús. kr. hámarki, verði látið ná til allra, sem byrjuðu á byggingu íbúða eftir gengisbreytinguna 1960, en nú ná þau ekki nema til þeirra, sem voru búnir að steypa grunn að byggingu fyrir 1. ágúst 1961. Ég held, að öllum hljóti að koma saman um, þegar þeir athuga þetta mál, að hér sé um sjálfsagt réttlætismál að ræða.

Mér finnst rétt að rifja það upp, hvaða tekjuöflun mundi þurfa hjá byggingarsjóði til þess að geta fullnægt þessari till. Skv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá stjórn byggingarsjóðsins eða mönnum, sem eiga sæti í stjórn byggingarsjóðsins, var þannig ástatt 8. marz s. l., að fyrir lágu lögmætar umsóknir, þ. e. þar sem búið var að fullnægja öllum skilyrðum, sem námu samanlagt 114 millj. kr. Auk þess lágu fyrir umsóknir, þar sem ekki var fullséð, hvort íbúðirnar væru orðnar lánshæfar, þ. e. hvort þær væru orðnar fokheldar, en munu hins vegar verða það áreiðanlega mjög fljótlega, ef þær eru þá ekki orðnar það. Þessar umsóknir námu samanlagt 21.6 millj. kr., þannig að 8. marz s. l. lágu fyrir lánsbeiðnir hjá byggingarsjóði upp á 135.6 millj. kr. En þess ber að gæta varðandi flestar umsóknirnar utan af landi, að það vantaði skilríki um, hvort búið hefði verið að steypa grunninn fyrir 1. ágúst 1961, og þess vegna er þeim í þessari áætlun yfirleitt ekki ætlað nema 100 þús. kr. lán. En ef skilríki koma fram um það, sem vafalaust má vænta um mjög margar þeirra, að það hafi ekki verið búið að steypa grunninn fyrir 1. ágúst 1961, þá má búast við, að þessi upphæð hækki verulega, þannig að það er ekki fjarri lagi að gera ráð fyrir því, að þær lánsbeiðnir, sem lágu fyrir hjá húsnæðismálastofnuninni 8. marz s. l. og eru ýmist orðnar lögmætar eða verða það mjög fljótlega, nemi að upphæð um 140 millj. kr., sem sagt, að sjóðurinn þyrfti að ráða yfir 140 millj. kr. nú í dag til að geta fullnægt þessum lánsbeiðnum. Nú mun það hins vegar hafa verið gert af hálfu hæstv. ríkisstj., að sjóðnum hefur verið tryggt fé til útlána, sem nemur um 80 millj. kr., þannig að þó að þessi fjárveiting hafi fengizt, þá mun samt vanta um 60 millj. kr., þegar þeirri úthlutun lýkur, sem nú stendur yfir, til þess að sjóðurinn geti fullnægt þeim lánsbeiðnum, sem fyrir liggja. En svo má að sjálfsögðu gera ráð fyrir því og verður að sjálfsögðu á þessu ári, að þá bætast við margar nýjar íbúðir, sem verða lánshæfar. Ef um væri að ræða eðlilega byggingarstarfsemi, þá er alls ekki fjarri lagi að gera ráð fyrir því, að slíkar íbúðir gætu orðið um 800, og eigendur þeirra allra ættu skv. lögum að hafa rétt til að fá 150 þús. kr. lán út á hverja, svo að hér yrði um 120 millj. kr. upphæð að ræða. Þannig virðist liggja nokkurn veginn ljóst fyrir, að til viðbótar þeim 80 millj., sem sjóðurinn er þegar búinn að fá til ráðstöfunar á þessu ári, þurfi alltaf um 180 millj. kr. til viðbótar á árinu, og það fjármagn þyrfti að útvega, ef þessi till. yrði samþ.

Eg held, að allir hv. þm., sem eru mjög kunnugir því, hvernig ástatt er í byggingarmálunum, hljóti að telja sjálfsagt, að þessi upphæð verði útveguð sjóðnum, og samþ. þá till., sem hér liggur fyrir. Það vill líka svo vel til, að það eru ýmsir góðir möguleikar til þess að fullnægja þessum þörfum sjóðsins. Bæði er það, að það hefur mikið fé verið fryst hjá Seðlabankanum. Það er mikið fé, sem hefur safnazt í atvinnuleysistryggingasjóð, og víðar er um sjóði að ræða, sem ættu að geta lánað til þessarar starfsemi.

En í sambandi við þetta er ekki úr vegi að gera sér nokkra grein fyrir því, hver fjárþörf byggingarsjóðs muni verða á komandi ári, en hún verður að sjálfsögðu töluvert miklu meiri en þetta, vegna þess að það er ljóst, að það er alls ekki fullnægjandi, eins og nú er komið byggingarkostnaði, að veita 150 þús. kr. lán út á íbúð. Ef íbúðarbyggjandi ætti t. d. nú að vera svipað staddur og 1958, þannig að hann þyrfti ekki að leggja fram meira fé eða útvega meira lán sjálfur en hann þá gerði, heldur fengi hitt að láni frá byggingarsjóði ríkisins, þá mundi það lán, sem byggingarsjóður ætti að útvega honum, þurfa að nema frá 250 til 300 þús. kr., þannig að það þyrfti næstum því að tvöfaldast frá því, sem nú er, til þess að menn verði svipað staddir og þeir voru 1958 í þessum efnum. Nú mun það vera talið eðlilegt, að það þurfi að bætast við á ári um 1500 nýjar íbúðir, þar af má gera ráð fyrir, að kannske 120—140, miðað við venju undanfarinna ára, séu í sveitum, en til þeirra ná lánveitingar byggingarsjóðs ekki, en í kaupstöðum mundu þá skv. þessu þurfa að bætast við um 1300—1400 nýjar íbúðir árlega. Að sjálfsögðu eru ýmsir þeirra, sem byggja, þannig fjárhagslega staddir, sem betur fer, að þeir þurfa ekki að leita eftir láni úr byggingarsjóði. En fjarri lagi væri ekki að gera ráð fyrir því, að eigendur um 1000 íbúða mundu þurfa að leita eftir láni úr sjóðnum, og ef gert væri ráð fyrir því, að hægt væri að hækka lánin upp í 250—300 þús. á hverja íbúð, væri hér um upphæð að ræða, sem nemur 250—300 millj. kr. á ári. Það virðist vera það lágmarksfjármagn, sem byggingarsjóður þyrfti að hafa til umráða, svo að vel væri og svo að það yrði tryggt, að ekki drægi óeðlilega mikið úr byggingarstarfsemi í landinu. Nú hefur hins vegar verið þannig háttað á undanförnum árum, eða t. d. á s. l. ári, að þá fékk sjóðurinn ekki nema 82 millj. kr. til umráða, en það er sem sagt ekki nema frá ¼ til ⅓ hluta þess, sem sjóðurinn þyrfti að hafa til umráða, ef vel væri. Þess vegna er augljóst mál, að hér er mjög stórt og erfitt

verkefni við að fást. En það verður ekki komizt hjá því að reyna að leysa þennan vanda, og þess vegna er það, að við framsóknarmenn höfum flutt till. um það á öðru þskj., að tekin verði til endurskoðunar öll löggjöf, sem fjallar um aðstoð við byggingar, og sett ný heildarlöggjöf með það fyrir augum, að það verði hægt að útvega þeim að láni, sem þess þurfa, um ⅔ hluta byggingarkostnaðar, en það er sú upphæð, sem menn eiga kost á í nágrannalöndum okkar sem lánsfé, og jafnvel í sumum þeirra geta menn fengið meiri hluta byggingarkostnaðarins að láni.

Sú till., sem hér liggur fyrir, fjallar aðeins um þann vanda, sem við er að fást í dag, að tryggja það, að menn geti fengið þau lán, sem þeim eru eiginlega nú heitin í lögunum um byggingarsjóðinn. En mikið vantar á, að svo sé, eins og tölurnar sýna, sem ég hef nú greint frá. Fyrir fjöldann allan, sem stendur í byggingum, er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt, að ekki standi á þessum lánum, og því eðlilegt og sjálfsagt, að þær ráðstafanir séu gerðar, sem till. fjallar um, að tryggja það, að hægt sé að veita þessi lán strax og íbúðirnar verða lánshæfar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni, en leyfi mér að leggja til, að till. verði **vísað að lokinni** þessari umr. til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

42. Jarðborun í Hveragerði.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um jarðborun í Hveragerði [175. mál] (A. 328).

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

43. Búnaðarbankaútibú í Árnes- eða Rangárvallasýslu.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um stofnun Búnaðarbankaútibús í Árnes- eða Rangárvallasýslu [176. mál] (A. 329).

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

44. Stéttarfélög og vinnudeilur.

Á deildafundum 28. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur [178. mál] (A. 332).

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37., 38., 41., 42. og 44. fundi í Sþ., 8., 13., 20. og 27. marz, 3. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 332 hef ég ásamt 4 hv. alþm. leyft mér að flytja till. til þál. um endurskoðun á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Er gert ráð fyrir því, ef till. þessi verður samþykkt, að ríkisstj. láti fara fram endurskoðun á lögum þessum og leggi frv. að endurskoðaðri löggjöf fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Þeir munu afar fáir í dag, ef þá nokkrir jafnvel til, sem viðurkenna ekki, að það er nauðsynlegt hverju lýðræðisþjóðfélagi, að um málefni og samskipti vinnuveitenda og vinnuþiggjenda sé löggjöf, sem kveði á um starfsreglur þeirra eins og um aðra þætti félagsmála. Þeir, sem viðurkenna þessa nauðsyn, viðurkenna um leið sem beina afleiðingu þess, að þessi löggjöf verði að sjálfsögðu að vera þannig úr garði gerð, að hún komi að sem mestum notum, að alla missmíði slíkrar löggjafar verði að leiðrétta, eftir því sem hún kemur í ljós, og hún eins og önnur löggjöf þurfi að kveða sem skýrast á um þá þætti, sem henni er ætlað að fjalla um, svo og að þeir aðilar, sem starfa eiga eftir þessari löggjöf, starfi samkv. henni. Í fáum orðum sagt,

þeir, sem viðurkenna nauðsyn löggjafarinnar, viðurkenna um leið, að endurskoðun hennar þurfi að fara fram, þegar í ljós koma gallar og ný atriði, til þess að löggjöfin komi að sem mestum notum fyrir þjóðfélagsþegnana og þjóðfélagið í heild.

Löggjöf sú, sem hér um ræðir, er nær aldarfjórðungs gömul. Hún var frumsmíði heildarlöggjafar um þessi mál, en áður, þ. e. 1925, höfðu verið sett lög um sáttatilraunir, og er þá upptalin sú löggjöf, sem hefur verið sett hér á landi um stéttarfélög og vinnudeilur.

Hinn 15. des. 1936 skipaði þáv. atvmrh. nefnd, en í henni áttu sæti þeir Guðmundur Í. Guðmundsson, núv. hæstv. utanrrh., Gísli Guðmundsson alþm., Ragnar Ólafsson hrl. og Sigurjón Á. Ólafsson fyrrv. alþm. Var nefnd þessari ætlað að gera till. til þáv. ríkisstj. um löggjöf um réttindi verkalýðssamtaka, afstöðu þeirra til atvinnurekenda og meðferð deilumála milli þeirra aðila, eins og segir í skipunarbréfi nm. Nefnd þessi fékk síðan heitið vinnulöggjafarnefndin. Vinnulöggjafarnefndin lauk störfum sínum í jan. 1938 og lagði þá fyrir ríkisstj. álit sitt ásamt frv. um stéttarfélög og vinnudeilur. Var frv. þetta síðan lagt fyrir Alþingi og samþykkt með nokkrum breytingum.

Þeir, sem kynnt hafa sér álit vinnulöggjafarnefndar, sem atvmrn. síðar gaf út, hljóta að gera sér grein fyrir því, að starf n. var mjög mikið. Hún aflaði sér mikilla upplýsinga, sérstaklega frá þjóðum, sem voru okkur skyldastar og höfðu svipaða þjóðfélagshætti, og töldu nm. rétt, að vinnulöggjöf sú, sem hér yrði samþykkt, yrði byggð á reynslu þessara þjóða.

Það er engum efa bundið, að vinnulöggjafarnefndin vann mikið og merkilegt starf. En hún gerði sér líka grein fyrir því, að hennar verk væru ekki fullkomin frekar en önnur mannanna verk og það bæri að fara að öllu með gát og betra væri að endurbæta löggjöfina, eftir því sem reynsla fengist, heldur en að setja löggjöf um þætti, sem lítil reynsla hafði fengizt fyrir. En í nál. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vinnudeilur á Íslandi eru tiltölulega ungt fyrirbrigði, og þjóðin sem heild er þessu fyrirbrigði miklu óvanari en flestar aðrar þjóðir. Þess vegna lítur n. svo á og leit svo á þegar í upphafi starfs síns, að íslenzka vinnulöggjöf verði í öllum aðalatriðum að byggja á því, sem reynt hefur verið og vel hefur reynzt annars staðar. N. telur það varhugavert, þegar vinnulöggjöf er sett hér í fyrsta sinn, að taka upp í hana ákvæði, sem væru algjör nýmæli, lítið reynd eða sérlega umþráttuð í öðrum löndum. Hitt er þá nær, þegar löggjöf sú, sem nú kann að verða sett, hefur verið reynd, að bæta þá við hana nýjum ákvæðum, þegar þjóðin hefur vanizt henni í framkvæmd og reynslan hefur sýnt, hvar nýrra viðbótarákvæða er mest þörf. Má því og aldrei gleyma, að þetta mál er hér, eins og það alls staðar annars staðar hefur verið, á byrjunarstigi mjög viðkvæmt mál, þar sem mörgum hættir til að líta á einstök e. t. v. minni háttar atriði heldur en þýðingu löggjafarinnar í heild og nauðsyn þess að skipa þessum málum til öryggis fyrir verkamenn og atvinnurekendur og atvinnulíf þjóðarinnar í heild.“

Þannig dæma þeir menn, sem sömdu þá löggjöf, sem hér er farið fram á að endurskoðuð verði, sín eigin verk fyrir fram. Og nú að 25 árum liðnum rís sú spurning fyrir þá hina, sem með löggjafarvaldið fara, hvort tíminn og breyttar aðstæður hafa leitt í ljós nú þegar, að ástæða sé til þess, að umrædd löggjöf verði endurskoðuð.

Þeir, sem fylgzt hafa með gangi þeirra mála, sem þessi löggjöf fjallar um, og líta á þessi mál frá þjóðhagslegu sjónarmiði, eru sammála um það, að löggjöfinni um stéttarfélög og vinnudeilur er að mörgu leyti orðið mjög ábótavant eftir þær miklu breytingar, sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu s. l. aldarfjórðung. Því miður höfum við allt of oft horft upp á, að vegna ófullkominnar vinnulöggjafar hafi deiluaðilar á vinnumarkaðinum og þjóðarbúið í heild beðið stórkostlegan skaða, sem með skynsamlegri löggjöf hefði verið hægt að komast hjá.

Ég ætla ekki að fjölyrða miklu meira um þessa till. Það er orðið áliðið þings og til þess að hraða heldur afgreiðslu hennar, vildi ég vera fremur stuttorður, en þó í upphafi varpa fram þeim hugleiðingum, sem ég hér hef nú gert, og benda á, hvernig þeir aðilar, sem í upphafi sömdu þessa löggjöf, gerðu sér grein fyrir því, að til endurskoðunar á henni yrði að sjálfsögðu að koma.

Í grg. með till. bendum við flm. á nokkur atriði, sem við vildum að athuguð yrðu sérstaklega við endurskoðun l., en við gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því, að hér er bent aðeins á örfá atriði og þá frekast atriði, sem við ætluðum að væru atriði, sem litlar eða kannske engar deilur þyrftu að standa um.

Í fyrsta lagi bendum við á, að leitast verði við að setja sanngjarnar reglur um beitingu verkfalls- og verkbannsréttarins, til þess að stefnt verði að því að minnka það tjón, sem þeir aðilar, sem í vinnudeilum hafa staðið, og að sjálfsögðu þjóðarbúið í heild hefur orðið fyrir, og bendum á, að reglur þessar verði að sjálfsögðu grundvallaðar á þeim sjónarmiðum, sem almennt hafa verið viðurkennd á vinnumarkaðinum, að verkfalls- og verkbannsréttur inn sé neyðarréttur og honum sé beitt sem slíkum, þannig að tryggt verði, að fórnað sé minni hagsmunum fyrir þá, sem meiri verða að teljast.

Þá viljum við mjög benda á, að fastari reglur verði settar um hagstofnun launþega og vinnuveitenda. Erum við sannfærðir um, að upplýsingar, sem slík stofnun á að geta gefið, gætu haft mikil áhrif í þá átt, að til verkfalls eða verkbanns þyrfti miklu sjaldnar að koma. Það hlýtur og er að sjálfsögðu vilji allra, sem með þessi mál fara, að sem sjaldnast þurfi að koma til slíkra átaka og hægt

yrði að leysa deilurnar með samningum, og þá er að sjálfsögðu grundvöllurinn til þess sá, að fyrir hendi séu upplýsingar, sem hægt sé að byggja á sanngjarna lausn þeirra deilna, sem upp koma.

Þá bendum við enn fremur á atriði, sem óumdeilanleg eru, svo sem að fyrirbyggja, að þjónusta við börn og sjúklinga verði hindruð með verkfalli eða verkbanni, og að fyrirmæli verði sett um það, að þegar framleiddar vörur og framleiðslutæki verði ekki eyðilögð í slíkum átökum.

Þá bendum við á, að gefinn verði ríflegur tími milli kröfugerðar og verkfalls eða verkbanns og settar verði nánari reglur um það, á hvern hátt til slíkrar stöðvunar skuli koma innan viðkomandi félaga eða félagasamtaka.

Í sjötta lagi bendum við á, að nánari reglur verði settar um félög launþega og félagasamtök og svo félög og félagasamtök vinnuveitenda og þannig um hnútana búið, að þær lýðræðisreglur, sem við byggjum okkar eigið þjóðfélag á, verði ekki fyrir borð bornar þar og einstaklingur í slíkum félagssamtökum yrði ekki þar verr settur en hann er með þeim reglum, sem gilda hér í okkar þjóðfélagi.

Eins og ég gat um áðan, er okkur fullvel ljóst, að þessar ábendingar eru alls ekki tæmandi, nema síður væri. Þær eru hins vegar þannig, að við vildum ekki láta hjá líða að benda á þær. Þegar svo er komið, að löggjöf, sem gegnir jafnþýðingarmiklu hlutverki og löggjöfin um stéttarfélög og vinnudeilur, er orðið ábótavant og tímarnir hafa breytzt þannig, að úrbætur þarf þar að gera, þá hlýtur löggjafinn að grípa þar inn í og láta endurskoða löggjöfina og setja nýja og fyllri löggjöf, því að með því móti erum við að stefna að því, að einstaklingarnir, sem eiga hagsmuna þar að gæta, svo og þjóðarbúið í heild verði fyrir minnstum skaða.

Ég hef svo þessi orð mín ekki lengri. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. verði vísað til hv. allshn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hún er ekki margorð, þessi till., sem hér liggur fyrir, en hún fjallar engu að síður um eitt viðkvæmasta deilumál þessa þjóðfélags. Till. er dálítið óvenjuleg að því leyti, að hún fer fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún láti fara fram endurskoðun á ákveðinni löggjöf, löggjöfinni um stéttarfélög og vinnudeilur, en segir hins vegar ekkert til um það, ekki með einu orði, í hvaða átt sú endurskoðun á að beinast. Það hefði verið næsta eðlilegt, að till. um endurskoðun á vinnulöggjöfinni hefði ákveðið og skorinort falið það í sér, hvaða efnisatriði þessarar löggjafar ætti að endurskoða. En um það er ekkert að undanteknu því, að í lokin er sagt, að þessari endurskoðun eigi að hraða, þannig að stefnt sé að því, að frv. að nýrri vinnulöggjöf verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi, þ. e. um tímamark, en ekkert um efnisinnihald væntanlegrar endurskoðunar.

Nú þykist ég vita það með vissu, að ekki sé þessi áskorun á hæstv. ríkisstj. um endurskoðun á vinnulöggjöfinni fram borin vegna þess, að hv. flm. eða yfirleitt aðrir þm. í stjórnarliðinu viti ekki, að hæstv. ríkisstj. hefur haft fullan áhuga á því allt síðasta kjörtímabil að koma fram endurskoðun á vinnulöggjöfinni og hefur verið að baksa við það allt sitt tímabil. Þess vegna er dálítið skrýtið, að í lok kjörtímabilsins, sem hæstv. ríkisstj. hefur heykzt á að koma endurskoðun fram, skuli koma áskorun frá fylgjendum stjórnarliðsins um að hefja endurskoðun á næsta kjörtímabili. Ég veit það alveg fyrir víst, að áhugann hefur ekki vantað hjá hæstv. ríkisstj. og hún hefur verið að fást við málið. Hún hafði n. starfandi í þessu verki framan af kjörtímabilinu, og á árinu 1961 voru stjórnarflokkarnir mjög farnir að bera saman bækurnar um það, hvaða efnisatriðum vinnulöggjafarinnar hvor þeirra um sig vildi breyta. Og þessi endurskoðun hafði farið fram án nokkurs minnsta samráðs við verkalýðshreyfinguna. Það eitt hefði ég haldið að væru næsta óhyggileg vinnubrögð um löggjöf, sem svo mjög snertir ekki aðeins atvinnurekendurna í landinu, heldur einnig allt verkafólkið og öll samtök verkafólks. En þessi endurskoðun, sem hv. stjórnarflokkar voru að reyna að koma fram og voru að reyna að undirbyggja á kjörtímabilinu, átti að fara fram án nokkurs samráðs við annan meginaðilann, og það harma ég, því að það voru vinnubrögð, sem voru fyrir fram dæmd til að mistakast. Það var einmitt, þegar við höfðum fengið vitneskju um það í Alþýðusambandinu, að nefnd stjórnarflokkanna væri að vinna að þessu máli, að við þóttumst ekki geta setið hjá án þess að óska eftir því við hæstv. dómsmrh., að endurskoðun á vinnulöggjöfinni yrði þó a. m. k. ekki lögð fyrir Alþingi án þess, að verkalýðshreyfingin fengi að kynna sér efni þeirra till., sem fyrirhugað væri að bera fram, og þess vegna var það, að nefnd frá miðstjórn Alþýðusambandsins var falið að ganga á fund hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssonar, og ræða við hann um þetta mál, spyrjast fyrir um, hvort það væri rétt, að endurskoðun væri í gangi á vinnulöggjöfinni og hvort henni væri langt á veg komið og að hverju hún stefndi. Hæstv. ráðh. tók okkur ljúfmannlega í þessari n., viðurkenndi, að það væri ekki óeðlilegt, að Alþýðusambandið vildi fylgjast með slíkri endurskoðun, og lét svo í ljós, að hann teldi ekki óeðlilegt, að hún léti sig þessi mál varða, og játaði, að þessi endurskoðun hefði verið í gangi um alllangt skeið. Efnislega vildi hann þó ekki tjá okkur, um hvað hún hefði snúizt, en hann lofaði því, að frv. að nýrri löggjöf, vinnulöggjöf, skyldi þó ekki lagt fyrir Alþingi, án þess að Alþýðusambandið fengi að kynna sér þær till. áður. Við áttum sem sé, og það var þakkarvert, hæstv. ráðh. lofaði því, að ef þessari endurskoðun yrði lokið og frv. yrði samið, þá skyldi hann sjá um það, að Alþýðusambandið fengi að líta á þessar till., áður en þeim væri kastað fyrir Alþingi. En það

átti líka að vera allt og sumt, það áttu að vera þau einu afskipti, sem Alþýðusambandinu voru ætluð í þessu máli af undirbúningi þess til Alþingis.

En ráðh. sagði þá, að málin stæðu á því augnabliki þannig, að það, sem einn legði til, teldi annar ófært í stjórnarliðinu, þar væri hver höndin upp á móti annarri um allar breytingar og væri því óvíst, að nokkuð yrði af þessari endurskoðun. Og það hefur komið á daginn, — það var á árinu 1961, sem þessi viðtöl okkar fóru fram við hæstv. ráðh., og nú erum við staddir á árinu 1963, kjörtímabilinu að ljúka, og ekki hefur þetta barn hæstv. ríkisstj. fæðzt. Það hefur orðið lengri meðgöngutími en 9 mánuðir, og nú skal skora á ríkisstj. að endurskoða vinnulöggjöfina á næsta kjörtímabili.

Ég fagna því nú raunar, að þetta skyldi fara í vaskinn fyrir hæstv. ríkisstj. Vinnubrögðin voru óforsvaranleg í svona máli. Ef menn hafa hug á því að fá frið um þessi mál, er ekkert vit í að framkvæma endurskoðun á þessari löggjöf án frumkvæðis — ég segi frumkvæðis og samstarfs bæði vinnuveitendasamtaka og alþýðusamtaka, og það eitt á að minni hyggju í þessum málum að bera fyrir Alþingi, sem þessir aðilar í höfuðatriðum gætu orðið nokkurn veginn sammála um. Og ég hef ekki trú á því, að önnur löggjafarákvæði í þessum efnum leiddu til farsældar fyrir land og þjóð, sem væru knúin fram á Alþingi gegn vilja annars hvors þessara aðila, — ég hef ekki trú á því, það segi ég hiklaust. Ég held, að sú vinnulöggjöf verði affarasælust landi og þjóð, sem væri undirbyggð í meginatriðum að vilja beggja aðilanna á vinnumarkaðinum. Önnur ákvæði, sem sett væru algerlega gegn vilja annars hvors þessa aðila, ég held, að þau mundu leiða til deilna, hatrammra deilna og ófarsældar fyrir þjóðfélagið.

Þó að ekkert orð standi um það í till. sjálfri, í hvaða átt endurskoðun eigi að beinast, kemur það þó fram í grg., að hverju skal stefna, í nokkrum atriðum a. m. k. Og mér skilst, að þar sé ekki neitt um að villast. Öll endurskoðun á að beinast að því að takmarka og þrengja rétt verkalýðsstéttanna og verkalýðssamtakanna á Íslandi með nýjum ákvæðum þessarar löggjafar. Það fer ekkert á milli mála, þó að ekkert orð standi um það í till. sjálfri. Þetta verður bert af grg. Þá mátti og ráða nokkuð af því, hvert stefna ætti, þegar ríkisstj., sem hefur lækkað kaupgjald með löggjöf, ríkisstj., sem hefur tvívegis rift öllum kaupgjaldssamningum í landinu með gengisfellingu, ríkisstj., sem hefur afnumið verðlagsuppbætur á laun með löggjöf, ríkisstj., sem hefur gefið út hver brbl. á fætur öðrum til þess að banna löglega boðuð verkföll, ríkisstj., sem hefur beitt hinum harkalegustu og svívirðilegustu gerðardómslögum gegn flugmannastéttinni, — þegar hún er beðin að endurskoða vinnulöggjöfina, þá þarf enginn að fara í grafgötur um það, þarf kannske ekkert orð í till. um það, í hvaða átt endurskoðun eigi að beinast. Þegar slík ríkisstj. er beðin að endurskoða vinnulöggjöf, þá vita menn, að það á að vera til þess, að þeir fái rýmra olnbogarúm til þess að haga sér á sama hátt og þeir hafa gert á líðandi kjörtímabili. Þeir hafa ekki þótzt hafa nægilegt olnbogarúm við núv. löggjöf, þegar þeir hvað eftir annað hafa orðið að grípa til bráðabirgðalöggjafar. Þó að ekkert orð hefði staðið í grg. um það, að hverju endurskoðunin ætti að beinast, þá hefðu menn af því einu, að þessi hæstv. ríkisstj. er beðin að endurskoða löggjöfina, mátt vita, að hverju hún átti að stefna.

En við þurfum engar getgátur, því að grg. segir þetta skýrum orðum í nokkrum atriðum, og er þó áreiðanlega reynt að tala eins varlega um þetta, eins mjúklega og unnt er, því að það gerði hv. frsm. þar um áðan. Hann sagði meira að segja, að þetta væri svo saklaust mál, að það væri ekki með þessari till. ætlazt til, að endurskoðun færi fram á öðrum atriðum en þeim, sem líkur væru til að litlar eða engar deilur stæðu um, þ. e. a. s. það á við allra smávægilegustu atriði löggjafarinnar, ekki að hrófla við neinum meginatriðum löggjafarinnar, bara eitthvert smákák, smávægileg atriði, sem litlar eða engar deilur væru um. Þá sá ég líka, að okkar alvörugefni hæstv. dómsmrh. brosti, þegar ræðumaður sagði þetta, það væri sannarlega ekki ætlazt til þess að fara að hrófla neitt við vinnulöggjöfinni í öðrum atriðum en þeim, sem líkur væru til að litlar eða engar deilur mundu standa um.

Nei, það er enginn vafi á því, að ef þessi till. verður samþ. á Alþingi og það færi svo, að núv. hæstv. ríkisstj. ætti um að fjalla þá endurskoðun, þá vitum við alveg, í hvaða átt hún á að fara. Hún á að þrengja rétt verkafólks í öllum deilum við atvinnurekendur, hún á að auka rétt atvinnurekendanna í þeim viðskiptum, hún á að grípa á meginverkefnum þessarar löggjafar, hún á að fjalla, eins og hv. ræðumaður kom síðar að, um verkbannsréttinn. Um hvaða stærri atriði er hægt að fjalla í þessari löggjöf? Það var að engu gert í framhaldi ræðunnar hjá hv. ræðumanni, þegar hann hafði sagt, að endurskoðunin ætti bara að fjalla um atriði, sem engar eða litlar deilur stæðu um, þegar hann játaði að þarna ætti að gera breytingar á ákvæðunum í vinnulöggjöfinni um verkfallsrétt og verkbannsrétt.

En mér verður spurn: Úr því að þessi endurskoðun á þó að fjalla um verkfallsrétt og verkbannsrétt, er það hugsun 1. flm. og þeirra flm., að verkfallsréttur verði skertur eða verkfallsréttur verði rýmkaður? Um það er ekkert í till., og mætti þó varla minna vera en maður fengi að vita um, í hvaða átt endurskoðunin á að fara, að því er þetta meginatriði snertir.

Ég hygg, að það sé rétt, sem segir í upphafi grg. með till., að í frjálsu nútímaþjóðfélagi sé löggjöfin um stéttarfélög og vinnudeilur einhver mikilvægasta löggjöfin, sem

þjóðfélagsþegnarnir búi við, og það sé mjög afdrifaríkt, hvernig slík löggjöf sé, örlagaríkt fyrir þjóðfélagið. Um þetta erum við sammála, og munu flestir vera sammála um það. Löggjöfin, eins og hún er, er um réttindi og skyldur verkafólks og atvinnurekenda og samtaka þeirra, og ég álít, að þessi vinnulöggjöf, sem að vísu er, eins og hv. frsm. sagði, orðin nærri aldarfjórðungs gömul, fullra 24 ára, að hún hafi gefizt undravel, þegar tillit er tekið til þess, að hér var um algjöra frumsmíð að ræða. Til hennar var og stofnað á þann hátt, að þar voru til kvaddir fulltrúar frá hvorum tveggja höfuðaðila á vinnumarkaðinum, og þeir köstuðu ekki höndum til síns verks. Þeir unnu það að minni hyggju mjög vandlega, og árangurinn var, eins og ég sagði áðan, að minni hyggju undragóður. Þessi löggjöf hefur gegnt miklu og farsællegu hlutverki í íslenzku þjóðfélagi, og ég á eftir að sjá það, að nokkuð verði þar um bætt í meginatriðum. Það þarf enginn að ætla, að það sé hægt að koma í veg fyrir vinnudeilur og verkföll með nokkurri vinnulöggjöf. Það er ekki hægt. Ef einhver gerir sér þær hugmyndir um vinnulöggjöf, þá fer sá hinn sami villur vegar. Það er ekki hægt að fyrirbyggja með öllu verkföll og vinnudeilur með neinni vinnulöggjöf, og til þess að menn geti skellt skuldinni á vinnulöggjöfina á Íslandi, sem hefur verið í gildi s. l. 24 ár, að hér hafi orðið verkföll, þá verða menn að benda á, að hverju leyti eru óeðlileg eða ranglát ákvæði í þessari vinnulöggjöf, sem við búum við.

Eitt af því fyrsta, sem flm. segja, er, að með löggjöf eins og vinnulöggjöfinni þurfi að tryggja svo sem kostur sé æskilega samstöðu og samstarf innan samtaka launþega og vinnuveitenda, svo og skynsamlega meðferð deilumála þessara aðila, að öðrum kosti geti verið vá fyrir dyrum. Þessu er ég sammála, og ég tel, að íslenzka vinnulöggjöfin hafi tryggt nokkurn veginn svo sem verða má eðlilega samstöðu og samstarf innan samtaka launþega og atvinnurekenda. Það er þó atriði, sem vinnulöggjöf getur engan veginn tryggt til neinnar hlítar, það er miklu fremur innra skipulags- og lagasetningaatriði í hvorum samtökunum um sig, og ég hygg, að þar megi vanda siglinguna milli skersins og bárunnar, ef menn fari að setja í vinnulöggjöf nákvæm og smávægileg atriði um það, hvernig skuli haga skipulagshættum verkalýðssamtaka á aðra hlið og atvinnurekendasamtaka á hina. Þar verður vandsiglt, það fullyrði ég. Þess vegna held ég, að það verði ekki fyrst og fremst hægt að endurbæta hér vinnulöggjöfina með það fyrir augum að segja nákvæmlega fyrir í einstökum atriðum, hvernig verkalýðssamtök og atvinnurekendasamtök skuli skipulagslega upp byggð. En hitt atriðið, að skynsamlega sé farið með deilumál milli þessara aðila, er höfuðverkefni góðrar vinnulöggjafar. Og þar hef ég ekki orðið var við annað en íslenzka vinnulöggjöfin fullnægi nokkurn veginn þeim kröfum, sem bera geri til slíkrar löggjafar, enda er hún byggð á löggjöf Svía og Norðmanna, sem er einna réttlátasta löggjöf og mest og bezt reynsla hefur fengizt á í heiminum. Okkar löggjöf er sniðin eftir norsku og sænsku löggjöfinni, og þær þjóðir hafa einhverja beztu löggjöf um þessi efni allra þjóða, sem mér er kunnugt um, og áreiðanlega þá löggjöf, sem einna bezt getur hentað íslenzkum staðháttum. Danir hafa hins vegar enga vinnulöggjöf. Það er þess vegna nokkuð hæpið, sem hér er fullyrt, að löggjöf eða reglur um stéttarfélög og vinnudeilur séu yfirleitt endurskoðuð mjög oft í löndunum. Það er líkt með vinnulöggjöf og með stjórnarskrá. Þar sem fastir hættir og venjur hafa skapazt í þessum málum milli atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, er yfirleitt mjög sjaldan og ekki nema þegar brýnasta nauðsyn þykir krefja og þá oftast nær að áliti höfuðaðila beggja á vinnumarkaði hróflað við vinnulöggjöf. Það er litið á þetta sem stjórnarskrá á þessu sviði þjóðfélagsins, sem eigi ekki að vera að hringla með fram og aftur, ekki eigi alltaf að vera að breyta. Þess vegna er það ekkert einstakt hér, að liðið hafa 24 ár, án þess að vinnulöggjöfinni væri breytt í neinum verulegum atriðum. Norðmenn hafa gert lítið að því að breyta sinni vinnulöggjöf og Svíar sömuleiðis. En hvað með Dani? Að loknu miklu og örlagaþrungnu verkfalli fyrir aldamót, — fyrir seinustu aldamót — gerðu atvinnurekendur í Danmörku og verkalýðsfélögin með sér sáttmála. Það var í septembermánuði, og þetta samkomulag þeirra hefur verið stjórnarskrá danskra atvinnurekenda og atvinnurekendasamtaka og verkalýðs og verkalýðssamtaka í Danmörku alla tíð síðan. Það hefur verið stjórnarskráin í þessum viðkvæmu deilumálum í dönsku þjóðfélagi í milli 60 og 70 ár. Svona lítið hafa þeir verið gefnir fyrir það að hrófla við þessum grundvelli, sem einu sinni var lagður af báðum aðilum, að þeir hafa látið þetta standa síðan. Það er rétt, að á síðustu árum hafa hvorir tveggja aðila hugsað til þess að endurskoða þennan sáttmála með það fyrir augum að koma á hjá sér vinnulöggjöf svipaðri og Svíar og Norðmenn. En þeir hafa hvað eftir annað heykzt á því og látið septembersáttmálann duga, þrátt fyrir það að hann sé nú milli 60 og 70 ára gamall. Og auðvitað hafa orðið miklar breytingar í atvinnuháttum Dana á öllu því tímabili og í dönsku þjóðfélagi engu síður en hjá okkur, sem viðurkenna ber.

Nei, það er ekki hversdagslegur atburður í nágrannalöndum okkar, að grundvallarákvæðum um samskipti atvinnurekenda og verkalýðssamtaka sé breytt, enda miklum vandkvæðum bundið, ef til bóta skal breyta, það er alveg áreiðanlegt. Og það hef ég tekið fram, að ég er mjög vantrúaður á, að til bóta verði breytt í verulegum atriðum íslenzkri vinnulöggjöf, nema þær breytingar séu undirbyggðar með nokkurn veginn samkomulagi í aðalatriðum, bæði Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Og ég hygg, að hver sú ríkisstj., sem flanaði

af stað með gjörbreytingu á íslenzkri vinnulöggjöf án þess að undirbyggja breytingarnar á þann veg, væri ekki að skapa íslenzku þjóðfélagi aukna farsæld.

Ég spyr: Að hverju leyti tryggir núv. íslenzk vinnulöggjöf ekki skynsamleg vinnubrögð í deilumálum milli atvinnurekenda og verkalýðssamtaka? Hvaða atriði þetta áhrærandi eru það í íslenzku vinnulöggjöfinni, sem ekki leiðbeina atvinnurekendum og verkalýðssamtökum um skynsamleg vinnubrögð í meðferð deilumála, en að því á eitt fyrsta atriðið í endurskoðun að beinast?

Þá segja flm. till. í grg., að sanngjarnar reglur um beitingu verkfalls og verkbanns þurfi að setja. Eru reglurnar í núv. vinnulöggjöf um setningu verkfalls og verkbanns, — þær eru samhljóða, þær eru um gagnkvæman rétt, sams konar rétt beggja aðila, — eru þær ósanngjarnar? Hér má ekki skella á verkfalli með minna en 7 sólarhringa fyrirvara og ekki heldur verkbanni. Er það ætlun manna, að þennan frest þurfi að lengja, það megi t. d. ekki nema með mánaðar fyrirvara eða hálfs mánaðar fyrirvara? Er þetta ósanngjarn frestur, vikan, sem menn hafi til þess að þrauthugsa sig um, hvort þeir vilji heldur velja samningaleið eða láta koma til stöðvunar, annaðhvort með verkfalli eða verkbanni? Er víst, að jafnvel mánaðarfrestur leysi frekar vandann? Ég er ekki sannfærður um það a. m. k. Það er ekki það, að vika sé ekki nægur tími, til þess að menn geri það upp við sig, báðir aðilar: Eru atriðin, sem á milli ber, eru deiluatriðin þess virði, að lagt sé út í verkfall eða verkbann, sem enginn veit, hve lengi stendur, eða verðum við til þess að komast hjá slíku að sætta okkur heldur við það, sem unnt er að ná samkomulagi um? Vikan dugir til þessa í flestum tilfellum. Það er ekki það. Þó að mánaðarfrestur væri annars settur, gæfi hann enga tryggingu fyrir því, að deilumálin leystust, nema jafnvel síður væri.

Þessar reglur, sem setja á, segja flm., eiga að miðast við það að minnka tjón, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir í vinnudeilum. Þeir meina nú það tjón, sem aðilarnir á vinnumarkaðinum kunna að verða fyrir í framtíðinni með vinnudeilum. Hvernig á þetta að gerast? Hvernig á að koma í veg fyrir það tjón, sem af stöðvunum á vinnumarkaðinum verður með annaðhvort verkfalli eða verkbanni? Mig langar til að vita nánar um, hvers konar ákvæði þarna eigi að vera. Mér hefur helzt dottið í hug, að það væri þetta viðvíkjandi verkfalli og verkbanni, að frestur-inn skyldi lengjast, og ég hef ekki trú á því, að það gefi fullnægjandi tryggingu fyrir betri árangri. Það eru mismunandi reglur um rétt til verkfalls- og verkbannsboðunar í ýmsum löndum, en ekkert land hefur dottið niður á þær reglur, sem hafi getað komið í veg fyrir, að deilur yrðu og verkföll væru boðuð, verkföll væru háð og verkbönn væru boðuð og háð. Það er yfirleitt ekki unnt að setja ákvæði, sem tryggi það, að ekki verði verkföll eða verkbönn. Svo lengi sem deiluatriði eru til milli atvinnurekenda og verkalýðs um skiptinguna á arði vinnuaflsins, verða deilur, ef menn hafa frjálsræði til þess að halda sínum rétti fram. Menn geta kannske fyrirbyggt deilurnar með því að svipta menn réttindum til þess að deila, og það er kannske tilgangurinn. Þá er bara að segja það. (**Forseti:** Má ég biðja hv. ræðumann að doka við andartak. Það er mál þannig vaxið, að fundartími sameinaðs þings er nú úti í dag, og spurningin er, hvort hv. þm. á mikið eða lítið eftir af ræðu sinni, hvort hann kysi að ljúka henni kannske á 2—3 mínútum eða láta síðari hlutann bíða til næsta fundar eða næst, þegar málið verður á dagskrá.) Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að ljúka ræðu minni á næstu 2—3 mínútum, kannske ekki heldur á næstu 20—30 mínútum. En mér finnst málið vera þannig vaxið, að ég hljóti að telja, að ég sé í nokkuð skyldum rétti að ræða þetta mál. (**Forseti:** Vissulega, andartak.) Ég veit, hvernig ástatt er, það er ekki mín sök, að málið er borið fram á þessum hluta þings. undir þinglok, en ég bara bíð eftir úrskurði forseta. (**Forseti:** Það er fundur í Nd. nú strax á eftir og stefnt að því að ljúka honum fyrir kl. 4, þannig að umr. verður því að fresta og taka málið af dagskrá.) Ég tek til greina ummæli forseta um að fresta ræðu minni. Ég sé, í hvaða sporum hann er. Það þarf að koma fram öðrum málum á fundi í hv. Nd., og ég fresta því minni ræðu.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

45. Verðlaunaveiting fyrir menningarafrek vegna afmælis lýðveldisins.

Á deildafundum 5. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um verðlaunaveitingu fyrir menningarafrek vegna tuttugu ára afmælis lýðveldisins [181. mál] (A. 343).

Á 35., 37., 38., 41. og 42. fundi í Sþ., 6., 8., 13., 20. og 27. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég leyfi mér ásamt hv. 4. landsk. og hv. 4. þm. Austf. að flytja hér þáltill. um, að nokkru fé sé varið til þess að verðlauna menningarafrek í sambandi við 20 ára afmæli lýðveldisins.

Nú á næsta ári eru liðin 20 ár síðan lýðveldið var endurreist, og á því sama ári eru liðin 700 ár frá því, að allt Ísland gekk undir konung á sínum tíma. Ég held, að það sé rétt á slíkum tímamótum, að við undirstrikum

nokkuð gildi íslenzks sjálfstæðis og þá fyrst og fremst íslenzkrar þjóðmenningar og reynum af hálfu Alþingis að gera nokkurt sérstakt átak til þess að efla hana og ýta undir þjóðrækni í okkar landi.

Okkar þjóðmenning er einhver elzta og merkilegasta menning heimsins. Við höfum átt í mikilli baráttu alla þá tíð, sem okkar forfeður hafa lifað í þessu landi, fyrir að varðveita hana. Við höfum staðið af okkur þær menningarlegu hættur, sem að okkur sóttu á sínum tíma, bæði á þeim tíma, sem latínan var hið drottnandi mál hjá yfirstétt Evrópu, og þann tíma, þegar tízkan sótti fram á Norðurlöndum og breytti öllum öðrum tungum Norðurlanda en okkar með þeim áhrifum, sem þýzki aðallinn hafði á 14. og 15. öld á danska tungu og önnur Norðurlandamál. Og nú stöndum við í svipaðri hættu vegna engilsaxnesku áhrifanna og það í því meiri hættu en fyrr, þar sem áhrifatækin nú á tímum eru orðin miklu voldugri og áhrifaríkari en nokkru sinni fyrr, eftir að útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og allt annað slíkt kom til sögunnar. Ég held, að það sé þess vegna alveg nauðsynlegt fyrir okkur að nota hvert tækifæri, sem okkur gefst, til þess að reyna á allan hátt að ýta undir þá sérstöku þjóðmenningu, sem við höfum átt, og reyna, eftir því sem frekast er unnt, að tengja þá menningu, sem nú er að vaxa upp í landinu, við okkar gömlu þjóðarerfð.

Það er, eins og oft hefur verið talað hér um áður, svo mikil hætta í sambandi við þá miklu byggðabyltingu, sem átt hefur sér stað í landinu, að rauði þráðurinn í okkar þjóðarerfð slitni, og þess vegna er nauðsynlegt, að við í hvert skipti, þó að það sé ekki meira en slík afmæli eins og þessi, notum tækifærið til að ýta undir alla þá, sem að okkar þjóðmenningu og afrekum á hennar sviði vilja vinna. Við eigum í baráttu einmitt um það á þessum árum og verður að öllum líkindum tekin endanleg ákvörðun eða ný um það á árinu 1964 að fá handritin heim, og það er engum efa bundið, að það er fylgzt alveg sérstaklega með því erlendis, hvernig okkur Íslendingum gengur að efla okkar þjóðmenningu, hve vel okkur gengur að viðhalda virðingunni fyrir okkar þjóðarerfð. Og útlendingar, ekki sízt Danir og ég held nú máske sérstaklega þeir, sem voru okkur frekar óvinveittir í slíku efni, munu gera nokkuð með það, hve mikið við gerum sjálfir af því að sýna, að við viljum viðhalda okkar gömlu þjóðmenningu, efla hana og tengja þá nýju menningu, sem er að vaxa upp í landinu, við hana. Og ég held satt að segja, að okkur veiti ekki af að auka virðinguna fyrir okkar þjóð sem menningarþjóð út á við. Við erum smám saman að verða frægir — ef ég má nota orðið frægir — fyrir annað en menningu, eins og menn kynnast Íslendingum oft nú á tímum. Það er meira bisnessinn, ef ég má nota það ljóta orð, það er meira fésýslan og hitt, hve miklu við oft viljum skarta, og sú okkar stétt, sem mest leggur í það, — það er það, sem er að verða miklu meira áberandi en sú raunverulega menning. Yfirborðsmennskan er að verða svo sterk hér hjá okkur heima, að ef við getum lagt fram eitthvað til þess að efla okkar menningu meir, þá er það vissulega nauðsynlegt. Ég sé ekki betur en við höfum verið á þeim sviðum að dragast aftur úr upp á síðkastið. Við gerðum meiri átök í þeim málum, meðan við vorum fátækari. Það voru stærri átök, sem við gerðum fyrir stríð, þegar við byggðum háskólann, heldur en við höfum gert í þeim efnum síðan. Og á sama tíma t. d., — ég hef getið um það hér áður í sambandi við annað, — þegar Norðmenn eru að byggja núna sinn stóra háskólabæ fyrir utan Osló, þá leggjum við með yfirborðsmennskunni, sem einkennir okkur, í háskólabíóið í staðinn fyrir þær tvær byggingar, sem nauðsynlegastar hefðu verið vegna vísindanna.

Ég held, að við þurfum alvarlega að taka okkur á í þessum efnum og 20 ára afmæli lýðveldisins væri tækifæri til þess að gera slíkt. Þess vegna höfum við flm. lagt til, að það yrði varið allmiklu fé, um 5 millj. kr., til þess að veita verðlaun á hinum ýmsu sviðum íslenzkrar menningar og til þess að ýta undir okkar listamenn, okkar vísindamenn, okkar rithöfunda á öllum þessum sviðum. Slík verðlaunaveiting er nú ein af þeim aðferðum, sem þjóðirnar tíðka meir og meir. Einnig Norðurlandaþjóðirnar eru í æ ríkara mæli að taka þetta upp, m. a. til þess á hentugan máta ekki aðeins örva sína listamenn, heldur líka kynna þá betur meðal þjóðanna. Jafnvel þar sem auðvaldið er máske sterkara, en a. m. k. gjöfulla en hér, þá er það víða, að einstakir auðmenn leggja fram stóra styrki til þess að reyna að efla þannig menningu síns lands og máske ekki örgrannt um, að þeim þyki um leið gaman að því að láta tengja nafn sitt við eitthvað fegurra en venjulega iðnaðarframleiðslu eða vopnaframleiðslu. Bæði Rockefeller og Nóbel hafa séð sér hag í því og fundið útrás fyrir sitt stolt í því að skapa stofnanir, sem eigi sérstaklega að vera til þess að efla menningu og vísindi viðkomandi þjóða og jafnvel annarra þjóða. Hér hins vegar verður ríkið, a. m. k. enn sem komið er, að gera slíkt. Og við höfum satt að segja verið í venjulegum framkvæmdum okkar skeytingarlausari, ef maður má nota það orð, um að nota tækifærið, þegar við erum að ráðast í framkvæmdir, til að ýta um leið undir listirnar. Ég held, að það sé minna um skreytingu í opinberum byggingum hjá okkur nú en var jafnvel fyrir 20—30 árum, kannske með tveimur undantekningum. Reykjavíkurbær hefur skreytt nokkuð af sínum barnaskólum mjög fallega, og Sogsvirkjunin hefur gert dálítið til þess að tengja listaverk við þær byggingar, sem reistar hafa verið á hennar vegum. En annars er það, sem þótti forðum daga, t. d. hjá Grikkjum, eitt það sjálfsagðasta í sambandi við allar opinberar byggingar, listaverkin, sem kosta ekki nema hverfandi lítið í samanburði við það, sem

byggingarnar kosta, það er svo að segja horfið hjá okkur nú.

Ég held þess vegna, að það væri ákaflega vel til fundið, að við reyndum á 20 ára afmæli okkar lýðveldis að nota það tækifæri til að örva nokkuð okkar listamenn og okkar vísindamenn á hinum ýmsu sviðum. Og við flm. leggjum til, að þetta sé á sviðum tónlistar, myndlistar og fagurra bókmennta, sviði sagnaritunar, sviði alls konar vísinda og hagnýtra rannsókna. Og sú upphæð, sem hér er lagt til að verja í þessu skyni, ætti að nægja til þess, að það væru nokkuð myndarleg verðlaun á öllum þessum sviðum. Við leggjum til, að menntamálaráði sé falið að ráða, á hvern hátt þessum verðlaunum sé úthlutað, ákveða þar reglugerð um, og í þeirri reglugerð mundi þá um leið verða ákveðið, hvernig bezt þætti að láta undirbúa þá verðlaunaveitingu, t. d. hvort þetta ætti að vera fyrir verk, sem unnin hefðu verið á lengri tíma, eða hvort það væri ákveðið, að frá því að slík samþykkt væri gerð, þá auglýsti menntamrn. slíkt, og þar kæmu til greina aðeins þau verk, sem unnin hefðu verið eða skilað væri á því tímabili, sem liði fram að 17. júní 1964. Þegar lýðveldið var stofnað, var að vísu ekki mikið um slíkt, en ofur lítið þó og gaf nokkuð góðan ávöxt. Þó var því hagað þannig, það var að vísu ekki nema á sviði söngs og ljóða, að það var aðeins fyrir þau verk, sem unnin voru eftir að þessi ákvörðun var tekin, og ég held nú, að að ýmsu leyti væri það bezt að hafa þetta líka þannig, en það mundi sem sé menntamálaráð í samráði við menntmrh. ákveða. En engum efa er bundið, að slík verðlaunaveiting mundi verða til þess að örva mjög alla okkar lista- og vísindamenn á þessum ýmsu sviðum. Líka væri hægt að hafa þetta nokkuð mismunandi fyrir hin ýmsu svið, t. d. á sviði sagnaritunar, vísinda og hagnýtra rannsókna, þá gæti þetta verið miðað við lengri tíma en bara tímann, sem liði fram að 20 ára afmælinu, þannig að til greina kæmu líka þau verk, sem menn hefðu verið að vinna að nokkurn tíma á undan, en á sviði t. d. tónlistar, myndlistar og slíkra listgreina væri það aftur á skemmri tíma. Þá mætti líka tengja þetta — við skulum bara segja á sviði myndlistarinnar — við ýmislegt, sem snerti málverk úr okkar sögu. Ég býst við, að við Íslendingar séum fátækastir allra þjóða í Evrópu af málverkum úr okkar sögu. Það er ákaflega lítið til af slíku. Við, sem höfðum með það að gera að undirbúa lýðveldishátíðina, létum að vísu útbúa nokkur málverk, sem voru tengd okkar sögu. Sum af þeim tókust sæmilega, ekki öll, ekki heldur það þeirra, sem er hér niðri hjá okkur, og á þessu sviði erum við ákaflega fátækir, þannig að ef t. d. á því sviði væri eitthvað reynt að gera, þá væri þess verulega þörf. En erfiðleikinn er, að það er ákaflega fátt af okkar málurum, sem virðist hafa áhuga á slíkum málverkum, og máske annað, að það er svo að segja ekkert af opinberum stofnunum, sem nokkurn tíma hefur sýnt áhuga á að vilja kaupa slíkt málverk. Það var nú svo, þegar við vorum einmitt að undirbúa lýðveldisstofnunina, að einmitt vissir abstraktmálarar, sem voru fengnir til þess að mála þá söguleg málverk, þeir gerðu raunverulega þau málverkin, sem máske voru einna bezt, og það í alveg klassískum stíl. Það er líka svo, að í sambandi við kvikmyndir mætti vafalaust reyna að laða fram, ef þar væri tengt saman að fá góðar myndir af því gamla og nýja Íslandi og reyna að tengja þetta listrænt saman, þá væri það sannarlega þess virði, að ríkið reyndi myndarlega að verðlauna slíka kvikmyndagerð. Við höfum máske sumir séð undanfarið hérna þær kvikmyndir t. d., sem Ósvaldur Knudsen hefur verið að taka og sýna, og sjáum, hvers konar raunveruleg söguleg afrek er verið að vinna fyrir okkur í þessu sambandi, bjarga fyrir okkur menningarlegum verðmætum, sem ella glatast. Og það væri ákaflega heppilegt að geta tengt við 20 ára afmæli lýðveldisins einmitt þess háttar list. Ég efast ekki um, að einnig þeir amatörar, sem eru að fást við slíkt, fengju kannske, þegar þeir fyndu einhverja uppörvun frá því opinbera, verulega góðar hugmyndir til að framkvæma verk á sviði slíkrar kvikmyndagerðar, sem gætu orðið okkur — og ekki sízt okkar börnum — sérstaklega kærkomin.

Við álítum þess vegna. flm., að það væri rétt fyrir okkur í tíma að athuga þetta. Það hefur oft viljað fara svo hjá okkur, þegar átt hefur að minnast einhverra sögulegra atburða, að það væri kannske lítið orðið annað en nokkrar hátíðarræður, veizlur og þess háttar, þegar þar að kæmi, en minna aftur á móti um það, sem hefði um leið hagnýta þýðingu fyrir okkar menningu. Nú er raunverulega alveg á tvennan hátt tækifæri til þess að minnast annars vegar, þar sem er 20 ára afmæli lýðveldisins, og hins vegar, þar sem liðin eru 700 ár frá 1264. Ég vil þess vegna fyrir hönd okkar flm. leyfa mér að vona, að þessari till. verði tekið vel. Upphæðin er að vísu allhá, en þó vil ég minna á, að það eru 2 millj. kr. á hverju ári, sem nú eru látnar aðeins í sérstaka styrki í sambandi við vísindarannsóknir, svo þó að ríkið einu sinni á 10—20 ára fresti leggi fram 5 millj. kr. til þess að verðlauna afrek á hinum ýmsu sviðum, er það raunverulega ekki sérstaklega stórt.

Við leggjum svo til, að að lokinni þessari fyrri umr. sé þessari till. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

46. Aðbúnaður verkafólks.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um rannsókn á aðbúnaði verkafólks í verbúðum og á vinnustöðum [183. mál] (A. 345).

Á 37., 38., 41., 42., 44. og 45. fundi í Sþ., 8., 13., 20. og 27. marz, 3. og 6. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Við hv. 2. landsk. þm. (EðS) höfum leyft okkur að flytja till. til þál. um, að fram fari rannsókn á aðbúnaði verkafólks í verbúðum og vinnustöðvum með sérstöku tilliti til öryggis og heilbrigðiseftirlits. Þáltill. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, sem rannsaki aðbúnað verkafólks í verbúðum og á vinnustöðum með sérstöku tilliti til öryggis og heilbrigðiseftirlits. Sérstaklega skal n. rannsaka aðbúnað og alla aðstöðu þess fólks, sem sækja verður atvinnu sína til fjarlægra staða um sumar- og vetrarvertíðir. N. skal gera ýtarlega skýrslu um störf sín og leggja fram tillögur til úrbóta varðandi þessi mál, ef rannsóknir hennar upplýsa, að þess sé þörf. N. kveður sér til aðstoðar fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands, frá verkalýðsfélögum viðkomandi staða, frá Vinnuveitendasambandi Íslands og frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Nefndin skal ljúka störfum fyrir ársbyrjun 1964."

Eins og till. ber með sér, er ráð fyrir því gert, að fram fari allvíðtæk rannsókn um aðbúnað á vinnustað og alla aðstöðu verkafólks, sérstaklega þó þess fólks, sem sækir atvinnu sína til fjarlægra staða sumar- og vetrarvertíðir.

Það verður tæplega um það deilt, að eitt aðalskilyrði þess, að fólk skili viðunandi afköstum við vinnu, er, að allur aðbúnaður á vinnustað sé í sem fullkomnustu lagi og að fullkomins öryggis sé gætt í sambandi við vinnuna. Á flestum sviðum atvinnulífsins eru svo að segja árlega teknar í notkun nýjar vinnuvélar og vinnutæki. Þannig er að því stefnt hröðum skrefum, að sem mest af vinnunni verði vélvætt. Gamlar vinnuaðferðir eru óðum að hverfa, en nýi tíminn með sitt vélaskrölt, hraða, hávaða og hættur í hverju spori hefur haldið innreið sína. Með aukinni tækni og með vaxandi notkun véla við hin margvíslegu störf skapast að sjálfsögðu mörg ný vandamál. Vélvæðing atvinnuveganna útheimtir enn þá strangara öryggiseftirlit en áður með vinnuvélum og meðfylgjandi vinnutækjum. Kröfur til þeirra, er vélunum stjórna, verða því meiri, eftir því sem vélin er stærri og margbrotnari. Til eru lög og reglugerðir um öryggi á vinnustað, um meðferð véla, viðhald og fleira þess háttar. Enn fremur er skipaður sérstakur öryggismálastjóri með tilheyrandi trúnaðarmönnum úti um allt land. Í það starf hefur valizt hinn ágætasti maður, sem miklu góðu hefur til leiðar komið í starfi sínu til aukins öryggis á vinnustað.

Menn eru sammála um það, að forðast beri slysin og að allt beri að gera, til þess að slíkt komi ekki fyrir. Samt er það þó staðreynd, að alltaf öðru hverju eru að koma fyrir hin alvarlegustu slys við vinnu, sem í sumum tilfellum a. m. k. hefði verið hægt að forðast, ef nægileg gætni og fyrirhyggja hefði verið viðhöfð.

Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir frá ýmsum aðilum, m. a. frá verkalýðshreyfingunni og Slysavarnafélagi Íslands, um að herða eftirlit með meðferð og umbúnaði véla og tækja og jafnframt að þess sé þá gætt, að á öllum vinnustöðum sé í einu og öllu fylgt gildandi lögum og reglugerðum þar að lútandi, virðist enn þá ýmsu vera ábótavant hjá okkur í þessum málum.

Með aukinni véltækni við flesta vinnu vex, eins og áður hefur verið bent á, slysahættan stórlega. Hver ný vél kallar á nýja hættu, ef ekki eru viðhafðar nauðsynlegar öryggisráðstafanir.

Það væri hægt að telja upp fjölda slysa víðs vegar um land, sem orsakazt hafa vegna ónógra öryggisráðstafana og sumpart vegna lélegrar kunnáttu þeirra, er vélunum hafa stjórnað. Slysin, sem orðið hafa í verksmiðjum og verkstæðum, hafa í mörgum tilfellum orsakazt af lélegum útbúnaði kringum vélarnar. Álit okkar flm. er, að hin mesta nauðsyn sé á því, að öll þessi mál verði tekin til gagngerrar endurskoðunar, krafizt verði strangara eftirlits af hendi öryggiseftirlitsins og að gerðar verði strangari kröfur til atvinnurekenda en nú er um allan öryggisútbúnað í verksmiðjum, verkstæðum, við hafnarvinnu, byggingarvinnu og yfirleitt við alla vinnu, hvort sem hún er unnin á landi eða sjó, allt eftirlit verði stórlega bætt frá því, sem nú er, og það tryggt, eftir því sem frekast er hægt, að gildandi lögum og reglum þar um verði framfylgt til hins ýtrasta og ný sett, ef þess yrði talin þörf.

Menn ræða mikið og hafa mikið rætt um vinnuhagræðingu. Það skal undirstrikað, að verkalýðshreyfingin hefur aldrei verið á móti vinnuhagræðingu, enda afstaða verkalýðshreyfingarinnar til þess máls mjög skýrt mótuð í hinni ágætu ræðu, sem forseti Alþýðusambands Íslands hélt hér á Alþingi undir umr. um námskeið í vinnuhagræðingu. Ég hef þar mjög litlu við að bæta. Ég vil þó aðeins benda á, að svo framarlega sem vinnuhagræðing á að ná tilgangi sínum, verður öll aðstaða verkafólks á vinnustað að vera í sem fullkomnustu lagi. Nú er það svo, að á slíku er mikil vöntun, og á mörgum verkstæðum og verksmiðjum er aðbúnaður verkafólks langt frá því að geta talizt viðunandi, loftræsting léleg, vöntun á nægjanlegum hreinlætistækjum, kaffi- og matstofur í ófullkomnu lagi, og

sjálfir vinnustaðirnir, þ. e. húsnæðið, sem vinnan fer fram í, er lélegt og vélum oft illa fyrir komið. Það skal þó tekið fram, að á þessu hefur orðið breyting til batnaðar nú síðari ár með byggingu nýrra verksmiðja, þótt enn sé mörgu ábótavant í þessum málum, sem brýna nauðsyn ber til að kippt sé í lag sem allra fyrst.

Annað aðalefni þáltill. okkar er um rannsókn á aðbúnaði þess verkafólks, sem sækja verður atvinnu sína til fjarlægra staða um sumar- og vetrarvertíðir. Atvinnuvegum okkar er þannig háttað og mun verða svo á komandi tímum, að árlega verður fjöldi fólks að sækja atvinnu sína til staða fjarri heimilum sínum. Fyrr á tímum fóru margir bændur og vinnumenn þeirra til sjóróðra í hinum ýmsu verstöðvum víðs vegar um land. Þannig stunduðu bændur jöfnum höndum landbúnað og sjósókn og juku þar með tekjur búa sinna allverulega. Eftir að íslenzkur sjávarútvegur færðist í aukana, hefur fjöldi þess fólks, sem flutzt hefur til eftir árstíma til hinna ýmsu staða, farið sífjölgandi. Enginn vafi er á því, að enn um langt skeið þurfa íslenzkir sjómenn og landverkafólk að sætta sig við það ástand, að þeir geti ekki bundið sig við neinn ákveðinn stað. Þeir verða að flytja sig til, eftir því sem atvinnan er á hverjum tíma. Slík tilfærsla á fólki skapar mikið vandamál, slíkur flutningur á milli verstöðvanna er í mörgum tilfellum undirstaða þess, að frá þessum stöðum sé hægt að reka útgerð og fiskiðnað að nokkru ráði. Það er því sannarlega ekki lítið vandamál, að þannig sé að þessu fólki búið í hinum ýmsu verstöðvum og fiskiðnaðarbæjum, að viðunandi geti talizt. Þetta er mál, sem alla þjóðina varðar, og þetta er mál, sem Alþingi getur ekki skotið sér undan að taka afstöðu til.

Á það er bent í grg., sem fylgir þáltill., að atvinnurekendur ráði oft og tíðum til sín verkafólk, án þess að þeir hafi möguleika til að veita því viðunandi húsnæði, fæði og annan nauðsynlegan aðbúnað. Í sumum síldarbæjunum á Norðurlandi, svo sem Siglufirði og Raufarhöfn, er atvinnurekendum gert að skyldu samkv. ákvæðum kaupgjaldssamninga viðkomandi verkalýðsfélaga að sjá fastráðnu fólki sínu fyrir húsnæði án endurgjalds. Sumt af þessu húsnæði er langt frá því að geta talizt viðunandi. Margt af húsunum eru gamlir timburhjallar, gjörsneyddir flestum þægindum. Í slíkum húsum er vitanlega hin mesta eldhætta. Verður það að teljast sérstök heppni, að ekki hafa orðið af stórslys. Í hinum gömlu timburhjöllum búa oft og tíðum tugir og jafnvel hundruð karla og kvenna við hin frumstæðustu skilyrði. Óvíða er nein aðstaða til þess að hafa matsölu í þessu húsnæði, og verður því fólk annaðhvort að kaupa mat á dýrum matsölustöðum eða matreiða fyrir sig sjálft. Slíkt fyrirkomulag er vitanlega í alla staði ófært. Það, sem er þó langalvarlegast, er hin mikla hætta, sem af því getur stafað að láta fólk búa í tuga- og jafnvel hundraðatali í gömlum timburhjöllum. Eldsvoða getur fyrr en varir á öllum tímum borið að höndum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Máltækið segir, að það sé seint að byrgja brunninn, þegar barnið sé dottið ofan í. Það hefur sýnt sig, að það getur verið örðugt að bjarga fólki úr logandi timburhúsum, sem oft og tíðum eru þá gegnsósa af eldfimum efnum, eins og sumir síldarbraggarnir eru. Það er mikið um það rætt, að nauðsyn beri til að útrýma heilsuspillandi húsnæði hér í höfuðborginni og annars staðar. Slíkar aðgerðir eru vitanlega sjálfsagðar og mjög aðkallandi og þótt fyrr hefði verið. En það er ekki síður aðkallandi, að ráðin verði bót á því ófremdarástandi, sem ríkir í húsnæðismálum þess verkafólks, sem sækja verður atvinnu sína sumar og vetur til hinna ýmsu verstöðva. En slíkar framkvæmdir kosta mikið átak fjárhagslega og verður tæplega framkvæmt nema með aðstoð og fyrirgreiðslu hins opinbera.

Aðalatriðið er þó, að þeir menn, sem þessi mál varða, sjái og skilji nauðsyn þess, að úr þessu ástandi verði bætt. Það er vitanlega þjóðarnauðsyn að kaupa góð og vönduð fiskiskip. Það er líka sjálfsagt, að byggðar séu fullkomnar fiskvinnslustöðvar, þar sem hægt er að vinna úr aflanum, sem að landi berst, sem bezta útflutningsvöru. En það er ekki síður nauðsynlegt, að þannig sé að verkafólkinu búið, sem að framleiðslunni vinnur, að mannsæmandi geti talizt. Um aðbúnað verkafólksins, sem sækir atvinnu sína til verstöðvanna við Faxaflóa og Vestmannaeyjar, væri margt hægt um að segja og mundi sumt, sem því hefur verið boðið upp á, ekki geta talizt til neinnar sérstakrar fyrirmyndar. Það var t. d. algengt, að menn, sem ráðnir voru til hinna ýmsu verstöðva hér syðra, urðu sjálfir að sjá sér fyrir húsnæði og fæði og greiddu fyrir það mjög háar upphæðir. Fæst af þessu fólki hafði nokkra vinnutryggingu, og valt afkoma þess algerlega á því, hvort mikið eða lítið fiskaðist. En þetta ástand er að mestu leyti óbreytt enn. Það er lítt verjandi, að verkafólk, sem ræður sig á vetrarvertíð hér sunnanlands, skuli ekki hafa lágmarkskauptryggingu. Það má segja, að það öryggisleysi, sem landverkafólkið býr við að þessu leyti, komi ekki að sök, ef vel fiskast. En í aflaleysisárum, sem alltaf geta komið fyrir, bíður þessa fólks vitanlega ekkert annað en vandræði og allsleysi. Sjómenn hafa lágmarkstryggingu við flestar veiðar, og er slíkt talið alveg sjálfsagt og nauðsynlegt, m. a. til þess að hægt sé að fá sjómenn á bátana. Verkafólk á Siglufirði og Raufarhöfn hefur líka lágmarkstryggingu yfir síldarvertíðina. En hér sunnanlands er ekki um neina slíka lágmarkskauptryggingu að ræða yfir vetrarvertíðina hjá verkafólki. Í þessu tilfelli er landverkafólkið sett skör lægra en sjómannastéttin. Þetta er ekki sagt til þess að draga úr nauðsyn þess, að sjómennirnir hafi lágmarkstryggingu, síður en svo, heldur aðeins bent á þetta hér til að sýna það mikla ósamræmi, sem þarna er á milli.

Þrátt fyrir það, þó að ýmislegt hafi verið gert til úrbóta í þessum málum frá því, sem áður var, og stafar fyrst og fremst af því, að nú síðustu ár hefur vöntun á verkafólki í hinum ýmsu verstöðvum hér sunnanlands verið mikil og þar af leiðandi hafa atvinnurekendur hér talið sig neydda til að bjóða verkafólki sínu upp á meiri hlunnindi en áður, er langt frá því, að þessi mál séu komin í viðunandi horf, en að því ber að stefna, að svo megi verða sem allra fyrst. Ég fletti upp í fjárlögum fyrir 1963 og athugaði, hve miklu fé væri varið til lesstofa sjómannaheimila víðs vegar um land. Eftirtaldar sjómannastofur hljóta styrk sem hér segir: Lesstofa sjómannaheimilisins á Siglufirði 10 þús. kr., lesstofa Sjómannafélags Reykjavíkur 3750 kr., lesstofa sjómannaheimilis á Raufarhöfn 4000 kr., sjómannalesstofa K. F. U. M. í Vestmannaeyjum 4000 kr., sjómannastofa í Bolungarvík 1200 kr., sjómannalesstofa í Höfn í Hornafirði 1200 kr., sjómannastofa á Akranesi 4000 kr. og sjómannastofa í Reykjavík 20000 kr. Samtals eru það 8 sjómannastofur, sem hljóta styrk frá ríkinu á þessu ári. Samtals gerir þetta 48150 kr. Ef maður nú athugar þetta dálítið nánar, sést, að á öllum Austfjörðum er engin sjómannastofa eða sjómannaheimili, sem styrk fær frá ríkinu, engin í höfuðborg Norðurlands, engin á öllum Vestfjörðum nema í Bolungarvík og engin sjómannastofa við Breiðafjörð eða við Faxaflóa nema á Akranesi og í Reykjavík. Margt af þessum sjómannastofum er lítið annað en nafnið tómt, enda varla við öðru að búast, þar sem fjárveitingar hins opinbera til þessara stofnana eru jafnóverulegar og raun ber vitni, og þau samtök, sem fyrir þessu standa, eru fjárvana og geta þar af leiðandi ekki rekið þessar stofnanir sem skyldi. Í sjávarþorpum eins og Grindavík, Sandgerði, Keflavík og Hafnarfirði eru engar sjómannalesstofur eða sjómannaheimili. Frá þessum útgerðarbæjum er gerður út mikill fjöldi fiskiskipa. Allar þessar verstöðvar, að Hafnarfirði máske undanteknum, hafa það sameiginlegt, að útgerðarmenn og hraðfrystihúsaeigendur verða að ráða til sín mikinn fjölda aðkomufólks, bæði sjómenn og landverkafólk. Sama gildir og ekki síður um Vestmannaeyjar. Ef ekki fengist aðkomufólk til þessara stórútgerðarstaða til að vinna að framleiðslunni til lands og sjávar yfir vetrarvertíðina og ekki fengjust aðkomumenn á bátana, væri beinn voði fyrir dyrum. Skip og bátar mundu hreinlega vera bundin við bryggjurnar eða þau mundu grotna niður í skipanaustum.

Það er sem sé þannig, að það er engan veginn nægilegt að kaupa skip erlendis frá eða láta smíða innanlands og byggja vinnslustöðvar. Á skipin þarf sjómenn, og á vinnslustöðvarnar þarf verkafólk til að vinna úr þeim afla, sem á land berst. Þrátt fyrir þessar augljósu staðreyndir virðist svo sem útvegsmönnum og öðrum ráðamönnum þessara staða hafi sézt yfir það, að nauðsynlegt sé að koma á fót viðunandi heimili fyrir sjómenn og landverkafólk, þar sem það í fristundum sínum gæti átt samastað, skrifað heim til vina og vandamanna, átt ánægjustund með félögum sínum, notið ódýrra veitinga og fleira þess háttar. Slík stofnun mundi alveg tvímælalaust forða mörgum frá því að lenda í miður æskilegum félagsskap.

Snemma á yfirstandandi Alþingi flutti hv. 6. þm. Sunnl. frv. til l. um breyt. á l. um hafnargerðir og lendingarbætur. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur teljast hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafnsögubátar, sjómannastofur og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum."

Svo einkennilegt sem það kann að virðast, hefur sú nefnd, sem fékk þetta frv. til meðferðar, ekki skilað nál. enn sem komið er. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að sjómannastofur og bygging verbúða í viðleguhöfnum falli undir lögin um hafnargerðir og lendingarbætur. Í grg., sem frv. fylgir, er á það bent, að það hafi dregizt mjög úr hömlu, að gerðar væru af opinberri hálfu ráðstafanir til þess, að sjómenn á skipum fengju sambærilega bót miðað við aðra aðila á sinni aðstöðu í höfnum, þar sem þeir dveljast fjarri heimilum sínum. Þá er og á það bent, að ef hafnaryfirvöld á hverjum stað ættu það víst, að þau fengju þann kostnað upp borinn að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, sem lagður væri í það að koma upp góðum nútíma vistarverum fyrir aðkomusjómenn, mætti líklegt teljast, að því yrði betri gaumur gefinn en nú er að gera heimilislausum sjómönnum í fiskihöfnum landsins lífið bærilegra en nú er. Þá var og á það bent, að flest benti til þess, að bætt aðbúð og aðstoð við uppbyggingu tómstundaiðju og skemmtana, en upp á það yrði nútíma sjómannastofa að bjóða, mundi binda enda á vöxt lögreglukostnaðar viðkomandi staða.

Það, sem er sagt um aðbúnað í höfnum inni í þessu frv. og grg., er í alla staði rétt og mikil þörf á því, að þar verði ráðin bót á. En það er þá ekki síður nauðsynlegt, að öll aðstaða og aðbúnaður landverkafólksins í kaupstöðunum verði stórlega bættur frá því sem nú er.

Í flestum fiskimanna- og farmannabæjum erlendis er það talið sjálfsagt mál, að til séu á þeim stöðum sjómanna- og gestaheimili. Flest slík heimili eru að mínum dómi, það lítið ég hef kynnt mér það, til sérstakrar fyrirmyndar um allan rekstur. Aðbúnaður og fyrirgreiðsla er seld á vægu verði. Þessar stofnanir eru reknar ýmist af sjómannasamtökum viðkomandi staða, líknarstofnunum og þar með ríflegum styrk frá ríki og bæ eða af því opinbera. Einu aðilarnir hérlendis, sem sýnt hafa virðingarverðan áhuga á því að koma upp sjómanna- og gestaheimilum, eru stúkan Framsókn á Siglufirði, sem rekur fyrirmyndar sjómanna- og gestaheimili, og Hjálpræðisherinn. Slíka starfsemi ber alveg tvímælalaust að styrkja meir en gert hefur verið, auk þess sem vinna ber að því, að

komið verði á fót stofnunum í sem flestum verstöðvum með aðstoð og fyrirgreiðslu hins opinbera.

Þetta dæmi, sem ég hef hér nefnt um sjómannastofur og gestaheimili, er mjög táknrænt fyrir það ástand, sem enn þá er ríkjandi og ráðandi í flestu, sem viðkemur aðbúnaði þess fólks, sem sækja verður atvinnu sína til staða fjarri heimilum sínum ár hvert. Það er óvefengjanleg staðreynd, að það landverkafólk og þeir sjómenn, sem árlega taka sig upp frá heimilum sínum og fara til fjarlægra staða til að vinna við framleiðslustörf til lands og sjávar, vinna þjóðfélaginu ómetanlegt gagn, sem ber ekki að vanmeta. Af þeim sökum m. a. ber hinu opinbera að greiða götu þess fólks, eftir því sem fært er, og stuðla að því með sérstökum ráðstöfunum, að allur aðbúnaður og önnur fyrirgreiðsla verði stórlega bætt frá því, sem nú er.

Því verður ekki á móti mælt, að það er hin mesta nauðsyn, að þau mál, sem ég hef hér rætt um, verði tekin til endurskoðunar. Í þáltill. okkar er lagt til, að sérstakri nefnd, kosinni af Alþingi, verði falin rannsókn á þessum málum og að þeirri rannsókn lokinni leggi n. fram rökstuddar till. til úrbóta, ef rannsóknir hennar sýna, að þeirra sé þörf. N. getur kvatt sér til aðstoðar fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands, frá verkalýðsfélögum viðkomandi staða, frá Vinnuveitendasambandi Íslands, frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Flm. þessarar þáltill. er það fullljóst, að svo framarlega sem jákvæður árangur á að fást af störfum væntanlegrar n., verður að nást samvinna við þá aðila, sem þessi mál varða. Hér er um að ræða stórmál, sem varða ekki aðeins verkafólk til lands og sjávar, heldur þjóðfélagið í heild.

Til áréttingar því, sem ég hef áður sagt, vil ég alveg sérstaklega undirstrika eftirfarandi atriði, sem ég tel mest aðkallandi í þessum málum. Það er, að allt öryggi á vinnustað verði aukið og endurbætt og að lögum og reglum þar um verði framfylgt til hins ýtrasta og ný ákvæði sett, ef þess yrði talin þörf. Komið verði á auknu eftirliti með ferðum manna að næturlagi í höfnum inni og allar tiltækilegar ráðstafanir gerðar til þess að koma í veg fyrir hin óhugnanlegu slys, sem átt hafa sér stað í sambandi við ferðir manna um borð í skipin. Að sjálfsögðu ber að hafa þarna fullt samráð við Slysavarnafélag Íslands, þar sem þetta mál fellur undir þess verksvið. Þjálfun í meðferð stærri og smærri vinnuvéla verði aukin og þess sérstaklega gætt, að unglingar séu ekki látnir stjórna slíkum tækjum, en á því hefur allmikið borið í meðferð landbúnaðarvéla. Aðbúnaður verkafólks á vinnustöðum verði tekinn til gagngerðrar endurskoðunar og þá alveg sérstaklega allur aðbúnaður aðkomuverkafólks í hinum ýmsu verstöðvum víðs vegar um land og lagðar fram till. til úrbóta. Við flm. væntum þess, að þáltill. okkar verði vel tekið og hún hljóti endanlega afgreiðslu á þessu þingi.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til síðari umr. og fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

47. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins [189. mál] (A. 364).

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41., 42., 44. og 47. fundi í Sþ., 20. og 27. marz, 3. og 10. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Sjúkrahús.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um breyting á lögum um sjúkrahús [190. mál] (A. 365).

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41., 42., 44. og 45. fundi í Sþ., 20. og 27. marz, 3. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Eins og veðurfari og samgöngum er háttað hér á landi, er óhjákvæmileg nauðsyn að hafa allmörg vel búin sjúkrahús dreifð um landið. Á annan veg er ekki unnt að tryggja sæmilega líf og heilsu íbúanna. Þetta hafa líka landsmenn skilið, og þess vegna hafa kaupstaða- eða héraðsbúar víða lagt hart að sér

til þess að koma sér upp dýrum og vel búnum sjúkrahúsum og fengið til þess styrk úr ríkissjóði, eins og lög mæla fyrir um. En þótt erfitt hafi verið að reisa þessi sjúkrahús, þá er komið í ljós, að enn erfiðara er að standa undir rekstri þeirra. Tekjur þeirra eru daggjald, sem ákveðið er af heilbrigðisstjórninni, og rekstrarstyrkur úr ríkissjóði, 10—25 kr. á legudag eftir stærð, búnaði og þjónustu, sem ætlazt er til að þau eigi að geta veitt. Daggjöldin hafa undanfarið hækkað minna en tilkostnaður, en rekstrarstyrkurinn, sem er lögbundinn, verið óbreyttur frá 1958. Hallinn hefur því farið vaxandi og er að verða mjög þungbær flestum þeim kaupstöðum og héruðum og öðrum, sem eiga og reka sjúkrahúsin, því að í lengstu lög er reynt að veita þjónustu, sem búnaður þeirra og aðrar aðstæður framast leyfa.

Það kemur nokkuð oft fyrir, að kostnaður við sjúkling er margfalt meiri en daggjaldið, sem sjúkrahúsið fær. Ég man t. d. eftir, að það kom fyrir, að líf sjúklings reið á því, að unnt væri að fá handa honum lyf, sem aðeins var til í einni lyfjaverzlun í Reykjavík. Veður var svo vont, að ekki var lendandi á staðnum og ekki fært nema stórri flugvél, sem flaug með lyfið og kastaði því niður. Þá kemur nokkuð oft fyrir, að lífsnauðsynlegt er að hafa stöðugan vörð hjá sjúklingi, og kostar það auðvitað miklu meira en daggjaldið. Sem dæmi þess, að kostnaður hefur vaxið meira en hækkun daggjalda, má geta þess, að daggjöldin á landsspítalanum námu 60% kostnaðar, er þau fyrst voru ákveðin, en nema nú ekki nema helmingi eða tæplega það. Við daggjöld landsspítalans eru svo daggjöld hinna sjúkrahúsanna miðuð, og er því augljóst, að verulega hefur þyngzt sá baggi, sem eigendur þeirra verða að bera, og það eru ekki að öllu leyti þeir sömu og notendur þeirra. Á sumum sjúkrahúsum úti á landi er ekki nema helmingur sjúklinganna úr þeim kaupstað, sem á að bera hallann af sjúkrahúsinu og ber hann.

Til þess að fá þetta mál undirbúið, svo að unnt sé að leiðrétta þetta misrétti á næsta Alþingi, er þessi till. flutt.

Er forseti lýsti yfir, að umr. (atkvgr.) yrði frestað, mælti:

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil mjög mælast til þess, að hæstv. forseti geri tilraun til þess að halda hv. þm. við störf, til þess að hægt sé að afgr. mál og koma þeim áleiðis, eftir því sem unnt er. Nú er liðið á þingstörfin. Hér eru hv. þm. kallaðir til fundar á laugardegi, sem er alveg óvenjulegt, og er ég síður en svo að gagnrýna það. En hitt ber að gagnrýna, að það skuli ekki gerðar ýtarlegar tilraunir til þess að fá þm. til að gegna skyldu sinni og sitja á fundum til atkvgr., heldur en að fresta hvað eftir annað atkvgr. til næsta fundar, sem stundum hefur dregizt í heila viku.

Ég sé ekki annað en það verði að taka hér upp nýja siði, annaðhvort að flytja fundarsalinn niður í kaffistofuna, þar sem menn sitja almennt, eða flytja kaffistofuna hér upp, svo að það sé hægt að halda fundina hér og greiða atkv. Ég er nú búinn að sitja hér síðan 1942 á þingi, og ég hef aldrei orðið var við slíka afgreiðslu, að það sé hvað eftir annað verið að fresta atkvgr., svo að dögum skiptir, bara af því að þm. gegna ekki skyldu sinni.

Ég vildi mælast til þess, að tekinn yrði upp sá háttur, að ef þm. neita að koma hér til skyldustarfa, þá sé beitt ákvæðum þingskapa, að taka af þeim launin, því að þetta er orðið þinginu sjálfu til háborins vansa, hvernig hér eru afgreidd mál. Vil ég vænta þess, að hæstv. forseti geri tilraun til þess að hópa þingmönnum hér saman til að afgreiða þessi mál og setja nýjan fund í dag til þess að afgreiða þetta mál, sem þegar hefur verið tekið út af dagskrá.

Forseti (SÁ): Það skal verða athugað, sem hv. þm. fór fram á, en honum er sjálfum kunnugt um það, að hæstv. forseti, sem sat hér í stólnum á undan mér, gerði ítrekaðar tilraunir til að geta fengið hér atkvgr. og gekk ekki. Á meðan þingfundur heldur áfram, er ekki annað að gera en fresta atkvgr., þar til nægilega margir hv. þm. eru til taks til að greiða atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

49. Héraðsskóli í Eyjafjarðarsýslu.

Á deildafundum 12. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um héraðsskóla í Eyjafjarðarsýslu [191. mál] (A. 375).

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41., 42., 44. og 45. fundi í Sþ., 20. og 27. marz, 3. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 375 till. til þál. um héraðsskóla í Eyjafirði. Eins og fram kemur í grg., hafa vaxið mjög hin síðari ár örðugleikar eyfirzkra unglinga á því að öðlast gagnfræðamenntun. Í sýslunni er ekki starfandi neinn gagnfræðaskóli eða héraðs-

skóli, og eins og víðar í sveitum landsins hefur gengið á ýmsu um framkvæmd lögboðinnar skólaskyldu, eða a. m. k. á það við um unglingafræðsluna. Þó er síður en svo, að ég telji, að þeim málum sé verr komið í Eyjafjarðarsýslu en mörgum öðrum sýslum landsins, og mun jafnvel mega telja, að fræðslumál barna séu þar í betra meðallagi. Í langflestum sveitum sýslunnar ljúka börn þó skyldunámi sínu 14 ára, taka svokallað fullnaðarpróf, sem er tíðkað víðast í sveitum landsins og mörgum smærri þorpum. Ég er ekki dómbær um það, hvort fullnaðarprófið stenzt samjöfnuð við unglingapróf þau, sem tekin eru í kaupstöðum, en mér þykir það þó harla ósennilegt, enda er gert ráð fyrir a. m. k. eins árs lengri kennslu til unglingaprófs en fullnaðarprófs sveitanna, þannig að skólaskyldualdur sveitabarna er af þeirri ástæðu skemmri en kaupstaðabarna.

Um þetta mætti hafa mörg fleiri orð, og full ástæða væri til þess að kanna framkvæmd fræðslulaganna frá 1946, og leitast við að gera sér grein fyrir, hverju þau hafa fengið áorkað í því að samræma skólakerfið í raun og jafna aðstöðumun til öflunar almennrar skólamenntunar. Það litla, sem ég þekki til þessara mála, sýnist mér, að aðstöðumunur til almennrar skólagöngu sé enn allmikill eftir sveitum og héruðum, og því miður virðist hann fremur vaxa en minnka, a. m. k. á það við um þann landshluta, sem ég þekki bezt, og þá fyrst og fremst Eyjafjarðarsýslu. Þar er um svo geigvænlega afturför að ræða, að full ástæða er til að taka í taumana.

Eins og alkunna er, starfaði um alllangt skeið á ofanverðri síðustu öld og fram yfir síðustu aldamót gagnfræðaskóli á Möðruvöllum í Hörgárdal. Sá skóli fluttist síðar til Akureyrar og varð að lokum menntaskóli. Starfaði gagnfræðadeild við skólann alla tíð þar til nú á síðasta ári, að ákveðið var að leggja deildina niður, og voru því engir fyrsta bekkjar nemendur teknir í gagnfræðadeild MA á s. l. hausti. Þá er þess að geta, að núv. gagnfræðaskóli Akureyrar, sem stofnaður var kringum 1930 og um langt árabil gat veitt nemendum úr sveitinni nokkra viðtöku, er nú svo þétt setinn af bæjarnemendum, að hann verður að vísa utanbæjarmönnum frá. Fyrirhugað er að reisa nýjan gagnfræðaskóla á Akureyri í náinni framtíð, en líklegt er, að það leysi vanda sveitaunglinganna, heldur mun skólinn einungis koma til með að fullnægja þörf Akureyringa sjálfra, ef hann þá gerir það nema um mjög takmarkaðan tíma. Það er því svo komið, að eyfirzkir unglingar eiga í raun og veru hvergi greiðan aðgang að almennum framhaldsskóla, því að það telst aðeins sérstök heppni, ef unglingar fá vist í einhverjum héraðsskólanna. Þetta verð ég að telja hina mestu afturför miðað við það, sem verið hefur undanfarin 80 ár, sé stofnun Möðruvallaskóla höfð í huga, að ekki sé minnzt á ýmsa einkaskóla, sem einnig var haldið uppi um skeið í sýslunni, svo sem á Grund, þar sem Magnús Sigurðsson rak allmyndarlegan skóla, og var hann talsvert sóttur, að ógleymdum alþýðuskóla Guðmundar Hjaltasonar, sem starfaði um sinn í þessu héraði eða við Eyjafjörð.

Nú eru til þeir menn, sem ekki láta sig skólamál miklu varða og telja ekki brýna nauðsyn á eflingu gagnfræðaskólanna. En sem betur fer eru slíkir menn fáir. Framhaldsskólanám er hin mesta nauðsyn hverjum andlega heilbrigðum þjóðfélagsþegni. Þó að menn hafi fyrr á árum alloft getað brotið sér braut til þroska og frama án skólagöngu, þá er það varla hægt lengur, eins og nú háttar störfum í þjóðfélaginu. Er mér þó fyllilega ljóst, m. a. af þeirri reynslu, sem ég hef sjálfur fengið sem gagnfræðaskólakennari, að námsgeta er ærið misjöfn og oft hið mesta vandamál að stjórna svo skóla eða einstökum bekkjardeildum, að nægur árangur verði af kennslunni. Slíkir erfiðleikar í skólastarfi réttlæta engan veginn vantrú á gildi gagnfræðaskólanna, því að yfirgnæfandi meiri hl. nemenda rækir nám sitt vel og skilar sómasamlegum árangri, svo að námið verður þeim að gagni, eins og vera ber.

Þessi till. mín fjallar um það, að ríkisstj. láti undirbúa stofnun héraðsskóla með heimavist á heppilegum stað í Eyjafjarðarsýslu og hafi um það samráð við sýslunefnd og fræðsluráð og aðra þá aðila, sem málið kynni að heyra undir. Ég hef leyft mér að nefna skólann héraðsskóla, þó að það nafn sé e. t. v. numið úr lögum, eftir að l. um gagnfræðanám frá 1946 tóku gildi, en með þeim lögum voru hinir svokölluðu héraðsskólar teknir inn í almenna fræðslukerfið sem gagnfræða- eða miðskólar í sveit. Þegar lögin gengu í gildi, voru starfandi 7 héraðs- og alþýðuskólar í landinu, þ. e. a. s. Alþýðuskólinn á Eiðum, sem hefur alla tíð verið einkaeign ríkisins, a. m. k. síðan hann varð alþýðuskóli, Laugaskóli í Þingeyjarsýslu, Reykjaskóli í Hrútafirði, Reykjanesskóli við Ísafjarðardjúp, Núpsskóli í Dýrafirði, Reykholtsskóli í Borgarfirði og Laugarvatnsskólinn. Allt eru þetta sveitaskólar, upphaflega hugsaðir sem sérstakir gagnfræðaskólar sveitaæskunnar og byggðir upp að öllu leyti sem slíkir. Var hugmynd þeirra, sem að skólum þessum unnu, sú, að námsgreinar og kennslutilhögun miðaðist við þarfir unga fólksins í sveitunum, til þess gert að efla þroska þess og hæfni við dagleg störf og félagsmál, og þá ekki sízt ef það legði fyrir sig sveitabúskap sem atvinnu. Skólar þessir eiga rót sína að rekja til lýðháskólahreyfingarinnar á Norðurlöndum, svo sem alkunna er, og margir þeirra voru stofnaðir á árabilinu frá því um aldamót og fram undir 1928. Árið 1929 gengu í gildi hin fyrri lög um héraðsskóla og hin síðari árið 1940. Voru þau síðan afnumin, svo sem ég hef áður minnzt á, með gildistöku laga um hið samræmda skólakerfi árið 1946.

Það er of seint að gagnrýna það nú, að héraðsskólalöggjöfin skyldi afnumin með þeim hætti, sem gert var fyrir 17 árum. En á hitt

er rétt að minna, — og vil ég þar taka undir með hv. 5. þm. Vesturl. (BGr), sem ræddi þetta mál á þinginu í fyrra í sambandi við till. svipaða þeirri, sem ég ber hér fram, um héraðsskóla á Snæfellsnesi, — ég vil minna á það, að varla mun það hafa verið ætlun löggjafans, þegar héraðsskólalögin voru afnumin, að alger stöðvun yrði á byggingu gagnfræðaskóla í sveitum. En hafi það verið ætlun löggjafans, þá hefur það verið vandlega dulið í umr. um málið, þó að framkvæmdin síðan bendi að vissu leyti til þess, því að aðeins hefur verið reistur einn héraðsgagnfræðaskóli síðan 1946, og hygg ég, að stofnun hans hafi verið ráðin, áður en héraðsskólalögin voru afnumin í sinni réttu mynd.

Þó að till. mín fjalli ekki beinlínis um almenna rannsókn á þörfinni fyrir fleiri héraðsgagnfræðaskóla, vænti ég þess eigi að síður, að fræðsluyfirvöldin láti þetta mál til sín taka í heild, því að grunur minn er sá, að æskulýður þessa lands verði að þola talsverðan aðstöðumun í menntamálum, og þar mun áreiðanlega halla á sveitaæskuna.

Ég hef sérstaklega bent á nauðsyn þess, að stofnaður verði héraðsgagnfræðaskóli í Eyjafjarðarsýslu, og skýrt frá því, hvernig leiðir eyfirzkra ungmenna til framhaldsnáms hafa smám saman verið að lokast, svo að ástandið er nú litlu eða engu betra en það var fyrir áttatíu árum, áður en Möðruvallaskóli var stofnaður. Ég hef ekki viljað horfa upp á slíka þróun aðgerðarlaus, og þess vegna hef ég leyft mér að hreyfa þessu máli hér á hv. Alþingi. En þess vil ég jafnframt geta, að almenningur í Eyjafjarðarsýslu gerir sér glögga grein fyrir mikilvægi málsins. Hef ég rætt þetta mál við menn úr flestum hreppum sýslunnar, og hafa allir verið sammála um, að brýna nauðsyn bæri til úrbóta, og hafa yfirleitt talið þá einu lausn viðunandi, að stofnaður væri héraðsskóli í Eyjafjarðarsýslu og jafnframt bætt úr unglingakennslunni, þannig að hún gæti sem víðast farið fram heima í hreppunum til jafns við það, sem er í kaupstöðum.

Reynslan hefur orðið sú um héraðsskólana eða héraðsgagnfræðaskólana, sem þeir eru nú nefndir, að þeir virðast mjög eftirsóttir og aðsókn að þeim svo mikil, að undanfarin ár hefur ekki verið gerlegt að fullnægja nema litlum hluta þeirra umsókna, sem borizt hafa. Meðal umsækjenda er stór hópur unglinga úr kaupstöðum og kauptúnum, enda er það trú margra foreldra kaupstaðarbarna, að þeim sé jafnvel hollari skólavist í heimavistarskóla í sveit heldur en heimangönguskóla í kaupstað. Skal ég ekki um það dæma. En hin mikla aðsókn að héraðsskólunum sýnir a. m. k. ótvírætt, að þeir eru sízt of margir, og sennilega væri réttara að segja: allt of fáir. Þótt reistur yrði einn héraðsskóli í viðbót, t. d. í Eyjafirði, þá þarf ekki að kvíða því, að ekki væri nægilegt verkefni fyrir skólann. Þykir mér hitt líklegra, að ástæða væri til að reisa fleiri héraðsskóla, og mundu þeir allir hafa næg verkefni.

Á síðasta þingi var samþ. breyt. á l. nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Með þeirri breytingu er opnuð leið til þess að gera héraðsskólana að ríkiseign, þ. e. að ríkið yfirtaki rekstur þeirra og öll útgjöld í sambandi við þá. Á þessu stigi tel ég ekki ástæðu til að ræða það, hvort rétt væri, að væntanlegur héraðsskóli Eyfirðinga kæmist undir þetta ákvæði. Ég sé ekki, að það sé neitt höfuðatriði á þessu stigi, og skal því láta útrætt um það. Eins ætla ég ekki að sinni að fara út í neinar hugleiðingar um það, hvar skóli þessi teldist bezt staðsettur í sýslunni, vil þó benda á, að heppilegast mun hér sem annars staðar að velja jarðhitastað undir skólann.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa þessi orð mín fleiri, en vil óska þess, að málinu verði nú frestað og falið hv. fjvn. til athugunar. Vil ég jafnframt leyfa mér að benda hv. n. á það, ef hún fengi málið til meðferðar, að senda það m. a. til umsagnar fræðsluráði í Eyjafjarðarsýslu svo og sýslunefndinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

50. Endurskoðun laga um bjargráðasjóð o. fl.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var útbýtt:

Till til þál. um endurskoðun l. um bjargráðasjóð o. fl. [197. mál] (A. 389).

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 42. og 44. fundi í Sþ., 27. marz og 3. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þáltill. þessi, sem er á þskj. 389 og flutt af okkur hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ), fjallar um endurskoðun laga um bjargráðasjóð o. fl. með það fyrir augum, að komið verði á fót tryggingakerfi fyrir landbúnaðinn.

Tryggingamálin eru nú orðin eitt af höfuðmálum þess tíma, sem við lifum. Er því brýn

nauðsyn, að nú þegar verði í fullri alvöru tekið til við að undirbúa löggjöf um tryggingamál fyrir landbúnaðinn. Bjargráðasjóður er nú sú stofnun í landinu, sem hefur það hlutverk öðrum þræði að létta af landbúnaðinum þyngstu skakkaföllunum af óáran eða tíðarfarsvöldum. En sú stofnun er engan veginn svo öflug sem þyrfti að vera, auk þess sem segja má, að vegna aðildar kaupstaðanna að sjóðnum sé e. t. v. heppilegra að hafa annað form og aðra skipan á þessum málum. En það eru hinir breyttu tímar, þar sem fjármagnið hefur stórvaxið í búrekstrinum, bæði í stofni og rekstri, sem gerir áhættuna meiri og skakkaföllin stærri og afdrifaríkari en á meðan búskapurinn var frumstæðari.

Nú er í gangi margs konar vísindastarfsemi til þess að fyrirbyggja hin ýmsu fyrirbæri, sem fylgja nýjum háttum og við getum kallað menningarkvilla. Það má vænta mikils árangurs á því sviði til meira öryggis. En ávallt mun þó þörf á tryggingum, og þær á að undirbúa og þeim á að koma í framkvæmd sem allra fyrst.

Ég vil vekja athygli á því, að fyrir þessu Alþingi liggja nú þrjár þáltill., sem eru í raun og veru um alveg hliðstætt efni. Ein þessi till. er frá tveimur þm. Alþb. og hefur þegar verið vísað til hv. fjvn. Frá nokkrum þm. Framsfl. hefur nýlega verið hér útbýtt annarri till., sem einnig fjallar um þessi tryggingamál. Þessi tillöguflutningur ber því ótvírætt vitni, að hér er um mál að ræða, sem er mikils varðandi. Nú er að vísu mjög liðið á þingtímann, en ég vildi vænta þess, um leið og ég legg til, að þessari þáltill. verði vísað til hv. fjvn. til athugunar, að hv. n. vildi taka hana sem fyrst til athugunar og afgreiðslu. Mér sýnist, að til þess ætti að vera tími, enda þótt ekki séu mjög margir dagar eftir af þingi, og vil sérstaklega vitna til þess, að það mun vera óvenjulegt, að um svo að segja sama mál komi fram þrjár þáltill. á sama þingi. Það sýnir, að hér er um mál að ræða, sem vert er að gefa gaum, og ég vil því leggja á það áherzlu, að þessi till. geti fengið afgreiðslu nú á þessu þingi.

Ég legg sem sagt til, að umr. verði nú frestað og málinu vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

51. Vegasamband milli Fljótshverfis og Suðursveitar.

Á deildafundum 14. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um opnun vegasambands milli Fljótshverfis og Suðursveitar, þannig að vegakerfið myndi órofna hringleið um landið [199. mál] (A. 400).

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 42., 44. og 45. fundi í Sþ., 27. marz, 3. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Á hinum síðustu árum vaxandi tækni hefur þjóðvegakerfi okkar Íslendinga tekið miklum framförum. Enda þótt enn séu þar mörg verk óunnin, þá ber ekki að líta fram hjá því og ekki að vanmeta það, að þar hafa stórir hlutir gerzt á undanförnum árum. Menn hafa leitt hugann að því, hvað hægt væri að gera til áframhaldandi vegalagninga í landinu, og hér hafa verið fluttar ýmsar till. og ýmsum málum skotið fyrir þingið, til þess að það ætti þess kost að gera sér grein fyrir því, hvar þarfirnar kölluðu hæst, að því er varðar vegakerfi landsins. Alþingi hefur líka sýnt í því á undanförnum árum verulega framsýni, að landið þyrfti að vega betur en gert hefur verið. Það er þess vegna eitt af gömlum ákvæðum í vegalögum, að Suðurlandsvegur skuli ná frá Reykjavík að Lónsheiði í Austur-Skaftafellssýslu, enda þótt á þessari leið séu torfærur, sem allt fram undir síðustu tíma hefur varla sézt hilla undir, að hægt væri að yfirvinna, þannig að Suðurlandsvegur gæti verið heill og órofinn.

Um land okkar liggur nú orðið allþéttriðið vegakerfi, og það nær í hringleið um landið m. a., að öllu öðru leyti en því, að á svo sem 120 eða 130 km kafla er þessi leið ekki samfelld og hreinlega rofin af vötnum og öðrum meiri háttar torfærum. Þetta er vegarkaflinn frá Steinavötnum í Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu og vestur í Fljótshverfi í Vestur-Skaftafellssýslu. Þó ber ekki svo að skilja, að á þessari leið séu engir vegir eða brýr til. Svo er ekki. Í Öræfasveit, sem liggur á þessu svæði, sem er slitið úr aðalvegasambandi við þjóðvegakerfi landsins, eru þó innansveitarvegir, og á þessu svæði hefur verið unnið að meiri háttar samgöngubótum, brúarsmíðum, á undanförnum árum. Ber þess t. d. að minnast, að á s. l. vori eða s. l. sumri var tekin í notkun myndarleg stórbrú einmitt á þessu svæði, sem er brúin yfir Fjallsá í Öræfum.

Steinavötn eru þess háttar vatnsfall, að oftast nær er hægt að komast yfir þau á bif-

reiðum, án þess að þau séu verulegur farartálmi, þótt svo sé ekki alltaf. Það má því segja, að laustengt við þjóðvegakerfi landsins sé þó nokkur spölur af því 120 eða 130 km svæði, sem ég þegar hef nefnt að vanti í hringvegakerfi landsins.

En við það, sem þegar hefur verið gert, má bæta þeim upplýsingum, að úr brúasjóði mun nú ákveðið að brúa Jökulsá á Breiðamerkursandi árið 1964. Í ár er á fjárl. veitt rúmlega 1 millj. kr. til brúargerðar á þessu svæði, yfir Kotá í Öræfum. Það er því augljóst mál, að í lok ársins 1964, ef þær áætlanir, sem þegar hafa verið gerðar, standast, verður einungis eftir á þessari leið u. þ. b. 30 km spölur, sem ekki getur talizt fær bifreiðum, þ. e. a. s. spölurinn frá Núpsvötnum við Lómagnúp í Fljótshverfi austur í Öræfi, en þessi spölur er raunar erfiðasta vatnasvæði landsins til brúargerðar. Á þessu svæði eru Núpsvötn, Skeiðará og fleiri vatnakvíslar, sem allajafna eru ekki neitt ógnanleg fljót, svo sem sjá má af því, að ýmis ferðafélög eru um þessar mundir að auglýsa bílferðir austur í Öræfi nú um páskahátíðina, sem í hönd fer, þar sem áformað er að aka yfir þessi vatnsföll á stórum bifreiðum, en það er öðru hverju hægt að gera það eða á vissum árstíðum, enda eru þessi vatnsföll ekki mjög ógnarleg nema stundum. Það, sem gerir leiðina verulega torfæra eða veldur verulegum vanköntum á því að brúa þessi vatnsföll, er það, að á þessu svæði hafa á undanförnum árum ruðzt fram meiri og stærri jökulhlaup en tíðkanleg munu vera á byggðu bóli annars staðar á þessari jarðarkúlu.

En þar sem eitt sinn þótti ógnarlegt og nægilega erfitt til þess, að ekki þyddi að leiða mannlegan hug að því að yfirvinna þá örðugleika, sem þar voru risnir, þar hafa nú skapazt möguleikar til þess að gera bæði eitt og annað og það af tveimur ástæðum: Annars vegar af því, að tækninni fleygir stöðugt fram, maðurinn ræður yfir meiri orku, tiltækara byggingarefni og ýmsum þeim hlutum, sem gera honum fært að valda stærri verkefnum nú en áður var. En þetta helzt einnig í hendur við það, að íslenzkir jöklar hafa minnkað á undanförnum árum verulega, enda virðist nú svo sem jökulhlaup á þessu svæði séu bæði sjaldgæfari og minni fyrirferðar en þau hafa verið á umliðnum árum. Það er þess vegna fullkomlega tími til þess kominn að hefjast handa um athugun, með tilliti til þess, að öruggt vegasamband yfir þetta svæði mundi gera meira gagn, mér liggur við að segja en nokkurt annað 30 km langt vegakerfi í þjóðvegakerfi landsins. Ef unnt væri að koma þarna á vegasambandi, mundi margt vinnast. Í fyrsta lagi mundi það vinnast, að heill landsfjórðungur, Austurland, mundi komast í stöðugt vegasamband við byggðir Suðurlands og þar með Reykjavík, en vegasamband Austurlands er nú um Norðurland og getur ekki talizt nothæft nema u. þ. b. helming ársins. Ástæða er til að ætla, að snjóalög mundu ekki stórlega torvelda notkun þess vegasambands, sem Austurland kæmist þannig í við suðurbyggðir landsins, nema þá tiltölulega fáa daga ársins. En auk þess sem hér yrðu notkunardagar vegakerfisins fyrir Austurland miklu fleiri en með núverandi vegakerfi, þá mundi úr öllum suðurbyggðum Austurlands styttast leiðin til Reykjavíkur til mikilla muna. T. d. mundi leiðin frá Höfn í Hornafirði styttast u. þ. b. um helming til Reykjavíkur. Sú leið er um það vegakerfi, sem mögulegt er að komast nú akandi milli Hornafjarðar og Reykjavíkur, 980 km langt. En ef það vegasamband, sem þessi till. fjallar um, opnaðist, mundi aðeins verða 500 km langur akvegur milli Hafnar í Hornafirði og Reykjavíkur.

Í öðru lagi liggja á þessu svæði ýmsar byggðir, sem nú eru næsta afskekktar og eru í nokkurri hættu, þrátt fyrir sína kosti, að verða ekki jafnblómlegar byggðir á komandi árum, nema því aðeins að samgöngur verði greiðari á þeim slóðum en nú eru. Úr þessu mundi opnun þess vegasambands, sem þessi till. fjallar um, verulega bæta, og öll reynsla sannar það, að fátt er einu byggðarlagi jafnlíklegt til þess, að þar geti haldizt blómi í byggð og greiðar samgöngur. Í ýmsum sveitum, sem þarna ræðir um, mundi og styttast verulega vegasamband til verzlunarstaða, þannig að það mundi ekki einasta verða um það að ræða, að fleiri væru ferðirnar um þessar sveitir, heldur mundi og verða í mörgum þeirra mun hægara um aðdrætti en nú er og einnig um að koma afurðum frá sér. Það mundu einnig myndast allmiklir atvinnumöguleikar á ýmsum samgöngumiðstöðvum, sem á þessari leið mundu rísa upp. Þannig er líklegt, að mundi myndast veruleg samgöngumiðstöð með gistihúsarekstri, verzlun og ýmiss konar þjónustu við farartæki og ferðamenn bæði á Kirkjubæjarklaustri og Vík í Mýrdal, svo að einhverjir staðir séu nefndir, en þar koma auðvitað miklu fleiri slíkir til greina.

Í þriðja lagi mundi það verða einkar vinsælt fyrir alla þá, sem vilja eyða sínum frídögum til þess að skoða sitt land, að fara einmitt þessa leið sem ferðamenn, og þar mundu ekki einasta sækjast eftir Íslendingar, heldur mundi þessi leið einnig verða fjölfarin af erlendum ferðamönnum, enda liggur leiðin um sum af fegurstu héruðum landsins.

Ég hygg, að ekki sé þörf á því að telja hér fleira upp um það, hvert gagn væri að þessari leið. En með tilliti til alls þessa og einnig með tilliti til þess, að svo nærtækur og svo mikilvægur sem þessi möguleiki virðist í rauninni vera, þá hefur verið hljótt um hann hér á Alþingi allt til þessa, hef ég leyft mér ásamt hv. 4. þm. Austf. (LJós) að flytja þá þáltill., sem hér um ræðir og efnislega er á þá leið, að Alþingi feli ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvort unnt sé og hvað kosta mundi að opna á tveim næstu árum akvegasambandið á milli Fljótshverfis í Vestur-Skaftafellssýslu og Suðursveitar í Austur-Skaftafellssýslu, þannig að vegakerfið myndi órofna hringleið um landið. Nú er hugsanlegt, að við athugun sérfróðra manna á leið þess-

ari, verði talin á því veruleg tormerki að byggja varanlegar brýr á vatnsföllin á vatnasvæði Skeiðarársands, þ. e. a. s. á vatnasvæðinu milli Lómagnúps og Öræfasveitar, eða þá að það mundi kosta slíka fjármuni, að ekki yrði talið viðráðanlegt fyrir íslenzku þjóðina að byggja á þessu svæði brýr, sem traustar gætu talizt og öruggar að standa af sér þau jökulhlaup, sem á þessu svæði má gera ráð fyrir að komi. En þá er hér til enn önnur leið, sem við flm. leyfum okkur að benda á í þessari till. og ég hlýt að ætla að alla vega muni vera tiltæk leið, eða a. m. k. leyfi ég mér að hafa þá skoðun, þangað til mér kynni með rökum að verða sýnt fram á, að svo væri ekki. Það er sú leið, að á þessu svæði verði vatnsföll brúuð með tiltölulega ódýrum brúm, með svokölluðum staurabrúm, sem er mjög þekkt aðferð til brúargerðar, þótt ekki sé þar um eins varanlega brúargerð að ræða og nú tíðkast almennt, og gera þá ráð fyrir því, að í meiri háttar jökulhlaupum geti slíkar brýr laskazt eða jafnvel tortímzt, þannig að gera mætti ráð fyrir, að slíkar brýr yrði að endurbyggja að einhverju eða öllu leyti eftir stór jökulhlaup. En ég hygg, að til þess að halda opinni jafnmikilvægri leið eins og hér um ræðir, væri ekki í það horfandi, jafnvel þótt brýr á þetta kostuðu, — ég gæti látið mér detta í hug, að ódýrustu brýr á þetta svæði kostuðu kannske 12—18 millj. kr., og við skulum bara segja, að það mætti reikna með því, að þær týndust sjötta hvert ár, þá liggur það í augum uppi, að kostnaðurinn við að halda þessari leið opinni að þessu leyti mundi nema 2—3 millj. á ári, en slíkt er í rauninni ekki mikið fjármagn, þegar miðað er við það, að hér er um að ræða að opna hringleiðina um Ísland og að opna alveg nýja möguleika, sem eru ekki bara fyrir fáa menn, heldur fyrir fjölmennar byggðir og heilan landsfjórðung alveg sérstaklega.

Með tilliti til þess, sem greint hefur verið um þetta, bæði í grg. till. og ég hef einnig verið að reyna að gera hér í þessari minni framsöguræðu, þá leyfi ég mér að vona, að hv. Alþingi sjái, að hér er um mikilvægt mál að ræða, sem verðskuldar, að á það sé kapp lagt, að hér verði möguleikarnir rannsakaðir þegar á næsta sumri, og leyfi ég mér með tilliti til þess, að hv. allshn. Sþ. hefur sýnt nokkra röggsemi að undanförnu og afgreitt frá sér tillögur, að leggja til, að þessari till. verði til hennar vísað, í trausti þess, að hún afgreiði till. hið bráðasta, svo að hún geti komið hér til afgreiðslu þingsins á næstu dögum og nái samþykki þingsins, áður en því lýkur.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hér er hreyft miklu nauðsynjamáli, en þetta er í sjálfu sér ekki nýtt mál, því að á undanförnum þingum hefur það oftar en einu sinni borið á góma, með hvaða hætti yrði auðið að tengja saman vegasambandið sunnanlands. Á síðasta þingi fluttum við þm. Austf. till. til þál. í þrem liðum, þar sem er vikið að þessu um brúargerðir á Skeiðarársandi. Einn liður þeirrar ályktunar er þannig, með leyfi hæstv. forseta, að Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fylgjast sem bezt með tæknilegum nýjungum við brúargerðir, er kynnu að gera kleift að brúa jökulvötnin á Skeiðarársandi. Þegar ég mælti fyrir þeirri tillögu af hálfu flutningsmanna hennar, komst ég m. a. þannig að orði:

„Þó að verkefni við vega- og brúargerðir séu víða brýn og aðkallandi og mörgum finnist hægt ganga að leysa þau, miðar samt í áttina, þannig að vegakerfið lengist og batnar ár frá ári, og nú eru unnin verk við brúargerðir og fyrirhleðslur vatna, sem alls kostar ókleift hefði verið að leysa af hendi fyrir einum eða tveimur áratugum. Valda því einkum hin stórvirku tæki, sem nú eru notuð við verklegar framkvæmdir og margfalda orku mannshandarinnar. Ekki þarf að ætla, að þróunin á sviði tækni og verklegra framkvæmda stöðvist. Þvert á móti verður að gera ráð fyrir því, að framtíðin muni bera í skauti sér enn þá örari þróun á þessu sviði en verið hefur til þessa, þannig að eftir tiltölulega stuttan tíma verði kleift að fullkomna vegakerfið og bæta mikið frá því, sem nú er, og skilyrði skapist til að sigrast á torfærum, sem nú virðast lítt viðráðanlegar, og verður að skoða viðfangsefnin með tilliti til þess. Eftir því sem fleiri ár eru brúaðar, því auðveldara á að vera að taka föstum tökum þau stóru verkefni, sem óleyst eru við brúargerðir."

Ég minni á þetta hér til þess að sýna, að þau rök, sem ég færði fram af hálfu þm. Austurlandskjördæmis á síðasta þingi, falla mjög saman við það, sem hv. 1. flm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, hefur nú bent á. Af þessu leiðir það, að ég get í sjálfu sér alveg tekið undir hans orð um þetta mál, nauðsyn þessa máls, og styð að sjálfsögðu till. En um leið og ég tek þetta fram, vil ég segja, að ég veit af kunnugleika á staðháttum, að hér er um mjög stór viðfangsefni að ræða, og ég tel mjög hæpið, að það sé raunhæft að hafa ekki lengri tíma fyrir sér en það að ætla sér að leysa þetta á tveim árum. Og ég vil aðeins benda bæði flm. og þeirri nefnd, sem till. fær, á það, að vitanlega hefur till. gildi, þó að það verði ekki miðað við, eins og hér segir, að opna á næstu tveimur árum akvegasamband um þennan landshluta.

Í grg. till. gætir dálítillar ónákvæmni um einstök atriði, sem stafar vitanlega af því, að flm. eru ekki svo kunnugir á þessum slóðum sem skyldi. Ég hefði ekki gert það að umtalsefni eða vakið athygli á því, hefði ekki komið fram í ræðu flm. atriði af því tagi, sem mér finnst eðlilegt að hann geri ráðstöfun til að ekki verði skýrt frá í þingfréttum, af því að það vilja allir og er alltaf bezt í hverju máli að hafa það, sem sannara reynist. Ég tók svo eftir, að það kæmi fram hjá flm., að það væri ákveðið að brúa Jökulsá á Breiðamerkursandi á árinu 1964. Því miður er ekki svo vel séð fyrir því máli. Sannleikurinn er sá, að það er ákveðið að hefjast handa um fyrir-

hleðslur og brúargerðir á Steinasandi eða við Steinavötn nú í sumar og ráðgert, að það verk í heild taki tvö ár og ekki verði byrjað á framkvæmdum við Jökulsá, fyrr en því verki er lokið. Er þessi biðtími notaður til þess að gera fullnaðarmælingar og rannsóknir á brúarstæði Jökulsár. Annað minni háttar atriði kom fram líka, ég tók svo eftir, að flm. vitnaði til þess, að það væri fjárveiting nú í brú á Kotá í Öræfum. Því miður náði sú till. ekki fram að ganga, þannig að þessi fjárveiting er ekki inni í fjárlögum nú, heldur aðeins 50 þús. kr. til fyrirhleðslu, sem er greiðsla fyrir verk, sem raunverulega er búið að vinna. Allt eru þetta minni háttar atriði, sem breyta ekki meginmálinu, en eðlilegt í fréttum, að það komi fram í þessu efni, sem rétt er.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta til viðbótar. Ég vil þó aðeins geta þess, að ég beitti mér fyrir því 1957 og síðar tókum við þm. Austf. þá hugmynd upp aftur á síðasta þingi, að til bráðabirgða yrði bætt úr vegasambandinu yfir Skeiðarársand með vélknúnu tæki, og hv. 1. flm. þessarar till. hefur alltaf stutt það drengilega í fjvn. Og í fjárl. þessa árs er heimild til þess að festa kaup á skriðbíl, sem hentað gæti til ferða um torleiði á landi og sem ferja yfir vötn, og reyna slíkt farartæki á jökulvötnum og aurum Skaftafellssýslu til þess að fá úr því skorið, hvort á þann hátt yrði opnuð samgönguleið fyrir Skaftfellinga og ökufært yrði á léttum bílum umhverfis landið. Ef hæstv. samgmrh. væri hér viðstaddur á fundinum, hefði ég viljað nota þetta tækifæri til þess að spyrjast fyrir um það, hvaða horfur væru á um framkvæmd á þessu á n. k. sumri, en þar sem hæstv. ráðh. er nú fjarstaddur, sé ég ekki, að auðið sé að fá svör við slíkri fsp. á þessum fundi.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki annað en fagnað þeirri þáltill., sem hér hefur verið flutt á þskj. 400 um opnun vegasambands milli Fljótshverfis og Suðursveitar, þannig að vegakerfið myndi órofna hringleið um landið. Það vita flestir Sunnlendingar og engir betur en Skaftfellingar, hvílíkt torleiði það hefur verið og hversu mikið það hefur háð allri framvindu og framþróun byggðanna í Skaftafellssýslum, hin óbrúuðu vötn og eyðisandar, sem þar skilja á milli byggða og sveita. Ef maður lítur dálítið aftur í tímann og minnir á, hvernig byggð var háttað hér, þótt ekki væri lengra farið en um miðja síðustu öld, þá vil ég benda á það, að þá voru búsettir í Vestur-Skaftafellssýslu 2148 manns, og það var vissulega há hlutfallstala af íbúatölu þjóðarinnar á þeim tíma. En núna aftur á móti, á því herrans ári 1963, eru ekki orðnir nema um 1400 manns í þessari sömu sýslu þrátt fyrir fólksfjölgunina og þrátt fyrir alla þá tækni, sem hefur hafið innreið sína hér í okkar þjóðfélag. Þetta sýnir og sannar, að erfiðleikarnir við búsetuna þarna, eins og nú er háttað atvinnuástandi, eru orðnir svo miklir, að fólkið fær tæplega við það unað.

Satt að segja gegnir það hreinustu furðu, hve lengi Öræfingar hafa þraukað í sinni einangruðu sveit. Það gegnir, segi ég, alveg furðu. Og það er í raun og veru þakkarvert, að sú sveit skuli hafa haldizt í byggð fram á okkar dag. Allir vita, hve verzlunaraðstaða þeirra er erfið á allan máta, þar sem þeir hafa haft viðskipti sín við Kaupfélag Skaftfellinga í Vík og hafa þess vegna orðið að flytja allar sínar afurðir að og frá sínu héraði yfir þetta torleiði með ýmsu móti. Vitanlega var leyst úr því á sínum tíma með því að flytja þessar afurðir og vörur að mestu leyti á sjó, og það má segja, að það var þrekvirki hjá Skaftfellingum, þegar þeir 1916 réðust í það að kaupa skip beinlínis til að halda uppi flutningum við hafnlausa ströndina.

Nú á þessum tímum tækni og möguleika og aukins fjármagns og getu þjóðarinnar tel ég það mikið vel, ef alþjóð og Alþingi sameinast nú um það að gera eitt mikið og gott átak um að koma vegasambandi á, svo sem mögulegt er, milli þessara byggða. Það er sannfæring mín, að það mundi verða gífurlega mikil lyftistöng þessum byggðum, sem þarna eru, bæði í Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og ekki einungis það, heldur mundi koma þarna leið, sem mundi opna hundruðum Íslendinga og jafnvel útlendinga nýja opna leið til að ferðast um landið og sjá það. Og það er vel þess vert, vegna þess að óhætt er að fullyrða, að einmitt á þessari leið mundu menn finna hið stórbrotnasta, hátignarlegasta og hrikalegasta, sem hægt er að sjá í íslenzkri náttúru.

Ég ætla ekki að fara að halda langa ræðu um þetta, en ég vil aðeins þakka það, að þessi till. hefur verið flutt hér inn á Alþingi, og ég vil mega vænta þess, að Alþingi geri allt, sem það sér sér fært, til þess að koma á móts við fólkið, sem hefur þraukað í strjálbýlinu við erfiðleikana og hamfarir náttúrunnar, koma til móts við það og reyna að stuðla eftir mætti að því, að samgöngur megi koma sem greiðastar til þessara byggða og það sem fyrst, vegna þess að það eru einmitt samgöngurnar, sem eru lífæð þjóðfélagsins og ein aðalundirstaða undir byggðinni í landinu, einnig að jafnvægið í byggðinni í landinu megi haldast og atvinna geti orðið stunduð á þessum svæðum.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að flytja þeim ræðumönnum, sem hér hafa tekið til máls, síðan ég var hér síðast í þessum ræðustól, þakkir fyrir ágætar undirtektir og stuðning við málið. Ég vil einnig þakka hv. 5. þm. Austf., Páli Þorsteinssyni, fyrir þær leiðréttingar, sem hann hefur hér gert á mínum hugmyndum, sem eru varðandi brúna á Jökulsá á Breiðamerkursandi, sem ég hafði hugmynd um að væri fyrirhuguð 1964, innan næstu tveggja ára hélt ég að hún væri væntanleg, en auðvitað er það, eins og hann

réttilega tók fram, ekki mjög stórt atriði, þó að hún sé áformuð máske ári seinna en ég talaði um, og einnig brúin á Kotá í Öræfum, sem ég hafði sannast að segja tekið upp úr till. vegamálastjóra, sem hann á sinni tíð sendi fjvn., og er það að sjálfsögðu allra góðra gjalda vert, að það sé leiðrétt. Ég taldi víst, að hún hefði komizt inn á fjárl. þannig. En það er mín ónákvæmni að hafa ekki athugað það. Ég efast ekki um, að þar fer þessi hv. þm. með rétt mál, og það var að sjálfsögðu aldrei mitt áform að ætla að segja rangt til um þetta, því að það hæfir ekki málinu að hafa þar ekki fyllstu nákvæmni, og er ég honum þess vegna þakklátur fyrir þær leiðréttingar, sem hann hefur gert hér á mínu máli. En hitt finnst mér mest um vert, að þeim þm., sem hér hafa talað, og væntanlega þm. almennt, virðist vera fullkomlega ljós nauðsyn þessa máls, mikilvægi þess og einnig, — þó að mér fyndist nú kannske örlítið á það skorta hjá hv. 5. þm. Austf., — einnig virðast þeir hafa þá bjartsýni til að bera, að nú séu komnir þeir tímar, að þá hluti, sem tillagan fjallar um, muni vera hægt að framkvæma og það án þess, að til þess þurfi mjög langan tíma, eins og nú er komið málum.

Það hafa verið fluttar hér till. að undanförnu um ýmiss konar minni háttar samgöngubætur á þessu svæði, eins og hv. 5. þm. Austf. minntist á. Þær eru allar góðra gjalda verðar, og hef ég bæði fyrir og eftir þann tíma, sem ég hef hér verið í forsvari fyrir það fólk sérstaklega, sem býr öðrum megin við þetta svæði, mælt með því, eftir því sem ég hef getað, að slíkar samgöngubætur kæmust á, því að mér hefur að jafnaði verið ljóst, að hér var við erfiðleika að etja, sem ekki mátti láta neins ófreistað að sigrast á. En hitt liggur auðvitað jafnljóst fyrir, að þótt komið sé fyrir á þessum söndum einhverjum og ekki mjög stórum farartækjum, sem öðru hverju geta skotizt þarna yfir, þá getur verið að þeim hið mesta gagn, en þau geta samt ekki gert neitt svipað gagn og ef þarna yrði opnuð almenn leið, sem gæti staðið opin hverjum sem væri, hvaða bifreið sem væri á landinu, hvaða dag ársins sem væri eða svo að segja, því að það er auðvitað það markmið, sem verður að keppa að, eins og hér hefur greinilega komið fram að skilningur er fyrir á þinginu. Leyfi ég mér að ítreka enn þau tilmæli til þeirrar n., sem fær málið til athugunar, að hún salti það ekki hjá sér, heldur meti gildi þess og hafi hröð handtök á afgreiðslu þess, án þess að ég sé að krefjast þess af henni að rasa fyrir ráð fram í einu eða neinu. En hér er um þess háttar mál að ræða, að rannsókn sérfróðra manna á möguleikunum hlýtur að vera ósk ekki einasta þeirra þm., sem sérstaklega eru í forsvari fyrir það fólk, sem á hér hlut að máli, heldur allra landsmanna, enda má segja, að opnun hringleiðarinnar um Ísland sé mál alls landsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

52. Vernd fiskistofna á hrygningarsvæðum.

Á 40. fundi í Sþ., 18. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um aukna vernd fiskistofnanna á helztu hrygningarsvæðum við Ísland [202. mál] (A. 404).

Á 41., 42. og 44. fundi í Sþ., 20. og 27. marz, 3. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Unglingafræðsla utan kaupstaða.

Á 40. fundi í Sþ., 18. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun á reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða [203. mál] (A. 407).

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v. viðvíkjandi reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða. Þáltill. þessi er í 3 liðum:

a) Að aðstoð vegna ólögbundinnar unglingafræðslu utan kaupstaða verði aukin, þannig að kennarar við hana njóti svipaðra launakjara og við hliðstæða skóla í kaupstöðum, enda sé lágmarkstala nemenda ákveðin.

b) Ákveðið verði um skiptingu á kostnaði við milliferðir, húsnæði o. fl. milli nemenda, sveitarfélaga og ríkissjóðs.

c) Reglur verði settar um námsgreinar og próf, sem tryggi það, að unglingafræðslan í heimangönguskólum sé hliðstæð og í tveimur fyrri bekkjum gagnfræða- og miðskóla.

Ég skal taka það fram í upphafi, að þáltill. þessi er flutt samkv. tilmælum heiman úr okkar héruðum. Það hagar þannig til þar, að okkur vantar heimavistarskóla fyrir unglinga í Skagafjarðar- og Austur-Húnavatnssýslu, og það hefur borið mjög mikið á því, að unglingum hefur gengið illa að fá skólavist við slíka skóla, af því að þeir eru þegar yfirfullir. Ég skal enn fremur taka það fram í upphafi, að ég hef rætt þetta mál við fræðslumálastjóra og hann hefur gefið mér ýmsar upplýsingar, og þáltill. þessi er flutt í samráði við hann.

Aðallega eru þrjár ástæður, sem valda því, að við flytjum þessa þáltill.

Í fyrsta lagi, að heimavistarskólar, þar sem unglingar í sveitum og minni kauptúnum geta stundað nám, eru of fáir, þannig að árlega þarf að neita mörgum um skólavist. Fræðslukerfi okkar er að mestu byggt á lögum frá 1946. Samkv. þeim er unglingum í kaupstöðum skylt að stunda nám í tvo vetur að loknu barnaprófi. Kröfur til menntunar hafa aukizt mjög. Aukin tækni krefst meiri sérmenntunar, og batnandi efnahagur gerir aðstandendum kleift að styrkja unglinga meira til menntunar en áður var. Gagnfræðaskólar og miðskólar með landsprófi hafa verið stofnaðir í kaupstöðum og stærri kauptúnum. Þar er því námsaðstaða unglinga sæmilega góð. Í sveitum og minni kauptúnum er aðstaða unglinga til náms önnur og lakari. Héraðsskólum í sveitum hefur raunar verið breytt þannig, að unglingar geta lokið þar gagnfræðaprófi eða landsprófi. En slíkir skólar eru of fáir til þess, að allir unglingar dreifbýlisins geti notið þar skólavistar. Árlega þarf að neita mörgum um skólavist. Nokkur sýslufélög hafa enga heimavistarskóla fyrir unglinga. Þar er námsaðstaðan lökust. Allir hljóta að viðurkenna, að fræðsluþörf unglinga er jöfn, hvort sem þeir eiga heima í dreifbýli eða kaupstað. Þjóðfélaginu er skylt að gera aðstöðu unglinga til fræðslu og þroska sem jafnasta, eftir því sem við verður komið. Núv. ástand þarf úrbóta. Tvær leiðir eru til, og sennilega er bezt að fara báðar að einhverju leyti. Það er að stofna fleiri heimavistarskóla í dreifbýlinu og efla heimangönguskóla í sveitum meira en gert hefur verið. Reglugerð um heimangönguskóla utan kaupstaða er frá 29. ágúst 1939 og er samin og sett samkv. 20. gr. l. nr. 48 frá 19. maí 1930. Það gefur auga leið, að slík reglugerð er miðuð við aðrar aðstæður og aðra tíma en nú er, jafnvel vafasamt, hvort hún styðst raunverulega við nokkur lög. Heimangönguskólarnir þurfa að vera miðaðir við það, að unglingar njóti þar sömu menntunar og í tveim fyrri bekkjum gagnfræðaskóla. Yrði þá um eins vetrar nám að ræða hjá unglingum, sem hefðu lokið fullnaðarprófi, en tveggja vetra hjá þeim, sem aðeins hefðu lokið barnaskólaprófi. Ákveða þarf í reglugerð um réttindi og skyldur slíkra skóla, samræma laun kennara og ákveða um skiptingu kostnaðar við milliferðir, húsnæði, kennslu o. fl. milli ríkissjóðs, sveitarfélaga og nemenda. Árið 1961—1962 hefur ríkissjóður styrkt heimangönguskóla á 12 stöðum, 95 nemendur nutu þar kennslu, og ríkissjóður greiddi 165 þús. kr. til þessara skóla, eða 1740 kr. fyrir hvern nemanda. Héraðsskólar með 100 nemendum kosta ríkið um 1 millj. á ári eða 10000 kr. á hvern nemanda. Með tilliti til væntanlegra launahækkana verður sá kostnaður ca. 12 þús. kr. á næsta ári fyrir hvern nemanda. Eigi mun fjarri lagi, að námskostnaður unglinga í slíkum skólum sé 15000 kr. yfir veturinn. Heildarkostnaður hjá ríki og nemanda verður því ca. 25—27 þús. kr. fyrir hvern einasta nemenda. Í heimangönguskólum er námskostnaður annar og minni. Það kemur betur við fyrir foreldra, ef börn þeirra geta haft fæði og notið húsnæðis í heimahúsum, en að greiða fyrir það annars staðar. Víða eru efni takmörkuð, a. m. k. þangað til unglingar geta farið að vinna sjálfir fyrir námskostnaði.

Mest er þörfin fyrir heimangönguskóla í sýslum, þar sem ekki eru héraðsskólar. Skilyrði til þess að starfrækja þá eru mjög misjöfn. Strjálbýli má eigi vera of mikið, samgöngur þurfa að vera góðar og húsakostur viðunanlegur. Víða eru þessi skilyrði fyrir hendi, ef þjóðfélagið léti sinn hlut eigi eftir liggja. Samgöngur eru víða góðar, og ökutækjum hefur fjölgað mjög í seinni tíð. Allvíða eru félagsheimili, sem hægt er að kenna í, ef ekki er kostur á öðru húsnæði. Veturinn 1961—1962 voru 26 nemendur í heimangönguskóla á Staðarstað og á Reykhólum á Barðaströnd voru 17. Ríkissjóður greiddi 88 þús. kr. til þessara skóla. Ef þessir 43 nemendur hefðu dvalizt á héraðsskóla, mundi það hafa kostað ríkið fimm sinnum meira. Þessi mismunur er bæði ósanngjarn og óviturlegur. Það er fullt verk fyrir kennara að kenna 20 nemendum.

Eðlilega er ekki hægt að fá menn til að kenna við heimangönguskóla, nema þeir hafi svipuð kjör og stéttarbræður þeirra hafa við héraðsskólana. Allvíða munu prestar hafa kennt við slíka skóla og sætt sig við lág kennslulaun, af því að þeir höfðu aðrar tekjur. Vera má, að ekki sé óeðlilegt að taka tillit til slíks. Engin von er þó til þess, að prestar leggi á sig mikla aukavinnu án þess að fá fyrir það viðunandi greiðslu. Heimangönguskólar verða og eigi efldir að mun, ef eingöngu á að treysta á kennslu presta, því að tiltölulega fáir prestar hafa vilja og ástæður til að annast unglingakennslu. Eðlilegast væri, að sveitarfélög, eitt eða fleiri, sæju að mestu um heimangönguskóla unglinga, þar sem það hentar, en ríkissjóður styrkti það hæfilega fjárhagslega. Jafnvel í sýslum, þar sem héraðsskólar eru, gætu heimangönguskólar átt rétt á sér. Þeir drægju úr aðsókn að gagnfræða- og miðskólum, þannig að ekki þyrfti að leggja jafnmikla áherzlu á að fjölga þeim, og spöruðu þannig ríkissjóði og foreldrum útgjöld. Flestir mundu frekar kjósa að þurfa

eigi að senda 13—15 ára unglinga í fjarlæg héruð til ókunnugs fólks, ef kostur er að láta þau læra í heimasveit.

Ég treysti því, að þm. og ríkisstj. sýni þessu máli skilning og velvilja. Víst er, að aðstaða unglinga til náms í sumum héruðum og kauptúnum er slæm og raunar óviðunandi. Vafalaust eru skoðanir skiptar um, hvaða leiðir eigi að fara til úrbóta. Við, sem flytjum þessa þáltill., álítum, að nauðsynlegt og hagkvæmt sé að bæta kjör heimangönguskóla í sveitum og minni kauptúnum. Til þess þarf að semja nýjar reglur af hæfum mönnum, sem vel hafa vit á þessum málum.

Það er ekki úr vegi að minnast þess, að meðan skólar voru fáir hér á landi og fátækt fólksins mikil, voru það einmitt prestarnir í sveitunum, sem í raun og veru vernduðu alþýðumenninguna, og það hefur aldrei verið talað um það eins og vert er, hversu mikinn þátt þessir sveitaprestar hafa átt í endurreisn landsins í raun og veru, því að þeir kenndu börnunum kristinfræði og að reikna og skrifa. Svo var það, ef þeir fundu einhverjar óvenjulegar gáfur hjá unglingunum, þá fóru þeir til foreldranna og hvöttu þá til þess að láta þessa unglinga læra, og ég hygg, að við eigum einmitt þessum prestum mikið að þakka um ýmsa af okkar afburðamönnum, sem bezt og mest börðust fyrir auknum réttindum þessa þjóðfélags og urðu forgöngumenn á ýmsum sviðum. Við þurfum ekki nema minnast t. d. á Guðmund heitinn Magnússon, lækni. Það var presturinn í hans sókn, sem fór til foreldra hans og benti þeim á að láta hann læra, og hann varð, eins og við vitum, frábær læknir, og þannig mun þetta í raun og veru hafa verið með flesta af okkar framámönnum á 19. öld. Jón Sigurðsson lærði hjá föður sínum o. s. frv. Enn þá varir þetta við, að þeir prestar, sem eru hneigðir fyrir kennslu og hafa mikla starfsorku, eru að kenna unglingum í byggðunum, og það hefur sérstaklega borið á þessu í þeim sýslum, þar sem heimavistarskóla vantar fyrir unglinga. Ég nefndi tvö dæmi eins og Staðarstað og Reykhóla á Barðaströnd. Prestarnir þar hafa kennt fyrir mjög litla þóknun, vægast sagt, og þetta er af því, að þeir hafa áhuga á og ánægju af þessu starfi. En ef við ætlum að efla þessa heimangönguskóla, sem geta bæði sparað peninga fyrir ríkið og aðstandendur nemendanna, þá verður að gera betur við þessa skóla en gert hefur verið. Ég hef rætt þetta við fræðslumálastjóra og hann hefur fullan skilning á þessum málum, en fjárráð þau, sem hann hefur haft úr að spila, eru mjög takmörkuð, og sagði hann mér, að hámarkið hefði mátt vera 200 þús. kr. En reglugerðin um þetta er ófullkomin og úrelt, eins og ég hef þegar tekið fram, og það þarf að semja ýtarlega reglugerð um þetta allt saman. Ég hygg, að í mörgum byggðum sé fólki alls ekki kunnugt um, að það geti notið neinnar fyrirgreiðslu viðvíkjandi kennslu á unglingum í heimangönguskólum. Þess vegna þarf að kynna fólki þessi atriði og semja nýjar, skynsamlegar reglur um þetta, sem vafalaust verður gert af þeim mönnum, sem kunnugastir eru og bezt hafa vit á þessu. En ég hef vakið máls á þessu, viljað hreyfa því vegna umkvörtunar úr okkar eigin kjördæmi.

Ég hygg, að meðflm. hefði talað hér, ef hann væri hér við, en hann er því miður lasinn nú og gat ekki sótt þennan þingfund.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að þessari þáltill. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

54. Tvöföld akbraut milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Á deildafundum 21. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um lagningu tvöfaldrar akbrautar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar [211. mál] (A. 429).

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44., 45., 46. og 47. fundi í Sþ., 3., 6. og 10. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

55. Landfundir Íslendinga í Vesturheimi.

Á deildafundum 26. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um landfundi Íslendinga í Vesturheimi [221. mál] (A. 457).

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44. og 45. fundi í Sþ., 3. og 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Till. þessi fjallar um það, að Alþingi skori á ríkisstj. að leita samvinnu við ríkisstjórnir

Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir varðandi landfundi Íslandinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld. Eins og fram kemur í grg. þeirri, sem fylgir till., hefur að undanförnu verið mjög rætt í erlendum blöðum um landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld og þó einkum í tilefni af rannsóknum einstakra áhugamanna á því sviði. Hér er að sjálfsögðu um mál að ræða, sem er eðlilegt að Íslendingar láti sig miklu varða, og það er eðlilegt, að þær rannsóknir, sem fram fara í þessum efnum, séu að verulegu leyti í höndum íslenzkra fræðimanna eða þeir hafi kost á að fylgjast með þeim og það teljum við tillögumenn að væri bezt tryggt með því, að íslenzk stjórnarvöld taki að sér frumkvæði í þessum efnum í samvinnu við ríkisstj. þeirra landa, sem hér eiga hlut að máli, þ. e. ríkisstj. Kanada og Bandaríkjanna.

Till. samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en afgreiðslu hennar þá frestað vegna sérstakra tilmæla menntmrh. Tilmæli hans voru byggð á því, að Íslendingar mundu taka þátt í væntanlegum leiðangri Helga Ingstads til Nýfundnalands og væri rétt að bíða átekta, unz séð yrði, hver niðurstaða fengist í því máli. Sá leiðangur var farinn á s. l. sumri, og hann virðist hafa upplýst, að norrænir menn hafi dvalizt eitthvað á Nýfundnalandi fyrr á öldum, en augljóst er þó, að þar getur ekki verið um Vínland að ræða, heldur sé þess að leita sunnar en í Nýfundnalandi. Af framangreindum ástæðum er þessi till. flutt að nýju, enda má segja, að þær upplýsingar, sem hafa fengizt á s. l. sumri, eigi að verða aukin hvatning til frekari rannsókna og athugana á þessu máli.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að sinni að hafa fleiri orð um þetta, en leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað að loknum umr. nú og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 10. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

56. Úrsögn ríkisfyrirtækja úr Vinnuveitendasambandi Íslands.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um úrsögn ríkisfyrirtækja úr Vinnuveitendasambandi Íslands [225. mál] (A. 467).

Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

57. Búfjártryggingar.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var útbýtt:

Till. til þál. varðandi búfjártryggingar gegn uppskerubresti o. fl. [226. mál] (A. 469).

Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

58. Tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands.

Á deildafundum 1. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu [229. mál] (A. 491).

Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 45. og 46. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

59. Strandferðir norðanlands.

Á deildafundum 2. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri [233. mál] (A. 501).

Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

60. Afurða- og rekstrarlán landbúnaðarins.

Á deildafundum 5. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um, að ríkisbankarnir sjái landbúnaðinum fyrir nauðsynlegum afurða- og rekstrarlánum [235. mál] (A. 529).

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

61. Sjómannatryggingar.

Á deildafundum 5. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um sjóamnnatryggingar [236. mál] (A. 534).

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

62. Framlög til flóabáta.

Á deildafundum 5. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun á framlögum ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga [237. mál] (A. 536).

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var till. tekin til einnar umr. (A. 536, 565).
Forseti tók málið af dagkrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

63. Tunnuverksmiðja á Skagaströnd.

Á 45. fundi í Sþ., 6. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um byggingu tunnuverksmiðju á Skagaströnd [240. mál] (A. 544).

Till. var aldrei tekin á dagkrá.

64. Jarðhitaleit.

Á deildafundum 19. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um jarðhitaleit [247. mál] (A. 694).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

Fyrirspurnir.

1. Gjaldeyrisandvirði.

Á 3. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt:

Fsp. til ríkisstj. um mismun gjaldeyrisandvirðis samkv. 6. gr. laga nr. 28 1962 [30. mál] (A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 18. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 30 fsp. til ríkisstj. um mismun gjaldeyrisandvirðis samkv. 6. gr. l. nr. 28 1962, og skal ég fara um hana örfáum orðum.

Gengisskráningu var breytt í byrjun ágústmánaðar 1961 á þá lund, að verð erlends gjaldeyris hækkaði í íslenzkum krónum um 13—14%. Þegar þessi breyting átti sér stað, var í landinu allmikið af útflutningsvöru á ýmsum stigum. Að öðru óbreyttu hefðu þeir, sem stóðu að útflutningi þessara vara, þegar til kom, fengið verðhækkun, sem gengisbreytingunni nam. En með lagaboði var þessi verðhækkun af þeim tekin og ráðstafað á annan hátt. Í 6. gr. l. nr. 28 frá 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir, framleiddar á tímabilinu 16. febr. 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961."

Og á öðrum stað í greininni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkv. 1. mgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum."

Mér virðist tímabært, að upplýsingar séu gefnar um það á Alþingi, hversu mikið fé inn á þennan reikning er lagt, og því hljóðar fyrri liður fsp. á þskj. 30 á þessa leið:

„Hve miklu nemur, í krónum talinn, sá mismunur á andvirði skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirði hans á hinu nýja gengi, er færa skyldi á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum samkv. 2. mgr. 6. gr. l. nr. 28 17. apríl 1962."

Í 7. gr. sömu laga er kveðið á um það, að af þessum reikningi skuli endurgreiða hluta af útflutningsgjaldi af þessum vörum, sem hér er um að ræða, og sömuleiðis hluta af hlutatryggingasjóðsgjaldi af sömu vörum, og enn fremur er í 8. gr. ákvæði um, að heimilt sé að verja af þessum reikningi fé til greiðslu vátryggingargjalda.

Í síðari lið fsp. er spurzt fyrir um það, hversu miklu af þessum mismun hafi verið varið til slíkra greiðslna, þ. e. a. s. til að greiða hluta útflutningsgjalds samkv. 1. mgr. 7. gr., hve miklu til að greiða hluta útflutningssjóðsgjalds samkv. 2. mgr. 8. gr. og hve miklu til greiðslu vátryggingariðgjalds samkv. 2. mgr. 6. gr. laganna. Segja má, að í sambandi við þessar greiðslur sé um að ræða a. m. k. óbeina endurgreiðslu gengishagnaðarins til útflutningsframleiðslunnar. Ég hef sett fyrirspurnarliðinn þannig fram, að ég geri ráð fyrir, að gerð verði grein fyrir hverri upphæð fyrir sig.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Sú fjárhæð, sem þegar er inn komin samkv. 6. gr. laga nr. 28 frá 17. apríl 1962, nemur 144.8 millj. kr. samkv. upplýsingum þar að lútandi frá Seðlabanka Íslands. Þess skal þó getið, að fullnaðarreikningsskil liggja ekki fyrir, þar eð öll gjaldeyrisskil fyrir vörur framleiddar fyrir 1. ágúst 1961 eru ekki enn komin.

Þá er í seinni lið fsp. spurzt fyrir um það, hvernig þessu innkomna fé hafi verið varið samkv. ákvæðum 6. og 7. gr. nefndra laga þar um. En því hefur verið varið sem hér segir:

Í fyrsta lagi til greiðslu útflutningsgjalda 32 millj. kr., til greiðslu hlutatryggingasjóðsgjalda 2.7 millj. kr., til greiðslu vátryggingargjalda 13 millj. kr., og í fjórða lagi, langstærsta upphæðin, sem að vísu er ekkert spurt um, en ég tel þó rétt að komi fram, til ríkisábyrgðasjóðs 92.4 millj. kr., eða samtals greiðslurnar 140.1 millj. kr.

Mismunurinn á heildarupphæðinni, sem inn er komin, sem var 144.8 millj. kr., þ. e. a. s. 4.7 millj. kr., er geymdur á bankareikningi, þar eð heildarreikningsskilum á þessum fjárhæðum er enn ekki lokið. Þessi upphæð, 4.7 millj.

kr., bíður því endanlegrar skiptingar. En til skýringar á þessu er rétt að komi fram, að samkv. 8. gr. fyrrnefndra laga áttu útflytjendur að sækja um endurgreiðslu á hluta af hlutatryggingasjóðsgjaldi, en aðeins lítill hluti af kröfunum hefur enn borizt Seðlabankanum, og þess vegna veit Seðlabankinn ekki enn heildarupphæð þeirra krafna, sem þar er um að ræða.

Með þessu vona ég, að fsp. sé fullsvarað.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, en mun ekki að öðru leyti gera þau að umtalsefni að þessu sinni. Ég heyri það á svörunum, að reikningsskilum er ekki lokið.

2. Misnotkun deyfilyfja.

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var útbýtt:
Fsp. til dómsmrh. um misnotkun deyfilyfja hér á landi [51. mál, 1] (A. 51).

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Tvær síðustu vikur hafa dagblöðin í Reykjavík birt upplýsingar, sem gefa rökstudda ástæðu til að ætla, að misnotkun ýmiss konar deyfilyfja hafi farið mjög í vöxt hér á landi og sé að verða ískyggilegt vandamál.

Yfirlæknir Slysavarðstofunnar hér í borginni hefur sagt opinberlega, að óhugnanlega margir neyti deyfilyfja. Ráðamaður Bláa bandsins hefur upplýst, að eiturlyfjasjúklingar séu erfiðara vandamál en áfengissjúklingar fyrir þá stofnun. Lögreglan skýrir svo frá, að allmargt fólk undir áhrifum deyfilyfja hafi verið tekið við akstur. Slökkviliðið bjargaði skaðbrenndri konu, sem var undir annarlegum áhrifum, að því er sagt er opinberlega. Lögreglan skýrir frá því, að maður hafi fundizt látinn með 2 deyfilyfjaglös í vasanum. Þannig hafa fréttirnar hlaðizt upp dag eftir dag.

Það verður ekki um villzt, að eitt erfiðasta þjóðfélagsvandamál nútímans hefur borizt eða er að berast hingað til Íslands, enda þótt enn hafi ekki komið í ljós teljandi notkun á verstu eiturlyfjum, sem notuð eru erlendis, t. d. marihuana eða heróín. Þó hafa pillurnar, sem hér virðast tíðkast, víðast hvar reynzt undanfari þess, sem verra er. Í nágrannalöndum okkar hefur vaxandi útbreiðsla eiturlyfja reynzt örugg braut til glæpa og afbrota. Þessi plága virðist leggjast hvað þyngst á ungt fólk, oft og tíðum á unglinga, og hafa sölumenn lyfjanna þar sérstaklega lagzt á skólaæskuna til að skapa sér fasta viðskiptamenn. Ein svartasta hlið þessa máls virðist vera tilhneiging til að gefa ungum stúlkum eiturlyfin, og má þegar sjá þess nokkur merki hér á landi. Eftir að ungir menn eða konur hafa vanizt á þessi lyf og geta ekki án þeirra verið, leiðast þau oft út á braut þjófnaðar og afbrota til að komast yfir lyfin. Reynsla annarra þjóða ætti að vera rík aðvörun til Íslendinga um að leitast við að taka þetta vandamál föstum tökum þegar í byrjun og fyrirbyggja frekari útbreiðslu eitur- og nautnalyfja, ef þess er nokkur kostur.

Hér í Reykjavík hefur það gerzt, að blöðin hafa bent lögreglunni á tiltekna aðila, sem ástæða var til að gruna um sölu eða dreifingu deyfilyfja. Blöðin hafa fylgzt með þessu máli, og er á þeim að sjá, að þau undrist, hversu lausum tökum lögreglan virðist taka það. Verður það í fljótu bragði ekki skýrt á annan hátt en að hér hljóti að vanta strangari lagafyrirmæli, sem gera lögreglunni kleift að vinna gegn þessari plágu og kæfa hana í fæðingu. Jafnvel eftir að óeðlilega mikið magn deyfilyfja hefur fundizt á heimili manns, gerist ekkert annað dögum saman en lögreglan segist vera að leita að honum til yfirheyrslu. Ýmsum virðist vera orðið nokkuð ósamræmi í réttarfari, þar sem hægt er að setja menn á sakaskrá fyrir lítil umferðarbrot og gengið er hart fram í því að refsa unglingum fyrir smáþjófnaði og óknytti, ef ekkert er raunverulega hægt að gera varðandi svo stórfellt mál eins og dreifingu eiturlyfja.

Ég hygg, að ég geti mælt það fyrir hönd flestra landsmanna, að þetta mál verði að kæfa í fæðingu með hverjum þeim aðgerðum, sem til þess þarf. Ég hef talið rétt að hreyfa þessu máli á Alþingi í spurningarformi. Dómsmrh. er að því spurður, hvort hin vaxandi misnotkun deyfilyfja gefi að áliti dómsmálastjórnarinnar ekki tilefni til sérstakra gagnráðstafana af hálfu ríkisins, og ef dómsmálastjórnin reynist vera þeirrar skoðunar, er enn fremur spurt, hvort gildandi lagafyrirmæli séu nógu ströng til þess, að slíkar gagnráðstafanir geti náð tilgangi sínum. Ef ráðh. svarar þessum spurningum neitandi, hefur Alþingi raunar þvegið hendur sínar af málinu, og mun þá verða vænzt árvekni og aðgerða af hálfu framkvæmdavaldsins. Ef ráðh. hins vegar svarar játandi, verður Alþingi hið fyrsta að taka málið til athugunar og samþ. lagaákvæði, nægilega ströng til þess að hægt verði að halda uppi þeirri löggæzlu á þessu sviði, sem dugir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það gefur auga leið, að á svo stuttum tíma sem líður, frá því að fyrirspurnir eru bornar fram og þeim skal svara, er ekki hægt að kanna ofan í kjölinn slíkt vandamál, svo viðurhlutamikið sem hér um ræðir. En ég hef fengið skýrslur um málið frá nokkrum embættismönnum, sem varpa ljósi yfir það, og hygg ég, að ég svari fyrirspurnunum bezt

með því að lesa aðalefni þeirra upp, með leyfi hæstv. forseta.

Það er fyrst bréf frá landlækni, dags. 30. okt. 1962:

„Með bréfi ráðuneytisins, dags. 26. þ. m., er óskað umsagnar minnar við fyrirspurn til dómsmrh. varðandi misnotkun deyfilyfja hér á landi, er borin hefur verið fram á Alþingi.

Til svars bréfinu skal eftirfarandi tekið fram:

1) Í blaðaskrifum þeim, sem að undanförnu hafa orðið hér í bænum vegna misnotkunar „deyfilyfja", hefur það orð verið notað í miklu víðtækari merkingu en venjulegt er og rétt þykir. Fræðilega er með deyfilyfjum átt við sérstakan flokk lyfja, sem eru verkja- og sársaukastillandi, en koma neytendum auk þess í annarlegt sæluástand. Til slíkra lyfja teljast t. d. morfín, ópíum, kókaín, heróín og petidín. Við langa notkun þeirra er jafnan hætt við, að neytendur verði smám saman alteknir af ástríðufullri ílöngun í þau, og má því nefna þau ástríðulyf (addiction producing drugs).

Einkenni lyfjaástríðu eru:

a) óviðráðanleg þörf til að halda áfram notkun lyfsins, b) tilhneiging til að auka skammtinn, c) sálræn og líkamleg undirokun af áhrifum lyfsins, d) óbærilegar þjáningar, þegar sjúklingur er sviptur lyfinu, svo að hann svífst einskis til að afla sér þess og verður því beinlínis hættulegur samfélaginu.

Um langan tíma hefur notkun þessara lyfja verið háð ströngu eftirliti í flestum menningarlöndum, og svo hefur verið hér um áratugi. Ávísanir á lyfin gilda aðeins í eitt skipti, og lyfjabúðum er skylt að færa afgreiðslu þeirra í sérstakar bækur, svonefndar eftirritunarbækur. Misnotkun þessara lyfja hefur aldrei orðið þjóðfélagslegt vandamál hér á landi, þó að einhver misnotkun þeirra sé óhjákvæmileg, svo fremi að þau séu yfirleitt notuð.

Auk hinna eiginlegu deyfilyfja er svo mikill fjöldi nýtilkominna efnasmíðjulyfja, sem einnig eru almennt nefnd deyfilyf, þó að ekkert eigi þau skylt við áðurnefnd lyf. Þessi lyf má einu nafni nefna ávanalyf (habituation producing drugs). Sum þeirra eru örvandi, t. d. amfetamín, dexamfetamín, rítalín, prelúdín, fenmetrazín o. fl., önnur róandi (tranquillizers), svo sem ýmiss konar barbítúrsýrulyf og fleiri lyf. Lyf þessi, notuð á viðeigandi hátt, eru mjög mikilvæg við meðferð ýmiss konar sálrænna truflana. Með þeim er fjölda einstaklinga, sem án þeirra mundu verða óvinnufærir að meira eða minna leyti eða valda vandamönnum sínum ómældum erfiðleikum, haldið vinnufærum og sambúðarhæfum á heimili. Óhófleg notkun slíkra lyfja veldur hins vegar ávana og annarlegum viðbrögðum neytenda.

Einkenni lyfjaávana eru: a) ílöngun í lyfin vegna þægilegra verkana þeirra, en yfirleitt ekki óviðráðanleg þörf til að neyta þeirra, b) lítil eða engin tilhneiging til að auka skammtinn, c) nokkur sálræn, en ekki líkamleg undirokun af áhrifum lyfjanna, og ekki líkamlegar þjáningar, þótt sjúklingur sé sviptur þeim. Slíkur sjúklingur er því ekki nándar nærri eins hættulegur samfélaginu og ástríðulyfjaneytandi.

Fram til þessa hefur óvíða verið fyrirskipuð skráning á þessum lyfjum, en hér á landi eru þó skráð í eftirritunarbækur amfetamín, dexamfetamín og rítalín. Í sumum nágrannalöndum okkar (Bretlandi, Þýzkalandi) hefur verið leyfilegt að láta sum þessara lyfja út án lyfseðils fram á síðustu ár.

Ýmislegt virðist nú benda til þess, að misnotkun ávanalyfja fari vaxandi hér á landi, og er notkun sumra þeirra algeng í sambandi við áfengisneyzlu. Þess vegna hef ég tvívegis gert notkun þeirra að umræðuefni á erlendum læknaþingum (á fundi landlækna frá öllum Norðurlöndum í Stokkhólmi í aprílmánuði s. l. og í framkvæmdanefnd Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar í Genf í maí s. l.). Ekki var talið þar, að þetta vandamál væri svo almennt, að taka bæri til þess afstöðu á slíkum vettvangi. Þó er vitað, að á fyrstu árunum eftir síðustu heimsstyrjöld var ofnautn þessara lyfja algeng í Japan. Er það skv. skýrslum eina dæmið um, að stofnað hafi verið til sérstaks eftirlits með þessum lyfjum.

Erfitt er að gera sér grein fyrir því, hve mikið vandamál er hér um að ræða, á meðan ekki er vitað með vissu, hve mikið af ávanalyfjum er látið út úr lyfjabúðum né hve mikil brögð kunna að vera að ólöglegum innflutningi þeirra til landsins og dreifingu innanlands. Að því er varðar hið fyrra, hef ég þegar ritað öllum lyfjabúðum og lyfjainnflytjendum í landinu og óskað eftir greinargerð þeirra um innflutning lyfjanna s. l. 5 ár. Með þessum hætti ætti að vera hægt að fá rétta hugmynd um löglegan innflutning og notkun þessara lyfja og þá einnig um aukningu, ef um hana er að ræða. Þau erindi, sem varða ólöglegan innflutning og dreifingu og skrifstofa mín hefur fengið til meðferðar, hafa verið send réttum aðilum til frekari aðgerða. Enn fremur hafa fyrri blaðaskrif orðið til þess, að ég hef farið fram á rannsókn á grunsamlegri meðferð þessara lyfja.

Um aðrar gagnráðstafanir skal tekið fram, að ég hef þegar ritað öllum læknum landsins og áminnt þá um að gæta fyllstu varkárni í útgáfu lyfseðla á hvers konar ástríðu- og ávanalyf. Enn fremur tel ég rétt að taka nú þegar upp skráningu fenmetrazíns, enda þótt sumar lyfjabúðir hafi skráð það lyf undanfarið, og jafnframt að takmarka magn það, sem mest má láta úti hverju sinni af því lyfi og nokkrum öðrum lyfjum. Hefur dómsmrn. þess vegna verið ritað og farið fram á breytingu á reglugerð um sölu lyfja (reglugerð nr. 273 frá 1950, 15. gr.). Ef í ljós kemur við áðurnefnda athugun á innflutningi, að sala á þessum lyfjum hafi aukizt óeðlilega undanfarin 5 ár, ber vitanlega að herða á eftirliti með henni, og kemur þá m. a. til álita, hvort framkvæmanlegt þyki að skrá öll þessi lyf í eftir-

ritunarbækur lyfjabúða, þótt það mundi kosta óhemju vinnu og ég viti þess hvergi dæmi í öðrum löndum.

2) Ef frv. það til lyfsölulaga, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, nær fram að ganga, tel ég, að fullnægjandi séu lagaákvæði um eftirlit með löglega innfluttum lyfjum, ávísunum á þau og notkun þeirra. Ég læt hins vegar öðrum eftir að dæma um, hvort fullnægjandi séu ákvæði annarra laga, sem koma eiga í veg fyrir ólöglegan innflutning, dreifingu og sölu, svo og refsiákvæði gegn slíku athæfi.

Sigurður Sigurðsson."

Ég vil taka það fram, að ég hef þegar gert ráðstöfun til þess, að gerð verði sú reglugerðarbreyting, sem landlæknir hefur gert till. um.

Þá er hér bréf frá lögreglustjóranum í Reykjavík, dags. 29. okt. 1962:

„Hið háa ráðuneyti hefur með bréfi, dags. 26. þ. m., óskað umsagnar minnar um fyrirspurn þá um misnotkun deyfilyfja hér á landi, sem lögð hefur verið fram á Alþingi.

Í tilefni þessa vil ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Eigi liggur fyrir heildarskýrsla um tölu þeirra mála, er snerta ofneyzlu deyfi- eða örvunarlyfja og lögreglan hefur haft afskipti af. Umsögn mín byggist því á einstökum lögregluskýrslum og dagbókarfærslum, svo og upplýsingum frá þeim varðstjórum hér við embættið, er yfirheyra aðila þá, sem hlut eiga að máli.

Á síðastliðnum árum hefur það greinilega færzt í vöxt, að lögreglan þurfi að hafa afskipti af fólki, sem er miður sín vegna ofneyzlu deyfi- eða örvunarlyfja af ýmsum tegundum. Ekki er þó um að ræða neytendur morfíns, ópíums, kókaíns, heróíns né annarra eiturlyfja á borð við þau, heldur vægari deyfi- eða örvunarlyfja. Hefur lögreglan ekki orðið vör við áberandi ofneyzlu hinna sterkari lyfja.

Eins og áður segir, liggja ekki fyrir heildartölur um mál þau, sem hér um ræðir, enda erfitt að vinna slíkar tölur á fullnægjandi hátt úr gögnum þessa embættis. Málin fara yfirleitt til framhaldsrannsóknar til embættis yfirsakadómara, en auk þess er lyfjanotkunin aðeins eitt af fleiri atriðum, sem fram koma við rannsókn brots. Skv. upplýsingum frá starfsmönnum mínum tel ég þó óhætt að fullyrða, að lögreglan þurfi að jafnaði oftar en einu sinni á viku að hafa afskipti af mönnum, sem eru undir áhrifum framangreindra lyfja. Afskipti lögreglunnar eru ýmist vegna þess, að viðkomandi aðili er hjálpar þurfi eða grunaður um að hafa framið refsiverðan verknað.

Oftast verður lögreglan vör við neyzlu umræddra lyfja hjá ofdrykkjumönnum, sem af sjúkleika sínum hafa leiðzt til ofnotkunar þeirra. Er ekki ótítt, að ofdrykkjumenn, sem færðir eru í fangageymslu, hafi í fórum sínum notaða lyfseðla eða tóm glös undan ýmiss konar deyfi- eða örvunarlyfjum. Bendir þetta til þess, að vandamál í sambandi við neyzlu umræddra lyfja sé að verulegu leyti í sambandi við óhóflega notkun áfengis. Í nokkrum tilfellum hafa lögreglumenn grunað ökumenn um að vera undir áhrifum áfengis við akstur bifreiða, en nánari athugun hefur leitt í ljós, að um ofneyzlu deyfi- eða örvunarlyfja hefur verið að ræða. Í því sambandi er rétt að benda á, að það er vaxandi vandamál fyrir lögreglu og dómstóla, hversu erfitt er að fá fullnægjandi læknisfræðilega rannsókn á þeim, sem grunaðir eru um akstur undir áhrifum deyfi- eða örvunarlyfja. Er mér tjáð af borgarlækni, að til slíkrar rannsóknar þurfi bæði sérmenntun, sem læknar hér hafi yfirleitt ekki, og sérstök rannsóknartæki.

Alloft kemur fyrir, að lögreglan er kvödd á heimili hér í borginni vegna erfiðleika í sambandi við ofneyzlu deyfi- eða örvunarlyfja. Verður stundum að láta í té lögregluvörð um stundarsakir til þess að koma í veg fyrir, að viðkomandi aðili fari sjálfum sér eða öðrum að voða eða haldi áfram neyzlu lyfjanna. Einnig eru þess nokkur dæmi, að lögreglan hafi fundið fólk ósjálfbjarga eða sofandi á almannafæri vegna ofneyzlu deyfilyfja. Í ýmsum tilfellum hefur lögreglan flutt deyfilyfjaneytendur á Slysavarðstofuna til skjótrar læknismeðferðar. Skylt er að geta þess, að nokkrir borgarar hafa komið til mín til viðræðna um vandamál aðstandenda sinna, sem hneigjast að ofneyzlu umræddra lyfja.

Framangreindir varðstjórar hér við embættið telja, að meginhluti þeirra lyfja, sem misnotuð hafa verið á þann hátt, að til kasta lögreglunnar komi, séu keypt í lyfjabúðum hér í borginni. Styðst sú skoðun þeirra við það, að mjög margir af þeim, sem lögreglan hefur afskipti af vegna ofneyzlu umræddra lyfja, eru með lyfseðla eða pilluglös merkt lyfjabúðunum hér. Hafa varðstjórarnir tjáð mér, að tiltölulega lítill hópur lækna gefi út áberandi marga af þeim lyfseðlum, sem hér um ræðir. Enn fremur telja þeir, að einhverju magni deyfi- eða örvunarlyfja sé smyglað inn í landið frá þeim stöðum í útlöndum, þar sem ekki þarf lyfseðil til innkaupa. Loks eru dæmi þess, að menn hafi falsað lyfseðla til þess að svíkja út umrædd lyf, brotizt inn í lyfjabúð til þess að stela þeim, og jafnvel hefur komið fram við yfirheyrslur, að lyfin hafi fengizt í gegnum kunningsskap við starfsfólk lyfjabúða.

Telja verður með hliðsjón af framanrituðum upplýsingum, að vaxandi noktun deyfi- og örvunarlyfja sé vandamál, sem þarfnist athugunar sérfróðra manna. Er eigi ólíklegt, að endurskoðun gamalla lagaákvæða og aukið eftirlit gæti dregið úr ofneyzlu umræddra lyfja.

Sigurjón Sigurðsson."

Þá er það bréf frá yfirsakadómaranum í Reykjavík, dags. 29. okt. 1962:

„Eftir móttöku bréfs hins háa ráðuneytis, dags. 26. þ. m., þar sem óskað er umsagnar minnar um tvær fyrirspurnir varðandi mis-

notkun deyfilyfja hér á landi, sem lagðar hafa verið fram á Alþingi, vil ég taka eftirfarandi fram:

1) Rannsóknarlögreglan hefur haft það sem af er þessu ári allmikil afskipti af mönnum, sem í óhófi hafa virzt neyta róandi eða örvandi lyfja, og er ekki annað að sjá en málum þessum hafi fjölgað talsvert frá fyrra ári og þá einnig frá næstu árum þar á undan. Yfirlit (statistik) um fjölda mála og manna, þar sem þessi lyf hafa komið við sögu, er ekki til hér við embættið, og mjög erfitt mun að gera slíkt yfirlit, enda kemur alloft fram í rannsókn mála, sem varða hin óskyldustu efni, um notkun manna á greindum lyfjum, t. d. í rannsókn mála um ætlaðan ölvunarakstur, um þjófnað, um skjalafals, um dauðsföll o. fl. Einnig ber við, að menn, sem handteknir hafa verið á almannafæri, hafa reynzt vera undir áhrifum lyfja, en ekki áfengis. Vegna notkunar örvandi eða deyfandi lyfja, án þess að um önnur atriði hafi verið að ræða, hefur rannsóknarlögreglan þurft á þessu ári að taka skýrslur í um 20 tilvikum. Tveir menn hafa verið látnir sæta sektum fyrir ólöglegan innflutning og sölu á örvandi lyfi, amphetamine. Ákæru hefur verið frestað að því er varðar fölsun konu nokkurrar á lyfseðli fyrir róandi lyfi. Í rannsókn er sams konar mál tveggja manna. Nú er hér til rannsóknar mál manns nokkurs, sem grunur hefur leikið á að selji slík lyf. Við húsleit hjá honum fannst talsvert magn lyfja þessara.

Þá kemur fyrir, að fólk snúi sér til embættisins hér vegna óhóflegrar notkunar ættingja og venzlamanna á lyfjum þessum, og af þessum sökum hefur orðið að vista menn í hegningarhúsinu.

Í langflestum tilvikum hafa neytendur lyfjanna fengið þau úr lyfjabúðum eftir lyfseðlum útgefnum af læknum, sbr. að framan að því er varðar falsaða lyfseðla og ólöglegan innflutning, en því er ekki að leyna, að þeir rannsóknarlögreglumenn, sem um mál þessi hafa mest fjallað og eru þeim kunnugastir, telja frá leikmannssjónarmiði séð marga lækna allósínka á útgáfu lyfseðla fyrir lyfjum þessum. Má ætla, að rannsókn sérfróðra manna á máli þessu mundi varpa skýrara ljósi á, hvernig háttað er með neyzlu þeirra.

Ég læt fylgja hér með lista yfir þær lyfjategundir, sem teknar hafa verið af mönnum og eru í vörzlu rannsóknarlögreglunnar.

2) Mér er ekki kunnugt um nein lagaákvæði, sem leggja refsingu við neyzlu manna á örvandi eða deyfandi lyfjum. Séu þau ólöglega flutt inn til landsins, varðar slík háttsemi við ákvæði laga um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 68 1956, 1. mgr. 38. gr., sbr. 4. mgr. að því er upptöku varningsins snertir. Um óheimila sölu lyfja virðast gilda ákvæði í tilskipun um lækna og lyfsala frá 4. des. 1672, 30, og kansellíbréf (til stiftamtmanns) um lyfjasölu frá 16. sept. 1796. Ákvæði þessi eru að sjálfsögðu orðin allúrelt og refsingar eftir þeim vægar. Þá er og ástæða til að nefna lög nr. 14 1923, um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl.

Í III. kafla (um skottulækningar) laga nr. 47 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, sem lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, eru ákvæði um ávísun á lyf og sölu þeirra í 4. og 5. tölulið 15. gr., sbr. 1. tölulið, en refsiákvæði eru í 18. gr. laganna, sbr. við 268. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 1940.

Logi Einarsson."

Loks er bréf frá saksóknara ríkisins, einnig dags. 29. okt. 1962. Þar eru fyrst rakin nokkur, ekki mjog morg mál, þar sem komið hefur til ákvörðunar saksóknara um málshöfðun og slík lyf að einhverju leyti skipta máli. Þar er um einstök mál að ræða, og ég tel ekki hlýða og engan að bættari, þó að sá kafli bréfsins sé lesinn hér upp. En niðurlag bréfsins hljóðar svo, og það er niðurstaðan, sem skiptir öllu máli, en hitt er, eins og ég segi, frekar sakaskrá, sem óþarft er að kynna Alþingi, en menn geta fengið að lesa hver og einn, ef þeir vilja og hafa löngun til:

„Eins og sjá má af því, sem nú hefur verið rakið, fjalla þessi mál um hin svonefndu „deyfilyf" og misnotkun þeirra. Mál út af smygli raunverulegra eiturlyfja eða misferli með slík lyf hafa eigi komið hingað, og er mér eigi kunnugt um, að neitt slíkt mál sé nú til meðferðar fyrir dómstólum eða lögreglu.

Rannsóknir deyfilyfjamálanna fara eftir venjulegum réttarfarsreglum, og virðist eigi vera ástæða til breytinga í því efni.

Þar sem lyf þessi eru fyrirferðarlítil, er án efa vandkvæðum bundið fyrir tollgæzluna að finna þau, sé reynt að smygla þeim inn í landið, en erfitt er að koma auga á, hvernig við slíku verði séð öðruvísi en nú er, svo að komið verði í veg fyrir, að viðleitni til slíks smygls beri árangur. Verður í því efni að treysta árvekni og glöggskyggni tollgæzlunnar.

Refsimörk laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, eru svo rúm, að fullnægjandi hljóta að teljast í þessu tilliti. Meginatriði úrbóta í málum þessum virðist að minni hyggju vera það, að læknar gæti framvegis mun meiri varúðar en nú um skeið undanfarið við útgáfu ávísanaseðla á lyf þessi.

Fyrirspurnin endursendist hér með.

Valdimar Stefánsson."

Ég hygg, að þessi gögn sýni, að máli þessu sé ekki hreyft að ófyrirsynju. Hitt er ljóst, að það þarf frekari rannsóknar við, áður en menn geta til fulls gert sér grein fyrir, hversu vandamálið er víðtækt og hvort þörf er á sérstakri löggjöf af þeim sökum. Ég vil taka það fram, að ég hef þegar óskað eftir skýrslu um þá lækna, sem lögregluvarðstjórar eiga við með þeim ummælum, sem ég las hér upp áðan, og hefur mér borizt hún frá embætti lögreglustjóra. Ég mun tafarlaust láta hana fara til landlæknis, og hann mun þá rannsaka, að hve miklu leyti þar er hægt að festa hönd á og um raunverulega misnotkun eða tortryggilega ofveitingu lyfseðla er að ræða. En ég

hygg, að það komi fram af þessum gögnum, að málið er nú þegar í fullkominni rannsókn, og að svo miklu leyti sem í minu valdi stendur, þá mun ég gera allt, sem ég get, til þess að þessi ógögnuður verði stöðvaður, því að ég er sammála öllum öðrum, — þarf raunar ekki að taka það fram, — að hér er um ófagnað að ræða, sem við verðum að gera allt, sem við getum, til að forða okkar þjóð frá.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir hið ýtarlega svar og fyrir að hafa leitað þeirra upplýsinga frá viðkomandi embættismönnum, sem hann flutti þinginu. Með svari hans er, eins og hann sagði sjálfur, fyrirspurnin að vissu leyti réttlætt. Ég vil lýsa þeirri von minni, að þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram í framhaldi af því, sem alþjóð hefur fengið að vita á öðrum vettvangi, verði til þess, að það verði haldið áfram þeirri athugun og þeirri umhugsun, sem sýnilega er þegar hafin hjá hæstv. ráðh. og embættismönnum hans, og það verði gert allt, sem hægt er, til þess að fyrirbyggja frekari misnotkun deyfilyfja hér á landi. Alveg sérstaklega óttast ég, að aukningin á minni háttar deyfilyfjum, sem landlæknir lýsti, kunni að leiða til hinna stærri og verri deyfilyfja, en þau hafa í öðrum löndum dregið með sér dilk, ekki aðeins varðandi þá ógæfusömu einstaklinga, sem nota þau, heldur hefur þróazt hvers konar glæpa- og afbrotastarfsemi í kringum þau.

Það er aðeins eitt atriði í þessum skýrslum, sem kom mér á óvart. Það eru þær upplýsingar hjá fleirum en einum af embættismönnunum, að langmest af þeim lyfjum, sem um er að ræða, virðist vera komið úr lyfjabúðum í okkar eigin landi, og mun þá vera um það að ræða, að ef til vill sé gefið út of mikið af lyfseðlum. Á einhvern hátt komast þessi lyf út.

Ég hafði haldið, að það mundi vera miklu meira af smygluðum lyfjum hér en þeim, sem voru frá innlendum aðilum komin, og getur raunar vel verið, að svo sé, vegna þess að okkar aðstaða er öll þannig, að það er ákaflega erfitt að fylgjast með smygli inn í landið, ekki sízt af vöru, sem er eins fyrirferðarlítil og þessi.

Ég vil sem sagt þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingar hans og vona, að þeirri athugun og þeirri íhugun, sem þegar er hafin, verði haldið áfram og málið staðnæmist ekki hér með.

3. Lán út á landbúnaðarafurðir.

Á 6. fundi í Sþ., 24. okt., var útbýtt:
Fsp. til landbrh. um lán út á landbúnaðarafurðir [51. mál, 2] (A. 51).

Á 7. fundi í Sþ., 25. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 31. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh., og er þessi fsp. undir II. lið á þskj. 51. Ástæðurnar fyrir því, að þessi fsp. er fram komin, eru þær, að bankalán út á birgðir landbúnaðarafurða hafa að krónutölu staðið í stað síðan 1959, þrátt fyrir verðhækkanir þær, sem orðið hafa síðan, annars vegar og framleiðsluaukningu hins vegar. Þetta hefur komið sér mjög illa fyrir bændur, þar sem útborgunarverð til þeirra hefur orðið lægra en ella hefði verið og þar af leiðandi vaxtagreiðslur meiri. Fjöldamargar tillögur hafa borizt frá bændum um það að fá lagfæringu á þessu, fá lánin hækkuð upp í 70%, eins og þau eru nú yfirleitt hjá sjávarútveginum. M. a. kom fram eftirfarandi till. á aðalfundi Stéttarsambands bænda, er haldinn var í Bifröst í Borgarfirði fyrstu dagana í sept., en till. þessi hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Þar sem sölu og framleiðslu landbúnaðarvara er þannig háttað, að löng bið hlýtur ávallt að vera frá því að varan er afhent til sölumeðferðar og þar til endanlegt uppgjör fer fram, skorar fundurinn á stjórn Stéttarsambandsins að beita sér fyrir því við hlutaðeigendur, að tryggt sé, að veitt verði 70% lán út á verðmæti allra landbúnaðarvara."

Þessar óskir komu fram á aðalfundi Stéttarsambands bænda, og þessi till. var samþykkt shlj. af öllum fundarmönnum. Hæstv. landbrh. var staddur á þessum fundi, og lofaði hann fundarmönnum mjög góðu um það, að þetta mundi lagfært, þar sem um væri að ræða bæði þarft og nauðsynlegt mál fyrir bændastétt landsins.

Sláturtíð mun nú senn á enda víðast hvar í landinu. Og fróðir menn telja, að alls muni hafa verið slátrað á þessu hausti nálægt 900 þús. fjár og að kjötmagn af þessu fé muni nema ca. 12—13 þús. tonnum og að verðmæti nálægt 340—350 millj. kr. Fyrir utan það verðmæti, sem liggur í kjötinu, koma undir afurðalánin aðrar afurðir, svo sem ull, gærur, smjör, ostar o. fl. Ótaldar eru þó allar garðjurtir, sem óskir manna hafa komið fram um að nytu hliðstæðra lána við þau, er ég hef hér að framan getið.

Fari svo, sem ég trúi ekki, að bankalán út á birgðir landbúnaðarafurða standi í stað að krónutölu nú að þessu sinni, eru miklar líkur til þess, að þau nemi ekki meira en 48% af heildsöluverði landbúnaðarafurða, sem lán þessi ná til. Og eru þá frá dregin þau 2 þús. tonn af kjötmagni, sem út er flutt á þessu hausti. Fsp. mín hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hvað líður ráðstöfunum af hálfu landbrh.

til að koma því til leiðar og tryggja það, að út á birgðir landbúnaðarafurða fáist bankalán, sem nemi a. m. k. 70% af heildsöluverði birgðanna?"

Ég vænti þess, að hæstv. landbrh. svari þessari fsp. og skýri frá, hvað áunnizt hefur í þessum efnum nú upp á síðkastið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið rætt um það fyrr í haust, að bændur hafi verið afskiptir með afurðalán undanfarið. Menn eru ekki sammála um þetta og ekki einu sinni bankastjórarnir, þegar þessi mál koma til tals á þeirra fundum. Hitt er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að aðalfundur Stéttarsambands bænda skoraði á stjórn Stéttarsambandsins að beita sér fyrir því, að lánað yrði allt að 70% út á landbúnaðarafurðir á þessu hausti. Till. þessi var eðlileg. Það er ekki nema eðlilegt, að bændur beri fram óskir um að fá aukin lán, hærri útborgun og örari útborgun. Í sjálfu sér hefði ekkert verið við það að athuga, þótt prósentan hefði verið hærri, sem bændur miðuðu við. Hitt er svo annað mál, hvort takast má að verða við óskum þeirra í þessu efni.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði hér, að ég hafði talið þessa till. eðlilega á fundinum og réttmætari en margar aðrar till., sem þar voru samþykktar. Í tilefni af því hef ég ásamt bankamálaráðh. átt viðræður við ýmsa bankastjóra um þessi mál og kynnt mér rækilega, hvernig þetta hefur verið undanfarin ár, og látið þá skoðun mína í ljós, fyrir hönd ríkisstj. einnig, að það sé eðlilegt, að landbúnaðurinn beri ekki skarðan hlut í lánsfjármálunum og búi a. m. k. ekki við lakari hlut en aðrir atvinnuvegir, t. d. eins og sjávarútvegurinn. Þetta er bankastjórunum ljóst. Þeir vita vilja ríkisstj. í þessu efni, og í viðræðum við bankastjórana hef ég komizt að raun um, að þeir eru þessu máli velviljaðir og vilja ekki á landbúnaðinum níðast. Og í tilefni af því, að það hefur verið sagt áður, að landbúnaðurinn hafi búið við skarðan hlut og ekki fengið sambærileg lán og sjávarútvegurinn, þá er eðlilegt að athuga nákvæmlega og í skýru ljósi, hvernig þetta hefur verið. Er þá fyrst að aðgæta það, hvað Seðlabankinn segir um seðlabankalánin, en hér hef ég bréf eða skýrslu frá Seðlabankanum um það efni.

Á árunum 1956—1959, að báðum meðtöldum, var lánað 67% úr Seðlabankanum út á landbúnaðarvörur og einnig sama prósenta út á sjávarafurðir. Árið 1960 var lánað úr Seðlabankanum 60.8% út á landbúnaðarafurðir, en 58% út á sjávarafurðir. Árið 1961 var lánað úr Seðlabankanum 55.3% út á landbúnaðarafurðir, en 55% út á sjávarafurðir.

Þetta er það, sem að Seðlabankanum snýr. Nú er það vitað, að bæði landbúnaður og sjávarútvegur hafa fengið viðbótarlán úr viðskiptabönkunum með hærri vöxtum en afurðavíxlarnir eru bundnir við. Og það má vel vera, að þar sé einhver mismunur á. Hins vegar er það víst og hefur komið upp í viðræðum við bankastjóra, að ýmis landbúnaðarfyrirtæki hafa fengið viðbótarlán, og það segir í þessari skýrslu, sem ég hef hér fyrir framan mig um afurðalán viðskiptabankanna: „Engar fastar reglur gilda um afurðalán viðskiptabankanna, viðbótarlán." Viðbótarlán út á sjávarafurðir munu þó yfirleitt ekki fara yfir 15%, þannig að samanlögð lán út á sjávarafurðir fari yfirleitt ekki yfir 70%. En það hefur nú jafnvel heyrzt stundum, að það vanti á, að öll fyrirtæki, sem með sjávarafurðir eru, komist upp í þessa prósentu, viðbótarlán viðskiptabankanna út á landbúnaðarafurðir fari eftir mati þeirra hverju sinni, þannig að hvert fyrirtæki, hvort sem það stundar sjávarútveg eða landbúnað, verður að semja við viðskiptabankana um viðbótarlánin.

Eg hygg að fenginni þessari skýrslu frá Seðlabankanum um seðlabankalánin, að þá verði ekki lengur um það deilt, að þar hafi verið jafnrétti fram til þessa og að prósenta landbúnaðarins á árinu 1960 og 1961 er þó aðeins hærri. Um hitt geta menn e. t. v. frekar deilt, af því að það liggur ekki eins ljóst fyrir.

Ég er innilega sammála hv. fyrirspyrjanda um það, að ég tel alveg nauðsynlegt, að bændunum verði borgað út allt að 70% eða a. m. k. ⅔, eins og verið hefur þar, sem ég hef þekkt til nú um áratugi. Þar hefur það verið venjan að borga ⅔. Nú hef ég verið að leitast við að kynna mér, hvernig þetta hefur verið í framkvæmdinni síðustu árin. Og þá er spurningin þessi: Hafa fyrirtæki, sláturfélög og kaupfélög, sláturleyfishafar, kaupmenn, sem verzla með landbúnaðarafurðir, hafa þau dregið útborgunina lengur til bænda síðustu árin en áður var eða hefur verið borguð út lægri prósenta síðustu árin en áður hefur verið? Ég hef leitað með logandi ljósi hringinn í kringum landið, og svarið er: Útborgunin hefur ekki verið lækkuð að prósentutölu, og hún hefur ekki farið seinna fram en venjulega. Ég hygg, að þetta sé út af fyrir sig nokkurt svar við því, hvort dregið hefur verið úr útlánum út á landbúnaðarafurðir frá því, sem verið hefur. Einhvers staðar frá hafa fyrirtækin fengið peningana til þess að geta borgað sömu prósentu og áður, ekki lægri prósentu og ekki seinna en áður. Og um stórt fyrirtæki hef ég heyrt, að það hafi snemma í haust ákveðið að greiða 27 kr. út á hvert kg af kjöti strax, áður en það fékk nokkurt afurðalán. Er það vitanlega gleðilegt, að við skulum þó eiga svo stöndugt fyrirtæki í landinu, sem hefur getað þetta, og viðskiptamenn þess fyrirtækis njóta nú góðs af því. Og það er áreiðanlegt, að það væri æskilegast, að þannig sé hægt að borga sem mest strax að haustinu út á afurðirnar, því að ég er því innilega hlynntur. Og ég held, að þessir bankastjórar, sem hafa með þessi mál að gera, viti alveg minn vilja í þessu og ríkisstj. hvað þetta snertir. Ég hygg því, að á þessu hausti verði veitt fyrirgreiðsla úr bönkunum ekki lakari en verið hefur, þannig að kaupmenn, kaupfélög, verzlunarfélög og þau fyrir-

tæki, sem verzla með þessar afurðir, þurfi ekki að lækka útborgunina eða draga hana lengur en verið hefur, ekki í krónum, heldur hlutfallslega miðað við aukið magn og hækkun á verðinu.

Það er þetta, sem hlýtur að koma í ljós núna næstu daga, því að nú er 1. nóv. á morgun og lán út á haustafurðirnar eru miðuð við birgðir 1. nóv. þessa árs. Og bændum er venjulega borgað út í nóvember og stundum ekki fyrr en í desember. Það er þess vegna eðlilegur tími, má segja, að spyrja um þetta nú. Að svo miklu leyti sem það snertir landbrh. beint, er mér mjög ljúft að svara þessu. Ég hef kynnt mér þetta einmitt í tilefni af samþykkt stéttarsambandsfundarins, en lánin verða veitt núna næstu daga úr bönkunum. Ég hef það eftir viðtölum við bankastjóra Seðlabankans, að þeir reikna með að lána 55% úr Seðlabankanum, eins og lánað er út á sjávarafurðir, og ég veit um góðan vilja bankastjóra viðskiptabankanna að greiða úr þessu máli.

Ég hef í rauninni ekki meira um þetta að segja að sinni. En ef eitthvað kæmi nýtt fram frekar í umr., þá er vitanlega sjálfsagt að taka til athugunar, hvort þörf er fleiri skýringa, en ég ætla, að þetta sé nægilegt svar við fsp.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann gaf hér. En sú breyting, sem mér skilst að sé orðin á þessum hlutum frá því, sem verið hefur, er sú, að viðbótarlánin frá Seðlabankanum eigi að nema það miklu, að prósentan haldist frá því, sem var í fyrra, þannig að það eigi að lána út á verðhækkunina og framleiðsluaukninguna, að það sé þegar ákveðið, að prósentan haldi sér, þessi 55%. Þá skilst mér enn fremur, að ósamið sé um viðbótina. Vera má, og ég efast ekkert um það, að hæstv. ráðh. hefur farið rétt með það, að ýmis fyrirtæki, sláturfélög og jafnvel sum kaupfélög og fleiri aðilar, hafi átt þess kost sums staðar að fá viðbótarlán án milligöngu nokkurra sérstakra aðila. En almennt, þegar litið er á þessa félagsstarfsemi bændanna í landinu, hygg ég, að flest fyrirtækin hafi ekki greiðan aðgang að viðskiptabönkum eða sparisjóðum, sem geti innt þetta hlutverk af hendi, þótt frá því séu að vísu undantekningar. Þá skilst mér, að til þess að fullnægt sé því, sem bændur telja lágmarkskröfu sína um 70%, vanti 80—100 millj., til þess að þessum lánum sé fullnægt út á framleiðsluna nú eftir mánaðamótin, miðað við þær horfur, sem eru með framleiðslumagnið um þessi mánaðamót. Og ég vænti þess fastlega, að hæstv. ráðh. haldi sínum viðtölum áfram við viðskiptabankana og þá aðila, sem ráða þeim málum, og að þetta mál leysist á rausnarlegri hátt en verið hefur á undanförnum árum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi taldi, að það vantaði allt að 100 millj. kr., til þess að það væri hægt að lána allt að 70% út á verðmæti landbúnaðarafurða að þessu sinni. Það hef ég ekki reiknað út og taldi mig ekki heldur hafa nefnt hjá þeim bankastjórum, sem ég hef talað við. Eins og ég sagði áðan, þá hef ég ekki talið það neitt eftir mér að ræða við bankastjórana, og bankamálaráðherra var einu sinni með mér á þeim fundi. Við gerðum það til þess að láta bankastjórana vita um vilja ríkisstj. í þessu efni, en höfum vitanlega ekki enn sem komið er tekið að okkur að semja fyrir hvert fyrirtæki um lán. Það er nú þannig með sjávarútveginn, að það verður hvert fyrirtæki, sem við sjávarútveg fæst, að semja fyrir sig við viðskiptabanka um viðbótarlán, og eins og ég sagði áðan, þó að flest þessi fyrirtæki muni hafa komizt upp í 15% viðbótarlán, þá eru það ekki öll. Það er eins og segir í skýrslu bankans, sem ég las upp áðan, það eru engar fastar reglur um þetta. En ég vænti þess, að bankastjórarnir hafi góðan skilning á þörfum landbúnaðarins og séu honum hlynntir. En ég býst við, að þeir ætlist til, að hvert fyrirtæki komi til þeirra og semji um sín mál, en ekki að landbrh. hafi þar milligöngu.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að ég vænti þess, að útborgun til bænda verði a. m. k. ekki lægri en hún var í fyrra, og þá mun hún hafa verið frá 67% og jafnvel upp í 80%, og að þetta geti haldizt þrátt fyrir aukningu á magni og hækkun á verðinu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem kom fram frá hæstv. landbrh. Eins og menn vita, var sú regla sett af ríkisstj. 1960, að Seðlabankinn skyldi ekki endurkaupa hærri heildarfjárhæð af afurðavíxlum landbúnaðarins en áður hafði verið gert 1959. Og þetta var náttúrlega mjög hættulegt ákvæði fyrir landbúnaðinn, og menn hafa verið afar óánægðir með það, vegna þess að verðið hefur farið hækkandi, eins og önnur dýrtíð hefur vaxið í landinu, og framleiðslan hefur aukizt. Og þá hlaut náttúrlega þessi regla að verða til þess, að tiltölulega minna yrði lánað ár frá ári úr sjálfum Seðlabankanum, endurkaupin á afurðavíxlum landbúnaðarins yrðu raunverulega minni ár frá ári. Horfði mjög geigvænlega í þessu efni, eins og hefur nú komið fram af því, sem hv. fyrirspyrjandi upplýsti, þar sem þeir, sem kunnugastir eru tölum í þessu tilliti, gerðu ráð fyrir, að endurkaupin færu niður fyrir 50%, ef þessari reglu væri haldið í gildi. Það má þess vegna telja nokkurn árangur af því, sem unnið hefur verið í þessu máli, að nú hefur komið fram yfirlýsing frá hæstv. landbrh. um það, að endurkaupin á afurðavíxlunum verði sem svarar 55% á þessu hausti út á birgðir landbúnaðarafurða, og hlýtur það að þýða, að þetta hámarksákvæði hafi verið fellt úr gildi.

En þá er það þetta, sem hér hefur nokkuð borizt í tal á milli hæstv. ráðh. og hv. fyrirspyrjanda, að málið er ekki komið í höfn með þessu, vegna þess að ríkisstj. hefur látið

Seðlabankann minnka endurkaup á afurðavíxlum yfirleitt, þannig að í staðinn fyrir að áður voru endurkeypt 67%, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði, þá er nú í haust fyrirhugað, að því er manni skilst, að endurkaupa 55% í landbúnaði og þá sennilega svipað í sjávarútvegi, eins og líka var í fyrra. En þessi minnkuðu endurkaup og minnkuðu afurðalán úr Seðlabankanum hafa orðið framleiðslunni dýr, og skal ég ekki fara út í það hér, en sjávarútvegurinn hefur þó fengið þá úrlausn, og þó að hæstv. ráðh. vilji ekki segja, að það hafi verið alveg föst regla, þá er það næst því rétta að segja, að það hafi verið nær undantekningarlaust bætt við lánin 15% til sjávarútvegsins af viðskiptabönkunum, þannig að alls hafi verið lánað út á afurðirnar um 70%. Það er þetta, sem landbúnaðurinn hefur farið fram á, en mér skilst hæstv. ráðh. hafi ekki enn þá gert svo mikla gangskör að, að upp hafi verið tekin nokkur regla um það í bönkunum. Hann segir, að því er mér skilst, að stjórnin vilji láta gera þetta. Ég skil hæstv. ráðh. svo, að stjórnin vilji láta gera þetta og hún hafi lýst þessu yfir við viðskiptabankana, og verður þá að búast við því, að það hafi úrslitaáhrif á viðskiptabankana. Verður því að vænta þess, að viðskiptabankarnir fari nú inn á þá braut að afgreiða þessi viðbótarafurðalán frá sér til landbúnaðarins yfirleitt eftir sömu reglu og gert hefur verið til sjávarútvegsins. Ég vil í lengstu lög álíta, að þar sem hæstv. ráðh. hefur þrýst á viðskiptabankana í þessu efni, dugi það til þess, að þetta verði gert.

Hæstv. ráðh. segir, að kannske sé ekki þörf á því að gera þetta alls staðar, vegna þess að bændur hafi fengið álíka mikla útborgun undanfarið og áður, þó að minna hafi verið lánað út á afurðirnar. En hæstv. ráðh. getur auðvitað ekki notað þetta sem mælikvarða á ástandið, það veit ég, að honum er ákaflega vel ljóst. Það er vegna þess, að mörg af þeim fyrirtækjum, sem hér eiga hlut að máli og fjalla um afurðir bændanna, verða, eins og nú er ástatt, að taka sér til stórbaga af öðru rekstrarfé til að borga út á afurðirnar, vegna þess, hve afurðalánin hafa verið klipin við nögl frá því, sem áður var. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. er vel ljóst, þannig að þetta rekur allt í strand. Það hlýtur að reka í strand með þessi mál, nema því aðeins að nú rætist verulega úr í þessum lánamálum.

Ég vil sem sagt vona, að þetta, sem hæstv. ráðh. upplýsir, að ríkisstj. hafi þrýst líka á viðskiptabankana, verði til þess, að það fáist í framkvæmdinni hliðstæð úrlausn fyrir landbúnaðinn og fyrir sjávarútveginn.

4. Fiskveiðar með netjum.

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var útbýtt:
Fsp. til sjútvmrh. varðandi skipulagningu fiskveiða með netjum [82. mál, 1] (A. 101).

Á 10. fundi í Sþ., 8. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 14. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 101 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvmrh. varðandi skipulagningu á fiskveiðum með netjum. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd þeirrar þál., er Alþingi samþ. 15. febr. 1961, um skipulagningu fiskveiða með netjum?“

En umrædd þál. var svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa setningu reglna um takmörkun á veiðitíma, veiðarfæranotkun og veiðisvæðum þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Við þann undirbúning verði haft samráð við fiskmatsráð, Fiskifélag Íslands, fiskideild atvinnudeildar háskólans og samtök útvegsmanna og sjómanna. Ef í ljós kemur, að lagasetningar þurfi um þetta efni, verði frv. þar að lútandi lagt fyrir Alþingi.“

Með þessari ályktun var það einkum tvennt, sem öðru fremur vakti fyrir flm. Annars vegar, að komið yrði í veg fyrir þá óhófseyðslu og notkun, sem nú á sér stað í sambandi við þorskanetjaveiðarnar. En þær hafa nú hin síðari ár stóraukizt og hefur netjanotkunin í sumum tilfellum gengið svo úr hófi fram, að mörg dæmi eru til þess, að skipshafnir bátanna hafa ekki komizt yfir að draga allar þær netjatrossur, sem í sjónum hafa verið, daglega. Með þeirri þróun hafa gæði fisksins farið versnandi, og getur það hvenær sem er, ef ekki verður rönd við reist, leitt til hinna alvarlegustu afleiðinga.

Það er augljóst mál, að í þeirri hörðu samkeppni, sem Íslendingar verða að heyja í erlendum viðskiptalöndum fyrir síaukinni framleiðslu sjávarafurða, skiptir það miklu máli að geta boðið fyrsta flokks vöru. Því miður er hér mikil hætta á ferðum. Sá fiskur, sem orðinn er 2—3 nátta, þegar fiskurinn hefur legið 2—3 sólarhringa dauður í netjunum, getur aldrei verið fyrsta flokks hráefni. Og eftir því sem sá hlutur aflans verður stærri, er hættara við, að illa geti farið. Það er skoðun margra fiskimanna, að svo geti farið, ef veiðarnar verða háðar í framtíðinni svo sem verið hefur, algerlega skipulagslaust, bæði hvað tímabil og veiðisvæði snertir, þá verði gengið svo nærri fiskistofninum, að um alvarlega hættu geti verið að ræða. Þar skiptir mestu máli tímabilið, sem þorskurinn hrygnir á, og

svo hins vegar skipta máli sjálfar hrygningarstöðvarnar.

Þá vil ég að lokum geta þess, að án þess að einhver afmörkun netjasvæðanna eigi sér stað á milli netja- og línuveiða, fer ekki hjá því, að línuveiðarnar muni að mestu leyti leggjast niður, a. m. k. hér í Faxaflóa.

Af því, sem ég hef nú sagt, hef ég leyft mér að spyrjast fyrir um það, hvað nú líði framkvæmd þeirrar þál., sem Alþingi samþykkti um skipulagningu fiskveiða með netjum.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér er spurt um framkvæmd á, var samþykkt á Alþingi 15. febr. 1961. Hinn 25. febr. var hún send Fiskifélagi Íslands til athugunar og fyrirgreiðslu í sambandi við og í samráði við þá aðila, sem í till. eru nefndir. Með bréfi 27. febr., ætla ég, að það sé, 1962, gerir Fiskifélagið grein fyrir, hvernig málið standi, segir, að skoðanir þessara aðila, sem til hafi verið leitað, séu mjög skiptar og Landssamband ísl. útvegsmanna telji, að ekki sé rétt að gera neitt nú, eins og skoðanir manna séu á málinu. Rn. fól þá Fiskifélaginu að halda þessum athugunum sínum áfram og freista þess að ná samkomulagi við aðila.

Frá Fiskifélaginu hef ég nú fengið grg., sem ég tel rétt að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, því að hún skýrir málið mjög rækilega. Bréf Fiskifélagsins er svo hljóðandi:

„Undanfarin ár hefur sú breyting á veiðum vélbátaflotans orðið, að veiðar með þorskanetjum hafa farið mjög vaxandi, en hins vegar hafa línuveiðar dregizt saman að sama skapi. Hefur þetta leitt til þess, að á vissum svæðum hafa línubátar verið útilokaðir frá því að stunda veiðar og því orðið að skipta um yfir á netjaveiðar. Með tilkomu netja úr gerviefnum hefur veiðihæfni þeirra aukizt til muna. Vaxandi aflavon á netjaveiðunum er meginorsök þessara breytinga. Sú skoðun er hins vegar almenn, að gæði þess fisks, sem veiðist í net, séu að jafnaði mun rýrari en línufisks. Af þessu hefur verið talið miður farið, að sú breyting hefur á orðið, sem að ofan getur.

Undanfarin ár hafa þær raddir orðið háværari, sem talið hafa nauðsynlegt, að gerðar væru af hálfu hins opinbera ráðstafanir í því skyni að ýta undir aukningu línuveiðanna, en draga úr netjaveiðunum. Till., sem samþ. var á Alþingi síðari hluta vetrar 1961 og spurt er um framkvæmd á nú, gengur í þá átt. Á fyrra ári var hafinn undirbúningur samkv. ákvæðum till. og Fiskifélagi Íslands falið að gera tillögur um reglur samkv. því, sem segir í till., og jafnframt að hafa samráð við þá aðila, sem í till. eru nefndir. Auk þess að hafa samráð við fyrrgreinda aðila, var rætt við fjölmarga fulltrúa skipstjóra og útvegsmanna úr nær öllum veiðistöðvum á því svæði, þar sem þorskanetjaveiðar eru stundaðar. Í ljós kom við þessar athuganir, að skoðanir manna á nauðsyn ráðstafana samkv. till. voru afar skiptar, enda hér tvímælalaust um að ræða mjög viðkvæmt hagsmunamál, þar sem er takmörkun á notkun ákveðins veiðarfæris.

Niðurstaða af þessum athugunum varð sú, að ákveðið var að senda þeim aðilum, sem till. nefnir, til athugunar þau atriði, sem viðræður höfðu leitt í ljós að hugsanlegt væri að setja reglur um. En þessi atriði voru: 1) Lagning þorskanetja utan 100 m dýptarlínu skyldi ekki heimil fyrr en 10. marz austan Reykjaness. 2) Á nánar afmörkuðu svæði á milli Reykjanesvita og Garðskagavita skyldi með öllu óheimilt að leggja þorskanet, þannig átti að tryggja línubátum friðland. Var hér einnig miðað við 100 m dýptarlínu. 3) Þar fyrir norðan skyldi ekki heimilt að leggja net utan 100 m línu fyrr en 25. marz. 4) Óheimilt skyldi að leggja net á meira en 180 m dýpi. 5) Engum fiskibát skyldi heimilt að hafa meira en 90 net liggjandi í sjó í einu.

Voru þessi atriði send til athugunar öllum fyrrgreindum aðilum. Svörin, sem bárust, sýndu eftirfarandi: Enginn aðilanna nema fiskmatsráð taldi sig geta fallizt á þessi atriði óbreytt, en þó voru Sjómannasambandið og Alþýðusambandið samþykk þeim í meginatriðum. Hins vegar kom í ljós, að ágreiningur var mjög mikill innan félaga útvegsmanna og skipstjórnarmanna. Í langflestum tilfellum höfnuðu þessir aðilar með öllu þeim hugmyndum, sem fram voru settar, án þess að benda á nokkuð, er gæti komið í staðinn.

Hér er, eins og áður segir, um mjög viðkvæmt hagsmunamál að ræða, sem snertir á einn eða annan hátt meginhluta vélbátaflotans á vetrarvertíð, og það væri óhyggilegt af ríkisvaldinu að setja reglur eins og þær, sem hér um ræðir, nema tryggt væri fyrir fram, að a. m. k. verulegur meiri hl. þeirra aðila, sem eiga að hlíta þeim, væri þeim ekki beinlínis andvígur, vegna þess að menn teldu, að með þeim væri gengið óhóflega á hagsmuni þeirra. Með tilliti til þessa hefur þótt rétt að rasa hér ekki um ráð fram, heldur freista þess að finna þá lausn á þessu vandamáli, sem nyti stuðnings sem flestra þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. Með tilliti til þessa var Fiskifélaginu, þegar niðurstöður fyrrgreindra atriða lágu fyrir á s. l. vetri, enn falið að kanna þetta mál og gera tillögur um það. Hafa enn á ný farið fram viðræður við ýmsa þá aðila, sem hér koma mest við sögu, og munu bráðlega liggja fyrir niðurstöðurnar af þeim viðræðum."

Þetta er skýrsla Fiskifélagsins um málið, og ég hef raunar litlu við hana að bæta. Endanlegar till. frá því munu væntanlegar innan tíðar, eins og segir í bréfinu, og fiskimálastjóri leggur á það áherzlu, að það sé ekki rétt að rasa svo um ráð fram, að settar verði um þetta reglur, nema því aðeins að a. m. k. verulegur meiri hl. þeirra aðila, sem eiga að hlíta reglunum, yrði þeim ekki beinlínis andvígur, og ég er Fiskifélaginu sammála um þetta.

Fyrirspyrjandi (Jón Árnason): Herra forseti. Ég vil færa hæstv. sjútvmrh. þakkir fyrir greinargóð svör. Eins og fram kom í skýrslu frá Fiskifélaginu, hefur sú þróun orðið nú hin síðari ár, að nælonnetin hafa verið notuð í æ ríkari mæli nú. Hin fullkomnu fiskileitartæki, sem nú eru komin til sögunnar, auk þess sem um ræðir þessi veiðnu fiskitæki, nælonnetin, hafa leitt til þess, að segja má, að fiskurinn eigi nú hvergi griðland. Þessum veiðnu netjum er dengt niður á hrygningarstöðvarnar um hrygningartímann, og það eitt út af fyrir sig segir sig sjálft, hvaða afleiðingar slíkt hlýtur að hafa í för með sér í framtíðinni. Hér verður að spyrna við fótum, áður en það verður um seinan.

Ráðh. upplýsti, að það væru væntanlegar frekari till. frá Fiskifélagi Íslands um þetta mál, og vænti ég, að það þurfi ekki lengi að bíða eftir þeim till., vegna þess að það er nauðsynlegt, að einmitt á þessum tíma liggi eitthvað fyrir um, hvað ætlazt er fyrir í þessum efnum, því að nú fer í hönd sá tími, sem útgerðarmenn verða að gera það upp við sig, á hvern hátt þeir ætla að stunda veiðarnar á komandi vertíð, og ef það verður eins og aðstaða hefur verið til veiðanna nú hin síðari ár, þá er vart um annað að ræða en leggja línuveiðarnar niður, eins og ég sagði áðan, hér í Faxaflóa, því að það er tilgangslaust að leggja línuna yfir þorskanetjatrossurnar, það hefur þær afleiðingar, að línan er á floti og fæst þá ekkert á línuna.

Ég er þeirrar skoðunar, að enda þótt sú niðurstaða liggi nú fyrir af þeim viðræðum, sem fram hafa farið um þessi mál, að ekki hefur fengizt samstaða um skynsamlegt skipulag í þessum efnum, þá verði að vinna ötullega að því, að þeir samningar náist og að þessum málum verði stefnt inn á skynsamlega braut.

5. Virkjun Jökulsár á Fjöllum o. fl.

Á 9. fundi í Sþ., 7. nóv., var útbýtt:

Fsp. til raforkumrh. um rannsókn á virkjunarskilyrðum Jökulsár á Fjöllum o. fl. [82. mál, 2] (A. 101).

Á 10. fundi í Sþ., 8. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 14. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hinn 22. marz 1961 samþykkti Alþingi shlj. þál. um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju. Sú till. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi.“

Að flutningi þessarar till. stóðu allir alþm. úr Norðurlandskjördæmi eystra. Mikill áhugi er fyrir því norðan- og austanlands, að Jökulsá á Fjöllum verði virkjuð, og mun það öllum þingheimi kunnugt. Líta menn þar á virkjun Jökulsár sem þýðingarmikið jafnvægismál fyrir byggð landsins. Telja menn með sterkum rökum, að vegna nauðsynlegs byggðajafnvægis eigi Jökulsá á Fjöllum, ef framkvæmanlegt er, að verða fyrsta virkjun til stóriðju hérlendis.

Hinn 8. júlí í sumar sem leið komu saman á Akureyri fulltrúar frá flestum bæjar- og sýslufélögum norðanlands og austanlands. Einnig voru þar mættir flestir þm. úr þessum landshlutum. Umræðuefni fundarins var virkjun Jökulsár á Fjöllum. Á fundinum mættu einnig samkv. ósk fundarboðenda til frædilegra upplýsinga fyrir fundinn Jakob Gíslason raforkumálastjóri og Jóhannes Nordal bankastjóri, formaður stóriðjunefndar. Þessi fundur samþykkti einróma að loknum ýtarlegum umr. till. þá, sem ég hér vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur fulltrúa frá sýslunefndum og bæjarstjórnum á Norður- og Austurlandi, þar sem einnig eru mættir alþm. þessara landsfjórðunga, haldinn á Akureyri 8. júlí 1962, lýsir yfir því, að hann treystir því og leggur á það ríka áherzlu, að framkvæmdur verði á þessu ári yfirlýstur vilji Alþingis samkv. þál. 22. marz 1961, þar sem skorað var á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi. Krefst fundurinn þess, að framkvæmd þingviljans, sem kemur fram í þáltill., verði látin sitja fyrir undirbúningsathöfnum annars staðar af sama tagi, enda verði ekki tekin ákvörðun um staðsetningu stórvirkjunar í landinu fyrr en þessar áætlanir eru fullgerðar.

Enn fremur leggur fundurinn ríka áherzlu á eftirfarandi:

Að það er þjóðarnauðsyn að beizla sem fyrst fallvötn landsins til eflingar útflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Að það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að hugsanleg stóriðjuver leiði ekki til enn meira ósamræmis í atvinnu- og framleiðsluaðstöðu einstakra landshluta, heldur verði til þess að jafna aðstöðu þeirra. Jafnframt telur fundurinn nauðsynlegt, að fram fari ýtarleg sérfræðileg athugun á því, hver áhrif slík stórvirkjun og stóriðja tengd henni mundi hafa á þróun þeirra atvinnugreina, sem fyrir eru í landinu.

Að virkjun Jökulsár á Fjöllum og bygging

iðjuvera til hagnýtingar þeirrar orku er í senn hin mikilvægasta ráðstöfun til atvinnu- og framleiðsluaukningar í landinu og áhrifamikið úrræði til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Að virkjun Jökulsár mundi jafnframt fullnægja raforkuþörf Norðurlands og Austurlands og verða ómetanleg lyftistöng fyrir ýmiss konar iðnað og framleiðslu, sem þarfnast raforku.

Að bráðabirgðarannsóknir hafa ótvírætt bent til þess, að umrædd virkjun geti veitt raforku til stóriðju á samkeppnisfæru verði.

Að jafnframt stóriðju kemur til greina útflutningur á raforku byggður á stórvirkjun Jökulsár á Fjöllum.

Fundurinn skorar á Alþingi og ríkisstj. að taka til greina í þessu stórmáli rök þau, er fram koma í ályktun þessari. Samhliða heitir fundurinn á fólk allt á Norður- og Austurlandi að mynda órjúfandi samstöðu í þessu máli og fylgja því fram til sigurs með fullri einurð og atorku. Fundurinn ákveður að fela bæjarstjóra Akureyrar og sýslumanni Þingeyjarsýslu að vinna með undirbúningsnefnd fundarins að framkvæmd þessarar ályktunar."

Við þrír, hv. 2. þm. Norðurl. e., Jónas G. Rafnar, og hv. 5. þm. sama kjördæmis, Björn Jónsson, og ég, sem berum fram fsp. þá, sem hér er til umr., vorum meðal þeirra, sem Akureyrarfundurinn fól að vinna að framkvæmd ályktunar sinnar. Við spyrjum því í raun og veru í umboði allra þeirra, sem að þeim fundi stóðu. Spurningarnar eru miðaðar við að fá upplýst, hvað líður verkum þeim, sem Alþingi 22. marz 1961 skoraði á ríkisstj. að láta vinna til undirbúnings virkjunar Jökulsár á Fjöllum, hve miklu hefur verið til þeirra undirbúningsstarfa kostað og hve miklu fé hefur verið varið síðan þá til sams konar rannsókna og áætlunargerða vegna einstakra vatnsfalla annarra, svo að í ljós geti komið, hvort annað hefur verið látið sitja fyrir eða ekki í kostnaði. Einnig er sérstaklega um það spurt, hvort rannsókn hefur verið gerð um útflutningshöfn fyrir vöru framleidda við rafmagn frá Jökulsá. Um það er sérstaklega spurt, vegna þess að samkv. upplýsingum, sem fram komu á Akureyrarfundinum, virtist það stóra atriði algerlega vera ágizkunarefni og tekin í útreikninga mesta fjarlægð, sem gat til greina komið milli virkjunar og hafnarstaða.

Ég leyfi mér að vænta fróðlegra svara og ábyggilegra.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fsp. sú, sem hér um ræðir, er í fjórum liðum, og hefur hv. fyrsti fyrirspyrjandi lesið fsp. upp, og er því óþarfi að endurtaka þær hér. En það er rétt að hafa það í huga, að þegar rætt er um að virkja stórvirkjun með það fyrir augum að koma á stóriðju, þá er þetta mjög kostnaðarsamt, og til þess að finna það bezta út, sem við höfum, verður að rannsaka þau vatnsföll, sem til greina koma, til þess að fá réttan og hagstæðan samanburð. Og þau vatnsföll, sem helzt koma til greina til stórvirkjunar, það er Jökulsá á Fjöllum, það er Þjórsá og það er Hvítá í Árnessýslu. Ég mun leitast við að svara þessari fsp. og styðst þá vitanlega við þær upplýsingar, sem raforkumálastjóri hefur látið mér í té. Vænti ég, að þau svör verði fullnægjandi og sýni það, að till. sú, sem borin var fram hér og samþ. á Alþ., hefur verið tekin til greina og árangur fengizt af því.

Það er langt síðan Jökulsá á Fjöllum varð fyrir augum manna sem heppilegt vatnsfall til stórvirkjana á íslenzkan mælikvarða. Þetta er mikið vatnsfall og vatnsrennslið er jafnara allt árið um kring en í flestum öðrum jökulám eða dragám landsins. En augljóslega er það þó fallið kringum Dettifoss, sem bezt liggur við til virkjunar. Allra fyrstu mælingar fyrir virkjun við Dettifoss voru framkvæmdar þegar á árunum 1915—1920, er Guðmundur Hlíðdal póst- og símamálastjóri mældi þar fyrir þau firmu, er þá höfðu á hendi vatnsréttindi árinnar. Kringum 1955 gerði Sigurður Thoroddsen á vegum raforkumálaskrifstofunnar áætlun um fullvirkjun Jökulsár og taldi þá, að aðalfalli árinnar yrði að skipta í tvennt: fall frá Selfossbrún og niður fyrir Hafragilsfoss annars vegar og hins vegar það, sem þá var eftir, allt niður fyrir eða niður að Löndum í Axarfirði. Smávirkjun væri þó auk þess hægt að gera upp við Möðrudal. Sigurður miðaði áætlun sína við mjög háa stíflu og á þann hátt fulla miðlun og taldi, að virkja mætti í ánni ½ millj. kwst. á ári, meðalári. Árið 1957 var svo að tilhlutan þáv. raforkumrh. leitað til ameríska firmans Harza Engineering Company til að fá þá til að gera nánari áætlun um virkjun í Jökulsá í samvinnu við íslenzka verkfræðinga með það fyrir augum að ákveða með meiri nákvæmni en enn hafði fengizt, á hvaða verði unnt væri að bjóða stóriðju raforku úr Jökulsárvirkjun eða úr svipuðum stórvirkjunum hérlendis. Til að fá fram örugga áætlun á skömmum tíma var það ráð tekið að áætla í fyrstu virkjunartilhögun, sem ekki byggist á háum stíflum og mikilli miðlun, heldur væri miðað við minnsta rennsli árinnar eða lítið eitt þar fram yfir. Þá væri hægt að komast af með lægri og mun ódýrari stíflur og í bili hægt að komast hjá tímafrekum rannsóknum, sem gera þurfti, ef áætlun fylgdu stórar vatnsuppistöður, sem breiddu sig yfir mikið landflæmi. Með því að hafa samvinnu við þetta heimsþekkta verkfræðifirma vannst það, að erlendir bankar, svo og erlend iðjufyrirtæki, mundu treysta tölum áætlunar, en hætt við, að þessir aðilar mundu ekki vilja láta sér nægja áætlanir gerðar af íslenzkum verkfræðingum einum. Niðurstöður þessara áætlana voru þær, að á þennan hátt mátti fá í Dettifoss-fallinu rúmlega 100 þús. kw. og álíka mikið í neðri hluta fallsins. Virkjunarkostnaður við Dettifoss var mjög lágur og orka þeirrar virkjunar því mjög ódýr, en virkjun

neðra hluta fallsins, þar sem vegalengd vatnsvega var mörgum sinnum meiri en upp frá, var miklu meiri og orkan til muna dýrari.

Síðan þessar áætlanir voru gerðar, hefur átt sér stað nánari athugun á skilyrðum til þess að koma upp alúmíníumverksmiðju hér á landi. Í þeim athugunum hefur komið skýrar fram ýmislegt varðandi stærð verksmiðja, aflþörf þeirra og rekstrarskilyrði. Í sambandi við þær athuganir hefur nú verið unnið að rannsóknum og áætlanagerð um virkjunarmöguleika til að fullnægja aflþörf slíkra verksmiðja eða verksmiðju. Þessar rannsóknir hafa farið fram samtímis í þremur ám: Jökulsá á Fjöllum, Þjórsá og Hvítá í Árnessýslu. Í Jökulsá er það Dettifossvirkjun, sem kemur til greina í þessu sambandi, Þjórsárvirkjun við Búrfell, og í Hvítá voru athugaðar Tungufellsvirkjun og Sandárversvirkjun uppi undir Bláfelli.

Af þessum fjórum virkjunarstöðum er Búrfellsfallið langstærsti og aflmesti virkjunarstaðurinn, en jafnframt er hann vegna staðhátta og frá jarðfræðilegu sjónarmiði erfiðastur í rannsókn. Það þótti t. d. ekki fært annað en að gera löng jarðgöng inn í fjallið til rannsóknar á jarðlögum, þar sem virkjunarmannvirkin eiga að vera. En á hinum stöðunum hefur verið talið nægilegt auk þeirra athugana, sem hægt er að gera í hinum djúpu gljúfrum, bæði við Dettifoss og við Gullfoss, að framkvæma jarðboranir og taka sýnishorn af jarðlögunum á ýmsum stöðum. Allmiklar jarðboranir hafa farið fram á öllum þessum stöðum, en þó minnst við Tungufell, enda útlit fyrir, að virkjunarkostnaður þar verði meiri á hverja afleiningu en við Jökulsá eða Búrfell. Þessar síðari rannsóknir, sem hér hafa verið nefndar, hafa kostað u. þ. b. 4 millj. kr. Við Dettifoss hafði áður verið varið um það bil 3 millj. kr. til rannsókna og áætlana, en svo til engu við Búrfell. Rannsóknir og áætlanir við Tungufell og Sandárver hafa kostað til muna minna en við Jökulsá. Af þeim 4 millj. kr., sem varið hefur verið til rannsókna og áætlana við Jökulsá á s. l. 2 árum, eru 2 millj. kr. erlendur kostnaður og 6 millj. kr. af þeim 18 millj., sem til Búrfells hafa farið. Þessi erlendi kostnaður er greiðsla til fyrrnefnds bandarísks verkfræðifyrirtækis fyrir áætlanir þess og sérfræðirannsóknir.

Þess ber að geta í þessu sambandi, að rannsóknirnar við Búrfell ná til umfangsmeiri virkjana en við Dettifoss, vegna þess að reiknað er með, að jafnframt því að virkja á þessum stað til alúmíníumvinnslu verði stöðin og virkjunin höfð svo miklu stærri en verksmiðjan þarf á að halda, að hún geti jafnframt séð fyrir þeirri aukningu á eftirspurn rafmagns til almenningsnota, sem fyrirsjáanleg er á næstu árum. Þarna er því verið að gera áætlun um 150—180 þús. kw. virkjun, en við það bætist svo, að jafnframt er áætluð minni virkjun eða aðeins 60 þús. kw., ef hugsanlegt væri, að slíka virkjun mætti gera til almenningsnota eingöngu, ef ekkert yrði úr því að reisa hér alúmíníumverksmiðju eða verksmiðja yrði reist í öðrum landshluta. Norðanlands við Dettifoss yrði ekki um slíka smávirkjun til að fullnægja almenningsþörfum að ræða vegna þess, hve lítil almenningsnotkunin er, og virkjun handa alúmíníumverksmiðju yrði þá einnig að sama skapi minni þar en við Búrfell, ekki nema 100—140 þús. kw.

Til sérstakra rannsókna og áætlana á öðrum virkjunarstöðum en Dettifossi og Búrfelli hefur verið varið 10 millj. kr.

Að því er tekur til athugana, sem gerðar hafa verið varðandi útflutningshöfn eða hafnir fyrir alúmíníum eða aðrar vörur, sem yrðu unnar í stóriðju eða við stórvirkjanir, skal tekið fram: Sunnanlands hafa komið til greina staðirnir Þorlákshöfn annars vegar og nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hins vegar. En norðanlands er í rauninni meira vafamál, hvar staðsetja ætti alúmíníumverksmiðju, og hefur í því sambandi augum verið rennt yfir land- og sjókort allt frá Eyjafirði og austur á Seyðisfjörð og dregnar fram þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru og hægt var að afla á þessum tíma um hafnarskilyrði á þessum hluta strandlengju landsins. Út frá þeim upplýsingum, sem þannig var hægt að afla, og með tilliti til þeirra hafnar- og landskilyrða, sem alúmíníumverksmiðja krefst, virðist sem Eyjafjörður komi helzt til greina og þá allra helzt svæðið norðan Akureyrar, vestanvert fjarðarins, í námunda við Dagverðareyri.

Hvað snertir samanburð á virkjunarkostnaði Jökulsár annars vegar og við Búrfell í Þjórsá hins vegar, þá er hann ekki tímabær, fyrr en áætlanir liggja fyrir, sem nú er von á í kringum áramótin.

Við það, sem nú hefur verið sagt, má enn bæta því, að rannsóknirnar, jarðboranir, gangagerð og landmælingar, eru nú að enda á þeim stöðum. En eins og áður er sagt, verður áætlunum um virkjanirnar lokið og fullgerðar nú um áramót og þá með þeim fyrirvörum, sem gera þarf vegna óvissu atriðanna. Jafnframt er svo gengið út frá því, að á næsta vori verði rannsóknum, svo sem jarðborunum, haldið áfram til þess að ganga úr skugga um, eftir því sem kostur er, hvort þau jarðfræðilegu atriði, sem óvissa er enn um, eru slík sem gengið er út frá í áætlunargerðinni eða ekki.

Ég vænti svo, að hv. fyrirspyrjendur telji, að þetta svar sé nokkurn veginn í samræmi við það, sem þeir hafa óskað að fá upplýst.

Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég tel skylt að þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Það er ekki gott að átta sig á því til hlítar, hvort svör þessi eru þannig, að hægt sé að álykta fullkomlega út frá þeim, hvernig málum er komið á veg. Ég lít svo á, þegar Alþingi hefur gefið út fyrirmæli, þótt í þál. sé, en ekki lagaformi, að þá sé embættismönnum ríkisins skylt að taka þau fyrir-

mæli til greina. Og þau fyrirmæli, sem Alþingi hefur þannig gefið um þau aðalvötn, sem í rannsókn eru, eru aðeins ein, um það, að hraðað sé virkjunarrannsóknum snertandi Jökulsá á Fjöllum og athugun á því, hvernig horfir við að undirbúa þar virkjun til framleiðslu á útflutningsvörum. Ljóst er af svörum hæstv. ráðh., að meira kapp hefur verið lagt á það að rannsaka sunnanlands. Til þess hefur verið a. m. k. meira fé varið, og okkur, sem erum norður frá, hefur sýnzt, að slaknað hafi mjög á athugunum að því er snertir Jökulsá á Fjöllum upp á síðkastið. En við lítum svo á, að skylt sé, að sú athugun gangi a. m. k. jafnhratt og hinar, helzt á undan, og teljum, að fyrir því séu þau rök, að þingvilji hefur verið út gefinn um það. Ég t. d. harma það, hvað lítil áherzla hefur verið á það lögð að athuga um útflutningshöfn. Enn kemur það fram, eins og á fundinum í sumar, að helzt muni fyrirhugað, að höfn verði vestan Eyjafjarðar, og gert þá ráð fyrir að leggja rafleiðslur yfir fjallvegi og fjörð að þeim útflutningsstað. Til eru t. d. lón í Kelduhverfi við Fjallahöfn, þar sem fyrrv. eigendur Dettifoss höfðu hugsað sér útflutningshöfn. Þeir voru byrjaðir að láta rannsaka skilyrði þar, þegar fyrra stríðið skall á. Og það segja menn, sem fylgdust með þeirri rannsókn, að rannsakendur hafi sagt, að þeim sýndist þar álitleg aðstaða. Þangað er miklu styttra að fara og auðveldari leið. Og ég vil óska þess, að áður en gerður er samanburður til úrslita á milli virkjunaraðstöðu og framleiðsluaðstöðu vegna þeirra virkjana, sem um ræðir hér, fullnaðarsamanburður og til úrslita, þá verði þessi skilyrði rannsökuð. Annars leyfi ég mér að vænta þess, að lögð verði áherzla á rannsókn Jökulsár til hlítar og að við megum treysta því, að það verði ekki slegið neinu föstu um stórvirkjun annars staðar, fyrr en skilyrði í sambandi við Jökulsá eru fullrannsökuð. Og tilgangurinn með fsp. byggist á þeirri hugsun. Við viljum gera kröfu til þess, að þál. frá 22. marz 1961 verði það virt af embættismönnum ríkisins.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mér þykir leiðinlegt, ef þessi svör, sem ég var að leitast við að bera hér fram, hafa ekki verið nógu skýr og glögg. En mér virðist hv. fyrsti fyrirspyrjandi hafa misskilið dálítið, þegar hann talar um að halda áfram sérstaklega rannsóknum á Jökulsá og það hafi verið slakað til þar, en lögð meiri áherzla á rannsóknir í Þjórsá. Það liggur í augum uppi, þegar um það er að ræða að ráðast í stórvirkjun, að þá þarf að athuga hin hagstæðustu skilyrði. Og ásamt íslenzku verkfræðingunum hefur unnið þekkt amerískt firma, sem valið var árið 1957 af þáv. ríkisstj. til þessara rannsókna. Og það er þetta fyrirtæki ásamt íslenzkum verkfræðingum, sem hefur ákveðið, hvernig rannsóknunum skuli hagað. Og það liggur fyrir og það ætla ég, að ég hafi sagt skýrt hér áðan, að þessum rannsóknum er nú lokið að svo miklu leyti, að það megi gera glöggan samanburð, og það er þegar ljóst, að það eru aðeins tveir staðir, þ. e. Þjórsá eða Jökulsá, sem um er að ræða. Hvítá í Árnessýslu hefur þegar verið dæmd úr leik. Það er þetta, sem liggur alveg ljóst fyrir, eins og segir í þeirri skýrslu, sem ég las hér upp áðan.

Hvað snertir samanburð í virkjunarkostnaði Jökulsár annars vegar og við Búrfell í Þjórsá hins vegar, þá er hann ekki tímabær, fyrr en áætlanir liggja fyrir, sem nú er von á í kringum áramótin. Ef þörf hefði verið á að verja meiri fjármunum til rannsókna á Jökulsá til þess að fá svarað þeirri spurningu, hvað virkjunarkostnaðurinn þar verður mikill, þá hefði það verið gert. En að áliti amerísku firmans og íslenzku verkfræðinganna, þá ætla þeir, að það sé ekki þörf á meiri rannsóknum til þess að fá því svarað til fullnustu, sem þarf að fá til þess að ganga úr skugga um, hvort Jökulsá er hagstæðari en t. d. Þjórsá. Og til þess að fá spurningunum svarað við Þjórsá, þurfti að verja þetta miklu fjármagni til þess. (**KK:** Annað skiptir hér líka miklu máli.) Hvað? (**KK:** Það er iðjuver og útflutningsframleiðsla í sambandi við það.) Já, það var einmitt það, sem ég hélt að ég hefði minnzt á líka, ég sagði áðan, að sunnanlands koma til greina staðirnir Þorlákshöfn annars vegar og nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hins vegar. En norðanlands er í rauninni meira vafamál, hvar staðsetja ætti alúmíníumverksmiðju, og hefur í því sambandi augum verið rennt yfir land- og sjókort allt frá Eyjafirði og austur á Seyðisfjörð og dregnar fram þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru og hægt var að afla á þessum tíma um hafnarskilyrði á þessum hluta strandlengju landsins, og enn fremur út frá þeim upplýsingum, sem þannig var hægt að afla og með tilliti til þeirra hafnar- og landsskilyrða, sem alúmíníumverksmiðja krefst, virðist sem Eyjafjörður komi helzt til greina og þá allra helzt svæðið norðan Akureyrar, vestanvert fjarðarins, í námunda við Dagverðareyri. Þetta hefur verið athugað, en ég er ekki að fullyrða, að það megi ekki athuga það nánar. (**KK:** Er ekki rannsóknin bara sjónhending?) Nei, rannsóknin er miklu meira en sjónhending, og orðalagið var það. Ef hv. þm. hefur eitthvað við að athuga þessa skýrslu mína, þá væri æskilegt, að hann kæmi hér upp í ræðustólinn og gerði sínar aths. þar. Það held ég, að hann ætti að gera, og eins það, ef hann hefur sérstaka ástæðu til að finna að því, hvernig hinir íslenzku verkfræðingar og hinn erlendi verktaki haga störfum. Ég held, að þetta sé ekki tímabær ásökun hjá hv. þm.

Ég ætla svo, þegar ég hef nú áréttað á ný það, sem ég áðan sagði, að hv. fyrirspyrjandi sé eftir atvikum ánægður með svarið og það hafi komið í ljós, að það hafa verið gerðar þær rannsóknir, sem nauðsynlegar þóttu á Jökulsá, til þess að áætla þar nákvæmlega virkjunarkostnað og kostnað á raforku, sem

framleidd væri í væntanlegu orkuveri. Og hins vegar hefur verið gerð rannsókn á því, hver kostnaður væri að virkja við Búrfell, og einnig gerð lausleg athugun á því, hvar mögulegt væri að setja upp væntanlega alúmíníumverksmiðju, ef hún væri byggð hér sunnanlands. En eins og fram hefur komið, þá má vænta þess, að þessar áætlanir liggi fyrir um næstu áramót, og það er þá, sem tímabært er að taka afstöðu til þess, hvort er heppilegra að virkja Jökulsá eða Þjórsá. Því get ég ekki svarað í dag.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. raforkumrh. hefur nú gefið ýmsar fróðlegar upplýsingar um Jökulsá á Fjöllum, m. a. upplýsingar, sem gefnar voru hér á Alþingi fyrir 2 árum um þetta mál, þegar þáltill. var flutt, og má segja, að ekki sé góð vísa of oft kveðin. Mér virðist af svörum hæstv. ráðh., að hann hafi í raun og veru litið svo á, að þál. frá 22. marz 1961 væri um annað efni en hún er, þ. e. a. s. hæstv. ráðh. hafi litið svo á, að þál. hafi verið um að fela ríkisstj. eða skora á hana að láta gera rannsóknir á virkjunarskilyrðum í fallvötnum landsins, a. m. k. hinum stærstu, og fullnaðaráætlanir um hagnýtingu orku þar. Það var ekki svo, að hæstv. ríkisstj. væri falið svona víðtækt verkefni með þál., heldur fjallaði hún aðeins um eitt sérstakt fallvatn, þ. e. a. s. Jökulsá á Fjöllum. Alþingi skoraði á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru í því sambandi, eins og hv. fyrsti fyrirspyrjandi gerði grein fyrir hér áðan. Eðlilegt hefði verið að hugsa sér, að þegar hæstv. ráðh. fékk þessa þál. í hendur, þá hefði það verið hans fyrsta verk, ef hann vildi framkvæma þál., að gefa raforkumálaskrifstofunni eða öðrum þeim starfsaðilum, sem hann hefur yfir að segja, fyrirmæli um að hefja þessa rannsókn, sem til þess þurfti að gera fullnaðaráætlunina um virkjun Jökulsár á Fjöllum. En það virðist hann ekki hafa gert, heldur byrjar nú rannsóknir við annað fallvatn — á Suðurlandi — og miklu meira hefur verið í það lagt, eftir því sem hæstv. ráðh. sjálfur upplýsir. Við því er auðvitað ekki nema gott að segja, að fallvötn landsins séu rannsökuð og áætlun gerð um virkjun þeirra, ef tök eru á. En ég vil aðeins benda á það, sem reyndar áður hefur verið gert, að það var ekki þetta, sem þál. frá 22. marz 1961 fjallaði um, heldur var hún aðeins um tiltekið vatnsfall, og það er það, sem við, sem að henni stóðum, og sjálfsagt þeir, sem greiddu atkv. með henni, — hún var samþykkt með shlj. atkv. hér í Alþingi, — ætluðumst til af hæstv. ráðh. Og það er það, sem verið er að ganga eftir hér.

Hér er nú lítill tími til umr. En út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um rannsókn á hafnarskilyrðum í sambandi við stórvirkjanir hér á landi, sem er mjög þýðingarmikið mál að sjálfsögðu, þá vil ég ekki út af fyrir sig neitt andmæla því, að það geti verið, að Akureyri eða staðir við Eyjafjörð séu heppilegustu hafnarstaðir á Norðurlandi og Reykjavík eða Þorlákshöfn á Suðurlandi. Það getur vel verið að svo sé. En mér fannst ummæli hæstv. ráðh. um það, hvernig þetta atriði hafi verið rannsakað, vera nokkuð óákveðin. Hann sagði í seinni ræðu sinni eitthvað á þá leið, að augum hefði verið rennt yfir, — ég heyrði ekki almennilega hvort hann sagði: yfir landið eða yfir kortið. (**Gripið fram í:** Land- og sjókort.) Land- og sjókort, já. Hæstv. ráðh. hefur sem sagt til framkvæmdar á þessari þál. látið renna augum yfir land- og sjókort til þess að finna það út, hvar heppilegastur væri hafnarstaður fyrir þessa framleiðslu, sem um er að ræða.

Þetta finnst mér, að sé nú ekki ýtarleg rannsókn, ef það hefur ekki verið annað, og trúlega hefur það nú verið annað. Og þá vildi ég mega spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti upplýst okkur um það, á hvern hátt þessara upplýsinga hefur verið aflað, hvort leitað hafi verið til vitamálaskrifstofunnar um upplýsingar eða verkfræðingar sendir í ferðalag, eins og oft er gert, þegar minna er í húfi en hér, til þess að kynna sér hafnarstaðina. Ég hef sérstakt tilefni til þess að spyrja um þetta, vegna þess að ég átti í sumar tal við annan af þeim sérfræðingum, sem komu norður á fund okkar á Akureyri, og spurði hann um einn ákveðinn stað, eiginlega af forvitni, hvort hann hefði verið athugaður og hver niðurstaðan væri með hann. Hann sagði, að það mundi ekki hafa verið gert, og kvað sér ekki kunnugt um hafnarskilyrði á þessum stað. En það getur vel verið, að öðrum hafi verið kunnugt um það og að það hafi verið athugað síðan.

Tími minn mun sjálfsagt vera þrotinn, en ég vildi aðeins á það minna, að þegar hæstv. ráðh. talaði um hagnýtingu raforku frá stóriðjuveri, talaði hann eingöngu um alúmíníumframleiðslu. Ég vil spyrja hann að því í því sambandi og vænta þess, að hann svari því, ef hann hefur tök á, hvort ekki hafi verið athugaðir aðrir möguleikar fyrir framleiðslu, sem notar mikla raforku. Í þál. er ekki sérstaklega talað um alúmíníum, heldur um hagnýtingu á orkunni til framleiðslu á útflutningsvöru. Í því fólst að sjálfsögðu, að það yrði að athuga almennt, hvaða möguleikar væru á því að framleiða útflutningsvöru á þennan hátt. Um þetta vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort þetta hafi ekki verið athugað eitthvað í sambandi við fleiri tegundir framleiðslu heldur en alúmíníum, og ef svo er, hvort nokkrar upplýsingar liggi fyrir um það efni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég er nú dálítið undrandi á ræðu hv. þm. Það er eins og hann sé hálfhneykslaður á því, að það hefur verið gert fleira en að framkvæma till. hans og fleiri hv. þm. Norðurl. e. frá 1961. Það liggur alveg ljóst fyrir, að það

hefur verið gert það, sem farið var fram á með þeirri till. Rannsókn á fyrstu virkjun Jökulsár er lokið að dómi sérfræðinga, eins og ég las hér upp áðan. Og hvernig stendur þá á því, að hv. fyrirspyrjandi er ekki ánægður með, að svo er, að við næstu áramót liggja þessar athuganir fyrir? Ég held, að við getum verið ánægðir með það, að það hefur verið gert fleira, það hefur verið rannsakað fleira. Jafnvel þó að ekki verði úr því að byggja hér alúmíníumverksmiðju eða koma upp stóriðju hér sunnanlands, þá verður að virkja til almenningsnota. Og einmitt þess vegna var einnig athugað að virkja aðeins 60 þús. kw. við Búrfell, ef hætt væri við að koma upp stóriðju, alúmíníumverksmiðju eða öðrum iðnaði, eða þá að sá iðnaður væri settur upp fyrir norðan, en ekki hér fyrir sunnan. Og mig undrar það, að hv. þm., þegar hann hefur fengið, að ég ætla, fullnægjandi svör við fyrirspurninni, og það liggur fyrir, að sú till., sem hér var samþ. fyrir rúmlega ári, hefur verið framkvæmd, að það skuli þá vera gerð tilraun til þess að snúa út úr og beita geiri sínum þá að fagmönnunum, sem unnið hafa að þessu, eins og verkfræðingunum, þegar þeir eru hér að spyrja að því, hvernig að því hafi verið unnið að athuga hafnarskilyrði, að það skuli hafa verið rennt augum yfir kort af landinu og strandlengjunni. Er nokkuð undarlegt, þó að það sé nú gert svona í fyrstu? Er hægt að gera það blindandi? Þeir, sem sjá illa, mundu setja upp gleraugu áður. Þess vegna held ég, að við ættum að koma umr. úr þessum farvegi, sem hv. þm. reyndi að koma þeim í, þ. e. að látast ekki skilja það, sem búið er að segja um þetta, og reyna heldur að gera sér grein fyrir því, að að þessu máli hefur verið unnið af alvöru og festu með því að leita að því bezta og hagkvæmasta, og ég gæti hv. þm. til geðs lesið aftur lokaorðin í þeirri skýrslu, sem ég fór með hér áðan, en ég held þess gerist ekki þörf.

Við eigum von á þessum athugunum um næstu áramót, hvernig er með virkjunarskilyrði í Jökulsá og í Þjórsá. Við eigum von á upplýsingum um það, hvar hafnarskilyrði eru bezt bæði norðanlands og sunnan, en það hefur verið sagt frá því, að helzt kæmi til greina við Eyjafjörð, eins og ég las upp í skýrslunni áðan. Og ég tel ekki nokkra ástæðu til þess að svo komnu máli að segja meira um þetta. Ég hygg, að flestir hv. þm., sem hlustað hafa á svörin við fsp., flestir hv. þm. hér inni telji þau eftir atvikum alveg fullnægjandi, eins og á stendur.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Sem 2. fyrirspyrjandi vil ég leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör. Ég verð að telja, að miðað við allar aðstæður hafi vel verið á þessum rannsóknarmálum haldið, þegar á það er litið, að ráðh. upplýsir, að fullnægjandi upplýsingar muni liggja fyrir þegar um næstu áramót. Ég tel því, að þarna hafi verið fylgt eðlilegum hraða í þessum athugunum.

Það er ósköp eðlilegt, að virkjun Jökulsár á Fjöllum sé ofarlega í hugum okkar Norðlendinga. Hér á Alþingi og víðar um land hefur verið talað um, að auka þurfi jafnvægi í byggð landsins, og við gerum okkur það ljóst, að stórvirkjun einmitt á þessum stað mundi ekki hvað sízt verða til þess að lyfta undir allt athafnalíf í okkar landsfjórðungi. Hins vegar er það ljóst, að þessi stórvirkjun er gersamlega tengd því, að í nágrenni hennar geti komið stóriðja. Og það hlýtur að hafa sinn aðdraganda að rannsaka, hvers konar stóriðja kæmi þá til greina.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, og það er rétt, að virkjun Jökulsár komi ekki til greina, nema stóriðja komi til, og það er vegna þess, að raforkuþörfin í þessum landshluta er ekki nægilega mikil til þess. Það líður nú senn að því, að raforkan frá Laxá sé ófullnægjandi og það þurfi í náinni framtíð, ég vil segja nú í vetur, að fara að undirbúa nýja virkjun þar. En þetta mál á þessu stigi er óskylt málinu um virkjun Jökulsár á Fjöllum.

6. Vátrygging fiskiskipa.

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um endurskoðun á lögum um vátryggingu fiskiskipa [103. mál] (A. 127).

Á 15. fundi í Sþ., 22. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 28. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrjast fyrir um, hvað líði endurskoðun laga um vátryggingu fiskiskipa. Um þetta mál hefur verið rætt á fundum útgerðarmanna undanfarin ár, og það hefur komið fram hér á Alþingi í umr., að þessi lög væru í endurskoðun. Hér er um stórmál að ræða, og vera má, að það valdi nokkru, hvað dregizt hefur að endurskoða þessi lög, að tryggingagjöldin voru greidd um tíma úr útflutningssjóði og síðan hafa þau verið greidd af vissri prósentu, sem hefur verið tekin af útgerðarmönnum eða útflutningsvörunum.

Það hefur verið upplýst, að tryggingaiðgjöld eru um það bil tvöfalt hærri hér á landi en í Noregi. Samkv. lögum, sem samþ. voru í fyrra viðvíkjandi ráðstöfunum vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi, þá var það ákveðið í þeim lögum, að 3.72% af útflutningsverðmæti sjávarafurða rynni til

tryggingar fiskiskipa. Þetta á ekki að gilda nema til ársloka, þá eiga 1.8% af útflutningsverðmæti sjávarafurða að renna til stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Það er því fullkomlega ástæða til þess að athuga það nú, hvað ríkisstj. hyggst fyrir í þessu efni, og ástæða til þess að mælast til þess, að þessari endurskoðun verði hraðað. Ég hygg, að það verði ekki ánægja með það meðal útgerðarmanna að greiða jafnhá útflutningsgjöld og verið hafa. Alls er tekið í útflutningsgjöld með því, sem tekið er í hlutatryggingasjóð, 7.4% af öllum sjávarafurðum. Þetta gerir um það bil 15% af því verðmæti, sem úr sjó er dregið, því að vitanlega kemur þetta allt á útgerðarmennina. Ef þeir þyrftu ekki að greiða þessi gjöld, þá gætu fiskvinnslustöðvarnar og söltunarstöðvarnar greitt hærra gjald. Og þessi tryggingagjöld, sem renna í ár til fiskiskipanna, eru 3.72%, sem jafngildir 7.44% eða eitthvað nálægt því, miðað við fob.-verð útflutningsvara. Ef það væri hægt að lækka þessi gjöld um ⅓ eða eitthvað slíkt, þá mundu þarna sparast sennilega 40—50 millj. Það er líklegt, að þessi gjöld verði um 120 millj. í ár, sé miðað við, að útflutningsverðmæti sjávarafurða verði 3300 millj., sem er ekki alveg hægt að fullyrða um nú.

Ég efast ekki um, að ríkisstj. hefur hug á að laga þessa hluti, og ég er ekki í vafa um, að það er hægt. Það er meira en það, að þessi lög séu ófullkomin, þau eru ranglát líka. Það er þannig, að skip, sem eru innan við 100 tonn, það er skyldutrygging á þeim, og þessi skyldutrygging hefur verið óhagkvæm fyrir skipaeigendur. Þeir hafa ekki látið mikið til sín heyra síðari árin, vegna þess að þeir hafa ekki sjálfir þurft að greiða þetta, en þetta var þannig, að þeir þurftu að borga um það bil 6% af verðmæti skipanna í tryggingagjöld. En þeir, sem eiga skip, sem eru yfir 100 tonn, hafa þurft að borga 3—4%. En það eru fleiri atriði en þetta, sem koma til greina. Þeir, sem hafa skip sín í frjálsri tryggingu, fá miklu meiri og fullkomnari bætur en hinir t. d. ef vélabilanir eru hjá þeim, þá eru þær yfirleitt greiddar. En minni skipin, sem eru í skyldutryggingu, fá slíkt yfirleitt ekki greitt. Auk þess fá þeir, sem hafa stærri skipin, lán frá tryggingafélögunum, sem kemur sér mjög vel fyrir þá, sem eru að ráðast í skipakaup.

Það er ekki ástæða til þess, að ég fjölyrði miklu meira um þetta. Það er margt, sem kemur til greina viðvíkjandi þessu. Þetta er mikið mál, og ég mun þess vegna láta þetta nægja í bili.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er, hvað líði endurskoðun laga um vátryggingu fiskiskipa. Sem svar við þessu skal ég taka fram eftirfarandi:

Um áramótin 1960 og 1961 kom hingað til lands maður að nafni Hinrik Ameln frá Bergen, forstjóri stofnunar þar, sem heitir Reassurance institutet for fiskefarkoster, sem er endurtryggingastofnun fyrir gagnkvæm vátryggingafélög fiskiskipa í Noregi. Hinrik Ameln kynnti sér vátryggingar á íslenzka fiskiflotanum og skilaði áliti um það efni, og var það álit liður í hagfræðilegri athugun á rekstri sjávarútvegsins, sem Gerhard M. Gerhardsen prófessor í fiskveiðihagfræði við háskólann í Bergen stjórnaði á vegum ríkisstj. En hann hafði í sinni athugun komizt að því, að vátryggingakjör íslenzkra fiskiskipa þyrftu sérstakrar athugunar við, og átti frumkvæði að því, að þessi sérfræðingur var fenginn frá Noregi.

Á öndverðu ári 1961 skipaði svo sjútvmrn. tryggingafræðingana Jón Erling Þorláksson og Þóri Bergsson ásamt Páli Sigurðssyni forstjóra Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum í nefnd til að gera tillögur um fiskiskipatryggingar. Nefndin gerði ýmsar tölulegar athuganir í sambandi við tryggingarnar og fór mjög nákvæmt ofan í málið allt. Nefndarmennirnir allir ásamt þeim Tómasi Þorvaldssyni útgerðarmanni í Grindavík og Kristni Erlendssyni skipaeftirlitsmanni hjá Samábyrgð Íslands, ferðuðust síðan til Noregs og Danmerkur og kynntu sér vátryggingar fiskiskipa í þessum löndum. En í lokin, er þeir áttu að skila áliti, urðu þeir ekki sammála um till. til breytinga á tryggingunum og skiluðu sínu álitinu hver síðari hluta árs 1961, eins og ég held að ég hafi við annað tækifæri skýrt frá hér á hv. Alþingi.

Síðan voru á þessu yfirstandandi ári skipaðir þeir Jón Erlingur Þorláksson og Tómas Þorvaldsson, hinn síðari samkv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, til þess að freista að ganga frá till. um málið á grundvelli hinna þriggja álita sérfræðinganna, sem fyrir lágu. Það var leitað til Landssambands ísl. útvegsmanna um það að tilnefna mann til samstarfs við Jón Erling Þorláksson um málið, og þeir unnu síðan úr því efni, sem fyrir var, og urðu sammála um tillögur um málið. Var þá svo um talað, að tillögurnar frá þeim yrðu að lokum bornar undir stjórn L. Í. Ú., áður en gengið yrði endanlega frá þeim. Þeir tvímenningarnir, urðu, eins og ég sagði, sammála um tillöguuppkast, sem lagt var fyrir L. Í. Ú. í september s. l., og þar er uppkastið enn til athugunar. L. Í. Ú. fékk málið í septembermánuði s. l. Það var ekki talið fært að ganga frá því, án þess að þeir fengju tækifæri til þess að senda um það sína umsögn, en það hafa þeir ekki gert enn, og það hefur valdið því, að málið hefur ekki verið lagt fram hér á Alþingi.

Efnislega skal ég ekki fara að ræða málið. Mér finnst ekki ástæða til þess við þetta tækifæri, þó að hv. fyrirspyrjandi gerði það nokkuð. En mér skilst, að það hafi verið aðallega málsmeðferðin, sem spurt var um, og þeirri fyrirspurn tel ég mig hafa svarað með þessu.

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir hans svör. Efnislega fékk ég engar upplýsingar

aðrar en þær, að frv. lægi hjá L. Í. Ú. Ég vissi, að það var hjá þeim, en hef ekki fengið að sjá það, var sagt, að það væri trúnaðarmál, og er því ókunnugur efninu.

En ég notaði tækifærið til þess að minnast á þau vandkvæði, sem ég teldi mest á tryggingamálunum, og taldi ástæðu til þess að ræða þau ýtarlega, því að það er þannig, að við eigum því að venjast, að þegar frv. koma frá ríkisstj., þá fást engar breytingar á þeim. E. t. v. fá þeirra menn einhverjar breytingar fram, en við, sem í stjórnarandstöðunni erum, fáum þær yfirleitt ekki samþ. Það er sannarlega ástæða til þess að tala ofurlítið um jafnstórt mál og þetta er, áður en frv. er lagt fram. Og ég tel t. d., að höfuðvandkvæðið á þeim lögum, sem nú eru, sé það óréttlæti, sem einstakir útgerðarmenn eru beittir. Það er skyldutryggingum beitt við suma, háum iðgjöldum og litlum bótum, en fyrir aðra er þetta allt frjálst, og það er ekki sanngjarnt í lýðræðislandi, að þegnarnir búi ekki við sömu kjör. Við vissum, að Brunabótafélagið var þannig rekið, að það var skyldutrygging á sveitabæjunum, og svo þegar þetta var gefið frjálst, þá stórlækkuðu iðgjöldin. Og er nokkuð meiri sanngirni að beita útgerðarmenn þvingunarráðstöfunum í tryggingamálum heldur en aðra einstaklinga í þessu þjóðfélagi? Ég álít, að höfuðáherzlu ætti að leggja á það, að allir byggju við sömu kjör, sætu við sama borð, tryggingarnar væru gefnar frjálsar. Ég hef ofurlítið minnzt á þetta við þá í L. Í. Ú., og mér skildist það á þeim, að þeir mundu hallast að því, að L. Í. Ú. fengi meiru að ráða um þessa samábyrgð og ríkisafskiptin yrðu minni. En ég hélt því fram við þá, að þó að þessu yrði breytt á þann veg, þá væri óverjandi að þvinga suma til þess að tryggja hjá ákveðnu félagi, en hjá öðrum væri þetta frjálst. Það verður það sama að ganga yfir alla, ef eitthvert réttlæti á að vera. Þetta er stór hlutur, vegna þess, eins og ég lýsti áðan, að þá eru þetta allt önnur kjör, sem þeir sæta, sem eiga bátana, sem eru ekki skyldutryggðir. Og annað atriði er það, að það er ekkert vit í því að ætla að taka þetta allt af sameiginlegum sjóðum.

Ég hygg, að fyrir útgerðarmönnum vaki það, að einhver hluti af þessu sé tekinn af fob.-verði útflutningsvara, að þeir óttist, að þeir eigi í erfiðleikum með að borga öll iðgjöldin. En ef þeir bera enga ábyrgð, þá verða þeir hirðulausir um þetta, kröfurnar verða takmarkalitlar og þeir verða hirðulausir um að tilkynna um skipin, þegar þau eru ekki að veiðum. Þess vegna verða einstaklingarnir að hafa einhverja ábyrgð. Mér hefur dottið í hug, að þetta gjald, 1.92%, yrði látið haldast, það yrði lagt í sameiginlegan sjóð, hvort sem það yrði sérdeild fyrir hvern bát eða hvert útgerðarfélag eða ekki, það gæti komið til mála, eða þá yrði sameiginlegur sjóður. En það, sem á vantaði, yrði þá greitt af viðkomandi einstaklingum, viðkomandi útgerðarfélögum eða skipaeigendum og á þann hátt yrðu þeir að nokkru leyti ábyrgir. En þetta er stórmál, og þó að ég áliti, að æskilegt hefði verið, að þetta frv. yrði afgreitt fyrir áramót, — það er æskilegt, vegna þess að það verður breyting á þessum lögum um áramótin viðvíkjandi þessu 1.8%, — þá er æskilegt, að þessi lög verði afgreidd fyrir áramót, en þó skal ég játa, að það er betra, að það dragist ofurlítið, heldur en að miklar vitleysur séu gerðar í þessari lagasetningu.

Ég vona, að þetta leysist vel. Í raun og veru ætti þetta ekki að vera pólitískt mál og verður það vonandi ekki. Það ætti að vera áhugamál allra, að þetta sé leyst á sem hagkvæmastan hátt, þó að það snerti mest útgerðarmennina, og það er vitað mál, að við fáum minna fyrir fiskafurðir, bæði síldarafurðir og aðrar fiskafurðir, heldur en t. d. Norðmenn. Það munar miklu. Og m. a. á þetta háa útflutningsgjald sinn þátt í því og svo mörg fleiri atriði, sem ég hef ekki tíma til að fara út í nú. En hvað sem því líður, eru tryggingagjöldin eitt af því, sem veldur því, að við fáum minna fyrir fiskafurðir en nágrannaþjóð okkar. Það er ekki af því, að afurðirnar séu eða þurfi að vera lakari. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem við þurfum að taka föstum tökum og laga. Og það vona ég, að ríkisstj. geri.

7. Verndun hrygningarsvæða.

Á 18. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt:

Fsp. til sjútvmrh. varðandi verndun hrygningarsvæða við strendur landsins [111. mál] (A. 153).

Á 19. fundi í Sþ., 6. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 153 fsp. til hæstv. sjútvmrh. um framkvæmd þál., sem Alþingi samþ. hinn 11. apríl 1962, varðandi verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Á síðasta Alþingi flutti ég á þskj. 61 till. til þál. varðandi þetta mál, og var till. þá vísað til hv. allshn. Breytti n. nokkuð orðalagi till., en skilaði hinn 3. apríl s. l. svo hljóðandi samhljóða áliti á þskj. 614, með leyfi forseta:

„N. hefur rætt till. þessa og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans, og eru umsagnir þessara aðila prentaðar hér með sem fskj. Það kemur fram í umsögnunum, að enn skortir mikið á,

að framkvæmdar hafi verið þær rannsóknir, sem þyrftu að vera undanfari hvers konar framkvæmda, er miða að friðun hrygningarsvæða nytjafiskanna við landið. Að athuguðu máli hefur n. orðið sammála um að mæla með því, að till. verði samþykkt með eftirfarandi breyt.: Till. orðist svo: Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir til, að framkvæmdar verði rannsóknir á hrygningarsvæðum nytjafiska við landið."

Var þál. þannig orðuð samþ. hér í þessari hv. d. hinn 11. apríl s. l.

Ég tel, að mál það, sem hér um ræðir, sé svo mikilvægt fyrir aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn, að alveg sé sjálfsagt að hraða þeim rannsóknum, sem hér um ræðir, eins og aðstaða er til og nokkur kostur er á á hverjum tíma. Ég mundi telja það ófyrirgefanlegt með öllu, ef sú ógæfa henti okkur Íslendinga, að nú, þegar við höfum fengið umráð yfir stórum hluta af landgrunninu og nær öllum stærstu og þýðingarmestu fiskimiðum bátaflotans, að hin fengsælu mið við strendur landsins yrðu uppurin eða þau eyðilögð á annan hátt með ofnotkun veiðarfæra. Ég tel mjög eðlilegt, að Alþingi og alþjóð fái á hverjum tíma sem gleggsta vitneskju um framvindu þessara mála, og af þeirri ástæðu er fsp. sú, sem hér liggur fyrir, fram borin.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er, hvað líði framkvæmd þál., er Alþingi samþykkti hinn 11. apríl s. l. um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins. Þessi þáltill. eða tillgr. var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera hið fyrsta nauðsynlegar ráðstafanir til, að framkvæmdar verði rannsóknir á hrygningarsvæðum nytjafiska við landið."

Þessu er því fyrst og fremst til að svara, að rannsóknir á hrygningarsvæðum hafa verið eitt meginverkefni fiskideildar atvinnudeildar háskólans í þau 25 ár, sem hún hefur starfað, og raunar hefur lengur verið að þessum störfum unnið heldur en í þessi 25 ár. Unnið hefur verið allan þennan tíma, eftir því sem tök hafa verið á. En aðalerfiðleikarnir, sem við hefur verið að stríða, hafa verið þeir, að fé hefur skort til þess að framkvæma rannsóknirnar eins og þurft hefði að dómi fiskifræðinganna, bæði skipakost og fjármuni til annarrar starfsemi, sem þurft hefði að hafa uppi, ef vel hefði átt að vera í þessu efni. Þetta hefur nokkuð verið lagað í þeim till. fjvn., sem nú hefur verið útbýtt rétt í þessu, og leyfi ég mér að vísa til þeirra, enda standa fyrir dyrum allstórfelldar rannsóknir á þessu sviði í samvinnu við útlenda aðila, sérstaklega á gotsvæðum karfans, en allar eru þessar rannsóknir talsvert fjárfrekar og umsvifamiklar.

Um rannsóknirnar í sumar hef ég fengið þetta yfirlit frá fiskifræðingum: Tilgangurinn með rannsóknunum var að reyna að staðsetja nákvæmlega hrygningarsvæði sumargotssíldarinnar, svo að unnt væri að ganga úr skugga um, hvort hinum botnlægu síldareggjum væri hætta búin af dragnótaveiði, sem oft fer fram í námunda við eða á hinum aðalhrygningarstöðum. Þessar rannsóknir voru í sumar framkvæmdar að tilhlutan fiskideildar og sjútvmrn. Fjárskortur olli því, að það varð að notast við tiltölulega frumstæðan skipakost eða fiskibát, sem notaður var í þessu skyni, og urðu rannsóknirnar því minni í sniðum heldur en orðið hefðu, ef betra skip hefði fengizt til starfans. Rannsóknirnar fóru fram í júlímánuði s. l., og var einungis kannað svæðið við Vestmannaeyjar. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður tókst að finna hrygningarstað við Geirfuglasker, þar sem mikið af síldareggjum var á botninum á litlu svæði, og voru eggin í þykkum lögum, þannig að sennilegt er, að dragnótaveiðar á slíkum stað gætu haft mjög skaðleg áhrif. Mikla nauðsyn ber því til að efla þessar rannsóknir, svo að unnt verði að staðsetja alla hrygningarstaði á dragnótasvæðunum við Suður- og Vesturland og koma síðan í veg fyrir tortímingu síldareggjanna, a. m. k. á þeim tíma, sem þau eru talin vera í hættu, sem eru á dragnótatímanum taldar 3—4 vikur.

Fleira hef ég ekki að upplýsa um þetta mál. Ég vil aðeins undirstrika, að rannsóknir á hrygningarsvæðum nytjafiska hafa farið fram um allmörg undanfarin ár og verða hafðar uppi, eftir því sem fjárframlög hins háa Alþingis leyfa.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir hans svör við fsp. Að sjálfsögðu er mér það ljóst og hefur verið, að fiskirannsóknir hafa verið hér á undanförnum árum almennt. En það, sem till. mín á síðasta Alþingi stefndi að, var að undirbyggja það, að ákveðin hrygningarsvæði, sem vitað væri um við strendur landsins, væru friðuð.

Hæstv. sjútvmrh. hefur hér upplýst, að rannsóknir þær, sem fram fóru í sumar á hrygningarsvæði síldarinnar við Suðurland, aðallega Vestmannaeyjar, hefðu borið nokkurn árangur og að í ljós hefði komið, að ástæða væri til að athuga, hvort skip með veiðarfæri á þessum stað yfir hrygningartímann mundu ekki geta valdið þar tjóni. Ég tel einmitt, að þetta sé það, sem okkur beri að stefna að í enn ríkari mæli en áður hefur verið gert, að finna út hin stærstu hrygningarsvæði við strendur landsins, bæði síldar og annars nytjafisks, og að þau verði friðuð þann tíma, sem hrygningin stendur þar yfir.

Mér dettur ekki í hug á nokkurn hátt að bera brigður á niðurstöður okkar ágætu fiskifræðinga í þessu sambandi, en hinu er ekki að leyna, að þar greinir nokkuð á við þá reynslu, sem sjómenn telja sig hafa fengið í sambandi við sitt starf. Í umsögn atvinnudeildar Háskóla Íslands, fiskideildar, til allshn. um till. þá, sem ég flutti hér í fyrra, kemur það fram, að fiskifræðingar telja, að um

helmingur þess fisks, sem á hrygningarsvæðin kemur, sé veiddur, á meðan á hrygningu stendur, en hinn helmingur stofnsins, eins og segir orðrétt í bréfi þeirra, „fái að hrygna í friði“. Það er einmitt þarna, sem ber á milli fiskifræðinga og álits þeirra manna, sem lengst hafa stundað þessar veiðar, að sjómenn óttast, að það ónæði, sem veiðarfæri valda á hrygningarsvæðunum yfir þann tíma, sem fiskurinn er þar, beinlínis flæmi hann í burtu og hann komi e. t. v. ekki aftur, þó að hann sé þar ekki veiddur. Þess eru dæmi, að ákveðin svæði, sem talin hafa verið hrygningarsvæði hér við land, hafa eyðzt af ástæðum, sem ekki liggur ljóst fyrir, hvað þar hefur verið að verki. Þetta vita allir, sem kunnugir eru þessum málum, fylgzt hafa með fiskveiðum á undanförnum árum, að átt hefur sér stað, bæði hér við suðurströndina og víðar. Það liggur ekki ljóst fyrir, hvaða ástæður liggja til þessa, en hitt er staðreynd, að þetta hefur átt sér stað, og það er einmitt þetta, sem ég tel að leggja eigi höfuðáherzlu á að rannsaka, hvaða orsakir liggja til þess, að hrygningarsvæði og ákveðin veiðisvæði þorni upp, eins og sagt er, og fiskur sækir þar ekki aftur og fæst þar ekki um kannske áratugabil, eftir að veitt hefur verið þar bæði með netum og öðrum veiðarfærum. Till. mín í fyrra miðaði að því, að slík athugun færi fram sérstaklega á ákveðnum svæðum og ef það sýndi sig að dómi fiskifræðinga, að það þyrfti að vernda þau með sérstökum ráðstöfunum, þá yrði það gert.

8. Launakjör alþingismanna.

Á 29. fundi í Sþ., 13. febr., var útbýtt:
Fsp. til forsrh. um launakjör alþingismanna [148. mál] (A. 269).

Á 30. fundi í Sþ., 14. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. um launakjör alþingismanna. Þetta hef ég gert m. a. af því, að ég tel launakjör þingmanna orðin ósæmilega lág. Þau hafa hlutfallslega farið lækkandi ár frá ári miðað við önnur launakjör hér á landi, og hafa þau þó einnig farið rýrnandi að raunverulegum kaupmætti á seinustu árum.

Um seinustu aldamót hygg ég, að þingfararkaup hafi verið u. þ. b. fjórum sinnum hærra en almennt verkamannakaup var þá. En nú skortir mjög mikið á, að það hlutfall haldist. Þó er þess að gæta, að með tilkomu stóru kjördæmanna eftir síðustu kjördæmabreytingu hefur tilkostnaður þingmanna við þingmannsstarfið margfaldazt, og kemur þar ekki aðeins til aukinn ferðakostnaður, heldur og margt annað. Meðaltal þingfararkaups s. l. 3 ár telst mér til, að hafi verið um 53 þús. kr. á ári. Af því er líka fengin margföld reynsla, að bændur geta ekki sér að skaðlausu farið frá búum sínum til þess að gegna þingmennsku og enn síður embættismenn, sem kaupa þurfa menn í sinn stað til þess að gegna embættinu, meðan þeir sitja á þingi. Þetta geta hvorugir sér að skaðlausu, segi ég, fyrir þau launakjör, sem þm. búa nú við. Það er því staðreynd, að launakjörin geta haft mjög takmarkandi áhrif á það, hverjir yfirleitt hafa efni á því að sitja á þingi.

Flestir, sem um þessi mál hugsa, munu fyrir alllöngu hafa gert sér ljóst, að þingfararkaupið yrði að hækka og það allverulega. Ég hygg, að það sé rétt, að fyrir um það bil tveimur árum hafi skrifstofustjóri Alþingis verið beðinn að afla upplýsinga um launakjör þm. í nokkrum nágrannalandanna. Þetta verk mun skrifstofustjórinn áreiðanlega hafa unnið og innt af hendi af nákvæmni og samvizkusemi, eins og öll þau störf, sem hann vinnur, og tel ég æskilegt, að meginefni þeirra upplýsinga, sem hann viðaði að sér, fáist nú gert opinbert hér á hv. Alþingi sem svar við þessari fsp. minni.

Það virðist sjálfsagt, að nokkur hliðsión sé höfð af launakjörum þjóðþingsmanna í öðrum löndum, þegar Alþingi endurskoðar launakjör alþingismanna.

Ég hef það fyrir satt, að ríkisstj. hafi fyrir meira en ári skipað nefnd til að semja frv. um launakjör alþm. N. mun hafa samið frv. til l. um þingfararkaup og skilað því frá sér í hendur ríkisstj. á næstseinasta þingi. Mjög var þá látið í veðri vaka, á næstsíðasta þingi, að launakjör þm. mundu þá verða leiðrétt, en við það var ekki staðið að öðru leyti en því, að þingmönnum utan Reykjavíkur skyldi greidd nokkur upphæð upp í ferðakostnað sinn. Nú er mjög áliðið þessa þings, og enn hefur ekki heyrzt, að ríkisstj. hyggist afgreiða málið á þessu þingi. Þess vegna taldi ég tímabært að spyrja forsrh. um það, hvað ríkisstj. hyggist fyrir í málinu á þessu þingi. Ég skal ekki fara í launkofa með það, að ég er þeirrar skoðunar, að leggi ríkisstj. ekki málið fyrir þetta þing, þá eigi alþm. úr öllum flokkum að bera málið sjálfir fram og tryggja því viðunandi lausn með tilliti til launakjara fólks í landinu og með nokkurri hliðsjón af launakjörum þm. í nágrannalöndum.

Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„a) Hvað hyggst ríkisstj. fyrir um lagfæringu á launakjörum alþm. á yfirstandandi þingi?

b) Hvaða upplýsinga hefur skrifstofa Alþingis aflað sér, vegna undirbúnings málsins, um launakjör og fríðindi þm. í nágrannalöndunum, og gefa þær upplýsingar vísbendingu um, hvort ástæða sé til leiðréttingar á þingfararkaupi alþingismanna?"

Ég vil vona, að góð og ýtarleg svör fáist við þessum fsp., og tel málið tímabært, eins og sakir standa.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. hefur nú gert nokkru fyllri grein fyrir, hvað fyrir honum vakir með fsp. á þskj. 269.

Spurt er í fyrsta algi: „Hvað hyggst ríkisstj. fyrir um lagfæringu á launakjörum alþingismanna á yfirstandandi þingi?"

Ríkisstj. hefur ekki í hyggju að gera neinar till. um það á þessu þingi, svo að það liggi alveg skýrt fyrir.

Í öðru lagi er spurt: „Hvaða upplýsinga hefur skrifstofa Alþingis aflað sér, vegna undirbúnings málsins, um launakjör og fríðindi þm. í nágrannalöndunum, og gefa þær upplýsingar vísbendingu um, hvort ástæða sé til leiðréttingar á þingfararkaupi alþm.?"

Um þetta er það að segja, að skrifstofa Alþingis hefur aflað upplýsinga um laun þm. í nokkrum nágrannalöndunum, þ. á m. í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Englandi. Upplýsingar þessar, sem miðaðar eru við launin seint á árinu 1960, voru í aðalatriðum teknar upp í grg. frv. til l. um þingfararkaup alþm., sem samið var snemma á s. l. ári að tilhlutan þingfararkaupsnefndar og í samráði við forseta Alþingis. Frv. þetta var til athugunar hjá ríkisstj., þingflokkunum og þingfararkaupsnefnd seint á síðasta þingi. Af flutningi þess varð, eins og kunnugt er, ekki, en hins vegar fengu allir þm., — ég held, að það sé áreiðanlega rétt, — allir þm. aðrir en ráðh. nokkrar kjarabætur á því ári. Ég hygg þess vegna, að flestir eða allir hv. alþm. kunni skil á þessu máli. En ég skal þó til glöggvunar minna aðeins á höfuðatriðin varðandi launakjör þm. framangreindra nágrannalanda. Hins vegar tel ég ekki ástæðu til að lesa hér upp alllanga grg. frá skrifstofunni um launakjör þm. í nágrannalöndunum, en að sjálfsögðu eiga allir hv. alþm. greiðan aðgang að þeim upplýsingum, og ef það er talið þm. til framdráttar, að menn birti það, þá sé ég ekkert athugavert við það á nokkurn hátt. Þessi meginatriði eru sem hér skal greina, það er um kjör þingmanna:

Það er í fyrsta lagi Danmörk, og hér er miðað auk þess, sem áður er greint, við grein í Nordisk kontakt um hækkun launa þm. þar seint á árinu 1961. En í Danmörku fá þm. auk grunnlauna launaviðbót til greiðslu kostnaðar, sem þingmennskan hefur í för með sér. Grunnlaunin eru tæpar 28 þús. danskra kr. og uppbæturnar nema nokkuð mishárri upphæð eftir því, hvar þm. er búsettur, allt frá 4500 og upp í 11000 danskar kr.

Í Noregi eru föst laun 26 þús. norskar kr., en auk þess fær þm. dagpeninga eftir búsetu, sem nema frá 20—45 norskum kr.

Í Svíþjóð eru föst laun tæplega 26 þús. sænskar kr. á ári. Dvalarkostnaður fyrir þá, sem búa ekki í Stokkhólmi eða grennd, er ýmist 3300 sænskar kr. eða tæplega 4300 eftir búsetu þm.

Í Bretlandi hafa þm. í neðri málstofunni £ 1000 á ári og þar að auki 450 vegna kostnaðar við þingmennsku. Þeir í efri deildinni eða lávarðadeildinni fá hins vegar 3 pund fyrir hvern dag, sem þeir mæta til funda í lávarðadeildinni.

Eins og ég gat um, eru nánari upplýsingar fyrir hendi um þetta allt saman, en ég held ekki, að við þeir einu, sem þetta snertir beint, eigum að eyða tíma þingsins í að fara að lesa þetta hér upp. Þetta eru einar 5—6 vélritaðar síður og sannast sagna þannig, að ég er ekki viss um, að menn séu neinu bættari, þó að þeir aðeins líti á það, en ég skal tryggja það, að það sé öllum til sýnis, sem þess óska.

Þá var spurt í seinni hluta b-liðar fsp., hvort þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru, rökstyðji leiðréttingu á kaupi íslenzkra þm. Það er náttúrlega alveg augljóst, að kaup íslenzkra þm. er miklu lægra, eins og þær tölur sem ég gat um, sýna, heldur en annarra þm. En ýmsir af starfsmönnum ríkisins eru einnig miklu verr launaðir hérna en í Danmörku. Ég held, að það sé rétt munað hjá mér, að í skýrslu, sem ég fékk um þetta fyrir 1—2 árum, kom fram, að íslenzkir verkamenn höfðu heldur lægri kjör en þeir í Danmörku. Aftur á móti minnir mig, að t. d. ráðuneytisstjórar hefðu sem næst 150% hærra kaup í Danmörku en hér. Það er þetta sama, sem við eigum við að etja, við verðum að sníða okkur stakk eftir okkar vexti. Við erum fátæk þjóð, sem þurfum margt að gera og ég held, að það sé ekki einhlítt, að okkar menn, sem komast í áríðandi og sumir í valdamikil störf í þágu þjóðarinnar, miði kaupkröfur sínar við það, sem menn í svipuðum stöðum hjá öðrum þjóðum hafa. Og ég verð líka að viðurkenna, að af þeim langa kunnugleika, sem ég hef af þessum mönnum, hefur mér fundizt því mjög fjarri, að einmitt þeir, sem vandasömustu störfin vinna, séu skilningslitlir á þann kjarna, að við lifum í okkar landi, okkar fámenna þjóð og fátæka verður að borga okkur og við getum ekki gert kröfur, sem eru byggðar eingöngu á því, hvað aðrar þjóðir geta greitt sínum valdhöfum og þeim, sem ábyrgðarstörfum gegna.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans, svo langt sem þau náðu. Hann viðurkenndi það, að launakjör íslenzkra alþm. væru á engan hátt sambærileg við launakjör þm. í nágrannalöndunum. og vitanlega hafði þó upplýsinga verið aflað um þau launakjör a. m. k. með tilliti til þess að hafa hliðsjón af launakjörum þm. í öðrum þjóðþingum. Og þær tölulegu upplýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf

um þetta efni, benda til þess, að grunnlaunin í Danmörku séu um 170—180 þús. ísl. kr. á móts við rúmlega 50 þús. kr. hér. Það eru a. m. k. þrefalt meiri laun, sem þeir hafa, danskir þm., heldur en við höfum. Þm. í lögþinginu færeyska eru og mun hærra launaðir en íslenzku alþm., og er þó starfstími lögþingsins miklu skemmri en Alþingis er nú orðinn. Svíþjóð er að vísu auðugt land, en þar er líka þingfararkaupið, grunnlaunin bara, á þriðja hundrað þús. ísl. kr. móts við 50 þús. kr. okkar. Skal það játað, að ríkisdagurinn sænski starfar lengur en Alþingi Íslendinga, og þannig er um þjóðþing Norðurlanda, þau starfa nokkru lengur en Alþingi. En augljóst er af þeim fáu tölum, sem hæstv. forsrh. nefndi, að launakjör alþm. eru ekkert sambærileg launakjörum þm. í nágrannalöndunum.

Mér þótti miður að heyra, að hæstv. ríkisstj. teldi enn ekki ástæðu til neinna aðgerða til lagfæringar á þessu, því að það var gefið mjög í skyn, að á síðasta þingi mundi verða gerð lagfæring á launakjörum þingmanna, þó að ekki yrði af því, enda er enn meiri þörf orðin á því nú. Launakjör hafa bókstaflega gerbreytzt hér á Alþingi, ekki aðeins vegna vaxandi dýrtíðar, heldur vegna hinnar nýju kjördæmaskipunar, sem kostar þm. á allan hátt miklu meira að rækja sitt starf en áður var, meðan kjördæmin voru margfalt smærri.

Ég tel því, að fyllsta ástæða sé til þess fyrir alþm., að fengnum þessum upplýsingum hæstv. ráðh. um, að ríkisstj. ætli ekkert í þessum launamálum að gera, að athuga, hvort þeir telji sig ekki tilneydda að taka málið í sínar hendur og bera fram fyrir hönd allra flokka till. um launakjör þm., vafalaust byggðar á þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, og e. t. v. á því frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur látið semja. Ég teldi það að öllu leyti eðlilegt, því að vitanlega er það ekki hæstv. ríkisstj., heldur Alþingi sjálft og enginn annar, sem á að ákveða launakjör þm.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég skal nú ekki hefja neinar deilur um hálfgerðar aðdróttanir hv. 4. landsk. þm. í garð stjórnarinnar um brigðmæli, vegna þess að stjórnin hefur ekki beitt sér fyrir, að flutt væri frv. um kauphækkun þm. Ég segi það nú eins og það er, að ég held, að við bætum okkur ekki á því á þessu þingi að vera mikið að ræða þetta. Mig langar ekkert að tala gegn því, að þm. eigi skilið að fá hærra kaup. Ég skal segja alveg eins og er, að ég hef gert ráð fyrir, að þegar kjaradómur hefur fjallað um það mikla mál, sem hans bíður nú, þá muni þetta mál ekki látið kyrrt liggja.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér í þessar almennu umr. um málið, en tilefnið til þess, að ég vildi segja hér nokkur orð, voru ummæli hæstv. forsrh. í fyrri ræðu hans, þar sem hann orðaði það svo, að þm. hefðu fengið nokkra launauppbót á s. l. ári. Það a. m. k. getur orkað tvímælis, hvort á að nefna það því nafni. Ég vil telja það frekar leiðréttingu á kostnaði, sem þm. þurfa að standa straum af. Annars vegar voru hækkaðir nokkuð svokallaðir uppihaldspeningar þeirra þm., sem búsettir eru utan Reykjavíkur, og hækkunin var miðuð við það, sem hæstv. ríkisstj. hafði þá samið um fyrir nokkru um dagpeninga til nokkurra vinnuflokka, bæði við síma og vegagerð. Það munaði nokkru á þeim samningum, og var ekki farið lengra fyrir þm. en í lægri taxtann. Þetta kalla ég í raun og veru ekki launabót, heldur leiðréttingu.

Önnur leiðrétting var það, að þm. var ákveðin viss upphæð vegna ferðakostnaðar um kjördæmin. Það hefði mátt segja, að slíkur ferðakostnaður hafi verið réttmætur fyrr en hann var ákveðinn, en það skar náttúrlega úr, eftir að kjördæmin voru gerð svo stór sem nú er. Það var því ákveðið, að þm. skyldu fá vissa upphæð til þess að standa straum af þeim kostnaði, sem þeir þurfa árlega að hafa af að ferðast um sín kjördæmi. Ég hygg, að það hafi verið gengið svo frá þeim málum, að það hafi verið heimilt að greiða hverjum þm. slíka fjárhæð án tillits til búsetu. En ég vil fullyrða, að þeir þm., sem eru búsettir utan Reykjavíkur, geti ekki talið þetta launabót, heldur náttúrlega leiðréttingu, eins og ég sagði, á nauðsynlegum, útlögðum kostnaði. Ef nokkrum væri slíkt launabót, þá væru það eðlilega helzt þeir þm., sem hér eru búsettir og eru þm. Reykjavíkur og þurfa þess vegna ekki um eins stór svæði að fara á milli sinna kjósenda. Ég nefni þetta án þess að telja það eftir. En ég sem sagt tel, að þetta sé ofmælt hjá hæstv. forsrh., að það hafi verið um launabót að ræða í fyrra, þegar þessar greiðslur voru auknar að nokkru.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mér finnst nú, að menn séu farnir að deila nokkuð um keisarans skegg. Ég sagði nú aldrei launabót, ég sagði kjarabót. En sem sagt, um keisarans skegg held ég, að við eigum ekki að vera deila. Þetta virðist vera orðhengilsháttur og ekki skipta neinu aðalmáli. Að krónutalan var ekki heldur hærri, það get ég skilið, að sumum hafi fallið miður. En ég skal játa, að ein ástæðan fyrir, að ég féllst á þetta, var einmitt, að þessi hv. þm. sótti það allfast, og mér þótti hann hafa mikil lög að mæla. Við erum auk þess góðir vinir undir niðri, þó að við séum að látast vera dálítið alvarlegir, þegar við mætumst, af því að annar er framsóknarmaður og hinn sjálfstæðismaður. Það er sannleikurinn.

9. Vestmannaeyjaflugvöllur.

Á 31. fundi í Sþ., 20. febr., var útbýtt:
Fsp. til flugmrh. um byggingu þverbrautar á Vestmannaeyjaflugvöll [160. mál] (A. 293).

Á 32. fundi í Sþ., 21. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Á árinu 1960 bar ég fram hér í Sþ. till. til þál. um flugbraut í Vestmannaeyjum. Till. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram fullnaðarathugun á skilyrðum til byggingar nýrrar flugbrautar í Vestmannaeyjum og stuðla að aukinni fjárveitingu og öflun lánsfjár til að hefja framkvæmdir verksins."

Till. þessi náði ekki fram að ganga, og er ekki vitað til, að það mál væri á dagskrá hjá hinu opinbera fyrr en í fyrrasumar. Fyrir frumkvæði bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum fékkst þá fyrirheit um fjármagn að láni, svo að flugmálastjórninni þótti tiltækilegt að láta hefja framkvæmd á byggingu 600 m þverbrautar á núv. flugbraut. Um mánaðamótin janúar—febrúar s. l. hafði verið unnið þar fyrir lánsfé að upphæð 1 millj. 50 þús., og leit þá svo út, að óvíst væri með öllu, hvort um frekari framkvæmdir yrði að ræða að sinni vegna fjárskorts. Af fjárveitingu til flugvalla á fjárl. þessa árs var kunnugt, að miklum hluta hafði verið ráðstafað fyrir fram, svo að augljóst þótti, að af fjárveitingu þessa árs yrði ekki unnt að halda verkinu áfram með þeim gangi, að viðunandi þætti.

Í grg. með till. minni, sem að framan er lýst, um þetta mál, er bent á þá algeru sérstöðu, sem Vestmannaeyjakaupstaður býr við meðal byggðarlaga landsins að því er samgöngur varðar. Eins og kröfum fólks er nú háttað um lífsþægindi, leyfi ég mér að telja það verulega annmarka á búsetu í Vestmannaeyjum, hve samgöngur eru erfiðar þar. Þverbraut á Vestmannaeyjaflugvöll mundi vera verulegt spor í rétta átt og því mikil nauðsyn á, að haldið verði áfram við þær framkvæmdir, sem þegar eru hafnar með leyfi og fulltingi flugráðs.

Með hliðsjón af því, hve hlutur Vestmannaeyjabæjar og íbúanna þar er mikilvægur í þjóðarframleiðslunni í heild, með hliðsjón af því, að kaupstaðurinn nýtur ekki neinnar hlutdeildar í því fjármagni, sem árlega er varið til vega- og brúagerða, leyfi ég mér að telja, að það sé mjög mikilvægt og eðlilegt, að þessi flugvallargerð haldi áfram, svo sem byrjað hefur verið á. Með hliðsjón af framansögðu leyfi ég mér að bera fram fsp. á þskj. 293 til hæstv. samgmrh., svo hljóðandi:

„a) Hvenær er ráðgert að fullgera þann 600 m áfanga af þverbraut á Vestmannaeyjaflugvöll, sem byrjað hefur verið á?

b) Hve mikið er áætlað, að sá áfangi þverbrautar kosti?

c) Hversu mikið fé er handbært til framkvæmda á þessu ári?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fyrirspurnin, sem hér um ræðir, er í þremur liðum:

Í fyrsta lagi er spurt, hvenær sé ráðgert að fullgera 600 m áfanga af þverbraut á Vestmannaeyjaflugvöll. Það hefur nú farið fram athugun á þessu máli allrækileg, og verkfræðingur flugmálastjórnarinnar, Ólafur Pálsson, telur möguleika á því að ljúka verkinu á næsta ári, sennilega fyrri hluta næsta árs.

Þá er spurt að því, hversu mikið þessi hluti þverbrautarinnar muni kosta. Og svar við því er samkv. áætlun Ólafs Pálssonar 4.7 millj. kr., það sem eftir er að vinna, en verið hefur verið til þverbrautarinnar 1 millj., og verður þá heildarkostnaður 5.7 millj. kr.

Þá er einnig spurt að því, hversu mikið fé sé handbært til þessara framkvæmda á þessu ári. Því er til að svara, að flugráð hefur ekki enn gert till. um það, hvernig því fé, sem nú er á fjárlögum, skuli varið á þessu ári. Og meðan ekki hefur verið gerð till. um það og ákvörðun tekin um það, þá er ekki hægt að segja um, hversu mikla fjárhæð Vestmannaeyjaflugvöllur fær af því fé, sem er á fjárlögum þessa árs. En það mætti kannske hugsa sér að þoka þessu verki áfram, án þess að það væri unnið að öllu leyti fyrir fjárveitingu á þessu ári. Það er unnt tæknilega að ljúka verkinu á fyrri hluta næsta árs, og kostnaðurinn er 4.7 millj. kr.

Ég tel mjög æskilegt að halda sér að því að ljúka verkinu svo fljótt sem unnt er, m. ö. o. að halda verkinu áfram, þangað til því er lokið. En með tilliti til þess, hversu flugmálastjórnin hefur í mörg horn að líta, þegar um það er að ræða að skipta þeirri fjárveitingu, sem er á fjárlögum, þá verður ekki unnt að halda stöðugt áfram verkinu í Vestmannaeyjaflugvelli með það fyrir augum að ljúka því á fyrri hluta næsta árs, nema taka nokkurt fé að láni í því skyni. Og það tel ég mjög vera tiltækilegt og sjálfsagt að taka til rækilegrar athugunar, og það er óhætt að segja, að flugmálastjórnin hefur haft þetta í hyggju og ákveðið að útvega fé með einhverjum hætti í Vestmannaeyjaflugvöll. Og það, sem sérstaklega rekur nú á eftir að ljúka þessum áfanga, 600 m braut, er, að nú sjáum við möguleika til þess, að þessi braut, þótt hún verði ekki lengri, gæti komið að fullum notum fyrir Vestmannaeyjar. Áður var talað um að byggja lengri braut, sem mundi kosta a. m. k. 20 millj. kr., þar sem Dakotavélar gætu örugglega lent. En nú er Björn Pálsson að kaupa flugvél til landsins, sem getur örugglega lent og tekið sig upp á 600 m braut. Með því er unnt að leysa samgöngumál

Vestmannaeyja í bráð með þessum 600 m. Ég hef rætt þetta mál við Björn Pálsson. Ég hef einnig rætt það við Flugfélag Íslands, og það virðist ekkert vera til fyrirstöðu um, að það verði tekin upp samvinna á milli Flugfélags Íslands og Björns Pálssonar um flug til Vestmannaeyja, þegar Flugfélagið getur ekki flogið þangað, og þannig mætti fjölga flugdögum til Vestmannaeyja kannske um helming eða meira. Einmitt með tilliti til þess, að 600 metra braut kemur að fullum notum fyrir Vestmannaeyjar eða miklu meiri notum en áður hafði verið hægt að hugsa sér, á meðan Björn var ekki kominn til skjalanna með sína nýju vél, þá rekur það enn meira á eftir að ljúka þessum áfanga, og ég tel sjálfsagt að ljúka þessum áfanga á næsta ári.

En ég vil benda á, að það er margt, sem er í að horfa. Það þarf t. d. ýmislegt að gera við Akureyrarflugvöll á þessu ári, það þarf að gera ýmislegt á Egilsstöðum, að ég nefni ekki Reykjavíkurflugvöll. Á s. l. ári var hafin flugvallargerð á Patreksfirði, og þá var gert ráð fyrir, að sá flugvöllur þyrfti að vera 900—1000 m langur, en viðhorfið hefur breytzt með tilkomu flugvélar Björns Pálssonar. Það má vel vera, að Patreksfirðingar geti látið sér nægja þá 600 m, sem eru komnir þar, með tilliti til þess, að Björn geti flogið þangað. Bíldudalur er að biðja um flugvöll. Þar er sjúkraflugvöllur, og það þarf ekki mikið að gera þar, til þess að Björn geti lent þar einnig. Á Þingeyri er 600 m braut, og þar þarf ekkert að gera, til þess að Björn geti haft þar stöðugar viðkomur. Í Önundarfirðinum liggur vel við að gera flugbraut á sléttum bökkum, og ætti ekki að þurfa að kosta mikið, til þess að Björn gæti komið þar. Á Hólmavík er nægilega stór flugvöllur fyrir Dakotavélar, og þarf ekkert þar að vinna. Siglfirðingar eru að biðja um flugvöll. Þar er lítill sjúkraflugvöllur, en það var gert ráð fyrir að gera þar flugvöll fyrir Dakotavélar, en viðhorfið hefur breytzt með tilkomu vélar Björns Pálssonar, þannig að nú mun vera unnt að gera flugvöll á Siglufirði fyrir miklu minna fé en áður var hugsað. Í Hornafirði er talið nauðsynlegt að gera nýjan flugvöll til þess að losna við að flytja yfir ósinn, eins og gert hefur verið, og er það mikill kostnaður, sem því fylgir, og óþægindi. Á s. l. hausti var hafizt handa um að gera sjúkraflugvöll fyrir ofan kauptúnið. Það kostar tiltölulega lítið fé að gera þar 600 m braut, og er sérstaklega gott flugvallarstæði þar fyrir stærri vélar.

Ég nefni þetta hér aðeins til þess að sýna fram á, hversu verkefnin eru mikil, og þó að fé til flugvalla hafi verið aukið verulega hin síðari ár, um 100% miðað við 4 síðustu árin, þá náttúrlega þyrfti það að vera meira. En ég hygg, að með góðu skipulagi megi gera allmikið og bæta mikið úr samgöngum hinna fjarlægu staða með því að láta sér nægja á hinum afskekktari stöðum 600 m brautir til að byrja með, svo að Björn gæti leyst samgöngumál þeirra staða núna fyrst um sinn, og þannig gætu sparazt jafnvel milljónatugir í flugvallagerð næstu árin, miðað við, að það hefði þurft að byggja flugvelli fyrir Dakotavélar á öllum þessum stöðum, sem ég hef nefnt.

Það er alveg óþarfi að endurtaka það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan um sérstöðu Vestmannaeyja. Hún er vitanlega alveg augljós, að Vestmannaeyjar þurfa að fá betri flugsamgöngur en þær hafa haft. Flugdagar til Vestmannaeyja eru fáir, hljóta að vera fáir, á meðan aðeins er um eina flugbraut að ræða, og flugmálastjórnin hefur gert sér grein fyrir þessu, og þess vegna hefur verið hafizt handa með flugvallargerðina, miðað við, að það þurfi ekki að hætta við það starf, fyrr en verkinu er lokið. Til þess að þessi áætlun geti staðizt, áætlun verkfræðingsins, er ekki svo ýkjamikið, sem þarf til að koma. Það eru tvær jarðýtur, tvær bifreiðar og ein vélskófla og einn stór rafmagnsbor, sem þarf að nota stöðugt við þessar framkvæmdir, til þess að verkinu geti orðið lokið á næsta ári. Og það eru 4.7 millj., sem þarf til þess að ljúka verkinu, og með því að skipta greiðslunni á 3 ár, nota fjárveitingu þessa árs að einhverju leyti og næsta árs að nokkru leyti og jafnvel að taka svo lán fyrir þriðja hlutanum, þá er vel hægt að ljúka þessu, og ég tel, að það verði mögulegt að fá lán, til þess að ekki verði gengið á hlut annarra landshluta með því að taka of mikið af því takmarkaða fé, sem við höfum yfir að ráða, til Vestmannaeyjaflugvallar.

Fyrirspyrjandi (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. flugmrh. fyrir greið svör og fyrir þau ummæli hans, að hann teldi sjálfsagt að ljúka þessum áfanga á næsta ári. Og ég vil taka undir þá skoðun hans, að ég held, að það væri sjálfsagt og réttmætt. Hins vegar leyfi ég mér að láta í ljós áhyggjur af þeirri miklu áherzlu, sem mér fannst hæstv. ráðh. leggja á þær miklu þarfir, sem væru annars staðar á landinu til flugvallagerða. Mér er fullkomlega ljóst, ef rétt er það, sem ég hef heyrt, að vísu óstaðfest, að nú þegar væri búið allt að því að ávísa eða taka lán og vinna fyrir fram út á um það bil 9 millj. af þeim 12, sem mun vera varið á fjárl. til flugvallagerða á landinu, þá er augljóst, að það verður ekki mikið til skiptanna, þegar flugmálastjórn fer að skipta þessum aurum, sem eftir verða, niður á ákveðna staði. Spurningin er að meta, hvar mest sé þörf og brýnust að ljúka þeim verkum, sem verið er að vinna að, ekki endilega að dreifa fjármagni á sem flesta staði, þannig að fáir staðir komist í not á þeim tíma, sem e. t. v. væri unnt að fullljúka við verk á fáum stöðum, og að meta réttilega, hvar mest þörf sé á flugbrautum og hvaða brautir komi að mestum notum. Það er sagt, án þess að ég viti það, að flugvöllur, sem kostaður hefur verið og byggður á Norðfirði og nú er verið að keppast við að ljúka, muni e. t. v. koma í

sáralitlar þarfir, af því að á þann flugvöll verði yfirleitt ekki flogið vegna erfiðra aðstæðna.

Ég vil undirstrika þá skoðun, sem kom fram í þáltill. minni 1960, að réttmætt væri að afla lánsfjár til að fullgera þessa flugbraut, sem byrjað hefur verið á, þessar 4.7 millj., og má kannske segja, að ég hafi hálfpartinn gert mér vonir um, að á þeim tíma, sem liðinn er, frá því að fsp. var lögð fram hér á þinginu, þangað til henni yrði svarað, hefði kannske verið hægt að fá óyggjandi heimildir, óyggjandi loforð eða vilyrði fyrir því lánsfé, sem til þyrfti og á þyrfti að halda. Ég þakka fyrir greið svör.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt með flugvallargerð eins og annað að gera sér glögga grein fyrir staðreyndunum hverju sinni, og það er sannleikur, að þörf á framkvæmdum er mjög víða. Og þótt við gætum verið sammála um sérstöðu Vestmannaeyja, þá náttúrlega kemur ekki til mála að taka mestan hluta af flugvallafénu á einu ári þangað og sinna ekki neitt þörfum annarra staða. Það var minnzt hér á Norðfjörð. Á s. l. ári var lokið við Norðfjörð. Það mun hafa kostað um 700 þús. kr. að ljúka við Norðfjörð, að setja slitlag á þann völl. Ef það hefði ekki verið gert, hefði fokið í burtu og eyðilagzt mikið af því verki, sem þarna var búið að vinna. Það kom vitanlega ekki til mála annað en ljúka við þetta verk. Það hafði verið hafið, og kostnaðurinn, ég man ekki, hver hann var, hvort hann var 5 eða 6 millj., en það vitanlega kom ekki til mála að láta verkið vera fleiri ár hálfgert og liggja undir skemmdum.

Ég hef ekki fylgzt með því, hvað oft er flogið á Norðfjörð, en það hefur nú verið flogið þangað eitthvað talsvert, held ég.

Um það, að það hefði verið ástæða til, að Vestmannaeyjaflugvöllur hefði verið kominn lengra á veg eða meira gert, síðan þáltill. var flutt 1960, heldur en raun ber vitni, þá ber að vekja athygli á því, að allt fram á síðasta ár var gert ráð fyrir, að það þyrfti flugbraut, sem kostaði 20 millj. kr. eða meira, til þess að það kæmi að gagni, og meðan féð var svo takmarkað sem raun ber vitni um, átti það mjög langt í land. En eftir að við sáum fram á það, að 600 m kæmu að miklum notum, að ég ekki segi fullum notum í bráð, þá vitanlega var sérstök ástæða til þess að flýta því. Þá gátum við séð fyrir endann á því á tiltölulega fáum mánuðum og stuttum tíma, og þess vegna er það, sem þegar hefur verið gerð kostnaðaráætlun og tímaáætlun um að ljúka þessu verki. Það hefði mátt gera tímaáætlun líka með 20 millj. kr. brautina, en það var miklu erfiðara mál. En ég get aðeins endurtekið það, sem ég sagði áðan, að það er ekki ástæða til að ætla annað en þessu verki verði lokið á næsta ári.

Það er ekki rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að það hefði verið búið að eyða 9 millj. fyrir fram af fjárveitingu þessa árs, af rúmlega 13 millj. eða 13.3 millj., sem eru á fjárlögum. Það er búið að nota milli 6 og 7 millj. fyrir fram til nauðsynlegra framkvæmda. Þetta hefur verið gert mörg undanfarin ár, og það verður vitanlega unnið fyrir fram einnig á þessu ári. Það er eins og með vegaframkvæmdir og framkvæmdir, sem ýtt er mjög fast á eftir, að það er unnið fyrir fram, og við því er vitanlega ekkert að segja. Ég veit, að hv. þm. munu segja sem svo, að það þyrfti að veita meira fé í flugvellina, til flugvallagerða, og er alveg sammála því. En flugvallafé hefur verið hækkað um rúmlega 100% s. l. 4 ár, en byggingarkostnaður aukizt eða hækkað um 45%, þannig að framkvæmdafé til flugvallagerða hefur raunverulega hækkað talsvert, þótt það hefði verið æskilegt, að það væri meira.

Ég hef svo ekki meira um þetta mál að segja. Ég tel, að hafi upplýst málið alveg, og ég vona, að hv. þm. skilji, að það er ekki unnt að taka meginhlutann af framkvæmdafénu eitt ár til eins staðar, hvorki Vestmannaeyja né annars, vegna þess að hluti af þessu fé verður alltaf að fara til nauðsynlegra lagfæringa víðs vegar um landið. En Vestmannaeyingar sjá nú vissulega fyrir endann á því, að þetta verður lagað mjög mikið frá því, sem verið hefur, með því að Björn Pálsson fer að fljúga til Vestmannaeyja með góðu samkomulagi við Flugfélag Íslands.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Þær umr., sem hér hafa farið fram varðandi fsp. um Vestmannaeyjaflugvöllinn, gefa mér tilefni til að koma hér að örlitlum aths., eða réttara sagt: ég get ekki látið þær ganga svo um garð hér á þinginu, að ég geri ekki við þær nokkrar aths.

Í fyrsta lagi hefur það upplýstst í þessum umr., að það fé, sem á fjárlögum er ætlað til flugvallagerða, um það liggja ekki fyrir neinar áætlanir frá flugmálastjórninni, hvernig því verður varið á árinu, og eru þó þegar liðnir tveir mánuðir af árinu, og sjá allir, að hér er um bagalega seinfær vinnubrögð að ræða. — Vil ég í leiðinni endurtaka óánægju mína, sem ég lýsti hér yfir við afgreiðslu fjárlaga, yfir því, að lagður hefur verið niður sá siður, sem ég tel sjálfsagðan, að fjvn. geri með fjárlögum till. um það, hvernig fjármagn til flugvallagerðar í landinu eigi að skiptast frá ári til árs. En sem sagt, frá þessu hefur verið horfið, og leyfi ég mér að harma það og tel, að hér hafi þegar komið fram, að þetta veldur allt of miklum seinagangi á áætlanagerð um framkvæmdir við flugvallabyggingar í ár.

Það er rétt, sem hæstv. samgmrh. sagði hér, að fé á fjárl. til flugvallagerðar hefur hækkað yfir 100% nú á skömmum tíma og er reyndar eina framkvæmdaféð til samgöngumála á fjárl., sem hefur haldið sínu hlutfalli við hækkun fjárl. á síðustu árum. Þeim mun

auðveldara hefði átt að vera að standa við þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um framkvæmdir á þeim nauðsynlega flugvelli í Vestmannaeyjum. En því miður er mikla sorgarsögu að segja af því.

Hv. 3. þm. Sunnl. skýrði frá því heima í Vestmannaeyjum, og var það birt í blaði þar vorið 1960, að hann hefði orð flugmálastjórnarinnar fyrir því, að það hið sama vor yrði byrjað á þverbrautargerð við flugvöllinn í Vestmannaeyjum. Því miður reyndist þetta ekki svona í framkvæmd. Það leið allt það ár og allt næsta ár, án þess að hreyfð væri hönd í þá átt að byggja þverbraut á þann flugvöll. Það var ekki fyrr en seinast á árinu sem leið, að hafizt var handa og þá ekki fyrir fé, sem flugmálastjórnin reiddi út til þeirrar framkvæmdar, heldur fyrir lánsfé, sem Vestmannaeyjakaupstaður lagði sjálfur til verksins. En því miður er ekki hægt einhliða að fagna þeirri framkvæmd, vegna þess að hún virðist fyrst og fremst hafa komið niður á flugvallarviðhaldinu á þeirri braut, sem fyrir er í Vestmannaeyjum, því að það hefur aldrei komið fyrir fyrr en einmitt á yfirstandandi vetri, að sú braut yrði vegna ónógs viðhalds ófær til afnota á miðjum vetri. En það hefur nú komið fyrir í vetur, og virðist sem sagt svo, að þegar flugmálastjórnin fékk af höndum reitt lánsfé frá Vestmannaeyjum til þess að byrja á þverbrautargerðinni, þá hafi hún með öllu vanrækt ekki einasta að leggja fé til þess sjálf, heldur einnig að viðhalda þeirri flugbraut, sem fyrir var, svo að ástandið í flugmálum Vestmannaeyja hefur aldrei verið verra en í vetur, síðan flugvöllurinn var tekinn þar í notkun. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á þessu við þessar umr. og alveg sérstaklega beina því til hæstv. flugmrh., að hann gefi þessu gaum og geri ráðstafanir til þess, að hér verði bætt úr.

Ég fagna því, ef það reynist rétt, sem hér hefur verið borið í mál, að nú mundi nægja að byggja þverbraut á Vestmannaeyjaflugvöll fyrir 5.7 millj., í stað þess, að áður var ráðgert, að slík braut, ef að notum mætti koma, þyrfti að kosta 20 millj. Það er að sjálfsögðu öllum fagnaðarefni, ef hér hafa orðið þær tæknilegu framfarir, sem tryggja eitthvað svipuð not af 500 m flugbraut og menn töldu áður þurfa miklu lengri braut til að framkvæma áætlunarflug á. Hinu vil ég vekja athygli á, að ég tel vafasama þá leið, sem hæstv. flugmrh. bendir hér á, að upp verði tekin samvinna milli Flugfélags Íslands og einkaflugmanns, Björns Pálssonar, og að slík samvinna geti fullnægt samgöngum við Vestmannaeyjar á þann hátt, að Flugfélagið fljúgi þegar fært er þangað á stórum vélum, en Björn Pálsson fljúgi þangað á sinni vél, þegar ekki er fært á stóru vélunum. Svona einfalt er málið því miður ekki. Og ég vildi nú biðja hæstv. flugmrh. að hugsa sér tilvik, eins og mjög er algengt um Vestmannaeyjaflugið, Flugfélag Íslands kallar út sína farþega í Reykjavík einn góðan veðurdag, og þeir stíga upp í flugvél félagsins hér á flugvellinum, leggja af stað til Vestmannaeyja, en þegar búið er að fljúga hluta af leiðinni eða kannske um það bil alla leiðina, þá kemur það upp úr dúrnum, að vindátt hefur breytt sér eitthvað í Vestmannaeyjum, en það er ekki sjaldgæft fyrirbrigði, og það er ekki hægt að lenda þeirri vél, sem þangað er máske komin, og hún verður að snúa aftur til Reykjavíkur. Þá skilst mér, að farþegarnir ættu að fara yfir í flugvél Björns Pálssonar, minni vél. Það er auðvitað hæpið, hvort þeir kæmust þangað allir, sumir ættu kannske að fara heim til sín eða á hótel sín að nýju og bíða betri tíma. En auk þess skýrði ráðh. frá því hér í ræðu sinni, að það væri ekki fyrirhugað, að Björn Pálsson flygi bara til Vestmannaeyja, heldur eru tilnefndir fjölmargir aðrir staðir, sem honum er einnig ætlað að fljúga á á einni og sömu vélinni, að því er mér skilst, og mætti þá vel svo fara, að flugvél hans væri æði langt undan og ekki til þess búin að taka við farþegunum, sem ekki gátu lent í hinni stóru vél. Ég vil vekja athygli flugmrh. á því, að það er að sjálfsögðu ágætt að geta hugsað sér ódýrar lausnir á málum, en ég er ekki trúaður á það, að sú lausn, sem hann hér hefur tilnefnt, sé nein raunveruleg lausn á samgönguerfiðleikum Vestmanneyinga, þar þurfi að taka miklum mun fastar á.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Þetta, sem ég taldi lausn, ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að það væri hugsað sem lausn til bráðabirgða, þar til unnt verði að leysa málið betur með lengri braut, ef reynslan sýnir, að þess sé þörf. Það er rétt, að það er hugsað, að Björn Pálsson fljúgi til fleiri staða en Vestmannaeyja. En það þarf ekki endilega að hugsa sér, að hann fljúgi það allt á einni og sömu vélinni, því að ef þessi vél, sem hann nú er að kaupa, reynist vel, enda er fengin góð reynsla fyrir henni erlendis, þá hefur hann í hyggju að kaupa aðra vél, og er varla um annað að ræða, ef hann ætlar að fljúga á alla þessa minni flugvelli, sem nefndir voru hér áðan.

Um samvinnuna á milli Björns Pálssonar og Flugfélags Íslands held ég að ekkert þurfi að efast, ég hef rætt bæði við forstjóra Flugfélagsins og Björn Pálsson um þetta, og þeir virðast ekki telja neitt til fyrirstöðu. Og ef vél Björns er ætlað að fljúga til Vestmannaeyja, þegar vafasamt veður er eða slæmt, þá náttúrlega fer Flugfélagið ekki að senda eina af sínum vélum, ef þær eiga á hættu að verða að snúa við, vegna þess að vindur hafi breytzt. Það tekur nú ekki nema 20 mínútur eða svo að fljúga héðan til Vestmannaeyja, í mesta lagi hálftíma, og veðurfregnirnar geta þeir fengið og séð alveg, hvort veðrið er einhlítt eða ekki, þannig að ég held, að við getum látið þá um það að koma sér saman um þetta og það þurfi tæplega að valda vandræðum. Það, sem ég legg áherzlu á, er, að með þessu móti verða samgöngumál Vestmann-

eyinga leyst fyrr en annars hefði verið, ef við hefðum þurft að hugsa okkur 20 millj. kr. brautina strax sem eina lausn fyrir Vestmannaeyjar.

Um það, að viðhaldið hafi verið vanrækt á flugvellinum í Vestmannaeyjum á s. l. ári, það kemur mér alveg á óvart, og ég held, að hv. þm. geri of mikið úr því. Ég minnist þess að hafa heyrt, að það hafi verið ófært einn eða tvo daga, brautin hafi verið ófær einn eða tvo daga, vegna þess að það hafi verið kominn holklaki í hana. En þarf það að vera vegna þess, að viðhaldið hafi verið vanrækt? Skyldi það ekki vera vegna þess, að tíðarfarið hefur verið eitthvað öðruvísi en venjulega? Það hefur runnið þarna til, og um leið og tækifæri gafst til, var þetta vitanlega lagfært, þannig að ég held, að flugbrautin í Vestmannaeyjum sé ekki í neitt slæmu ástandi, eins og nú standa sakir. En ég get fyrirgefið hv. þm. það, þótt hann notaði tækifærið og kæmi þessu að. Það vildi þannig til, að það rann til þarna vatn og það myndaðist holklaki, og það mun hafa verið ófært þarna í einn eða tvo daga í vetur.

Varðandi það, að það hafi verið lofað flugvelli í Vestmannaeyjum fyrr og að vinna þarna meira en gert hefur verið, þá vil ég aðeins segja, að það var 1960, sem verkfræðingi flugmálastjórnarinnar var falið að gera áætlun um heildarkostnað við flugbraut í Vestmannaeyjum, sem þá miðaðist við langa braut og dýra. Það var ekki hafizt handa og byrjað á þessu verki neitt að ráði fyrr en á s. l. ári, og það var vegna þess, að það var ekki fyrr en á s. l. ári, sem möguleikar sáust til þess, að unnt væri að hefjast þarna handa og halda verkinu síðan viðstöðulaust áfram. Það þurfti að flytja jarðýtur út í Vestmannaeyjar og önnur tæki frá flugmálastjórninni, og það þótti ekki hyggilegt að gera það, nema þessi tæki, eftir að þau voru komin þangað, gætu haldið áfram að vinna stöðugt, ekki þyrfti að flytja þau þaðan í burtu eða þau þyrftu ekki að vera þar verklaus. Og svo skal ég viðurkenna það, eins og ég reyndar sagði áðan, að eftir að séð var, að 600 m braut gat verið áfangi, sem kæmi Vestmannaeyingum að gagni, þá var lögð enn meiri áherzla á að ljúka þessum áfanga enn fyrr en annars hefði verið. Og ég hygg, að bæði hv. fyrirspyrjandi og hv. 6. þm. Sunnl. geti verið sammála um, að einmitt þetta er mjög ánægjulegt, að það skuli vera unnt í bili a. m. k. að leysa samgöngumál Vestmanneyinga með þessum hætti.

Það var eitt, sem hv. 6. þm. Sunnl. leyfði sér að fullyrða hér áðan, og er það út af fyrir sig leiðinlegt fyrir hann, að hann skuli fullyrða það hér, að það sé mjög mikill bagi að því, að flugráð hefur ekki enn gert till. um skiptingu flugvallafjár á þessu ári. Hann vildi fullyrða, að það hefði tafið framkvæmdir. Þetta er alveg út í hött. Það hefur ekki tafið framkvæmdir. Það er hvergi verið að vinna að flugvallagerð nú nema í Vestmannaeyjum og verður ekki byrjað að vinna að flugvallagerð annars staðar í landinu fyrr en með vorinu, þegar klaki fer úr og tíðin batnar. Af þeim ástæðum er enginn bagi að því, þótt flugvallafénu hafi ekki enn verið skipt, og það er leiðinlegt að koma hér upp í ræðustólinn eins og hv. 6. þm. Sunnl. og fullyrða svona út í bláinn það, sem allir sjá að hefur ekki við nein rök að styðjast. Flugráð mun gera till. um skiptingu og ráðstöfun á fénu áreiðanlega nægilega fljótt til þess, að það verði bagalaust, og flugmálastjórnin mun nota þetta fé eins skynsamlega og unnt er. Hitt skal ég taka fram hv. 6. þm. Sunnl. til ánægju, að það er alls ekki mín till. sérstaklega, að hv. fjvn. hætti að skipta fénu. En ég hygg, að flugráð og flugmálastjóri hafi gleggri og betri yfirsýn um það, hvernig þessu fé beri að verja, heldur en jafnvel fjvn. Og fjvn. þyrfti að skipta fénu fyrir áramót, en það liggur jafnvel ljósar fyrir, þegar kemur fram í marz-apríl að vori, rétt áður en verkin skulu hefjast, hvar skórinn kreppir helzt að, hvar hafa orðið skemmdir yfir veturinn. Það hafa t. d. orðið skemmdir í Vestmannaeyjum, það hefur runnið til. Í fyrravetur skemmdist talsvert á Egilsstöðum. Það er vitanlega óhjákvæmilegt að taka fé til að gera við það o. s. frv., þannig að það getur verið hægara að ráðstafa þessu fé og úthluta því með góðu móti í marz-apríl heldur en t. d. í desember, ef við legðum nú bara að jöfnu þekkingu og viðsýni hv. fjvn.-manna og flugráðs og flugmálastjórnar. Ég tel, að þetta þurfi að koma hér fram, um leið og sjálfsagt er að mótmæla því, að það sé einhver bagi að því, að flugráð hefur ekki enn gert till. um ráðstöfun á flugvallafénu.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl. gat þess í sinni ræðu, að ég hefði haft það eftir í blaði heima í héraði, að flugmálastjóri hefði tjáð mér, að byrjað mundi verða á byggingu flugbrautar þar árið 1960. Þetta er rétt, ég viðhafði þessi ummæli og gerði það með fullu samþykki og fullri vitund flugmálastjóra. Þegar farið var að líða á það ár og ekki var hafizt handa um verkið, spurðist ég að sjálfsögðu fyrir um það, hvað því ylli, og kom þá í ljós, að undirbúningi verksins hafði ekki verið eins langt komið og flugmálastjóri hafði gert ráð fyrir. Það lá þó ekki aðallega í því frá hans hendi eða skrifstofunnar, heldur hafði það komið fram, að Flugfélagið hafði óskað eftir því, að enn nánar yrði rannsakað með aðstöðu um aðflug og fráflug á þessari fyrirhuguðu braut. Þetta hafði verið gert nokkrum sinnum í ákveðnum vindáttum, og voru flugmenn ekki fullkomlega ánægðir með þá niðurstöðu og óskuðu eftir aðstöðu til að athuga þetta enn frekar, og var það, að ég hygg, ástæðan fyrir því, að ekki var byrjað þá, þegar flugmálastjóri hafði sagt mér, að byrjað mundi verða.

Þetta mál er búið að vera baráttumál Vestmanneyinga um nokkurra ára bil. Ég minnist

þess, að einmitt þegar vinstri stjórnin sat hér frá 1956—1958, þá lögðu Vestmanneyingar alveg sérstaka áherzlu á það, að hafizt yrði handa um undirbúning og framkvæmd verksins og fé áætlað til þess. Það stóð þá þannig á, að hv. 6. þm. Sunnl., sem þá var uppbótaþm. úr Vestmannaeyjum, var þá formaður fjvn., og trúðu menn því í Vestmannaeyjum, að hann mundi gera þetta að sínu baráttumáli og að málinu þar með mundi miða áfram, sem því miður varð ekki frekar en — ég vil segja — um önnur áhugamál og framfaramál Vestmanneyja á þeim tíma, að þau sátu þá öll í hreinni kyrrstöðu og fengu hér enga fyrirgreiðslu.

Það, sem hæstv. flugmrh. sagði um byrjunarframkvæmdir á 600 m braut og þá lausn, sem hann hefur gert hér grein fyrir, var mér að sjálfsögðu kunnugt um, og tel ég það út af fyrir sig vera áfanga, sem rétt er að stefna að, þó að það hins vegar liggi alveg skýrt fyrir, að Vestmanneyingar munu gera kröfu um, að fullkomnari flugbraut verði byggð í Vestmannaeyjum, þegar aðstæður leyfa. Við teljum það aðeins byrjunaráfanga til að leysa málið og leysa úr þeim vandkvæðum, sem eru á flugi til Vestmannaeyja í suðlægum og norðlægum áttum, og ekki verður gert með öðru en þverbraut við þá braut, sem nú er. En ég vil undirstrika það, að við teljum það aðeins byrjunaráfanga. Við munum halda okkar kröfu fram um, að í Vestmannaeyjum verði byggð alveg fullkomin flugbraut fyrir þær vélar, sem nú eru notaðar hér innanlands til bæði mannflutninga og vöruflutninga. Við höfum alltaf haldið fram þeim rökum, sem hafa hér komið fram frá fyrirspyrjanda, hv. 1. landsk. (US), að aðstaða okkar væri þannig, að við fengjum ekkert af því vegafé, sem árlega er tekið inn á fjárlög, og það væri raunverulega það, sem við ættum að fá í vegafé, það væri fé til flugvallarbyggingar. Við höfum um margra ára skeið verið með þá hugmynd í Vestmannaeyjum, að þegar komin er fullkomin flugbraut, sem við köllum, bæði sú braut, sem nú er, og eins þverbraut við hana, þá muni geta skapazt aðstaða til að flytja út flugleiðis hinar dýrari tegundir af okkar útflutningsvörum, sem þá eru einna helzt flatfiskur og humar. Til þess að svo mætti verða, verður að vera þar a. m. k. 1300—1400 m flugbraut, og væri þetta út af fyrir sig geysilegt skref í þá átt að koma útflutningsmálum Vestmanneyinga í betra horf en áður að sumrinu til.

Þetta hefur verið nokkuð rannsakað, eytt bæði fé í það frá bæjarstjórn Vestmannaeyja, gerðar tilraunir með það, og tel ég, að þrátt fyrir það, að sú tilraun, sem gerð var sumarið 1960 eða 1961, — ég man nú ekki alveg, hvort sumarið það var, — ekki gæfi þá raun, sem við kannske fyrir fram höfðum gert okkur vonir um, þá varð þó ljóst, að með því að standa rétt að þessum málum og læra af þeirri reynslu, sem í þeim málum fékkst, muni verða möguleiki á þessu, það megi gera það með miklum hagnaði að flytja út hinar dýrari tegundir af þeim afurðum, sem þar er aflað og þaðan eru fluttar út, með því að flytja þær út með flugvélum, ef aðstaða er til þess hvað flugbrautir snertir. En auðvitað verða flugsamgöngurnar að vera nokkuð öruggar. Þær mega ekki vera háðar því, að vindur breytist, meðan flugvél er á leið til landsins, eða annað slíkt. Og það er kannske þetta, sem er þungamiðjan í því, að við munum halda okkar kröfu áfram um það, að þó að þessi byrjunaráfangi, sem nú er fyrirhugaður, sé lausn á málinu nú í bili, þá verður okkar krafa sú, að haldið verði áfram með byggingu fullkominnar brautar í Eyjum og því máli verði ekki hætt, fyrr en það er komið í það horf, sem við heima í héraðinu teljum fullnægjandi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið inn í mál Vestmanneyinga og flugsamgöngur milli Reykjavíkur og þeirra Vestmanneyinga. En ég veitti því athygli, að hæstv. flugmrh. nefndi í ræðu sinni hér áðan væntanlegt flug Björns Pálssonar og þá stáði, sem hugsað er, að hann fljúgi til. Hann nefndi þ. á m. allmarga flugvelli á Vestfjörðum, sem þyrfti að lagfæra, til þess að Björn Pálsson gæti hagnýtt sér hina nýju flugvél. Ég skildi hæstv. ráðh. svo og trúi því, að ég hafi ekki misskilið hann, að hann telji þetta rétta stefnu, að hagnýta sér þá tækni, sem þarna kemur fram, og undirbúa flugvellina undir þetta væntanlega flug. Ég tel, að hæstv. ráðh. hafi hér alveg rétta stefnu og hér sé um mikilsverða nýjung að ræða, sem sé skylt að viðurkenna, og hæstv. ríkisstj. hefur tekið vel undir.

Ég flutti á undanförnum þremur þingum í röð þáltill. þess efnis, að rannsakaðir væru möguleikar á því að fá til landsins vél, sem hefur hæfileika til að lenda á stuttum flugvöllum. Þessum till. mínum var alltaf vel tekið, og allar voru þær samþ. Alþingi hefur því alltaf sýnt skilning á því, að það ætti að notfæra sér þessa tækni, þ. e. að taka í þjónustu flugsins flugvélar, sem þyrftu stutta flugvelli. Þetta er ekkert hégómamál fyrir þjóðina í heild. Það sparar ekki millj., það sparar tugi millj., ef vel tekst til um þessar tilraunir. Ég benti á ákveðna flugvél, sem hefur verið framleidd í Bandaríkjunum. Nú hefur Björn Pálsson komið auga á nýja tegund flugvéla, sem hefur flesta kosti þeirrar amerísku, og hann hefur ákveðið að hefja áætlunarflug, a. m. k. til Vestfjarða, jafnvel til fleiri staða í þessari væntanlegu flugvél, sem kemur eftir örstuttan tíma, og ég skil hæstv. ráðh. svo og bið hann að leiðrétta það, ef það er ekki rétt hjá mér, að hæstv. ríkisstj. muni styðja að því, að þessi tækni verði hagnýtt, og ég kann hæstv. ríkisstj. þakkir fyrir það.

Það er kvartað undan því, að Vestmanneyingar hafi ófullnægjandi flugsamgöngur, og ég skal ekkert rengja það. En hvað mega þá Vestfirðingar segja? Þar er heill landshluti,

sem missti allar sínar flugsamgöngur í einu, þegar sjóflugvélarnar lögðust niður, og hefur nú loksins aðeins einn flugvöll og hann með einni braut fyrir sínar flugsamgöngur. Ég vona því, að hæstv. ríkisstj. eða hæstv. flugmrh. haldi áfram í þessa stefnu, sem hann hefur nú lýst, að styðja að því, að þessar nýju tilraunir Björns Pálssonar komi að sem mestum notum og að hinir litlu flugvellir víða á Vestfjörðum og víða annars staðar verði lagfærðir í þessu skyni, því að af því leiðir ekki aðeins þann sparnað, sem er á því að losna við að byggja hina geysistóru og dýru flugvelli, heldur færist flugið út og kemur miklu fleiri héruðum og fleira fólki að gagni, ef þessi tilraun tekst. Þegar það er staðreynd, að aðeins 500—600 m flugbrautir geta fullnægt vél, sem getur flutt 16 manns, þá er þetta ekkert hégómamál fyrir flugsamgöngur Íslendinga.

Ég vil því fagna því og þakka hæstv. flugmrh. fyrir það, hversu vel hann hefur tekið undir þessa nýju tilraun, og treysti því, að hann hviki ekki frá því að láta hana heppnast að því leyti, sem hann getur við það ráðið, og stuðli þar með að sparnaði í flugvallagerð og aukningu flugsamgangna í landinu.

10. Brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt:

Fsp. til samgmrh. um brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi [171. mál, 1] (A. 324).

Á 34. fundi í Sþ., 28. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Varamaður minn, Unnar Stefánsson, hefur lagt fram fsp. til ríkisstj. varðandi undirbúning að brúargerð á Ölfusá við Óseyrarnes, á þskj. 324. Tilefni fsp. er, að þessi hv. þm. flutti fyrir tveimur árum till. til þál. um undirbúning brúarbyggingar við Óseyrarnes. Í grg. með till. var upplýst, að brú á Óseyrarnesi hefur verið tekin í brúalög árið 1953 og vegurinn að henni í tölu þjóðvega á árinu 1955. Og samkv. umsögn vegamálastjóra kom það fram, að engin tæknileg vandkvæði væru á byggingu þessara mannvirkja. Einhverjar byrjunarathuganir höfðu farið fram, en ekki hafði verið lögð vinna í nákvæma athugun eða kostnaðaráætlun. Fjvn. fékk till. til athugunar og féllst á það sjónarmið flm., að með byggingu hafnar í Þorlákshöfn skapaðist nýtt viðhorf í atvinnumálum íbúanna á Eyrarbakka, Stokkseyri og í nálægum sveitum, og taldi n. vafalaust, að hagkvæmt væri að tengja fyrirhugaða höfn við þessi byggðarlög. Taldi fjvn. með hliðsjón af þessu, að sú samgöngubót, sem þáltill. fjallaði um, ætti að koma til athugunar ásamt öðrum mikilvægum vega- og brúargerðum, og var málinu á þeirri forsendu vísað til ríkisstj.

Vitað er, að hér er um dýrt mannvirki að ræða, en mjög brýnt fyrir þessi byggðarlög og ekki síst nauðsynlegt fyrir þau að fá úr því skorið, hvort vænta má framkvæmda í náinni framtíð. Þeim er nauðsynlegt að fá úr þessu skorið, því að ef athugun leiddi í ljós, að ekki væri enn tímabært að leggja í þetta mannvirki, er nauðsynlegt að hefjast handa um aðrar ráðstafanir til að efla atvinnulíf og tryggja framtíð þessara gömlu, þéttbýlu byggðarlaga, t. d. með auknum framlögum til hafnarbóta og bættrar aðstöðu til útgerðar, er hæfði aðstæðum. Þess vegna er fsp. fram borin, en hún er á þá leið, hvað gert hafi verið til framkvæmda á þáltill. um undirbúning brúargerðar á Ölfusá við Óseyrarnes.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að það er nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort hugsanlegt er að gera brú í Óseyrarnesi á næstu tímum, tæknilega eða kostnaðarins vegna, og í tilefni af því hefur vegamálastjóra verið skrifað um þetta mál og lagt fyrir hann að gera athuganir á þessu máli. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp bréf frá vegamálastjóra, sem hann hefur skrifað í tilefni þessarar fsp. Vegamálastjóri segir:

„Rn. hefur hinn 2. þ. m. sent mér til umsagnar fsp. Unnars Stefánssonar alþm. á þskj. 324 til samgmrh. um ofangreint mál. Með bréfi, dags. 15. jan. 1962, sendi rn. mér til umsagnar teikningu af brú á Ölfusá hjá Óseyrarnesi, sem gerð hafði verið af fyrirtækinu Hochtief í Essen að beiðni hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps og fyrir milligöngu Gísla Sigurbjörnssonar forstjóra. Með bréfi til rn., dags. 25. jan. 1962, var send umsögn um teikningar Hochtiefs og þar gerð grein fyrir því, að þær væru alls ekki nothæfar sem grundvöllur undir áætlun um brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Einnig var þar vikið að ýmsum atriðum, sem talið var nauðsynlegt að rannsaka ýtarlega í sambandi við áætlunargerð um brú á Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Með bréfi rn., dags. 31. jan. 1962, var lagt svo fyrir, að hefja skyldi rannsóknir þær og athuganir, sem nauðsynlegar væru taldar til undirbúnings áætlana um brúargerð á Ölfusá hjá Óseyrarnesi og nánar voru tilgreindar í bréfi mínu til rn., dags. 25. jan. Var lögð áherzla á það, að þeim athugunum yrði hraðað, svo sem unnt væri.

Samkv. ofangreindum fyrirmælum rn. var raforkumálastjóra ritað hinn 7. febr. 1962 og þess farið á leit, að vatnamælingadeild raforkumálaskrifstofunnar léti setja upp sjálfritandi vatnshæðarmæli við Ölfusárós hið allra

fyrsta. Var þetta gert í júnímánuði 1962. Síðan hafa verið framkvæmdar samfelldar vatnshæðarmælingar á þessum stað og einnig fylgzt með ísalögum á ánni. Mestu sveiflur á vatnsborði, sem mældar hafa verið til þessa, eru 2 m. Það skal þó tekið fram, að síðan vatnshæðarmælirinn var settur, hafa ekki verið nein teljandi ísalög á ánni eða jakastíflur myndazt þar. Þar sem brúarstöplar í Ölfusárósi munu auka mjög hættuna á klakastíflum þar, þegar áin ryður sig, má jafnframt búast við því, að áin geti flætt allmikið upp á bakka sína ofan við ósinn. Þar sem landið upp með ánni er mjög flatlent, er nauðsynlegt að fá árbakkana og landið kortlagt sérstaklega. Á uppdráttum í 1:50000 með 20 m hæðarlínum, er engin leið að sjá, hve langt vatnið muni fara. Landmælingar Íslands eiga frumdrög að kortum, sem teiknuð hafa verið eftir ljósmyndum í 1:25000, og eru kort þau með 10 m hæðarlínum. Þessi kort eru þó hvergi nærri nógu nákvæm til þess að sjá dreifingu vatns upp á bakkana. Var því á s. l. vetri leitað til fyrirtækisins Forverks h/f um kostnaðaráætlun um að kortleggja árbakkana alveg frá ósum og upp fyrir Arnarbæli á hálfs annars til tveggja km breiðu belti í 1:5000 með 1 m hæðarlínum. Kostnaður við slíka kortagerð auk loftmyndatöku og nauðsynlegra mælinga á landi í því sambandi var áætlaður 400—500 þús. kr. eftir því, hve breitt belti yrði tekið. Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir s. l. sumar, var álitið, að kostnaður við þessa kortagerð væri of mikill miðað við notagildi kortanna og fá mætti nothæfar upplýsingar með einfaldari hætti með því að láta hallamæla bakkana og landið upp frá þeim og nota kortin, sem til eru í 1:25000 með 10 m hæðarlínum. Væntanlega verður hægt að fá mælingamenn í sumar til þess að framkvæma nauðsynlegar hallamælingar meðfram bökkum Ölfusár og þá jafnframt tæki og menn til botnrannsókna í ósnum, þó að það sé engan veginn víst, en sennilegt má það þó telja. Miðað við, að nægjanlegt starfslið fáist til þess að ljúka þeim athugunum og mælingum, sem að framan greinir, í sumar, þá þykir mér sennilegt, að á næsta ári verði hægt að leggja fram frumdrög að kostnaðaráætlun um brú á Ölfusá hjá Óseyrarnesi.“

Þetta er það, sem vegamálastjóri hefur að segja, og eins og bréfið ber með sér, hefur hann gert það, sem í hans valdi hefur staðið á s. l. ári, eftir að rn. lagði fyrir hann að láta þessar athuganir fara fram. Það er enginn vafi á því, að brú hjá Óseyrarnesi er mjög kostnaðarsamt fyrirtæki, og hefur verið gizkað á, að sem lágmark væri hægt að tala um 25 millj. og sem hámark 60 millj. Úr þessu þarf vitanlega að fá skorið, áður en ákvörðun er tekin um það, hvort ráðizt verður í þessa framkvæmd. Og það er enginn vafi á því, að íbúar Eyrarbakka og Stokkseyrar óska eftir svörum við þessu sem allra fyrst.

Það er enginn vafi á því, að íbúar á Eyrarbakka og Stokkseyri telja það miklu máli skipta fyrir þau byggðarlög, að það verði gert eitthvað til að bæta lendingarskilyrði í þeim plássum, og það jafnvel þótt hafizt verði handa við þessa brúargerð. Þess vegna er það, að það þarf, um leið og rannsókn fer fram á þessari brú, að láta fara fram nákvæma rannsókn á því, hvað unnt er að gera í lendingarbótum fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri og hversu mikinn kostnað það hefur í för með sér. Og það gæti svo farið, að íbúar á Eyrarbakka og Stokkseyri segðu sem svo: Vitanlega viljum við fá brúna. En ef ekki er unnt að hefjast handa fljótt og ekki er unnt að byggja brúna, á meðan unnið er að hafnargerð í Þorlákshöfn, og ekki hægt að vinna að lendingarbótum á Eyrarbakka og Stokkseyri samtímis, þá býst ég við, að margir íbúar á Eyrarbakka og Stokkseyri segðu sem svo: Við viljum, að það verði unnið að lendingarbótum, áður en hafizt verði handa um brúargerðina. Og það hefur heyrzt á ýmsum þar eystra, að þeir hafi það mikla trú á því, að gera megi lendingarbætur fyrir tiltölulega lítið fé á þessum stöðum, og það sé það, sem þurfi að koma sem allra fyrst, þótt þeir jafnframt óski eftir brúnni.

Hæstv. forseti. Ég held, að ég hafi þá svarað fyrirspurninni.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgmrh. fyrir greinargóð svör, og ég fagna því að hafa heyrt það, að nokkur undirbúningsvinna hefur farið fram þegar í vetur og að fyrirhugað er að halda því áfram í sumar, svo að væntanlega er ekki langt undan að fá úr því skorið, hvort lagt verður í þessar framkvæmdir eða ekki. Það þarf ekki að minna á þá þýðingu, sem þessi byggðarlög, Eyrarbakki og Stokkseyri, hafa fyrr meir haft fyrir Suðurlandsundirlendi sem verzlunarmiðstöð og útgerðarstöð. Ýmsar opinberar ráðstafanir hafa verið gerðar síðustu áratugina, sem hafa eflt nýja þungamiðju á þessu sviði, en frá þessum fyrri tíma eru á Stokkseyri og Eyrarbakka margvísleg verðmæti, bæði frá þeim tíma og síðar, og það er nú einu sinni svo, að það er bágt að standa í stað og annaðhvort munar eitthvað aftur á bak eða nokkuð á leið. Ég vil því alveg sérstaklega fagna þeim ummælum ráðh., að hann tók undir það sjónarmið, sem kom fram hjá mér, að a. m. k., ef ekki yrði af þessu mannvirki, þá yrði nauðsynlegt að gera aðrar ráðstafanir til eflingar þessum byggðarlögum, og nefndi þar einmitt lendingarbætur, eins og ég hafði að vikið. — Ég þakka fyrir svörin.

11. Síldariðnaður á Vestfjörðum.

Á 33. fundi í Sþ., 27. febr., var útbýtt:
Fsp. til sjútvmrh. um síldariðnað á Vestfjörðum [171. mál, 2] (A. 324).

Á 34. fundi í Sþ., 28. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Vegna fjarveru hv. 1. flm. vil ég leyfa mér að mæla nokkur orð um þessa fsp., sem er í tveimur liðum.

Í fyrri liðnum er spurt um, hvað líði athugun þeirri, er framkvæmd skyldi samkv. þáltill. þeirri, er samþ. var á Alþingi 27. maí 1960, um möguleika til starfrækslu verksmiðjanna á Djúpuvík og á Ingólfsfirði. Þessar verksmiðjur voru einu meiri háttar atvinnufyrirtækin á þessum stöðum. Það var því mikið áfall fyrir fólkið, sem þar á heima, þegar aflinn brást ár eftir ár, þar til að síðustu eigendur gátu ekki lengur starfrækt verksmiðjurnar, sem höfðu verið meðal beztu og afkastamestu verksmiðja hér á landi. Nú hefur síldaraflinn aukizt á ný með bættri tækni. Auk þess nýtum við nú betur aflann en nokkru sinni áður í salt, frystingu og niðursuðu. Vegna þess að skipin fá meira fyrir aflann í salt eða frystingu, vilja þau ógjarnan fara með aflann á staði, þar sem ekki er hægt að nýta hluta hans þannig. Þó hafa nokkrar verksmiðjur gripið til þess ráðs að taka við afla veiðiskipanna í önnur skip og flytja til sín, og hefur það gefið allgóða raun. Í þessu sambandi dettur mér í hug, að erlendis er nú farið að flytja vatn, lýsi og olíur í svokölluðum sæslöngum úr plasti. Talið er, að þessir flutningar séu mun ódýrari eða allt að helmingi ódýrari en með skipum. Mér er kunnugt um, að íslenzkur verkfræðingur telur, að ekkert vandamál sé að flytja síld á þennan hátt. Auk þess væri hægt að flytja lýsi, ef á lægi, eða nota þær sem varageyma, ef lýsisgeymar fylltust, sem stundum hefur valdið löndunarstöðvun. Væri vissulega vert fyrir okkur að gefa þessu gaum. Þarna væri væntanlega ekki hætta á, að síldin kastaðist til, eins og komið hefur fyrir í skipunum. Aðalatriðið er, að leitað sé allra ráða til að nýta verksmiðjurnar eða það, sem eftir er af þeim, þar sem þær eru, því að þótt auðið sé að flytja tækin, fara alltaf mikil verðmæti forgörðum, sem ekki koma að notum nema þar, sem þau eru nú, og enginn veit, hvenær síldin fer aftur á fornar síldarslóðir.

Um annan lið fsp. gegnir öðru máli. Á Vestfjörðum frá Patreksfirði að Djúpi eru skilyrði allvíða góð til söltunar og frystingar á síld, og hefur nokkuð verið saltað og fryst á undanförnum árum, þó miklu minna en unnt hefði verið, ef hægt hefði verið að losna við afganginn í bræðslu, þannig að skipin gætu verið viss um að losna við allan aflann, ef þau kæmu þangað. Mikill áhugi er nú fyrir vestan að bæta úr þessu. Er þegar byrjað að breyta fiskimjölsverksmiðjum á nokkrum stöðum, svo að þær geti unnið úr nokkru magni af síld, og í athugun að auka afköstin enn frekar eða byggja nýjar og stærri verksmiðjur. Enn er ótalið, að búið er að reisa verksmiðju í Álftafirði, sem vonir standa til að geti soðið niður síld í stærri stíl en áður hefur verið gert hér á landi. Og á Ísafirði eru starfandi þrjár niðursuðuverksmiðjur, sem hafa allmikla reynslu í niðursuðu.

Um líkurnar á því að fá síld vil ég aðeins segja þetta: Það hefur fengizt síld í frystingu á vorin og stundum í salt á haustin, og að vetrinum er oft ekki lengra eða verra að fara af vetrarsíldveiðum undan Jökli til Vestfjarða heldur en til Reykjavíkur eða hafnanna sunnanvert við Faxaflóa. Áður voru stórar síldarverksmiðjur bæði á Hesteyri og á Flateyri og fengu árum saman nóg af síld. Það mun þar að auki skoðun fiskifræðinga, að síldin fari af miðunum, t. d. undan Jökli, áfram vestur og norður fyrir land. Þó að ekki hafi nema stundum orðið vart við hana á þeirri leið, hefur það kannske meðfram verið vegna þess, að skip hafa ekki verið til staðar. Það hefur verið hætt vetrarsíldveiðum og ekki byrjaðar aðrar sumarsíldveiðar, þegar síldin hefur verið á ferðinni á þessum slóðum. Um smásíldina til niðursuðu er það að segja, að hún hefur veiðzt árlega, þegar hægt hefur verið að selja hana, sem aðallega hefur verið í beitu.

Við fyrirspyrjendur höfum viljað vekja athygli hæstv. ríkisstj. og Alþingis á þessu máli og væntum þess, að hæstv. ráðh. greiði fyrir því, að komið verði til móts við útgerðarmenn og sjómenn í þessum landshluta með síldarleit og leiðbeiningar á þeim tíma, sem fiskifræðingar telja líklegastan til árangurs.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er spurt um framkvæmd á, var borin fram og samþ. á Alþingi 1960 og hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á því fyrir næstu síldarvertíð, hvernig stuðla megi að starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík í framtíðinni. Enn fremur verði athugað, hvar heppilegast sé að koma upp síldarverksmiðjum og feitfiskbræðslum í sambandi við fiskimjölsverksmiðjur."

Á s. l. Alþingi var borin fram fsp. af hv. 4. landsk. þm., sem — með leyfi hæstv. forseta — hljóðaði svo:

„Hvað hefur ríkisstj. gert til framkvæmdar á till. til þál., sem samþ. var á Alþingi 27. maí 1960, um síldariðnað á Vestfjörðum?"

Þessari fsp. var þá svarað og skýrt frá því, að ríkisstj. hefði haft samband við eigendur síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og á Djúpu-

vík, strax eftir að þáltill. 1960 var samþ., og þeir inntir eftir því, hvað gera þyrfti til að halda þessum verksmiðjum gangandi, ef til þyrfti að taka. Þeir gerðu báðir grein fyrir því, hvað til þess þyrfti, og nefndu upphæðir í því sambandi, en hvorugur óskaði eftir að hefja þessar framkvæmdir, á meðan ekki væri meira vitað til síldarinnar heldur en þá var. Þessi bréf, ætla ég, að ég hafi lesið upp í fyrra, þegar fsp. kom þá fram um framkvæmd þáltill., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það hér nú.

Þá var einnig síldarverksmiðjum ríkisins skrifað og þær inntar eftir því, hvort þær gætu og vildu hugsa sér að taka að sér framkvæmdir í því máli, sem þáltill. fjallaði um. Svar barst frá þeim, og ætla ég, að ég hafi einnig lesið það upp í fyrra, þegar málið var hér til umr. eða um það spurt, en aðalniðurstaðan hjá síldarverksmiðjum ríkisins var þessi, með leyfi hæstv. forseta: Vegna aflabrests þess, sem verið hefur á síldveiðisvæðinu vestan Skaga s. l. 17 ár, telur stjórn síldarverksmiðja ríkisins ekki fært að mæla með því, að síldarverksmiðjur ríkisins leggi í kostnað við að stuðla að starfrækslu síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpuvík. Og svo er endanleg niðurstaða síldarverksmiðjanna þessi: Telur verksmiðjustjórnin, að beina þurfi framkvæmdum að þeim stöðum, þar sem líklegast er, að um verulega vinnslu síldar geti orðið að ræða.

Eins og öllum er kunnugt, hafa síldveiðarnar aukizt ákaflega mikið s. l. tvö ár og gífurleg fjárfesting verið um hönd höfð til að reyna að taka við þeirri síld, sem á land berst, til bræðslu, ef ekki væri hægt að vinna hana öðruvísi. Í þeirri veru hafa síldarverksmiðjurnar á Austfjörðum verið stækkaðar og þeim fjölgað. Á s. l. ári voru síldarverksmiðjurnar í Faxaflóa einnig endurbættar mjög verulega og nýjar stofnaðar. En þó verður það að segjast, að þrátt fyrir alla þessa aukningu hefur ekki tekizt að verða við öllum þeim óskum, sem fram hafa komið á þeim svæðum, þar sem ógrynni af síld hefur verið vaðandi og ekki hægt að fullnýta þess vegna. M. ö. o.: viðfangsefnin í síldariðnaðinum hafa öll verið á þeim stöðum, þar sem veiðin hefur verið mest og veiðimagnið hægt að auka eða líkur til þess að væri hægt að auka það, og hefur ríkisstj. þess vegna talið rétt, að þannig yrði í málin farið og á þeim haldið, að fyrst yrði leitazt við að verða við óskum þeirra manna, sem búsettir eru eða hafa sína starfsemi um hönd rétt við þau mið, þar sem síldin er vaðandi, en láta hitt mæta afgangi. Það verður að segjast eins og það er, þar sem engin síld hefur verið til verksmiðjuvinnslu, svo að nokkru verulegu hafi numið, að segja má, þar hafa ekki verið stofnaðar verksmiðjur. Ein verksmiðja hefur verið starfandi fyrir vestursvæðið að norðan, það er síldarverksmiðjan á Skagaströnd, en í hana hefur ekki tekizt að fá nema mjög takmarkað magn af síld og það ekki heldur, þó að þessi aukning hafi átt sér stað á heildarveiðimagninu, sem orðið hefur á s. l. ári og árinu 1961.

Ég fyrir mitt leyti tel sjálfsagt og eðlilegt, að tekið sé undir það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði í niðurlagi sinnar ræðu hér áðan, að leitazt verði við að kanna til hlítar, hvort ekki sé hægt að finna eitthvert síldarmagn á þessum slóðum, meira en verið hefur, og hafa vissulega verið uppi nokkrir tilburðir um það, þó að betur hafi kannske mátt vera. En á meðan málin standa svo, að sums staðar á landinu er mikið síldarmagn vaðandi og of fáar verksmiðjur til að vinna það, þá hefur ríkisstj. talið, að þar bæri að sinna óskunum fyrst, en láta hitt heldur bíða, þangað til sýnt væri, að í þær verksmiðjur, sem þar eru byggðar, væri hægt að fá einhverja þá veiði, sem líklegt væri að gæti staðið undir kostnaðinum.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir greið svör í þessu máli. Ég skil það vel, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins og eigendur síldarverkverksmiðjanna á Djúpuvík og Ingólfsfirði, sem voru orðnir langþreyttir á aflaleysi þarna og sennilega búnir að halda þar út tilraunum til síldveiði lengur en þeim hefur verið kleift fjárhagslega, þeir séu þess vegna ekki færir um eða treysti sér ekki til að hefja þarna tilraunir, fyrr en eitthvað er komið í ljós um möguleika á afla þarna.

Ég vildi aðeins benda á það t. d. með Skagastrandarverksmiðjuna og raunar þessar verksmiðjur líka, að það gæti hent sig, að hægt væri að fá þarna betri nýtingu á því síldarmagni, sem til fellur, á meðan við getum ekki byggt síldarverksmiðjurnar jafnört og síldin veiðist fyrir austan. Þarna eru þó til verksmiðjur, og það hefur komið í ljós, að það er hægt að flytja með sæmilega góðum árangri síld í verksmiðjur við Eyjafjörð a. m. k. og að nokkru leyti Siglufjörð líka, og ef það er rétt, að hugsanlegt sé að fá þarna enn þá ódýrari aðferðir til síldarflutninga, þá væri hugsanlegt, að það væri hægt að flytja í þessar verksmiðjur eitthvað af þeim afgangi, sem verksmiðjurnar fyrir austan ráða ekki við.

Þá vil ég enn fremur þakka hæstv. ráðh. fyrir góðar undirtektir undir mál útvegsmanna og sjómanna fyrir vestan. Þeir hafa verið aðstoðaðir núna, þegar þar eru að rísa upp verksmiðjur og líkur til, að reynt verði við síldveiðar á þeim tíma, sem líklegastur er þar, og treysti ég því, að það verði meira unnið að því en hægt hefur verið undanfarið, einmitt með tilliti til þess, að nú eru möguleikar á að nýta þá síld, sem þar kynni að veiðast, betri en áður hefur verið.

Það er að vísu rétt, að það er ákaflega gott að fá síld í bræðslu. En þó er miklu meira um vert að fá hana, að svo miklu leyti sem það er unnt, nýtta til manneldis, því að það gefur bæði miklu hærra verðmæti fyrir veiðiskipin, sem veiða síldina, og þó enn þá mun hærra útflutningsverðmæti. En til þess eru, eins og

ég gat um áðan, þó nokkrir möguleikar einmitt á Vestfjörðum, ef þar kynni að veiðast meiri síld nú á næstunni en verið hefur undanfarið.

12. Endurskoðun laga um byggingarsamvinnufélög.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var útbýtt:
Fsp. til félmrh. um framkvæmd þál. um endurskoðun laga um byggingarsamvinnufélög [184. mál, 1] (A. 347).

Á 36. fundi í Sþ., 7. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 347 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. félmrh.:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 16. jan. 1961 um endurskoðun laga um byggingarsamvinnufélög?"

Þann 16. jan. 1961 var samþ. á hv. Alþingi till. til þál., þar sem skorað var á hæstv. ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á lögum um byggingarsamvinnufélög. Gerði till. ráð fyrir, að endurskoðun þessi færi fram í samráði við stærstu byggingarsamvinnufélög landsins.

Lögin um byggingarsamvinnufélög eru allgömul orðin, munu vera frá 1952 og sum ákvæði þeirra laga eru úrelt og ósanngjörn í garð félagsmanna byggingarsamvinnufélaga. Samkv. l. er gert ráð fyrir því, að félagsmenn byggingarsamvinnufélaga, sem ráðast í byggingarframkvæmdir, eigi kost á að fá ákveðna aðstoð af hálfu ríkisvaldsins. Sú aðstoð er í því fólgin, að þeir hafa fengið ríkisábyrgðir á lán fyrir hluta af kostnaðarverði íbúða sinna. Meiri hefur aðstoð ríkisvaldsins ekki verið til þeirra. Hins vegar hafa kvaðir komið á móti, sem mörgum finnast æði ósanngjarnar. Þær eru aðallega í því fólgnar, að félagsmenn þessir, sem selja vilja íbúðir sínar, eru bundnir af ákvæðum l. um að selja þær eingöngu til félagsmanna í sama byggingarfélagi og þeir eru sjálfir í og þá fyrir fastákveðið verð, sem er fundið þannig út, að til grundvallar er lagt kostnaðarverð íbúðarinnar, þegar hún var byggð, bætt við þeirri verðhækkun, sem orðið hefur, frá því að íbúðin var reist, samkv. byggingarvísitölu, og frá því dregin fyrning. Það verð, sem þannig fæst út, er oftast, ef ekki alltaf, þó nokkuð langt undir því verði, sem mundi fást fyrir íbúðir þessar, ef þær væru seldar á frjálsum markaði.

Ég held, að þegar hvort tveggja er virt, kvaðir þær og réttindi, sem þessir félagsmenn öðlast með því að ganga í byggingarsamvinnufélög og reisa íbúðir á þeirra vegum, þá sé þar ekki um jafnræði að ræða á milli kvaðanna annars vegar og réttindanna hins vegar. Ríkisábyrgðin er að vísu hjálp við húsbyggjendur þessa út af fyrir sig, en hún kostar ríkisvaldið nánast ekkert. Öruggar tryggingar eru teknar fyrir ríkisábyrgðinni og ríkissjóður hefur allt til þessa dags ekki orðið fyrir neinum fjárhagstöpum vegna veittra ríkisábyrgða til byggingarsamvinnufélaga. Þessu til viðbótar hefur það svo gerzt fyrir tveimur árum eða þar um bil, að félagsmenn, sem byggja á vegum byggingarsamvinnufélaga og fá ríkisábyrgðir á lán til byggingganna, eru nú krafðir um 1% áhættugjald af ábyrgðarfjárhæðinni, sem innheimt er í ríkissjóð. Þegar á þetta er litið, virðist sú fyrirgreiðsla hins opinbera, sem ég áðan var að lýsa, engan veginn réttlæta þær kvaðir og þá takmörkun á frjálsum ráðstöfunarrétti íbúðareigenda þessara á íbúðum sínum, sem lögin gera ráð fyrir. A. m. k. tel ég óverjandi, að þeim kvöðum sé haldið áfram, eftir að búið er að greiða ríkisábyrgðarlánin upp að fullu. Ekki er heldur hægt að sjá, að almannahagsmunir réttlæti þessar kvaðir, eða hví skyldi sá takmarkaði hópur íbúðareigenda, sem byggt hefur á vegum byggingarsamvinnufélaga, búa við lakari rétt en aðrir um frjálsan ráðstöfunarrétt á íbúðum sínum.

Ýmislegt fleira gæti ég nefnt í löggjöfinni um byggingarsamvinnufélög, sem ástæða væri til að breyta, en ég mun ekki fjölyrða um það nú. Nú mun liðið talsvert á þriðja ár frá því, að þáltill. sú, sem ég vitnaði til áðan og fsp. þessi er risin út af, var samþ. hér á þingi, og mætti því ætla, að endurskoðun þeirri, sem hún gerði ráð fyrir, sé lokið. Hins vegar hefur ekkert um þetta mál heyrzt, og talsverður hópur manna, bæði innan þings og utan, hefur áhuga á að vita, hver niðurstaða þeirrar endurskoðunar hefur orðið, ef henni er þá lokið.

Vegna þessa hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp., og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. veiti góð og ýtarleg svör við henni.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, var þessi þál. um endurskoðun lagaákvæða um byggingarsamvinnufélög samþ. á Alþingi 16. jan. 1961 og send félmrn. nokkru síðar. Þar sem þá var starfandi nefnd við endurskoðun húsnæðismálastjórnarlaganna og laganna um verkamannabústaði, þótti eðlilegt, að þessari nefnd væri falið að athuga um þessa endurskoðun og framkvæma hana, og 1. febr. 1961 var formanni þeirrar n. sent svo hljóðandi bréf:

„Hér með sendist yður, herra alþingismaður," — þ. e. alþm. Eggert G. Þorsteinsson, sem er formaður n., — „ályktun Alþingis 16. jan. um endurskoðun lagaákvæða um byggingar-

samvinnufélög. Með bréfum 9. og 20. sept. s. l. skipaði rn. nefnd, sem þér eruð formaður í, til þess að endurskoða gildandi lög um húsnæðismálastofnun ríkisins, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga og opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Það er því í verkahring þessarar n. að framkvæma endurskoðun þá, sem um ræðir í meðfylgjandi ályktun Alþingis, og samkv. ályktuninni ber n. að hafa samráð við stærstu byggingarsamvinnufélögin um endurskoðun gildandi ákvæða um byggingarsamvinnufélög."

Frá formanni n. hef ég nú fengið grg. um málið, sem ég — með leyfi forseta — vildi lesa upp. Hún er svo hljóðandi:

„Með bréfi, dags. 9. sept. 1960, skipuðuð þér, herra félmrh., fimm menn í nefnd til að endurskoða þágildandi lög um húsnæðismálastofnunina o. fl. og opinbera aðstoð við byggingu íbúðarhúsa í kauptúnum, þ. e. verkamannabústaði, og skömmu eftir næstu áramót á eftir, eða 16. jan. 1961, var samþ. á Alþingi till. til þál., þar sem segir m. a.: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta í samráði við stærstu byggingarsamvinnufélögin í landinu endurskoða gildandi lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög." Með bréfi, dags. 1. febr. 1961, fóluð þér n. að taka einnig til endurskoðunar lög um byggingarsamvinnufélög, sbr. fyrrgreinda ályktun Alþingis. Þegar bréf yðar varðandi endurskoðun byggingarsamvinnufélagalaganna barst n., hafði hún hafið allumfangsmikla gagnasöfnun um hið upphaflega verkefni sitt varðandi húsnæðismálastofnunina og verkamannabústaði. Þar sem áherzla var á það lögð af hálfu rn., að n. hraðaði störfum, svo sem kostur væri á, var ákveðið að láta hin upphaflegu störf sitja í fyrirrúmi, til þess að tími ynnist a. m. k. til að skila bráðabirgðayfirliti um þau. Þegar því verkefni var lokið, þ. e. skilað hafði verið bráðabirgðayfirliti um húsnæðismálastofnunina og vel á veg komið frv. um verkamannabústaði, þá samþykkti n. að senda stærstu byggingarsamvinnufélögunum bréf, sem dags. var 25. maí 1961 og hér með fylgir afrit af."

Ég held, að það sé rétt, að ég lesi upp þetta bréf til byggingarsamvinnufélaganna, sem n. sendi út. Það er örstutt og hljóðar þannig:

„Á s. l. vetri fól félmrn. n. þeirri, er nú vinnur að endurskoðun l. um húsnæðismál, að vinna einnig að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 16. jan. 1961, en þar segir svo" — og síðan kemur ályktunin. „Með hliðsjón af framansögðu er þess hér með óskað, að þér látið álit yðar í ljós á því, hvað helzt sé ábótavant í núgildandi lögum um byggingarsamvinnufélög. Aths. yðar eruð þér beðnir að senda nefndinni" o. s. frv. „N. væntir þess, að þér takið mál þetta til athugunar og sendið álit yðar á öllu því, er þér teljið, að til úrbóta megi verða í þessum málum."

Þetta bréf var sent öllum stærstu byggingarsamvinnufélögunum, sem samkv. bréfi Sambands ísl. byggingarfélaga, dags. 19. maí 1961, voru innan vébanda þess. En svör við þessari málaleitun bárust aðeins frá 2 félögum. Eitt félag bað um frest til að svara fyrrgreindum bréfum n., og var sá frestur fúslega veittur, en frekari svör bárust n. ekki.

Eins og fyrr er frá greint, hefur n. þegar skilað fullnaðarafgreiðslu á l. um verkamannabústaði og bráðabirgðabreytingum á l. um húsnæðismálastofnunina o. fl., en hvort tveggja er nú að meginefni orðið að lögum. N. mun halda áfram endurskoðun sinni og mun þá að sjálfsögðu einnig m. a. vinna áfram að endurskoðun l. um byggingarsamvinnufélög, þrátt fyrir framangreinda erfiðleika um það að vita almennan vilja viðkomandi byggingarsamvinnufélaga til breyt. á hinum gildandi lögum."

Ég hef raunverulega mjög litlu við þetta að bæta. Það er rétt, að það hefur orðið nokkur dráttur á, að þessi endurskoðun færi fram, en þar er tvennu um að kenna að mínu áliti. Annað, að n. hafði til að byrja með ærið verkefni í endurskoðun verkamannabústaðalaganna og húsnæðismálastjórnarlaganna, sem nú er að verulegu leyti lokið, og dróst þess vegna nokkuð, að hún hæfi störf sín um það mál, sem þál. fjallar um, en þó voru það ekki meir en 2—3 mánuðir röskir, frá febrúar til maí 1961, og þá sendi hún út sitt bréf til byggingarsamvinnufélaganna allra, en fær ekki líflegri undirtektir en í bréfi formannsins kemur fram, og hefur það að sjálfsögðu valdið nokkru um þann drátt, bæði seinkað störfum n. og tafið þau að öðru leyti. — Ég vænti, að hv. fyrirspyrjandi telji þetta svar fullnægjandi.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir góð svör við þeirri fyrirspurn, sem ég hef borið fram til hans. Það gleður mig að heyra, að unnið er að endurskoðun l. um byggingarsamvinnufélög, þótt ég verði að segja, að sú endurskoðun virðist ganga grátlega hægt eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf um gang málsins hjá þeirri n., sem málið hefur til athugunar.

Mér kemur það dálítið spánskt fyrir að heyra það upplýst, að staðið hafi mjög á svörum frá stærstu byggingarsamvinnufélögum landsins við þeim fyrirspurnum, sem n. sendi þeim. En ég vil þó ekki draga það í efa, að þar sé rétt með farið. En á hitt vil ég benda, að það er ómögulegt að fallast á, að n. geti setið og haldið að sér höndum og ekki unnið að þeirri endurskoðun, sem hún á að gera skv. ákvörðun rn., þótt henni berist ekki svör frá öllum byggingarsamvinnufélögum, sem hún hefur sent erindi til. Þess vegna vil ég vænta þess, þrátt fyrir þennan annmarka, sem virðist á vera, að n. hraði nú mjög störfum, þannig að hún geti lokið þeirri endurskoðun á löggjöfinni um byggingarsamvinnufélög, sem henni hefur verið fyrirskipað að vinna að, á skömmum tíma hér eftir. Ég vil svo þakka svör hæstv. ráðh.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Af því að svo vildi til, að ég var fyrri flm. þeirrar þáltill., sem á sínum tíma var samþ. hér í Alþingi um endurskoðun l. um byggingarsamvinnufélög, vildi ég aðeins leggja örfá orð í belg í sambandi við umr. þessar.

Ég vil taka alveg efnislega undir rök hv. fyrirspyrjanda um nauðsyn þess að endurskoða þessi lög og þær breyttu aðstæður, sem eru orðnar, frá því að lögin upphaflega voru sett, sem valda því, að aðilar að byggingarsamvinnufélögum bera í rauninni í dag óeðlilegar skyldur og á þeim hvíla óeðlilegar kvaðir, miðað við þau hlunnindi, sem þeim eru veitt með þessum lögum. Ég þarf því ekki að endurtaka þau rök.

Það er hins vegar rétt, að það var gert ráð fyrir því í þál. á sínum tíma, að lögin væru endurskoðuð í samráði við stærstu byggingarsamvinnufélögin, og það er því ekkert óeðlilegt, þó að n., sem fékk málið til meðferðar, kynnti sér skoðanir samvinnufélaganna, því að vitanlega var hugsunin með þessu sú, að þessi samvinnufélög, sem mörg hafa orðið langa reynslu í þessum efnum og einmitt hafa rekið sig á ýmsa annmarka í sambandi við löggjöfina, gætu komið að sínum sjónarmiðum. Og ég verð sannast sagna að láta í ljós undrun yfir því, að byggingarsamvinnufélögin skuli ekki hafa brugðizt betur við þessari endurskoðun og í rauninni tekið því fegins hendi, að þeim væri gefinn kostur á því, að lögin væru endurskoðuð og fá að koma sjónarmiðum sínum fram í sambandi við þessa endurskoðun. En það virðist vera staðreynd málsins, að áhugi þeirra í þessu efni sé ekki mikill. Ég tel eins og hv. fyrirspyrjandi, að það megi ekki verða þess valdandi, að lögin séu ekki endurskoðuð og reynt að lagfæra þá annmarka, sem tvímælalaust eru á þeim orðnir nú, þótt ég verði að afsaka þá n., sem að þessu hefur unnið, að þetta hafi dregizt nokkuð, einmitt með hliðsjón af því, að hún hefur ekki fengið þessa aðstoð, sem vænta mátti að hún fengi.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta. Ég vil aðeins taka undir það með hv. fyrispyrjanda að bera fram þá ósk, að hvað sem líður því, hvort samvinnufélögin eru fús til samvinnu um þetta eða ekki, þá verði málinu efnislega haldið áfram og endurskoðun framkvæmd á grundvelli þeirra atriða, sem sérstaklega hefur verið bent á að séu gölluð í þessum lögum.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég tel eðlilegt, að það komi fram, þar sem hér er um allmörg byggingarsamvinnufélög að ræða, sem fengu hinar bréflegu óskir umræddrar mþn., þar sem farið var fram á, að þau létu í ljós þá ágalla, sem þau teldu vera á núgildandi lögum um byggingarsamvinnufélög, að þar sem aðeins tvö bréfleg svör bárust við þessum óskum, þá tel ég rétt, að það komi fram, að þau félög, sem þarna svöruðu nánast strax, voru Byggingarsamvinnufélag lögreglumanna og Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur. Frá öðrum byggingarsamvinnufélögum bárust n. engin svör, þrátt fyrir að rík áherzla var á það lögð, að þau létu frá sér heyra um þá ágalla, sem þau teldu vera á núgildandi lögum um þessi efni.

Áður en umrædd þál., sem er undirrót þessarar endurskoðunar, var samþ. hér á þingi, höfðu farið fram um það allmiklar umræður hér, hver nauðsyn væri á endurskoðun þessara laga, og ætla ég mér ekki að efast um allar þær röksemdir, sem fyrir því voru færðar, að endurskoðunin færi fram. En ég ætla þó, að þm. sé ljóst, að það er dálítið erfitt að hefja slíka endurskoðun án þess að hafa fyrir sér allvíðtæka reynslu, sem forustumenn þessara byggingarsamvinnufélaga hljóta óhjákvæmilega að hafa í þessum efnum, og virðist það stangast nokkuð á, annars vegar rökin, sem fyrir því voru færð, að lögin skyldu endurskoðuð, og hins vegar það áhugaleysi, sem virðist vera hjá byggingarsamvinnufélögunum um þessi efni, ef frá eru talin þessi tvö félög.

Eins og hæstv. ráðh. skýrði frá, verður að sjálfsögðu unnið að þessu áfram. En æskilegra hefði verið, að fleiri álit lægju fyrir n. en þegar hefur tekizt að afla, áður en endanleg afgreiðsla málsins fer fram.

13. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi.

Á 35. fundi í Sþ., 6. marz, var útbýtt:

Fsp. til sjútvmrh. um *vísindalegt* eftirlit með dragnótaveiði í fiskiveiðilandhelgi [184. mál, 2] (A. 347).

Á 36. fundi í Sþ., 7. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Með l. nr. 40 9. júní 1960 var samþ. að heimila takmörkuð leyfi til dragnótaveiði í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Mál þetta hafði um nokkra áratugi verið mikið deilumál innan þings og utan, og menn skiptust í fylkingar eftir því, hvort þeir vildu leyfa þessar veiðar að einhverju leyti eða banna þær með öllu.

Tilgangur okkar fyrirspyrjenda með þeirri fyrirspurn, sem ég mæli nú fyrir, er ekki sá að vekja upp þessar gömlu deilur um málið, enda ber orðalag fyrirspurnarinnar þess glöggt vitni. Hitt er heldur, að okkur fyrirspyrjendum og vafalaust mörgum öðrum leikur forvitni á að vita, hvaða áhrif dragnótaveiði í fiskveiðilandhelgi í Faxaflóa hefur haft á fiskistofna þar. Vil ég í því sambandi vekja athygli hv. þm. á frv., er hv. 4. þm. Vesturl.,

Jón Árnason, flytur í Ed., um bann við dragnótaveiði í Faxaflóa.

Í 5. gr. l. nr. 40 frá 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiði í landhelgi, er gert ráð fyrir því, að fiskideild atvinnudeildar háskólans skuli fylgjast stöðugt með dragnótaveiðum í landhelgi og gera ráðuneytinu aðvart, ef hún telur hættu á, að veiðarnar gangi of nærri stofnum nytjafiska eða spilli á einhvern hátt framtíð íslenzkra fiskveiða. Við lestur þeirra umr., sem urðu á hv. Alþingi, þegar frv. að l. nr. 40 frá 1960 var þar til meðferðar, má mjög glöggt sjá, að flestir af meðhaldsmönnum málsins undirstrikuðu dyggilega, að fylgi þeirra við málið byggðist ekki hvað síst á því, að þetta vísindalega eftirlit mundi gera mögulegt að vara við hættu af ofveiði í tíma og stöðva mætti þá þessar veiðar fyrirvaralítið, ef þörf sýndist á því. Til slíks hefur ekki komið hingað til, og bendir það út af fyrir sig til þess, að fiskifræðingar okkar telji hér enga eða ekki mjög umtalsverða hættu á ferðum. Hins vegar er það staðreynd, að margir og þá ekki síst ýmsir starfandi sjómenn hafa aðra sögu að segja, og með allri virðingu fyrir okkar ágætu fiskifræðingum finnst mér ekki hægt að skella skollaeyrum við staðhæfingum þessara reyndu manna, sem hafa margir hverjir stundað fiskveiðar í Faxaflóa um áratugaskeið.

Þessi fyrirspurn er borin fram til þess að leiða staðreyndir málsins fram í dagsljósið, svo að ekki þurfi að fella sleggjudóma um, að stórkostleg hætta sé á eyðingu fiskistofna í Faxaflóa af völdum dragnótaveiði, ef slíkt á sér enga stoð í veruleikanum að dómi fiskifræðinganna.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er: Hver áhrif hefur heimild til dragnótaveiði í fiskveiðilandhelgi í Faxaflóa haft á fiskistofna þar, sbr. 5. gr. l. nr. 40 1960? Mér þótti rétt að leita eftir upplýsingum um þetta til þess aðila, sem í l. er gert ráð fyrir að leitað skuli til, þ. e. a. s. til atvinnudeildar háskólans, þó að mér skildist nú á fyrirspyrjandanum, að kannske hefði átt að leita til fleiri en til rannsóknarstofu, þar eð fullt eins mikið mark væri takandi á umsögnum annarra manna um þessa hluti og vísindamanna fiskideildar. En það hefur ekki verið gert, það verð ég að játa, ég hef eingöngu stuðzt við þessa umsögn, sem ég hef fengið frá forstjóra eða deildarstjóra fiskideildar atvinnudeildarinnar, dr. Jóni Jónssyni, sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, hann segir:

„Til eru samanhangandi árlegar rannsóknir á fiskistofnum í Faxaflóa á árunum 1924—39 og frá árinu 1953 og fram á þennan dag. Á fyrra tímabilinu var yfirleitt farin ein rannsóknarferð á ári, en á síðari tímabilinu hafa verið farnar allt að 4 rannsóknarferðir árlega. Í ferðum þessum hefur verið safnað saman ýmsum upplýsingum um ástand fiskistofnanna. Gerðar voru kerfisbundnar lengdarmælingar og aldursákvarðanir, framkvæmdar merkingar á þorski, ýsu og skarkola og gerðar athuganir á magninu af hinum einstöku tegundum á ákveðnum veiðisvæðum, en það verður helzt ákvarðað með því að mæla þann fjölda fiska, sem aflast í botnvörpu á ákveðinni tímaeiningu, og er þá talað um aflamagn á togtíma.

Þær tegundir, sem mestu máli skipta í afla báta í Faxaflóa, eru þorskur, ýsa og skarkoli. Árið 1961 var heildarafli sá, sem landað var í vinnslustöðvar í Faxaflóa, 7717 tonn, en af því magni voru 3800 tonn þorskur, 2268 tonn ýsa og 650 skarkoli. Samtals námu þessar 3 tegundir því um 87% af heildarmagni aflans. Sé athugað, hve mikill hluti þetta er af heildaraflanum í landinu, þá kemur í ljós, að hér er um að ræða tæp 2% af heildarþorskaflanum, um 5.5% af ýsuaflanum og 14.8% af skarkolaaflanum."

Síðan rekur hann nokkuð um hinar ýmsu tegundir, fyrst um þorskinn og segir:

„S. l. 2 ár hefur þorskafli í tilraunaveiði á Bollasviði og í Garðsjó verið allmiklu lægri en á árinu á undan. Reynslan sýnir, að mjög miklar árlegar sveiflur eru í tilraunaveiði að því er snertir þessa tegund, og stafar það að miklu leyti af breytilegum fiskigöngum, og því hætt við, að svo fáar veiðitilraunir sem hér er um að ræða gefi ekki rétta mynd af hinu raunverulega ástandi að því er snertir magn. Ef við lítum á aldursdreifinguna í afla dragnótabátanna árið 1961, þá voru tæp 99% af fiskinum á aldrinum 3—7 ára, en langflestir 5—6 ára gamlir.

Það er mjög fróðlegt að bera saman, hvað veiðzt hefur af hinum einstöku aldursflokkum af þorski í dragnót sumarið 1961 og á línu og net á vetrarvertíðinni sama ár. Er það sýnt í eftirfarandi töflu," — sem hann stillir hér upp á eftir, — „um veiðimagn á línu og í net annars vegar á vertíðinni og hjá dragnótabátum hins vegar. Það kemur t. d. í ljós, að aðalveiðimagn dragnótabátanna af þorski er af 6 ára aldursflokki, og það er líka aðalflokkurinn fyrir neta- og línufiskinn, en af þessum aldursflokki er veitt í dragnót 1500 tonn rúm, en á línu og í net á vertíðinni sama ár 29 800 tonn. Af þorski á aldrinum 4—6 ára hafa veiðzt 3241 tonn í dragnót, en 41 225 á línu og í net eða tæplega 13 sinnum meira en veitt er í dragnótina af þessum sömu árgöngum. Sá línu- og netafiskur, sem hér um ræðir, er að miklu leyti af sama stofni og dragnótafiskurinn, tiltölulega staðbundinn fiskur, sem að nokkru leyti er að hrygna, en sumpart óþroskaður fiskur, sem leitar dýpra út á veturna. Mælingar um borð í dragnótabátum og á afla í landi sýna, að mjög lítið af þorski undir 50 cm að lengd veiðist í dragnót, sem hefur þá möskvastærð, sem krafizt er."

Þá segir hann um ýsuaflann: „Þegar Faxaflóa var lokað árið 1952, var að alast þar upp mjög sterkur ýsuárgangur frá árinu 1949. Ári seinna bættist annar sterkur árgangur af ýsu við, fæddur 1950, og báru þessir tveir árgangar uppi ýsuveiðina í flóanum fram til ársins

1956, en þá bættist enn við nýr árgangur frá árinu 1951. Þessi árgangur ásamt árganginum frá 1950 bar svo uppi veiðina allt fram til ársins 1959. Í tilraunaveiði í Garðsjó í ágúst 1954 fengust 1350 ýsur á togtíma, en árið 1958 fengust á sama stað og um líkt leyti ekki nema 350 ýsur eða næstum því að segja ekki nema ¼ af því, sem veiddist 1954, og var þó 1958 engin dragnótaveiði komin til sögunnar. En 1958 veiddust einungis 350 ýsur á togtíma, og virðist aðalskýringin á þeirri rýrnun vera sú, að ýsan hafi gengið jafnt og þétt út úr flóanum, eftir að hún náði kynþroskaaldri, og ekki komið aftur nema að mjög óverulegu leyti, því að á þessum árum er ekki um að kenna veiði, svo að nokkru nemi. Árið 1959 kom svo til sögunnar nýr ýsuárgangur í flóanum, fæddur árið 1956, og við það jókst aflinn í tilraunaveiði í Garðsjó í tæplega 800 fiska á togtíma. Frá þessum tíma hefur veiðin aðallega byggzt á þessum árgangi og árganginum frá 1957, og hefur nú sama sagan endurtekið sig að því er snertir aflamagn á tilraunasvæði, og var aflinn aðeins 146 fiskar á togtíma í Garðsjó í ágúst 1962. Ekki er vafamál, að dragnótin á hér einhvern þátt í, en hve mikinn, vitum við ekki enn þá né heldur hvort það er á nokkurn hátt hættulegt stofninum. Hins vegar má geta þess, að í leiðangrinum, sem farinn var í nóv. 1962, fengust 458 ýsur á togtíma í Garðsjó, og var það mjög vænn fiskur, að meðallengd 51 cm.

Eins og að framan getur, eru mjög miklar sveiflur í ýsustofninum, sem að mestu leyti orsakast af missterkum árgöngum. Af þeim orsökum var t. d. ýsustofninn í Faxaflóa árið 1960, þegar dragnótaveiðar hófust, aðeins um það bil ⅓ þess, sem hann var 1954. Ýtarlegar mælingar á ýsuafla dragnótabáta, bæði um borð í bátunum og á afla þeim, sem lagður hefur verið í land, hafa leitt í ljós, að ekki fæst í dragnót fiskur, sem er undir 40 cm, og langmest af fiskinum er yfir 45 cm að lengd."

Um skarkolann segir svo:

„Það eru því miður ekki eins fullkomnar upplýsingar. Gerðar hafa verið yfirgripsmiklar rannsóknir á þessari tegund, bæði í Faxaflóa og víðar umhverfis landið, en vegna fjarveru þess sérfræðings, sem hefur þau gögn með höndum, verður nánari umsögn um þennan stofn að bíða. Þó má geta þess, að aflamagn í tilraunaveiði í Garðsjó og á Bollasvíði jókst mjög frá 1953—1956, árið 1957 féll aflamagnið, en jókst svo aftur fram til ársins 1959, en féll á árunum 1960 og 1961, en jókst svo aftur 1962."

Þetta er það, sem fiskifræðingurinn hefur um málið að segja, og ég vænti, að það gefi þær upplýsingar, sem vænta má um þetta mál. En heildarniðurstaða hans, sem bæði kemur að nokkru leyti fram í bréfinu, og þó hefur hann sagt mér hana enn ýtarlegar munnlega, er sú, að hann telur, að þær rannsóknir, sem fram hafa farið á hinum síðustu árum, nægi ekki til að skera úr um það, hvort hér sé gengið of nærri stofninum eða ekki, þessum rannsóknum verði að halda áfram enn um skeið, ef endanleg niðurstaða eigi um það að fást, án þess að of fljótfærnislega sé að því hrapað að draga ályktun af þeim takmörkuðu tilraunum, sem gerðar hafa verið. En sem sagt, tilraunirnar hafa farið fram og tilraunirnar halda áfram.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau ýtarlegu svör, sem hann gaf við þeirri fsp., sem ég talaði fyrir hér áðan. Eins og ég sagði í frumræðu minni, var meiningin með flutningi þeirrar fsp., sem nú er verið að ræða, ekki sá að vekja upp það deilumál, gamalt og nýtt, hvort réttlætanlegt eða viturlegt sé að leyfa dragnótaveiði í íslenzkri landhelgi, og skal ég ekki að því víkja. En það er eitt atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh., sem mig langar til að víkja örfáum orðum að.

Hæstv. ráðh. lét sem hann hefði skilið orð mín þannig, að í þeim fælist einhver vantrú á fiskifræðingana okkar og þau störf, sem þeir vinna. Ég vil af þessu tilefni taka fram, að mín skoðun er einmitt sú, að fiskifræðingarnir og það starf, sem þeir vinna í þágu íslenzks þjóðfélags, sé hið mikilsverðasta og á margan hátt algerlega ómetanlegt fyrir velferð þessarar þjóðar, og ég fæ ekki skilið, að hæstv. ráðh. hafi getað dregið þá skoðun, sem virtist koma fram í þeim orðum, sem hann sagði hér áðan, af þeim ummælum, sem ég viðhafði, þegar ég fylgdi þessari fsp. úr hlaði. Hitt er svo aftur á móti staðreynd, sem ég veit að bæði hann kannast við og ýmsir aðrir, að margir og þá kannske ekki sízt sjómenn halda því fram, að dragnótin gangi hættulega nærri fiskistofninum. Hvort þessi skoðun þeirra byggist á eintómri vitleysu eða einhverju öðru, skal ég ekkert um segja. En ég vil bara lýsa því yfir, að mér finnst ástæða til þess, að bæði þessir menn og svo allur almenningur, sem þetta mál svo sannarlega varðar miklu, fái að vita um skoðanir þær, sem fiskifræðingarnir hafa á þessu máli nú í dag, og einmitt af því og eingöngu þess vegna er sú fsp., sem ég hef borið fram ásamt hv. 3. þm. Norðurl. e., borin fram. Við henni hef ég nú fengið glögg og ýtarleg svör frá fiskifræðingunum, og eftir þeim svörum að dæma virðist reynslutíminn enn þá vera of stuttur til þess, að þeir telji sig geta dæmt um það, hvort dragnótaveiðin í Faxaflóa gengi hættulega nærri fiskistofnunum þar.

Jón Árnason: Herra forseti. Út af þeim umr., sem fram hafa farið varðandi dragnótaveiðar í Faxaflóa undir vísindalegu eftirliti, vildi ég aðeins segja nokkur orð.

Á þskj. 282 hef ég leyft mér að bera fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 frá 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti. Efni þess frv. felur það í sér, að dragnótaveiðar verði með öllu bannaðar í Faxaflóa.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í

hvert skipti, sem útfærsla landhelginnar hefur átt sér stað eða aukin friðun á fiskimiðunum með þau veiðarfæri, sem valda mestu tjóni á ungfiskinum, en það eru tvímælalaust dragnótaveiðar og hvers konar botnvörpuveiðar, þá hefur það haft veruleg áhrif til aukningar á fiskistofnum á öllum grunnmiðum umhverfis landið. Þessi staðreynd kemur glöggt fram í bréfi og skýrslum, sem atvinnudeild háskóla Íslands, fiskideildin, skrifar til sjútvmrh. eða sjútvmrn. þann 5. nóv. 1958. Það, sem mest er áberandi og talar skýrustu máli um þá hagstæðu þróun, sem á sér stað undir þeim aðstæðum, sem skapast við friðunina, er, að hvort tveggja fer saman: aukin fiskmergð eða fjöldi fiska á hvern togtíma, auk þess sem meðalþyngd fisksins hefur stóraukizt. Þeir menn, sem gerzt hafa harðastir talsmenn dragnótaveiðanna, hafa fært sem rök fyrir sínu máli, að gífurlegt magn sé á fiskimiðunum af ýmiss konar flatfiski, sem verði ekki veiddur með nokkrum árangri með öðru veiðarfæri en dragnót eða botnvörpu. Það kom og skýrt í ljós við þær umr., sem fram fóru hér á Alþingi 1960, þegar lögfest var að nýju heimild um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelginni undir vísindalegu eftirliti, að það var ótvírætt skoðun þeirra dragnótarmanna, að flatfiskurinn lægi jafnvel í lögum hver ofan á öðrum á sjávarbotninum og biði þess eins að verða ellidauður.

Það ber vissulega að viðurkenna, að flatfiskurinn er bæði verðmikil útflutningsvara og hagnýting hans í fiskiðjuverum landsins skapar mikla atvinnu. En hitt ber einnig að hafa í huga, að sá góði fiskur getur verið keyptur of dýru verði, ef ekki reynist unnt að hagnýta aflann með öðrum hætti en nota til þess veiðarfæri, sem miskunnarlaust tortíma uppfæðingi annarra nytjafiska, sem allt til þessa hafa verið traustari uppistaða í þeim sjávarafla, sem íslenzka þjóðin hefur um aldir byggt líf sitt og afkomu á. Sú reynsla, sem þegar er fengin af dragnótaveiðunum, sýnir, að því fer víðs fjarri, að uppistaðan í afla dragnótabátanna sé flatfiskur. Kemur það skýrt fram í þeim athugunum, sem atvinnudeild háskólans, fiskideildin, hefur gert og fram kom í þeirri skýrslu, sem hæstv. ráðh. las hér áðan. Á árinu 1961 er heildarafli dragnótabátanna hér, eins og þar segir, 7717 tonn. En það er eftirtektarvert, hvernig skiptingin er. Af afla þessum eru 3800 tonn þorskur, 2268 tonn ýsa, en aðeins 650 tonn skarkoli eða flatfiskur, en annar fiskur er þá tæplega 1000 tonn. Af þessu er ljóst, að ef dragnótabátarnir ættu að byggja afkomu sína á skarkolaveiðunum, nægði það hvergi nærri til þess að ná endunum saman.

Til þess að gera dragnótaveiðarnar hættuminni fyrir uppfæðinginn en ella er möskvastærð nótarinnar ákveðin samkv. reglugerð af ákveðinni lágmarksstærð, og er þá ætlað, að allur smæsti fiskurinn sleppi þar í gegn. Það er hins vegar staðreynd, að þrátt fyrir öll slík ákvæði er um óhemjumagn að ræða af smáfiski, sem kemur upp í nótinni og síðan er mokað steindauðum í sjóinn aftur. Um þetta ber öllum sjómönnum saman og þeim, sem staðreyndir vilja viðurkenna í þessum efnum.

Í bréfi atvinnudeildar Háskóla Íslands til sjútvn. Ed. Alþingis nú þann 11. þ. m. í sambandi við umsögn deildarinnar um það frv., sem ég í upphafi minntist á, kemur það m. a. fram, að nú s. l. 2 ár hefur þorskafli í tilraunaveiði að sumarlagi á Bollasviði og í Garðsjó hér í Faxaflóa verið allmiklu minni en hann var árin á undan, meðan dragnótin var enn ekki leyfð. Í þessu sambandi benda fiskifræðingarnir á, að þetta muni stafa að miklu leyti af breytilegum fiskigöngum og sé því hætt við, að fáar veiðitilraunir gefi ekki alls kostar rétta mynd. Þetta kann vel að vera. Hins vegar liggur fyrir það álit hjá fiskimönnum þeim, sem veiðar stunda í flóanum, að fiskimagnið, sem nú er í Faxaflóa eða hefur verið sérstaklega hin tvö síðari ár, sé að miklum mun minni en það var áður, þegar dragnótaveiðarnar voru leyfðar. Þessi niðurstaða, sem rannsóknirnar í Faxaflóa hafa leitt í ljós um hinn allmiklu minni þorskafla, sem nú er fyrir hendi, tel ég að séu enn þá athyglisverðari, þegar það er haft í huga, að þessir sömu menn, eða a. m. k. annar þeirra, hafði spáð því fyrir vertíðina 1962, að þorskaflinn, sem þá gengi að ströndum landsins, mundi verða a. m. k. 40% meiri en hann var á árinu næst á undan. Það finnst mér vera athyglisvert, þegar þetta skeður, á sama tíma sem spá þessara manna kveður á um, að aflinn muni aukast svona. Samt sem áður á þetta að vera í beinu sambandi við fiskigöngurnar.

Þegar rætt er um og teknar til athugunar þær tölur, sem fyrir hendi liggja varðandi þorskstofninn, sem er hér í Faxaflóa og annars vegar er veiddur í dragnót og hins vegar er veiddur á línu, þá ber að hafa það í huga, að mjög mikið af þeim afla, sem á land er dreginn, sérstaklega af línubátunum, er veiddur langt fyrir utan landhelgislínuna, langt fyrir utan Faxaflóa. Línuveiðarnar geta ekki nú byggzt á þeirri veiði, sem bátarnir geta fengið í flóanum sjálfum, eins og algengt var hér áður, því að þá var yfirleitt ekki róið nema 2—3 klst. frá landi. Nú dugir ekki sólarhringurinn í róðurinn, vegna þess að það þarf að sækja fiskinn út í hafsauga. Þess vegna er það ekki að því leyti rétt, að sá fiskur, sem er talinn með í veiðinni hjá línubátunum, er raunverulega veiddur langt fyrir utan Faxaflóa, og það ættu fiskifræðingarnir bezt að þekkja.

Það er líka eftirtektarvert í því bréfi, sem hæstv. ráðh. las hér áðan, að þessi geysilegi munur skuli hafa getað átt sér stað á jafnskömmum tíma og hér um ræðir, að 1956 kemur það í ljós, að það fást 800 fiskar af ýsu í einum togtíma, en á s. l. sumri er þetta komið hjá fiskifræðingunum niður í 146 fiska. Þetta eru athyglisverðar upplýsingar og tölur, sem tala skýru máli um, hvernig hér er komið.

Ég vil að lokum segja það, að með hliðsjón af því, að mál þetta, hvað Faxaflóa við kemur, verður til umr. hér á hv. Alþingi í sambandi við afgreiðslu á þskj. 282, þá sé ég ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að orðlengja frekar að sinni um mál þetta.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði, sem mig langaði til að benda sérstaklega á af því, sem fram kom í þeirri skýrslu, sem hæstv. ráðh. las frá atvinnudeildinni.

Fyrst er að minnast þess, að dragnótaveiðarnar voru leyfðar aftur í landhelgi undir visindalegu eftirliti og í trausti þess, að hægt væri að fylgjast með og gefa aðvaranir í tíma og breyta til, ef í ljós kæmi, að hætta væri á ferðum. Ég treysti mér ekki til þess að draga miklar ályktanir óundirbúið af þeim tölum, sem hæstv. ráðh. las frá fiskifræðingunum. En hinu tók ég eftir, að aðalniðurstaðan var sú, eins og raunar hæstv. ráðh. benti á í lokin, að atvinnudeildin eða fiskifræðingarnir treysta sér ekki til þess að skera úr um það á þessu stigi málanna, hvort dragnótaveiðarnar hafi skaðleg áhrif eða ekki. Mér fannst það koma fram, að þetta væri ekki eingöngu vegna þess, hve stuttur tími væri liðinn, frá því að þær hófust á ný, heldur einnig vegna þess, að rannsóknarferðir væru of fáar. Ég skildi málið þannig, að það gæti vel verið þannig ástatt, að rannsóknarferðirnar væru svo fáar, að fiskifræðingarnir treystu sér ekki til þess að gefa úrskurð um, hvað væri að gerast. En nú hefur dragnótin verið leyfð í trausti þess, að visindalega eftirlitið væri fullnægjandi. Ég vildi þess vegna leyfa mér að nota þetta tækifæri til þess að beina því til hæstv. ráðh., að hann athugi sérstaklega þennan þátt í málinu, hvort rannsóknarferðirnar eru of fáar, hvort visindaeftirlitið er of lítið, og gera þá ráðstafanir til þess að bæta úr því, ef svo er.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf., sem talaði hér síðast, taldi sjálfsagt að athuga, hvort ekki væri hægt að fjölga þessum rannsóknarferðum, ef þær að dómi fiskifræðinganna væru of fáar. Þetta er mjög eðlileg ályktun. En eins og kom fram í minu fyrsta svari við fsp., þá var upplýst í bréfi atvinnudeildarinnar, að á árunum 1924—1939 var farin ein rannsóknarferð á ári, en á s. l. 10 árum, frá árinu 1953 og til dagsins í dag, hafa verið farnar 4 rannsóknarferðir á hverju ári. Kannske eru þær of fáar, ég skal ekki dæma um það, en ég vil aðeins taka fram, að það hefur ekkert komið fram hjá fiskifræðingunum um það að fá þeim fjölgað. (**EystJ:** Mér fannst einkum það koma fram í bréfinu, að þeim fyndist þær of fáar.) Það held ég ekki. En ég vildi aðeins bæta því við, að ef það kæmi fram hjá fiskifræðingunum, að þeir teldu, að með fleiri ferðum á ári mætti komast nær því að fá árangur, þá mun áreiðanlega ekki standa á því, að þeir fengju leyfi til þess. En ég minnist þess ekki, að það hafi komið fram í þeirra orðræðum, a. m. k. ekki við mig, að ferðirnar væru of fáar, en það, sem mér skilst að velti á, sé að gera upp, hve mikið af þessum sveiflum í aflamagninu stafi af breyttum fiskigöngum og hve mikið stafi sérstaklega af þessari veiðiaðferð, sem hér er um að ræða. Og áður en málið er gert upp og áður en teknar eru ákvarðanir eða dregnar ályktanir, eins og mér virðist, að hv. 4. þm. Vesturl. sé búinn að gera á undan fiskifræðingunum og þurfi hreint ekkert á þeim að halda, þá held ég nú fyrir mitt leyti, að það væri réttara að hinkra svolitið við, áður en maður dregur of fljótfærnislegar ályktanir á þessu sviði.

Hv. fyrirspyrjandi undirstrikaði það mjög greinilega í sinni fsp., að hann væri ekki að hefja neinar málefnalegar umr. um dragnót eða ekki dragnót, heldur aðeins að hann vildi fá dregnar fram upplýsingar um það, hver hefði orðið árangurinn af hinum visindalegu athugunum, og það finnst mér á þessu stigi vera rétt, að einskorða sig við það. Hins vegar tók hv. 4. þm. Vesturl. hér upp málefnalegar umr. um dragnótaveiðar eða ekki dragnótaveiðar. Það skal ég láta bíða, þangað til hans frv. kemur til umr. í d., en á þessu stigi sé ég ekki ástæðu til að fara lengra út í það. Ég vil aðeins vara við því, eins og fiskifræðingarnir gera, að draga of fljótfærnislegar ályktanir, áður en maður veit meira.

14. Hafnargerðir við Dyrhólaey og í Þykkvabæ.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um árangur rannsókna á möguleikum til hafnargerðar við Dyrhólaey og í Þykkvabæ [195. mál, 1] (A. 380).

Á 39. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp., sem prentuð er á þskj. 380, varðandi rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu og í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu. Fsp. er þannig:

„Hvað líður framkvæmd þál. um athuganir á hafnarframkvæmdum við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu og í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu, sem samþ. var á Alþingi á öndverðu ári 1961?"

Það er alkunna, að lengi hafa menn brotið

heilann um það, hverjir möguleikar kynnu til þess að vera á hinni löngu hafnlausu suðurströnd landsins að koma þar upp hafnarmannvirkjum, koma þar upp höfn. Í því sambandi hefur hugur manna einkum beinzt að Dyrhólaey eða Dyrhólaósi við Dyrhólaey, og um skeið var mikið rætt um, að hafnargerðarskilyrði mundu vera skapleg í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu, þ. e. a. s. í Þykkvabæ. Þessi mál eru kunn hér af þingi.

Um hið fyrra þeirra, hafnargerðina við Dyrhólaey, má geta þess, að samþykkt var hér á þinginu árið 1956 till., sem fól í sér áskorun á ríkisstj. um að láta fram fara rannsókn á því, hverjir hafnargerðarmöguleikar þar væru, en af þeirri rannsókn mun af einhverjum ástæðum lítið eða ekkert hafa orðið. Á árinu 1960 er aftur flutt hér á Alþingi till., sem fer í þá átt að skora á ríkisstj. að láta fram fara nákvæma rannsókn á því, hvernig háttað sé hafnargerðarmöguleikum við Dyrhólaey, og var sú till. einnig samþ. snemma á árinu 1961. Flm. þeirrar till. lögðu á það áherzlu, bæði í till. sjálfri og einnig í grg. með henni, að þessi rannsókn yrði nákvæm og færi fram eins fljótt og hægt væri. Upphaflega lögðu tillögumenn til, að hún færi fram á árinu 1961, en með því að nokkuð leið frá því, að till. kom fram, og þar til hún hlaut afgreiðslu á Alþingi, þá mun í n. hafa verið breytt því orðalagi og óskað eftir því, að rannsókninni gæti lokið svo fljótt sem auðið væri, án þess að nefna þar ártöl eða tímatakmarkanir aðrar. Það er þess vegna ástæða til að ætla, að nú sé vel á veg komið, máske lokið þeim rannsóknum, sem Alþingi með samþykkt þessarar tillögu fól ríkisstjórninni að láta fram fara.

Í þeirri sömu till., sem ég hef hér áður getið um og flutt var að hausti 1960 og samþ. í febrúarmánuði 1961, var einnig gert ráð fyrir því, að fram færi rannsókn á hafnargerðarskilyrðum í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu. Í þeim umr. og á þeim þskj., sem þetta mál varða, kemur það fram, að rannsóknir á hafnargerð í Dyrhólaey hafi farið fram á árinu 1952, þá á vegum hersins eða varnarliðsins, eins og þar segir. Þær upplýsingar hafa aldrei verið lagðar fyrir Alþingi eða neina opinbera stofnun, að því er ég til veit, en hugsanlegt er, ef rétt er frá greint í þskj. um rannsókn þessa, að eitthvað megi styðjast við hana, enda þótt ekki sé vitað, að hve miklu leyti þar kunni að vera miðað við höfn, sem okkur gæti hentað. En með því að till., sem samþ. var snemma á ári 1961, gerir einnig ráð fyrir því, að á vegum íslenzkra stjórnarvalda fari fram rannsókn á hafnargerðarmöguleikum í Þykkvabæ, þá vænti ég þess, að sú rannsókn hafi einnig farið fram, og hef með þessari fsp. minni gert tilraun til að fá upplýst hér á Alþingi, hvaða árangur eða hvaða niðurstöður hafi fengizt við þær rannsóknir, sem þarna um ræðir, og vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að svara þessari fsp. minni greiðlega.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er: „Hvað líður framkvæmd þál. um athuganir á hafnarframkvæmdum við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu og í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu, sem samþ. var á Alþingi á öndverðu ári 1961.“ Þessari fsp. hefur verið vísað til vitamálastjóra og óskað eftir umsögn hans um málið, og hann hefur með bréfi, dags. í fyrradag, svarað þannig:

„Með bréfi, dags. 15. marz, óskaði hið háa rn. till. minnar um það, hvernig svara beri fsp. Karls Guðjónssonar alþm. á þskj. nr. 380, 1. liður, þar sem alþm. spyrst fyrir um það, hvað líði framkvæmd þál. um athuganir á hafnarframkvæmdum í Þykkvabæ á Rangárvallasýslu og Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu, sem samþ. var á Alþingi 8. febr. 1961.

Með bréfi, dags. 16. marz 1961, fól hið háa rn. mér að annast framkvæmd rannsóknar þessarar, sem getur í áðurnefndri þál. Nokkrum sinnum hefur Alþingi gert svipaðar ályktanir um rannsóknir og athuganir á hafnarmöguleikum við Dyrhólaós eða Dyrhólaey. Hefur vitamálaskrifstofan því nokkrum sinnum gert athuganir á þessu svæði og því allmiklar upplýsingar fyrirliggjandi. Allar þessar athuganir hafa bent til þess, að hafnargerð á Dyrhólaeyjarsvæðinu sé möguleg, en mjög erfið og kostnaðarsöm. Kemur hér margt til, en þó fyrst og fremst, að hafnarstæðið er fyrir opnu Atlantshafi og án þess að skjól sé fyrir nokkurri hafátt. Þá er og á ferð með suðurströndinni aftur og fram gífurlegt magn lausra efna, sandur og möl, sem óhjákvæmilega hljóta að valda miklum erfiðleikum við byggingu hafnarmannvirkja á þessu svæði.

Árið 1950 samdi dr. Trausti Einarsson prófessor skýrslu á vegum vitamálastjórnarinnar um sandflutning og landbreytingar á svæðinu í kringum Dyrhólaós. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að sandmagn það, sem er á ferð meðfram ströndinni, muni nema nokkrum hundruðum þúsunda rúmmetra á ári. Sömuleiðis kemur fram í skýrslunni, að dr. Trausti segist hafa séð brotsjóabelti ekki minna en 100 metra breitt frá ströndinni og var þó að sögn kunnugra um lítið brim að ræða.

Það mun samhljóða álit allra, sem þessi mál hafa athugað, að komi til greina hafnargerð við Dyrhólaey, verði um mjög mikið og kostnaðarsamt mannvirki að ræða. En með tilliti til þess, hversu þýðingarmikið það er talið af heimamönnum og öðrum að fá höfn á þessu svæði, hefur athugunum verið haldið áfram, eftir því sem tök hafa verið á og tækifæri verið til. Þannig var haustið 1957 gerð allnákvæm dýptarmæling úti fyrir Dyrhólaey. Náði sú mæling frá því lítið austan við Vik og nokkuð vestur fyrir eyna. Eftir samþykkt þáltill. 1961 var gerð allýtarleg könnun á landi, bæði landmæling og boranir á svæðinu austan og vestan eyjarinnar. Niðurstöður athuganna bentu mjög í sömu átt og fyrri athuganir, að hafnargerð væri þar að vísu möguleg, en ef úr mannvirkjagerð yrði, mundi hún verða mjög dýr og erfitt um framkvæmdir.

Niðurstöður þessara rannsókna hafa þó ekki verið teknar saman í skýrsluform eða endanlega úr þeim unnið. En hins vegar eru allar þær athuganir, sem gerðar hafa verið á Dyrhólaeyjarsvæðinu, mjög þýðingarmiklar með tilliti til þess að auðvelda ákvörðun síðar um möguleika á gerð hafnarmannvirkja þar.

Um Þykkvabæjarsvæðið er það að segja, að eftir samþykkt till. 1961 hafa engar sérstakar athuganir verið gerðar af vitamálastjóra. Eru fyrir því tvær meginorsakir: Í fyrsta lagi, að skortur sérfræðinga til slíkra starfa hefur verið mikill. Og í öðru lagi, að vitað er, að til eru áætlanir og athuganir bandarískra varnarliðsins um gerð hafnar í Þykkvabæ. Rannsóknir þær bentu til, að möguleikar væru á hafnargerð, en hins vegar mun sú framkvæmd vera bæði erfið og kostnaðarsöm.

Áðurnefndar athuganir hafa allar beinzt að hinum tæknilega hluta verkefnisins, sem er bygging hafnar fyrir Suðurlandsundirlendið austan Þjórsár. Segja má, að niðurstöður þeirra séu, að tæknilega sé hægt að byggja hafnir á öðrum hvorum eða báðum þessara staða, sem um hefur verið rætt. En hins vegar skortir algerlega rannsókn á því, hvaða hagræna þýðingu höfnin mundi hafa og hvaða fjárhagslegur grundvöllur er fyrir byggingu slíkra mannvirkja. Með tilliti til mögulegrar breytingar á atvinnuháttum á Suðurlandi, t. d. með tilkomu stórvirkjana og stóriðju, tel ég rétt, að rannsókn á hafnarstæðum á Suðurlandi verði haldið áfram, og má í því sambandi geta þess, að nú er kominn til lands einn af færari og þekktari vísindamönnum á sviði efnisflutnings með ströndum fram, prófessor Per Bruun frá Florida, og mun hann verða til ráðuneytis íslenzkum ríkisstofnunum nú í sumar. Hef ég farið þess á leit við prófessor Bruun, að hann aðstoði vitamálaskrifstofuna við að gera áætlun um heildarrannsóknir á sandflutningi og möguleikum til hafnargerða á Suðurlandsundirlendinu frá Vík og að Ölfusá. Fullnægjandi rannsóknir á þessu svæði munu án efa taka nokkur ár, en allverulegar upplýsingar ættu að geta legið fyrir innan fárra ára, eða áður en ákvörðun þarf að taka um byggingu hafna á áðurgreindu svæði.

Í fljótu bragði virðist mér fjárhagsgrundvöllur fyrir slíkum mannvirkjum enginn vera nú sem stendur, þar sem ekki mun vera um að ræða, að kostnaður reiknist í tugum millj., heldur í hundruðum millj. kr. til þess að gera mannvirki, sem að nokkru gagni mega verða. Undirbúningsrannsóknir sem þessar, sérstaklega á svæðum, þar sem sandburður er mikill, taka ætíð mjög langan tíma, og er því vissulega mikils virði það, sem þegar hefur verið unnið, og sú rannsókn, sem nú er í gangi."

Ég get aðeins bætt við þeim orðum frá sjálfum mér, að ég hef um tíma verið með í því að kanna möguleikana fyrir hafnargerð á öðrum þessara staða, þ. e. a. s. við Dyrhólaey, og hef sannfærzt um, að öll mannvirkjagerð þar er ákaflega erfið, eins og vitamálastjóri segir, og ég efast ekki um, að það sé rétt hjá honum, að þar velti ekki á tugum millj., heldur á hundruðum millj. kr. Ber þar tvennt til. Í fyrsta lagi, að þetta svæði er fyrir opnu Atlantshafinu og þegar af þeirri ástæðu ákaflega erfitt að gera þarna höfn, en hitt veldur þó ekki minni erfiðleikum, að sandflutningurinn með suðurströndinni er, eins og dr. Trausti Einarsson á sínum tíma komst að, gífurlega mikill. Hann telur, að þessi sandburður skipti hundruðum þús. teningsmetra á ári, og ef svo væri, að slíkt sandmagn settist að hafnarmannvirki á þessum stað, þá væri það náttúrlega ekki lengi að fara í kaf, ef ekki væru gerðar sérstakar ráðstafanir. En hér hefur áður tvisvar sinnum verið á ferð danskur verkfræðingur, dr. og núv. prófessor, sem hefur leiðbeint okkur, sem þá störfuðum á vitamálaskrifstofunni, um sandflutning með ströndum fram. Þessi maður er nú fyrir stuttu, einu ári eða svo, orðinn prófessor við háskólann í Florida og ráðunautur um sandflutninga þar með ströndum fram. Hann dvelst hér í sumar og mun nú halda áfram því verki, sem okkur hefur alltaf skort að láta vinna að fullu, þ. e. a. s. að gera sér eins nákvæma grein og mögulegt er fyrir sandflutningum með suðurströndinni, en það er eitt grundvallaratriðið fyrir því, að til hafnargerðar á þessu svæði sé hægt að hugsa. Hv. alþm. mega ekki vera of óþolinmóðir, þó að nokkuð dragist þessar athuganir, því að þær eru vissulega tímafrekar, en þær eru svo þýðingarmiklar, að það þýðir ekkert til mannvirkjagerða að hugsa, nema þessar athuganir hafi farið fram.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þótt ég hafi því miður ekki ástæðu til þess að fagna yfir miklum afrekum í þeirri rannsókn, sem hér hefur verið spurt um, þá læt ég þó í ljós ánægju mína yfir þeirri hreinskilni ráðh. að segja það hér nokkurn veginn umbúðalaust, að í þessum málum hefur ekkert verið gert. Ég fagna því að sjálfsögðu, ef rétt reynist, að nú séu væntanlegir til starfs á þessu sviði sérfróðir menn, sem muni gera hér undistöðumælingar í framtíðinni á því, hverjir hafnargerðarmöguleikar muni vera við suðurströndina yfirleitt. En ég held, að það fari ekki á milli mála af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér um þetta mál, að þá hefur engin raunveruleg rannsókn farið fram á því, hverjir möguleikar eru til hafnargerðar á þessum tveim tilteknu stöðum.

En þó að ég láti í ljós ánægju mína yfir því að fá það hreint út, hvernig þessi mál standa, vil ég láta í ljós alveg sérstaka óánægju mína með eitt atriði, sem fram kom í svarinu og að vísu snerti ekki ráðherra sjálfan eða hans embætti, heldur hitt, hvernig vitamálastjóri svarar því, þegar honum er send þáltill. og hans embætti er beðið um að framkvæma hana. Þá kemur fram í svarinu, að vitamálastjóri segist ekki sjá neinn hag-

rænan grundvöll fyrir þessari hafnargerð. Það er ekki verið að spyrja vitamálastjóra um það. Þegar Alþingi samþ. að fela ríkisstj. að láta fara fram ákveðna rannsókn á ákveðnum hlutum, eins og því, hvort hægt sé að gera höfn í Þykkvabæ eða við Dyrhólaey, þá er það auðvitað að svara Alþingi út úr, þegar vitamálaskrifstofan sendir rn. sem sitt svar bréf um það, að hún sjái engan hagrænan grundvöll undir þeim framkvæmdum, sem hún er beðin að rannsaka, hvort fram geti farið. Og mér þætti eðlilegt, að hæstv. ráðh. léti sitt rn. setja ofan í við skrifstofu vitamálastjóra fyrir að svara ráðuneytinu, sem greinilega á að framsendast sem svar til Alþingis, þannig út úr. Þetta er ekkert annað en að snúa út úr. Þótt vitamálastjóri eða hans skrifstofa hafi ekki komið auga á neinn hagrænan grundvöll fyrir höfn á Suðurlandi, eru það, sem betur fer, ýmsir aðrir, sem hafa komið auga á þann möguleika. A. m. k. mega það vera furðusljóir menn, sem hafa á þessum vetri, það sem af honum er, ýmist horft á eða heyrt fréttir af því, að milljónaverðmætum hefur verið ausið upp úr hafinu einmitt á þeim slóðum, fram undan Dyrhólaey og þar um kring, og síðan hefur þetta ýmist ekki komizt í not vegna þess, hve langt var til hafnar, eða ekki nema sem skemmd vara, sem aðeins gat farið í ódýrustu vinnslu, og þannig hefur þjóðarbúið orðið af milljónatugum. Og mér er nær að halda, að það megi segja um það eins og hugsanlega Dyrhólahöfn með slumpareikningi, að þar hafi farið hundruð millj. kr. verðmæti forgörðum, þegar árin líða þannig hvert af öðru, að svona standa málin, eins og við höfum horft á nú 2 undanfarin ár, að þarna nýtist ekki af síldveiðimöguleikum vegna þess, hve langt er til hafnar.

Ég ætla svo að lokum að láta í ljós þá ósk mína, að þrátt fyrir það, hver seinagangur hefur orðið hér á, verði undinn bugur að því að rannsaka þetta mál, ekki með því að lesa yfir gömul bréf, sem stjörnufræðingur hefur einhverju sinni fyrir meira en áratug hugleitt um það, hve brimaldan nái þarna langt út, og hvað mörg tonn af sandi muni flytjast þarna til með ströndinni, heldur verði málið rannsakað eins og mál þarf að rannsaka sem undirbúning að framkvæmdum. Það er að vísu alveg hárrétt, að út úr slíkri rannsókn gæti komið, að það væri íslenzku þjóðinni ofviða á þessari stundu að leggja í þá mannvirkjagerð, sem hér um ræðir. En það er ekki vitamálaskrifstofunnar að meta það og haga rannsóknum sínum skv. því. Hún á auðvitað að framkvæma það, sem henni er falið af því ráðuneyti, sem hún heyrir undir, og ég vænti þess, að það verði hún látin vita til eftirbreytni framvegis og að því verði hún látin vinna í framtíðinni.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um, úr því að ég hef tækifæri til að koma hér inn í þingsalinn, að þetta mál skyldi bera hér á góma, jafnvel þó að það sé ekki nema í fyrirspurnarformi.

Frá því fyrst að ég fór að líta í kringum mig, hefur það verið mitt áhugamál — mikið áhugamál, að möguleiki opnaðist einhvers staðar á Suðurlandi fyrir hafnargerð. Og hugur minn og margra annarra kunnugra manna eystra hefur gjarnan stefnt að Dyrhólaey.

Þetta er orðið gamalt mál, því að 1874 samþykkti sýslunefndin í Vestur-Skaftafellssýslu að láta vinna að því að koma upp verzlunarstað og höfn við Dyrhólaey. Það mál komst það langt, að lítils háttar aðdráttur að efni til verzlunarhúss hófst, en ekki söguna meir. Menn muna það líka, að löngu síðar, eða 1901, þá flutti Guðlaugur Guðmundsson, páv. þm. Vestur-Skaftfellinga, þetta mál hér í Alþingi og flutti þá frv. um það, að Englendingum yrði heimilað að byggja höfn við Dyrhólaey gegn vissum fríðindum, þ. e. að þeir fengju að nytja landhelgina frá Jökulsá á Sólheimasandi allt að Ingólfshöfða um 20 ára bil, en skyldu í staðinn byggja höfn við Dyrhólaey, sem ríkið átti síðan að eignast að þessum tíma loknum. Þetta mál var fellt með jöfnum atkv. hér á Alþingi.

Síðan liggur þetta mál niðri, þangað til að ég ætla 1942, að Gísli Sveinsson, páv. þm. Vestur-Skaftfellinga, flutti till. svipaða eðlis og hér hefur verið minnzt á inn á Alþingi. Síðan hafa allir þm. þessa kjördæmis, Vestur-Skaftfellinga, flutt till. um þetta í svipaða átt, um rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey, og Alþingi hefur alltaf samþykkt að verða við óskum um rannsókn á höfn við Dyrhólaey.

Það er frá mínum bæjardyrum séð hafnarstæði við Dyrhólaey, sennilegasta eitt hið ákjósanlegasta, sem um getur á landi hér frá hagrænu og þjóðhagslegu sjónarmiði, og liggja til þess margar orsakir. Í fyrsta lagi er stytzt til landsins utanlands frá. Allt í kring er gjöfult haf með alls konar verðmætum. Og mér er það vel kunnugt og lýsti því í grein 1944, að við suðurströndina, við Dyrhólaey, er síld, sem nú er einn aðalhyrningarsteinn undir afkomu okkar íslenzka þjóðfélags, svo að segja allt árið. Og til sannindamerkis um það get ég upplýst, að togarar fyrr og síðar hafa kastað vörpu sinni þar í kring og stundum fengið hana kjaftfulla af síld. Þessu hefur ekki mikið verið haldið á lofti. Nú kemur líka að því, að það vantar meira jafnvægi, sem kallað er, í byggð landsins, og okkur er ljóst, að án þess að koma upp hafnaraðstöðu eða einhverju þess háttar, verður erfitt að halda jafnvæginu við. Þess vegna er það, að ég legg mikla áherzlu á, að hraðað verði enn rannsóknum við Dyrhólaey.

Ég verð að hafa þetta stutt mál, en ég vil minna á, að nú er komin ný tækni til sögunnar, sem vissulega er þess virði að líta á hana og getur orðið þess valdandi, að tiltölulega auðvelt verði að gera höfn í Dyrhólaey, en þar á ég við hin stórvirku sanddæluskip, sem nú eru komin til sögunnar, skip, sem dæla um 500 kúbikmetrum af sandi á klst.

Slík tæki geta flutt stór landssvæði til á stuttum tíma, en það opnar möguleika til hafnargerðar á stað eins og er við Dyrhólaey. Sennilega verður sandurinn ekkert vandamál nú innan stundar, er mjög auðvelt verður að færa hann til. Og það er mín trú, að með þessum tækjum og öðrum slíkum, sem er verið að koma upp núna, verði innan tiltölulega skamms tíma auðvelt að gera höfn við Dyrhólaey. En það er mín sannfæring, að það yrði hin mesta lyftistöng undir allt líf Sunnlendinga, og ekki aðeins þeirra, heldur einnig Vestmanneyinga, og ég vil fara lengra, einnig Austfirðinga, sem vantar tilfinnanlega hafnaraðstöðu um vetrarvertíðina, sem er ákjósanleg á þessum stað, og þar af leiðandi er þetta þýðingarmikið fyrir landið allt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki vera margorður við þá hv. þm., sem hér hafa talað.

Ræða hv. síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Sunnl., var tiltölulega mjög laus við raunhyggju, en byggðist sýnilega á óskhyggju. Hann hefur frá blautu barnsbeini lifað í þeirri trú og þeirri von, að það væri hægt að byggja hafnir á þessum stöðum og kannske báðum, og það er enginn, sem það láir honum. Það vildu sjálfsagt allir, að það væri hægt. En að ekki sé horfzt í augu við þá erfiðleika, sem eru á hafnargerðinni, kemur betur fram í því, að hann taldi skilyrði við Dyrhólaey ein þau æskilegustu, sem til væru á Íslandi fyrir hafnargerð. Ég vildi segja, að hvergi á Íslandi — hvergi nokkurs staðar á Íslandi — væru verri skilyrði til hafnargerðar, og segi ég það af 20 ára reynslu í starfi hafnarmálastjóra. Það fær enginn maður mig til að trúa því, að hv. þm. geti með nokkrum skynsamlegum rökum leitt að því hinar minnstu líkur, að það séu neitt nálægt því að vera beztu skilyrði fyrir hafnargerð við Dyrhólaey, sem finnast í landinu, — eða hvers vegna mundi þá ekki eitthvað hafa verið gert á þessum stað, þar sem menn hafa verið að burðast við það nú síðustu 10—20—30 árin að bæta hafnarskilyrðin á landinu? Nei, sannleikurinn er sá, að hafnarskilyrði þarna frá tæknisku sjónarmiði og ég vil líka segja frá hagrænu sjónarmiði eru hin erfiðustu, því að umferðin um þennan stað getur ekki a. m. k. með óbreyttum skilyrðum orðið nema tiltölulega lítil.

Sunnlendingar hafa nú fengið byrjun að höfn í Þorlákshöfn, og ég tel það ákaflega mikils virði fyrir þá, því að Þorlákshöfn er eini staðurinn á Suðurlandi, frá Faxaflóa og austur um Vestmanneyjar til Hornafjarðar, sem nokkur viðhlítandi skilyrði hefur til hafnargerðar á þeim verðlagsgrundvelli, sem viðráðanlegur er okkar íslenzku þjóð. Kostar þó tiltölulega lítil hafnargerð í Þorlákshöfn, sem nú hefur verið farið út í, milli 40 og 50 millj. kr., og er þó sú hafnargerð í vari frá úthafsöldunni og tiltölulega lítill efnisflutningur, sem þar á sér stað, samanborið við það, sem austar er.

Ég skal svo ekki segja frekar við þennan hv. þm. En ég get ekki komizt hjá því að víta, hvernig hv. 6. þm. Sunnl. talaði. Hann sagðist hafa heyrt það, sem ég sagði, en niðurstaðan af mínu tali hefði verið sú, að ekkert hefði verið gert, — ekkert gert. Og ef það mætti treysta því, sem ég hefði sagt um það, hvað ætti að gera, þá væri það kannske eitthvað í áttina, en langt frá því að vera viðhlítandi. Þetta er náttúrlega áróðursmálflutningur og ekkert annað. Það, sem hefur verið gert í þessu máli, er, að það hefur verið mæld upp öll ströndin með hafnargerð fyrir augum, frá því, eins og segir í skýrslu vitamálastjóra, austan við Vík og vestur fyrir Dyrhólaey. Landið í kring hefur verið nákvæmlega mælt og boranir farið fram. Það eina, sem eftir er, til að mynda sér skoðun á málinu, er sandflutningurinn með ströndinni, sem þessi hv. þm. vildi gera lítið úr og taldi, að það þyrfti ekki að gefa því mikinn gaum, sem einn stjörnufræðingur hefði sagt um þá hluti. Þetta var auðsýnilega sagt í háðslegum tón til þess að gera lítið úr athugunum dr. Trausta Einarssonar. En þessu vil ég mjög mótmæla, því að dr. Trausti Einarsson er einn mesti jarðeðlisfræðingur, sem til er í þessu landi, og hefur líka allra manna bezt vit á þessum málum, sem við eigum kost á. Hitt er svo annað mál, þó að ég treysti honum vel, þá treysti ég enn betur dr. Bruun, sem kominn er hingað til að kanna þetta og bæta við það, sem gert hefur verið.

Ég held þess vegna, að það, sem hv. þm. sagði um, að ekkert hefði verið gert og allt vanrækt, séu ómerk orð og hann kunni ekki skil á því, hversu mikið þurfi að gera, áður en í þessar framkvæmdir verði ráðizt, ef það verður gert. En það þarf að vera vel grundað.

Hann vildi líka í sinni ræðu, hv. 6. þm. Sunnl., víta vitamálastjóra fyrir ummæli hans í svarbréfinu til rn., fyrir það, að hann hefði leyft sér að hafa skoðun á málinu. Ég vil algerlega mótmæla þessu, og ég fullyrði, að það er ekki maklegt að fara þeim orðum um starf vitamálastjóra, að hann hafi ekki gert það, sem honum var falið, og hann hafi haft óleyfilega skoðun um það. Hvorugt þetta hefur að mínu viti verið tilfellið. Þetta mál er náttúrlega, eins og nú horfa sakir, að mestu áróðursmál, því er ekki að leyna, því að bæði hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 4. þm. Sunnl. gera sér fulla grein fyrir því, að hafnargerð við Dyrhólaey og í Þykkvabæ er ekki jafnviðráðanleg og þeir vilja vera láta. Það hljóta fjöldamargir staðir á þessu landi að koma til greina með framkvæmdir, áður en í þessar verður ráðizt, því að það liggur alveg fyrir, eins og vitamálastjóri segir, að hér er ekki um tugmilljóna verk að ræða, heldur hundruð milljóna, og það þarf að vera einhver fjárhagslegur grundvöllur undir verki, til þess að í það geti orðið ráðizt.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. gaf mér svolítið tilefni

til að líta hér upp í þennan ræðustól aftur, þar sem hann heldur því fram, að það sé alrangt og í áróðursskyni einu sagt það, sem ég hef sagt um þetta mál, þ. e. a. s. ég geri mig ekki ánægðan með sem rannsókn á málinu það, sem hann segir hér að fram hafi farið. Hann tekur fram, að það muni vera sagt í háðslegum tón hjá mér og lítilsvirðandi fyrir dr. Trausta Einarsson, að ég tel, að það sé ófullnægjandi sem svar við fyrirspurn um það, hvernig framkvæmd hafi verið þál. frá 1961, að lesa hér upp bréf um það, hvað dr. Trausti Einarsson hugleiðir um það árið 1950, að sandburðurinn sé í nánd við Dyrhólaey. Ég leyfi mér, þrátt fyrir orð ráðh., að halda því fram, að Trausti Einarsson geti verið ágætismaður og það breyti engu um hans vísindamennsku, þó að það sé engin framkvæmd á þál., sem felur ríkisstj. Íslands árið 1961 að láta fram fara athugun á hafnarstæði við Dyrhólaey, að lesa hér upp plagg, sem dr. Trausti Einarsson skrifar árið 1950. Þetta er ekki framkvæmd á þingsályktuninni frá 1961.

Þá virðist hæstv. ráðh. ekki fallast á það að taka undir mitt mál að því leyti, að það sé vítavert af vitamálaskrifstofunni, þegar hún er beðin um að gera áætlun um hafnargerð á einhverjum stað eða rannsókn á hafnargerð á einhverjum stað, þá svari hún fyrir Alþingi, að hún telji ekki vera hagrænan grundvöll fyrir þessa hafnargerð. Þetta er að mínu mati, þó að það fari ekki saman við mat ráðh., að svara Alþingi út úr. Þetta er að skjóta sér undan að gera það, sem menn áttu að gera, en hafa á hinn bóginn uppi vaðal um málið, sem kemur ekki því við, sem þeim var falið í þessu efni.

Ég skal, hæstv. forseti, ekki misnota tíma minn eða nota langan tíma. — Að lokum vék hæstv. ráðh. að því, að þetta mál mundi vera eintómur áróður og að því er mér skildist vítaverður áróður. Það vill nú svo til, að ef hann vill beina orðum sínum að því, að hér sé um áróðursmál að ræða, þá ætti hann að snúa þeim í aðra átt. Ég er hér að spyrja um framkvæmd á till., sem tveir hv. stuðningsmenn ríkisstj. fluttu hér 1961, þeir hv. 5. þm. Sunnl. og hv. 3. þm. Sunnl., og ef málið er áróðursmál, þá er um það að eiga við þá, sem málið fluttu á Alþingi, því að ég fæ ómögulega skilið það, að ef flutningur málsins er góðra gjalda verður, þá sé það svívirðilegur áróður að spyrja um, hver árangur hafi orðið af þeim rannsóknum, sem Alþingi skv. þeirra till. ákvað að láta framkvæma.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Ég má til að koma hér aðeins til þess að leiðrétta þann leiða misskilning, sem hæstv. sjútvmrh. viðhafði um það, að ég hefði sagt, að það væri hvergi hægara á Íslandi að byggja höfn en við Dyrhólaey, — ég sagði: frá hagrænu sjónarmiði. Mér er ljóst, að tæknilegu erfiðleikarnir eru miklir, en ég veit, að það hefði meiri þjóðhagslega þýðingu en nokkurn mann gæti grunað, ef höfn væri komin við Dyrhólaey. Það var þetta, sem ég hélt fram. En tæknilegu hliðina á málinu minntist ég ekki á í því sambandi. Mér er ljóst, að þar er mikill vandi á ferðum, en mér er líka ljóst, að hér er ekki um áróðursmál að ræða í sambandi við höfn í Dyrhólaey. Þetta er fullkomið alvörumál, lífsspursmál fyrir fjölda fólks á Suðurlandi, í Vestmannaeyjum og á Austfjörðum. Því er það skylda fulltrúa þessa fólks að bera fram einmitt svona mál, til þess að reyna að ýta þeim áleiðis. Þetta mál hefur verið alvörumál fyrr. Vil ég benda á í því sambandi, að á tímum nýsköpunarstjórnarinnar var mjög að því hugað af nýbyggingarráði að koma upp landshöfn við Dyrhólaey, og það voru a. m. k. sumir menn í nýbyggingarráði, sem lögðu það til, en aðrir vildu það ekki, svo að úr þeim hugleiðingum varð ekkert. Ég er sannfærður um, það væri óvíða, sem það hefði meiri þýðingu að koma upp hafnaraðstöðu en einmitt við Dyrhólaey. Ég er ekki að vanþakka það, sem miðar í áttina með Þorlákshöfn. Það er vissulega ánægjulegt, að þar miðar í áttina, og ber vissulega að þakka það. En vegna þess, hve hér er um stórt og mikið mál að ræða og þarf nákvæmrar og mikillar rannsóknar við, þá er fullkomlega tímabært að halda uppi öflugum rannsóknum á því, hvort ekki sé unnt og með hvaða hætti sé hægt að byggja höfn við Dyrhólaós, og ég vildi mega vona það, að hv. Alþingi styddi að því með ráðum og dáð, að svo mætti verða sem allra fyrst. Ég benti einmitt á það í fyrri ræðu, að með hinni nýju tækni, sem nú er komin upp í sambandi við sandinn, einmitt í sambandi við sandinn, þá er vandamálið um sandinn að minnka og verða mjög lítið, sbr. það, að fyrir u. þ. b. einum tug ára var talið óhugsandi að ráða við sandinn í Vestmannaeyjahöfn. Hvað kom á daginn? Þetta er bara svo auðvelt, að það er ekki nema leikur einn að ráða við hann. Og svona gæti ég trúað að færi einnig við Dyrhólaey.

Ég læt svo máli mínu lokið.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl. taldi það fráleitt að taka sem svar við þáltill. frá 1961 það, sem dr. Trausti Einarsson hefði skrifað um málið 1950. Og hann bætti því við í sinni fyrri ræðu, þó að hann vildi nú draga úr því í þeirri seinni, að það væri stjörnufræðingur, sem hefði skrifað um málið 1950, og það var greinilegt, að í því var háðstónn, því vík ég ekki frá, og þar með var reynt að gera tortryggilegt það verk, sem dr. Trausti hafði unnið, af því að hann væri frekar hæfur til þess að skoða stjörnur, að því er manni skildist, heldur en brim og sandburð við strendur landsins. Þetta var að mínu viti ómaklega mælt, og þetta vítti ég.

En þetta svar dr. Trausta frá 1950 er nauðsynlegur grundvöllur til þess að skilja, vegna hvers dregizt hefur á langinn, eins og gert

hefur, um eitt sumar að koma fram nauðsynlegum rannsóknum, sem þarf að gera, áður en svar fæst við þeirri spurningu, sem lögð hefur verið fyrir, og það er sá mikli sandburður, sem dr. Trausti lagði áherzlu á, á þessu svæði. Hann þarf að rannsaka og rannsaka betur, og það er það, sem stefnt hefur verið að því að gera nú í vor og í sumar með komu hins erlenda sérfræðings í þeim efnum. Og þetta byggist fyrst og fremst á þeirri niðurstöðu dr. Trausta, stjörnufræðingsins, frá 1950. Raunar vissu það allir menn og var mér raunar vel kunnugt fyrr á árum, að sandburður með ströndinni er geysimikill. Menn muna það, sem muna Kötlugosið og Kötlutanga 1918, sem myndaðist kílómetra fram í sjóinn, hann hvarf á tiltölulega stuttum tíma og fluttist úr stað. Þar voru milljónir af teningsmetrum af sandi á ferð, þó að hv. 6. þm. Sunnl. vilji gera lítið úr því. Nei, það er þessi vísindalega athugun, sem þarf að fara fram, áður en hægt er að segja nokkurn hlut um möguleikana á því að gera höfn á þessu svæði. Það er sandburðurinn fyrst og fremst, fyrir utan þær ráðstafanir, sem þarf svo að gera, af því að þetta er fyrir opnu hafi, en það vita menn betur, hvernig fyrir liggur.

Þá endurtók þessi hv. þm., að það væri ekki maklegt af vitamálastjóra að sletta því svona í sinni umsögn, að það væri ekki hagrænn grundvöllur fyrir hendi, eins og stæði. Þegar vitamálastjóri gefur rn. umsagnir um hafnargerðir, a. m. k. ef þær eru eitthvað erfiðar viðfangs og dýrar, þá er m. a. ævinlega óskað eftir því, að hann gefi umsagnir um líkurnar fyrir því, að höfnin geti staðið undir þeim útgjöldum, sem hún þarf að bera, svo að það er ekkert nýtt í þessu tilfelli, þó að vitamálastjóri bendi á það, að sér sýnist ekki vera hagrænn grundvöllur undir þessa hafnargerð, eins og stendur. Hitt er svo annað mál og þess getur hann alveg réttilega í sínu bréfi eða sinni umsögn, að ef til komi einhver stóriðja á Suðurlandsundirlendinu, þá megi vera, að hún myndi þann fjárhagslega grundvöll, sem til þurfi, en eins og er, þá sé hann ekki fyrir hendi.

Þá taldi hv. þm., að það væri of djúpt í árinni tekið hjá mér að segja, að hér væri áróðursmál á ferð. En eins og greinilega kom fram í minni ræðu, þá var því beint til málsmeðferðar þessa hv. þm., því að ég kalla það áróðursmál, þegar um svo veigamikið efni er að ræða eins og hér, að hann reynir að gera það tortryggilegt, að málinu er ekki flaustrað af, án þess að það sé nánar athugað, og eins hitt, að gera bæði umsagnir vitamálastjóra og þeirra manna, sem að þessu hafa unnið, eins tortryggilegar og hann reyndi að gera. Það var þessi málsmeðferð, sem ég kunni ekki við og kallaði áróðurslega frekar heldur en efnislega. En málið er þannig vaxið, að það þarf gaumgæfilega athugun, sem það hefur ekki fengið enn þá og það hefur ekki getað fengið, því að það er á einskis manns færi, hvorki þessa hv. þm. né ég vil segja flestra íslenzkra verkfræðinga að gefa þá umsögn, sem þarf til þess að svara, hvernig varið er efnisflutningunum með ströndinni á Suðurlandi.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Fsp. sú, sem hér er til umr., er um framkvæmd á till., sem ég ásamt hv. 5. þm. Sunnl. flutti á árinu 1961 um rannsókn á möguleika fyrir byggingu hafna við Dyrhólaey og í Þykkvabæ. Þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa mjög beinzt að hagsmunum þess fólks, sem á þessu svæði býr, og einskorðazt nokkuð við það. Ég þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir hans skýrslu um málið, og sérstaklega vil ég þakka hans umsögn um það, að hingað til lands yrði fenginn sérfræðingur til frekari athugunar á möguleikum um hafnarbyggingu á þessu svæði, sem þar um ræðir. En það er eitt atriði í sambandi við þetta, sem ekki hefur komið fram í þessum umr., sem ég tel mjög mikilsvert, en það er, að höfn við Dyrhólaey mundi verða lífhöfn fyrir alla strandlengjuna frá Hornafirði að Þorlákshöfn eða hafnar innan við Reykjanes. Þetta er einhver erfiðasta siglingarleið hér við land, og það hefur oft borið þannig að, að það hefur augljóslega komið í ljós, að brýna nauðsyn ber til þess að vinna að hafnarbyggingu á þessu svæði til þess að skapa öryggi fyrir þann mikla skipafjölda, sem á þessu svæði siglir. Ég benti á þetta í minni framsöguræðu um málið, þegar það var hér til umr. 1961, að önnur meginástæðan fyrir því, að þarna væri nauðsynlegt að byggja höfn, er, að það vantar lífhöfn fyrir þann skipafjölda, sem á þessu svæði siglir. Ég vildi láta þetta koma fram hér við þetta tækifæri, þar sem það hafði ekki komið fram hjá þeim hv. þm., sem um þetta hafa rætt nú. En þetta er önnur meginástæðan fyrir því að mínu áliti, að nauðsynlegt er að hraða því eins og unnt er, að þarna komi upp höfn.

15. Starfsfræðsla.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var útbýtt:

Fsp. til atvmrh. um starfsfræðslu [195. mál, 3] (A. 380).

Á 39. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hv. varaþm. úr Norðurlandskjördæmi eystra, Valtýr Kristjánsson, sem mætti hér á Alþingi í forföllum mínum um skeið, bar fram fsp. þá um

starfsfræðslu, sem nú er fyrir tekin. Ég tel mér skylt, af því að hann er vikinn af þingi, að fylgja fsp. úr hlaði með nokkrum orðum, enda var hún lögð fram í samráði við mig.

Eins og allir vita, er lífshamingja hvers manns undir því komin, að hann lendi ekki á rangri hillu, þegar hann velur sér lífsstarf. Þess vegna má það val ekki vera af handahófi gert, heldur ef unnt er af skilningi og í samræmi við hæfileika hvers manns. Starfsfræðsla hefur að meginmarkmiði að kynna unglingum starfsgreinar, svo að þeir geti betur en ella valið sér lífsstörf, er séu þeim við hæfi, m. ö. o. komizt á rétta hillu í lífinu, eins og kallað er.

Sagt er, að ekki séu nema um 55 ár síðan hafin var skipuleg starfsfræðsla, og var byrjunin gerð í Bandaríkjunum, í Boston. En nú er svo komið, að allar helztu menningarþjóðir leggja ríka áherzlu á starfsfræðslu, enda er hennar meiri og meiri þörf með hverju ári sem líður, því að starfsgreinum fjölgar og verkaskipting vex ört. Það er talið, að starfsgreinar muni vera orðnar í heiminum milli 20 og 30 þúsund.

Öll Norðurlöndin nema Ísland munu hafa tekið starfsfræðsluna upp í fræðslukerfi sín. Hér á landi voru lengi vel atvinnuhættir mjög einfaldir og fábrotnir. Hinir ungu fræddust af hinum eldri um starfsgreinarnar, og var sú fræðsla í mjög nánu sambandi við heimili manna, og þetta varð að duga. Nú er þetta gerbreytt, og ný viðhorf krefjast nýrra aðgerða. Starfsgreinar eru að verða allmargar hér á landi eða svo að hundruðum skiptir, að því er fróðir menn um þessi efni segja.

Höfuðborgin, Reykjavík, hefur riðið á vaðið og gefið æsku sinni kost á nokkurri starfsfræðslu síðustu árin, þó að ekki hafi verið í föstu formi að öðru leyti en því, að haldinn hefur verið árlega almennur starfsfræðsludagur a. m. k. 7 ár í röð og starfsfræðsludagur einnig fyrir sjávarútveginn a. m. k. þrem eða fjórum sinnum. Einnig hafa allir unglingar hér í Reykjavík, um leið og þeir útskrifast úr unglingaskóla, átt kost á að fá ókeypis bókina Starfsval, en sú bók er fróðlegt rit og skemmtilegt um þessi efni. Þetta er höfuðborginni til sóma og þeim áhugamönnum úr atvinnustéttunum, sem tekið hafa þátt í að byggja upp viðfangsefni starfsfræðsludaganna og sýningar á þeim.

Reykjavík lagði í þann tilkostnað árið 1951 að ráða sérstakan mann til að vinna að framkvæmd þessara málefna, Ólaf Gunnarsson sálfræðing. Og hans verk hefur verið þetta, að undirbúa framkvæmd starfsfræðslu í Reykjavík og stjórna henni. En jafnframt var gert ráð fyrir því af hlutaðeigendum, að ég held, að starfsemin færðist innan skamms yfir til ríkisins og næði þá til landsins alls. Hefur Ólafur Gunnarsson verið driffjöður í þessum málum og óþreytandi í ræðu, riti og viðtölum að vekja áhuga á nauðsyn starfsfræðslu og skýra, í hverju hún er fólgin og hvað gerist hjá öðrum þjóðum í þessum efnum. Það má óefað telja, að honum sé að verulegu leyti að þakka, að mikill áhugi er risinn víðs vegar um landið fyrir því, að komið verði á fót skipulegri starfsfræðslu í landinu. Ólafur Gunnarsson hefur mikið ferðazt um landið til að halda fyrirlestra í skólum, sem hafa beðið hann að heimsækja sig og fræða í þessum málum, og hann hefur skipulagt með heimamönnum, þ. e. atvinnurekendum og kennurum, þrjá starfsfræðsludaga á Akureyri, einn á Akranesi og einn á Siglufirði, og nú liggur fyrir, að hann hjálpi heimamönnum á Sauðárkróki eftir beiðni þeirra að koma þar á starfsfræðsludegi um næstu mánaðamót.

Hinn 1. júní 1960 samþykkti Alþingi svo hljóðandi þál. um starfsfræðslu, sem ég les, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga möguleika á því, að starfsfræðsla verði tekin upp í skólum landsins."

Ég man ekki betur en þessi till. væri samþ. með öllum atkv. viðstaddra þm., svo að þingviljinn virtist ótvíræður. Ekkert hef ég frétt um, hvað hæstv. ríkisstj. hefur gert vegna áskorunar þessarar. Máske má segja, að efni hennar sé ekki að öllu leyti innan ramma fsp., en vissulega væri fróðlegt og ekki utan við efnið að heyra í leiðinni, þegar fsp. verður svarað, hvaða framkvæmdir þessi þáltill. hefur hlotið.

Fsp. er annars þannig, að henni er sérstaklega beint til hæstv. atvmrh., Ingólfs Jónssonar, sem ég veit ekki betur en hafi áhuga á starfsfræðslu, og spurt er vegna landsbyggðarinnar fyrst og fremst utan Reykjavíkur, einmitt af því, að Reykjavík hefur sjálf, eins og ég gat um, veitt æsku sinni nokkrar úrlausnir í þessum málum. Spurningin er í tveim liðum, svo hljóðandi, með leyfi hæstvirts forseta:

„1) Hvað hefur atvmrh. gert til þess að tryggja, að unglingar í dreifbýlinu eigi hið fyrsta kost á nauðsynlegri starfsfræðslu, sem þegar hefur verið hafin í Reykjavík?

2) Hvernig er áformað að verja fjárhæð þeirri, sem á 16. gr., IX. lið, fjárl. 1963 er ætluð til starfsfræðslu utan Reykjavíkur?"

Seint í fyrravetur barst okkur þm. Norðurl. e. bréf frá framámönnum í atvinnumálum og kennslumálum á Akureyri. Í bréfi þessu báðu þeir okkur að leggja því lið, að stofnað yrði til starfsfræðslunámskeiðs á vegum ríkisins fyrir kennara og um leið skipulögð uppfræðsla á því sviði. Við þm. að norðan framsendum erindi þetta með meðmælum okkar til hæstv. ráðh., Emils Jónssonar. Litlu síðar fengum við tilkynningu frá honum um, að hann hefði látið málaleitunina ganga til menntmrn. Af þessu erindi okkar hef ég svo engar fréttir haft síðan. Menntmrn. hefur mér vitanlega engu svarað því til okkar þm. Nú teldi ég æskilegt, að upplýst yrði, enda er það innan ramma fsp. þessarar, hvort ekki er áformað að stofna á þessu ári til slíks námskeiðs, en það álít ég að gæti orðið mikilsverður aflgjafi til starfsfræðslustarfsemi úti um land

og skipuleg byrjun á undirbúningi allsherjar framkvæmdar í þessum málum fyrir landið allt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég get strax svarað því, sem hv. fyrirspyrjandi talaði um í niðurlagi ræðu sinnar. Það var það, hvort fyrirhugað væri að halda kennaranámskeið í starfsfræðslu. Mér er kunnugt um það, að menntmrh. hefur beitt sér fyrir því, að þetta mætti verða á næsta hausti. Mér er einnig kunnugt um það, að menntmrh. hefur áhuga á því, að starfsfræðsla verði tekin upp í kennaraskólanum, þannig að kennaraefnin læri sérstaklega í kennaraskólanum að fara með þau mál. Og mér er kunnugt um, að menntmrh. telur eðlilegt og bezt til árangurs í þessum málum, að starfsfræðslan verði tekin upp í skólunum í 12—13 ára bekkjum, þannig að unglingarnir fái í skólunum fræðslu um þessi mál. Ég tel þetta vel farið og hygg, að þarna sé rétt stefnt. Hins vegar tel ég, að það geti einnig verið rétt og eðlilegt að halda áfram á þeirri leið, sem hefur verið farin síðan 1951—1952, að Ólafur Gunnarsson fór að undirbúa sérstaka starfsfræðsludaga. Ég hygg, að þeir dagar, þessir starfsfræðsludagar, hafi gert ýmislegt gott og að margir unglingar hafi þar fengið talsverða fræðslu um hin ýmsu störf, sem nú eru orðin margþætt og breytileg í okkar þjóðfélagi. Og ég get tekið undir það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að ég hygg, að Ólafur Gunnarsson hafi unnið þarft og gott verk með þessu.

En starfsfræðsludagarnir hafa verið oftast aðeins hér í Reykjavík, og það er þess vegna Reykjavíkuræskan, sem helzt hefur notið þessa. Í tilefni af því var nú í fyrsta sinn sett á fjárlög lítil upphæð, sem ætluð er til starfsfræðslu utan Reykjavíkur. Þetta er vitanlega lítil upphæð, aðeins 30 þús. kr., en það er í fyrsta sinn, sem þetta er tekið á fjárlög í þessu skyni. Og þá er það, lít ég svo á, til þess að styrkja starfsfræðsludaga utan Reykjavíkur, og jafnvel hafa ýmsir hv. þm., sem beittu sér fyrir því, að þessi fjárhæð væri tekin á fjárlagagrein, sem ég ávísa af, þeir hafa jafnvel sérstaklega ætlazt til þess, að þessi fjárhæð væri notuð í sveitunum eða í dreifbýlinu, geri ég ráð fyrir.

Ég skal viðurkenna það, að ég hef ekki enn hugsað nægilega mikið, hvernig þessi upphæð gæti komið að sem beztum notum. En ég hef rætt við Ólaf Gunnarsson um þetta, þar sem hann hefur reynsluna, og okkur hefur komið saman um, að í þetta sinn yrði þessu fé bezt varið með því að styrkja starfsfræðsludaga utan Reykjavíkur. Það var nefnt hér áðan, að það yrði starfsfræðsludagur á Sauðárkróki um næstu mánaðamót, og það er gert ráð fyrir, að unglingum úr Skagafirði og Húnavatnssýslu verði sérstaklega boðið á þennan starfsfræðsludag. Í sambandi við það verður vitanlega nokkur kostnaður, undirbúningskostnaður Ólafs, hann hefur verið beðinn sérstaklega um að mæta þarna. Ég tel eðlilegt að styrkja starfsfræðsludaginn á Sauðárkróki að einhverju leyti og vænti þess, að það þjóni tilganginum. Mér er einnig kunnugt um það, að ýmsir fleiri aðilar hafa snúið sér til Ólafs Gunnarssonar og óskað eftir aðstoð hans til að skipuleggja starfsfræðsludaga, og teldi ég þá eðlilegt að verja þessari upphæð, svo lengi sem hún endist, til styrktar hinum ýmsu starfsfræðsludögum víðs vegar um landið, þar sem erfiðast er að koma þeim á, og gera þá unglingum úr hinum ýmsu byggðum mögulegt að koma á starfsfræðsludagana og kynna sér það, sem þar fer fram.

N. k. sunnudag er starfsfræðsludagur hér í Reykjavík, og það hefur verið vakin sérstök athygli á þessum degi meðal unglinga hér á Suður- og Suðvesturlandi og þess vænzt, að þeir noti tækifærið og komi til Reykjavíkur og kynnist því, sem fram fer á starfsfræðsludeginum n. k. sunnudag.

Ég vænti þess, að það verði ekki talið mér mikið til ámælis, þó að ekki hafi enn verið hafðar uppi stórar ráðagerðir í sambandi við starfsfræðslu utan Reykjavíkur vegna þessarar upphæðar, sem nú fyrsta sinn er á fjárlögum til að styrkja þá starfsemi, og það er vitanlega ljóst, að það er ekki nema örlítið, sem hægt er að gera við þessa upphæð. Ég tel, að þótt í framkvæmd komi, sem ég vona að verði, áætlun menntmrh. um starfsfræðslukennslu í skólum, að starfsfræðsludagar í því formi, sem þeir áður hafa verið, geti haft sína þýðingu og það sé vitanlega ekki nóg, að þessir starfsfræðsludagar verði helzt aðeins hér í Reykjavík, heldur þurfi þeir að vera sem víðast um landið, þar sem hægt er að koma því við, svo að unglingar sem víðast af landinu geti notið þessarar fræðslu, ekki aðeins í skólunum, heldur einnig á starfsfræðsludögum, þar sem er til sýnis ýmislegt frá hinum ýmsu atvinnuvegum og þar sem er kannske enn betra tækifæri til skýringar af hinum ýmsu forstöðumönnum starfsgreinanna heldur en þótt kennslan færi fram í skólum, sem að sjálfsögðu er mikilvægt spor til framfara frá því, sem verið hefur.

Ég get tekið undir það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að það er vitanlega mikils virði, að æskan og unglingarnir kynnist atvinnulífinu, kynnist hinum ýmsu og mörgu starfsgreinum, sem um er að ræða í okkar þjóðfélagi. Það er enginn vafi á því, að það er mikill og góður efniviður í íslenzkri æsku, og það er mikils virði, að hver og einn velji sér það starf, sem hann er hæfur til og hann hefur áhuga á, og þjóðfélagið gengur því betur sem hlutfallið milli hinna ýmsu nauðsynlegu atvinnuvega verður í meira og betra jafnvægi.

Ég tel ekki ástæðu til að segja öllu meira í sambandi við þessa fsp. Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi láti sér eftir atvikum nægja það, sem ég hef sagt, og ég er vitanlega reiðubúinn til að hlýða á ábendingar um það, hvernig bezt mætti verja því fé, sem á fjárlögum er í þessu efni. En ég hef talið að

þessu sinni, að á meðan ekki er um meira fé að ræða en þetta, þá verði því bezt varið til að stuðla að því, að starfsfræðsludagar geti komizt á utan Reykjavíkur, eins og ég benti á áðan, og borga ferðakostnað fræðslustjórans í Reykjavík, sem hefur verið beðinn um aðstoð við þessa daga, og þá á annan hátt, eftir því sem hægt væri að koma því við.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. atvmrh. fyrir svör hans. Ég fyrir mitt leyti get lýst yfir, að að því leyti sem skoðanir hans komu fram í svörunum, á ég samleið með honum. Ég held, að því er þessar 30 þús. snertir, sem á fjárl. eru til starfsfræðslu nú, þá sé þeim vel varið með því, að fulltrúi hjálpi þeim stöðum úti á landi, sem vilja koma upp starfsfræðsludögum, til þess að skipuleggja þá. En því vildi ég bæta við, að heppilegt teldi ég, að fulltrúinn gæti líka heimsótt fleiri staði til að kynna þessi mál og búa undir framtíðina, eftir því sem þetta fé hrekkur nú til.

Mér þóttu það góðar fréttir, sem hæstv. ráðh. flutti um það, að hæstv. menntmrh. hefði ákveðið, að í haust yrði stofnað til námskeiðs fyrir kennara í starfsfræðslu og til þess að koma á skipulegu fræðslustarfi, enn fremur að taka á upp starfsfræðslu í kennaraskólanum og við unglingaskóla. En ég hef heyrt því fleygt, að til þess að standa fyrir námskeiði því, sem hér um ræðir og fyrirhugað er, sé ráðgert að fá danskan mann. Ég get ekki að því gert, að mér finnst það dálítið annarlegt að fá danskan mann til þess að leiðbeina Íslendingum um atvinnuvegi þeirra, t. d. að því er snertir útgerðina. Ég hafði haldið, að sá fulltrúi, sem við höfum hér heima og kunnugur er atvinnulífinu og unnið hefur að þessum málum undanfarin ár, sé miklu betur til þess fallinn að skipuleggja fyrir okkur þetta starf, og þess vegna mundi það vera mér geðfelldara og ég hygg flestum, að það væri íslenzkur maður, sem væri þarna falið framkvæmdastarfið. Hinu er svo alls ekki að neita, að gott getur verið að fá almenna fræðslu frá útlendum aðila um starfsfræðslu erlendis. Ég vildi þess vegna óska þess, að hæstv. menntmrh. endurskoðaði þetta atriði, ef það er rétt, að hugsað hafi verið að fá danskan mann til að standa fyrir þessu námskeiði.

Þá hefði ég viljað spyrjast fyrir um það, hvort komið hefur til tals hjá þeim, sem fara með þessi mál, að taka upp það fyrirkomulag, sem tíðkast hjá öðrum þjóðum, að hafa starfsfræðsluráð, sem skipað sé ekki aðeins kennurum, heldur einnig fulltrúum aðalatvinnuvega. Mér skilst, að til þess að starfsfræðsla geti orðið verulega fullkomin og m. a. til þess að fá fé til hennar, þurfi að leita samstarfs við atvinnuvegina sjálfa, eins og raunar hefur verið gert hér í Reykjavík á starfsfræðsludögum. — Svo þakka ég aftur fyrir svörin.

16. Greiðsla opinberra gjalda af launum.

Á 38. fundi í Sþ., 13. marz, var útbýtt:
Fsp. til fjmrh. um greiðslu opinberra gjalda af launum [195. mál, 2] (A. 380).

Á 39. fundi í Sþ., 14. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., 20. marz, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. fjmrh., sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„1) Hvað líður rannsókn og athugun á því, að opinber gjöld verði innheimt af launum, jafnóðum og þau eru greidd?

2) Eru líkur til, að slík tilhögun á gjaldainnheimtu verði að veruleika í næstu framtíð?"

Á flokksstjórnarfundi Alþfl. 15. og 16. febr. 1958 var gerð allýtarleg ályktun um skattamál. Þessi ályktun fundarins varð síðan undirstaða að till. til þál., sem flutt var af öllum þáv. þm. Alþfl. á Alþingi þá skömmu síðar, en till. þessi til þál. hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna gaumgæfilega möguleikana á því, að tekjuskattur verði afnuminn með öllu, svo og að innheimta önnur opinber gjöld af launum, jafnóðum og þau eru greidd."

Till. þessi var samþ., eins og ég sagði áðan, sem ályktun sameinaðs Alþingis, og er öllum kunnugt um þá umfangsmiklu endurskoðun skattalaganna, sem fram fór í kjölfar þeirrar samþykktar, og síðari breytingar á skattalögunum.

Um síðari hluta till. hefur árangur ekki verið eins sýnilegur, og af þeim ástæðum er fsp. á þskj. 380 flutt.

Árum saman hefur það verið krafa verkalýðsfélaganna, að innheimta persónuskatta og útsvara yrði hagað þann veg, að gjöldin væru dregin frá launum hverju sinni er launagreiðsla fer fram. Hvernig svo sem á því stendur, hafa mikið umtalaðar rannsóknir og athuganir ekki séð dagsins ljós og það af síður, að úr nokkurs konar framkvæmdum hafi orðið, þegar frá eru teknir opinberir starfsmenn og örfáir einstakir vinnustaðir. Hjá öðrum launþegum hefur lítið orðið úr framkvæmdum, þegar frá eru dregnar þessar undantekningar.

Fjöldi verkalýðsfélaga og mörg alþýðusambandsþing hafa gert ályktanir í málinu, sem á einn veg hafa verið: kröfur um rannsókn og framkvæmdir. Málinu var, eins og ég sagði

áðan, hreyft af Alþfl. með þál., og vinstri stjórnin hét framkvæmdum, en allt hefur komið fyrir ekki.

Hin nagandi óvissa manna um ráðstöfunarrétt á tekjum sínum, sem hæglega taka stórbreytingum frá ári til árs, á að tilheyra fortíðinni. Í flestum nálægum löndum hefur þetta jafnóðum-greiðslukerfi verið tekið upp, þannig að starfsbræður okkar þar eru að taka við fé, sem það opinbera hefur oftekið af þeim á árinu, á sama tíma sem við sitjum sveittir við að hnoða saman okkar framtalsskýrslum.

Það virðist a. m. k. eðlilegt, að opinberlega verði gerð grein fyrir þeim rannsóknum, sem fram hafa farið um þessi mál, og þá jafnframt, hvers vegna ekki hefur verið hafizt handa hjá okkur enn þá.

Ég vænti þess að lokum, að hæstv. fjmrh. upplýsi, hvernig mál þessi standa nú og hvers má vænta um framkvæmdir á þessu mikla nauðsynjamáli.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. hefur nú gert ýtarlega grein fyrir þeirri fsp., sem hann hefur borið fram, og skal ég leitast við að svara henni og gefa nokkrar upplýsingar um þetta mál.

Það er nú umrætt mál í ýmsum löndum og hefur verið alllengi, hvort betra sé að borga útsvör, skatta og önnur opinber gjöld jafnóðum og teknanna er aflað eða árið eftir. Hér á landi er sá háttur hafður, að opinber gjöld eru ár hvert lögð á þær tekjur, sem maður hefur aflað árið áður. Af tekjum manns árið 1963 þarf því að borga skatta og skyldur á næsta ári án tillits til þess, hverjar tekjur hans, efni og ástæður verða þá. En með mörgum þjóðum er þessu annan veg farið. Skattarnir eru teknir af tekjum manna mánaðarlega eða vikulega, áður en launin eru útborguð, svo að sá hluti, sem ríkisins er eða bæjarins, kemur ekki í hendur launþegans. Þegar árið er á enda, hefur skattgreiðandinn því innt af hendi til hins opinbera það, sem honum ber af tekjum hins liðna árs, eða a. m. k. meginhluta skattsins. Enn þá vantar gott orð íslenzkt um þetta fyrirkomulag, og hafa þó ýmis heiti þar verið notuð. Á s. l. hausti bað ég Halldór Sigfússon skattstjóra í Reykjavík að gefa ábendingar um heppilegt íslenzkt orð um þetta fyrirkomulag. Ég vil leyfa mér að lesa hér kafla úr bréfi, sem hann skrifaði mér 10. sept. 1962 um þetta efni. Hann segir m. a. á þessa leið:

„Hér hefur verið talað um staðgreiðsluskatt, samtímaskattgreiðslu, frumskatt, forskatt, greiðslu af tekjum jafnóðum o. fl. Magnús Stephensen notaði í Klausturpóstinum orðalagið „afdráttarréttur af útlendum eigum", en það þýðir réttur ríkisins til tolls eða afgjalds af eignum, sem fluttar eru út úr landinu. Orðið afdráttur er því gamalt íslenzkt skattheiti, það að draga skattinn af, myndað á sama hátt og elzta norrænt skattheiti, sem þekkt er, afráð, sbr. ráða af hendi. Orðið afdráttur felur einmitt í sér það megineinkenni umræddra skattheimtukerfa, að skatturinn er dreginn af tekjum eða launum. Gæti því komið til greina að taka aftur upp þetta gamla skattheiti í yfirfærðri merkingu og láta það tákna nú þá skattgreiðslu, sem haldið er eftir jafnóðum. Nota mætti jöfnum höndum: afdráttur, afdráttarskattur eða skattafdráttur eftir samhengi, og er orðið mjög þægilegt í meðferð og ýmsum samböndum."

Þetta er úr álitsgerð Halldórs Sigfússonar skattstjóra í Reykjavík um þetta atriði. Er svo eftir að vita, hversu mönnum fellur sú uppástunga, sem hann þarna ber fram.

Þetta fyrirkomulag, að greiða eða taka skatta af tekjum, jafnóðum og þeirra er aflað, er nú í gildi í Englandi, Írlandi, Þýzkalandi, Austurríki, Hollandi, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu. Í Danmörku hefur málið verið rætt og rannsakað í mörg ár, og er það ofarlega á baugi, en samstaða hefur ekki enn náðst í því landi.

Launamenn og aðrir skattgreiðendur mundu hafa margs konar hag af þessu fyrirkomulagi, eins og hv. fyrirspyrjandi ræddi og rökstuddi í sinni ræðu. Sumir menn hafa mjög misjafnar tekjur frá ári til árs. Sá, sem hefur háar tekjur í ár, en lægri á næsta ári, þarf að borga skatta af háu tekjunum á ári hinna lágu tekna. Snertir þetta m. a. og ekki sízt sjómenn. Þegar maður lætur af starfi fyrir aldurs sakir, lækka tekjur hans oftast verulega. Eftirlaun og lífeyrir koma í stað launa. Á fyrsta ári eftirlaunanna eða lífeyrisins þarf hann þá að greiða skatta af síðustu árslaunununum. Þegar sjúkdómar, slys eða önnur óhöpp og ógæfa steðja að, gerist venjulega allt í senn, tekjur mannsins minnka, útgjöld hans vaxa og skattar og útsvör fyrra árs falla til greiðslu. Öll mæla þessi atriði mjög með því fyrirkomulagi, sem hér er um rætt. Að vísu mætti úr þessu bæta, ef sérhver maður legði sjálfur til hliðar af launum sínum jafnóðum fyrir skattgreiðslum síðar, en slík forsjálni er fáum gefin.

Fyrir hið opinbera og efnahagslífið í heild mundi sú skipan hafa marga kosti, að skattar væru greiddir jafnóðum og tekjurnar myndast, og skal ég ekki fara út í það mál nánar hér. En ýmsir annmarkar og örðugleikar eru á þessari braut. Álagning skattanna yrði væntanlega vinnufrekari og dýrari en nú er. Hér á landi eru tekjuskattur og útsvar stighækkandi, og ýmsir frádráttarliðir eru leyfðir, sem ekki er unnt að vita um með vissu fyrr en í árslok. Ef manni er gert að greiða vikulega eða mánaðarlega hluta af launum sínum, þarf að umreikna allan skattinn að árinu loknu. Þó ber að hafa hér í huga, að hinar afkastamiklu skýrsluvélar, sem nú eru hér til, mundu draga mjög úr þeim kostnaðarauka, sem áður var talinn fylgja þessu fyrirkomulagi. Einnig er það allmikið vandamál, hvernig fara skuli um skattgreiðslur á því ári, sem skipulagsbreytingin kæmi til framkvæmda, hvort ætti að miða skattinn við tekjur þess

árs, þegar breytingin kæmi til framkvæmda, eða við tekjur undanfarandi árs eða meðaltal þessara tveggja ára eða einhver enn önnur sanngjörn leið yrði fundin.

Kostir þess að greiða opinber gjöld af tekjum, jafnóðum og þeirra er aflað, eru samt sem áður vafalaust miklu meiri en annmarkarnir. Á s. l. hausti kynnti ég mér nokkuð undirbúning þessara mála í Danmörku, en þar í landi hafa árum saman farið fram víðtækar athuganir um þetta efni. Ég átti þá m. a. viðræður við fjmrh. Dana um málið og fékk í hendur ýmis gögn og álitsgerðir, sem gerðar hafa verið á vegum danskra yfirvalda. Í framhaldi af því fól ég svo ríkisskattstjóra að athuga, hvort eigi væri hentugt að koma slíku innheimtukerfi á hér á landi. Hann hefur síðan ásamt nokkrum öðrum embættismönnum unnið að þessari athugun, en niðurstöður liggja ekki fyrir enn. Í því sambandi má benda á, að málið er mjög umfangsmikið, og hefur undirbúningur í nágrannalöndum okkar, þar sem því hefur verið komið á, tekið mörg ár. Sem dæmi til skýringar má nefna Noreg.

Á árinu 1952 samþykkti norska stórþingið lög þess efnis, að upp skyldi tekin innheimta skatta af tekjum, jafnóðum og þær myndast, þó af einstaklingum eingöngu, en ekki félögum. Og þar var ákveðið, að síðar skyldi tekin um það ákvörðun, hvenær þessi nýja skipan kæmi til framkvæmda. Þetta var sem sagt á árinu 1952, sem norska Stórþingið samþykkti þessi lög. Síðan voru sett lög þremur árum síðar, árið 1955, sem kváðu svo á, að hið nýja kerfi skyldi koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1957. En áður en lögin voru sett árið 1952 var búið að vinna að málinu í 6—7 ár.

Þetta dæmi er nefnt til skýringar á því, að talin hefur verið þörf mikils og langvinns undirbúnings að þessu mikla máli. Það verður einnig að hafa í huga, að verði slíkt staðgreiðslukerfi lögleitt, hefur það í för með sér, að endurskoða þarf um leið ýmsa þætti laga um tekju- og eignarskatt, laga um tekjustofna sveitarfélaga og ýmissa annarra laga, sem fjalla um innheimtu opinberra gjalda.

Mér þótti rétt að láta þessi atriði koma hér fram og nokkur þau rök, sem í hugum manna eru með og móti þessari skipun. En ég vil að lokum láta í ljós þá skoðun mína, og hún styðst við álit þeirra manna hér á landi, sem mest hafa um það fjallað og gerst til þekkja, að það sé æskileg sú tilhögun á gjaldainnheimtu að draga skatta og útsvör frá tekjum, jafnóðum og þær verða til. Það er eindregin skoðun mín og sannfæring, að þessi skipan hafi miklu fleiri kosti en galla og að því beri að vinna að koma henni á sem fyrst. Þess vegna hefur verið ákveðið, að rannsókn og undirbúningi þessa máls verði haldið áfram og hraðað svo sem föng eru á. Ég geri ráð fyrir, að unnt væri að leggja fram frv. um þetta efni fyrir Alþingi á árinu 1964, ef sú stjórn, sem þá fer með völd í landinu, hefur áhuga á málinu. Ég býst ekki við, að nauðsynlegum undirbúningi verði lokið fyrr. Og ef frv. væri lagt fyrir Alþingi á árinu 1964 og samþ., þá mætti láta kerfið koma til framkvæmda í fyrsta lagi í ársbyrjun 1965.

Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi og þingheimur hafi af þessu yfirliti fengið nokkrar upplýsingar um, hvernig þessi mál standa.

Fyrirspyrjandi (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég færi fjmrh. þakkir fyrir hans greinargóðu svör við þessum fyrirspurnum og vænti þess, að almenningi verði nú ljósara, að það er unnið að því með þeim hraða, sem unnt er, að koma þessum hætti á, og vil jafnframt lýsa ánægju minni yfir þeim jákvæðu undirtektum, sem þetta fyrirkomulag fékk í ræðu hæstv. ráðh. Ég tek undir þær óskir hans, að þessum rannsóknum, sem ríkisskattstjórinn vinnur nú að, verði haldið áfram og hraðað svo sem föng eru á. Ég ítreka svo að lokum þakkir mínar við þessum fyrirspurnum.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég get í fyrsta lagi tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að lýsa ánægju yfir því, að þetta mál, sem svo mikill áhugi hefur verið á, bæði innan verkalýðsfélaganna og í ýmsum stjórnmálaflokkum og öðrum samtökum, skuli nú vera til ýtarlegrar athugunar.

Ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er sú, að ég átti sæti í nefndinni, sem undirbjó skattalögin frá 1960, en þeim tilmælum hafði fjmrh. einmitt beint til þeirrar nefndar, að hún athugaði það mál, sem hér er til umræðu, sérstaklega. Meiri hluti nefndarinnar mun og hafa verið því hlynntur, að þetta fyrirkomulag væri tekið upp. Ég var þó hins vegar meðal þeirra, sem voru í vafa um, hvort rétt væri að taka þetta fyrirkomulag upp, og er í vafa um það enn þá. En niðurstaða nefndarinnar var sú, að málið væri í heild það umfangsmikið, að nefndinni mundi ekki vinnast tími til nægilega gaumgæfilegrar athugunar á því á þeim tiltölulega stutta tíma, sem henni var ætlaður, svo að hún gerði ekki um það ákveðnar tillögur. En allir munum við hafa verið á því máli, að æskilegt væri að rannsaka málið áfram, og er það vel farið, sem hæstv. fjmrh. upplýsti hér, að málið væri enn þá til ýtarlegrar athugunar.

Bæði hjá hv. fyrirspyrjanda og hæstv. fjmrh. komu fram ýmis rök með því að taka þetta fyrirkomulag upp. Þarf ekki að rekja þau nánar. Ég er þeim sammála út af fyrir sig. Til eru hins vegar rök, sem mæla gegn þessu, en þar sem málið er ekki efnislega til meðferðar hér, fer ég ekki að rekja þau.

En það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi vekja athygli á og er meginröksemdin á móti því að taka þetta fyrirkomulag upp, eins og kom raunar fram í ræðu hæstv. fjmrh., en hún er sú, að þetta fyrirkomulag yrði óhjákvæmilega dýrara hvað skattaálagninguna snertir heldur en núv. fyrirkomulag. Það leiðir af því, að ef menn eiga að greiða skatta af tekjum sínum jafnóðum og þeir afla þeirra,

þá verður að gera fyrirfram áætlun um tekjur þeirra á árinu, en þar sem slíkt verður auðvitað ekki gert með neinu öryggi, verður einnig að endurskoða þetta eftir á, m. ö. o. að það þarf tvær niðurjafnanir í staðinn fyrir eina, sem er nú. Það er fullkomlega rétt hjá hæstv. fjmrh. og dregur úr þessari röksemd, að hinar fullkomnu vélar, sem nú er aðgangur að, gera álagninguna ódýrari, svo að þessi röksemd hefur þess vegna e. t. v. ekki nú eins mikið gildi og áður.

Ég vildi þó benda á eitt, sem skapar nokkra sérstöðu fyrir Íslendinga í þessum efnum og að mínu áliti gerir þessi rök þyngri á metunum hér en annars staðar. Þau lönd, þar sem þetta hefur verið tekið upp, eru yfirleitt iðnaðarlönd, þannig að afkoma atvinnuveganna er þar öruggari en hér. Í þessum löndum hefur einnig verið tiltölulega stöðugt verðlag, gagnstætt því, sem hér er, og í þriðja lagi er það þannig í mörgum þessum löndum, að launasamningar eru gerðir til allt að því 2 ára eða jafnvel lengri tíma. Það gefur auga leið, að þar sem þannig stendur á, er það þannig. a. m. k. hvað snertir allan þorra launþega, að það er hægt með nokkurn veginn öryggi að áætla fyrir fram, hvaða tekjur þeir muni hafa, og það gerir niðurjöfnunina eftir á auðvitað umfangsminni. Hér er þessu öðruvísi varið. Okkar atvinnuvegir eru miklu háðari duttlungum náttúrunnar heldur en þar. Verðlag hefur verið óstöðugra hér en í nágrannalöndunum. Og hér er það yfirleitt þannig, að verkalýðsfélög geta sagt upp samningum með viku fyrirvara eða svo. Þetta gerir það að verkum, að miklu erfiðara verður hjá okkur en í hinum löndunum að áætla tekjurnar með nokkurri nákvæmni, þannig að niðurjöfnunin eftir á kemur þannig til að ná til miklu fleiri.

Ég vildi aðeins benda á þetta, ekki af því, að ég sé því andvígur, að þetta fyrirkomulag verði tekið upp, en ég tel, að það þurfi sérstaklega að athuga, áður en fyrirkomulagið er tekið upp, að kostnaðaraukinn við skattheimtuna verði sem allra minnstur, því að það hygg ég að allir hv. þm. séu sammála um, að hana beri að gera sem ódýrasta, enda verið unnið að því á öðrum sviðum undanfarin ár undir forustu núv. hæstv. fjmrh. að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að svo mætti verða.

17. Útgáfa lagasafnsins.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um útgáfu lagasafnsins [224. mál, 1] (A. 466).

Á 43. fundi í Sþ., 28. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Sþ., 3. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það þykir nú kannske skrýtið svona rétt fyrir kosningar, að þm. séu að bera fram fsp. um alópólitísk efni, en ég hef nú samt leyft mér að gera það og tel, að málið, sem um er spurt, snerti það marga í þjóðfélaginu, að ástæða sé til að fá upplýsingar frá réttum aðilum um, hvað því málefni líði.

Fsp. á þskj. 466 er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

1) „Hvað veldur sífelldum drætti á nýrri útgáfu lagasafnsins?

2) Er ný útgáfa lagasafnsins væntanleg innan langs tíma?

3) Hefur nokkuð verið athugað um útgáfu reglugerðasafns jafnframt útgáfu lagasafnsins eða sérstaklega, og ef svo er, hvað líður þá undirbúningi þess máls?"

Fyrir löngu var gefið út í nokkrum bindum Lagasafn alþýðu, og naut það ritsafn mikilla vinsælda. Þá var gefin út útgáfa af lagasafni 1932, ný útgáfa kom 1947, og seinasta útgáfa af lagasafninu kom út 1955.

Það gerast miklar breytingar í lagasetningu á hverju tíu ára tímabili, og mikil og margvísleg ný lagasetning kemur til, mörg eldri lög eru úr gildi felld eða þeim breytt, en Stjórnartíðindi hins vegar fremur óhandhæg heimild, a. m. k. í höndum alþýðu manna. Lagasafnið er því bók, sem er í höndum margra, einstaklinga, fyrirtækja og stofnana, og til þess leitað daglega.

Þegar 2. útgáfa af lagasafninu, þessi útgáfa, sem kom út 1947, var undirbúin, munu hafa liðið a. m. k. fimm ár, frá því að ráðh. fól sérfræðingum að hefja verkið, þangað til því var lokið. Mér er það fyllilega ljóst, að hér er um mikið verk að ræða, vandasamt nákvæmnisverk, og þetta verk fer vaxandi, og má því búast við, að það taki lengri tíma og þurfi að fá fleiri hæfa sérfræðinga til að vinna að undirbúningi nýrrar útgáfu lagasafns, þó að nokkuð sé auðvitað unnið með fyrri útgáfum.

Ég þykist raunar vita, að ráðstafanir hljóti að hafa nú þegar verið gerðar til þess að undirbúa nýja útgáfu af lagasafninu, en fsp. mín er einkum fram borin til þess að fá vitneskju um, hvað verkinu sé langt komið, hvað því líði og hvenær megi vænta nýrrar útgáfu af þessari mjög svo nauðsynlegu almenningshandbók. Með fsp. mundi ég þá líka vilja stuðla að því, að hert verði á framkvæmd verksins og því hraðað, ef það skyldi eiga alllangt í land enn.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um nauðsyn þess, að nýtt lagasafn komi. Ég held, að það liggi í augum uppi og allir séu um það sammála.

Síðasti liður fsp. minnar er svo um það, eins og ég áðan las upp, hvort unnið hefði verið að undirbúningi að útgáfu reglugerðasafns, jafnframt útgáfu lagasafnsins eða sérstaklega. Svo sem kunnugt er, hefur reglugerða-

safn ekki, svo að ég viti, verið gefið út fyrr, en ég tel, að það mundi verða enn meira hagræði og almennari fyrirgreiðsla að því, að allar gildandi reglugerðir væru til í einu ritsafni, því að ég hygg, að þeir séu fáir, sem hafa yfirsýn yfir það, hvaða reglugerðir séu í gildi, en þær segja, eins og kunugt er, nákvæmar fyrir um það í einstökum atriðum, hver sé og hafi orðið framkvæmd laga. En oft og tíðum skiptir ekkert minna máli að vita góð skil á því, hvaða reglugerðir séu í gildi á grundvelli settra laga, heldur en að vita um löggjöfina sjálfa.

Ég játa, að reglugerðir eru jafnvel enn þá meira á hverfanda hveli, verða fyrir enn þá tíðari breytingum en lög, og það kann því að skapa erfiðleika við það að búa út ritsafn með gildandi reglugerðum. Það mundi kalla á tíðari útgáfur af því ritverki heldur en af lagasafni, ef það ætti að mega treysta slíku safni í aðalatriðum. En mikið er þó af reglugerðum, sem hafa verið í gildi um áratugi og kannske aldir, og tilskipanir, sem hafa lagagildi, sem erfitt er þó fyrir fólk að henda reiður á, nema menn séu þá lögfróðir í betra lagi og fylgist vel með.

En hins vegar er það, þó að þetta sé erfiðleikum bundið og ég telji, að það muni kannske orka tvímælis, hvort það þætti tiltækilegt að ráðast í útgáfu reglugerðasafns, sem sjálfsagt yrði mikið verk og vandasamt að undirbúa, þá tel ég líka, að það yrði enn þá meira notað og þætti enn þá þýðingarmeiri handbók fyrir almenning og fyrir stofnanir og fyrirtæki heldur en jafnvel lagasafnið sjálft, og væri því kannske enn þá meiri þjónusta gerð við mikinn fjölda þjóðfélagsþegna, ef fært þætti að gefa út auk lagasafns einnig reglugerðasafn.

Ég vil svo vænta, að hæstv. dómsmrh. vilji svo vel gera að gefa upplýsingar um, hvað framkvæmdum þessa máls líði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Skv. l. nr. 48 frá 1929 er gert ráð fyrir, að lagasafn skuli gefið út að nýju a. m. k. á tíu ára fresti. Hið fyrsta lagasafn eftir setningu laganna kom út snemma árs 1933 með lagaefni til ársloka 1931. Störf að næstu útgáfu lagasafns voru hafin í árslok 1942, og var handritið tilbúið vorið 1943, en vegna ýmissa orsaka, aðallega erfiðleika á prentun, dróst það mjög og varð ekki lokið fyrr en síðla árs 1947 með lagaefni til vors 1945. Útgáfa sú, sem nú er í notkun, inniheldur lagaefni til vorsins 1954 og kom út snemma árs 1956.

Snemma á s. l. ári var hafinn undirbúningur að nýrri útgáfu lagasafnsins, og er nú handrit tilbúið til prentunar, og byrjunarfjárveiting til að standa straum af kostnaði við útgáfuna er á fjárl. 1963. Ef nægilegt fé verður lagt til útgáfunnar, er ekkert því til fyrirstöðu, að lagasafnið komi út á þessu ári eða í byrjun næsta árs með lagaefni til loka yfirstandandi Alþingis.

Ekki er í undirbúningi að gefa út reglugerðasafn jafnhliða lagasafninu. Það er ekki ljóst, hvort hagnýtur grundvöllur sé fyrir útgáfu og notkun reglugerðasafns. Slíkt heildarsafn reglugerða mun ekki þekkjast hjá nágrannalöndum okkar, sem við sníðum okkar lagasöfn eftir, og það þó að þeir aðilar hafi af augljósum ástæðum tök á að leggja miklu meira fé í slík verk og gefa þau út örar en hér er talið fært.

Tilvitnanaskrár lagasafnsins hafa orðið fullkomnari með hverri útgáfu lagasafnsins og eru handhægar til hagnýtingar á reglugerðasafni Stjórnartíðinda. Efnisyfirlit Stjórnartíðinda eru einnig hentug sem leiðarvísir um þetta efni, ekki sízt eftir að sérútgáfa efnisyfirlits Stjórnartíðinda er ýtarlegri en áður, svo sem gert var í síðasta efnisyfirliti fyrir árabilið 1936—1950. Nýtt efnisyfirlit yfir Stjórnartíðindi fyrir árabilið 1951—1961 mun koma út síðar á þessu ári.

Þetta er skýrsla dómsmrn. um málið. Ég vil einungis bæta því við, að ég hygg mig muna það rétt, að Ólafur Lárusson hafði á sínum tíma nokkuð undirbúið og safnað efni í útgáfu reglugerðasafns, hann hafi skýrt mér eitt sinn frá því, en hann treysti sér ekki til að ljúka verkinu. Á því eru mjög margir annmarkar, m. a. þessir, sem hv. fyrirspyrjandi gat um, að reglugerðum er svo oft breytt, að mjög lítil stoð er í slíku safni varðandi ákaflega mörg þýðingarmikil efni. Hitt er rétt, að aðrar reglugerðir standa lengi. En það getur verið mjög villandi fyrir allan almenning að fá slíkt safn í hendur, ef mikill hluti þess, sem þar er prentaður, er þegar fallinn úr gildi eða fellur úr gildi, jafnskjótt og bókin kemur í hendur þeirra manna, sem hana eiga að nota.

Ég játa, að það væri æskilegt, ef hægt væri að gefa út reglugerðasafn. En ég hygg þó, að það sé misskilningur, að það mundi koma að nándar nærri sömu notum og lagasafnið. Að hinu bæri miklu frekar að keppa, að reyna að gefa lagasafn út oftar. Í öðrum löndum eru slík söfn gefin út hvert einasta ár, og vel er þessu ekki fyrir komið, fyrr en við gætum haft þann sama hátt á, því að það er ákaflega erfitt að eiga að nota lagasafn og þurfa að hafa heilan bunka af Stjórnartíðindum við hliðina til þess að fylgjast með því, hvaða breytingar hafa átt sér stað. Við höfum hins vegar ekki treyst okkur til þess af fjárhagsástæðum, líka af mannaskorti, eins og oft vill verða, en það hlýtur að sækja í það horf, að reynt verði að koma út lagasafni oftar en á tíu ára fresti, og mér er ljóst, að það er of langt bil.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég hélt nú jafnvel, að útgáfa lagasafnsins væri lengra undan en hann upplýsti, og er það vel, að það getur svo farið, að ný útgáfa komi á þessu eða næsta ári, ég fagna því.

Ég gerði mér ljóst, að það væru vafalaust

mikil vandkvæði á því að gefa út reglugerðasafn, og heyrði ég, að það er einnig skoðun hæstv. ráðh. Ég tel, að það væri áreiðanlega mjög mikið notað ritsafn, ef hægt væri að gefa það út, en vafalaust þyrfti að gefa það út ekki sjaldnar en á þriggja, fjögurra ára fresti.

Ég er líka sammála hæstv. ráðh. um það, að ef fjárhagsástæður leyfðu, þá væri mjög æskilegt, að lagasafn væri gefið út með ekki lengra millibili en t. d. á fimm ára fresti. Nú höfum við ekki lagasafn, sem gildir lengra en til 1954, og er þá komið þarna 9 ára löggjafartímabil, sem menn verða að leita til Stjórnartíðinda um, og það er, eins og hæstv. ráðh. sagði, mjög óhandhægt, jafnvel í leit að einstökum smáatriðum.

18. Siglufjarðarvegur ytri.

Á 42. fundi í Sþ., 27. marz, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um fyrirhugaðar framkvæmdir í Siglufjarðarvegi ytri (Strákavegi) [224. mál, 2] (A. 466).

Á 43. fundi í Sþ., 28. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 44. og 47. fundi í Sþ., 3. og 10. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Sþ., 19. apríl, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstj. um fyrirhugaðar framkvæmdir í Siglufjarðarvegi ytri, svokölluðum Strákavegi. Fsp. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1) Hvaða ákvarðanir hefur ríkisstj. tekið um framkvæmdir í Siglufjarðarvegi ytri á þessu eða næsta ári?

2) Hefur verið fengið lán til framkvæmdanna? Ef svo er, þá hvar og hve mikið?"

Eins og menn vita, hafa Siglfirðingar búið við óviðunandi samgöngur á landi frá fyrstu tíð. Skarðsvegur liggur yfir skarðið í 630 m hæð yfir sjó, og getur umferð þar stöðvazt vegna snjókomu á hvaða tíma árs sem er. Segja má, að vegurinn hafi aldrei verið fullagður, enda afar erfið öll vegarlagning á þessum stað. T. d. má benda á það, að hvergi í námunda við veginn er nothæfur ofaniburður.

Það mun hafa verið í kringum 1950, að farið var að ræða í alvöru um nauðsyn þess að fá nýjan veg til Siglufjarðar, sem lagður yrði út með ströndinni, í gegnum fjallið Siglufjarðarmegin og fyrir Stráka. Áður höfðu aðrar leiðir verið ræddar og rannsakaðar allýtarlega, m. a. að gera jarðgöng úr botni fjarðarins og vegurinn hefði þá komið niður nokkuð fyrir innan Hraun. Frá þeirri hugmynd var þó horfið af ótta við snjóþyngsli beggja vegna við fjallið. Samkv. áliti vegamálastjóra var talið fært að leggja veg út með ströndinni Siglufjarðarmegin með jarðgöngum gegnum fjallið og inn Almenninga að vestan.

Á Alþingi 1953—1954 var flutt till. af þm. Siglf., þm. Skagf. og mér um, að athugað yrði nýtt vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðar. Till. náði fram að ganga. Árið 1955 var svo Siglufjarðarvegur ytri tekinn í þjóðvegatölu. Fyrsta fjárveiting til vegarins var veitt 1956 og var 100 þús. kr. Síðan hafa á hverju ári verið veittar til vegarins nokkur hundruð þúsund kr. og fyrir þá upphæð unnið flest árin. Almennt er talið, að hinn nýi vegur verði fær mestan hluta árs.

Samkv. upplýsingum, sem ég fékk frá vegamálastjóra fyrir nokkru, hafði þá engin ný og endanleg kostnaðaráætlun verið gerð. En með hliðsjón af verðlagi miðað við árið 1960 var kostnaður við jarðgöngin, vegalagningu og brýr talin nema tæpum 18 millj. kr. Síðan hefur allt verðlag stórlega hækkað, og vitanlega eru þessar 18 millj., sem vegurinn var talinn þá kosta, úreltar að því leyti. Heyrzt hefur, að ný kostnaðaráætlun sé í uppsiglingu, sem sýni, að vegurinn komi til með að kosta eitthvað um 21—22 millj. kr.

Búið er að leggja bráðabirgðaveg Siglufjarðarmegin út að fyrirhuguðum jarðgöngum og sprengja inn í fjallið 30 m. Skagafjarðarmegin hefur verið undirbyggður 4 km kafli, en eftir er að leggja um 10 km langan veg og byggja nokkrar brýr. Á þessu stutta yfirliti sést, að vegalagningu þessari er mjög skammt á veg komið, og mun þurfa stórátak til að ljúka byggingunni ásamt sprengingum á 900 metra löngum jarðgöngum á rúmum tveimur árum, eins og fram hefur komið að eigi að gera.

21. febr. s. l. birti dagblaðið Vísir, eitt aðalmálgagn hæstv. ríkisstj., svo hljóðandi fregn, með leyfi hæstv. forseta:

„Einangrun Siglufjarðar rofin, jarðgöngin sprengd á næsta ári."

Í greininni er sagt, að ákveðið hafi verið að fullgera veginn að vestan að fyrirhuguðum jarðgöngum gegnum fjallið Stráka á þessu ári. Kostnaðurinn við þá framkvæmd er talinn munu nema 3—4 millj. kr. Ákveðið sé að hefja á þessu ári tæknilegan undirbúning að því að sprengja jarðgöngin. Loks hafi svo verið ákveðið, að jarðgöngin verði gerð á næsta ári.

Nokkru eftir að þessi frétt birtist, átti ég langt tal við vegamálastjóra um fyrirhugaðar framkvæmdir í Siglufjarðarvegi ytri. Þær upplýsingar, sem ég fékk frá vegamálastjóra þá, voru ekki í samræmi við þá frétt, sem stjórnarblaðið Vísir hafði flutt. Hvað síðar kann að hafa gerzt í málinu, er mér ókunnugt um, að öðru leyti en því, sem fram kemur í hinni nýju framkvæmdaáætlun ríkisstj.

Að fengnum þeim upplýsingum hjá vegamálastjóra, sem fyrr getur, taldi ég rétt að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstj. um fyrirhugaðar framkvæmdir í Siglufjarðarvegi ytri á þessu og næsta ári. Það hefur dregizt hjá hæstv. samgmrh. að svara þessari fsp. Til þess liggja máske eðlilegar ástæður. Ráðh. óskaði að fresta því að svara fsp., m. a. þar til framkvæmdaáætlunin væri komin fram, og varð ég við þeirri ósk hans og varð um það samkomulag. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. muni nú hér á eftir veita umbeðnar upplýsingar. Hér er um stórhagsmunamál að ræða, ekki aðeins fyrir Siglfirðinga, heldur alla þá mörgu, sem viðskipti þurfa að hafa við þennan mikla athafnabæ á komandi tímum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur fengið svar, a. m. k. að nokkru leyti, við þessari fsp. með því að lesa á bls. 45 í þjóðhagsáætluninni, þar sem ráðgert er að gera Strákaveg. En til þess að gera svarið fyllra, þykir rétt að lesa hér upp bréf frá vegamálastjóra máli þessu viðvíkjandi.

Í samræmi við það, sem sagt er í þjóðhagsáætluninni, er gert ráð fyrir, að verkið verði unnið á 3 árum og því lokið haustið 1965. Fjárþörfin verður þá hvert ár þannig, að 4 millj. þarf á yfirstandandi ári, 10.5 millj. 1964 og 6.5 millj. 1965. Þetta eru 20 millj., sem vegamálastjóri reiknar með. Hins vegar er gert ráð fyrir 21 millj. í þjóðhagsáætluninni. En á svona miklu verki getur náttúrlega alltaf skeikað um 1 millj. kr. eða 5%. Þótti eðlilegra að áætla upphæðina heldur ríflegri heldur en minni.

Vegamálastjóri segir enn fremur, að ráðgert sé að fella niður vinnu við jarðgöngin á tímabilinu desember-febrúar 1964—1965, þar sem nokkur hætta er á því, að snjóar og byljir geti torveldað hagkvæma nýtingu efnis þess, sem úr göngunum kemur, til vegfyllingar á veginum frá göngunum til Siglufjarðar.

Fé það, sem er fyrir hendi til framkvæmda í Siglufjarðarvegi, er 700 þús. kr. fjárveiting, og auk þess má geta þess, að hv. þm. Norðurl. v. munu hafa ráðstafað 300 þús. kr. af því fé, sem þeir höfðu aukalega til skiptanna í kjördæminu, þannig að samkv. þessu á að vera til ráðstöfunar á árinu allt að 4 millj. kr., eins og vegamálastjóri telur þörf vera á og hægt að nota á þessu ári. Og það segir reyndar í bréfi vegamálastjóra:

„Líklegt er, að þm. Norðurl. v. muni ætla um 300 þús. kr. til Siglufjarðarvegar ytri af því fé til samgöngubóta, sem veitt er á 13. gr. A. II í fjárl., er til ráðstöfunar yrðu til viðbótar þessum 700 þús."

En ég hef sannfrétt, að hv. þm. hafa gert þetta, sem vegamálastjóri hefur ætlað þeim að gera.

Vegamálastjóri segir enn fremur: „Á það skal bent, að tími til tæknilegs undirbúnings svo umfangsmikilla framkvæmda er allnaumur." Hann telur, að það sé útilokað, að hægt sé að byrja á jarðgöngunum fyrr en á næsta ári, tæknilegur undirbúningur til að hefja vinnu við jarðgöngin geti ekki verið tilbúinn fyrr en næsta vetur.

En þá er það vegurinn í Fljótum. Þar er gert ráð fyrir að vinna, eins og segir í bréfi vegamálastjóra, fyrir 4 millj. á yfirstandandi ári, og telur hann ekki í rauninni hægt að nota meira fé á þessu ári, því að það eru margar brýr, sem þarf að gera á veginum, og það er ekki hægt að vinna við þær, fyrr en vegurinn hefur verið lagður að þeim, og því hefur þessu verið raðað niður þannig, eins og ég las hér upp úr bréfinu, 4 millj. kr. árið 1963, 10.5 millj. kr. 1964 og 6.5 millj. kr. 1965. Og í samræmi við þessa áætlun, sem gerð er grein fyrir í bréfi vegamálastjóra, hefur verið tekið upp í þjóðhagsáætlunina, að Strákavegur yrði byggður á tilskildum tíma, og segir hér á bls. 45, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er einnig ætlunin að vinna á þessu og næsta ári að byggingu Strákavegar á milli Siglufjarðar og Fljóta og ljúka byggingunni að fullu á árinu 1965. Aðalkostnaðurinn við þessa framkvæmd er fólginn í jarðgöngum. Ráðgert er, að bygging þeirra hefjist vorið 1964, en hún krefst rækilegs tæknilegs undirbúnings. Lagning vegar úr Fljótum að göngunum mun halda áfram á þessu sumri, og er áætlað að verja til þess 3 millj. kr. samkv. þessari áætlun hér, auk þess sem er á fjárl. Sá vegur mun síðan fullbyggður sumarið 1964 og göngunum lokið í ágústmánuði 1965. Heildarkostnaður allra framkvæmdanna er áætlaður um 21 millj. kr."

Það er gert ráð fyrir, eins og ég sagði áðan, 5% hærri upphæð en er í bréfi vegamálastjóra.

Ég ætla, að hv. 11. landsk., fyrirspyrjandi, hafi fengið nægileg og skýr svör við fsp. Ég tel ekki óeðlilegt, að Siglfirðingar og aðrir séu orðnir óþolinmóðir að bíða eftir því, að þessi vegur komi. Ég held, að það séu 15 eða 16 ár síðan þáv. þm. Siglf. var með till. um að gera Strákaveg, þannig að þetta mál hefur verið nokkuð lengi á leiðinni, og ég vil samfagna Siglfirðingum og öðrum, sem eiga að njóta þessa vegar, að sjá loksins fyrir endann á þessu máli, þar sem það hefur verið tekið upp í þjóðhagsáætlunina, eins og raun ber vitni.

Fyrirspyrjandi (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við fsp. minni. Hæstv. ráðh. vísaði vitanlega til framkvæmdaáætlunarinnar, en í henni er sagt, að það sé ætlunin að vinna á þessu og næsta ári að byggingu Strákavegar, á milli Siglufjarðar og Fljóta, og ljúka byggingunni að fullu á árinu 1965. Svo nákvæmlega er þetta tiltekið í áætluninni, að sagt er, að göngunum gegnum fjallið skuli lokið í ágúst 1965, — það er reyndar ekki tiltekinn dagur, en það er tiltekinn mánuður, — og þar með að sjálfsögðu vegurinn tekinn til umferðar. Ég hef, eins og að líkum lætur, ekki

ástæður til að rannsaka allar hliðar þessa máls, m. a. um það, hvort slík stórframkvæmd eins og hér um ræðir sé framkvæmanleg á svona stuttum tíma. Mér er t. d. vel kunnugt um það, að samkv. áliti verkfræðinga tekur það í allra stytzta lagi 12 mánuði að sprengja jarðgöngin, með því að það sé unnið á vöktum, og reyndar er þetta nokkuð gömul áætlun. En ég held, að ekkert hafi þar breytzt, sem hróflar því, sem þá var gert, annað en verðlag.

Vitað er, enda opinberlega viðurkennt, að bygging jarðganganna krefst sérstaks og rækilegs tæknilegs undirbúnings. Eftir því sem ég veit bezt, — það má vel vera, að það sé einhver misskilningur hjá mér og það byggist þá á því, að ég hef ekki fengið réttar upplýsingar á vegamálaskrifstofunni, — er tekniski undirbúningurinn mjög skammt á veg kominn. Ég verð líka að draga það í efa, á jafnstuttum tíma og frá því að ég átti tal við vegamálaskrifstofuna, að það sé endanlega búið að ganga frá kostnaðaráætlun um byggingu vegarins, eins og hæstv. ráðh. vildi vera láta. Ég er ekki að rengja það, að hann hafi fengið þessar upplýsingar hjá vegamálastjóra, þar sem þetta er nákvæmlega sundurliðað, 4 millj. 1963, 10.9 millj. 1964 og 6.5 millj. 1965. Ekki upplýsti hæstv. ráðh., hvar eða hvernig ætti að fá fé til framkvæmdanna, og lofar það ekki góðu um efndir. Það færi betur, að þetta stæðist. Enginn mundi vera ánægðari yfir því en ég. En þegar maður hefur í huga það, sem áður hefur gerzt í þessum málum, finnst manni því miður, að allur stuðningur stjórnarliðsins gagnvart þessu máli hafi verið mjög takmarkaður, og ég minnist þess, að fyrir síðustu kosningar var þetta mikla stórmál Siglfirðinga mikið rætt og mikil loforð gefin um það, að undinn yrði bráður bugur að því að leysa þessi vegavandræði. Um þetta er nú ekkert að segja, ef þetta stendur, eins og lofað hefur verið nú. Ég vil bara benda á það, að ég held, að flestum, sem til þekkja, hafi verið það fyllilega ljóst, að Sjálfstfl. m. a. mundi hafa verið illa stætt á því, ef engu hefði verið lofað og engar framkvæmdir fyrirhugaðar í stærri stíl en áður við byggingu þessa vegar, svo að ekki sé meira sagt. Að öðrum kosti er það mitt álit og margra annarra, að Sjálfstfl. mundi ekki vinna neinn sérstakan kosningasigur í þeim kosningum, sem standa fyrir dyrum, ef ekkert hefði verið að gert í málinu. En hitt er svo bara annað mál, eins og oft áður, hvort það verður staðið við þessi kosningaloforð. Það er aðalatriðið.

Ég vil ekki draga það neitt í efa, að hæstv. ráðh. sé allur af vilja gerður að koma þessu máli í framkvæmd, dreg það ekki í efa. En margt getur komið þarna inn í, sem við vitum ekki um nú í dag. Ég vil líka taka það fram, að hv. 4. þm. Norðurl. v. er allur af vilja gerður til að koma málinu fram. Ég veit, að hann hefur lagt sig allan fram til þess að fá ákveðin loforð stjórnarflokkanna um auknar framkvæmdir í áðurnefndum vegi. Mér er persónulega kunnugt um það, vegna þess að hann hefur alltaf haft samband við mig fram að þessu þingi, og í þessu máli hefur yfirleitt ekkert verið gert án þess, að haft hafi verið samráð við bæði mig og þm. Framsfl. um málið. En svo skeður það merkilega, að þegar við flytjum frv. hér í vetur um það, að tekið sé stórlán til framkvæmdanna, þá vill þessi hv. þm. ekki vera meðflm. að þessu frv., þó að hann hafi verið það árið áður, ekki heldur hinn þm. Sjálfstfl., sem þá sat á þingi. Sú yfirlýsing, sem hv. þm. gaf þá, er alveg sérstaklega táknræn. Hann sagði: Ég ber það gott traust til hæstv. ríkisstj., að ég sé ekki ástæðu til þess að fara að flytja neitt sérstakt frv. — Ég óska þess eindregið og sérstaklega, að þessi ummæli um ríkisstj. fái nú staðizt í þessu tilfelli. En samt er það staðreynd, að það eru liðin 10 ár, frá því að þessi hv. þm. tók sæti á Alþingi, og eftir því sem ég man bezt, þá hefur hann verið í stjórnaraðstöðu í 7½ ár. En það verður ekki annað sagt en málinu hefur sorglega lítið miðað áfram öll þessi ár. Hafa ráðamenn landsins ávallt svikizt um að leysa vegavandræði Siglfirðinga, þrátt fyrir það að gefin hafi verið glæsileg loforð fyrir allar kosningar um framgöngu málsins. Ég er ekki hér að drótta þessu neitt að neinum einstökum ráðherrum. Ég held, að ég verði að segja það hér alveg hiklaust, að flokkar þingsins hafi ekki skilið þá aðstöðu, sem Siglfirðingar hafa haft við að búa með því að vera einangraðir 7—8 mánuði á hverju ári. En það er gott, úr því að nú liggur það fyrir, að þetta á að drífa í gegn á 2—3 árum.

Hins vegar er það sannarlega ekki að ófyrirsynju, þó að fólk taki hinum nýju kosningaloforðum af fullri varasemi. Mín von er samt sú, að af fyrirhugaðri framkvæmd verði og hinn nýi vegur, sem við eru bundnar miklar vonir um bætt vegasamband við Siglufjörð og um leið er stórhagsmunamál fyrir sveitirnar, sem liggja næstar Siglufirði, verði byggður á tilteknum tíma. Þetta er ekki eingöngu hagsmunamál Siglfirðinga, heldur þjóðarinnar allrar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, því að ræða hv. fyrirspyrjanda gefur ekki tilefni til mikilla ræðuhalda. Ég skil hann vel. Hann er búinn að vera mörg ár hér í þinginu. Hann hefur haft áhuga á því að koma þessu máli fram. Það er langt síðan hann heyrði talað um það hér í hv. Alþingi, að það þyrfti að hrinda þessu máli fram, og þetta hefur verið draumur hjá honum, fjarlægur draumur, sem hann hefur tæplega búizt við að gæti rætzt. Og þess vegna er eðlilegt, að hann eigi erfitt með að átta sig á því, að þetta mikla hagsmunamál Siglfirðinga er nú að verða að veruleika, að draumurinn er að rætast. Þetta finnst mér allt saman skiljanlegt.

Það er mesti misskilningur hjá hv. fyrirspyrjanda, að hér sé um kosningaloforð að ræða. Þetta er ekkert kosningaloforð. Þetta mál er

tekið upp í framkvæmdaáætlunina, og þetta á að framkvæma. En hitt er svo annað mál með tæknilegan undirbúning. Mér virtist hv. þm. jafnvel efa, að það væri hægt að ljúka tæknilegum undirbúningi á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir í bréfi vegamálastjóra. Ég held nú, að hv. fyrirspyrjandi sé ekki fær að dæma um það, eigi yfirleitt að láta vegamálastjóra um það, á hve löngum tíma hann treysti sér til þess að ljúka hinum tæknilega undirbúningi. Ég held, að það fari bezt á því, og ég treysti því, að vegamálastjóri fari þar með rétt mál, og eins að vegamálastjóri og verkfræðingar hans hafi nægilega verkþekkingu til að gera sér grein fyrir því, hversu langan tíma þarf til að sprengja göngin.

Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur haft áhuga á þessu máli og unnið að því, og hann hefur ekki gert það með því að hrópa eða kalla. Hann hefur unnið að þessu máli, og aðalatriðið frá hans sjónarmiði er, að verkið komist í framkvæmd, og ég hygg, að þegar hann tók afstöðu til frv. hv. fyrirspyrjanda o. fl. hér í vetur um lántöku til framkvæmdanna, þá hafi hann á raunhæfan hátt athugað, hvort það út af fyrir sig nægði til þess að koma málinu fram. Það var ekki það, sem nægði til að koma málinu fram, að fá einhverja lántökuheimild, heldur að vinna að málinu, eins og gert hefur verið á skipulegan hátt, gera sér fulla grein fyrir, hvað það kostaði, hversu langan tíma þyrfti að vinna, hversu mikið fé þyrfti á hverju ári o. s. frv. Og það er með þessum hætti, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur viljað vinna að málinu, og það er ánægjulegt, að með þeim vinnubrögðum hefur hann komið málinu í höfn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta mál er orðið kunnugt hér á þingi, því að því hefur oft verið hreyft. Það var á fyrsta þinginu á þessu kjörtímabili, 1959, snemma á þingi, þá bárum við allir þm. úr Norðurl. v. fram þáltill., og efni hennar var að fela ríkisstj. að athuga möguleika á öflun lánsfjár til að ljúka þessari vegagerð, Strákavegi. Þessi till. fékk ekki afgreiðslu á því þingi, dagaði uppi. Flutningi málsins hefur verið haldið áfram á kjörtímabilinu. Á Alþingi í fyrra bárum við þm. kjördæmisins fram frv. um lántöku vegna Siglufjarðarvegar ytri. Þá barst Alþingi undirskriftaskjal frá 785 Siglfirðingum, þar sem skorað var á ríkisstj. og Alþingi að tryggja nægjanlegt fé til að ljúka vegalagningu fyrir fjallið Stráka ásamt tilheyrandi jarðgöngum á næstu 1—2 árum. Þetta var 1962. Þetta frv. okkar fékk ekki afgreiðslu á þingi í fyrra. Því var það, að við þrír þm. úr kjördæminu bárum frv. fram núna í upphafi þessa þings. Fleiri fengust þá ekki til að gerast flm. Í því frv. er lagt til, að stjórninni verði heimilað að taka lán til þess að greiða kostnað við lagningu Siglufjarðarvegar og verði við það miðað, að vegagerðinni verði lokið á árinu 1964. Þetta frumvarp hefur verið allan tímann í samgöngumálanefnd þingsins og ekki fengizt afgreitt þaðan.

Nú er hér getið um þennan veg í svonefndri þjóðhags- og framkvæmdaáætlun ríkisstj., og þar er sagt, að það sé ætlunin að vinna að byggingu vegarins á næstu árum, á árinu 1963 að verja til hans nokkru meira fé en er á fjárlögum, halda síðan áfram 1964 og á árinu 1965. Ég vil nú skora á hæstv. ríkisstj. að hraða þessari áætlun. Það hlýtur að vera mögulegt t. d. að vinna meira í ár, 1963, að vegagerðinni heldur en þarna er gert ráð fyrir, og ég býst við, að Siglfirðingar mundu telja nokkurs um vert að fá þegar á þessu ári sem mest framkvæmt af þessu fyrirheiti. Ég býst við, að þeir teldu það miklu skipta. Það hlýtur að vera hægt að verja meira fé til þess og vinna fyrir meira en þessar 4 millj., sem ráðh. var að tala um, og ég vil skora á stjórnina að gera það.

Það er talað um hér, að jarðgangagerðin krefjist rækilegs tæknilegs undirbúnings. Mér er ekki ljóst, hve hann er langt á veg kominn, en ég verð að láta í ljós óánægju yfir því, ef mikið skortir á, að athugunum og rannsóknum og tæknilegum undirbúningi sé lokið. Vitanlega hefði átt að vera búið að athuga þá hlið málsins og vinna þá undirbúningsvinnu, sem nauðsynleg var, til þess að hægt væri að hefjast handa við vegagerðina af fullum krafti, strax og fé fékkst til hennar. Ég vil láta í ljós óánægju með þetta, að að þessu hefur ekki verið unnið áður. En sem sagt, ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að hraða þessu máli, láta vinna meira í ár en þarna er gert ráð fyrir og hraða málinu eftir föngum, þannig að Siglfirðingar geti fengið þennan bráðnauðsynlega veg fyrr en gert er ráð fyrir í þessari áætlun.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Ég var nú að hugsa um það, meðan hv. 11. landsk. þm. var að halda sína ræðu hérna, að það væri nokkuð vandlifað í þessu þjóðfélagi. Fyrst lýsti hann því, hve mikla baráttu það hefði kostað að fá hæstv. ríkisstj. til þess að gefa fyrirheit um það, að þessari vegalagningu, þ. e. a. s. Siglufjarðarvegi ytri, yrði lokið á sæmilega skömmum tíma, en síðan, þegar hæstv. ríkisstj. er búin að gefa fyrirheit um það, að verkið skuli unnið á tiltölulega mjög skömmum tíma, þá segir hann: Ég sé öll vandkvæði á því og tel öll vandkvæði á því, að þessi áætlun, sem gerð hefur verið um vegalagninguna, geti staðizt. — Ég veit í rauninni ekki, hvernig hægt væri að greiða fyrir málinu, ef hv. þm. ætti að verða ánægður með afgreiðsluna.

Ég vil annars þakka hæstv. samgmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hér í sambandi við lagningu Siglufjarðarvegar ytri, þ. e. Strákavegar, og fjáröflun til þess verks. Samkv. þessum upplýsingum, sem felast í framkvæmdaáætlun hæstv. ríkisstj., á að vera tryggt, að þessu mikla mannvirki verði lokið á næstu 2—3 árum.

Ég skal að vísu játa, að mér hefur stundum fundizt sem þessu máli miðaði lítt, þótt ég hafi alltaf viðurkennt og gert mér ljóst, að það taki sinn tíma að undirbúa og ljúka slíkri risaframkvæmd sem þessi vegalagning er á okkar þjóðar mælikvarða. Og þegar á allt er litið, tel ég ekki heldur, að lagning vegarins taki óeðlilega langan tíma miðað við lagningu annarra vega á landi hér, ef sú áætlun, sem nú hefur verið lýst, stenzt, en að svo verði, efast ég ekki um og hef ekki neina ástæðu til að efast um.

Ég vil benda á í því sambandi, að til Siglufjarðarvegar ytri var fyrst veitt fé á fjárl. 1956. Þá var um tiltölulega lága fjárveitingu að ræða, 100 þús. kr. til byrjunarframkvæmda. En framkvæmdir við vegagerðina sjálfa hófust hins vegar ekki fyrr en sumarið 1957. Verður því vegalagningunni lokið á 8 árum samkv. áætluninni, og tel ég því alls ekki slælega að málinu unnið, miðað við umfang verksins og kostnað við það. Ég vil einnig benda á, að lengst af frá 1956 hafa árlegar fjárveitingar til þessa vegar aðeins numið 500—700 þús. kr., og meira að segja hefur stundum talsvert miklu af því fé verið varið til að ljúka lagningu vegar úr Fljótum og Sléttuhlíð, og má þó segja um þá vegargerð, að hún sé líka nauðsynleg, vegna þess að að hinum nýja vegi, þ. e. a. s. Siglufjarðarvegi ytri, verður hvorki komizt né frá nema fara um þessi héruð, og kæmi þá vitanlega að litlum notum, ef ekki væri tryggt, að sæmilegur vegur lægi að honum.

Ég vil svo að lokum þakka hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. samgmrh. fyrir ágæta fyrirgreiðslu við þetta mikla nauðsynjamál, sem ég efast ekki um að verði að fullu metin og virt.

Út af því, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði um það, að æskilegt væri, að vegalagningunni yrði lokið á styttri tíma en hæstv. samgmrh. lýsti og framkvæmdaáætlun ríkisstj. gerir ráð fyrir, þá geri ég ráð fyrir, að þeir, sem bezt hafa vit á tæknilegum atriðum í sambandi við framkvæmd verksins, verði að segja til um hraða verksins og hafa raunar gert, eftir því sem mér skilst.

Ég ætla svo ekki að fara að karpa við hv. 11. landsk. þm. um það, hverju það hafi valdið, hver var kosinn þm. Siglf. á þessum og þessum tíma. Hann hélt um það heilmikla ræðu og gaf þar í skyn, að ég mundi hafa náð kosningu í því kjördæmi oftar en einu sinni, að því er mér skildist, með einhverjum loforðum um að beita mér fyrir framkvæmd þessa verks. Ég veit ekki til, að ég hafi neitt svikizt um að gera það, sem í mínu valdi hefur staðið til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. En eitt vil ég þó benda hv. þm. á í mesta bróðerni, og það er það, að eitt kjörtímabil var hann sjálfur í stjórnaraðstöðu, þ. e. a. s. studdi þáv. ríkisstj., og ég held, að það sé alveg óhætt fyrir hæstv. núv. ríkisstj. að leggja hiklaust út í samanburð við þá ríkisstj., sem hv. þm. studdi, um það, hvor hafi staðið sig betur í að hrinda þessu mikla nauðsynjamáli í framkvæmd.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil fagna yfirlýsingu hæstv. samgmrh. um fyrirhugaðar framkvæmdir í þessu máli. Þær framkvæmdir, sem þar eru fyrirhugaðar, eru að vísu langþráðar og lengi hefur verið beðið eftir þeim. En það er vitaskuld fjarri öllum sanni, að það hafi verið einhverjir draumórar eða draumar hjá þeim mönnum, sem beitt hafa sér fyrir því máli. Þeir hafa vitaskuld gert sér grein fyrir því, að þarna var um raunhæfa möguleika að tefla, enda hefði vitaskuld ekki verið lagt út í undirbúningsframkvæmdir, sem þegar hafa verið hafnar, ef svo hefði ekki verið. Ég held hins vegar, því miður, að það sé fullsnemmt hjá hæstv. samgmrh. að samfagna Siglfirðingum um það, að það sé séð fyrir endann á þessu máli. Ég vona, að sú áætlun, sem hér er fyrirhuguð og hér hefur verið lýst, standist, og ég vil jafnframt láta í ljós þá ósk, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. setti hér fram, að framkvæmdum í þessu máli væri hraðað enn meir en gert er ráð fyrir í þeim upplýsingum, sem gefnar hafa verið.

Það hefur verið mikill áhugi fyrir þessu máli af eðlilegum ástæðum, og þeir menn, sem hafa verið þm. fyrir þetta kjördæmi, hafa beitt sér fyrir því, bæði að veitt væru meiri fjárframlög til vegarins og eins, að veitt væri heimild til lántöku, eins og hér hefur verið rakið. En þær till., sem ég og ýmsir fleiri hafa flutt um hærri fjárveitingar til þessa vegar, hafa ekki náð fram að ganga, og till. um heimild til lántöku til þessa vegar hafa ekki heldur náð fram að ganga. Þó er það alveg víst, að ef þau lög hefðu verið samþykkt, á sínum tíma og að málinu hefði verið unnið, hefði verið hægt að framkvæma þessa mannvirkjagerð fyrir æði miklu minna fé en hún kemur nú til með að kosta.

Gangur málsins hefur að nokkru leyti verið hér rakinn. Ég skal ekki gera það frekar. Þó að ég líti svo á, að það hafi ekki verið unnið að þessu máli eins vel og átt hefði að gera, þá er ekki um það að sakast, ef endirinn á því verður nú góður og staðið verður við þær fyrirætlanir, sem uppi eru um þetta efni. En það má vera, að það stafi af misskilningi hjá mér, en mér er ekki alveg ljóst eftir upplýsingar þær, sem fram hafa komið hjá hæstv. samgmrh., hvernig eða hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þeirrar fjáröflunar, sem þarf í þennan veg. Það er auðsætt, að það er ekki nema 1 millj. kr., sem nú er veitt til þessara framkvæmda. Og þó að það standi í framkvæmdaáætlun á bls. 45, að það eigi að leggja 3 millj. til viðbótar á þessu ári í þessa framkvæmd, þá er mér ekki alveg ljóst, hvaða gildi sú yfirlýsing hefur umfram það að vera þá stefnuyfirlýsing stjórnarinnar. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. samgmrh. og það að nokkru leyti vegna þess, að á þessu þingi var felld brtt. við fjárlög, sem við nokkrir þm.

fluttum um að heimila ríkisstj. að taka ákveðna upphæð að láni til þessa vegar, — þess vegna vil ég spyrja hann, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að fá nægar heimildir til lántöku og hvort það sé tryggt, að lán fáist í þessa framkvæmd, og hvort það sé búið að ráðstafa alveg ákveðnu fé í þessu skyni, t. d. af því enska framkvæmdaláni, og í öðru lagi og ekki þá síst vegna þess, hversu framkvæmdaáætlunin er óákveðin, þegar árinu 1963 sleppir, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar með tilliti til áranna 1964—1965 til þess að útvega þær óneitanlega talsvert háu upphæðir, sem þar er um að tefla. Þetta finnst mér mjög æskilegt, að hæstv. samgmrh. upplýsti, og vel má vera, að eftir þær upplýsingar sé enn meiri ástæða til þess að samfagna Siglfirðingum um það, að það sé séð fyrir endann á þessu máli, heldur en mér þó virtist nú vera eftir þær upplýsingar, sem hæstv. samgmrh. gaf hér áðan.

Að lokum vil ég svo segja það, að ég vil láta í ljós mikil vonbrigði yfir því, ef það er í raun og veru, að mjög mikið skortir á, að tæknilegur undirbúningur sé í lagi undir þessa framkvæmd, því að svo lengi hefur hún verið á döfinni og svo langt er síðan hún var ákveðin og það var ákveðið, að horfið skyldi að jarðgangagerð, að ég tel það litt skiljanlegt, að það skuli ekki hafa verið gengið betur frá þeim atriðum áður.